Fyrsti fundur, mánudag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna 1., 2. og 3. gr. settist neðri deild alþingis að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Af þingdeildarmönnum voru þessir mættir:

1. Árni Jónsson, þm. Mýramanna.
2. Benedikt Sveinsson, 2. þm. Eyfirðinga.
3. Eiríkur Briem, 1. þm. Húnvetninga.
4. Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
5. Gunnar Halldórsson, 2. þm. Ísfirðinga.
6. Jón Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu.
7. Jón Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga.
8. Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu.
9. Jónas Jónassen, þm. Reykvíkinga.
10. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
11. Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfellinga.
12. Páll Briem, þm. Snæfellinga.
13. Páll Ólafsson, þm. Strandamanna.
14. Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
15. Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
16. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu.
17. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
18. Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.
19. Þorvaldur Bjarnarson, 2. þm. Rangvellinga.

Ókomnir til þings voru: Jón Sigurðsson, 1. þm. Eyfirðinga, Lárus Halldórsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu, Sveinn Eiríksson, þm. Austur-Skaptfellinga, Þorsteinn Jónsson, þm. Vestmanneyinga og Þorvarður Kjerúlf, 2. þm. Norður-Múlasýslu.

Elzti þingmaður deildarinnar, Grímur Thomsen, þingm. Borgfirðinga, gekkst fyrir kosningu forseta, og kvaddi hann sjer til aðstoðar Árna Jónsson, þingm. Mýramanna, og Jónas Jónassen, þingm. Reykvíkinga, og fjellu atkvæði þannig, að *Benedikt Sveinsson*, 2. þingm. Eyfirðinga, var kosinn forseti með 13 atkv. Gekk hann til forsetasætis og gekkst fyrir kosningu annara embættismanna deildarinnar. Var þá fyrst kosinn varaforseti, og hlaut kosningu *Ólafur Briem*, 1. þm. Skagfirðinga, með 11 atkv. Því næst voru kosnir skrifarar, og hlutu kosningu Páll Ólafsson, þingm. Strandamanna, með 16 atkv., og Sigurður Jensson, þingm. Barðstrendinga, með 13 atkv.

Annar fundur, þriðjudag 2. júlí, á hád. Allir hinir sömu á fundi, sem mættu á 1. fundi, og enn fremur Þorvarður Kjerúlf, 2. þm. Norður-Múlasýslu.

Forseti skýrði frá, að til skrifstofustjóra væri kosinn cand. phil. Gestur Pálsson. Skrifarar á skrifstofunni væru cand. jur. Klemens Jónsson og cand. med. & chir. Björn G. Blöndal. Innanþingsskrifarar í neðri deild cand. theol. Morten Hansen og cand. phil. Jón Jakobsson.

Landshöfðingi lagði fram þessi frumv. frá stjórninni:

Frumv. til fjárlaga f. árin 1890 og 1891.

Frumv. til fjáraukal. f. árin 1886 og 1887.
— — — f. — 1888 og 1889.
— — laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887. Landsreikningar 1886 og 1887 fylgdu með.
— — — um tekjur presta.
— — — — aðflutningsgjald á kaffi og sykri.
— — — — breyting á lögum 11. febrúar 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki.
— — — — að stjórninni veitist heimild til selja jörðina Á í Kleifahreppi.
— — — — stofnun sjómannaskóla á Íslandi.
— — — — að bannaðar sjeu fiskiveiðar með botnvörpum.
— — — — varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar.

Þriðji fundur, föstudag 5. júlí á hád.

Forseti skýrði frá, að af þingmönnum þeim, sem ókomnir voru í byrjun þingsins, væru nú komnir 3: Þingm. Austur-Skaptfellinga (Sv. Eiríksson), þingm. Vestmanneyinga (Þorst. Jónsson) og 2. þingm. Norður-Múlasýslu (Þorv. Kjerúlf). Allir á fundi, nema 2. þingm. Rangvellinga (Þorv. Bjarnarson).

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 1); 1. umr.

Landshöfðingi: Beri maður frumvarp það til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891, sem nú er lagt fyrir h. þingd., saman við fjárlögin fyrir árin 1888 og 1889, þá munu háttv. þingdm. brátt taka eptir því, að tekjuhallinn, eða það sem vantar á, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, er í þessu frumv. áætlaður talsvert hærri en í núgildandi fjárlögum, þ. e. rúmum 52000 kr. hærri. En orsökin til þessa mismunar er ekki fólgin í því, að stjórnin stingi uppá meiri útgjöldum, heldur í því, að stjórnin áleit rjett, að áætla tekjurnar ekki hærri en svo, að með nokkurn veginn vissu megi reiða sig á, að þær verði ekki minni en gjört er ráð fyrir. Ýmsar tekjugreinir hafa því verið áætlaðar lægri en í núgildandi fjárlögum, og munar það alls nálægt 50000 kr. Þannig hefir ábúðarskatturinn verið færður niður um 7000 kr., og er orsökin til þess sú, að verðlagsskráin hefur fallið svo mjög undanfarin ár, að á síðustu 5 árum er munurinn að meðaltali á öllu landinu 9 aurar á meðalalin. Sama máli er að gegna um lausafjárskattinn, að hann hefir verið settur niður um 7000 kr. frá því sem var í síðustu fjárlögum, bæði vegna lækkunarinnar á meðalalininni og vegna þess, að lausafjárhundraðatalan er talsvert minni en áður. Enn fremur má nefna útflutningsgjald af fiski og lýsi. Það er í núgildandi fjárlögum áætlað 70,000 kr., en í þessu frumv. er svo áætlað, að það verði 50,000 kr., og má ekki búast við meiru, þegar tekið er tillit til þess, að gjald þetta hefur eigi orðið hærra en 25000 kr. á árinu 1888, sem þó var gott fiskiár. Svo er og fleira, sem fært hefir verið niður í þessu frumv., t. d. erfðafjárskatturinn, sem nú er áætlaður 2600 kr. minni en áður, afgjöld af þjóðeignum og kirkjum um 4300 kr., tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, um 1000 kr., og svo náttúrlega ríkissjóðstillagið, sem lækkar um 8000 krónur.

Að því er snertir útgjöldin, þá hefir stjórnin eigi álitið rjett að auka þau, og sá litli munur, sem er á útgjöldunum í þessu frumv., er mestmegnis fólginn í því, að eptirlaun og styrktarfje hefir verið fært upp um 10,000 kr., enda hefur það verið áætlað mikils til of lágt undanfarin ár.

Jeg geng út frá, að nefnd verði nú þegar sett í málið; mun jeg gefa henni þær upplýsingar, er jeg get í tje látið, þar á

meðal skýrslu um tekjur og útgjöld landssjóðs árið 1888.

Grímur Thomsen: Mjer virðast skýringar hæstv. landsh. á hinum einstöku greinum fullnægjandi En það er einn höfuðgalli á þessu fjárlagafrumv. stjórnarinnar, sá sami, sem var á fjárlagafrv. hennar fyrir 1888 og 1889, þ. e. sá galli, að frumv. gjörir ráð fyrir tekjuhalla. Tekjur og gjöld eru ekki látin standast á; þau ballancera ekki.

Að vísu hefur stjórnin í þetta sinni komið fram með frumvörp um tolla, t. d. um toll á kaffi og sykri, og gætu þessir tollar höggið nokkurt skarð í tekjuhallann. En allir háttv. þingdm. sjá, að þetta nægir ekki, til þess, að afnema tekjuhallann og þá því síður til þess, að tekjurnar komist fram úr útgjöldunum. En það hefir að undanförnu verið álitið nauðsynlegt, og sjer í lagi í tíð landshöfðingja sáluga Finsens, að afgangur yrði af tekjum hvers árs, til þess að eitthvað væri til að byrja með næsta ár á eptir. Því ef enginn peningaforði er 31. desember árið áður, þá er erfitt að sjá, hvernig á að byrja næsta ár, eða af hverju á að taka til að standa straum af útgjöldunum, t. d. næstu 3 mánuðina. Jeg get því ekki skilið, hvernig það getur þótt fullnægjandi frá stjórnarinnar hálfu, að leggja fram fjárlagafrumv., sem gjörir ráð fyrir tekjuhalla.

Árin 1886 og 1887 var mikill tekjuhalli og því enginn eyrir til í lok fjárhagstímabilsins. Það lítur jafnvel svo út, sem brúkað hafi verið meira fje fyrir lok ársins 1887, en til var í sjóði. Landssjóður mun þá hafa verið kominn í 48,000 kr. skuld, fram yfir það, sem til var í jarðabókarsjóði. Jeg skil ekki, hvernig landstjórnin hefur getað borgað út fje, sem borga þurfti, þar sem tekjuhalli var í landssjóði og enginn peningaforði. Það hefir þó ekki heyrzt, að haldið hafi verið inni launum embættismanna eða sleppt að greiða önnur skyld gjöld. Það er ómögulegt, að landstjórnin hafi getað borgað út það, sem borga þurfti, nema hún hafi tekið lán til þess.

Jeg þykist nú vita, að það hafi verið fje fyrir í jarðabókarsjóði, sem landssjóður átti ekki, heldur ríkissjóðurinn, og að landsstjórnin hafi notað þetta fje til útgjalda. Nú játa jeg fúslega, að fyrirfarandi ár hefir landssjóður skuldað ríkissjóði meira og minna. En þessi skuld hefir ekki verið meiri en svo, að hægt hefir verið að afnema hana í byrjun næsta árs á eptir. Á þessu hefir engin hætta verið til ársloka 1887. Þangað til hefir landssjóður í engri skuld verið.

Í árslok 1877 var skuld landsjóðs til ríkissjóðs c. 89,038 kr., en þá voru líka í jarðabókarsjóði nærri 166,872 kr. 72 a., og mismunurinn verður þá um 75,000 kr.

Í árslok 1879 var skuld landsjóðs til ríkissjóðs 112,559 kr., afgangurinn á fjárhagstímabilinu var þá 114,839 kr. og peningaforði landssjóðs 75,397 kr. 8 a.

Í árslok 1881 var skuld landssjóðs 138,926 kr., en þá voru í peningum í jarðabókarsjóði 183,923 kr. 42 a., og hafði landssjóður þá 44,997 kr. 4 a. afgang.

Árið 1883 kom það tilfelli fyrir, að landssjóður átti til góða hjá ríkissjóði.

Í árslok 1885 átti landssjóður enn þá meira í sjóði en skuldin var til ríkissjóðs.

Með árunum 1886 og 1887 byrja hinar mögru tíðir. Áður var engin hætta, þó landssjóður væri í skuld við ríkissjóð um áramótin. Þá var peningaforði landssjóðs svo mikill og því jafnan mikill afgangur. En nú er ástandið orðið svo, að það er ómögulegt að greiða þessa skuld. Jeg held það sje áreiðanlegt, að skuld jarðabókarsjóðs til ríkissjóðs hafi verið í árslok 1888 332,000 kr. En nú var tekjuhallinn fyrir þetta fjárhagstímabil áætlaður

39,000 kr. og við síðustu árslok var tekjuhallinn þegar orðinn meiri en hann var áætlaður fyrir bæði árin. Því það má sjá af »Ísafold«, að hann var þá orðinn 46,000 kr., og við lok þessa árs verður hann orðinn talsvert meiri. Sje jeg þá ekki, hvernig landsstjórnin getur farið að, nema hvorttveggja, bæði stjórnin og þingið, komi sjer saman um, að auka tekjur landssjóðs ekki einungis svo, að enginn tekjuhalli verði, heldur svo, að afgangur verði til þess að borga með skuldina til ríkissjóðs. Nema landsstjórnin vilji taka lán og þá lán úr ríkissjóði. En ekki er nein heimild til að stofna landinu í skuld eða að taka lán, nema með lagaboði, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Jeg er ekki að lá landsstjórninni, og þá í þessu tilfelli, landshöfðingja, þó hann brúki í bráðina fje, sem komið er inn fyrir póstávísanir, þegar eigi er annað fje fyrir hendi. Hann mun hafa fulla heimild til að taka bráðabyrgðalán úr jarðabókarsjóði. En þetta ástand má ekki vara við.

Þar á móti lái jeg stjórninni, að koma með fjárlagafrumv., sem gerir ráð fyrir tekjuhalla, þó landssjóður þegar sje í skuld við ríkissjóð. Skuldin til ríkissjóðs hlýtur að fara hækkandi með þessu móti. Nú fer hver sá, sem senda vill peninga til útlanda, til póstmeistarans, með seðla landsbankans, og kaupir fyrir þá póstávísanir, sem borgaðar eru út í Danmörku með dönskum peningum, í Englandi með enskum peningum o. s. frv.

Póstmeistarinn borgar svo seðlana aptur inn í landssjóð. Við höfum engin »valuta«, sem kallað er, nema 207,000 kr. í viðlagasjóði í innskriptarskírteinum. Það er því enginn vegur til þess að klára skuldina, nema sá, að auka tekjur landssjóðs með tollum og sköttum svo mikið, að tekjuhallinn hverfi.

Jeg hefi leyft mjer að vekja máls á á þessu svona snemma, til þess að háttv. þingdm. geti sjeð, hversu mikil nauðsyn er að semja hjer tolla-lög um háa og ríflega tolla. Að síðustu skal jeg taka það fram, að jeg að álít framhald á skuldasafni nálgist stjórnarskrárbrot.

Landshöfðingi: Jeg skoða ræðu h. þm. Borgfirð. (Gr. Th.) sem stílaða til hinnar væntanlegu fjárlaganefndar henni til leiðbeiningar og til athugunar fyrir þingdeildina; en þar sem hann ámælir stjórninni fyrir tekjuhallann, sem kemur fram í frumvarpinu, þá sýni hann, hvernig mögulegt sje að semja frv. til fjárlaga án tekjuhalla, eins og nú er ástatt, þegar tekjurnar á einu fjárhagstímabili hafa hrunið niður um meir en 200,000 kr., og útgjöldin þó aukizt; því það er þó ekki hægt að telja með tekjum ráðgjörða tolla eða að stryka út lögboðin og nauðsynleg útgjöld. Tekjuhallinn á fjárhagstímabilinu er ráðgjört að verði um 90 þúsundir króna, og hefir stjórnin ætlazt svo til, að tollur sá á kaffi og sykri, og tollhækkun á tóbaki, sem hún fer fram á, bæti hann upp og meira til. Eptir áætlun stjórnarinnar á afraksturinn af þessum tollum og tollhækkun að nema rúmum 140,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og þá er ekki aðeins bættur upp tekjuhallinn, heldur mögulegt að borga þær 48 þús. kr., sem landssjóður skuldaði ríkissjóði í árslok 1887, án þess að skerða viðlagasjóðinn.

Að því er snertir skuld jarðabókarsjóðs til aðalríkissjóðs í viðskiptareikningi, þá ber að minnast þess, að jarðabókarsjóður átti í sjóði í árslok 1888 yfir 300,000 kr., og þó mikið af því væri í seðlum, þá má þó höggva skarð í skuldina með því sem var í myntuðum peningum. Vandkvæði þau, sem h. þm. (Gr. Th.) getur um, virðast þannig meir í orði en á borði, og yfir höfuð get jeg eigi litið með eins svörtum augum og h. þm. (Gr. Th.), á framtíðina, því að bæði er það vonandi, að hinir nýju tollar muni bæta upp tekjuhallann fram-

vegis, og svo þarf eigi að kvíða því, að ríkissjóðurinn verði svo harðdrægur og bráður í kröfum sínum, að landssjóði gefist ekki kostur á að borga skuld sína á nokkrum árum, ef það reynist, að hinar auknu álögur auki svo tekjurnar, að þær hækki um 70—80 þús. kr. á ári. Það er mjer auðvitað um megn, að segja, hvort þeir tollar, sem stjórnin hefir stungið upp á, sjeu nógir; en aðrir geta heldur ekki sagt með meiri vissu, að þeir verði ónógir, því að bæði eru skýrslur, sem slíkar áætlanir byggjast á, ekki sem áreiðanlegastar, og svo getur kaffi-innflutningur verið talsvert mismunandi á ári hverju. Þess konar verður reynslan að sýna, og er eigi annað hægt að gjöra en halda sjer til reynslu undanfarinna ára. Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum, en vona að eins, að nefnd sú, sem sett verður, líti eigi slíkum örvæntingaraugum á mál þetta, sem h. þm. Borgfirðinga.

Grímur Thomsen: Jeg vil minna hæstv. landsh. á, að jeg hef eigi að eins fundið að því, að tollar þeir, sem stjórnin fer fram á, væru eigi fullnægjandi til að afnema tekjuhallann, heldur einnig, að enginn afgangur yrði; því jeg fæ eigi skilið, hvernig hæstv. landsh. getur verið ánægður með, að byrja hið nýja fjárhagsár með skuldafje. Það er rjett mælt, að tollur á kaffi og sykri getur verið mismunandi á ári hverju, en hitt er einnig víst, að kaffinautn hefir minnkað talsvert á síðustu árum. Þannig stendur t. d. í athugasemdum frumvarps þessa, að á árunum 1881—1885 hafi árlega verið flutt inn yfir 770 þús. pund af kaffi að meðaltali, en eptir síðustu skýrslum hefir aðflutningurinn eigi numið meiru en 350 þús. pundum af kaffi og 203,000 pundum af kaffirót. (*Landsh.:* Einstakt ár!). Þegar nú þar á ofan bætast tollar, þá mun kaffinautnin minnka enn meir. Jeg tók áðan fram, að Finsen sál. landshöfðingi hefði fleirum sinnum skorað á þingið, að sjá svo um, að afgangur yrði eptir í sjóði til að byrja með næsta ár; en eptir því sem ráða má af þessu frv., þá er þetta eigi lengur meining stjórnarinnar, því að nú gjörir hún sjálf ráð fyrir tekjuhalla.

Þórarinn Böðvarsson: Af því að jeg ímynda mjer, að hæstv. landsh. sje búinn að segja það, er hann hefir ætlað sjer að tala að sinni í þessu máli, og af því að jeg get ekki sjeð að meiri umræður á þessu stigi málsins hafi nokkurn árangur, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 7 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Sjö manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Eríkur Briem með 19 atkv.
Sigurður Stefánsson með 19 atkv.
Páll Briem með 18 atkv.
Þorleifur Jónsson með 17 atkv.
Jón Jónsson þm. N.-Þ. með 15 atkv.
Árni Jónsson með 12 atkv.
Sigurður Jensson með 11 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 61); 1. umr.

Forseti: Jeg gjöri ráð fyrir, að þessu frumv. verði vísað til fjárlaganefndarinnar, svo sem venja er til.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj., að vísa frumv. til fjárlaganefndarinnar.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887 (C. 31); 1. umr.

Forseti: Það er tillaga mín, úr því enginn tekur til máls, að 3 manna nefnd verði kosin í málið.

Árni Jónsson stakk og upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Ólafur Briem með 16 atkv.
Páll Ólafsson — 13 —
Þorv. Kjerúlf — 10 —

Forseti kvaðst álíta sjálfsagt, samkv. 26.

gr. þingskapanna, að vísa til nýkosinnar reikningslaganefndar.

Tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst ekki finna mál þetta á dagskrá, og áleit því miður samkvæmt þingsköpunum að vísa því á þessum fundi til nefndar.

Forseti kvað það hafa verið venju að vísa þessu máli til reikningslaganefndarinnar, og megi álíta að nefnd hafi verið kosin í málinu, þó því verði að eins vísað til þegar settrar nefndar. Kvaðst hann ekki leyfa fleiri umr. um þetta efni, en skjóta því til h. þingdeildar, hvort því skyldi ekki vísað til reikningslaganefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Áliti yfirskoðunarmanna vísað til reikningslaganefndarinnar með atkvæðafjölda.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 62); 1. umr.

Arni Jónsson stakk upp á, að vísa einnig þessu máli til reikningslaganefndarinnar, og var það samþ. í e. h.

Frumv. til laga um tekjur presta (C. 65); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Af því jeg hef fjallað um þetta mál áður, þá vil jeg leyfa mjer að fara um það örfáum orðum.

Breyting sú, sem frumv. fer fram á, er í því fólgin, að margbrotin gjöld eru gjörð að einföldum gjöldum, svo að mjer þykir eigi ólíklegt, að það nái fram að ganga. En sökum naumleika tímans höfðum vjer, sem kosnir vorum í nefnd til að undirbúa málið, eigi svigrúm til að safna nægilegum skýrslum, þar sem svo fátt er prentað af því, sem þarf á að halda í þessu máli; jeg vildi því óska, að nefnd yrði sett í málið, sjerstaklega til þess að safna nákvæmari skýrslum, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Gunnar Halldórsson með 15 atkv.
Þorlákur Guðmundsson með 13 --
Páll Ólafsson með 12 atkv.
Þórarinn Böðvarsson með 10 atkv.
Árni Jónsson með 9 atkv.

1. umræðu frestað.

Fjórði fundur, laugardag 6. júlí á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði verið tilkynnt, að í fjárlaganefndinni væri kosinn formaður Páll Briem, skrifari Eiríkur Briem; í reikningslaganefndinni formaður Páli Ólafsson, skrifari Þorvarður Kjerúlf; í nefnd um tekjur presta formaður Þórarinn Böðvarsson og skrifari Páll Ólafsson.

Forseti skýrði ennfremur frá, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Fundargjörð úr Mýrasýslu.
2. Fundargjörð úr Skagafirði.
3. Fundargjörð úr Norður-Þingeyjarsýslu.
4. Fundargjörð Suður-Þingeyinga.
5. Fundargjörð úr Rangárvallasýslu, ásamt bænarskrá um uppbót á Stóruvallaprestakalli.
6. Fundargjörð frá Akureyri.
7. Bænarskrá frá hinu íslenzka kennarafjelagi um 200 kr. styrk.
8. 2 fundargjörðir úr Strandasýslu.
9. Bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu um æðarvarpsfriðunarlög.
10. Fundargjörð Borgfirðinga.
11. Bænarskrá frá Boga Melsteð, um 1000 kr. til áframhalds námi Íslandssögu.
12. Bænarskrá um kaupstaðarrjettindi handa Eyrarbakka.
13. Bænarskrá um ófriðhelgun á sel í Þjórsá og Ölvesá.
14. Þingmálafundur Árnesinga.

Því næst var tekið til dagskrár.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri (C. 115); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg gjöri ráð fyrir, að nefnd verði kosin til að íhuga þetta mál og skal því eigi fara mörgum orðum um það að sinni, heldur einungis geta þess, að þar sem stjórnin eigi hefur komið með frumv. um nýjar tollálögur fyr en nú, þá ber það eitt til þess, að eptirlit hjer á landi með tollskyldum vörum er mjög erfitt og tollstjórn mundi hafa mjög mikinn kostnað í för með sjer. En vegna hins mikla tekjuhalla á fjárhagstímabilinu 1886 til 1887, og með því að ekkert útlit er fyrir að fjárhagur landsins rjetti við í bráð án þess að landssjóði sjeu útvegaðar nýjar tekjur, þá hefur stjórnin eigi sjeð sjer annað fært en að koma fram með þetta frumvarp. Aðflutningsgjaldið hefur stjórnin eigi árætt að setja hærra en 5 aura á kaffipundið og 2 aura á hvert sykurpund, sökum þess, að því hærra sem gjaldið er sett, því hættara er við að kaupmönnum, einkum smákaupmönnum, veiti erfitt að greiða tollinn fyrir fram, sje hann hafður hár. Af þessum ástæðum hefur stjórnin eigi þorað að fara hærra, en alls eigi vegna þess, að kaupendum verði of tilfinnanlegt þótt tollurinn væri hærri, því að vjer vitum t. d., að 5 aura tollur á hvert kaffipund er sem ekkert á við þann verðmun sem tíðkast á kaffi, þar sem það hefur opt stigið um 30—40 aura frá einu ári til annars. Samt held jeg að mjer sje óhætt að segja, að frá stjórnarinnar sjónarmiði geti ekkert verið því til fyrirstöðu, að tollurinn sje hækkaður, ef þingið skyldi komast að þeirri niðurstöðu, að hann væri of lágur. Jeg vil svo eigi fara fleiri orðum um málið, fyr en nefnd sú, sem jeg gjöri ráð fyrir að sett verði, hefur látið í ljósi álit sitt.

Árni Jónsson: Jeg geng út frá því, eins og hæstv. landsh., að nefnd verði sett í málið og álít því þýðingarlaust að ræða mikið um það að sinni, Jeg vil einungis láta í ljósi gleði mína yfir því, að þetta frumv. er fram komið, því að eins og h. þingm. er kunnugt, hjelt jeg og ýmsir aðrir máli þessu fram á síðasta þingi, þótt það mætti þá slíkri mótspyrnu, að það næði eigi fram að ganga, og þótt hætt sje við, að menn greini enn á um mál þetta, þá er þörfin nú orðin svo brýn að auka tekjur landssjóðs, að vonandi er, að menn geti komið sjer saman. Fundargjörðir úr hjeruðum landsins virðast benda á, að almenningi sje orðið ljóst og þjóðin sje einhuga á því, að ófært sje, að sjóðþurðin vaxi ár frá ári, og munu flestir vera á einu máli um, að auka svo tekjur landsins, að þær hrökkvi fyrir útgjöldum þess og koma algjörlega í veg fyrir tekjuhalla framvegis. En að því er snertir mitt kjördæmi, þá eru menn ekki einungis þar einhuga um að afnema tekjuhallann, heldur vilja einnig, að gjaldþol landssjóðs verði aukið svo, að hægt sje að leggja meira fje til að efla samgöngur og atvinnuvegi en hingað til hefur gjört verið og lögin ákveða. En sökum þess að mál þetta þarf að ræðast og rækilega að íhugast, þar sem það er svo umfangsmikið og áríðandi, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að í það verði sett 7 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Sjö manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Grímur Thomsen	með	17 atkv.
Þorlákur Guðmundsson	—	16 —
Ólafur Briem	—	15 —
Eiríkur Briem	—	14 —
Árni Jónsson	—	13 —
Jón Jónsson (þm. N. M.)	—	12 —
Þorvarður Kjerúlf	—	11 —

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 96); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil einungis stinga upp á, að mál þetta gangi til hinnar nýkosnu, fjölmennu, mannsterku nefndar.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. h. að vísa frumv. til tollanefndarinnar og 1. umræðu frestað.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina "Á„ í Kleifahreppi (C. 77); 1. umr.

Landshöfðingi: Þó þetta mál sje ekki mikið að vöxtum, þá mun samt vera ástæða til að setja nefnd í því. Þegar þetta frumv. var samið, var ekki komin fram beiðni um kaup á fleiri jörðum en þessari einu, en síðan hefur komið beiðni um eina jörð enn, sem sje eina af jörðum Bjarnaness umboðs. Ef nefnd yrði kosin nú, gæti hún tekið einnig þessa síðari beiðni til íhugunar, og svo fleiri, ef þingmenn hefðu sjálfir meðferðis bænarskrár um þjóðjarðasölu. Það hefur líka æfinlega verið venja, að skipa nefnd í sams konar málum.

Eiríkur Briem: Af því að verið getur, að fleiri hafi meðferðis bænarskrár um sölu á þjóðjörðum, þá væri ef til vill æskilegt, að málið yrði tekið út af dagskrá, því að heppilegast væri að nefnd í málinu gæti orðið skipuð þeim mönnum, sem kunnugastir eru þeim jörðum, sem um er beðið.

Þórarinn Böðvarsson: Það er von á beiðni um sölu á þjóðjörð í mínu kjördæmi, en bænarskráin er ekki komin til okkar enn. Eins getur verið um fleiri, og væri því ef til vill rjettast að taka málið út af dagskrá. Það mætti sjálfsagt líka kjósa nefndina nú þegar og vísa svo til þeirrar nefndar þeim bænarskrám, er síðar koma um sama efni.

Ólafur Pálsson: Hæstv. landshöfðingi hefur þegar tekið fram það, sem jeg ætlaði að benda á. Jeg get gefið þá upplýsingu, að það er von á einni bænarskrá enn um sölu á jörð í mínu umboði, og er alls ekki ómögulegt, að bænarskrá um sama efni komi úr öðrum hjeruðum. Engu að síður verð jeg að álíta, að kjósa megi nefnd í málið nú þegar, því að til þeirrar nefndar mætti svo vísa síðar þeim bænarskrám um þjóðjarðasölu, er síðar kynnu fram að koma.

Landshöfðingi: Ef það skyldi koma fyrir, að beiðni komi úr öðrum landsfjórðungum um sölu á þjóðjörðum, þá gæti nefnd sú, sem nú yrði kosin, auðveldlega eptir þingsköpunum aukið við sig mönnum. Þó því nú yrði kosin nefnd og hún skipuð þingmönnum úr þeim kjördæmum, þar sem þær jarðir eru, sem falaðar eru nú þegar til kaups, sem sje úr Kjósar- og Gullbringusýslu, og Skaptafellssýslu, þá mætti síðar bæta við þá nefnd þingmönnum, sem kunnugir væri þeim jörðum, sem síðar kynni að verða beðið um að fá keyptar.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Ólafur Pálsson	með 15	atkv.
Þorlákur Guðmundsson	— 10	—
Þórarinn Böðvarsson	— 7	—

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um stofnun sjómannaskóla á Íslandi (C. 108); 1. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg ímynda mjer að tekið verði fegins hendi móti þessu frumv., þar sem það vill ráða bót á þeim tilfinnanlega skorti, sem hingað til hefur verið á því, að sjómenn gætu menntað sig undir stöðu sína. Það er einkum eitt atriði í frumvarpinu, sem mun valda ágreiningi. Þeir, sem taka próf við skóla þennan, hafa ekki rjett til að vera skipstjórar eða stýrimenn milli landa. Það er mjög óheppilegt, að duglegustu menn, sem í rauninni eru fullfærir til, að færa skip milli landa, skuli ekki mega það, þó að þeir hafi tekið próf hjer í stýrimannafræði, en úr þessu bætir þetta frumvarp

ekki. Þetta atriði getur valdið ágreiningi. Bæði af þessu og af því málið er mikilsvert, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Sigurður Stefánsson: Jeg vildi í þetta sinn að eins gjöra líka athugasemd og nú var gjörð. Frumv. þetta getur valdið ágreiningi. Jeg tel lítið unnið við sjómannaskólastofnun, ef þeir, sem notið hafa kennslu á skólanum og tekið próf, ekki fá rjett til að fara með skip landa á milli, en mega að eins stjórna skipi fram með ströndum Íslands. Jeg vil enda heldur fresta málinu, en lögskipa slíka stofnun, enda hafa þeir, sem nú nema sjómannafræði hjer á landi, þennan rjett, og þurfa því ekki að fá hann með nýjum lögum. Jeg vil því enga sjómannaskóla hafa, sem ekki geta veitt sjómönnum frekari rjettindi, en þeir nú hafa, sem notið hafa kennslu í sjómannafræði. Sá skóli, sem frumvarp þetta ákveður að stofna skuli, er landinu að eins til kostnaðar, en veitir íslenzkum stýrimannaefnum engin þau rjettindi, sem þeir nú ekki hafa. Að öðru leyti vil jeg styðja að því, að þriggja manna nefnd verði kosin.

Þorsteinn Jónsson: Jeg sting upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. h.

5 manna nefnd felld.

3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Eiríkur Briem	með 16 atkv.
Sigurður Stefánsson	— 14 —
Þorsteinn Jónsson	— 11 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um að bannaðar sjeu fiskiveiðar með botnvörpum (C. 100); 1. umr.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að leyfa mjer að koma með þá tillögu, þó hún sje óvanaleg, og hún er sú, að ekki verði kosin nefnd í þessu máli. Þessi veiðiaðferð, sem hjer ræðir um, er bönnuð í Danmörku og flestum löndum, þar sem jeg þekki til, nema ef vera skyldi á Þýzkalandi. Jeg vil því leggja það til, að málinu verði sem fljótast vísað til 2. umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg veit þó ekki betur, en að þessi veiðiaðferð sje leyfð á Skotlandi.

Grímur Thomsen: Hún mun þó hafa verið bönnuð þar fyrir tveimur árum.

Jónas Jónassen: Hjer á dögunum kom hingað þýzkur maður á gufuskipi. Hann fór hjer út í flóann og reyndi að veiða með botnvörpu. Sópaði hann þá öllu sem í botninum var og skemmdi vörpuna. Jeg talaði við mann, sem fór út með honum hjeðan og sagði hann að varpan hefði sópað upp hinum minnstu murtum, auk heldur öðru. Þessi þýzki maður fór von bráðara aptur heim til sín, enda mun honum ekki hafa litizt á blikuna. Það var líka von á húsbónda hans hingað á öðru gufuskipi, en það er líkast til, að hann komi ekki, þegar hann frjettir, hvernig hinum gekk.

Sigurður Stefánsson: Þó ekki kunni að vera þörf að setja nefnd í þessu máli, þá veitir þó ekki af að lagfæra á því málið; það er allt annað en gott. Má sjálfsagt gjöra það með breytingartillögum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frumv. til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar (C. 123); 1. umræða.

Landshöfðingi: Þetta frumv. er mjög stutt og málið virðist líka vera mjög einfalt, en jeg býst við, að h. þingdm. hafi tekið eptir því, að í enda athugasemdanna við stjórnarfrumvarpið er þinginu gefinn kostur á, að kynna sjer tilskipun fyrir konungsríkið 18. febr. 1887, þar sem sjá má, í hverju þessar varúðarreglur eru fólgnar. Nálega hinar sömu varúðarreglur eru lög-

boðnar fyrir allar siglingaþjóðir, og er því sjálfsagt, að tilskipun sú, sem frumv. fer fram á að veita stjórninni heimild til að setja fyrir Ísland um þetta efni, færi í sömu stefnu, en allt um það kynni þingd. að vilja kynna sjer nefnda tilskipun. Það kynni því að vera ástæða til fyrir háttv. þingdm. að kjósa nefnd, en hinsvegar mætti líka vísa málinu til hinnar nýkosnu sjómannaskólanefndar.

Grímur Thomsen: Jeg skal þá leyfa mjer að stinga upp á því, að málinu verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var rjett áðan til að íhuga sjómannaskólamálið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til sjómannaskólanefndarinnar, með atkvæðafjölda, og fyrstu umræðu frestað.

Fimmti fundur, mánudag 8. júlí. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um stofnun sjómannaskóla væri kosinn formaður S. Stefánsson og skrifari E. Briem, í nefndinni um sölu þjóðjarða formaður Þ. Böðvarsson, skrifari Þorl. Guðmundsson, í nefndinni um tollmálin formaður Gr. Thomsen, skrifari Ó. Briem.

Forseti kvað lagt fram á lestrarsalinn:

Bænarskrá frá Magnúsi Einarssyni um 5—600 kr. styrk til utanferðar til að fullkomnast í sönglist.

Fundarályktun hins ísl. kennarafjelags, er snertir uppfræðslu barna.

Fundargjörð úr Norður-Múlasýslu.

Bænarskrá um 4000 kr. styrk handa búnaðarskólanum á Hólum, með 3 fylgiskjölum.

2 fundargjörðir úr Barðastrandarsýslu.

Bænarskrá úr Barðastrandarsýslu viðvíkjandi strandferðum gufuskipa.

Bænarskrá um uppgjöf á árgjaldi af Stað á Reykjanesi, ásamt útnefningu virðingarmanna og virðingargjörð.

Bænarskrá frá skipstjóra Edilon Grímssyni um 300 kr. styrk til þess að standast kostnað af utanferð til að læra þilskipasmíði og til verkfærakaupa.

Bænarskrá frá Erlendi Zakaríassyni um 1000 kr. styrk til þess að fara til Noregs til að fullkomnast í vegagjörð.

Skjöl snertandi beiðni frá hreppstjóra Teiti Pjeturssyni um, að fá ábúðarjörð sína, þjóðjörðina Meiðastaði í Rosmhvalaneshreppi, keypta.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 126); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Mjer þykir ekki þörf að eyða mörgum orðum að þessu máli. Það er gamall kunningi þingsins. Þessi deild hefir áður tekið því vel og eins vona jeg að hún geri nú. Jeg leyfi mjer því að eins, að óska þess, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg hefi áður tekið það fram hjer á þinginu, að mjer þykir ísjárvert, að fara mjög langt í því, að fjölga verzlunarstöðum hingað og þangað hjer á landi. Sjerstaklega er þetta þó aðgætuvert nú, þar sem ráðgert er, að fjölga tollum og hækka þá. Að því er snertir löggilding Haukadals sjerstaklega, þá hefi jeg ekki getað sannfærzt um, að það væri nauðsynlegt. Staður þessi er rjett hjá öðrum verzlunarstað, þ. e. Þingeyri. Það eru ekki svo margar sveitir, sem geta sótt þangað, og vörumegnið er ekki svo mikið, að þar þurfi meira en einn kaupstað. En það, sem sjerstaklega hefur verið borið fyrir, þegar rætt þefir verið um þörfina á þessari löggildingu, var það, að kaupmaðurinn á Þingeyri væri eigandi allrar lóðarinnar þar á verzlunarstaðnum og væri því eigi hægt að fá þar útmælda lóð undir ný verzlunarhús. Þessi ástæða, sem hefir verið lögð svo mikil áherzla á, vona jeg að nú muni hverfa, þar sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið frumv. um að menn geti fengið útmældar lóðir undir

ný verzlunarhús á öllum löggiltum kauptúnum. Auk þessa er lausakaupmönnum heimilt að sigla á hverja vík til verzlunar. Get jeg því ekki ætlað að rjett sje að löggilda fleiri verzlunarstaði að svo stöddu, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli með því; menn verða að hafa sjer það hugfast, hversu allt tolleptirlit verður örðugt við fjölgun þeirra.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal játa, að það er alveg rjett, sem hæstv. landshöfðingi tók fram viðvíkjandi frumv. stjórnarinnar um, að menn geti fengið útmældar lóðir undir ný verzlunarhús í löggiltum kaupstöðum. Frá minni hálfu er þetta mál heldur ekki neitt kappsmál. Jeg flyt það vegna þess, að kjósendur mínir hafa óskað, að fá það fram, og beðið mig að styðja að því. Að því er snertir þá ástæðu, að tolleptirlitið verði svo erfitt, þá get jeg ekki álitið hana neitt mikilvæga. Sýslumaður þarf hvort sem er að hafa umboðsmann á slíkum stöðum. Að síðustu skal jeg taka það fram, að þó vegalengdin sje ekki mikil milli Þingeyrar og Haukadals, þá telja þó flestir Haukadal betur fallinn til verzlunar, og það út af fyrir sig er mikil meðmæling með þessum stað.

Eiríkur Briem: Það er rjett, sem hæstv. landsh. sagði, að frumv. um, að menn geti fengið útmældar lóðir á löggiltum kauptúnum, bætir mikið úr þeirri þörf, sem annars er, að fjölga verzlunarstöðum. En nú sem stendur vita menn ekki hvernig fer um það frumv. eða hvaða undirtektir það kann að fá í Ed., og því getur það eigi haft áhrif á mál það, sem nú liggur fyrir, að svo stöddu. Það er líka annað, sem opt mælir með löggilding nýrra kauptúna, þótt þau sjeu í nánd við eldri verzlunarstaði. H. flutningsm. benti lauslega til þess áðan, að svo stæði á hjer. Það getur verið, að þau kauptún, sem nú eru löggilt, sjeu ekki eins heppileg og góð til verzlunar eins og önnur, sem er verið að biðja um löggilding á. En þar sem svo kynni að virðast, að leggja ætti, þegar svo á stendur, niður einn verzlunarstað um leið og annar er tekinn upp, þá er auðsætt, að slíkt verður eigi gjört í fljótu bragði, án þess að ganga allt of nærri rjetti einstakra manna. En reynslan getur með tímanum dregið verzlunina þangað, sem eðlilegast er. Jeg tek til dæmis Sauðárkrók í Skagafirði. Nú dregst öll verzlun þangað, en gamli verzlunarstaðurinn Grafarós er alveg lagður niður.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 126); 1. umr.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Það er sama að segja um þetta frumv. og það, sem nú var rætt, að það hefir líka verið fyrir þinginu áður, og var þá vel tekið. Um þennan stað, sem hjer ræðir um, er það að segja, að stjórnarfrumv. um útmæling lóða á löggiltum kauptúnum getur ekki verið móti löggilding hans. Það er enginn kaupstaður í nánd við Arngerðareyri. Kæmist verzlun á á þessum stað, mundi það vera til mikils hægðarauka, eigi að eins fyrir Ísfirðinga, heldur og fyrir fjölda Barðstrendinga og Strandamenn. Með því að löggilda Arngerðareyri til verzlunar, mætti mjög bæta úr þeim erviðleikum, sem nú eru á því, einkum fyrir Strandamenn og Barðstrendinga, að sækja til Ísafjarðar. Mjer er líka kunnugt af fundarskýrslum á lestrarsalnum, að Strandamenn hafa beinlínis óskað eptir því, að þessi staður yrði löggiltur verzlunarstaður. Jeg vona því, að h. þingd. leyfi máli þessu til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg játa fúslega, að það stendur mikið öðruvísi á með Arngerðareyri en Haukadal. Frá Arngerðareyri er allangt til næsta kaupstaðar, sem er Ísafjörð-

ur. Stórar sveitir liggja þar að og gætu rekið þar verzlun. Jeg get því eigi annað en furðað mig á, að sveitaverzlun, sem komst þar á fyrir nokkrum árum, skuli nú vera lögð niður. En það getur verið, að það sje að kenna undanförnum hörðum árum og að ekki verði leitt út af niðurlagning þessarar sveitaverzlunar, að föst verzlun geti alls ekki þrifizt þar. Jeg get yfir höfuð að tala ekki sjeð neitt á móti því, að þessi staður verði löggiltur til verzlunar, þar sem jeg aptur á móti álít allsendis ónauðsynlegt að löggilda Haukadal í Dýrafirði.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa (C. 156); 1. umr.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. N Múl.): Jeg skal ekki lengja mikið umræðurnar um þetta mál. Það er áður búið að taka fram ástæðurnar með þessu máli almennt skoðað. Það er eðlilegt og rjettlátt, að hver kaupmaður fái að verzla þar sem hann álítur hagkvæmast og á þeim höfnum, sem hann vill hætta skipum sínum á. Eins er það eðlilegt, að landsmenn fái að verzla þar sem þeim þykir hagkvæmast með vörur sínar.

Ef mönnum væri meinað að njóta þessa rjettar, þá yrðu að vera einhverjar sjerstakar knýjandi ástæður til þess. En þessar sjerstöku ástæður munu sjaldan vera fyrir hendi. Að því er snertir Múlahöfn við Hjeraðsflóa, þá eru mjög margar mikilvægar ástæður fyrir, að löggilda einmitt þennan stað. Þessar ástæður voru teknar ljóslega fram á þinginu 1886 af þáverandi 1. þm. N-Múl. Jeg vil sjerstaklega leggja áherzlu á eina ástæðu, sem þá var talin fyrir löggildingunni, og hún er sú, að þar mundi eflaust koma upp all-mikill sjávarútvegur, ef þar yrði löggiltur verzlunarstaður, og á það verður að leggja mikla áherzlu, þar sem þetta er eini staðurinn fyrir öllu hinu víðlenda Fljótsdalshjeraði, þar sem umtalsmál getur verið að koma upp sjávarútvegi. Ef verzlun kemur við Lagarfljótsós, sem óskandi er og vonandi að verði hið fyrsta, og þegar hafa nú verið gerðar tilraunir til, þá er alveg nauðsynlegt að hafa vörugeymsluhús við Múlahöfn. Löggilding Múlahafnar hlyti því að hafa afar-mikla þýðing fyrir verzlunina við Lagarfljótsós. Það hagar svo til við Lagarfljótsós, að ekki er hægt að fara inn í hann, nema þegar landátt og staðviðri eru, og sjerstaklega getur það komið fyrir á vorin, að það sje ómögulegt að komast upp í ósinn, af því ís er ekki leystur af fljótinu. En þá er æfinlega hægt að komast inn á Múlahöfn. Væru þar geymsluhús, mætti leggja vörurnar þar upp og flytja þær síðar upp í ósinn, þegar færi gæfust; og það væri hart að meina mönnum þá að verzla á Múlahöfn, á meðan ekki er hægt að komast upp í ósinn, því opt getur staðið svo á, að mönnum sje bráðnauðsynlegt að fá vörur um það leyti. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta að sinni, en óska þess, að frv. verði látið ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Það er rjett, að mál þetta var fyrir þinginu 1886; en flutningsmaður þess, sem þá var, tók fram ekki að eins kosti, heldur einnig lesti á þessum stað til verzlunar. Eins og h. þingm. vita, er Múlahöfn dálítið vik inn í fjallgarð þann, sem gengur fram milli Vopnafjarðar og Hjeraðsflóa. Þar ganga háir hamrar fram að sjó og er Múlahöfn í krika milli þeirra. Þar eru því hengiflug nærri alstaðar í kring. Flutningsmaðurinn 1886 játaði líka, að það væri nærri ómögulegt að flytja það an eða þangað vörur landveg, og er það vel skiljanlegt, því þangað komast ekki nema æfðir bjargmenn eða í sigi. Þá getur spurningin ekki verið um annað en sjóflutninga, en þeir eru líka allt annað en greiðir, eptir því sem flutningsmað-

ur 1886 játaði, og mjer skildist ekki betur, en að hinn núverandi flutningsmaður segði, að sjóferðir væru ekki góðar þangað. Það er líka skiljanlegt, þar sem staðurinn liggur fyrir opnu Atlanzhafi. Það virðist þó sannarlega vera eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að hver staður sem er geti orðið kaupstaður, að hægt sje að komast að honum annaðhvort á sjó eða landi, meðan menn ekki eru komnir svo langt, að geta notað lopt-«ballónur» til flutninga, hvernig sem á stendur.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. N.-M.): Hæstv. landsh. sagði, að það hefði áður verið sagt, að Lagarfljótsós væri ágætur staður til verzlunar, en nú væri beðið um löggilding Múlahafnar rjett hjá. Þetta virðist hæstv. landshöfðingja benda á, að Lagarfljótsós hafi ekki verið eins góður eins og hann var sagður. Jeg held nú að það hafi miklu fremur verið tekið fram um Lagarfljótsós, að það væri mjög mikil þörf á að þar kæmist upp verzlunarstaður, ef mögulegt væri. Erviðleikana á því munu allir hafa viðurkennt, og nú á einmitt að bæta úr þessum erviðleikum að nokkru leyti með því að fá löggilta Múlahöfn, sem liggur skammt frá ósnum; þar mætti leggja vörur upp þegar ófært væri upp í sjálfan ósinn. Upp af Hjeraðsflóa er stórt og fjölbyggt hjerað, sem mundi hafa mikinn hagnað af löggilding Múlahafnar. Öllum sveitum hjeraðsins væri hægt að ná sjóveg þangað, hvar sem vill frá Hjeraðssöndum, þegar sjóveður gefst. Að öðru leyti álít jeg að umræður um þetta mál hafi ekki mikið að þýða. H. þingdm. munu þegar almennt hafa ákvarðað sig um, hvort þeir verði með þessum málum almennt eða ekki. Vil jeg því enn á ný óska, að málinu verði vísað til annarar umræðu.

ATKVŒÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með öllum þorra atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri við Eyjafjörð (C. 158); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. N.-Þing.): Jeg stend eigi upp af því, að jeg sje hræddur um forlög þessa máls hjer í Nd., því að h. þingdeildarmönnum er kunnugt, að mál þetta lá fyrir þingi 1886 og fjekk þá góðan byr, og svo geta ástæður þær, er hæstv. landsh. hefir nú komið fram með mót löggilding nýrra verzlunarstaða, eigi snert þetta frv. Frv. um þetta efni var samþykkt á þingi 1886 og var því ásamt öllum sams konar frv. synjað staðfestingar. Mjer þykir líklegt, að menn muni ástæður þær, sem stjórnin færði fyrir synjuninni, en af því að ástæður hennar móti þessu frv. voru svo einkennilegar, þá get jeg ekki stillt mig um að rifja þær upp fyrir h. deild. Fyrsta ástæðan var sú, að brjef hefði komið frá ýmsum málsmetandi mönnum á Akureyri, þar sem þeir hefðu látið í ljósi, að löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri væri ísjárverð, með því að vöxtur og viðgangur þess kauptúns mundi draga frá Akureyri og rýra aðsóknina þangað. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessa ástæðu, heldur einungis vísa til þess sem h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) sagði áðan, því að það er auðsætt, að af tveimur verzlunarstöðum, sem liggja nærri hver öðrum, hefir sá betri kosti til að bera, sem meira vex, og er því eigi hægt að fá öflugri ástæðu með löggildingu Svalbarðseyrar en einmitt þessa. Jeg vil einnig taka það fram, að ýmsir hafa beðið tjón af því, að staður þessi hefir eigi náð löggildingu; þannig urðu t. d. í fyrra þeir, sem vörur áttu að fá til Svalbarðseyrar, fyrir nokkrum kostnaði, er stafaði af því, að staðurinn var eigi löggiltur; skipstjórinn þurfti sem sje að tefja til að hreinsa vjelina, en sökum þess að staðurinn var eigi löggiltur, varð hann að leggja inn á Akureyri, og kostaði þetta fjelag það, sem hlut átti að

máli, nokkur hundruð króna. Um höfnina sjálfa finn jeg eigi ástæðu til að fjölyrða; hún mælir með sjer sjálf, því að þar hefir legið við bryggju hið stærsta skip, sem komið hefir hingað til landsins, og tekið 6 þúsundir sauða. Jeg get því eigi verið hræddur um afdrif þessa máls hjer í deildinni, og óska að eins, að því sje vísað til 2. umr.

Landshöfðingi: Þegar mál þetta lá fyrir þingi 1886, þá var sjerstaklega tekið fram, að löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri væri nauðsynleg vegna þess, að þaðan væri miklu hægra að skipa út fje úr Þingeyjarsýslu en frá Akureyri; þetta gat þá verið góð og gild ástæða, en nú er hún horfin, þar sem alþingi hefir samþykkt og konungur staðfest lög, sem heimila hverjum lausakaupmanni að sigla upp hverja vík og vog, afferma þar og taka farm eptir vild sinni. En það sem mjer þótti sjerstaklega undarlegt hjá h. þm. (J. J.) var frásögnin um, að gufuskip hefði þurft að fara inn á Akureyri frá Svalbarðseyri til að hreinsa gufuvjel sína, sökum þess, að það hefði eigi mátt tefja á ólöggiltum stað. Jeg þekki eigi þau lög, er banna skipum slíkt, og lítur svo út, sem önnur lög gildi í því efni á Svalbarðseyri en alstaðar annarsstaðar á landinu. Eina ástæðan, sem mælt gæti með löggildingu Svalsbarðseyrar, væri sú, ef sýnt yrði og sannað, að þar væri betra kaupstaðarstæði og haganlegra en á Akureyri, en það hefir ekki verið gjört hingað til, og þar sem vegalengd er eins lítil og milli Svalbarðseyrar og Oddeyrar, þá virðist mjer lítil von til, að sá staður nái miklum vexti og viðgangi, og sje jeg því eigi ástæðu til að vera með frv. þessu.

ATKVÆÐAGR: Samþ. að frv. gangi til 2. umr. með atkvæðafjölda.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu (C. 138); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Þetta frv. hefir verið samþykkt áður hjer í deildinni og finn jeg því eigi ástæðu til, að koma fram með ástæður fyrir því nú, einkum þar eð andmæli þau, er frv. áður hefir fengið, hafa gefið tilefni til, að kostirnir við löggildingu þessarar hafnar hafa verið teknir skýrt og skilmerkilega fram. En að því er snertir ástæður þær, sem hæstv. landsh. tók nýlega fram gegn löggildingu nýrra verzlunarstaða yfir höfuð að tala: að tolleptirlitið yrði of örðugt, ef kaupstöðunum fjölgaði, þá getur það eigi átt hjer við, því að bæði er sýslumaðurinn sjálfur búsettur í grennd við Vogavík, og svo er einnig kostur á vel hæfum mönnum þar í grennd til að takast eptirlitið á hendur. Ein prentvilla hefir orðið í frumv. sem jeg vona að verði leiðrjett áður en það kemur til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði (C. 158); 1. umr.

Flutningsmaður (*Páll Ólafsson*): Jeg skal geta þess, að frumv. það, sem hjer er um að ræða, miðar eigi til að fjölga verzlunarstöðum, því að Hólmavík þessi liggur aðeins fá hundruð faðma frá Skeljavík. Liggur að eins rif eitt mjótt milli víkanna, og mun það því hafa verið ætlun margra fyrir norðan í upphafi, að Hólmavík yrði löggilt um leið og Skeljavík, en að svo sje, hlýtur að vera vafasamt vegna afstöðu og landslags, þó eigi sje langur vegur á milli, og þess vegna er frumv. þetta fram komið. Nú er svo ástatt, að Skeljavík liggur fyrir opnu hafi og er þar því tíðum illfært fyrir skip, opt ómögulegt að komast milli skips og lands; en um Hólmavík, sem er innilokuð af hólmum einum og rifi því sem jeg gat um, er allt öðru máli að gegna; þar er optast kyrr sjór og skipalægi gott. Og þar sem það

má virðast vera óhjákvæmilegt, að föst verzlun verði stofnsett þar nyrðra, undir eins og í ári batnar eða sjávarafli gefst, þá vilja menn vera undir það búnir, að geta sett hana á þeim stað, sem hentugastur er og tryggastur, og mun enginn í efa um það, að Hólmavík er miklu betur til þess fallin en Skeljavík. Jeg vona þessvegna, að frumv. þetta fái góðar undirtektir og að það gangi mótmælalaust til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um tekjur og umsjón kirkna (C. 157); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Þegar frumv. um breyting á tekjum presta, sem er skylt þessu máli, lá hjer fyrir deildinni, þá áleit jeg eigi þarft að fara um það nokkrum orðum, því að í því máli höfðu menn nefndarálit og ástæður þær, sem fylgdu frv. stjórnarinnar. En hjer er öðru máli að gegna; hjer hafa menn engar ástæður og ekkert nefndarálit við að styðjast. Jeg ímynda mjer því, að sumir h. þingm. kunni að spyrja, hvort hjer sje ástæða til breytinga, og skal jeg þá fara nokkrum orðum um gang þessa máls.

Í fyrra bar jeg upp frumv. um þetta efni á prestafundi hjer í Reykjavík, og var frumv. lítið rætt, sem opt vill verða á slíkum fundum; lagði jeg til, að frv. yrði sent prófastum landsins, til þess að þeim gæfist kostur á að leggja það fyrir hjeraðsfundi til umræðu, og var það gjört í því skyni, að hjeraðsfundirnir byggju frv. betur úr garði og gæfu skýrslur um, hver áhrif það mundi hafa á fjárhag kirknanna í hinum einstöku hjeruðum, hvort þær mundu græða eða skaðast við breytinguna. Afleiðingin af þessu varð sú, að svör komu úr 7 prófastsdæmum. Í Kjalarnesprófastdæmi var frumv. samþykkt, í Rangárvallaprófastdæmi samþykkt með nokkrum breytingum; í Mýraprófastdæmi var málið ýtarlegast rætt, eins og von var til, þar sem slíkur maður sem prófasturinn í því prófastdæmi átti hlut að máli, og var frv. þar samþykkt í öllum greinum með litlum breytingum. Og er það auðsjeð, að þessi prófastur hefir látið sjer mjög annt um málið, enda hefir hann reiknað út mismun þann, sem yrði á tekjum kirknanna eptir þessu nýja frv., og reyndist hann 120 kr. á 12 kirkjum prófastsdæmisins. Hinir aðrir prófastar hafa tekið hið einfaldasta ráð: að þegja, að undanteknum 3, sem hafa athugað málið lauslega, en eigi kosið nefnd. En nú vil jeg spyrja: er nokkur ástæða til breytinga? Það verður eigi varið, að ástand kirknanna er hið sorglegasta, og það má heita undantekning, ef kirkja er álitlig og reglulega hæf til guðsþjónustu. Jeg hef farið víða um land og verið prófastur í 20 ár í 2 prófastsdæmum, svo mjer er þetta nokkuð kunnugt; jeg heyri reyndar marga tala um framfarir í þessum efnum, og taka það fram, að torfkirkjur sjeu að hverfa og timburkirkjur að rísa upp á rústum þeirra; en gallinn er, að þessar kirkjur mega eigi teljast regluleg timburhús, heldur miklu fremur hjallar, sem hafa skaðlegar afleiðingar í för með sjer fyrir kirkjuræknina. Þrátt fyrir þetta eru þó kirkjurnar þeim til byrði, sem hafa umsjón þeirra á hendi; þannig eru allar landssjóðskirkjur honum til stórrar byrði, og sama er að segja um hinar aðrar kirkjur og það jafnvel þær sem eru bændaeign. En af hverju kemur nú þetta? Kemur það af því, að of lítið sje lagt til kirknanna? Nei, orsökin liggur í tilhöguninni á meðferð kirkjufjánna, og það er hún, sem jeg legg aðaláherzluna á að breyta, því að það er kunnugt, að þeir sem vilja fara vel með kirkjur þær, sem þeir eru yfir skipaðir, tapa stórfje á þeim, margir hverjir, og

aptur á móti má græða stórfje á því, að fjefletta og forsóma kirkjur sínar, því að kirkjurnar njóta eigi vaxtanna af fje sínu, heldur renna þeir iðulega í annara sjóð. Jeg tek það upp aptur, að meðferð og ráðstöfun kirkjufjánna er aðalatriðið í þessu frumv. Breytinguna á tekjustofninum álít jeg eigi eins mikilsvarðandi, og þó getur mjer eigi dulizt, að sú tilhögun, sem frumv. fer fram á, er hagstæðari. Tíundin æruverða verður hjer ranglátari en í öðru gjaldi, svo ranglát, að fádæmum sætir; þannig hef jeg verið í 2 prestaköllum, þar sem svo mikill munur er á tíundum, að í öðru þeirra eru allar kirkjujarðir tíundarfríar, en í hinni engin. Að því er snertir ljóstollsgjaldið, þá er það ekki rjett nje sanngjart, að stærsti bóndinn gjaldi jafnt og þurrabúðarmaður, sem hefir að eins eitt hjú; að hinu leytinu er svo mikill vafi á því gjaldi, að jafnvel útvaldir geta leiðzt í freistni. Jeg skal reyndar ekki fara mörgum orðum um hinn nýja gjaldstofn, sem hjer er stungið upp á, heldur einungis geta þess, að hann er í frumv. um tekjur presta lagður á vinnukrapt manna, því að vinnukrapturinn er þó og verður aðaleignin. Í þessu frumv. er hann lagður jafnt á alla, sem sækja kirkju; þar sem allir hafa jafnan rjett til guðshúss, þá virðist mjer sanngjarnt, að allir borgi jafnt gjald til kirknanna. Stofnun kirkjusjóðs má einnig teljast með nýmælum þessa frv. Jeg vildi sem sje óska, að kirkjan yrði í þessu efni laus við landssjóð, og þyrfti ekki að lifa á sníkjum. En þar sem jeg hef heyrt á einhverjum, að þessi kirkjusjóður mundi eiga að vera sameign allra kirkna, þá skal þess getið, að mjer hefir aldrei komið það til hugar. Lítið eitt fleiri nýmæli eru í frv. þessu, t. d. um visitazíulaun prófasta; þau eru óheppileg eins og þau nú eru og framkomin þegar ekki var hægt að haga þeim öðruvísi. Þannig er nú t. d. orðið ómögulegt að uppfylla heityrðið um bezta brauð í prófastsdæminu, og auk þess er það mjög ranglátt; því að opt getur svo á staðið, að miklu hæfari prestur sæki um eitthvert brauð en prófasturinn í því prófastsdæmi. Jeg vona. að það spilli eigi fyrir frumv. þessu, þótt jeg segi, að mjer sje mjög mikið áhugamál að það nái fram að ganga; því að mjer er það ekki áhugamál fyrir sjálfan mig, heldur fyrir sæmd landsins og hina kristnu kirkju, en hana álít jeg aðalgrundvöll alls góðs.

Leyfi jeg mjer svo að stinga upp á, að nefnd verði kosin í málið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað í e. hlj. til nefndarinnar í frumv. til laga um tekjur presta.

Sjötti fundur, þriðjudaginn 9. júlí á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Beiðni um að Klyppstaðarpestakall, sem áður var Klyppstaðar og Húsavíkur sóknir, skuli hjer eptir vera prestakall út af fyrir sig, og þessu brauði leggjast 300 kr. úr landssjóði.
2. Beiðni úr Skútustaðahreppi um að alþingi fyrirskipi með lögum samþykktir um veiði í ám og vötnum á Íslandi.
3. Fundargjörð úr Hafnarfirði.
4. Bænarská um aukalæknishjerað fyrir vestustu hreppa Mýrasýslu og austasta hrepp Hnappadalssýslu.

Frumv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðu (C. 120); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Jeg vona að eigi sje þörf á löngum umr. um mál þetta, því að frv. hefir áður verið fyrir þingi, árið 1887, og fjekk þá mjög góðar undirtektir hjer í deildinni, og meðhald nær því allra deildarmanna, og þar sem deildin er nú að mestu skipuð sömu mönnum sem þá, vona

jeg að undirtektir þingmanna hjer verði hinar sömu og áður. Jeg skal eigi heldur tala um mótmæli þau, sem frv. mætti í efri deild á síðasta þingi, því það á eigi við, að fara hjer að minnast á þau, enda vona jeg og óska, að þau hverfi brátt fyrir tímans krǫfum um stofnum sjóða mönnum til lífsuppeldis og menningar.

Jón Þórarinsson: Það þykir mjer mjög undarlegt, að h. flutningsm. (Þ. G.) eigi skuli hafa stungið upp á að kjósa nefnd í þetta mál, því að hún gæti leitað samkomulags við efri deild og borið sig saman við þá þar í deildinni, sem voru á móti frumv. á síðasta þingi. Segi jeg þetta eingöngu vegna þess, að mjer er annt um frumv. og óska því betri byrjar en síðast. Svo eru líka einstök atriði í frumv., sem mjer virðast athugaverð og óska að breytt verði. En þar eð umræður um einstök atriði eiga hjer eigi við, verð jeg að láta mjer nægja að stinga upp á, að kosin verði 3 manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd felld með 12 : 8 atkv.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hef eigi stungið upp á nefnd af þeirri ástæðu, að jeg hef eigi álitið það svo þýðingarmikið fyrir málið, því að samkomulags má eins leita utan nefndar, og vilji h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) koma með breytingartillögur, þá er honum það í sjálfsvald sett, og má vera, að jeg fallist á sumar breytingar hans. Að öðru leyti efast jeg eigi um, að tillaga hans er komin af góðum hug til frv. Jeg skal svo eigi orðlengja um þetta, en vona einungis að h. þingd. lofi frv. að ganga til 2. umræðu.

Landshöfðingi. Jeg álít það óheppilegt, að nefnd varð eigi kosin í mál þetta, því ýmsir gallar eru á frumv.; sem jeg ekki vil fara út í að sinni, þar eð frumv. er nú fyrir til 1. umr., en sje það vilji h. þingd. að frv. nái staðfestingu, þá þarf að vanda betur frágang þess en gjört hefir verið.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir tillögur hans og met þær mikils, og skal jeg geta þess, að mjer virðist mega síðar meir setja nefnd í málið, t. d. við 2. umr. og þá fresta henni, því að það getur verið til upplýsingar fyrir málið, að það verði að nokkru rætt áður en nefnd er sett.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af ull og tólg (C. 158); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um frv. það, sem hjer liggur fyrir. Það er kunnugt, að útflutningsgjald hefir verið lagt á sjávarvöru, en aptur á móti hefir gleymzt að leggja nokkurt slíkt gjald á landvöru, þótt öll sanngirni virðist mæla með, að þeim sje gert jafnhátt undir höfði. Þessu hafa sjávarbændur illa unað, og er það eðlilegt, því að bæði eru margir á móti tollum í sjálfu sjer, og svo verður óánægjan sjerstaklega megn, þegar menn finna að tollarnir koma ójafnt niður. Auðvitað er, að fullkomnum jöfnuði verður aldrei náð í tolllögum, en þó má talsvert nálgast hann, og er áríðandi, að menn leitist við, að komast svo langt í því tilliti, sem unnt er. Að því er snertir þær 2 vörutegundir, sem hjer er farið fram á að tolla, þá álít jeg heppilegra, að minna væri flutt út af þeim en gert er. Mjer finnst þannig engin von til, að það land þrífist, sem sendir út megnið af allri sinni ull, ónunið og lítt verkað, og kaupir svo allt frá öðrum löndum unnið, til fatnaðar og annars. Þenna toll skoða jeg því sem nokkurs konar bending til landsmanna, að vinna meira ull sína sjálfir. Um tólgina

er sama máli að gegna; hjer þarf einnig að laga hið fullkomna ólag, sem komið er á alla meðferð þessarar vöru. Nú eru fluttir út margir tugir þúsunda punda, en landið sjálft er feitmetislaust heima fyrir; en það er ekki nóg með það, að tólgin sje flutt út, heldur bætist það ofan á, að þessi sama tólg er svo aptur flutt hingað og keypt dýrum dómum þegar hún kemur frá útlöndum; yrði nú slíkt ólag stöðvað með útflutningstollum, þá væri ekki til einkis barizt. Af öðrum vörutegundum má einnig tilgreina æðardún, sem spurning gæti um verið, hvort ekki ætti að tolla o. s. frv. Ennfremur mætti leggja útflutningstoll á saltkjöt, því að það er herfileg tilhugsun, hversu það er flutt út úr landi, sem opt kvartar um hungur; kaupmaðurinn gerir það að ómat og flytur það svo út úr landinu, landsmönnum til skaða og vanvirðu. Sje þetta ekki ólag, þá þekki jeg ekki ólag, og þess vegna vildi jeg óska, að hátt útflutningsgjald væri sett á saltkjöt, þótt eigi sje það í frv. því, sem er til umræðu, og helzt svo hátt, að það yrði eigi framvegis flutt til annara landa. Jeg held annars, að eigi muni langt að bíða þess ástands, að sjávarbóndinn eigi framar viti, hvernig bragðið er af bezta fiski, nje landbóndinn af góðu sauðakjöti, og þetta viðgengst í því landi, sem kvartar um skort og neyð. Þetta ástand er þegar komið; sjávarbóndinn veit þegar ekki, hversu bragðgóður og nærandi hinn bezti þorskur er, og landbóndinn heldur eigi, hversu bragðgott og nærandi hið bezta sauðakjöt er.

Sigurður Stefánsson: Jeg get því miður ekki verið samdóma h. flutningsm. (Þ. B.) um, að frumv. þetta mundi kippa í lag viðskiptum vorum. Auðvitað er mjög mikið ólag á öllum vöruskiptum hjer á landi, en á því verður eigi bót ráðin með slíkum toll, sem hjer er farið fram á, heldur með betri samgöngum, og með því að reyna að koma verzlun vorri í betra horf. Sumt af því sem flutningsm. (Þ. B.) hefir stungið upp á að tolla, er reyndar þess eðlis, að jeg get eigi sjeð að landssjóði bætist neitt til muna, þótt það yrði tollað. Þannig mundi t. d. 50 aura tollur á hvert pund af æðardún eigi auðga landssjóð um meira en hjer um bil 2—3 þús. krónur, og auk þess álít jeg þann toll fremur viðsjárverðan, því löggjafarvaldið ætti sannarlega heldur að hvetja menn til að stunda æðarvarpið en að draga úr ræktun þess með tollum. Þótt jeg þannig sje mótfallinn ýmsu í ræðu h. flutningsmanns, þá vil jeg þó að frv. þessu sje vísað til tollanefndarinnar, því að þingið á í þetta skipti að gera allt sem í þess valdi stendur, til að fá ekki einungis bót á hinum núverandi tekjuhalla, heldur einnig fje til bráðnauðsynlegra framfarafyrirtækja fyrir landið. Það má vel vera, að menn geti eigi orðið ásáttir um svo mikla innflutningstolla, sem þörf er á, og verði því að grípa til einhvers úr þessu frv. sem neyðarúrræðis í bráðina til að bjarga við fjárhagnum.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal eigi verða langorður, því að h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) hefir tekið ómakið af mjer, þar sem hann hefir stungið upp á að vísa þessu frumv. til tollanefndarinnar. En hvað því viðvíkur að útflutningsgjald af æðardún mundi nema svo litlu, að landssjóður mundi eigi mikið á því græða, þá er það að vísu satt, en einhvern tíma munu menn á þessu þingi láta sig muna um útgjöld, sem svari þessum tolli af æðardún, og hitt er einnig víst, að tekjustofn sá, sem þetta frv. fer fram á, er talsverður, og mun hann auðga landssjóð um 30 þúsundir króna.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með atkvæðafjölda, að vísa frumv. til tollanefndarinnar.

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af hrossum og sauðfje (C. 159); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Um þetta frv. er að nokkru leyti það sama að segja sem um hitt. Oss þingmönnum er kunnugt, að hrossasalan hefir sína kosti og ókosti; fyrir hana koma auðvitað miklir peningar inn í landið, en á hinn bóginn gerir hún líka mönnum mikinn óleik, þar sem hún hvetur menn til að halda við mikilli hrossaeign, sem stendur sauðfjárrækt vorri fyrir þrifum. Allir hljóta að játa, að það er miklu skynsamlegra að upp ala sauðfje en hross, og að mikið hrossahald fer mjög illa með beitilandið, og þar sem þessu er nú þannig varið, þá ættu þeir, sem hrossin halda, að gjalda landssjóði lítið eitt af arði þeirra, og snara út 2 krónum fyrir hvert það hross, sem þeir selja út úr landinu, því að betra er að landssjóður græði á hrossahaldi manna, en að það komi engum að liði. — Að því er snertir útflutningsgjald á sauðfjenaði, þá get jeg heldur eigi betur sjeð, en að sá útflutningur mætti rjena, því að hann er farinn að keyra svo fram úr hófi, að t. d. landbændur fyrir austan eru orðnir enn ver staddir með ýmsan arð af sauðfjenaði en vjer, sem með sjónum búum, svo að þeir jafnvel hafa komið til vor sjáfarbændanna og beðið oss um sauðskinn. Jeg vil leyfa mjer að halda, að hægt sje að nota fjeð og fá fullan arð af því án þess að flytja það af landi burt. Það sem okkur flutningsmönnunum hefir meðfram gengið til, að koma með þessi frumvörp, er það, að við viljum gjarna fá afnuminn ábúðar- og lausafjárskattinn; þó álítum vjer að svo stöddu eigi rjett að koma fram með tillögu um það, heldur mun heppilegast að tollnefndin komi með sjerstakt þar að lútandi frumv., ef hún skyldi komast að þeirri niðurstöðu, að landssjóður fengi svo ríflega aukning á tekjum sínum með tollum, að þessi skattur mætti missast, og þess vegna hefir okkur komið saman um, að vísa báðum þessum frumv. til tollanefndarinnar. — Jeg skal svo eigi orðlengja um þetta meir, en leyfi mjer að stinga upp á, að frumv. sje vísað til tollanefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að vísa frv. til tollanefndarinnar.

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um breyting á 42. gr. tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 161); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er eigi fram komið sökum þess, að 42. gr. sveitarstjórnarlaganna sje í sjálfu sjer svo óljós, heldur af því, að sum sveitarstjórnarvöld virðast hafa skilið hana fremur sjálfræðislega og eigi hirt um anda hennar. Reynslan hefir sýnt, að amtsráðin hafa viljað skilja greinina svo, sem sýslunefndum væri óheimilt að greiða úr sýslusjóði gjöld, sem eigi hafa verið lögákveðin, án samþykkis amtsráðanna, án þess þó þau kæmi í neinn bága við lögin, þótt þau að öðru leyti væri mikilsvarðandi fyrir sýslufjelögin, og til þess að koma í veg fyrir þennan skilning framvegis, er frumv. þetta fram komið. Jeg álít æskilegt, að sýslunefndirnar gætu orðið sem sjálfstæðastar og fengju að ráða sem mestu um mál sýslunnar; að því skapi, sem vald þeirra yrði aukið, mundi tilfinningin vaxa hjá þeim fyrir þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir, og þær mundu leitast við að vanda sem bezt starf sitt, þar sem aptur á hinn bóginn ósjálfstæðið hlýtur að deyfa ábyrgðartilfinninguna og sú tilhugsun, að amtsráðið geti eyðilagt allar gjörðir þeirra, veikir traust þeirra á sjálfum sjer og gerir þær skeytingarlausari í verkum sínum.

Landshöfðingi: Jeg verð að játa, að jeg skil eigi fullkomlega, í hverju breyting sú er fólgin, sem hjer er farið fram á. Aðalbreytingin virðist vera sú, að það ákvæði í 42. gr. sveitarstjórnartilskipunar-

innar, að amtsráðið geti mælt fyrir um, að greiða skuli gjald úr sýslusjóði án samþykkis sýslunefndar, er numið burtu; allt hitt stendur óhaggað. Uppástungumennirnir vilja, að eigi þurfi að leita samþykkis amtsráðs til greiðslu ólögboðinna gjalda úr sýslusjóði; en hvar er það fyrir skipað, að þess þurfi? Sje það meining uppástungumanna, að gjöra sýslunefndirnar alveg sjálfstæðar gagnvart amtsráðunum og óháðar eptirliti þeirra, þá hefðu þeir einnig átt að rýmka vald hreppsnefnda gagnvart sýslunefndunum í sama atriði, ef þeir vilja vera sjálfum sjer samkvæmir, þannig, að hreppsnefndir væru eigi háðar sýslunefndum í því, hvernig þær verðu sjóðum sínum. Jeg get eigi betur sjeð en að hjer sje ósamkvæmni. Hafi þetta verið tilgangur uppástungumanna, þá hefðu þeir þar á ofan átt að breyta 52. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, sem heimilar amtsráðinu að fella úr gildi ályktanir sýslunefnda um greiðslu ólögmætra útgjalda úr sýslusjóði, en þessi grein er ekki nefnd í frumv.

Hvað því viðvíkur, að amtsráðin hafi tekið fram fyrir hendurnar á sýslunefndum, þá þekki jeg fyrir mitt leyti eigi, að það tíðkist, að amtsráðin heimti af sýslunefndunum, að þær leiti samþykkis amtráðs, áður en þær greiða nokkurt gjald úr sýslusjóði, sem ekki er lögboðið, þó það varði sýslufjelagið sem sveitarfjelag. Jeg hef sjálfur setið að eins skamma stund í amtsráðinu; en jeg man heldur ekki til, að sýslunefndum hafi nokkru sinni verið neitað að borga útgjöld, nema þegar þau hafa legið fyrir utan verkahring sýslunefnda, enda er auðsætt, að engin sveitarstjórnarnefnd má greiða gjöld af hendi til annara mála en þeirra, sem sveitarfjelögin varða. Jeg get þess vegna af framangreindum ástæðum eigi fundið, að frumv. þetta hafi neina verulega nje þarflega breytingu á sveitarstjórnartilskipuninni í sjer fólgna.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Það getur verið, að frumv. sje ekki eins vel orðað eins og vera skyldi, og mætti víst auðveldlega laga það, ef mönnum þætti þess þörf. Þó get jeg ekki betur sjeð, en að það skiljist fullkomlega af frumv., að ekki þurfi að leita samþykkis amtsráðsins til að greiða úr sýslusjóði ýms gjöld, án þess að sýslunefndin þar með fari út fyrir þau takmörk, sem henni eru sett með tilliti til álögurjettar hennar á sýslufjelagið. Það er auðvitað, að sýslunefndirnar mega ekki ganga lengra en hinn lögákveðni álögurjettur heimilar þeim. Ef sýslunefnd ályktaði að greiða úr sýslusjóði ólögleg gjöld, sem miðuðu til stórskaða fyrir sýslufjelagið, þá mundi oddviti sýslunefndarinnar auðvitað grípa inn í og afstýra slíku. Jeg held að það sjeu einmitt skilningur amtsráðanna á 42. gr. í tilskipun um sveitarstjórn, sem hafi gefið tilefni til þess, að amtsráðin hafa álitið verkahring sýslunefnda annan en sýslunefndir álíta sjálfar. Menn vita til dæmis, að sýslunefnd hefur álitið sjer heimilt að ákveða fje handa manni, sem sendur var á kláðafund, en svo kom amtsráðið og sagði, að þetta væri heimildarlaust og ónýtti þannig ákvörðun nefndarinnar. Aptur veit jeg að landshöfðingi hefir stundum skilið lögin svo, sem sýslunefndir hefðu vald til að greiða slík gjöld úr sýslusjóði án samþykkis amtsráðs (sbr. landshöfðingjabrjef 13. júní 1879). Jeg vildi mega njóta aðstoðar hæstv. landshöfðingja til þess, að gjöra frumv. sem bezt úr garði. En jeg verð þó að ætla, að sú breyting, sem við förum hjer fram á, miði til bóta. Jeg vil ekki að amtsráðið blandi sjer inn í mál, sem það ekki er bært að dæma um eins vel og sýslunefndirnar. Að endingu skal jeg bæta því við, að jeg er alveg samdóma hæstv. landshöfðingja um, að sama regla eins og sú, sem við förum hjer fram á, eigi einnig að gilda í sambandinu milli hreppsnefnda og sýslunefndar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal játa, að jeg álít þetta frumv. ekki fram komið

að ástæðulausu, þó það máske sje ekki sem heppilegast orðað. Jeg hefi æfinlega haft þá skoðun og haldið því fram, að hver ætti að vera herra í sínu ríki; hreppsnefndin ætti að vera herra í sínu ríki, sýslunefndin herra í sínu ríki og amtsráð herra í sínu ríki. Hver ætti að hafa sem frjálsastar hendur í sínum verkahring. Jeg vil, að hver sá, sem um eitthvað hefir að fjalla, hafi þá meðvitund, að hann hafi ábyrgð á því, sem hann gjörir. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið nú, en vona að það fái að ganga til 2. umr. Vona jeg þá líka, að h. flutningsmaður íhugi málið betur þangað til það kemur fyrir næst, og bæti þá galla, sem nú eru á því.

Páll Briem: Í frumv. þessu kemur fram töluverð stefnubreyting frá því, sem áður hefir verið; það miðar til þess, að gjöra sýslunefndirnar óháðari en áður æðra valdi, þ. e. amtsráðunum. Þau ákvæði, sem nú gilda í þessu efni, hafa verið sett til þess að tryggja rjett manna í hjeraði, ef sýslunefndirnar skyldu hafa tilhneigingar til að brúka fje sýslubúa ráðlauslega. Menn geta allt af ímyndað sjer, að slíkt geti komið fyrir, ef eigingjarnir menn komast í sýslunefndir. Þeir gætu ákveðið sjálfum sjer og vildarmönnum sínum fje úr sýslusjóði. Af því þetta gæti komið fyrir, þá er það í sjálfu sjer góð hugsun, að amtsráðið hafi yfirumsjónarvald með sýslunefndunum og geti gripið inn í og tekið í strenginn þegar þörf gjörist. En hins vegar kemur þetta vald amtsráðsins ekki heppilega fyrir. Það, að amtsráðið getur gripið fram fyrir hendurnar á sýslunefndunum, hlýtur að vekja skort á þeirri ábyrgðartilfinningu, sem ómissandi er að sýslunefndirnar hafi. Þegar sýslunefnd ákveður eitthvað miður heppilega, þá getur hún æfinleg sagt sem svo: amtsráðið fjellst á þetta. Ábyrgðin er eins mikið hjá því eins og oss. Það er nú að vísu svo, því fer betur, að maður verður ekki var við, að sýslunefndir misbeiti valdi sínu, og því er ekki ástæða til að tortryggja þessar nefndir. Samt sem áður vil jeg, að höfð sje umsjón eða «kontrol» með þeim. En jeg vildi að umsjónin væri ekki hjá amtsráðinu, heldur þjá þeim, sem bezt þekkja til, en það eru kjósendurnir sjálfir. Þar sem sveitarstjórn fer bezt úr hendi, þar er kjósendunum gefið vald til að grípa fram í, og það með því, að kosningartíminn er hafður stuttur. Hjer eru sýslunefndarmenn kosnir til 6 ára í einu og eru allan þennan tíma óháðir kjósendum sínum. Jafnframt þessu frumv. vildi jeg helzt, að kjósendum væri gefið meira vald til að hafa áhrif á aðgjörðir sýslunefnda og hreppsnefnda; þetta ætti og mætti gjöra með því að stytta kosningartímann. Skal jeg svo ekki tala frekara um málið að sinni.

Grímur Thomsen: Af því frumv. þetta er í rauninni ekki nema ein grein, þá vona jeg að jeg megi fara dálítið út í þessa grein, þótt þetta sje að eins 1. umr. Mjer finnst grein þessi ekki vel ljós; þar stendur: «Án samþykkis sýslunefndar má ekkert gjald greiða úr sýslusjóði, nema lögákveðið sje; en heimilt er sýslunefnd án samþykkis amtsráðs að greiða úr sýslusjóði, *þó ekki sjeu lögákveðin gjöld*, ef þau ekki koma í bága við ákvæði laganna um álögurjett sýslunefndar á sýslufjelagið.» Þetta virðist mjer sama eins og ef sagt væri . . . »en heimilt er sýslunefnd án samþykkis amtsráðs að greiða úr sýslusjóði gjöld, ef þau eru lögákveðin.» En það er önnur grein, sem h. flutningsmenn hefðu þurft að breyta; það er 43. gr. sömu tilskipunar. Hún bendir til ályktana hreppsnefndanna samkvæmt 26. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar. Eptir þeirri grein má hreppsnefnd ekki leggja meira á hreppsbúa án samþykkis sýslunefndar en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama

hrepps að meðaltölum næstu 3 ár á und-an. Jeg get nú hugsað mjer, að það þyrfti einmitt að leggja meira á, en hjer er heimtað. Þetta yrði t. d. óhjákvæmilegt, ef sýslunefnd vill styrkja skólastofnun eða gufubátsferðir og fl. Jeg er ekki á móti því, að það sje frjálslegt, að sýslunefndir fái talsvert meiri ráð en nú, gagnvart amtsráðinu, en þá vil jeg líka, að hreppsnefndir fái meiri ráð gagnvart sýslunefndum en nú á sjer stað, og því vil jeg, að 43 gr. sje breytt líka.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli á því, sem h. þm. Snæfell. (P. Br.) drap á í ræðu sinni, að það tjáir ekki, að hreppsnefndir hafi ótakmarkað vald til að greiða fje úr hreppasjóðum og jafna því á hreppsbúa; það tjáir ekki að sýslunefndir hafi ótakmarkað vald til að greiða úr sýslusjóðum hver gjöld, sem þeir vilja og jafna þeim niður á sýslubúa, og það tjáir heldur ekki, að amtsráðið hafi ótakmarkað vald til að greiða fje úr jafnaðarsjóði og jafna því á amtsbúa. Af slíku ótakmörkuðu álöguvaldi gætu leitt óbærilegir skattar á landsmenn, miklu tilfinnanlegri en öll önnur gjöld til opinberra þarfa samanlögð. Þessvegna þarf að hafa umsjón með því, hvernig þessar nefndir beita valdi sínu, og þessi umsjón er ákveðin í sveitastjórnarlögunum 4. maí 1872. En flutningsmann og mig greinir á um skilning 42. gr. þessara laga, því jeg sje ekki að sýslunefndin þurfi samþykkis amtsráðsins til þess að greiða öll almenn lögmæt gjöld. Hins vegar er það sjálfsagt, að sýslunefndin má engin ólögmæt gjöld greiða, og á því er engin breyting gjörð í þessu frv. Í frv. stendur, að sýslunefnd skuli heimilt að greiða án samþykkis amtsráðs öll gjöld — *„ef þau ekki koma í bága við ákvæði laganna“* o. s. frv. Hver á eptir þessu að dæma um, hvort gjöldin koma í bága við ákvæði laganna? Það á amtsráðið sjálfsagt að gjöra. Þess vegna sje jeg ekki, að neitt verulegt sje unnið með þessu frumv.

Þórarinn Böðvarson: Jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. um það, að hvorki sýslunefndir nje aðrar nefndir megi hafa alveg ótakmarkað vald; það var alls ekki meiningin í orðum mínum. Jeg vil, að lögin tiltaki, hvað langt má fara í þessu sem öðru. En innan þeirra takmarka vil jeg að hver hafi sem frjálsastar hendur í sínum verkahring. Efni frumv. er, eins og jeg hefi áður tekið fram, þess vert, að það sje vel og vandlega íhugað. H. þm, Borgfirð. (Gr. Th.) tók fram ýmislegt, sem að gæti borið og sem menn kynnu að vilja styrkja, svo sem skólamál og gufuskipsmál, sem nú er á dagskrá; og er það alveg rjett. En að koma fram laga-ákvæðum um hvað einstakt, er fyrir getur komið að t. d. sýslunefndir vilji styrkja, er víst mjög torvelt. Að því er sjerstaklega snertir skóla, þá veit jeg ekki til, að að því hafi verið fundið, þó sýslunefndir hafi lagt fram nokkurt fje til þeirra stofnana. Þannig hefur sýslunefnd Árnesinga einu sinni lagt fram 1000 kr. til skólastofnunar, og Þingeyjarsýsla tekið 1200 kr. lán til skóla, Strandasýsla lagt fje til skóla. Sýslunefndir hafa ogsvo lagt fje til kvennaskóla, alstaðar þar sem þeir eru stofnaðir, allt að minni vitund óátalið.

Jeg þekki aðeins eitt dæmi þess, að fundið hefur verið að veitingu úr sýslusjóði til skóla; en sje það rjett, sem jeg hefi skýrt frá, þá get jeg eigi sjeð, að það hafi verið af því, að aukningin hafi þótt óheimil eptir tilsk. um sveitarstjórn, heldur af einhverjum öðrum orsökum. Það er margt, sem getur komið til skoðunar í þessu máli, og vil jeg, eins og jeg líka tók fram áðan, styðja að því, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er á sama máli og hæstv. landsh. um það, að frumv. þetta sje nokkuð óljóst, enda finnst mjer hjer vera farið nokkuð skammt, úr

því farið er á annað borð að stinga upp á breytingum á sveitastjórnartilskipuninni. Þegar svona umfangsmikil og merkileg lög eru tekin fyrir á þingi, þá vil jeg ekki og get ekki aðhyllzt breytingar á þeim, sem ekki eru annað en eintómt kák og koma fram í tómum smáskæklum. Jeg er samdóma h. þm. Snæf. (P. Br.) um það, að valatími sýslunefndarmanna sje of langur; þeir eru kosnir til 6 ára. Eins er í rauninni um kjörtíma hreppsnefndarmanna, það er of langur tími, bæði þegar litið er til kjósendanna; og eins þegar litið er til nefndarmanna sjálfra, því þegar allt er gjört fyrir ekkert, þá eru mestu vandræði opt og tíðum að fá nýta menn fyrir oddvita; það kemur því fyrir, að engir nema fávísir menn og vanhyggnir fást til að gegna oddvita-störfum. Það er stórkostlegt, þegar annað eins kemur fyrir eins og það, að hreppsnefndaroddviti reiknar sjer 70 kr. í ritföng um árið. Þetta hefur komið fyrir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og það ár eptir ár, í sama hrepp.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Jeg skal ekki tala langt í þetta sinn. Að því er snertir það álit þm. Borgf. (Gr. Th.), að rjettast hefði verið, að breyta einnig 43. gr. í sambandi við 26. gr, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi hugsað um það áður, en jeg hvarf þó frá því aptur. Mjer þykir mest um vert að sinni, að fá þessa breyting fram, sem hjer ræðir um. Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að hreppsnefndir, sýslunefndir og amtsráð gætu, ef umsjónina vantaði, lagt afarþungar byrðar á menn með sköttum, þá er jeg ekki svo hræddur um það; beztu menn úr sýslunni eru vanalega í sýslunefndinni, og þeir munu sannarlega heldur leggjast móti því en með, að afarþungir skattar verði lagðir á sýslufjelagið, nema um verulega hagsmuni sje að ræða. Vjer Íslendingar erum ekki svo mikið fyrir að láta leggja á oss skatta, að vjer förum að leggja á oss ópolandi skatta sjálfir. Það mun heldur bóla á því hjá oss, að vjer viljum hlífa oss við sköttum. Jeg er því ekki hræddur um, að þetta geti komið fyrir. En með því ýmislegt nýtt hefir fram komið í þessu máli undir umræðunum, þá vil jeg stinga upp á því, að kosin verði þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. í e. hl. — og í hana kosnir:

Sigurður Stefánsson	með 19	atkv.
Páll Briem	— 9	—
Þórarinn Böðvarsson	— 8	—

eptir hlutkesti milli hans og Þorláks Guðmundssonar.

— Var 1. umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um að bannaðar sjeu fiskveiðar með botnvörpum (C. 100, 163); — 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ásamt öðrum háttv. þingmanni leyft mjer að koma fram með litlar breytingar við frv. Þær miða til þess, að laga málið á frumv., og vona jeg, að h. þingdm. verði ekki á móti því.

Grímur Thomsen: Annar flutningsm. breytingartillaganna hefir tekið það fram, að þær miðuðu til þess að laga málið á frumv. Það getur vel verið, að þetta hafi tekizt. Mjer fyrir mitt leyti virðist samt heppilegra, að halda hinni nákvæmu skýringu í frumv. á orðinu «botnvörpur». Jeg veit líka, að það er siður hjá Englendingum og fleiri þjóðum, sem eru nákvæmar í lagasetningum sínum, að taka nákvæmlega fram, hvað meint er, ef óvanaleg orð koma fyrir í lögum þeirra. Þetta gera Englendingar einkum í lögum um atvinnumál, svo sem laxveiðar og aðrar fiskveiðar. Jeg sakna þess vegna lýsingarinnar á orðinu «botnvörpur» og álít það orð ekki nægilega skýrt með enska orðinu «trawl». Þar á móti er jeg alveg sampykkur háttv.

uppástungumönnum að því er snertir breytingartill. þeirra við fyrirsögn frumv.

Sigurður Stefánsson: Okkur uppástungumönnum þótti óviðkunnanleg þessi langa skýring á orðinu «botnvörpur» og settum því að eins enska orðið trawl í staðinn. Það orð skilja útlendingar, og fyrir þá eru þessi lög einkum gerð.

Jón Þórarinsson: Jeg ímyndaði mjer að h. þingd. verði á því, að samþykkja fyrri breytingartill. þá, að láta setja orðið *trawl* sem skýringu á orðinu botnvörpur eða láta veiðar með botnvörpum standa, en sleppa hinni löngu útlistun í stjórnarfrv. Þar á móti get jeg ekki fellt mig við breytinguna á fyrirsögninni. Jeg kann betur við fyrirsögn sjálfs frumv. en breytingartill. Orðið *botnvörpuveiðar* er eitthvað svo ópægilega líkt myndað og t. d. «þorskveiðar» eða «síldveiðar». Að minnsta kosti er þessi breyting ekki til batnaðar.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil minna h. þm., sem síðast talaði, á orð eins og *netaveiði*. Er það haft í þýðingunni: að veiða net? Ádráttarveiði — er það haft um að veiða ádrætti? Nei. Fyrirsögnin, eins og við viljum hafa hana, er miklu styttri og íslenzkulegri en fyrirsögn frumvarpsins.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. við 1. gr. samþ. með 18 atkv. 1. gr. með þess. breyt. samþ. í e. hl. 2. gr. samþ. í e. h. 2. breyttill. við fyrirsögnina, samþ. 17:1 Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Sjöundi fundur, miðvikudag 10. júlí. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um breyting á 42. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 1872 væri kosinn formaður Þórarinn Böðvarsson og skrifari Sigurður Stefánsson.

Forseti skýrði ennfremur frá því, að lagt hefði verið fram á lestrarsalnum:

«Tillaga sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um, að ýmsar jarðir þar í sýslu, er orðið hafa fyrir stórkostlegum skemmdum, verði að nýju metnar til dýrleika».

Frumv. til laga um þjóðjarðasölu, (C. 161), 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Frumv. þetta er h. þingdm. kunnugt frá því á þinginu 1887. Það kom þá fram hjer um bil í sömu mynd eins og nú, og var samþykkt með atkvæðafjölda hjer í deildinni, en fellt í Ed. Jeg hefi nú samt fundið ástæðu til, að koma fram aptur með málið. Ástæðurnar fyrir því er öllum auðsæar, og eigi hafa heyrzt neinar pær mótbárur, er geti hrakið það. Það fyrsta, sem gjöra verður þegar frumv. kemur inn á þingið, er það, að gjöra sjer ljóst, hvaða ástæður eru fyrir því máli, er það inniheldur. Þegar tekið er tillit til þessa, þá liggur næst, að athuga, hvort það sje óhagur fyrir landssjóð að selja þjóðjarðirnar, hvort þessi eign sje svo eptirsóknarverð, að landsstjórnin eigi ekki að gefa öðrum kost á, að fá hana keypta. Það mun nú orðið almennt álitið, að það sje ekki hagur fyrir þjóðfjelagið, að einstakir menn eigi mikið af jarðagóssi, og sízt getur það álitizt haganlegt, að landssjóður eigi fjórðapart af öllu jarðagóssi í landinu, eins og hann á nú, þegar kirkjueignirnar eru taldar með. Þá koma næst til skoðunar þeir agnúar, sem eru á þessari miklu þjóðeign. Það er vitanlegt, að landsstjórnin hefur talsverð umsvif fyrir þessari eign landssjóðs, einkum amtmennirnir, og þar við bætist, að landsstjórnin verður að hafa sjerstaka menn til að hafa umsjón með þjóðjörðunum, bæði með að byggja þær, heimta inn eptirgjöldin og sjá um, að samningum milli landssjóðs og leiguliða sje fylgt o. s. frv. Allur sá kostnaður, sem af þessu leiðir, sparast landssjóði alveg, ef jarðirnar verða seldar. En að losast við allan óþarfakostnað er beinlínis hagur fyrir landssjóð. Auk þess get-

ur misbrestur á því orðið opt og einatt, að eptirlitið sje í góðu lagi. Þannig ber margt til þess, að það sje ávinningur fyrir landssjóð, að selja þjóðeignirnar. Í fyrsta lagi sparast allur sá kostnaður, sem nú gengur til umboðsmanna, og í öðru lagi, þá eru peningar að því leyti vissari eign, en jarðagóss, að það getur naumast orðið eins snögg eða mikil lækkun á vöxtum af peningum eins og stundum á sjer stað með eptirgjald jarða, ýmist fyrir harðindi, skemmdir af völdum náttúrunnar, eða önnur ófyrirsjáanleg atvik. Eptirsókn eptir peningum er einlægt mikil, þar sem það aptur á móti stundum á sjer stað, að jarðir annaðhvort byggjast alls ekki eða þá með niðursettum leigumála; það er einnig svo, að þó ekki kunni að verða mikil eptirsókn eptir peningum um tíma, þá liggja þeir í sjóðum og skemmast ekki. Aptur á móti eyðileggjast jarðir meir og minna þegar enginn fæst til að búa á þeim. Að því er snertir landsmenn sjálfa, sem vilja fá jarðirnar keyptar, er það að segja, að aðaltilgangurinn með þjóðjarðasölunni er sá, að auka sjálfseign í landinu. Þó það hafi verið sagt, að með frumv. sem þessu væri engin trygging fyrir því, að sjálfseign mundi aukast í landinu, þá sannar reynslan hið gagnstæða. Það var sú tíð, að jarðeignir lentu margar í höndum einstakra manna, en nú eru þær orðnar meira dreifðar. Nú er það fullkomlega orðið undantekning, að menn raki að sjer jörðum. Þetta er líka mjög náttúrlegt. Að eiga jarðir í fjarska, hefir í för með sjer mikinn kostnað. Aptur á móti er það mjög eðlilegt, að hver maður, sem þess er megnugur, vilji eiga þá jörð, sem hann býr á. Það getur meira að segja verið rjett fyrir mann, sem ekki hefir full efni á að kaupa ábýlisjörð sína, að hleypa sjer í skuld til þess að geta eignazt hana, því þær umbætur, sem hann gjörir á henni, eru þá hans fulla eign. Ef hann aptur á ekki jörðina sjálfur, þá getur hann beðið stórskaða, þegar hann fer frá jörðinni. Hús og annað, sem hann hefir lagt mikinn kostnað í, fer þá fyrir lítið sem ekkert verð o. s. frv. Auk þessa er margur svo gerður, að honum þykir skemmtilegra að búa á sinni eigin eign. Viðvíkjandi því, hvort rjett sje að taka þjóðjarðasöluna fyrir svona almennt, eins og hjer er gjört, en ekki eins og hingað til einstakar jarðir eptir því, sem um er beðið, þá mun álit manna vera nokkuð mismunandi um það, hvort haganlegra sje. Eitt af því, sem mælir með því, að taka málið fyrir eins og hjer er gjört, er það, að þingið hefur ekki meiri fyrirhöfn fyrir þessu frumv, en fyrir einu af hinum mörgu frumv., sem koma inn á hvert þing um sölu einstakra þjóðjarða. En það er annað aðalatriði, sem hjer kemur til greina. Undir hinum núverandi kringumstæðum er þeim, sem falar ábýlisjörð sína til kaups, ómögulegt að vita fyrirfram, hvert verð verður sett á jörðina. En þegar almenn lög eru gefin um þjóðjarðasölu, getur sá, sem hugsar um að kaupa jörð, vitað nokkurn veginn fyrirfram, með hvaða kostum hann getur fengið jörðina og hvort hann getur gengið að þeim kostum. Eins og nú hagar til, veit hann ekkert um þetta. Allt er bundið við álit þeirrar nefndar, sem þingið setur í hvert skipti, og þessi nefnd er máske ekki æfinlega svo kunnug þeim jörðum, sem hún á að verðleggja. Hjer í frumv. er þó verðið miðað við nokkuð víst, þ. e. eptirgjald jarðarinnar. Mótbárur þær, sem fram hafa komið móti svona löguðu frumv., get jeg farið fljótt yfir. Á síðasta þingi var harðærið borið fyrir. Nú er það horfið og góðæri byrjað. Hugir manna eru farnir að vakna og er því einmitt nú tími til, að ráða þessu máli til lykta. Það er sjerstaklega ein mótbára, sem sýnist hafa meiri þýðingu. Það hefur sem sje þótt vafasamt, hvort heimilt væri eptir 23. gr. stjórnarskrárinnar að sam-

þykkja svona lagað frumv. En þar sem þetta er svo vafasöm spurning, og hæstv. landshöfðingi lagði ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði, að hann fyrir þá sök væri því mótfallinn, að mál þetta væri tekið til meðferðar á síðasta þingi, vona jeg að frá þeirri hlið verði ekkert því til fyrirstöðu, að málið nái fram að ganga hjer á þinginu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg játa það fúslega, að frumv. þetta er vel meint, en þó er jeg ekki alveg samdóma þeim, sem halda, að allir verði sjálfseignarbændur, er frumv. þetta er orðið að lögum. Jeg álít það líka minnstu skipta, hver á jörðina, ef hún á annað borð er vel setin. Jeg hefi sjálfur búið á tveimur jörðum og farið mjög svipað með þær báðar eins og jeg mundi hafa gert, ef jeg hefði átt þær. En það er annað, sem jeg hefi á móti þessu máli. Jeg vil ekki að bændur sjeu eins og neyddir til að kaupa ábýlisjarðir sínar sjer um megn. Það hefir opt komið fyrir, að bændur hafa keypt jarðir sjer um megn. Jeg veit nokkur dæmi til þess, að bændur hafa ráðizt í að kaupa jarðir, en afleiðingin orðið sú, að þeir hafa eigi getað búið til gagns á þeim af því, að þeir höfðu eigi nógan fjenað á jörðina. — Það er gott, að geta orðið laus við allan umboðskostnað og umsjón. Þetta var mikið rjett tekið fram, og fleira mælir með frumv. En jeg held, að það sje mjög torvelt, að búa til lög, sem geti átt við um aldur og æfi, eða fullnægt öllum þeim kröfum, sem geta komið fyrir í rás tímans. Vilji þingið líta á sóma sinn, þá verða slík lög að vera rækilega úr garði gerð og fullnægjandi, og slíkt verk er mikið vandaverk. Jeg skal ekki á þessu stigi málsins fara út í einstakar greinir; en þó vil jeg benda á fyrirkomulagið eins og ætlazt er til, að það verði, að því er greiðslu andvirðis jarðarinnar snertir. Kaupandi skal greiða strax $^1/_{10}$ af andvirðinu, en eptirstöðvarnar fær hann að láni í 28 ár móti 6 % vöxtum. Ef nú líða nokkur ár og kaupandi getur ekki borgað hina ákveðnu vexti, hvernig fer þá? Mjer virðist vanta meðal annars ákvæði um þetta. Jeg skil svo, sem jörðin sje í veði hjá landssjóði fyrir láninu, eptirstöðvunum af andvirðinu. Hvaðan á bóndi þá að fá peninga til þess að greiða með vextina og afborgun? Úr landsbankanum fær hann þá ekki. Jörðin er veðsett landssjóði. Hvaðan geta honum þá komið peningar eins og ástandið er nú? Það er sjálfsagt, að verði þetta frumv. gert að lögum á þinginu og hljóti síðan staðfestingu konungs, þá sparast umræðurnar um þetta mál framvegis. En jeg vil þó að síðustu vekja athygli háttv. þingdeildarmanna að því, að fæstar jarðir, sem óskað hefir verið eptir til kaups, hafa verið keyptar, þegar þing og stjórn hafa verið búin að samþykkja kaupin.

Páll Briem: Jeg vil mæla sem bezt með frumv. því, sem nú liggur fyrir. Mín skoðun á þessu máli er þvert á móti skoðun háttv. 1. þm. Kjós. og Gullbrs. (Þ. B.). Jeg álít einmitt, að það skipti miklu, hver jörðina á. Í mínu kjördæmi stafar sumstaðar örbirgð manna einmitt af því og engu öðru, að svo fáir búa þar á sjálfs síns eign. Landssjóður eða kirkjan á þar nálega hverja einustu jörð. Þegar öll afgjöld af jörðum og tilheyrandi kúgildum ganga út úr sveitinni, þá er ástandið ekki glæsilegt. Jeg skal að vísu ekki segja, að þetta frumv. hafi svo fljótt áhrif á hag manna, þótt það verði að lögum, sem jeg vona fastlega. En lög í þessa átt munu með tímanum geta sett mitt kjördæmi á borð með öðrum hjeruðum landsins. Þau mundu verða til þess, að auka stórum sjálfseign í landinu, eins og sala stólsjarðanna gerði þegar fram liðu stundir. Fyrir sakir sölu stólsjarðanna hefir sjálfseign stórum aukizt í Skagafirði t. d. Jeg get nefnt Viðvíkursveit. Þar býr hver einasti bóndi á sjálfs síns eign. En þar voru

áður nær eingöngu stólsjarðir. Þetta verða hinar heppilegu afleiðingar þessa frumv., auk þess sem ýmsir vafningar og umsvif takast af þinginu. Nú er söluverð jarðanna líka í hvert skipti komið undir áliti þingmanna í það og það skiptið, og er slíkt mjög óheppilegt, einkum þar sem vel getur verið, að þeir, sem ráða verði jarðar, sjeu ekki vel kunnugir málinu. Aptur er í þessu frumv. tekið fram, eptir hverju skuli fara, þegar meta skal söluverð jarðar. Verði frumv. þetta að lögum, hlýtur það að verða til mikilla hagsmuna fyrir landsmenn, og landssjóður getur eng an halla af því beðið.

Þorlákur Guðmundsson: H. flutningsmaður (Ól. Br.) tók ljóslega og skipulega fram ástæðurnar fyrir þessu frumv., og get jeg ekki annað en gefið því eindregið meðmæli mín. Það er auðvitað, að það geta verið deildar skoðanir um þetta mál, eins og önnur; en jeg held, að það komi ljósara og ljósara fram vandkvæðin, sem á því eru fyrir landssjóð, að eiga allar þessar fasteignir. Þetta hefir reynslan sýnt, einkum á síðari árum, síðan lögin um bygging og ábúð jarða komu út. Síðan hafa komið einlægar umkvartanir um, að jarðirnar hafi gengið úr sjer, og einlægar bænir um, að eptirgjaldið yrði sett niður. Það hefir lengi verið siður, þar sem hið opinbera hefir átt í hlut, að fara eins langt og hægt hefir verið að komast með að heimta uppbætur og skaðabætur úr landssjóði. Halda menn ekki, að það hefði verið hagur fyrir landssjóðinn, ef búið hefði verið fyrir 20 árum síðan, að selja þjóðjarðirnar í Arnarstapa-umboði fyrir vestan? Það hefir verið borið fram, sem ástæða móti frumv., að þær jarðir hefðu ekki verið keyptar, sem búið væri að samþykkja að selja. Þetta er *engin* ástæða. Það, að ekki hafa selzt allar þessar jarðir, stafar mestmegnis af hinu undanfarna harða árferði. Þetta tók h. flutningsm. (Ól. Br.) líka fram. Nú er árferðið betra, og vonandi, að góðærið haldist lengi. Þetta og annað eins eru þó ástæður, sem hverfa; þær liggja undir áhrifum tímans og árferðisins. H. 1. þm. G.- K. (Þ. B.) tók það fram, að frumv. þetta mundi ekki gera menn almennt að sjálfseignarbændum. Jeg held nú einmitt þvert á móti. Jeg veit líka, að hann sem prestur muni einhvern tíma hafa haft það fyrir texta í prjedikunarstólnum, að «leiguliðinn flýr, af því að hann er leiguliði» og þessi orð má sannarlega heimfæra upp á veraldleg sem andleg efni.

Þorleifur Jónsson: Jeg er að öllu leyti samþykkur meðmælendum þessa frv. og þarf ekki að taka upp ástæðurnar með því. En það er ein spurning, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) kom með í ræðu sinni, og jeg vildi svara með örfáum orðum. Hann spurði, hvernig ætti að fara að, ef kaupandi gæti ekki borgað hina árlegu vexti og afborgun 6% af hinum $^9/_{10}$ af andvirði jarðarinnar sem hann fær lánað. Skildist mjer hann ætla, að jörðin mundi þá ef til vill ganga úr eign kaupanda og yrði enda aptur eign landssjóðs, svo að þetta yrði ekki til að auka sjálfsábúð í landinu. Það er auðvitað, að landsstjórnin á aðgang að jörðinni, ef kaupandi ekki getur borgað, enda er jörðin í veði fyrir þessum $^9/_{10}$ af andvirðinu og vöxtum af þessari upphæð árlega. En það er aðgætandi, að þessar 6% er litlu meiri en afgjaldið, og ef bóndinn getur borgað afgjaldið, þá eru miklar líkur til, að hann líka geti borgað þessa árlegu afborgun og vexti, svo að það muni að eins verða undantekningar, að kaupendur geti ekki staðið í skilum, og jeg ber engan kvíðboga fyrir því, að bændur muni ekki almenn, geta uppfyllt þessa skilmála og sjálfsábúð aukist stórum í landinu, til ómetanlegra framfara fyrir landbúnaðinn, ef frumvarp þetta verður að lögum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. tit laga um tollgreiðslu (C. 162); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það er sama að segja um þetta frv. sem það, er seinast var rætt, að það var frumv. líkt þessu fyrir síðasta þingi. Aðalástæðan fyrir þessu frumv. og því, sem rætt var á síðasta þingi, er sú, að það þykir hart, að láta kaupmenn þurfa að borga allan toll af aðfluttum vörum fyrir fram, því þó að einstakir peningamenn geti það, þá eru aðrir smærri kaupmenn, sem að mestu verzla með lánsfje; þeim hlýtur að vera það mjög erfitt, að greiða allan tollinn út í hönd, um leið og þeir taka við vörunum. Það vill nú svo óhappalega til, að hjer sitja engir kaupmenn á þingi, og er þetta leitt, bæði fyrir þá sök, að það er enginn til að halda uppi rjetti kaupmannastjettarinnar, og eins af því, að það vantar verzlunarfróðan mann til að gefa upplýsingar um ýms þau mál, er snerta verzlun landsins eða varða kaupmannastjettina sjerstaklega. Jeg treysti því samt, að h. þingd. vilji ekki sýna þessari stjett neina ósanngirni eða láta kaupmenn sæta harðari kostum í tilliti til tollgreiðslunnar en nauðsyn krefur, til þess að framkvæmd tolllaganna geti farið í góðu lagi. En það er ósanngjarnt, að heimta allan toll útborgaðan í einu fyrir fram, áður en búið er að selja neitt af hinum tollskyldu vörum, og kemur þessi ákvörðun auk þess harðast niður á smákaupmönnum. Þær verzlanir, sem hafa viðskiptamenn í Kaupmannahöfn, er þær geta gefið ávísanir upp á, fá þó í rauninni allt að 3 mánaða borgunarfrest, þ. e. frá því að ávísunin er gefin út hjer á landi þangað til hún kemur til útborgunar; þeir aptur á móti, sem ekki geta gefið slíkar ávísanir, verða að borga tollinn út í hönd í peningum. Þessi ósanngirni og erfiðleikar hafa verið miklir, en ósanngirnin og erfiðleikarnir verða enn meiri þegar tollarnir hækka og hinar tollskyldu vörur fjölga. Allir þeir, sem vilja vera með hækkun og fjölgun tolla, verða líka að mínu áliti að vera með þessu frumv., því að auk þess sem það er óeðlilegt í sjálfu sjer, að kaupmenn sæti harðari kjörum við greiðslu tollsins en þörf er á, svo getur og ekki hjá því farið, að allir erfiðleikar, er kaupmenn eiga að sæta, komi fram í viðskiptum þeirra við landsmenn, verði á vörum o. s. frv. Þannig bitnar ósanngirnin á viðskiptamönnunum. Jeg get heldur ekki sjeð, að það geti verið nein hætta fyrir landssjóð að veita frest með nokkuð af tollgjaldinu; þetta á sjer hvert sem er stað nú í framkvæmdinni, þegar ávísanir eru gefnar til Kaupmannahafnar, eins og jeg sagði áðan; þeir sem senda ávísanir fá frest með greiðslu á tollinum meðan ávísanirnar eru á leiðinni. Þessi ívilnun er að vísu á ábyrgð tollheimtumannsins, því lögin skylda ekki kaupmenn til að setja neitt veð. Þegar frumv. þetta er borið saman við frumv. um sama efni á síðasta þingi, þá er auðsjeð, að hjer er talsverð breyting frá því frumv. Frumv. þetta fer ekki eins langt eins og hitt, og því er jeg ekki eins vel ánægður með það af því mjer finnst ívilnunin vera of lítið.

Í fyrra frumv. var gefinn frestur á öllum tollinum, en nú að eins með hann hálfan. Þá var frestur inn 6 mánuðir. Nú er hann bundinn við 3 mánuði. Þá var líka ráðgjört, að afhenda mætti hinar tollskyldu vörur smátt og smátt, en nú skal ekki afhenda þær nema í einu lagi þegar kaupmaður vill fá umráð yfir þeim, og á hann þá að greiða af þeim allan tollinn. Þetta miðar til þess að gjöra eptirlitið hægra og öll reikningsskil greiðari. Jeg skal játa það, að þó frumv. þetta verði að lögum, þá er ekki mikið unnið með þeim fyrir stórkaupmenn; en þá er ívilnunin einkum gerð fyrir smákaupmennina, sem ekki geta gefið ávísanir og ekki hafa mikil peningaráð.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi (C. 163); 1. umr.

Flutningsmaður (*Grímur Thomsen*): Mál þetta er gamalt hjer á þingi. Árið 1879 kom fyrir þingið frumv. þessa efnis og var það samþykkt hjer í neðri deild, en varð eigi útrætt í efri deild. Árið 1877 komu 3 frv. fyrir þingið um búsetu kaupmanna; eitt þeirra var samþykkt bæði í efri og neðri deild, en stjórnin synjaði því staðfestingar; frumv. þetta fór fram á, að öllum þeim kaupmönnum, sem búsettir væru hjer á landi, skyldi heimilt, að reka smásölu hvar sem þeir vildu við strendur landsins, en hinir aðrir, er eigi væru búsettir, skyldu vera útilokaðir frá þeim rjettindum. En þar eð stjórnin synjaði frumv. þessu, þá var á næsta þingi komið fram með frv. samhljóða því sem nú liggur fyrir h. þingdeild; í neðri deild hafði enginn á móti því, en einungis einn eða tveir í efri deild voru því mótstaðir, sökum þess að þeim fannst ósanngjarnt, að banna þeim kaupmönnum smásölu, sem rekið hefðu að undanförnu verzlun hjer á landi og þannig svipta þá þeim rjettindum, sem þeir hefðu áður notið. En þessi ástæða þarf eigi nú að verða frv. að falli, því að vjer flutningsm. þess erum fúsir á, að laga frv. þannig, að rjetti þeirra kaupmanna verði borgið, sem nú reka hjer verzlun og eigi eru búsettir hjer á landi. En þó verð jeg að gjöra þá athugasemd, að sumir þeir kaupmenn, sem reka fasta verzlun hjer við land og eigi eru búsettir hjer, eru stórkaupmenn búsettir í Danmörku; af þessum mönnum hafa 3 verzlun hjer í Reykjavík og 2 eða 3 fyrir norðan; eptir lögum þeim, sem gilda í Danmörku, mega þeir eigi reka þar smáverzlun, svo að þeir þannig njóta hjer meiri rjettar, þótt eigi sjeu þeir búsettir, en í Danmörku, þar sem þeir eiga heima. Hjer við bætist og, að landsmenn gætu átt hægt með að verzla við þessa stórkaupmenn, þótt frumv. þetta yrði að lögum, því að þöntunarfjelögum fjölgar nú óðum í landinu og ætti þá kaupmönnum erlendis að vera innan handar að komast í samband við þau fyrir milligöngu erindreka þeirra, eins og nú á sjer stað með stórkaupmenn á Englandi. Enn fremur gætu hjer myndast vörusöfn (Oplag) og væri enginn hætta á, að vörurnar gengju eigi út, því að upphæð sú, sem frv. leyfir að verzla með, er eigi hærri en svo, að margir bændur mundu geta tekið út vöru sína, t. d. kornvöru, í slíkum vörusöfnum.

Landshöfðingi: Af því að frv. þetta er hjer til 1. umræðu, þá skal jeg eigi fara út í hinar einstöku greinir þess, heldur einungis spyrja h. flutningsmann (Gr. Th.), hvort honum virðist sanngjarnt, að þeir kaupmenn, sem að eins borga einar 100 krónur á ári, og eru öðru að leyti undanþegnir öllum sköttum og skyldum, hafi leyfi til, að verzla eptir vild sinni alstaðar við strendur landsins og í hversu smáum skömmtum sem þeim lízt; að þessum mönnum sjeu veitt meiri hlunnindi, en hinum, sem hafa hjer fastar verzlanir og gjalda tekjuskatt og húsaskatt til landssjóðs og önnur gjöld til almennra þarfa. Ennfremur áliti jeg það mjög óheppilegt, ef kaupmenn sem hafa keypt leyfisbrjef til verzlunar samkvæmt núgildandi lögum, eiga hjer fastar verzlanir og hafa lagt mikið fje í sölurnar til húsabygginga og annars fleira, yrðu neyddir til að gjöra sjer allar þessar eignir ónýtar; en þessari mótbáru er að nokkru leyti áður svarað, af h. þm. Borgf. (Gr. Th.), þar sem hann gat þess, að hann og hinir aðrir flutningsmenn þessa frumv. væru fúsir á að koma með viðauka við það, sem heimilaði þeim fastakaupmönnum, sem nú rækju hjer verzlan, sömu kjör og að undanförnu. En

þótt jeg álíti þetta talsverða bót í máli, þá get jeg þó eigi sjeð, að það sje jafnrjetti, að þröngva kosti hinna föstu kaupmanna, en láta lausakaupmenn halda öllum sínum rjettindum óbreyttum.

Þorleifur Jónsson: Þetta er skylt málinu um búsetu fastakaupmanna, sem áður hefir verið rætt hjer á þingi; það mál er nú á dagskrá hjá þjóðinni, og er það eitt af þeim málum, sem almennur þjóðfundur á Þingvöllum í fyrra sumar skoraði á alþingi, að taka til meðferðar og semja lög um. Þar sem nú þetta er eitt af áhugamálum þjóðarinnar, og mjer er kunnugt, að sumir h. þingdm. vilja fara lengra en frv. þetta gjörir, sem hjer liggur fyrir, þá vil jeg stinga upp á, að kosin sje 3. manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR: 3 manna nefnd samþ. í e. h. og í hana kosnir:

Grímur Thomsen	með 17 atkv.
Sigurður Stefánsson	— 10 —
Þorleifur Jónsson	— 9 —

Frumv. til laga um brúargjörð á Ölvesá og Þjórsá (C. 167); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Eins og kunnugt mun vera, komum við flutningsmenn þessa frv. á þinginu 1887 fram með breyting í líka stefnu og hjer er farið fram á; en sökum þess, að þá var komið nærri þinglokum og tvísýnt var, hvort brúarmálið næði fram að ganga, ef breyt.till. okkar yrðu samþykktar, þá tókum við þær fúslega aptur, því við höfðum báðir viljað, að Ölvesá væri brúuð og síðan Þjórsá. Ef vjer lítum til annara þjóða, þá sjáum vjer, að það er gamall og nýr siður hjá þeim, að tolla stórvirki annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis. Jeg vil taka til dæmis, að það mundi kynlegt þykja, ef menn kæmust kauplaust á járnbrautum þangað, sem þeir vildu, og þess ber vel að gæta, að fyrir okkur, sem erum fátæk og efnalítil þjóð, er það eins mikið fyrirtæki að setja brýr yfir stórár sem fyrir aðrar þjóðir að grafa Súez- og Panamaskurðina. Þess konar stórvirki getum vjer eigi ráðizt í nema því að eins, að vjer setjum toll á þau. Aptur á móti hljóta samgöngur og vegir að vera ótollaðir. Hjer er um stórvirki að ræða og er nauðsynlegt, að taka einhverja meginreglu, sem þingið geti fylgt framvegis, þegar samskonar málefni bera að höndum. Jeg vil fúslega játa, að þetta mál er hið mesta nauðsynjamál, og sorglegt, að það skuli eigi vera komið lengra áleiðis en orðið er, þrátt fyrir þrábeiðni þeirra heiðursmanna, sem hlut eiga að máli. En svo að jeg snúi mjer að tolli þeim, sem frumv. fer fram á, þá get jeg eigi ímyndað mjer, að hann mundi skerða að nokkrum mun þann óumræðilega hag, sem almenningur mundi hafa af brúun Ölvesár og Þjórsár, enda eru ákvæði frv. um þetta atriði mjög vægileg, þar sem sýslunefndunum er gefinn kostur á, að láta álit sitt í ljósi um upphæð tollsins. Það hefir vakað fyrir okkur flutningsm., að fleiri ár þurfi að brúa en Ölvesá og Þjórsá, og þess vegna sje nauðsynlegt, að taka í tíma einhverja meginreglu, og nú vil jeg því spyrja, hvenær landssjóður eigi að láta úti stórfje, án þess að óska eptir nokkru í stað þess, sem út er látið? Jeg hygg, að það eigi hann aldrei að gjöra, nema þegar svo mikil arðsvon er af einhverju fyrirtæki fyrir búnað landsins, að fyrirsjáanlegt er, að landssjóður græði á því stórfje. En hjer er ei því að sæta, því þótt brýr á þessum ám sje mjög mikið hagræði fyrir sveitirnar eystra, þá efast jeg mikillega um, að búnaður þeirra og gjöld til landssjóðs hlaupi mjög upp fyrir það; jeg álít því að tollur eigi við á slíkum fyrirtækjum sem þessu, og þess ber að gæta, að það eru eigi bændur einir í Árnes- og Rangárvallasýslum, sem þessi tollur leggst á, heldur og aðrir, sem yfir brýrnar fara, svo sem ýmsir stórauðugir útlendingar með fjölda hesta og föruneytis

og þætti mjer það sannarlega of ríkmannlegt af oss, ef vjer vildum eigi þiggja nokkrar krónur af slíkum herrum. Hingað til hefur eigi verið um annað talað, en að brúa Ölvesá, en við hyggjum rjett vera að brúa Þjórsá um leið, því við það mundi sparast tálsverður kostnaður. — Nú eru komin út lög frá 3. maí þ. á. um brúargjörð á Ölvesá; í lögum þessum er svo ákveðið, að landssjóður borgi $^4/_6$ brúarverðsins; en eitt af því, sem í landssjóð rennur, er tíund af fasteign og lausafje, og hvað viðvíkur hinum $^2/_6$ andvirðisins þá skal $^1/_6$ þess borgast af hlutaðeigandi sýslum og að síðustu $^1/_6$ af jafnaðarsjóði suðuramtsins, eða með öðrum orðum að $^2/_6$ verðsins eiga að borgast eingöngu af fasteign og lausafje og $^4/_6$ að nokkru leyti. Það er þetta lausafje, þessi óáreiðanlegi gjaldstofn, sem verður fyrir höggunum, og álít jeg ranglátt að íþyngja honum með margföldum sköttum. Til þess nú að forðast þetta vildi jeg, að það yrði gjört að meginreglu framvegis, að leggja brúartoll á allar stórár landsins, um leið og þær væru brúaðar, en brúa aptur á móti allar minni ár tolllaust fyrir landssjóðspeninga. Jeg hef áður tekið það fram, að brýr á stórám landsins væri óumræðilegur ávinningur, þótt gjalda þurfi toll af þeim, og jeg verð að segja um þann toll, sem hjer er um að ræða, að jeg hef talað við marga um hann austan úr sveitum og hefur enginn þeirra haft á móti honum. Hið eina, sem hægt væri að koma fram með móti tollinum, er það, að vera kynni, að tollgreiðslan yrði dýr, en jeg ímynda mjer að hægt sje, að koma henni svo fyrir, að hún yrði eigi mjög kostnaðarsöm; þannig mætti t. d. hafa brúna opna að eins part úr degi og þegar menn vissu það þá þyrfti slíkt eigi að koma þeim að baga. Jeg minntist á, að brúarkostnaðurinn kæmi 3 sinnum niður á lausafjenu; þá gleymdi jeg að geta þess, að lausafje er eigi einungis kýr, hestar og kindur, heldur einnig áttæringar, sexæringar, fjögramannaför og bátar, og þennan gjaldstofn get jeg eigi skoðað færan um að bera allt það, sem á hann er hlaðið, og eigi eðlilegt, að leggja á hann þessa byrði. Jeg skal svo eigi að sinni fara fleiri orðum um mál þetta, en fel það af alhuga velvild hinnar h. deildar og óska að hún taki hjer rjett í strenginn og hugsi málið vandlega. Nefnd álít jeg eigi nauðsynlegt að setja í málið, en óska að eins, að frv. verði vísað til 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg er samdóma h. flutnm. (Þ. B. og J. Þ.) um það, að nauðsyn beri til að brúa Þjórsá, og get jafnframt lýst því yfir, að brúargerðin er óhugsandi án mikils styrks úr landssjóði; en þrátt fyrir þetta get jeg þó ekki verið með þessu frumvarpi. Hagur landssjóðs er, eins og kunnugt er, í mjög bágu ástandi, og því eigi tiltækilegt að svo stöddu, eða fyr en tekjurnar aukast aptur, að ráðast í slík stórvirki og þetta; honum kunna reyndar að bætast nýjar tekjur með lögum frá þessu þingi, en um það er ekkert auðið að segja enn sem komið er, eða fyr en sjest, hvernig þingið tekur í tollfrv. þau, er nú liggja fyrir því; jeg sje að flutnm. játa þetta, því að þeir gera ráð fyrir, að landssjóður taki lán til framkvæmda brúargerðinni; en því er jeg algerlega mótfallinn; allar slíkar lántökur verða til þess, að ljetta byrðum á núlifandi kynslóð og kasta þeim á eptirkomandi kynslóðir, sem er mjög háskalegt. Það eina, sem getur mælt með því, að láta brúna á Þjórsá verða samferða brúnni á Ölvesá, er, að kostnaðurinn muni verða minni en ef brýrnar eru gerðar sín á hverjum tíma, en það er óvíst, að sá kostnaðarsparnaður nemi eins miklu, hvað þá meiru, en vextir af láni, ef lán þarf að taka.

Viðvíkjandi brúartollinum get jeg held-

ur eigi verið samdóma h. flutnm. og vil fyrir mitt leyti helzt engan toll hafa á brúnum; það er mjög vafasamt, hvað hefðist upp úr brúartollinum fram yfir það, sem til er kostað, einnig veldur tollurinn töf fyrir yfirfarendur, og þeir eiga mjög óhægt með að vera útbúnir með peninga í hvert skipti, til að gjalda þessar smáupphæðir; þar að auki virðist mjer með öllu ógerlegt að hafa brýrnar ekki opnar nema einu sinni á dag, eins og h. flutningsm. var að tala um, því það mundi verða til að teppa samgöngurnar, og hindra full not brúnna, en að öðru leyti virðist mjer mega bíða ákvæði um það, hvort toll skuli á brýrnar leggja eður eigi, þangað til nákvæmara verður ákveðið um viðhaldskostnaðinn.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að ef þetta frv. yrði að lögum, gæti það orðið mjög óþægilegt fyrir stjórnina, þar sem hún hefir byggt á því sem sjálfsögðu, að lögin um brú á Ölvesá mundu standa óhögguð, og því gert samning við mann um brúargerð á Ölvesá. Ef nú þetta frv. öðlast lagagildi, þá falla lögin um brúargerð á Ölvesá úr gildi, og þá fellur einnig samningur þessi úr gildi, en þar af leiðandi yrði manninum að greiðast skaðabætur. Á þingi 1887 mælti jeg á móti brúartolli og er enn á sama máli; h. flutnm. tók fram, að hann hefði átt tal við marga menn austan að sem hefðu álitið brúatoll ekki óhaganlegan; jeg játa það, að jeg hefi ekki átt tal við marga austanmenn, en þeir fáu, sem jeg hefi átt tal við um þetta efni, hafa sagt, að þeir vildu heldur enga brú en brú með tolli. Sjerstaklega er þess að gæta um Þjórsá, að brúarstæðið er langt frá alfaravegi. Þegar nú yrði lagður tollur á brýrnar, sem samsvaraði vöxtum af 120,000 kr., auk alls kostnaðarins við innheimtu brúartollsins, þá mundi afleiðingin af því verða sú, að enginn færi yfir á brúnni uppi hjá Þjótanda, sem gæti komizt yfir ána á ferjustöðunum niður frá, Nesi eða Sandhólaferju, og því færri, sem færu yfir brúna, því hærri yrði tollurinn að vera, og því minni er von um afrakstur; afleiðingin af brúartollinum yrði þannig sú, að brúin yrði að eins notuð þegar óferjandi væri. — Þessu er reyndar nokkuð öðruvísi varið með Ölvesá, því þar verður brúin á alfaravegi, en þó eru þar góðir ferjustaðir nálægt, og mundu þeir verða notaðir meðfram, ef brúartollurinn yrði hár; brúin yrði einkum notuð haust og vor. Það er einnig miklum vanda bundið, að ákveða upphæð brúartollsins, því til þess verður umferðin að vera kunn, og svo kemur þar einnig til athugunar, hvað umferðin minnkar við brúartoll, einkum á Þjórsá.

Jeg er samdóma h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) um það, að mjög ísjávert sje að taka lán, enda er mjög vafasamt, hvort það er samrýmilegt við 23. gr. stjórnarskrárinnar, að veita leyfi til lántöku með þannig löguðu lagaboði, auk þess sem það er mjög ísjárvert fyrir landssjóðinn, að safna skuldum, og eru líkindi til, að ráðstafanir, sem gerðu það nauðsynlegt, yrðu ekki vinsælar.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg get ekki verið samdóma h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) um, að landssjóði sje það ofvaxið, sem frumvarpið fer fram á, því hjer er eigi um eiginleg útgjöld að ræða, heldur er samkvæmt frv. fje landssjóðs sett á vöxtu, þar sem hann á að fá fulla vöxtu af fjenu um aldur og æfi, og það hygg jeg landssjóði fært. En jeg get heldur ekki verið samdóma h. flutnm.; jeg hefi nú reyndar ekki talað við neinn mann, er heima á fyrir austan Þjórsá, um þetta mál, eins og h. flm. og hæstv. landsh., en mjer finnst það ekki þurfa; því ávallt, er talað hefir verið um brúargerðir á Þjórsá og Ölvesá, hafa hjeruð þau, er hlut eiga að, látið það í ljósi, að þau vildi eigi leggja til þess nema að eins lítinn hluta,

en að landssjóður kostaði það að mestu leyti. Menn mega muna, hvernig það var á síðasta þingi, þá er ræða var um brú á Ölvesá. En yrði þetta frv. að lögum, þá eru hlutaðeigandi hjeruð um leið skylduð til að greiða vöxtu af höfuðstólnum um aldur og æfi, auk kostnaðar við umsjón þeirra, er hlyti að verða mjög mikill, því mjer virðist sjálfsagt að hafa brýrnar opnar dag og nótt.

H. flutnm. kvað það eðlilegt og rjett, að brýr væru tollaðar en ekki vegir almennt. Það get jeg ómögulega skilið, hvernig önnur regla á að gilda um vegi en um brýr, þar sem landssjóður á að kosta hvorutveggja. Jeg skil ekki h. flm., þegar hann er að tala um, hvað mikið leggist á lausafjeð og taldi það áreiðanlegan gjaldstofn, en í gær eða fyrra dag taldi hann lausafje mjög óáreiðanlegan gjaldstofn. Þá er hann kom fram með frv. um, að leggja toll á ull, tólg o. fl.

Að endingu vil jeg helzt óska þess, að frv. sje fellt frá 2. umræðu.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg yrði mörgu að svara, ef jeg ætti að svara öllum þeim mótbárum og athugasemdum, sem komið hafa fram gegn frv. þessu. En slíkt mun jeg leiða hjá mjer, enda flest á litlu byggt, en að eins fara fám orðum um helztu mótbárur h. ræðumanna, og taka þær í þeirri röð, er þær komu fram í.

Sný jeg þá fyrst máli mínu að h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.); hann talaði um að það væri byrðarauki fyrir landssjóð að taka lán til brúargjörðar. Jeg játa það satt að vera. En getur h. þm. búizt við, að vjer munum koma mörgum stórfyrirtækjum í verk, nema því að eins, að vjer jafnframt aukum byrði landssjóðs? Auk þess fer frv. þetta ekki fram á annað, en að landssjóður sje skrifaður fyrir skuld, sem hann fær að minnsta kosti sína árlegu vexti af, og jafnvel borgun upp í höfuðstólinn að auki. H. þm. var að tala um töf þá, sem verða mundi að því fyrir ferðamenn, ef brýrnar væru tollaðar; en jeg skil sízt í því að hún geti orðið jafnmikil og sú töf, sem nú er við að spretta af hestum við ferjustaðina, sundleggja þá og leggja síðan á þá aptur. Að vísu stendur það ekki í frv., en drepið hefir verið á það, að ef eptirlitið með brúnum þætti kostnaðarsamt, þá mundi ekki nauðsynlegt, að hafa stöðugt mann til gæzlu við brúna, heldur að eins á ákveðnum tímum dagsins, því að yfir höfuð er mönnum hægt að haga þannig ferðum sínum, að þeir komi nokkurn veginn á tilteknum tíma til brúnna, og það jafnvel þótt þeir komi úr austan Skaptafellssýslu.

Þá gat h. þm. þess síðast í ræðu sinni, að ekki ætti að ákveða nú þegar um brúartoll; það mætti gjöra það síðar, ef svo sýndist. Í tilefni af þessu ætla jeg að leyfa mjer að koma með þann spádóm, eða að minnsta kosti láta í ljósi þá von, að slík stórvirki sem þetta verði síðar meir tollud. Við flutningsmennirnir blygðumst okkar alls ekki fyrir að hafa komið með þessar tillögur; þær sýna sig lengur en í dag, og mönnum getur síðar gefizt kostur á að leggja dóm sinn á þær.

Hæstv. landsh. tók fram annað atriði, sem miklu getur verið þýðingarmeira, það atriði, að stjórnin gæti komizt í vandræði, ef hún yrði að ripta gjörða samninga, og að af því gæti leitt, að landssjóður yrði að borga skaðabætur. En nú vill einmitt svo vel til, að jeg hef talað við mann þann, sem tekizt hefur á hendur að brúa Ölfusá, og hreyfði hann því alls eigi, að hann mundi fara fram á nokkuð slíkt; þvert á móti, hann kvaðst heldur vilja hafa báðar árnar undir í einu til brúargerðar. Hæstv. landsh. gat þess, að menn hjer eystra mundu ef til vill heldur enga brú vilja hafa, en að þurfa af gjalda

brúartoll. Þessu trúi jeg trauðla, eða að minnsta kosti verð jeg að efast um að þeim sje þá fullljóst, hvað þeir vilja, en í hinu get jeg mjög vel skilið, að þeir vilji heldur hafa brúna síopna og tollausa, en að þurfa að svara brúartolli.

Hæstv. landsh. sagði, að ef tollur væri lagður á brýrnar, þá mundu fáir nota þær (*Landsh.:* á Þjórsá); ef svo væri, þá bæri það vott um, að þörfin á brúnum væri ekki svo feikilega mikil, og mundi þá að líkindum ráðlegast, að hætta alveg að hugsa um að leggja þær.

Þá færði og hæstv. landsh. það til, að engar skýrslur væru til um umferð yfir árnar. Þetta er að vísu satt. En mun vera ómögulegt að safna þeim fyrir þann tíma, er brúartollinn á að ákveða? Mundi ekki hægt að fá þær allnákvæmar á ferjustöðunum? Ákvæðin um lántökuna eru ekkert aðalatriði í máli þessu, og munum við flutningsm. ekki hafa á móti að þau sjeu felld í burt, ef þau þykja sjerlegum vandkvæðum bundin fyrir landsstjórnina eða óþörf.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) talaði um, að menn mundu álíta þetta skerða hag sinn; mjer var ekki ljóst, hvað hann meinti með þessu; því að mjer skilst ekki betur en að brúargjörðin mundi einmitt verða stór hagur fyrir þá, sem þeirra njóta, þótt brúartollur yrði greiddur. Hinn sami h. þm. sagði og, að menn með þessum brúartolli yrðu um aldur og æfi að gjalda vexti af höfuðstól þeim er til brúarinnar gengi. (*J. J.:* Nei.). Við fórum svo vægilega í kröfum okkar, að við ákváðum, að að eins skyldu greiddir 4% í vexti árlega af höfuðstólnum, en heldur mundum við hafa viljað taka til 5—6%, og þá greiddist jafnframt nokkuð af sjálfum höfuðstólnum. Margt gæti jeg álitið óheppilegra en þótt landssjóður tæki lán til að koma í verk stórfyrirtækjum; þessa get jeg að eins, þótt það snerti ekki beinlínis þetta mál.

H. þm. (J. J.) sagði, að jafnrjett væri að taka tolla af vegum sem af brúm; en jeg svara þessu því einu, að eitt er mögulegt, annað ómögulegt. Þar sem h. þm. minntist á útflutningsgjald það, sem jeg hef borið upp að lagt væri á, og telur það sama og lausafjártíundina, þá skil jeg hann ekki. En að eins hefur verið ympraað á því, að útflutningstollurinn skuli koma í stað lausafjártíundarinnar. H. þm. veit þó sjálfsagt, að lausafjártíund er lögð á fleira en hross og fjenað.

Þorlákur Guðmundsson: Ekki kom mjer það til hugar, þegar frv. um brúargjörð á Ölvesá var samþykkt á síðasta þingi, að jeg þyrfti að standa upp til að tala í þessu máli nú. Jeg játa það að h. flutningsmenn muni brúagjörðamálinu mjög hlynntir. En jeg undrast frv. eins og það kemur fyrir, að þeir skuli blanda saman brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá. Að vísu mun tilgangurinn hafa verið sá hjá þeim, að styðja að brúargjörð á Þjórsá (*Þ. Böðv.:* Rjett), en þá mundi hafa verið rjettara af þeim að koma fram með sjerstakt frv. um, að Þjórsá væri brúuð, en blanda Ölvesá alls ekki inn í þetta mál.

Að því er brúartoll snertir, þá er það annað, hvað menn verða að þola, en hvað þeim er ljúft. Af því að þetta er fyrsta umr. málsins, má ekki fara út í einstakar greinar frv., en að eins skal jeg geta þess að næsta þingi er að leita atkvæðis sýslunefnda og amtráðs um brúartollinn; því þegar litið er á næstu málsgrein á eptir, þá er þar tekið fram, að tollurinn megi ekki vera lægri en svo, að hann svari 4% vöxtum af fje því sem lagt er úr landssjóði, auk árlegs kostnaðar við brúargæzluna, og þó gjört ráð fyrir að afgangurinn renni í landssjóð. Sjerstaklega skal jeg og taka það fram, að mjer þykir næsta óviðfeldið, að frv. þetta gjörir ráð fyrir að numin sjeu úr gildi lögin frá 3. maí 1889. Það hefur opt áður verið tekið fram, að það sýndi festuleysi

að nema úr gildi ný lög, og sýnist mjer ekki ástæða til að sýna slíkt festuleysi nú að þessu sinni. Hæstv. landsh. hefur og tekið það fram, að það gæti valdið erfiðleikum og jafnvel fjártjóni fyrir landssjóð, að ónýta nú þegar lögin frá 3. maí 1889. H. flutningsm. sagði að ferðamenn gætu hagað svo ferðum sínum, að þeir gætu komið að ánum hjer um bil á tilteknum tíma, og það jafnvel þó langferðamenn væru, en jeg get ekki verið honum samdóma um það. Mjer kemur til hugar hið forna orðtæki, að enginn ræður sínum næturstað; okkur er það báðum fullkunnugt að hjer eru margar tálmanir á vegum ferðamanna; þeir geta setið veðurtepptir, komast ekki yfir vatnsföll, glata hestum sínum, og margt er það fleira, sem að farartálma getur orðið. Hjer er öðru máli að gegna en erlendis, þar sem járnbautir eru og greiðir vegir, þar geta menn lagt niður ferðaáætlun sína, svo varla muni mínútu, en hjer getur það munað hálfum og heilum dögum.

Yfir höfuð get jeg ekki mælt með frv. þessu eins og það er úr garði gjört eða stutt það með mínu atkv.

Þorleifur Jónsson: Jeg ætla mjer að eins að leiðrjetta dálítinn miskilning sem kom fram hjá h. flutningsm. (Þ. Böðv.); það leit svo út sem hann ætlaði, að jeg hygði meiri töf að því að hafa brúna lokaða, en að hafa enga brú, en það var ekki meining mín, heldur hitt að meiri töf væri að því, að hafa hana lokaða en ólokaða og frjálsa öllum til yfirferðar.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Getur verið, að jeg hafi misskilið h. þm. Húnv. (Þorl. J.) og skal jeg ekki eyða orðum um það. En jeg skal leyfa mjer að athuga lítið eitt ræðu h. 1. þm. Árn. (Þ. G.). Hann hvað það þýðingarlaust, að landsh. ætti að ákveða brúartollinn, þar sem þó væri ákveðið, að greiða skyldi vöxtu af fje því, er til brúargjörðarinnar gengi, en það er langt frá að svo sje. Þá þótti h. þm. leiðinlegt, að nema þegar úr gildi lögin frá 3. maí 1889. En jeg verð að ætla, að það geti ekki talizt leiðinlegt, að nema lög úr gildi jafnvel þótt þau sjeu ekki gömul, ef um það er að ræða, að fá einhverju breytt, er til batnaðar horfir. Viðvíkjandi hinu forna spakmæli, að enginn ráði sínum næturstað, vil jeg þó taka það fram, að optast geta menn hagað svo ferðum sínum, að þeir komi hjer um bil í ákveðinn tíma í næturstað sinn; sjálfsagt er að út af því getur brugðið, en jeg veit að h. þm. muni vera svo reyndur ferðamaður, að honum muni fullkunnugt um, hve mjög ferðamenn geta hagað ferðum sínum eptir atvikum og ástæðum.

Árni Jónsson: Af því að h. flutningsm. (Þ. Böðv.) tók það fram, að tillögur frv. mundu sýna sig lengur en í dag, og skaut með því málinu undir dóm síðari tíma, þá vil jeg í stuttu máli gera grein fyrir atkvæði mínu. Á síðasta þingi voru samþykkt vegalög, og í þeim lögum var þeirri frumreglu fylgt, að landssjóður skyldi annast *alla aðalpóstvegi*. Nú er svo til ætlað, að hinar umræddu brýr skuli vera á aðalpóstleið. Hjer virðist því koma fram önnur frumregla, er farið er fram á það, að leggja toll á þær, og þannig greiða landssjóði rentur af fjenu, og ef til vill afborgun. Þegar um þetta stórfyrirtæki var að ræða á síðasta þingi, þetta fyrirtæki, sem horfir til svo mikilla heilla fyrir hlutaðeigandi hjeruð, þá vildi jeg og nokkrir aðrir þm., að annari frumreglu væri fylgt, þeirri frumreglu, að landssjóður legði að vísu fje fram, en að hjeruðin legðu líka að sínu leyti töluvert fje til, svo að framkvæmdirnar gætu orðið því fljótari; en tillaga um það fjekk ekki byr á því þingi. Jeg man ekki betur en það kæmi þá fram í umræðum málsins og að minnsta kosti heyrði jeg það utanþings, að eptir vegalögunum væri landssjóður skyldur að kosta brúargjörðina. Því hefur að

vísu verið haldið fram, að brúargjörðin mundi ekki baka landssjóði mikinn kostnað, því að brúartollarnir greiddust aptur þangað, en mjer þykir mjög ósýnt, hve mikið tollar þessir auðga landssjóðinn. Auðvitað er það, að hjeruðin sjálf hljóta að hafa hag af brúnum, en ekki hefir það sýnt sig, að hlutaðeigendum — austan Þjórsár — hafi verið sá hagur fullljós, eða að þeir vildu leggja stórvægilegt í sölurnar til að fá því framgengt, að brú kæmist á Þjórsá, því að engin yfirlýsing mun vera komin frá hjeraðabúum um, að þeir vilji bæta á sig nýjum gjöldum eða leggja fje fram til þess að fá hana. Það væri og óheppilegt, ef frv. þetta kæmi í bága við brúargjörð á Ölvesá. Og engan veginn sýnist mjer loku skotið fyrir, að brúargjörð á Þjórsá verði ekki samþykkt á þessu þingi. Jeg hygg að svo sje til stofnað, að efni til Ölvesárbrúar muni verða flutt hingað til landsins að sumri, en eigi fyr en um veturinn eptir til brúarstæðisins, og brúin sjálf eigi byggð fyr en sumarið 1891. Ef lög um brúargjörð á Þjórsá yrðu því samþykkt á þingi 1891, gæti hugsast að brýrnar yrðu næstum samferða. Sömuleiðis má meta mikils þá reynslu og þann kunnugleik við brúargjörðir, sem fæst við það, hvernig gengur, að koma upp brú yfir Ölvesá.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla að mæla fáein orð, til þess að mótmæla því, að nokkur ógnun hafi legið í þeim orðum mínum, að frv. mundi lengur geymast til athugunar, en í dag. H. þingdm. ráða, hvað þeir gjöra við frv.; við flutningsmenn getum ekki við það ráðið, en eigi munum við blygðast okkar fyrir að hafa komið fram með það, og það vona jeg, að sú tíð muni síðar koma, að ekki þyki það óviturlega ráðið, sem hjer er lagt til. Að vísu kannast jeg við það, að sumar vonir rætast, en sumar ekki. Jeg skil ekki í, að frv. sje í ósamkvæmni við vegalögin. Þau taka fram, að landssjóður eigi að annast alla aðalpóstvegi, og eptir því mundum við vel, því að okkur eru vegalögin fullkunnug frá upphafi. En það er engin ósamkvæmni í því, að þegar um stórfyrirtæki er að ræða, þótt landssjóður segi þá: þetta vil jeg gjöra eins og jeg hef skuldbundið mig til, en jeg get ekki gjört það nema fyrir þóknun. Ef hjer er um principbrot að ræða, þá er það þegar á komið, því að svo er ákveðið að hjeruðin og amtið skuli kosta Ölvesárbrúna að 1/3 hluta. Það hefur verið sagt, að óvíst væri, hvort brúartollurinn borgaði meir en umsjónina; en þeir, sem hlut eiga að máli, geta sjeð fyrir því. Og víst er um það, að ekki þarf nema sárlítinn brúartoll, til þess að landssjóður fái sínar rentur. Umsjónin þarf ekki að kosta nema mjög lítið, sjerstaklega við Ölvesá. Jeg vil ekki láta þá eina, sem nú nota brýrnar, leggja í kostnvið brúargjörðina, og eigi vil jeg heldur, að útlendingar, sem vanir eru að borga tolla heima hjá sjer, fái að fara kauplaust um þær.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er h. flutningsm. þakklátur fyrir frv. þetta, því að í lýsir sjer áhugi þeirra með að fá Þjórsá brúaða. Þeir munu hafa gjört ráð fyrir tolli á brýrnar af því, að þeir hafa ekki álitið að vegalögin gilti um um stórár, en ekki treyst landssjóði til að leggja fje fram til að byggja brýrnar fyrir, ef hann fengi það ekki endurgoldið. Lægi hjer fyrir frv. um brúargjörð á Þjórsá eina, mundi jeg greiða því atkvæði mitt, en þessu frv., eins og það liggur hjer fyrir, get jeg ekki verið samþykkur, þótt jeg viti að það sje af góðum vilja gjört. Jeg vona líka, að fram muni koma sjerstakt frv. um Þjórsá hjer á þinginu. Mjer þykir það miður eiga við, að brúartollur sje greiddur, en þó tel jeg nauðsyn, að málið fái sem fyrst framgang.

Árni Jónsson: Jeg leyfi mjer að gjöra þá stuttu athugasemd, að h. flutnings-

manni (Þ. Böðv.) mun hafa misheyrzt; salurinn er breiður og getur því verið, að hann hafi ekki heyrt fullglöggt orð mín. Jeg lagði ekki þá þýðing í orð hans, að þau ættu að vera ógnun til vor. Jeg tók það fram að hjer væri komið fram með nýja frumreglu í frv. þessu. Vegalögin taka það eitt fram, að landssjóður sje skyldur að annast aðalpóstvegina. Að sjálfsögðu má breyta þessu, eins og öðru, með nýjum lögum, en samkvæmt vegalögunum er það ekki, sem hjer er farið fram á. Jeg álít mitt princip eins hentugt, að hvetja hjeruðin til þess, að þau sjái sinn hag við það, að leggja sjálf fram meiri eður minni skerf til þess, að koma slíkum stórfyrirtækjum fram, sem landssjóður getur ekki í bráð komið áleiðis. Það lítur nærri svo út, sem hlutaðeigandi hjeraðsbúum sje hjer ekki nauðsynin fullljós nje þetta afarmikið kappsmál, þar sem þeir láta sjer svo hægt með að koma fram með tillögur um að leggja fram eitthvert fje til fyrirtækisins, Öðru máli var að gegna, þegar brúin yfir Skjálfandafljót var byggð; þar sýndu hjeraðsbúar í verkinu, að þeim var áhugamál að fá hana. Jeg nefni þetta að vísu að eins sem dæmi, en þó sem dæmi, er bæði vjer þingmenn ættum að taka til íhugunar, er um brúarmálið er að ræða, og sömuleiðis íbúar þeirra hjeraða, þar sem líkt stendur á.

— Þegar hjer var komið, var samkv. skriflegri ósk 8 þm. (Sig. Stefánss., Þorv. Kjerúlf, Þorl. Guðmundss., Gunn. Halldórssonar, Sv. Eiríkssonar, Ólafs Pálssonar, Þorst. Jónss. og Þorl. Jónssonar) sampykkt, að umræðunum skyldi hætt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 17 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 126); 2. umr.

Gunnar Halldórsson: Jeg finn ástæðu til að mæla fáein orð, helzt vegna mótmæla hæstv. landsh. móti þessum verzlarstað, sem hjer ræðir um, að Haukadal í Dýrafirði. Mótbárur hans voru einkum 2. Önnur sú, að tollgæzla yrði erfið þegar verzlunarstöðum fjölgaði, en þeirri mótbáru hefur þegar verið svarað, svo jeg finn ekki ástæðu til að fara orðum um hana. Hin mótbáran var sú, að nú væri líkur til að eigi yrðu framvegis vandkvæði á, að fá lóðir útmældar á löggiltum kauptúnum, ef frumv. um það efni, sem nú liggur fyrir þinginu, yrði að lögum. Þetta er auðvitað nokkur bót, en það er þó ekki fullnægjandi; eptir því sem mjer er kunnugt um á Þingeyri í Dýrafirði, þá mundi mönnum, sem nákvæmlega skoðuðu og ættu að mæla út verzlunarlóð eigi þykja þar gott eða hentugt fiskiverkunarpláss; sjálfur hefi jeg lítillega athugað það, en jeg hefi það fyrir ástæðu, að kaupmaðurinn þar hefir flutt upp töluvert af grindum til að þurka fisk á. Aptur er mikið gott fiskiverkunarpláss í Haukadal, og þó menn geti flutt verkaðan fisk frá Haukadal til Þingeyrar, eru slíkir flutningar ætíð bæði kostnaðarsamir og átt á hættu að skemma fiskinn með því að væta hann. Þessvegna virðist mjer ástæðan um, að hægt verði að fá útmældar lóðir, ekki geta orðið þessu máli til hindrunar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 126); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. umræðulaust og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa (C. 156); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu (C. 158); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ umræðulaust í e. hlj. og vísað til 3. umr. í. e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði (C. 158, 169); 2. umr.

Páll Ólafsson: Breytingartill. sú er jeg hefi komið með við frumv. þetta er að eins til að fyrirbyggja misskilning og til skýringar við staðarnafnið.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (C. 169) samþ. í e. hlj. Frumv. með áorðinni breytingu samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri við Eyjafjörð (C. 158); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og vísað til 3. umr. í e. hljóði.

Áttundi fundur, fimmtudag 11. júlí á hád. Allir á fundi nema Þórarinn Böðvarsson, sem hafði fengið leyfi forseta.

Forseti skýrði frá, að á síðasta fundi hefðu verir teknir fyrir innanþingsskrifara í deildinni cand. theol. Jóhannes Sigfússon og stud. theol. Einar Þórðarson. Sömuleiðis skýrði forseti frá, að í nefndinni um rjetttindi kaupmanna búsettra á Íslandi væri Grímur Thomsen kosinn formaður og skrifari Þorleifur Jónsson. Ennfremur lýsti forseti því yfir, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Fundur að Garðhúsum í Grindavík skorar á alþingi að koma á póstferðum milli Reykjavíkur og Eyrarbakka (í samb. við Keflavík, Hafnir, Grindavík o. s. frv).
2. Bænarskrá frá Albert Jónssyni um fjárstyrk af landsfje til þess að koma á fót innlendri skinnaverkun (sýnishorn fylgja).
3. Beiðni um 2500 eða 3000 kr. styrk til Eiðaskólans (fylgir skýrsla um framkvæmdir skólans).
4. Beiðni um breytingar á póstgöngum í Norður-Múlasýslu.

Frumv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. 126); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg skal eigi að svo stöddu fara mörgum orðum um þetta frumv. Þegar það var fyrir til 1. umr. var því vel tekið, en þar sem hæstv. landsh. gat þess þá, að hann hefði ýmislegt við frumv. að athuga, þá vildi jeg nú óska að hann kæmi fram með þær bendingar, sem hann hefur að gefa í þessu máli.

Jónas Jónassen: Jeg verð að lýsa því yfir að jeg er máli þessu mjög hlynntur og álít að h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) eigi þakkir skilið fyrir að hann hefur aptur komið með það fyrir þingið. Hvað gjaldinu viðvíkur þá hygg jeg, að engan fullvinnandi karlmann muni um, þótt þann láti úti 1 krónu á ári, nje heldur konu, þótt hún greiði 30 aura af kaupi sínu. En þótt nú þetta sje lítið gjald á hvern einstakan þá getur þó mjög mikið fjesafnazt fyrir á 10 árum á þenna hátt, svo að jeg er viss um að þannig lagaðir sjóðir gætu orðið til mikillar hjálpar fyrir sveitirnar; jeg vil því óska, að frumv. þetta fái góðan byr hjer í deildinni. Auðvitað er ýmislegt, sem ef til vill má lagfæra í frv., en slíkt er hægðarleikur með góðum vilja. En það er t. a. m. eitt atriði í 7. gr. frv., sem jeg vildi vekja athygli manna á; þar stendur að hreppsnefndir og bæjarstjórnir skuli úthluta fje úr styrktarsjóðunum til fátæklinga án tillits til hvar þeir eiga framfærslusveit. Jeg vil spyrja h. flutningsm. (Þorl. G.), sem er vel kunnugur sveitamálum, hvort hann eigi haldi, að

þetta ákvæði muni geta vakið nokkra óánægju hjá mönnum. Setjum t. d. að einhver heilsulítill fátæklingur sje búsettur upp í Þingvallasveit en eigi framfærsluhrepp hjer í Reykjavík, nú vilja menn koma honum hið fyrsta burt úr sveitinni til Reykjavíkur, en í þess stað úthlutar hreppsnefndin honum fjárstyrk af styrktarsjóði sveitarinnar, svo að hann ílengist þar og verður þar sveitlægur. Gæti jeg þá ímyndað mjer, að margir hreppsmenn, sem lagt hefðu í styrktarsjóðinn, yrðu mjög óánægðir yfir því, að sjóðnum skyldi varið til að gjöra þurfalinga úr öðrum hreppum þar sveitlæga á móti skapi gjaldenda. Þetta er það sem jeg einkum finn athugavert við frumv., en að öðru leyti er jeg því meðmæltur og óska að það nái fram að ganga.

Jón Þórarinsson: Þegar frumv. þetta var til 1. umr. lýsti jeg yfir því, að mjer virtist tilgangur þess mjög góður, en gat þess einnig, að mjer sýndist ýmislegt í því þurfa lagfæringar við og að jeg mundi eigi geta gefið því atkvæði mitt nema bót yrði á þessum göllum ráðin. Síðan eru engar breytingar fram komnar og vil jeg því taka fram hið helzta, er jeg finn athugavert við frumv. Í 2. gr. kann jeg eigi við orðin «nýtileg atvinnugrein»; flutningsmaður mun skilja við orðin «nýtileg atvinnugrein» sama sem arðsöm atvinna, en nú getur orðið ágreiningur um, hver atvinna sje arðsöm og finnst mjer því þetta ákvæði eigi heppilegt. Sömuleiðis getur verið efasamt, hvort allir þeir menn, sem fyrir ómaga hafa að sjá, eigi að vera undanþegnir gjaldi til þessara sjóða, því að margir þeirra hafa meira gjaldþol, en aðrir, sem enga ómegð hafa, og að því er snertir 65 ára aldurstakmark, þá virðist mjer það of hátt, þar sem margir eru orðnir ellihrumir og styrktarþurfar fyrir þann aldur. Í 3. gr. stendur «að *hver* húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er *þeir* í húsum hafa; þetta er eigi rjett mál og á það sjerstaklega illa við í lögum, að vanda eigi betur orðfæri en hjer er gjört. Í 4. gr. stendur, að hreppsnefndir skulu senda skýrslur til viðkomandi hreppstjóra yfir alla þá, sem gjaldskyldir sjeu í hverjum hreppi, og að gjaldendum gefist kostur á, að skoða þessar skýrslur; en hverjir eiga svo að leggja seinasta úrskurð á kærur þær, sem koma fram af hendi gjaldenda? *Sömu menn, sem samið hafa skýrzlurnar*, eiga samkvæmt frv. þessu einnig að leggja fullnaðarúrskurð á kærur út af þeim! Að því er snertir 7. gr. þá er jeg á sama máli og h. þm. Reykv. (J. Jónassen) 8. gr. fannst mjer nokkuð torskilin og veit jeg eigi gjörla hvort flutningsm. hugsar sjer, að landshöfðingi skuli bæði úrskurða og endurskoða reikningana, eða að eins leggja síðasta úrskurð á þá. Þætti mjer betur fara, að frumv. gerði ráð fyrir sjerstökum endurskoðunarmönnum og landshöfðingi eða eitthvert annað úrskurðarvald legði svo fullnaðarúrskurð á reikningana, eptir að endurskoðunarmenn hefðu yfirfarið þá og gert sínar athugasemdir

Að síðustu skal jeg geta þess, að mjer virðist 9. gr. sumstaðar óviðkunnanlega orðuð, en þetta og annað fleira mætti laga í nefnd, og get jeg eigi fallið frá uppástungu minni við 1. umr. að nauðsynlegt sje, að setja nefnd í þetta mál (*Þorl. G.:* Jeg vil biðja h. þm. að lofa landshöfðingja að tala og öðrum að gjöra sínar athugasemdir, má ske til gagns fyrir málið). Jeg veit eigi betur, en að hver þingmaður hafi leyfi til að stinga upp á nefnd og þess vegna hef jeg verið svo djarfur að gjöra það. En hefði mjer verið heimilt að tala út, vildi jeg hafa bætt því við, að jeg sting ekki upp á, að þessi nefnd verði skipuð fyr en búið er að ræða málið; gjöri jeg það vegna þess, að mjer þykir hugsunin í frumv. þessu góð og

vildi gjarnan að gallar þess yrðu lagfærðir svo, að von væri til að það yrði ekki fellt orðalaust í Ed.

Eiríkur Briem: Jeg vil einungis benda h. þingd. á, að fari nefndarkosning fram, áður en nokkrar verulegar umræður hafa orðið um málið, þá hlýtur svo að fara, að nefndin verði kosin af handahófi, og að menn sjeu alveg ráðvilltir um hverja kjósa skuli, þar sem þeir þekkja eigi skoðanir manna á málinu nema því að eins, að menn sjeu utan fundar, eins og reyndar opt á sjer stað, búnir að bera sig saman um málið og nefudarkosninguna. Við 1. umr. greiddi jeg atkvæði á móti því, að nefnd yrði þá sett í þetta mál, því að jeg vildi gjarnan heyra fyrst skoðanir manna, og enn er sama máli að gegna, að mjer finnst uppástungan um að kjósa nefnd of snemma uppborin, þar sem nokkrir, er hafa látið í ljósi, að þeir hefðu athugasemdir að gjöra við frv., eigi hafa enn átt kost á að taka til máls, en síðar mun jeg verða með því, að nefnd verði kosin í málið.

Forseti: Jeg skal geta þess, að samkvæmt þingsköpunum má setja nefnd á hverju stigi máls sem er, og þar sem h. þm. hefur áður gefizt kostur á, að kynna sjer þetta frv., þá get jeg eigi sjeð neitt því til fyrirstöðu, að nefnd. verði kosin nú þegar.

Jón Þórarinsson: Meining mín var eigi sú, að nefnd skyldi kosin nú þegar, heldur þegar umræðum væri lokið; jeg tók það greinilega fram.

Landshöfðingi: Eins og jeg tók stuttlega fram við 1. umr. þessa máls, álít jeg að ef frumv. þetta verður endurbætt og verður að lögum, þá geti það orðið að talsverðu gagni. En það er sumt í frumv., sem mjer finnst ekki fara vel eða vera heppilegt, og hefur h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) þegar tekið fram ýmislegt af því. Þegar málið er skoðað frá hinni almennu hlið þess, þá er það athugavert, að þar sem húsráðandi er skyldaður til að inna gjaldið af hendi fyrir hjú sín og alla þá, er hann í húsum hefur, þá er hætt við því, að gjaldið lendi þá eigi á þeim, sem gjaldið eiga að bera, heldur á öðrum, þ. e. húsráðandanum. Þegar hjú, sem vita, að þau eiga að greiða þetta gjald, ráða sig í vist, þá munu þau áskilja sjer, að vera laus við þetta gjald, eða heimta því hærra kaup. Það er ekki ástæðulaust, að bera kvíðboga fyrir að svo muni fara, eins og nú stendur á, þegar fremur er skortur á vinnuhjúum, en það er á móti tilgangi frv. og ekki rjett í sjálfu sjer, að gjaldið lendi á húsbændunum. En hvort hægt er að setja nokkrar þær ákvarðanir í frumv., er tryggi það, að gjaldið komi niður á rjettum gjaldendum, skal jeg láta ósagt. Jeg ímynda mjer að það sje ekki svo auðvelt. Það mun fara um þetta gjald eins og fór með alþingistollinn í gamla daga. Jarðeigendurnir áttu að gjalda hann, en þeir komu því brátt svo fyrir, að hann lenti allur á ábúendunum.

Að því er snertir einstakar greinir, skal jeg taka fátt eitt fram, er mjer finnst athugavert.

Að því er snertir 2. gr. frumv., skal jeg að eins skírskota til orða h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.). Sami h. þm. gjörði líka rjetta athugasemd við málið á 3. gr.; þar stendur: «að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er *þeir* í húsum *hafa* o. s. fr. En auk þess sem það er ekki rjett, að hjer standi *þeir hafa*, í staðinn fyrir: *hann hefur*, þá er annað sjerstaklega athugavert við orðin: «er þeir í húsum *hafa*». Þessi ákvörðun verður að vera bundin við þann tíma, sem á að greiða gjaldið á, en það er á framtalsþingum á vorin (sbr. 6. gr.). Þegar fara á að heimta gjaldið inn, kunna margir þannig að vera farnir burtu úr vistinni eða af heimilinu, og því er ekki rjett að segja "*hafa*„. Heldur ætti að orða ákvæðið

t. d, á þessa leið: húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla þá, sem voru hjú hans eða í húsum hans næstliðið vistarár.» — Í 6. gr. stendur, að bæjarfógetar og hreppstjórar skuli innheimta gjaldið. En síðar í gr. stendur aptur, að í sveitum skuli hreppsnefndaroddvitar koma fjenu á vöxtu. Þar á móti á sá sami að koma fjenu á vöxtu í kaupstöðum, sem innheimtir það. Jeg get heldur ekki sjeð hvers vegna ekki má eins trúa hreppstjóranum fyrir að koma fjenu á vöxtu, eins og honum er trúað fyrir að innheimta það. Eins og bæjarfógetanum má trúa fyrir hvorutveggja í kaupstöðum, eins má að mínu áliti trúa hreppstjórunum fyrir hvorutveggju í sveitunum. Jeg kann heldur ekki við ákvæðin í 8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir senda til landshöfðingja skýrslur um hag sjóðanna o. s. frv., en í sveitunum eiga hreppsnefndir að senda skýrslurnar til oddvita sýslunefndanna. Ef sýslunefndirnar eiga að taka móti skýrslunni og úrskurða reikningana í sveitunum, þá kann jeg bezt við, að bæjarstjórnirnar gjöri það sama í kaupstöðunum. Hjer við vil jeg bæta því, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) athugaði, að það vantar í frumv. ákvörðun um, að reikningarnir skuli vera endurskoðaðir áður en þeir verða úrskurðaðir. Við 9. gr. hefi jeg enn fremur það að athuga, að þar stendur, að sýslunefnd eða landshöfðingi geti, ef þeim þykir einhverjum sjóði hætta búin, tekið umráðin yfir sjóðnum af bæjarstjórninni eða hreppsnefndinni *um stundar sakir*. Hvað verður þá um þessi umráð á meðan hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn eru sviptar þeim? Það þarf að ákveða, hvernig skuli fara um umráðin yfir sjóðunum eptir að búið er að taka þau af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum. Loks vildi jeg benda á orðið *hlutaðeigendur* í enda sömu gr. Hverjir eru þeir? Hvort eru það bæjarfógetar og hreppstjórar, eða aðrir, t. d. hreppsnefndaroddvitinn í sveitunum og jafnvel hreppsnefndir og bæjarstjórnir? Um þetta þarf nákvæmari ákvörðun. — Að síðustu vil jeg benda á orðin: «önnur bæjar- og sveitargjöld» í 10. gr., en sú bending snertir orðavalið en ekki efnið. Jeg get nefnilega ekki sjeð, að rjett sje að kalla gjald það, sem hjer ræðir um, bæjargjald eða sveitargjald. Ef þessir agnúar, sem bent hefir verið á og aðrir fleiri, sem finnast kunna á frv. verða lagaðir, þá vil jeg styðja að því að þetta mál fái framgang.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múlas.): Jeg þykist fullviss um, að frumv. þetta muni, ef það verður að lögum, fyllilega ná tilgangi sínum og hafa happasæl áhrif fyrir land og lýð. Tilgangurinn er auðsjáanlega sá, að ljetta að nokkru leyti á sveitarsjóðunum og gera gjaldskylduna til þurfamannaframfærslu jafnari og rjettlátari. Sveitargjöldin eru hin langþyngstu gjöld hjer á landi og undir eins hin langranglátustu gjöld, að því leyti að þau hvíla mest á þeim, sem minnstar líkur eru til að þurfi að njóta styrks af þeim.

Það er öllum kunnugt, að meiri hluti af hinum árlegu sveitargjöldum gengur til framfæris þurfamönnum. — Þeir sem ætíð er víst að gjalda í sveitarsjóðinn eru dugnaðarmennirnir, atorkumennirnir og sparsemdarmennirnir, en þeir sem ætíð er víst, að helzt þurfa styrk úr sveitarsjóðnum, eru ónytjungarnir, letingjarnir, ráðleysingjarnir og svallararnir. Það er búið að taka ýmislegt fram viðvíkjandi hinum einstöku greinum, sem þyrfti að lagfæra; þó skal jeg leyfa mjer að benda á eitt. Í 2. gr. stendur meðal annars, að í styrktarsjóðinn skuli einnig skyldir að leggja, þeir, sem leyst hafa lausamennskubrjef eða *að lögum* hafa lausamennskuleyfi. Nú er því ekki að leyna, eins og h. þingdm. er kunnugt, að það er varla nokkur, sem dettur í hug, að

framfylgja lausamannalögunum, nema þá ef einhver vill leggja lausamann í einelti persónulega, og að hjer á landi finnst heill flokkur af mönnum, sem eru lausamenn, án þess að hafa leyst lausamennskubrjef eða hafa lausamennskuleyfi að lögum, og jeg get ekki álitið rjett, að þessir menn kæmist nú undan þessu gjaldi. Jeg vildi að fundin yrði einhver ákvörðun, sem gæti náð til þeirra, sem þannig fara í kringum lögin. Jeg er annars sampykkur hæstv. landshöfðingja um það, að það er óheppilegt, að láta húsráðendur gjalda fyrir alla sem á þeirra vegum eru. Jeg álít það óheppilegt, að láta annan en þann, sem gjaldið á að greiða, vera skyldan til, að standa gjaldheimtumanni skil á því. Jeg held það geti opt komið fyrir, að þeir, sem gjaldið eiga að greiða, gleymi þá alveg gjaldskyldunni; jeg álít miklu heppilegra að venja hvern einn gjaldanda á, að standa sjálfur skil á öllum gjöldum sínum. Jeg skal svo ekki tefja lengur fyrir málinu, en óska og vona að það fái fram að ganga.

Flutningsmaður (Þorl. Guðm.): Jeg hefi nú hlustað á umræður manna um frumv. Margt af því, sem fundið hefir verið að því, er þess vert, að það verði tekið til greina. Sumt af því er aptur á móti ekki svo þýðingarmikið. Það hefir verið fundið að 3. gr., að húsráðendur eru þar látnir hafa þá skyldu. að greiða gjaldið til sjóðsins fyrir hjúin; en ekki mun ráðlegt, að hafa þetta öðruvísi eða tiltækilegt, því innheimtan verður torveld eða jafnvel ómöguleg. Hjúið getur jafnan ef til vill, komið gjaldinu inn í kaupgjald óbeinlínis ef ekki beinlínis. En eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, er ekki svo gott, að finna heppilegri ákvæði í þessu tilliti. Háttv. 2. þm. Gullbr. og Kjósars. (Jón Þór.) talaði mest um málið, og fór nokkuð ýtarlega út í það. Margar athugasemdir hans voru góðar og á rökum byggðar, þó sumar væru máske ekki svo þýðingarmiklar. En jeg skal ekki fara meira út í það, sem hann sagði. En viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. N.-Múlas. (Jón Jónsson) sagði, að hætt væri við, að þeir sem ekki hefðu leyst lausamennskubrjef, eða hefðu lausamennskuleyfi, en lifðu þó sem lausamenn, mundu sleppa alveg við gjöld til styrktarsjóðsins, þá er jeg ekki svo hræddur við það; það eru þá önnur ákvæði í frumv., sem þeir geta heimfærzt undir. Flestir þess konar menn munu fá leyfi einhvers húsráðanda til að kalla sig hjú hans. Að öðru leyti geng jeg vel inn á, að nefnd verði sett í málið, til þess að athuga betur þær tillögur, sem fram hafa komið og búa málið sem bezt úr garði, og leyfi jeg mjer því að gera það að minni uppástungu, að kosin verði þriggja manna nefnd og umræðunni frestað.

ATKVÆÐAGR: Þriggja manna nefnd samþ., og í hana kosnir:

Þorl. Guðmundsson	með	18 atkv.
Eir. Briem	—	14 —
J. Jónsson (1. þm. N.-Múlas.)	—	11 —

2. umr. síðan frestað.

Frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 162, 169, 172); 3. umr.

Landshöfðingi: Það eru komnar fram 3 breyttill. við frv. þetta, og snerta þær allar eingöngu sektaupphæðina. Það getur verið, að í stjórnarfrv. sjeu sektirnar settar nokkuð lágar, einkum hærra sektatakmarkið, því mundi jeg ekki vera á móti því, þótt það væri hækkað; en mjer sýnast sumar breyt. till. ganga of langt í því, að hækka sektirnar. Breyt. till. 51 (C. 169), sem fer fram á að settar sjeu 4000 kr. í staðinn fyrir 400 kr., er ekki óaðgengileg, en öðru máli er að gegna um hinar breyt. till., sjerstaklega breyt. till. 56 (C. 172), sem fer fram á, að lægra sektatakmarkið sje sett 5000 kr., en hið hærra 10,000 kr. Sú tillaga er svo óað-

gengileg, að jeg get ekki búizt við, að lögin nái staðfesting stjórnarinnar, ef hún fær framgang. 5000 kr. sektirnar eru svo gífurlegar, ef um að eins lítil brot er að ræða, að þær eru í engu rjettu hlutfalli við sektir fyrir brot gegn öðrum lögum, þótt þau brot geti verið í sjálfu sjer miklu hættulegri; jeg skal nefna brot gegn lögum um sóttvarnir; slík brot eru mjög hættuleg, og þó er hjer farið fram á hærri sektir, en þar er gert. Jeg vil mæla með því, að ef breyting er gerð á stjórnarfrumvarpinu, þá sje breyt.till. 51 aðhyllzt, því að jeg get ekki ábyrgzt, að lögin verði staðfest, ef breyt. till. 54 fær framgang, en jeg þori að ábyrgjast, að þau verða ekki staðfest, ef sektirnar verða ákveðnar samkvæmt breyt. till. 56.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. till. 56 tekin aptur; breyt. 54 felld með 12 atkv. gegn 6; breyt. 51 samþ. með 19 samhljóða atkv.

Frv. þannig breytt samþ. í einu hljóði og afgr. til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um Spánarsamning (C. 172); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt í einu hlj. eptir uppástungu forseta, að tillagan skuli rædd í einni umræðu.

Níundi fundur, föstudag 12. júlí á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði borizt tilkynning um að í nefndinni í málinu um styrktarsjóði handa alþýðufólki væri kosinn formaður Þorl. Guðmundsson og skrifari Jón Jónsson (þm. N.-M.). Forseti gat þess enn fremur, að lagt hefði verið fram á lestrasalinn:

1. Bænarskrá til alþingis um löggildingu Stapahafnar í Breiðuvíkurhreppi.
2. Bænarskrá til alþingis 1889 um strandferðir til Ólafsvíkur.
3. 2 fundargjörðir úr Snæfellsnessýslu.
4. Beiðni frá Íslendingum í Kaupm.höfn um lagaskóla á Íslandi.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 126); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt með 18 samhl. atkv. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 126); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa (C. 156); 3. umr.

Jón Jónsson (þm. N.-M.): Það var eitt atriði í ræðu hæstv. landshöfðingja við 1. umr. þessa máls, sem jeg gleymdi þá að minnast á. Hann sagði, að ekki væri auðið að komast landveg til Múlahafnar, nema fyrir æfða flugamenn eða þá í sigi. Hjer hefir hæstv. landshöfðingja ekki verið skýrt rjett frá, því vegurinn upp frá Múlahöfn er eigi erfiðari en yfir hverja aðra bratta heiði og alls eigi ókleyft að leggja veg þangað. Meiningin með að löggilda Múlahöfn er ekki sú, að keppa við Lagarfljótsós, heldur sú að bæta upp þá annmarka, sem á honum eru, því það dylzt engum, sem til þekkir, að þessar 2 hafnir hljóta að verða samferða, ef að gagni átti að koma og upphaflega var beðið um löggilding á þeim báðum, en Múlahöfn hefir orðið svona aptur úr og út undan; hverjum það hafi verið að kenna, skal jeg alls ekkert um segja, eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls. Geta vörur opt verið komnar í Múlahöfn á vorin, áður en hægt er að koma þeim inn í Ósinn; sama er að segja á haustin; það getur komið fyrir, að vörur, sem settar hafa verið upp í Múlahöfn á sumrin, náist eigi upp í Ósinn allt sumarið, en svo geta aptur komið

sjóblíður á veturna, svo alstaðar megi fara út frá Hjeraðssöndum, en þá er ís kominn á Ósinn, og þá kalla jeg það hart, að meina mönnum, þegar svo stendur á, að reka verzlun í Múlahöfn, þar sem hún, eins og jeg hefi áður tekið fram, liggur vel við sjóferðum frá allri strandlengju Hjeraðsflóans. Jeg skal ekki telja þessari höfn neitt til gildis, sem hún á ekki skilið og þess vegna skal jeg geta þess að það var aldrei meiningin, að fara landveg til verzlunar á Múlahöfn, því það er eigi nema í mesta lagi 2 hreppar, sem það mundi hagur fyrir, og veldur því það, að tvö stærstu vatnsföll á Íslandi, Jökulsá og Lagarfljót, falla eptir endilöngu hjeraðinu, svo það þyrfti úr flestum hreppum að sækja yfir þau, en hjá því er hægt að komast úr öllum hreppum hjeraðsins þegar sjóleið væri farin frá Hjeraðssöndum. Af því jeg veit að þingd. vill eigi hamla neinum frá að verzla, þar sem honum er hægast, þá vona jeg að frv. þetta verði samþ.

ATKVŒÐAGR.: Frv. samþ. með 15 samhl. atkvæðum og afgr. síðan til Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu (C. 158); 3. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust með 19 samhl. atkvæðum og afgr. síðan til Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Holmavík í Steingrímsfirði (C. 176); 3. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust með 18 samhl. atkvæðum og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar að Svalbarðseyri við Eyjafjörð (C. 158); 3. umr.

ATKVŒÐAGR.: Frv. samþ. umr. laust með 18 samhl. atkvæðum og afgr. til Ed.

Frumvarp til laga um aðflutningsgjald á vefnaðarvöru m. m. (C. 174); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson þm. N.-Þ.). Þetta frv. er hjer liggur fyrir, er þannig til komið, að það er samið af einum h. þm. í efri deild; en sökum þess að í þessari deild var áður skipuð fjölmenn tollanefnd, þá þótti hentugra, að það væri hjer fyrst upp borið. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en að eins stinga upp á, að því sje vísað til tollanefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til tollanefndarinnar. — 1. umr. frestað.

Frumvarp til laga um þjóðjarðasölu (C. 160); 2. umr.

Þorvaldur Bjarnarson.: Það sem hjer liggur fyrir er frumv. um þjóðjarðasölu. Jeg skal játa það, að mjer þætti æskilegt að hafa lög, sem í eitt skipti fyrir öll veittu heimild til þess að selja þjóðjarðir, en við ýms ákvæði þessa frv. get jeg ekki fellt mig. Þannig get jeg ekki fellt mig við það ákvæði frumv., að jörðina megi engum öðrum selja en ábúanda; mjer hefði fundizt nægja að heimila þeim forgöngurjett að kaupunum. Ákvæðin um borgunina virðast mjer óljós; það verður ekki sjeð, hvort kaupandi getur borgað allt, undir eins og kaupin eru gjörð. Einnig virðist mjer, að vexti hefði að eins átt að borga af því, sem eptir var, þegar $^1/_{10}$ jarðarverðsins, sá er strax er borgaður, var frá dreginn. — Einnig þykir mjer það ákvæði frv. íhugavert, sem gjörir ráð fyrir, að parta megi sundur þjóðjarðirnar.

Jeg get heldur ekki skilið, hvaða sjerstakt gagn getur verið að því, að stofna sjerstakan sjóð af fje því; er kemur inn fyrir seldar þjóðjarðir, jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því að þetta fje renni beinlínis í landssjóð.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að leyfa mjerað tala fáein orð í sömu átt og við 1. umr. þessa máls. Jeg er að sönnu ekki

mótfallinn stefnu frv., en það þarf þó að taka breytingum, áður en jeg get gefið því atkvæði mitt. Jeg álít, að kjör þau, er kaupin eru bundin, geti orðið mjög þung. Fyrst þegar kaupin eru gjörð, borgar kaupandi $^1/_{10}$ af verði jarðarinnar og gefur skuldabrjef fyrir eptirstöðvunum með 1. veðrjetti í jörðinni; bresti nú kaupanda gjald, þá sje jeg, eptir frumvarpinu, því ekkert til fyrirstöðu, að hann geti tapað öllu því, er hann hefir lokið af gjaldinu og þar að auki jörðinni sjálfri.

Jeg get líka tekið í sama strenginn og 2. þm. Rangv. (Þorv. Bj.), að mjer þykir hart að ábúandi, hversu ónýtur sem er, skuli hafa forgöngurjett fyrir hverjum öðrum, hversu nýtur sem hann er. Þinginu ætti að vera það allt of vel kunnugt, hve illa sumir þjóðjarðaábúendur hafa setið jarðir landssjóðs, til að veita þessum mönnum, þegar þeir eru búnir að níða niður jarðirnar, og setja niður afgjaldið, einkarjett til að kaupa þær. Vegna þessa, sem jeg nú hefi sagt, get jeg ekki gefið frumvarpinu atkvæði mitt. —

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 19 atkv.; 3. og 4. gr. samþ. með 18 atkv. hvor; 5. gr. samþ. með 17 atkv.; 6.—8. gr. samþ. með 18 atkv. hver.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um tollgreiðslu (C. 162); 2. umr.

Jón Þórarinsson: Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að frv. þetta væri samið til að ljetta þeirri byrði af kaupmönnum, að greiða allan tollinn þegar í stað, um leið og þeir tækju við hinum tollskyldu vörum, en mjer þykir mjög vafasamt, hvort þeim tilgangi verður náð með frv. Í 2. gr. stendur að kaupmaður skuli greiða lögreglustjóra ferðakostnað, ef hann þarf að takast ferð á hendur til að afhenda hinar innsigluðu vörur, en af því mundi leiða, að kaupmaður hlyti að leggja þann kostnað á vöruna og hún eigi hækka minna í verði fyrir þann aukakostnað, heldur en vegna tollgreiðslunnar fyrirfram, sem h. flm. (Ól. Br.) tók fram, að mundi valda verðhækkun.

Í 3. gr. stendur, að aldrei megi líða meir en 3 mánuðir frá því vörurnar eru innsiglaðar og þangað til tollinum er að fullu lokið; þetta álít jeg enga framför frá því, sem verið hefir, ef það er ekki lakara, því að það, að greiða tollinn þegar með ávísun upp á eitthvert verzlunarhús erlendis, sem kaupmaðurinn hefir viðskipti við, er kaupmönnum óefað hentugra, heldur en að greiða tollinn í peningum hjer á landi áður en 3 mánuðir eru liðnir frá móttöku vörunnar; en af frv. verður ekki sjeð, að kaupmönnum sje heimilt að greiða tollin með ávísun, og er jeg sannfærður um, að kaupmenn mundu heldur kjósa, að greiða allan tollinn fyrir fram, en vera útilokaðir frá að gjalda hann með ávísun.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Viðvíkjandi því, er h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) tók fram, að kaupmenn væru útilokaðir frá að greiða tollinn með ávísunum, þá er það ekki tilgangur frumvarpsins, enda fæ jeg ekki sjeð, að sá skilningur verði lagður í það, en sökum þess, að jeg álít að bendingar h. þm. geti miðað til bóta, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á að málinu sje vísað til nefndarinnar í tollmálinu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til tollanefndarinnar, og 2. umr. frestað.

Frumv. til viðaukalaga við lög nr. 2, 9. jan. 1880, um uppfræðing barna í skript og reikningi (C. 172); 1. umr.

Flutningsmaður (*Árni Jónsson*): Jeg efast ekki um, að allir h. þingdm. þekki þessi þrjú orð: *frelsi*, *menntun*, *framfarir*. Heill þjóðanna er undir því komin, að frelsi, menntun og framfarir sjeu sam-

fara hjá þeim. Allt það, sem aflar frelsis og framfara, ættu þjóðfjelagin að styðja, og megin þátturinn til þess að efla og auka sjálfstæði og framfarir er menntunin. Hún er skilyrði fyrir frelsi og framförum. En orðið menntun er eins og flest orð; það má snúa það á ýmsa vegu. Hver leggur þá þýðingu í það, sem honum finnst bezt við eiga. En því að eins er menntunin góð og sönn og rjett, að hún miði til heilla og hags fyrir þjóðina og komi að gagni og góðum notum. Menntamálið hefir verið á dagskrá um lengri tíma. Síðan menn fóru að hugsa alvarlega um frelsi og framfarir landsins, hafa menn líka fundið til þess, hve mikil þörf er á menntuninni. En menntunin nær ekki tilgangi sínum, nema henni sje beint í góða og gagnlega stefnu. Strjálbyggð landsins er mikil, efnahagurinn smár og kraptarnir veikir, en menntunin á að miða til þess að tengja saman hinar breiðu byggðir, styðja að því, að sameina kraptana. Hún á að kenna mönnum, að hagur hins almenna er hagur hins einstaka, og þótt langt sje á milli og litlir kraptar, þá megi þó mörgu góðu og gagnlegu til vegar koma, til frelsis og framfara, með því að taka höndum saman, því «margar hendur vinna ljett verk.» En þegar ræða er um eitthvað nýtt, þá eru skoðanir manna vanalega mjög misjafnar, og þarf því opt langan tíma til þess, að átta sig á því, hvað muni affarabezt. Þetta má með sanni segja um alþýðumenntunarmálið. Ýmislegt hefir verið gjört til þess að hrinda því í lag, en reynslan hefir sýnt, að menn hafa ekki æfinlega hitt það sem æskilegt var. Það var einn sprettinn efst á baugi, að koma upp skólum. Þegar Möðruvallaskólinn var stofnaður, hugðu flestir gott til. Nú er svo komið, að menn vilja annaðhvort færa hann eða leggja hann alveg niður. Þó er mjög varhugavert að flýta sjer að breyta því, sem einu sinni er búið að setja á stofn, því þegar menn vilja byggja á reynslunni, þá verður það að vera löng reynsla. Ýmislegt getur komið fyrir, sem getur hnekkt einu fyrirtæki um lengri eða skemmri tíma. Mörg atvik geta legið til þess, að ein stofnun getur eins og lagzt í dá, svo sem illt árferði og þar af leiðandi bágborinn efnahagur almennings. En þetta getur lagast og stofnunin rjett við aptur.

Þegar nú litið er á samband hins opinbera við alþýðumenntunarmálið, þá hafa komið fram tvær stefnur. Fyrri stefnan, sem um hefir verið rætt, er sú, hvort hið opinbera eigi með lögum að fyrirskipa fastar reglur fyrir almennri alþýðuuppfræðingu. Hin stefnan er fólgin í því, að hið opinbera styðji að því, að menntunarfýsnin vakni við og þróist meðal almennings af sjálfri sjer, og síðan, þegar menntunarlöngunin er vöknuð, að styðja menn með fjárframlögum til að menntast og mennta.

Jeg fyrir mitt leyti álít hina síðari stefnuna heppilegri hjer á landi, og í þá stefnu fer þetta lagafrumv. Hjer með er gefin hvöt til þess, að hlutaðeigendur sjái sjálfir gagn og nauðsyn menntunarinnar, og þannig reyni til að vekja hjá þeim tilfinningu fyrir því og löngun til þess, að mennta börn sín, svo þau verði sjálfstæðari eptir en áður, færari um að gegna skyldum sínum, þeim til gagns og sjer og öðrum til sóma.

Á síðasta þingi kom alþýðumenntunarmálið fram í ýmsum myndum; en ekkert af frumv. um þetta mál komst út úr þinginu. Samt fór þingið á endanum í þá stefnu, sem jeg hefi nú tekið fram, því í fjárlögunum var veitt fje til alþýðumenntunar, án þess nokkur lagaákvæði væri sett um námið. Sveitakennurunum var heitinn styrkur úr landssjóði, og þannig gefin hvöt til að starfa sjálfir betur en ella að alþýðumenntun. Á hinn bóginn ljetti þingið með þessu fjárframlagi undir með þeim, sem þurftu að láta kenna börnum sínum.

Eins og háttv. þingd.mönnum er kunnugt, var í vetur stofnað fjelag, sem hefir þann tilgang meðal annars, að efla alþýðumenntunina. Þetta fjelag hefir óskað eptir því, að þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, verði lagt til grundvallar fyrir meðferð þingsins á þessu máli nú á þinginu. Jeg skal taka það fram, að við flutningsmenn höfum tekið málið að oss, án þess þó að vera því samþykkir að öllu. En við ætluðum rjettara að koma með það þannig, sem minnst breytt, þar eð við því mætti búast, þótt við hefðum breytt því, þá mundi enn þurfa að sníða það til í nefnd. Aðalstefna þess er sú, að auka eptirlitið með uppfræðslunni, sem þykir of lint í hinum eldri lögum. Einnig fyrirskipar það, að gefa skuli nákvæmar skýrslur um hin fyrirskipuðu próf, og má vel vænta þess, að þessar skýrslur geti síðar orðið gagnleg hjálp og undirstaða undir almennri reglugjörð fyrir skólahaldi yfir höfuð. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en fela það góðri umönnun hinnar heiðruðu þingdeildar.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg stend upp að eins til þess að taka það fram, að jeg er á móti því, að vankunnátta í reikningi standi börnum fyrir fermingu, ef þau eru svo vel að sjer í lestri og kristindómi, að þau geti fyrir þá sök álitizt fermingarfær. Mjer mun, vona jeg, síðar gefast kostur á að tala fleira um þetta mikilsverða mál, ef jeg finn eitthvað athugavert við það, en í þetta skipti má ekki fara út í einstakar greinar.

Jón Þórarinsson: Hinum háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, að á ýmsum undirbúningsfundum undir þetta þing hefir alþýðumenntunarmálið verið rætt og skoðað sem eitt hið helzta mál, og hafa síðan frá fundum þessum komið áskoranir til þingsins um að taka málið fyrir og koma því í fastari stefnu og betra horf o. s. frv. Áskoranir þessar eru ýmislega orðaðar, en þær hníga allar að því sama, að hefja og fullkomna alþýðumenntunina. Þetta er gleðilegur vottur þess, að alþýðan finnur til þess, að hún þarfnast meiri menntunar til þess, að geta neytt allra krapta sinna andlegra og líkamlegra, neytt þeirra hæfilegleika, sem hún að vísu hefir, en sem eins og liggja í dái. Það er gleðilegt einnig fyrir alþingi að sjá, að alþýðan ber svo gott traust til þess í þessu máli. Alþingi hefur í hendi sjer löggjafarvaldið og fjárframlagsvaldið; það getur því hjálpað þessu máli við, enda er jeg sannfærður um, að þingið hefir ekki einungis máttinn heldur einnig viljann til, að verða við áskorunum almennings og ráða fram úr málinu eptir því, sem atvik leyfa. Þótt þingið ekki samþykki neitt frumv. um almennar reglur, er gildi fyrir alþýðukennslu um allt land, líkt því, sem jeg bar upp á síðasta þingi, þá álít jeg samt mikla bót á ráðna, þó ekki verði farið lengra, en að tryggja eptirlitið með þeim skólum, sem komnir eru á fót og njóta styrks af almannafje, og eins umgangskennslu, sem styrkt er af landssjóði, til þess að nokkurn veginn vissa geti fengizt fyrir því, hvernig því fje er varið eða til þess, að fjeð sje ekki veitt út í bláinn. Þetta atriði legg jeg mjög mikla áherzlu á. Enn fremur vona jeg, hvað sem öðru líður, að þingið gjöri eitthvað til að bæta andlegan og líkamlegan hag þeirra, sem kenna alþýðunni, en sem hingað til hafa starfað að því fyrir mjög lítil laun. En jeg skal ekki fara lengra út í einstök atriði að sinni. Mjer mun gefast kostur á, að tala um málið seinna. Að endingu skal jeg að eins láta gleði mína í ljósi yfir því, hve vel og fagurlega háttv. þm. Mýram. (Á. J.) talaði fyrir þessu máli. Hann nefndi þrjú orð, sem eru svo falleg og eiga svo vel saman: frelsi, menntun, framfarir, en eins og hann líka tók fram, getur frelsið ekki komið að tilætluðum not-

um, nema menntunin sje því samfara og vil. jeg í þessu tilliti minna á orð þjóðskáldsins:

«Stjórnarfrelsi firrt þeim krapt,
«sem fær af menntun staðið,
«það er sama og sjelegt skapt
«sem að vantar blaðið.

Sama er að segja um framfarirnar. Þær eru eins undir menntuninni komnar eins og frelsið. Jeg enda svo með þeirri ósk og von, að þingið vinni að máli þessu með alvöru og góðum tilgangi, þá verður árangurinn nokkur.

Þorsteinn Jónsson: Af því jeg tel það víst, að nefnd verði sett í þetta mál og það sem kemur næst á eptir á dagskránni, þá vil jeg leyfa mjer, þó þetta sje 1. umr. málsins, að benda á, að það mun ekki sem heppilegast að hafa sömu prófdómendurna við öll próf í sýslunni. Jeg ímynda mjer, að það sje of erfitt og mikið verk. Jeg held rjettara væri að setja prófdómendur í hverri sókn. Jeg segi þetta að eins til bendingar fyrir hina tilvonandi nefnd.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal lýsa því yfir, að það hefir glatt mig, að sjá og heyra bónda standa upp og mótmæla því, að skript og reikningur sjeu gerð að skilyrði fyrir fermingu ungmenna. Jeg get vel skilið, að kunnátta í skript og reikningi sje gerð að skilyrði fyrir ýmsum borgaralegum rjettindum, svo sem giptingu o. fl., en aptur á móti hlýt jeg kirkjunnar vegna að mótmæla því, að slíkt sje látið svipta menn aðgangi að kirkjulegum rjettindum. Jeg get reyndar ímyndað mjer, að þetta ákvæði frumvarpsins eigi að vera nokkurskonar keyri á menn til að halda börnum sínum betur að námi, en keyrið er ranglátt, og því óheppilegt að nota það. Jeg álít sem sje mjög ranglátt, að neita þeim börnum, sem eigi *geta* lært skript og reikning, um aðgang að hinum helgustu rjettindum kristlegrar kirkju, og sú yrði þó máske afleiðingin, því að sum börn geta ef til vill eigi lært þessar námsgreinir og væri þá harla ranglátt að neita þeim fyrir þá sök um þessi dýrmætu rjettindi. En hjer við bætist og, að keyrið er óparft, því að jeg veit ekki betur, en að börn læri almennt að skrifa og reikna, og er slíkt eigi einungis venja heldur og lögboðin skylda. Jeg hefi lesið í einhverju blaði, eptir einn af vorum lærifeðrum, að skylt væri að leggja sömu áherzlu á skript sem lestur, en lestur var fyr meir gerður að sjerstakri skyldu sökum þess, að hann er skilyrði fyrir að geta lesið guðsorð. En þetta frumv. er einnig óparft að því leyti, sem prestar eptir núgildandi lögum eru skyldir að gera það, sem þeir geta til þess, að börn læri skript og reikning, og eru prófastarnir, að minni hyggju, skyldir að rannsaka, hvernig þeir leysi einnig þetta skylduverk sitt af hendi, og jeg skal, að því er mig snertir, sjerstaklega taka það fram, að jeg hefi jafnan, þar til í fyrra, á vísitazíuferðum mínum yfirheyrt sjálfur börn í mínu prófastsdæmi í þessum námsgreinum. Þetta fyrirkomulag. að börn þannig læri skript og reikning undir umsjón presta og yfirumsjón prófasta, álít jeg talsvert kostnaðarminna, en að gera út sjerstaka menn sem prófdómendur, við hvert próf sem haldið er. Jeg skil frumv. svo sem þessir prófdómendur skuli skyldir, að vera við próf í hverri kirkjusókn, en eru þeir þá eigi líka skyldir til að hlýða á próf í öllum skólum? Í raun og veru er eptirlit nauðsynlegt, og að því leyti er hugmynd frumvarpsins góð, en þar sem hjer er um svo lítið nám að gera, þá finnst mjer eptirlitið of kostnaðarsamt; væri námið meira, þá hefði jeg aptur á móti ekkert út á það að setja, þótt 2 menn væru sendir um hvert hjerað. — Jeg vona, að nefnd verði sett í menntamálið yfir höfuð, og skal jeg því að sinni eigi fara fleiri orðum um þetta frumv.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Bóndinn, sem gladdi svo mjög hjarta h. 1. þm.

K.-G. (Þór. B.) og læknirinn, sem síðar talaði, fóru báðir út í hin einstöku atriði þessa frumv., og finn jeg eigi ástæðu til að svara því. fyr en við 2. umr. Eptir því sem mjer skildist á h. 1. þm. K.-G. (Þ. Böð.), þá bjóst hann við, að nefnd yrði sett í málið, og er því vonandi, að gallar þeir, sem hann og aðrir finna á frumv., standi til bóta, en þar sem hann sagði, að frumv. þetta væri óþarft, og færði það til, að prestar og prófastar væru skyldir að sjá um, að börn lærðu þær námsgreinir, sem tilteknar eru í frumv., þá verð jeg að minna hann á, að í þessu frumv. er íslenzk rjettritun einnig talin með þeim námsgreinum, er prestum er gert að skyldu að prófa börnin í, en það hefir eigi áður verið. Og að því er snertir yfirumsjón prófastanna, þá vitum vjer, að sum prófastsdæmi eru mjög stór og örðug yfirferðar, svo að prófastar munu trauðlega geta vísiterað þar á hverju ári, þótt það sje hægt í einstöku prófastsdæmum, þar sem eru góðir vegir og lítið svæði yfir að fara. Auk þess er vísitazíulaunum þeirra þannig fyrir komið, þar sem þau eiga að takast af kirkjunum, að bæði þeim og öðrum þykir hart aðgöngu, að þurfa að auka fátækum kirkjum kostnað þann á hverju ári, ef eigi ber brýna nauðsyn til. Og þá er prófastinum er orðið kunnugt um, að prestar gæta skyldu sinnar í embætti, við barna-uppfræðingu og umsjón kirknanna, þá virðist ekki brýn þörf til að hann «vísiteri» nema annaðhvort ár, þar eð kirkjureikningar koma fyrir hjeraðsfund, er á að yfirskoða þá og úrskurða.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að við sem erum flutningsmenn þessa frumv., gerum eigi einstök atriði þess að kappsmáli, enda er frv. eigi frá okkur komið, heldur frá hinu íslenzka kennarafjelagi, sem stofnað var hjer í Reykjavík á síðastliðnum vetri. En það vona jeg þó, að allir játi, hvort sem þeir eru við þetta mál riðnir eða eigi, að hjer er mikið verkefni fyrir höndum og margt að lagfæra, þar sem alþýðumenntunarmálið er, og þegar jeg heyrði hina fögru ræðu h. 2. þm. Kj. og Gullbrs. (J. Þ.), sem mest hefir hugsað um þetta mál, og um leið og jeg minntist á strjálbyggðina hjer á landi með afleiðingum hennar, þá duttu mjer í hug orð skáldsins (Gray): «Full many a flower is born to blush unseen and waste its sweetness on the desert air», þ. e.

Fæðist margt blóm
í fjarrum dölum
og eyðir ilm sínum
í eyðilopti.

Það eru þessi fjarlægu, einmana blóm, er dyljast í dölunum og til og frá út með ströndunum, sem jeg óska að menntunin, sönn og fögur menntun, saman tengi. Svo, þótt langar sjeu leiðir á milli, háar heiðar og brattar bárur, og örðugt sje að halda höndum saman, þá verði þó hugurinn einn, stefnan viss og viljinn sterkur, að vinna samhuga að því, sem er satt og rjett og gott og gagnlegt, og sem horfir til hags og heilla fyrir *fjelagsskap* og *framfarir* og *frelsi* og *fósturjörð*.

Sigurður Stefánsson: Þótt jeg sje ekki einn af flutningsmönnum frv. þessa, þá er jeg því heldur meðmæltur, og það því fremur sem því svipar til frv. þess um sama mál, er jeg var riðinn við á síðasta þingi. Jeg skal játa það, að jeg gæti að nokkru leyti verið samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) um, að það gæti verið hart eins og farið er fram á í frv. að gjöra kunnáttu í skript, reikningi og rjettritun að fermingarskilyrði, ef hjer væri að ræða um svo mikið nám, að það væri örðugt eða lítt kleyft fyrir þorra barna að að leysa það af hendi, en því er fjærri að svo sje, og sýnist mjer lítið gjört úr vitsmunum vor Íslendinga, ef vjer vantreystum því, að flest börn 14 ára gömul hafi ekki getað lært það, sem frv. fer

fram á. H. þm. (Þ. Böðv.) talaði mjög um hin helgu rjettindi, er fermingin hefði í för með sjer. Jeg játa það, að hún hafi nokkur rjettindi í för með sjer, en fullmikið mun h. þm. þó gjöra úr þeim. Jeg veit ekki betur, en að ófermd börn geti fengið að neyta hinnar heilögu kveldmáltíðar, og það verð jeg að segja, að jeg þekki ekki önnur helgari rjettindi bundin við ferminguna, en einmitt þessi rjettindi; verð jeg því að telja, að með því sje brotinn hvassasti broddurinn af ástæðum h. þm. (Þ. Böðv.) gegn fermingarskilyrðinu.

H. þm. talaði um, að þetta skilyrði væri haft sem keyri á menn, en gat þess þó jafnframt, að þessa keyris þyrfti ekki, því að það væri komið inn í meðvitund almennings, að fullnægja þeim skilyrðum, sem hjer eru sett. Sje svo, þá er hjer heldur ekki um neitt keyri að ræða á borði, þótt sumum kunni að virðast það á orði. Því síður getur hjer verið um nokkurt verulegt keyri að ræða, sem skilyrðin þurfa ekki að hindra n okkurt barn, sem ekki er hreinn og beinn tossi, frá því að ná fermingu 14 ára.

Þá talaði h. þm. um lesturinn og hversvegna hann væri fermingarskilyrði. Jeg játa það, að hann sje það nú, en það vitum vjer, að fram undir vora daga og jafnvel fram á vora daga, hafa ólæsir menn verið fermdir. og jeg leyfi mjer þó að efast um, að við báðir tveir, jeg og l. þm. G.-K. sjeum hóti betur kristnir, en sumir þeirra, því að það vitum vjer þó, að kristindómurinn er ekki kominn undir því einu, að kunna að lesa, heldur því að þekkja sannleika hans og fylgja kenningu hans.

H. þm. (Þ. Böðv.), þótti þetta frv. taka einhvern heiður frá prófföstum, er þeir hefðu af eptirliti sínu með fræðslu barna (*Þ. Böðv.:* ónei); jeg bið fyrirgefningar sje það ekki rjett hermt. Mjer virðist prófastar geta látið eptirlitsljós sitt skína eins skært á visitatíuferðunum eptir sem áður; meira að segja verkahringur þeirra verður enn veglegri, er þeir eiga að líta eptir því, að lögum þessum sje fylgt og fermingarskilyrðinu fullnægt. Jeg skal enn taka það fram, að jeg tel fermingarskilyrði vera hið eina praktiska ráð. Vjer vitum að tíminn fram að fermingu, er yfir höfuð hinn eini tími, er foreldrarnir geta haft verulegt eptirlit með börnum sínum, og sá tími sem þeir gera sjer mest far um, að veita þeim fræðslu í kristindómi og öðrum fræðum, En erfitt er að leggja umsjónarskylduna á foreldrana stórum lengur, en nú er gert. Að minnsta kosti skil jeg ekki í, hvernig mönnum getur komið til hugar, að sekta foreldra, ef þeir láta börn sín ekki koma til prófs fram til 19. árs, slíkt sýnist mjer vera hugsað fyrir ofan skýin eða neðan jörðina. Ástæðum flestra foreldra hjer, er svo háttað, að þeir verða annaðhvort að láta börn sín frá sjer þegar eptir fermíng, eða verða að láta þau vinna fulla vinnu hjá sjer, svo að þau hafa lítinn tíma afgangs til bóknáms. Vjer verðum vandlega að taka til greina hvernig öllu hagar hjer til, því að það er að eins til ills eins, að fara að búa til lög um menntun alþýðu, sem setja þau skilyrði, sem landsmönnum eptir því, sem hjer hagar til, er ómögulegt að fullnægja.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefði ætlað, að h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) mundi fylgja þessu frv., nema ef það væri af því, að hann hefir staðið fast á því, að kunnátta í skript og reikningi væri nú skilyrði fyrir fermingu. H. þm. (S. St.) kannaðist við, eins og vonlegt var, að altarisgangan væri veruleg rjettindi kristinna manna. Mjer er það kunnugt, eigi síður en h. þm. að í einstökum tilfellum hefir ófermdum unglingum verið leyft, að neyta hinnar heilögu kveldmáltíðar; löggjafarvaldið hefir ekki viljað svipta þá, sem náð hafa nokkurnveginn þekkingu í kristindóminum, þessum helgustu rjettindum, en

það er svo fjærri því, að þessu hafi verið fylgt sem aðalreglu, að það eru hreinustu undantekningar hjer hjá oss. Jeg hef ekki haldið því fram, að skilyrði frv. sjeu svo þung, en hitt segi jeg, þau eru óeðlileg. Eigi sagði jeg heldur, að *þau væru* keyri á menn, en að eptir frv. *ættu þau að vera* keyri. Jeg skal leiða hjá mjer að dæma um kristindóm þeirra, sem ólæsir hafa verið í samanburði við kristindóm minn og h. þm. Jeg ætla ekki, að koma hjer fram sem dómari um kristindóm h. þm., en jeg tel það einnig ráðlegast fyrir hann, að láta hlutlausan minn kristindóm. Það er hárrjett skoðun löggjafans, að lestrar kunnátta sje nauðsynlegt skilyrði fyrir fermingu, því að með henni er mönnum greiddur vegur til að geta lesið hina ótæmandi auðsuppsprettu andlegs fróðleiks, sem er fólgin í guðsorðabókum, og sjerstaklega heilagri ritningu. Jeg hef að vísu ekki sjálfur fermt ólæst barn, en jeg hef þó þekkt til slíkra barna, og jeg vitna það opinberlega, að kristindómskunnátta þeirra var sem engin. Þetta er mín reynsla, hvað sem h. þm. segir um kristindóm ólæsra manna. Að öðru leyti er jeg þm. samdóma um, að ekki sje farið fram á meira í frv. en flest börn geta af hendi innt.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er þakklátur báðum h. þm., sem talað hafa, því að þeir hafa sagt flest það, sem jeg vildi sagt hafa, og að þeir hafa kannast við, að það sje mikill áhugi manna að kenna lestur og skript, en hagur manna er erfiður og því torvelt fyrir flesta að leggja mikið í kostnað til þess. Það dugar ekki að segja þeim að borga, sem ekkert fje hafa. Mjer sýnist flestir þykjast hafa nóg á sinni könnu og það jafnvel hinir andlegu eða prestlegu menn. Jeg held líka að það sje naumast rjett hermt, að börn geti verið búin að læra það, sem frv. heimtar þegar þau eru 14 ára; og jeg álít krófurnar óeðlilegar og ekki eiga sæti á sömu hyllu. Jeg skil heldur ekki almennilega í því, að prestum sje ekki trúandi fyrir að hafa eptirlit með fræðslu barna. Jeg sje ekki heldur, hvað unnið er við að sýslunefnd taki til prófmenn, því að ekki mun einhlitt að taka þá sjálfa til þess starfa, þeir munu varla þeim mun helgari en aðrir menn, að þeim sje betur til þess trúandi en t. d. prestunum sjálfum. Jeg vil láta mjer nægja álit sóknarprestsins, hann getur ef vill, annaðhvort tekið sjer tvo menn til aðstoðar eða þá haft sóknarnefndina til þess.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að leggja til að 5 manna nefnd sje sett í mál þetta.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt og kosnir.

Árni Jónsson	með	16 atkv.
Jón Þórarinsson	—	15 —
Ólafur Briem	—	10 —
Sigurður Jensson	—	10 —
Sigurður Stefánsson	—	8 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um menntun alþýðu (C. 169) 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg skal leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir því, hvernig á því stendur að frv. þetta kemur fram hjer á þingi.

Á síðast liðnum vetri skipaði hið íslenzka kennarafjelag nefnd til þess, að semja frv. um menntun alþýðu. Nefnd þessi varði töluverðum tíma til starfa síns og samdi frumv., er síðan var rætt á einum af málfundum kennarafjelagsins og samþykkt þar með litlum breytingum En jafnframt var ákveðið, að leggja frv. fyrir aðalfund fjelagsins og var svo gjört. Á fundinum mættu því allmikil mótmæli af hálfu sumra fundarmanna, og var það að ráði gjört, að setja að nýju nefnd, til þess að íhuga frv. og var sú nefnd kosin á fundinum. Þessir nýju nefndarmenn gátu ekki fellt sig við hið upprunalega frumv,

heldur sömdu samdægurs nýtt frv. er þeir lögðu fyrir fundinn daginn eptir, var það frv. síðan samþykkt á fundinum með nokkrum atkvæðamun og hefir það nú, eins og h. þingdm. mun kunnugt, komið hjer inn í deildina í dag, og nefnd verið sett í því.

Það var einkum tvennt, er hvatti mig til þess að flytja þetta frv. hjer á þingi, fyrst það, að það hafði mætt góðum undirtektum yfir höfuð á þingmálafundum þeim, er átt höfðu kost á að kynna sjer það, og svo þótti mjer það rjett, að þinginu gæfist kostur á að fjalla um frv. það, er kennarafjelagið hafði leitazt við, að gjöra vendilega úr garði, og sem náð hafði fylgi allmargra fjelagsmanna að minnsta kosti jafnhliða frv. því, sem hjer er flutt af öðrum háttv. þm.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um frv., en leyfi mjer að leggja það til, að því sje vísað til nefndar þeirrar, er sett var í næsta máli á undan, svo að henni gefist kostur á að taka þessi tvö frv. um menntun alþýðu jafnhliða til íhugunar.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að vísa frv. til nefndarinnar í málinu um uppfræðing barna í skript og reikningi.

1. umr. frestað.

Frumv. til laga um fátækramálefni (C. 164); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Mál það sem hjer er um að ræða, er mjög þýðingarmikið fyrir land allt, enda hefir það og áður verið fyrir hjer á þingi. Þannig setti efri deild á síðasta þingi nefnd manna, til að íhuga fátækrareglugerðina frá 8. jan. 1834 og kom hún fram með ýmsar góðar bendingar í máli þessu.

Jeg skal nú reyndar fúslega játa, að þessi reglugerð er, eins og flest lög frá þeim tímum, í mörgum greinum skipuleg og góð, en sökum þess, að hún er orðin gömul, þá er sumt í henni úrelt orðið og víða þörf á, að orða hana upp aptur, enda fjalla nú ýmsir um sveitamál, sem eigi eru þar nefndir. Frumv. þetta miðar þannig í mörgum greinum eigi til neinna verulegra breytinga, heldur er þar víða að eins gömul meining klædd í nýjan búning.

Jeg ætla að mjer sje heimilt, að minnast á hin helztu nýmæli þessa frumv. nú við 1. umr., og vona að h. forseti taki eigi hart á því.

Það tel jeg mest nýmæli í frumv. þessu að hver sveitarstyrks þurfi skuli eiga framfærslurjett í sínum fæðingarhreppi og á það nýmæli legg jeg mesta áherzlu, því að sorglegt er til þess að vita, hversu efnalitlir menn eru opt hraktir úr einu horni í annað og hvernig margur maður, sem hefði getað komizt af án sveitarstyrks, er neyddur til að þiggja af sveit á 10. ári til þess, að hægt sje að hrekja hann burt af þeim stöðvum, þar sem hann er lengi búinn að una lífi sínu. Þessi 10 ára regla hefir frá upphafi verið óhæf, en sjerstaklega hafa þó gallar hennar komið mest í ljós á síðustu árum. Jeg skal taka til dæmis, að hjú, sem dvalið hafa í ýmsum hreppum meðan þau voru á bezta skeiði, og ef til vill unnið sjer hrepp, geta svo á sextugs aldri skipt um hrepp og orðið þar sveitlæg, sem þau hafa lítið eða ekkert gagn gert en aðeins dvalið. Jeg skal, máli mínu til stuðnings, tilgreina eitt dæmi, sem komið hefir fyrir, og sýnir það ljóslega, hve ósanngjörn þessi lög hafa orðið í framkvæmdinni. Kona ein á Norðurlandi, sem var sinnisveik og búin að vera mörg ár á sveit, fer burt úr sveit sinni í annað bygðarlag; þar dvelur hún í 10 ár og nú verður ágreiningur um, hvar hún sje sveitlæg, og er að lokum felldur sá úrskurður, að hún sje sveitlæg í þeim hreppi, er hún hafði síðast dvalið, með því að hún hefði engan sveitarstyrk þegið.

Það sem jeg álít mestan kost við þetta nýmæli er það, að komizt ákvæðið um fæð-

ingarhreppinn inn í sveitalöggjöf þjóðar, innar, þá vita hreppar framvegis, hvað þeir eru að gera, þegar þeir eru að upp ala fátæk börn og eiginn hagur mundi þá heldur hvetja þá til, að upp ala þau þannig, að þau yrðu nýtir menn, hreppnum til gagns og sóma, en ekki iðjulausir dáðleysingjar sjer og öðrum til byrði, og þessi hugsun vildi jeg, að jafnan væri vakandi fyrir mönnum, því þá mundi hagur margra sveitarfjelaga vera öðruvísi en hann nú er.

Hið annað nýmæli frumv. er, að kjósa skuli sjerstakan fátækrastjóra, er fái allt að 300 kr. þóknun fyrir starfa sinn, og álít jeg það einnig mjög mikilsvarðandi. Áður höfðu hreppstjórar þann starfa á hendi, að annast stjórn fátækramála, og fylgdu því talsverð hlunnindi, en eptir að hin nýju lög um hreppsnefndir komust á hefir þetta vandasama starf verið ólaunað. Í öðrum löndum getur slíkt fyrirkomulag, sem nú er á stjórn fátækramála átt við, en hjer í þessu fátæka landi geta menn eigi lagt vinnu sína í sölurnar í þarfir hins opinbera endurgjaldslaust, og þar að auki hefir reynslan sýnt, að þessar nefndir eru eigi sem heppilegastar að því leyti, sem fátæklingar opt eigi vita, til hvers þeir eiga að snúa sjer, en væri einn fátækrastjóri, þá væri ráðin bót á þeim annmarka. Jeg sagði, að í ýmsum löndum væri stjórn fátækra mála í höndum nefnda, er eigi fengju borgun fyrir starfa sinn. En jeg þekki þó eitt praktiskt land — England — sem launar þenna starfa og fylgir hinni gömlu reglu: οὐκ ἀγαθὸν πολυκοιρανίη, εἷς κοίρανος ἔστω, eða: margræði er eigi gott, einn skal ráða. Þetta eru hin helztu nýmæli frumv.; reyndar er sumt fleira í því nýtt, en jeg skal ekki fara út í það að þessu sinni. Að því er snertir náunga-framfærið, skal þess getið, að hin gamla reglugerð heimilar sama skilning á þar að lútandi ákvæðum, eins og kemur fram í þessu frumv., en hún hefir þó hingað til eigi verið skilin svo. Jeg get nú ímyndað mjer, að sumum kunni að detta í hug, að jeg vilji hafa þetta frumv. fram í þess núverandi mynd, en það er ekki tilgangur minn, heldur vil jeg einungis, að menn íhugi málið vandlega, og átti þetta frumv. að gefa tilefni til þess, ef vera kynni, að málið gæti með því móti orðið útkljáð á næsta þingi. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Var þá gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi setja í málið, og sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, var við haft nafnakall, og sögðu þessir

já:	nei:
Páll Olafsson	Sigurður Jensson
Eiríkur Briem	Árni Jónson
Grímur Thomsen	Jón Jónsson N.-M.
Gunnar Halldórsson	Jón Jónsson N.-Þ.
Jón Þórarinsson	Olafur Pálsson.
Jónas Jónassen	Páll Briem
Ólafur Briem	Sigurður Stefánsson
Þórarinn Böðvarsson	Sveinn Eiríksson
Þorlákur Guðmunds.	Þorleifur Jónsson
Þorsteinn Jónsson	Þorvaldur Bjarnars.
Þorvarður Kjerúlf	

og var 5 manna nefnd þannig samþ. með 11: 10 atkv. og í hana kosnir

Þórarinn Böðvarsson	með	16	atkvæðum
Jónas Jónassen	—	10	—
Ólafur Pálsson	—	9	—
Sveinn Eiríksson	—	9	—
Þorvaldur Bjarnarson	—	9	—

1. umr. frestað.

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. (C. 176); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tíundi fundur, laugardag 13. júlí á hád. Allir á fundi nema þm. Vest. Skapta-

fellss. (Ó. P.), sem hafði fengið leyfi forseta.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin tilkynning frá 1. þm. G.-K. (Þór. B.) um að 2. þm. S.-Múl. *(Lárus Halldórsson)* vegna lasleika gæti ekki mætt á alþingi í sumar.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni í fátækramálum væri kosinn form. Þórarinn Böðvarsson og skrifari Jónas Jónassen og að í nefndinni í málinu: Viðaukalög við lög nr. 2 9. jan 1880 um uppfræðslu barna í skript og reikningi, væri kosinn form. Árni Jónsson og skrifari Sig. Jensson.

Ennfremur skýrði forseti frá, að lagt væri fram á lestrarsalinn:

Mótmæli úr Stokkseyrarhreppi gegn því að Eyrarbakki fái kaupstaðarrjettindi (í tvennu lagi).

Landshöfðingi gefur þingdeildinni skýrslu.

Landshöfðingingi: Samkvæmt ályktun alþingis 1887, þar sem skorað var á stjórnina að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði um, að þeir samkvæmt lögum 27. febr. 1880 taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landssjóður á, þá hefir þessa verið farið á leit við hlutaðeigandi söfnuði, en það hefir gengið mjög drætti að fá svör frá þeim, og frá sumum þeirra hafa eigi komið svör fyr en þing var sett. Jeg ætla nú í fám orðum, að leyfa mjer að skýra h. deild frá undirtektum safnaðanna í þessu máli, og byrja að austan og er þá:

1. Bjarnarneskirkja. Sú kirkja er nýlega byggð og af fjárveitingarvaldinu var ekkert til hennar sparað. Frá söfnuðinum hefir mjer í þessum mánuði borizt yfirlýsing um, að hann vilji taka að sjer fjárhald og umsjón kirkjunnar með þeim skilmálum, að henni fylgi 3000 kr. sem portion, og býðst söfnuðurinn til að taka upp í þessar 3000 kr. 2 jarðir, Horn og Hafnarnes, sem liggja undir Bjarnarnesumboð; þar sem afgjald þeirra jarða samsvarar vöxtunum af 3000 kr.

2. Prestbakkakirkja; söfnuðurinn þar hefir algjörlega hafnað tilboðinu um, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar og ber fyrir sig að hann sje fátækur, og því sje honum um megn ábyrgð sú, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar.

3. Langholtskirkja; þar hefir söfnuðurinn einnig neitað að taka við fjárhaldi og umsjón kirkjunnar af því allt sje þar á fallandi fæti, vegna eyðileggingar þeirrar, er jarðirnar verða fyrir árlega, og útlit er fyrir, að innan fárra ára yrðu í sókninni ekki nema öreigar einir, sem hvorki væru færir til, að hafa umsjón og fjárhald kirkjunnar nje væri trúandi fyrir því; og eins og menn vita, þá er allt Meðallandið að ganga úr sjer og er sífeldri eyðileggingu undirorpið af sandfoki, og þessvegna er söfnuðinum vart láandi þessi ummæli.

4. Þykkvabæjarklausturskirkja. Þar hefir söfnuðurinn neitað að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, en því máli fylgja engar frekari skýringar.

5. Vestmannaeyjakirkja. Söfnuðurinn þar er ófáanlegur til að taka að sjer umsjón kirkjunnar og á almennum safnaðarfundi sem haldinn var í málinu, var samþykkt svohljóðandi fundarályktun:

«Eptir undirtektum þeim, er tilboð safnaðarins um, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, hlaut á síðasta alþingi, örvæntir fundurinn, að alþingi á yfirstandandi kjörtíma gangi að, eða bjóði fram þá kosti, er gætu verið aðgengilegir fyrir söfnuðinn, og ályktar því, alls eigi að gefa kost á því, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar að svo stöddu».

6. Reykjavíkurkirkja. Söfnuðurinn hjelt fund 27. októb. 1888, og var sá fundur sóttur af 80 atkvæðisbærum mönnum af nálægt 700; á þessum fundi var

nefnd kosin í málið, og íhugaði hún það mjög vandlega; og samdi álit, sem hún síðan lagði fyrir almennan safnaðarfund, sem sóttur var af nál. 80 manns. Þessi fundur samþykkti með 72 atkv. eptir tillögu nefndarinnar svohljóðandi ályktun: «að hafna að svo vöxnu máli uppástungunni um að taka að sjer umsjón og fjárhald dómkirkjunnar, meðan söfnuðurinn ekki fær áreiðanlegt og greinilegt yfirlit yfir kostnaðinn við hæfilega stækkun kirkjunnar og allar nauðsynlegar umbætur.» Fundurinn var þannig ekki svo fjölmennur, að lögmæt ályktun yrði tekin um málið.

7. Möðruvallaklausturskirkja. Söfnuðurinn hjelt þar fund á 6. sunnud. eptir trinitatis. Í sókninni eru alls 66 atkvæðisbærir menn og af þeim mættu 43, þar af gáfu 30 atkvæði sitt með því að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, og er því málið fallið af því atkvæðin með því náðu ekki tveim þriðjungum.

8. Munkaþverárklausturskirkja. Söfnuðurinn þar hjelt lögmætan fund, og lýsti því yfir, að hann skyldi takast umsjón og fjárhald kirkjunnar á hendur, með því að fá 3500 krónur með henni sem álag og portíón; eru nú meir en 40 ár síðan kirkja þessi var byggð, og þarf hún því auðvitað mikilla aðgjörða við, og gæti því verið skoðunarmál, hvort ekki ætti að ganga að þessum kostum; en skýrslur um þetta komu allt of seint til þess, að stjórnin gæti komið með nokkurt frv. í þessa átt. Jeg leyfi mjer að afhenda h. forseta skýrslurnar þessu máli viðvíkjandi, til að leggja þær fram á lestrarsal alþingis, til þess h. þm. gefist kostur á að kynna sjer þær, ef þeim sýndist, að koma með frv. í þessa átt, eða kjósa nefnd til að athuga, hvað tiltækilegt væri í þessu efni.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 (C. 178); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að aðaltilefnið til þess, að stjórnin lagði þetta frv. fyrir þingið, var það, að hún vildi, að útveguð væri skýlaus lagaheimild fyrir, að leggja mætti útsvar á verzlanir og aðra arðsama atvinnu, sem rekin væri í einhverjum hrepp, þótt hlutaðeigandi eigandi væri þar ekki búsettur, því eins og kunnugt er, er mjög vafasamt, hvort slíkt er heimilt samkv. tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 5. maí 1872 og lögum frá 9. jan 1880. Það hefir að vísu verið siður, að leggja aukaútsvar á fastar verzlanir og út af því hefir hingað til ekki risið ágreiningur, svo það mál hefir ekki komið fyrir dómstólana, en til að fyrirbyggja allan vafa hefir stjórninni þó þótt rjett, að koma með þetta frumv. Sökum þess, að farið var að brydda á því meðal kaupmanna í Reykjavík, að þeir, sem ekki hefðu fast aðsetur þar, væru samkv. tilsk. 20. apríl 1872 ekki gjaldskyldir, þá var þetta nákvæmar ákveðið með lögum 19. októb. 1877. Síðan var sama ákvörðun tekin að því er snertir Akureyri og Ísafjörð í lögum 8. októbr. 1883. Efri deild hefir að eins gjört lítilfjörlega breytingu, sem sje, að gjald mætti leggja á ábúð á jörðu eða jarðarhluta; sömuleiðis tekið það fram með viðauka, að lögum frá 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum sje ekki breytt.

Jeg vona, að h. deild verði samþykk stjórninni og h. Ed. um það, að frv. sje mikil rjettarbót; og láti það ganga klakklaust sinn veg gegnum deildina.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að frv. þetta sje veruleg rjettarbót; en mjer virðist það þó eigi nægilega ljóst orðað, að því er snertir ákvæði það, sem Ed. hefir bætt inn viðvíkjandi ábúð á jörð; það gæti verið spurning um, hvort það ákvæði næði ekki til ítaka, t. d. óbyggðra eyja, jarðarparta, eða annara hlunninda jarða.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að það var beinlínis meining h. Ed. með orðinu «ábúð», að útsvarsskyldan næði eigi til ítaka eða annara sjerstakra hlunninda, því það þótti henni alls eigi tiltækilegt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er mjög þakklátur fyrir frv. þetta, því jeg álít það verulega rjettarbót. Ákvæði þau, er áður hafa verið í gildi um þetta efni, eru mjög óljós, svo opt hefir legið við sjálft að kært yrði, en þetta frumv. þar á móti álít jeg nægilega skýrt orðað. Vil jeg því leggja það til, að þetta mál gangi sem fyrst til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um Spánarsamning (C. 172.); ein umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hef eiginlega litlu að bæta við það, sem áður hefir verið sagt í þessu máli, þar sem það hefir verið margrætt á fyrri þingum. Sú hugsun vakir sífellt fyrir öllum þorra manna, hve þungbært sje, að sæta slíkum kostum, sem menn verða að búa við í þessu efni; og þótt eigi hafi komið fram bænarskrár í málinu, þá veit jeg, að það er vilji manna, að minnsta kosti í mínu kjördæmi, að því sje haldið vakandi og skorað á stjórnina, að gjöra allt það, sem í hennar valdi stendur, til að komast að samningnum við Spán. Það er stórkostlegt tjón, sem þetta samningaleysi hefir í för með sjer fyrir landið; þannig nam t. d. tollurinn á fiski árið 1887 eitt hundrað þrjátíu og sjö þúsundum króna og þar sem verzlunarskýrslurnar sýna, að á ári hverju hefir verið flutt út um 25 þúsund skippund, þá hefir landið á síðustu 10 árum skaðazt um 1,385,000 kr. við að missa þenna samning. Jeg efast því eigi um, að stjórnin taki vel í þetta mál og vona, að hún verði fús á, að leggja dálítið í sölurnar frá Dana hálfu til þess, að samningur komist á við Spánverja, þegar hún íhugar, hve stórkostlegt fjártjón þetta fátæka land líður við það ástand, sem nú er.

Landshöfðingi: Það er mjög eðlilegt að h. flutningsmenn komi fram með þessa tillögu, því að það er auðsætt, að mál þetta hlýtur að vera landsmönnum mjög mikið áhugamál, en stjórnin verður heldur eigi ásökuð fyrir, að hafa sýnt áhugaleysi í þessu efni. Hún hefir sannarlega gjört sitt til, að koma samningum á, en kostir þeir, sem Spánverjar hafa sett stjórninni, eru þannig lagaðir, að ríkisþingið danska hefir eigi getað að þeim gengið. Spánverjar vilja sem sje eigi ganga að samningnum nema því að eins, að lækkað sje innflutningsgjald á spönskum vínum, en bæði er það, að slíkt mundi rýra tekjur ríkisins um ½ miljón króna á ári og svo virðist þar á ofan, sú stefna vera orðin ríkjandi á ríkisþingi Dana, að lækka eigi, heldur miklu fremur hækka talsvert toll á öllum vínföngum, og þar sem þessu er þannig varið, þá er eigi að búast við, að stjórninni gangi samningstilraunir sínar greiðlega. Stjórnin hefir náttúrlega hinn bezta vilja í þessu máli, en aptur á móti tjáir eigi að dylja h. þm. þess, að örðugt mun verða að fá hina spönsku stjórn til, að ganga að kostum ríkisþingsins, og eigi síður ríkisþingið að þeim kostum, sem spanska stjórnin vill setja því.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. í e. h. og afgr. síðan til Ed.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 173), 1. umr.

Sveinn Eiríksson: Eins og h. forseti gat um, er flutningsmaður þessa frumv. (Ó. P.) hjer eigi viðstaddur, og vil jeg því fara um það fáeinum orðum.

Frumv. fer fram á að meta upp nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Jarðir

þessar eru orðnar mjög af sjer gengnar, og kveður svo mjög að því um sumar þeirra, að menn hafa jafnvel orðið að flytja bæina burt af jörðunum. Sumar þessar jarðir hafa áður verið í mjög miklu áliti og efnamenn á þeim búið fyrir fáum árum, þótt nú sjeu þær þannig komnar; en aðgætandi er, að hjer er eigi hirðuleysi ábúanda um að kenna, heldur eru allar þessar jarðir þannig eyðilagðar af völdum náttúrunnar, sem ómögulegt hefir verið við að ráða, sumar meira en sumar minna. Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um þetta að sinni, en að eins láta þá ósk mína í ljósi, að h. þingdeild lofi frumv. að ganga til 2. umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að benda h. flutningsm. frmv. á 2 meinlegar prentvillur, er jeg hef orðið var við í frumv. svo að þær verði lagfærðar áður en frv. kemur til 2. umr. Prentvillurnar eru í annari málgrein 1. greinar og í 7. gr. (rangt ártal).

Sveinn Eiríksson: Jeg þakka h. þm. Vestm. fyrir, að hann hefir bent á þessar prentvillur, og skal sjá um, að þær verði lagaðar áður en frumv. kemur til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um hundahald á Íslandi (C. 176), 1. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg vona að öllum h. þingdm. sje kunnugt, hvílíkt tjón bæði á mönnum og skepnum hlýzt af hinu mikla hundahaldi, sem tíðkast hjer á landi. Reyndar er tilskipun til frá 1869 um þetta atriði, en sú tilskipun virðist hafa gjört mjög lítið gagn, og þessvegna hefir oss flutningsmönnum dottið í hug, að koma með þetta frumv. og vonum vjer, að því verði vel tekið af h. deild, þar sem um svo alvarlegt mál, sem líf og heilsu manna, er að ræða.

Það er aðgætandi hvað sullaveikina snertir, að vjer stöndum hjer betur að vígi en í flestum öðrum veikindum, þar sem vjer með vissu þekkjum sjúkdómsorsökina, og úr því vjer þekkjum hana, þá álít jeg, að það sje skylda löggjafarvaldsins, að gjöra það sem í þess valdi stendur til að ryðja henni á brott.

Ráðin til að koma í veg fyrir veikina eru náttúrlega ýmisleg, og verður það aldrei of vel brýnt fyrir mönnum, að fara gætilega með hunda; en tómar áminningar eru ónógar og væri heppilegast, að menn hefðu almennt sem fæsta hunda, því reynslan hefir sýnt, að jafnan hefir minnst borið á veikinni þar, sem hundar hafa verið fæstir, en þar sem mikið hefir verið af hundum, þar hefir hún verið tíðust.

Oss flutningsmönnum hefir því dottið í hug, að reyna að stemma stigu fyrir veikinni með því, að leggja skatt á hvern einasta hund á landinu, vægan (2 kr.) á þarfa hunda, en háan (10 kr.) á óþarfa.

Jeg skal svo eigi orðlengja um þetta mál, en vona að frv. þetta fái góðan byr hjer í deildinni, enda þykist jeg viss um, að hefðu h. þingdm. eins opt og jeg orðið að horfa á allar þær hörmungar, sem þessi hryllilega veiki hefir í för með sjer, þá mundu þeir allir leggjast á eitt, að gjöra frumv. þetta svo úr garði, að sem mest gagn mætti að því verða. En á hinn bóginn verð jeg einnig að vænta svo góðs af landsstjórninni, ef frumv. þetta verður að lögum, að hún sjái svo um, að lögunum verði hlýtt af embættismönnum og alþýðu, svo að eigi fari um þessi lög sem tilskipunina 1869, að þau verði einungis pappírsgagn, sem enginn hirði um.

Jón Þórarinsson: Eins og h. flutningsm. (J. Jónassen) tók fram, miðar frv. þetta til að koma í veg fyrir sjúkdóm þann, sem hundar valda, þ. e. sullaveikina, og er tilgangurinn því mjög góður. En jeg er hissa á því, að enginn ákvæði skuli

vera tekin inn í frumv. um lækning á hundum. Mig furðar einkum á þessu fyrir þá sök, að þrír læknar hafa flutt frumv. inn á þingið. Enda er líka hægt að koma þessu ákvæði inn í frumv. þetta, það er eins og fyrirsögnin sýnir, ekki einungis um toll á hundum, heldur *„um hundahald“* á Íslandi. Það mætti vera lögboðið, að menn skyldu gefa þeim hundum sínum, sem samkvæmt þessum lögum er leyfilegt að halda, meðul einu sinni á ári og lækna þá, til þess að koma í veg fyrir, að hundarnir veikist og gjöri öðrum skaða. Það er ekki nóg að semja lög, sem að líkindum fækka orsökum til sullaveikinnar. Það er nauðsynlegt, að útríma þeim með öllu, eða minnsta kosti fyrirbyggja, að hundar orsaki þá veiki, en það verður ekki gert með því, að fækka hundum nema því að eins að þeir fáu, sem látnir eru lifa, sjeu læknaðir. Jeg vil skjóta því til h. flutningsm. hvort honum finnist ekki ástæða til, að setja ákvæði í þessa átt inn í frumv., til þess þó, að þeir hundar, sem fá að lifa, geti fengið lækning og orðið óskaðlegir.

Þorlákur Guðmundsson: Það er vonandi að allir viðurkenni, að mesta þörf sje á að hreifa þessu máli. Vísindin eru búin að sanna, að það eru hundarnir, sem orsaka einhvern hinn viðbjóðlegasta sjúkdóm hjer á landi. Þessu geta menn ekki móti mælt, jafnvel þótt allt of margir þrjózkist við, að hlíða góðum áminningum og bendingum, sem iðulega birtast í blöðunum. Þetta frumv. hefir því hinn bezta tilgang, en af því mjer finnst það fara helzt til skammt og bæta lítið úr ástandinu eins og það er, þá vil jeg skjóta því til h. flutningsm. (J. Jónassen), hvort honum finnist ekki ástæða til, að stinga upp á nefnd í málinu, þegar búið er að ræða það nú á þessu stigi.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg er samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) um, að það væri mikið gott, ef því yrði við komið, að lækna hunda, sem hafa bandorma, það væri sannarlega gott, ef þetta gæti tekizt og væri því máske rjett að reyna. Kostnaðinn, sem af því leiddi, mætti þá borga með þessum hundaskatti, sem hjer er stungið upp á. En jeg hefi ávallt verið hræddur um, að það mundi örðugt, að koma á almennum lækningum og skipa fyrir um þær. Aptur er auðvitað, að hver getur læknað sína eigin hunda, án þess að lög skipi honum það. En með því að leggja skatt á hunda eins og hjer er farið fram á, er jeg sannfærður um, að fækka má hundum í landinu til muna. Að því er snertir nefndarkosning í þessu máli, skal jeg taka það fram, að mjer finnst hennar ekki beinlínis þörf, enda er þegar búið að setja svo margar nefndir, að þingmenn hafa ærið að starfa.

Jeg læt mjer því nægja að óska þess, að málið verði látið ganga til 2. umr. og má þá breyta því við þá umr. ef mönnum svo sýnist.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að taka það fram aptur, að mjer finnst frv. fara of skammt. Jeg vil t. d. að sektirnar sjeu svo háar, að menn kynoki sjer við, að hafa óþarfa hunda á heimilum sínum. Jeg held því þessvegna fast fram, að nefnd verði sett í málið, og leyfi mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Jónas Jónassen	með	18 atkv.
Þorlákur Guðmundsson	—	9 — og
Þorleifur Jónsson	—	8 —

eptir hlutkesti milli hans og Páls Briems, sem einnig fjekk 8 atkv.

Frumv. til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu frá prestakalli (C. 190); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson:) H. þingd. er mál þetta sjálfsagt kunnugt frá fyrri þingum, því að það hefir komið fram hjer á þingi bæði 1886 og 1887, og

því skal jeg ekki fara mörgum orðum um það. Þó skal jeg taka það fram, að prestakall það, sem hjer ræðir um, hefir nú með dómi misst arðsama eign sína, hinn svokallaða Neshólma. Hafa virðingarmenn metið tekjurýrnan brauðsins 400 kr. á ári, og er það hin sama upphæð og frá brauðinu átti að greiðast. Jeg hef áður, þegar mál þetta hefir verið rætt hjer á þingi, greitt atkvæði með því, að prestur sá, sem hjer er um að ræða, losaðist við árgjaldsgreiðslu af brauðinu, enda finnst mjer full sanngirni mæla með því, að honum sje bættur upp halli sá, sem hann hefir beðið við það, að frá brauðinu hefir gengið nokkuð af tekjum þeim, sem það hafði, þegar honum var veitt það. Mjer finnst það sjálfsagt, að hjer sje fylgt sömu reglu og við aðra embættismenn, þegar þeir bíða tekjuhalla, að hlutaðeigandi bæti þeim tjónið, og þessi hlutaðeigandi er hjer landssjóður; þótt prestarnir kunni að vera settir neðarlega í röð embættismanna, þá fæ jeg þó ekki betur sjeð, en að þeir hafi alveg sömu sanngirniskröfu og þeir, sem hærra eru settir, til þess að sömu reglu sje fylgt við hvorutveggju. Jeg hef heyrt suma segja, að ekki sje hjer ástæða til ívilnunar, af því að brauðið sje fullífvænlegt, þótt hólminn sje genginn undan því. En jeg álít, að hlutaðeigandi prestur hafi fulla kröfu og jafnvel lagaheimting á, að fá tekjuhalla sinn bættan, án alls tillits til þess, hvort brauðið sje lífvænlegt eða ekki. Jeg skal taka til dæmis embættismann hjer í Reykjavík með 4000 kr. tekjum; þótt hann með dómi eður öðrum atvikum missti nú 400 kr. af þessum launum sem honum eru veitt með embættinu, þá mætti telja embætti hans lífvænlegt þrátt fyrir það, en eigi að síður mundi það vera talið rjett, að bæta honum tekjumissi sinn. Sumir halda því fram, að betra sje að gefa upp skuld þá, sem presturinn hefir verið dæmdur til að greiða, en að fara þann veg, sem jeg hefi lagt til, að farin væri, en jeg verð að vera því algjörlega mótfallinn. H. þm. er kunnugt, hvernig skuld prestsins í Laufási er til komin, að hann hefir, jeg leyfi mjer að segja, trássast við, að borga það, sem gildandi lög gjörðu honum að skyldu að borga. Mjer virðist þingið drepa niður virðingu fyrir lögum þeim, er það gefur, ef það eins og hjer stendur á, gefur upp gjald það, er það hefir með lögum skipað, að greitt skuli vera. Slíkt mundi og draga eptir sjer ópægilegan dilk; það yrði til þess, að ala óskilsemi upp í mönnum, og verða til þess, að margar slíkar bænir mundu koma inn á þing; þingið gæfi með því prestum undir fótinn, að láta dragast ár frá ári, að greiða árgjöld sín í landssjóð, í því trausti að alþing mundi svo, þegar skuldin væri orðin þeim óbærileg, renna til þeirra líknaraugum og gefa þeim upp skuldina. Jeg segi það, að jeg sem þingmaður kenni ekki í brjósti um prest þann, er hjer á hlut að máli, þótt hann verði að greiða gjald, sem honum að lögum og dómi ber að greiða, en jeg segi það líka, að mjer finnst öll sanngirni mæla með, að honum sje bættur tekjuhalli sá, sem hann hefir orðið fyrir. Jeg veit að sumir segja, að málsókn hafi verið höfðuð út af Neshólma þegar hann sótti um brauðið, og hann hafi því mátt búast við, að svo kynni að fara, að tekjur þess rýrnuðu; en þótt hann gæti, ef til vill búist við, að hólminn gengi undan brauðinu, þá gat hann og líka búist við, að sjer yrði bættur sá halli, er af því leiddi. Skal jeg svo ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um málið, en mun greiða atkvæði mitt með því.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal mæla fáein orð með frv. þessu, þótt jeg voni að þess þurfi ekki, að því leyti, að það muni fá framgang. Jeg hef áður verið því meðmæltur og er það eins nú.

Jeg vil með fám orðum skýra, hvernig

árgjald það, sem hjer ræðir um, er til komið.

Í nefnd þeirri, sem sett var á milli þinga, til að íhuga skipun prestakalla, var lagt til, að frá Laufásprestakalli skyldu greiðast árlega 200 kr. Og af hverju skyldi greiða árgjald þetta? Af því sem nú heyrir ekki lengur prestakallinu til, af varplandi, sem undan því er gengið; annars hefði engin ástæða verið til að setja það. Stjórnin lagði og til, að þessi sama upphæð skyldi greidd, en þegar til þingsins kom, tvöfaldaði það hana, og það einmitt af sömu ástæðu og nefndin hafði haft fyrir því, að árgjald skyldi greitt frá brauðinu, sökum varphlunnindanna. Jeg ætla ekki að taka upp hið sama sem h. flutningsmaður (S. St.). En jeg skal taka dæmi af leiguliða og landsdrottni. Mundi nokkur sanngirni þykja mæla með því, að landsdrottinn heimtaði af leiguliðanum sama eptirgjald eptir jörð, sem hlunnindi, 400 kr. virði, hefðu gengið undan, eptir sem áður, og gjaldið skyldi vera sett einmitt með tilliti til hlunnindanna? Skyldi það þykja sanngjarnt, að bóndi, sem leigt hefði varpland fyrir 400 kr., yrði að halda áfram að greiða eptirgjald eptir það, þótt hann hefði misst afnotarjett þess? Jeg er alveg samdóma sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, og hygg að hann hafi komizt að rjettri niðurstöðu í dómi sínum í máli þessu. Jeg veit ekki betur en að prestur sá, sem hjer ræðir um, sje eptir prestakallalögunum alveg laus við að greiða árgjald það, sem hjer ræðir um, því að það hefir aldrei verið löglega af honum heimtað, eptir því sem jeg skil prestakallalögin, því að þau gjöra ráð fyrir, að árgjaldið skuli greitt til annara prestakalla, þar sem því verði við komið, og í þessu tilfelli varð því einmitt komið við.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Til þess að fyrirbyggja misskilning, skal jeg geta þess, að mjer gleymdist áðan, að skýra frá því, að eptirgjald jarða þeirra, sem teknar hafa verið frá Laufásprestakalli, nægir ekki fullkomlega til þess, að greiða 400 kr. frágjaldið frá brauðinu; munu vanta 7—15 kr. á að svo sje. Hef jeg í huga, að koma með þá breyt.till. við frv. til 2. umr., að síðasta málsgrein þess falli burt, með því að jeg álít engu skifta með gjald þetta.

Gunnar Halldórsson: Jeg verð að játa það, að þótt jeg hafi heyrt hin góðu meðmæli með frv. þessu, þá hafa þau eigi haft áhrif á sannfæringu mína. Jeg skil ekki í þessari skipting á sanngirniskröfunni, sem hjer hefir komið fram, sanngirni þingsins í henni. Hjer er nefnilega farið fram á, að gefa upp árgjaldið eða bæta það upp eptirleiðis, en láta viðkomandi prest borga það sem á er fallið. Á þessu hefði þingið átt kost fyrri, þar sem það hefir haft málið undir höndum bæði 1886 og 1887, og það virðist mjer það hafa átt að gjöra þá, ef því hefði fundizt sanngirni mæla með því. Mjer hefir aldrei fundizt það órjettlátt, þótt hlutaðeigandi prestur gæti ekki verið laus við árgjaldið frá brauðinu, þar sem hreyfing var komin á málið, þegar hann sótti um brauðið, og hann gekk ekki að því blindandi, að svo gæti farið sem fór. Að öðru leyti er hægt að lykja svo margt inn undir sanngirniskröfu, að ekki mun til þess að hugsa, að þingið geti fullnægt þeim öllum. Jeg álít alveg sömu sanngirniskröfu til þingsins, að það gefi upp gjald það, sem áfallið er, sem það, er hjer eptir mun falla á, svo að virðing þingsins sje ekki að borgnara, þótt það samþykki það, sem frv. fer fram á.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg álít að þingið skerði ekki virðing sína, þótt það gefi ekkert upp, en að það aptur á móti gjöri það með því, að gefa upp þá skuld, sem ekki hefir verið sýndur litur á að borga, og sem áfallin er samkvæmt gildandi lögum.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg skil ekki

þetta mál svo, að prestakallið hafi misst það, sem það átti, heldur einmitt það, sem það átti ekki. Jeg get ekki skilið, að brauðið hafi verið veitt með öðrum hlunnindum en þeim, sem það átti, og því geti hjer ekki verið um neinn missi að ræða fyrir prestinn á þeim tekjum, sem hann með rjettu átti að verða aðnjótandi Mál þetta hefir nú endað með dómi og. dómstólarnir komizt að þeirri niðurstöðu að prestinum bæri að greiða árgjaldið frá brauðinu, og þá finnst, mjer að umboðsvaldið eigi ekki að grípa fram í og ónýta gjörðir dómstólanna. Jeg á ekki að veita brauð, en jeg er umboðsmaður kjósenda minna og jeg tel það skyldu mína, að vera trúr umboðsmaður þeirra, og gæta þess, að með fje landsins sje farið sem sparsamlegast, sanngjarnlegast og haganlegast.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skildi ekki fyllilega ræðu h. þm. er síðast talaði, þar sem hann var að tala um, hvernig hann vildi láta umboðsvaldið koma fram í máli þessu. En jeg verð að lýsa yfir þeirri skoðan minni, að fyrst dómstólarnir gátu ekki bjargað við málinu eptir skjölum þeim, sem fyrir lágu, þá sje það skylda löggjafarvaldsins, að bæta úr því. Löggjafarvaldinu mundi aldrei hafa komið til hugar að leggja árgjald á brauðið, ef það hefði verið búið að missa hlunnindi þau, sem það nú hefir misst, þegar árgjaldið var lagt á. Því sjálfsagðara álít jeg, að árgjaldsins sje ekki krafizt, sem það hefir aldrei verið löglega af honum heimtað, þar sem sleppt var, að leggja út jarðir fyrir því eins og til var ætlazt. Jeg leyfi mjer að vænta, hvað sem þessu frv. hjer líður, þá verði sett inn á aukafjárlög sú upphæð, sem áfallin er til greiðslu frá prestakallinu.

Arni Jónsson: Jeg ætla ekki að fara að setja mig yfir dómstólana, eða finna að gjörðum þeirra, enda verður að sitja við það, sem þeir hafa gert eða gera, ef málið verður látið ganga lengra en það nú er komið. En það skal jeg játa, að jeg skildi ekki ræðu h. flutningsm. (S. St.). Hann er þó að jafnaði vanur að vera bæði skýr og skorinorður, en að þessu sinni hefir rökleiðsla hans, ef til vill, ekki verið eins skörp og endranær, af því að hann hefir ekki fundið gildar eða glöggar ástæður máli sínu til stuðnings. Mjer skildist ekki betur, en að hann teldi það skyldu þingsins, að bæta upp tekjurýrnun brauðsins hjer eptir; en því þá eigi eins fyrir undan farin ár? Jeg get alls ekki verið því samþykkur, að þingið halli í nokkru virðingu sinni, þótt það fylgi sömu stefnu í þessu máli, og það var borið fram á þingi 1887. Jeg er hræddur um, að ef það verður uppi á teningnum, sem h. flutningsm. (S. St.) fer fram á, þá muni það draga þungan dilk eptir sjer, og hann ef til vill þyngri en h. flutnm. hefir gert sjer grein fyrir. Jeg tek undir með h. 2. þm. Ísf. (G. H.), að hjer sje hvorki heilt nje hálft að gert. Hvort sem hjer er um laga eða sanngirniskröfu að ræða, þá byrjar sú krafa ekki fyrst árið 1888, heldur undir eins og átti að fara að greiða frá brauðinu, það sýnist einnig koma í bága við frv. þetta, sem til hefir verið fært, að löggjafarvaldinu mundi ekki hafa dottið í hug, að leggja árgjald á brauðið, ef tekjurýrnun þess hefði verið komin fram, þegar prestakallalögin voru samin, því ef svo er, þá kemur það ekki sanngjarnlega fyrir, að ætla að losa það við árgjaldið um stund, en demba því síðan á við næstu prestaskipti. Þá finnst mjer þó mun vafningsminna og jeg vil segja samkvæmara og rjettara, frá því sjónarmiði, að árgjaldið sje alveg fellt niður. Slíkt finnst mjer hljóta að vera bein afleiðing, að minnsta kosti af orðum h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.). Atkvæði mitt í þessu máli verður að vera komið undir því, hvort frá brauðinu greiðist árgjald eða ekki. Jeg vil sannarlega forðast að þingið leiðist út á þá hálu

braut, sem mjer virðist frv. gefa tilefni til. Jeg vona, að hvorki h. flutnm. (S. St.) nje hlutaðeigendur misskilji svo orð mín, að jeg vildi ekki hjálpa þeim heiðursmanni, sem hjer á hlut að máli. Mjer sýnist það standa eins nærri, að hann gæti fengið viðurkenning fyrir hinn mikla og lofsverða áhuga sinn í því, að leggja fje og tíma í sölurnar, til þess að breiða út bindindi hjer á landi. Á síðasta þingi fór hann fram á fjárstyrk fyrir þær sakir. Nú hefir að vísu engin slík beiðni komið fram frá honum, en kæmi slík styrkveiting til tals hjer á þingi, mundi jeg styðja að því, að hún fengi framgang.

Þorvaldur Bjarnarson: Þeir, sem hingað til hafa talað gegn mjer, hafa ekki hrakið hið minnsta af mótbárum mínum; það er eins og þá velgi við, að koma nálægt hinnu sanna í þessu máli. Skyldi það vera, að annað væri sannara en jeg hefi sagt og þingið gert í málinu, þá mundi jeg verða fljótur til apturhvarfs, þegar jeg væri orðinn sannfærður um, að svo væri, en það er jeg enn ekki orðinn. Jeg vil gjarna óska, að þeir sem sjálfir eru sannfærðir um rjettmæti þessa máls, reyni og að sannfæra mig, en ranga villulærdóma vil jeg hvorki kenna öðrum, nje láta aðra kenna mjer, og álít hverjum ráðvöndum manni með því stórlega misboðið, því að jeg vil hvorki þiggja gjafir fyrir landssjóðs hönd, nje heldur bjóða fram úr honum gjafir af handahófi, og vil enga ábyrgð hafa af slíku betli eður örlæti á almanna-fje.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mjer finnst h. þingd. skylt að greiða götu þessa máls, og jeg óttast ekki þá dilka, sem þetta frumv. kann að draga eptir sjer, ef sanngirni mælti með þeim eða eins stendur á eins og hjer. Ef embættismaður missir með dómi þau laun, sem honum hafa verið veitt, þá get jeg ekki betur sjeð, en að löggjafarvaldið sje skylt að bæta honum launin upp. Hjer kemur það ekki til greina, hvort embættismaðurinn getur borið hallann. Mjer er sama þó hann hafi 2000—3000 kr. afgangs hallanum, sem hann hefir beðið. Það er rangt hjá h. þm. Mýram. (Á. J.) að taka tillit til þess. Hjer varðar að eins um það, að einum sje ekki gjört rangt fremur en öðrum. Það, sem h. þm. Mýram. talaði að öðru leyti, svo sem það, er hann minntist á verðleika þessa manns, sem bindindispostula, kemur þessu máli ekkert við. Jeg fyrir mitt leyti mundi biðja þingið að eiga sjálft þær krónur, sem það þættist veita mjer að verðlaunum fyrir eitthvert starf, einungis af því, að það þyrfti að ná krónum frá mjer upp í skuld, eða ljeti það í veðri vaka, að jeg gæti notað verðlaunin til að borga með skuldir. Þó jeg þess vegna viðurkenni fúslega, að þessi maður eigi verðlaun skilið af opinberu fje fyrir dugnað sinn í að efla bindindi, þá vil jeg ekki einu sinni láta nefna þau í sambandi við þetta mál.

Árni Jónsson: Jeg held að h. 1. þm. Ísf. (S. Stef.) hafi misskilið orð mín áðan, því jeg get ekki ætlað, að hann hafi gaman af að hártoga orð manna. Hvað það snertir að rjett sje að veita síra Magnús. í Laufási einhverja viðurkenningu fyrir baráttu hans fyrir bindindismálum, þá geta auðvitað orðið deildar meiningar um það, eptir því hvernig litið er á starf hans. Hvað það aptur snertir, hvort þetta mál muni draga eptir sig marga dilka eða ekki, skal jeg ekki segja neitt um. Jeg er ekki fær um að segja eða dæma um, hvort veitingarvaldið er skuldbundið til að bæta öllum upp þær tekjur, sem þeir kunna að missa. En yrði það skyldað til þess, þá gætu dilkarnir orðið nokkuð margir með tímanum, og ef til vill ekki allir magrir. Jeg get vel verið samdóma h. 1. þm. Gullbr. og Kjósars. (Þór. Böðv.) um það, að væri Laufás laus nú og prestakallamálið væri fyrir þinginu, þá mundi

varla lagt það árgjald. En það yrðu víst líka fleiri brauð, sem ekkert árgjald yrði lagt á nú, sem þó verða að búa undir því, og þá sízt eins gífurlegt og það er á sumum þeirra, eptir prestakallalögunum. Jeg er ekki vel kunnugur í þessu prófastsdæmi, en það ætla jeg þó, að Laufásbrauðið sje þar enn þá eitthvert aðgengilegasta og tekjubezta brauðið, svo þó það hafi rýrnað dálítið, þá sje þar full-lífvænlegt enn.

Jón Jónsson (þm. N.-þing.): Þó búið sje að ræða mikið um þetta mál, þá vil jeg þó gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu áður en gengið verður til atkvæða. Jeg var með því á þinginu 1887 að veita þessum presti uppgjöf á öllu árgjaldi af brauðinu frá því hann tók við því til ársins 1888, og nú mundi jeg sjálfsagt hafa verið með frumv. í sömu átt. En orsökin til þess, að jeg vil ekki samþykkja þetta frumv. er sú, að jeg óttast, eins og h. þm. Mýr. (Á. J.), að það dragi óþægilegan og kostnaðarsaman dilk eptir sjer, og jeg treysti mjer ekki eins vel og h. 1. þm. Ísf. (S. Stef.), til að vera góður við þennan dilk. Það geta verið margar orsakir til þess að brauð rýrni. Tekjur eins brauðs geta rýrnað ekki að eins af dómi manna, heldur og af dómi náttúrunnar, t. d. við skriður, almennan fjárfelli o. fl. Ef ætti að bæta hverjum presti það, sem brauð hans hefir rýrnað á þessum síðustu árum, þá held jeg verði lítið fje í landssjóði. Eitt fannst mjer einkennilegt í ræðu h. flutnm. (S. Stef.). Mjer heyrðist hann vera svo mikið á móti því, að þessi maður fengi viðurkenningu fyrir starf sitt í þarfir bindindisins, og mjer skildist hann álíta, að hann gæti ekki verið þekktur fyrir að þiggja það. Það kemur mjer nokkuð undarlega fyrir, ef hann sem prestur getur verið þekktur fyrir, að biðja alþing ár eptir ár um það, sem búið er að neita honum um, en getur ekki sem bindindisprestur verið þekktur fyrir, að þiggja af þinginu verðlaun, veitt í heiðurs skini fyrir áhuga hans og kostnað til eflingar góðu málefni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Árni Jónsson
Grímur Thomsen	Gunnar Halldórsson
Jón Þórarinsson	J. Jónss. (1. þm. N.-M)
Sigurður Stefánss.	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
Þórarinn Böðvarss.	Ólafur Briem
Þorleifur Jónsson	Páll Briem
Þorst. Jónsson	Sveinn Eiríksson
	Þorlákur Guðmundss.
	Þorvaldur Bjarnars.
	Þorv. Kjerúlf.

Ellefti fundur, mánudag 15. júlí á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Beiðni frá sýslunefndinni í Árnessýslu um, að póstferðin frá Hraungerði að Arnarbæli verði lengd að Mosfelli í Grímsnesi.
2. Skjöl snertandi tóvinnu vjelar.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 179); 2. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Mjer hefir verið falið á hendur af h. samflutnm. mínum, að mæla nokkur orð til að flytja mál þetta fram fyrir h. þingd.

Eins og menn muna, hefir ýmislegt við borið með þetta mál, síðan það var hjer síðast til umræðu; það hefir fallið í efri deild, og þjóðin hefir enn á ný á almennum fundum um land allt, á þingvallafundinum í fyrra sumar og núna í sumar á undirbúningsfundum undir Alþingi, skorað á þingið, að halda þessu máli á-

fram í líka stefnu og að undanförnu. Þess vegna höfum vjer álitið það skyldu vora, að koma fram með frumvarp þetta, sem fer í sömu stefnu og undanfarandi frv. frá 1885 og 1887, í þá stefnu, að gjöra stjórnina alla innlendari og draga framkvæmdarvaldið meir inn í landið. Þetta er aðalstefnan. Nokkur ákvæði þessa frumvarps eru skýrar tekin fram en í frv. 1887, og ákveða nánar stöðu konungsins gagnvart alþingi, því að vjer flm. þessa frv. höfum álitið þetta nauðsynlegt. Með því teljum vjer, að fenginn sje grundvöllur til samkomulags, sem nauðsynlegt er til að koma málinu áfram. Vjer vonum, að frumvarp þetta veki samdrægni hjer á landi og stjórnin sjái af því, að það er engin fjarstæða, sem farið er fram á, af hálfu landsmanna. Þar sem enn fremur er í þessu frv. burt numið ákvæði um fjárlögin, sem var gryla í augum margra, er það ósk og von vor, að þetta frumv. nái fylgi flestra landsmanna.

Jeg vil óska, að þeir, sem eitthvað hafa að athuga við þetta frumvarp, láti skoðun sína í ljósi, því jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að nefnd verði sett í málið, og mundi hún þá geta tekið tillit til mótmælanna, til að laga orðalag frumv. og annað það, er gæti miðað að því, að samkomulag næðist í þessu máli, meira en verið hefir.

Landshöfðingi: Eins og h. flutningsm. (P. Br.), gjöri jeg ráð fyrir, að nefnd verði sett í þetta mál, sjerstaklega vegna þeirra breytinga, sem þetta frumv. hefir tekið frá frumv. 1885 og 1887. En þar sem h. flutningsm. virðist ímynda sjer, að breytingar þær, sem á frv. hafa orðið frá frumv. 1885 og 1887, mundu miða til þess, að gjöra frumv. aðgengilegra bæði fyrir þing og stjórn, þá get jeg ekki skilið, á hverju slík ímyndun getur verið byggð, því jeg get ekki betur sjeð, en að þetta frumv. gangi enn lengra en frumv. frá 1887, í því að takmarka vald konungsins. Beri maður 3., 6. og 16. gr. í þessu frumv. saman við tilsvarandi greinar í frumv. frá 1887, þá get jeg ekki betur sjeð, en að þetta frumv. gangi enn lengra í því, að rýra vald konungs, og þessvegna fæ jeg ekki sjeð, á hverju það er byggt, að með þessu frumv. sje gjörð tilraun til, að leita samkomulags við stjórnina, með því að ákveða stöðu konungsins gagnvart alþingi á þann hátt, sem sje aðgengilegri fyrir stjórnina en í frumv. frá 1887.

Jeg vil því ráða nefndinni, sem sett verður í þessu máli, til að íhuga grandgæfilega það, sem tekið er fram í auglýsing frá 2. nóv. 1885 um ástæðurnar fyrir því, að stjórnarskrárfrumv. frá 1885 kæmi í bága við stjórnarskipun ríkisins, og að stjórnin þess vegna geti ekki gengið að því frumv. En hafi stjórninni þá þótt of langt farið, þá virðist mjer því síður vera ástæða til að ætla, að spurning geti verið um, að stjórnin gangi að frv., sem fer enn lengra en frumv. frá 1885.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg verð að segja, að mjer komu þau mótmæli hæstv. landsh. mjög undarlega fyrir, að í þessu frumv. væri enn lengra gengið en í frumv. frá 1885 og 1887, í því að takmarka og rýra vald konungs. Þetta get jeg ómögulega sjeð. Það var sjerstaklega fundið að frumv. 1887, að konungur hefði eigi nógu mikið vald yfir landstjóranum; þetta voru þá af andmælendum frumv. taldir þess mestu ókostir; en jeg get ómögulega sjeð, hvernig þetta verður fundið að frumv., því er hjer liggur fyrir.

Konungur skipar landsstjóra, og er því innan handar, að skipa þann, er fremst er hans máli fylgjandi og sem bezt heldur hans skoðun fram; hann getur einnig neitað lögum, sem honum þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku; konungur getur skipað nýjan landsstjóra, sem kæri ráðgjafana fyrir neðri deild.

Samkvæmt öllu þessu fæ jeg ekki betur sjeð, en að hjer sje svo vel um hnútana búið, sem auðið er, til að tryggja rjett konungs; en ef hæstv. landsh. vill fá eitthvað sjerstaklegt fram, til þess að tryggja vald konungs, þá vil jeg óska þess, að hann ljeti nefnd þeirri, er væntanlega verður sett í þessu máli, athugasemdir sínar í tje og bendingar í þá átt, hvernig hann hugsi sjer að þessum málum verði bezt til lykta ráðið, þannig, að báðir partar, bæði þjóð og stjórn, uni sem bezt við.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á að 7 manna nefnd sje kosin í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj. að kjósa 7 manna nefnd.

Þessir hlutu kosningu:

Eiríkur Briem	með	20	atkv.
Sigurður Stefánsson	—	20	—
Páll Briem	—	18	—
Jón Jónsson (þm. N.-Þ.)	—	17	—
Þorvarður Kjerúlf	—	17	—
Þorleifur Jónsson	—	16	—
Jón Jónsson (þm. N.-M.)	—	10	—

1. umr. frestað.

Till. til þingsályktunar um reikninga Arnarstapa- Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar- umboðs (C. 191); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Eptir uppástungu forseta var samþykkt í einu hlj. að ræða till. í einni umræðu.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri (C. 115, 187); frh. 1 umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þetta mál hefir opt verið á dagskrá bæði utan þings og innan, en jafnaðarlega hefir staða málsins verið sú, að tollar væru auknir í sambandi við það, að beinir skattar væru af numdir, en nú hefir stjórnin farið fram á það, að þessir tollar væru á lagðir án þess, að neinir hinna beinu skatta væru afnumdir. Þjóðin hefir líka hneigst að þessu og fundið þörfina á því; hefir það komið ljóslega fram af hálfu hennar bæði á Þingvallafundinum í fyrra sumar, og á flestum þingmálafundum um land allt í sumar; en á hinn bóginn hafa verið mismunandi skoðanir um það, á hvaða vöru tollana skyldi leggja; sumir hafa hneigzt að tollum á aðfluttri vöru, sumir að tolli á útfluttri vöru, sumir að hvorutveggja; en allir hafa fundið þörfina og hneigzt að því, að bæta úr henni með tollum, og jeg hygg, að tollur á þeim vörum, sem stjórnin einmitt fer fram á að tolla, hafi hlotið flesta meðmælendur. Auk þessara frv. hafa nefndinni borizt ýms önnur frumv. hljóðandi um nýja tolla, á ýmsum varningi, útfluttum og innfluttum, og mun hún síðar koma með ýtarlegt álit um hvert sjerstakt frumv., um leið og hún kemur fram með frumv. til laga um hækkun á vínfangatolli.

Þegar nefndin athugaði þörfina fyrir meira fje, þá var það samhuga álit hennar, að tollar þeir, er stjórnin fer fram á, sjeu allt of lágir, og hefir hún því farið fram á, að þeir væru hækkaðir um helming, jafnhliða því sem hún tók sjer fasta stefnu, sem er fólgin í því:

1., að hafa gjaldstofnana sem fæsta.

2, að láta tollana helzt koma niður á þeim vörum, sem ekki væru beinlínis nauðsynlegar eða brúkaðar væru, fram yfir það sem þörf gjörðist.

3, að tolla helzt þær vörur sem væru vissastir gjaldstofnar fyrir landssjóð.

Viðvíkjandi kaffitollinum skal jeg geta þess, að þótt nefndin eins og stjórnin játi það, að kaffið sje að nokkru leyti nauðsynjavara, einkum í sjávarsveitum, þá gat nefndin þó ekki annað en verið stjórninni samdóma um það, að kaffinautn er hjer í landi miklu meiri en heilsa manna

og efnahagur leyfir, þar sem 11 pund koma að meðaltali á hvern landsmanna.

Viðvíkjandi ástæðum stjórnarinnar fyrir sykurtollinum, að hann sje svo lágur, að hann geti varla orðið tilfinnanlegur, þá er þess að geta, að tilfinningar manna eru mjög misjafnar, bæði í þessu efni og öðru; sumir sjá ekki eptir, þó þeir láti eitthvað af hendi rakna til almennings þarfa; aptur sjá aðrir eptir hverjum eyri, sem þeir verða að sjá af til landssjóðs; en slíkt er eigi auðið að elta; jeg sje alls ekkert á móti því, að menn þurfi að sýna dálitla sjálfsafneitun, því hinir einstöku limir þjóðarinnar verða að beygja sig fyrir hinni almennu heild hennar, og þetta á sjer stað með alla tolla og skatta.

Þar sem jeg minnist á þörfina á nýjum tollum, þá þarf þeirra við *fyrst* til þess, að bæta upp tekjuhallann, sem hefir verið síðustu árin, og sem hefir valdið því, að viðlagasjóðurinn hefir eyðzt; í öðru lagi til að bæta upp tekjurýrnun þá, sem búast má við, að framvegis eigi sjer stað, og í þriðja lagi er óumflýjanlegt, að auka tekjurnar vegna vaxandi útgjalda.

Í fjárlögunum 1886—87 var áætlaður yfir 4000 kr. afgangur, en samkvæmt landsreikningunum fyrir tjeð fjárhagstímabil varð meira en 203,000 kr. tekjuhalli.

Í fjárlögunum fyrir 1888--89 var tekjuhallinn áætlaður rúmar 39,000 kr., en eptir landsreikningunum 1888 varð hann yfir 46,000 kr.; nú í fjárlögunum, sem liggja fyrir þessu þingi, er tekjuhallinn áætlaður 92,488 kr. 84 aur.

Viðvíkjandi tekjum þeim, sem landssjóður hefir haft, en sem fara minnkandi, þá er fyrst aukatillagið úr ríkissjóði. Það var fyrst 40,000 kr. en hefir síðan farið sí-minnkandi og að 10 árum liðnum verður það alveg horfið. Einnig er það aðgætandi, að vegna tekjuhallans síðastliðin ár hefir orðið að eyða af viðlagasjóð svo, að vextir hans, sem um fjárhagstímabilið 1886 og 1887 voru yfir 75 þús. kr. eru nú á ætlaðir 62 þús., og mundu þeir þó stórum minnka, ef ríkissjóður heimtar skuld þá, sem hann á hjá landssjóði, og sem við árslok 1887 var yfir 48000 kr. umfram peningaforða jarðabókarsjóðs.

Önnur tekjugrein, sem stórum hefir minnkað nú undanfarandi ár, er vínfangatollurinn; 1883 var hann yfir 170,000 kr. en 1887 að eins rúmar 73,000 kr. Þessari lækkun tollsins, sem á 4 árum hefir numið 97000 kr., hefir meðfram valdið slæmt árferði, sem nú er vonandi um garð gengið, svo búast mætti við að hann jykist aptur til muna, enda komst hann næstliðið ár upp í 90,000 kr.; en varla þarf að ætla, að hann komist nálægt því sem hann var 1883, því lækkun hans hefir valdið fleira en harðærið; það mun einnig mega eigna það bindindishreifingunni, sem bæði er óskandi og vonandi að haldi áfram, og verði vel ágengt; einnig munu lögin um veiting og sölu áfengra drykkja hafa haft töluverð áhrif á lækkun hans; einnig var hjer á þeim árum, sem vínfangatollurinn var sem hæstur, fjöldi Norðmanna, sem stunduðu síldarveiðar, og þeir neyttu mikils af vínföngum; en nú þegar síldarveiðarnar hafa brugðizt, hafa þeir flutt í burt.

Í annan stað hljóta útgjöldin að fara vaxandi, sumpart fyrir eðlilega rás tímans og til að efla framfarir landsins, sem allir óska eptir, sumpart vegna laga, sem þingið hefir samþykkt.

Af lögum skal jeg leyfa mjer að nefna lög um eptirlaun presta og prestekkna; eptirlaunabyrðin eykst líka við það, að embættum fjölgar, svo sem er um læknaembættin; stofnun nýrra skóla hefir kostnað stóran í för með sjer; ennfremur má nefna vegalögin, sem hljóta að hafa í för með sjer mikil útgjöld fyrir landssjóð.

Viðvíkjandi hinum nausynlegu framfarafyrirtækjum, sem þurfa að komast á, nægir að benda til laganna um brú á Ölvesá, sem ekki eru komin til framkvæmda enn,

en hafa mikinn kostnað í för með sjer. Nú á þinginu eru fallin 2. frumv. um brú á Þjórsá, ekki af því að menn viðurkenni ekki þörfina á þessari brú, heldur af því að fjeð vantar.

Tillagið til gufuskipsferða kringum landið var minnkað fyrir þetta fjárhagstímabil, sem nú er að líða, en jeg efast ekki um, að ástæða muni þykja til, að hækka það tillag aptur; hjer liggur nú fyrir þinginu frv. til laga um stofnun sjómannaskóla, fje þarf til þess: einnig er jeg sannfærður um, að h. fjárlaganefnd muni þykja ástæða til, að leggja meir til búnaðarefiingar, en farið er fram á í frv. stjórnarinnar; ennfremur get jeg nefnt stofnun lagaskóla og alþýðumenutnnarmálið.

Afleiðingin af því, að ekki væru auknar tekjurnar, yrði sú, að viðlagasjóður eyddist, ekki eingöngu innstæðan, heldur færi landssjóður einnig á mis við alla þá vexti, er hún gefur af sjer; og ef sama hjeldi áfram, mundi eigi á löngu líða áður en viðlagasjóður væri allur upp jetinn; en að hverju leiddi það? Náttúrlega ekki að öðru en því, að landsstjórnin neyddist til að taka lán, og vil jeg leyfa mjer að skírskota til orða þm. Borgf. (Gr. Th.) við 1. umr. fjárlaganna, hvort slíkt mundi eigi koma í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Jeg álít það líka stórkostlegt ranglæti af oss, sem nú lifum, við eptirkomendurna, ef vjer ekki einungis eyðum því, sem til er, heldur söfnum einnig skuldum, enda er skaðinn fyrir eptirkomendurna að tiltölu meiri en sá stundarhagur, sem vjer njótum við það, að losast við aukin gjöld til landsþarfa; því þess lakari sem fjárhagurinn er, þess verra verður að rjetta hann við.

Því er líka svo varið með tollhækkun, að í vissum skilningi getur maður skoðað hana sem hún sje ekki beinlínis útgjöld, er ekki verði hjá komizt, því einstaklingurinn, sem ekki megnar að greiða tollinn, getur ímörgum tilfellum komizt hjá að greiða hann með því, að kaupa þeim mun minna af hinni tollskyldu vöru, sem nemur verðhækkun hennar fyrir tollinn. Þeir, sem eiga óhægt með greiðsluna, þurfa ef til vill ekki að kaupa eins mikið; en afleiðingin er að eins sú, að þeir hafa dálítið minna af vörunni, en landssjóður fær nokkurn hluta andvirðisins.

Jeg álít rjettast, að geyma að minnast á hinar einstöku vörur, er frumv. nefnir, og á breytingartillögur þær, er nefndin hefir gert, til 2. umr. Jeg hefi þá von, að allir þeir, sem láta sjer annt um hag landssjóðs og sem unna sönnum framförum lands vors, láti þetta frumv. fá góðan byr.

Landshöfðingi: Jeg get frá stjórnarinnar hálfu verið h. nefnd þakklátur fyrir það, hve vel hún hefir tekið undir þetta mál, þar sem hún ekki að eins hefir verið stjórninni samtaka í því, að vilja auka tekjur landssjóðs, heldur jafnvel viljað veita tvöfalda upphæð, að minnsta kosti á pappírnum.

Ástæður stjórnarinnar fyrir því, að hafa tollinn ekki hærri en hann er í frumv. hennar, voru fyrst og fremst hræðsla við það, að undandrátturinn mundi verða því meiri, sem tollarnir yrði hærri, þar sem allt tolleptirlit vantar. Í öðru lagi áleit stjórnin, að það hlyti að verða mjög erfitt fyrir kaupmenn eða þá, sem vöruna flytja, að svara tollinum út fyrir fram, ef hann yrði mjög hár. Stjórnin var hrædd um, að kaupmenn mundu fælast frá, að flytja mikið inn af þessum vörum, ef á þeim væri hærri tollur en hún tiltekur, og því mundi minna fást í aðra hönd. En úr því h. nefnd vill hafa tollana hærri og er ekki hrædd um, að það muni leiða til stórkostlegs undandráttar í tollgreiðslunni, þá er víst ekkert á móti því frá stjórnarinnar hálfu, að hafa tollana eins háa og h. nefnd stingur upp á. Þar sem h. nefnd ekki hefir stungið upp á öðrum

efnisbreytingum við frumv. stjórnarinnar en þeim, sem jeg hefi nefnt, að færa tollana upp, þá hefi jeg ekki fleira að athuga við málið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að leyfa mjer að tala fáein orð um tollamálið yfir höfuð. Jeg get verið h. nefnd þakklátur fyrir fyrirhyggju þá, sem hún hefir borið fyrir landssjóðnum með tollum þessum, en hitt getur verið spursmál, hvort hún hafi breytt fyrirhyggjulega með því, að hrúga öllum tollum á að eins fáar vörur. Nefndin hefir haft fyrir sjer fleiri frumv., en svo virðist, sem hún vilji láta öll gjöld lenda á örfáum vörum. Um útflutningsgjöldin hefir h. nefnd að eins þau stuttu ummæli, að þau sjeu óeðlileg; en það vantar frekari skýringar á því, hvað hún meinar með þessu orði. Þegar maður ber saman tolla á aðfluttum og útfluttum vörum, þá eru engir aðflutningstollar eins vissir, eins og tollar á vissum útfluttum vörum, auk þess sem tollar á útfluttum vörum geta orsakað það, að meira verði brúkað af vissum vörum í landinu sjálfu. Þá eru önnur ummæli í áliti h. nefndar, sem jeg vil minnast á. Nefndin játar að drukkið muni meira kaffi í sjávarplássunum, en í sveitunum, og því muni tollurinn koma meira niður á sjómönnum en sveitamönnum. En þetta er, segir nefndin, að bæta úr þeim ójöfnuði, sem verið hefir á gjöldum þessara manna. En jeg get ekki verið því samþykkur, að beinu skattarnir komi þyngra niður á sveitabóndanum, en sjávarbóndanum. Jeg held þvert á móti, að hinir beinu skattar sjeu hærri á sjávarbændum, og held jeg að jeg treysti mjer til að sanna þetta. Mjer er óljúft að fara í metnað milli sjávarbænda og sveitabænda. En það getur verið, að jeg neyðist til þess, ef meiri þorri allra gjalda til landssjóðs á að hvíla á sjávarbændum. Jeg held, að jarðir við sjó sjeu miklu hærra metnar, en jarðir til sveita. Blettur, sem kostar 100 kr. til sveita, mun kosta allt að 1000 kr. við sjó. Jeg veit að vísu, að gæði sjávarins eru mikil, en við þekkjum líka máltækið: «Svipul er sjávar-gjöf». Ástæðan fyrir því, að leggja meira en tvöfaldan skatt á sykur á við það, sem stjórnin stingur upp á, getur varla verið önnur en sú, að sykrið sje sú nauðsynlegasta vara fyrir alla landsbúa. Jeg veit h. nefnd hefir verið það ljóst, að mikil næring er í sykri, og virðist þá eins hefði mátt tolla þá næringu, sem er í rúgi, bankabyggi og hrísgrjónum. Jeg er ekki á móti hæfilegum tolli á kaffi, en aptur er jeg alveg á móti stórkostlegum tolli á sykri. Stjórnin ræður til að leggja toll á kaffi af þeirri ástæðu, að brúkað sje of mikið af því; en gildir sú ástæða líka að því er snertir sykrið? Fátæk börn við sjó lifa lengi framan af nærri eingöngu af sykur-vatni. Ætli börnin yrði vanheilli af því, að drekka sykur-vatn en blávatn? Jeg skal svo ekki fara ýtarlegar út í málið að sinni, en biðja h. nefnd að íhuga, hvort ekki muni ástæða til, að leggja toll á fleira en hjer er gert, og sjerstaklega, hvort ekki muni tiltækilegt, að leggja tolla á eitthvað af því, sem flutt er út úr landinu, en vægja aptur kaffinu og sykrinu. Jeg held því alls ekki fram, að enginn tollur eigi að vera á kaffi og sykri, en jeg vil að hann sje mjög vægur, enda ætla jeg, að því hærri sem tollurinn verður, því minna komi inn í landssjóðinn. Mjer finnst það líka hart, að neita fátæklingum um þetta eina sælgæti, sem þeir hingað til hafa getað veitt sjer. Auðmennirnir geta æfinlega veitt sjer bæði þetta og annað sælgæti; en hvaða sælgæti eiga fátæklingarnir að hafa, þegar þeir ekki mega fá sjer sopa af kaffi eða láta upp í sig mola af sykri? (Hlátur). Mjer dettur ekki í hug að tala þetta hlægjandi; þetta er fyrir mínum augum alvarlegt mál.

Framsögumaður (Ól. Briem): Jeg

get ekki verið stuttorður viðvíkjandi mótbárum h. 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þ. Böðv.) móti aðgerðum nefndarinnar.

Fyrst lagði h. þm. áherzlu á það, að nefndin hafi farið fljótt yfir útflutningstollana. Bæði liggur þetta mál ekki hjer fyrir nú, og svo gefur nefndarálitið í skyn, að nefndin sje ekki fráleit nokkrum útflutningstollum, en þeir ættu þá að koma í staðinn fyrir þá skatta, sem nú hvíla á sömu vörum.

Viðvíkjandi því, að skattar á sjávarbændum sjeu ekki vægari en þeir, sem hvíla á sveitabændum, þá er það ómótmælanlegt, að sveitabændur bera hærri gjöld. En þetta er ekki aðalatriðið hjer, því þessar vörur, sem hjer ræðir um að tolla, eru brúkaðar mikið bæði við sjó og til sveita. Það kann að vera dálitill munur á kaffinautninni, en af sykri er engu minna brúkað til sveita.

Hvað því viðvíkur, að h. sami þm. komi með nánari sannanir fyrir því, að skattar komi þyngra niður á sjávarbændum en sveitabændum, þá getur það verið nógu gott í sjálfu sjer; en jeg held, að hann geti sparað sjer það ómak.

Annars kom hvorki mjer nje nefndinni óvart, þótt h. 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þ. Böðv.) yrði á móti þessum tollum. Hann var þegar í upphafi, á þinginu 1871, á móti vínfangatollinum; þá hjelt hann því fram, að brennivínið væri nauðsynjavara, sjer í lagi í sjóplássum. Hann áleit jafnvel, að brennivínsmenn væru hinir mestu sjómenn og sjósóknarar. Þetta skal jeg nú láta ósagt, þó jeg haldi, að hjer sje kannske nokkuð mikið sagt! þá tók hann það líka fram, að það væri óskyggilegt, að leggja svo háan toll á brennivínið, nefnil. 8 skildiuga á pottinn. Síðar á þinginu 1875, þegar rætt var um tóbakstollinn, þá var hann einnig því máli mótfallinn. Tók hann þá greinilega fram, að ekki mætti ofþyngja alþýðunni með mörgum tollum. Jeg efast nú um, að sami h. þm. vildi nú fá upphafinn vínfangatollinn og tóbakstollinn, sem gefið hefir landinu hátt á aðra miljón. Ef hans ráðum hefði verið fylgt, þá hefðu þessir tollar bæði orðið miklu lægri og svo orðið frestur á að þeir hefðu náð gildi. En afleiðingin hefði orðið sú, að landssjóður, sem nú á full níu hundruð þúsund kr. í sjóði, ætti nú ekki einn eyri, heldur væri kominn í meiri skuld. Þessi framkoma í tollamálinu virðist mjer vera vel skiljanleg af sparnaðarmanni, en óskiljanleg af þeim manni, sem alla sína löngu þingmannstíð hefir verið einn af mestu framfaramönnum þingsins og haft meðferðis mörg slík mál, sem hafa í för með sjer afar-mikil útgjöld, t. d. núna fyrir fáum dögum frumv. um brúargerð á Þjórsá og á síðasta þingi frumvarp um stofnun alþýðuskóla. Orsökin til þess, að þessi mál hafa fallið, mun einkum hafa verið sú, að ekki var nægt fje fyrir í landssjóði til þess að standast útgjöld þau, sem þessi fyrirtæki hefðu í för með sjer. Þess vegna get jeg ekki skilið annað, en að allir þeir, sem hafa áhuga á nytsömum fyrirtækjum, hljóti að vera með þessum tollamálum.

Þorvaldur Bjarnarson: Þegar jeg heyrði h. 1. þm. Kjós. og Gullbr. (Þór. B.) og það, sem hann sagði um útflutningsgjald af ýmsum landvörum, þá datt mjer í hug hið gamla máltæki: af tvennu illu skal taka það, sem minna er, og getur mjer eigi dulizt, að h. tollanefnd hefir fylgt þessu ráði, enda virðist eigi ástæða til, að hrúga öllum álögum eingöngu á þá, sem nýtir eru í landinu, heldur ætti að lofa hinum að smakka svo lítið á þeim líka. Mjer getur því eigi orðið eins þungt um og h. 1. þm. G.-K. (Þór., B.) þótt nefndin sleppti útflutningsgjaldinu, sem jeg álít óviðurkvæmilegt, nema því að eins, að meiningin sje sú, að styðja og efla slóðaskap, ódugnað og ráðleysi; væri slíkt meining löggjafarvaldsins, þá væri sjálfsagt að leggja toll á útfluttar vörur.

En jeg álít; að vjer eigum nóg af slíku hjer á landi og meira en vjer þurfum, svo eigi sje ástæða til fyrir löggjafarvaldið að hlaupa undir bagga með slíkum ódyggðum og efla þær; hitt virtist mjer talsvert sanngjarnara, að dugnaðarmaðurinn heldur væri látinn njóta en gjalda dugnaðar síns. Auðvitað er jeg á móti öllum tollum, að svo miklu leyti sem hjá þeim verður komizt, en þegar ómögulegt er að komast hjá hneyxlinu, því vonda, þá er þó sjálfsagt að ganga að því, sem þolanlegast er. Viðvíkjandi feitmetinu, þessu eptirgerða smjöri eða því sem kallað er «butterin», þá er jeg gjarna með í að tolla það, þar sem nauðsynin er eins brýn og hún nú er að auka tekjur landssjóðs, og mætti það jafnvel eiga sæti snemma á skrá. Þörfin er sannarlega brýn að auka landssjóðinn og þessvegna greiði jeg líka atkvæði með tollum, þótt þeir sjeu mjer í raun og veru mjög ógeðfelldir; en það er eigi nóg að safna fje í landssjóðinn; menn verða einnig vel að gæta að, hvernig því fje er varið, sem þangað fer. Þyki mjer mat mínum eytt í ósóma á heimili mínu, þá segi jeg, að nú þyki mjer mega skammta minna, og eins mætti segja um landssjóð opt og tíðum, að gjarna mætti gefa minna að borða úr honum og hafa bitana smærri, sem stungið er upp í suma, enda held jeg, að hefði jeg sem bóndi slíkar inntektir og væri slíku upp í mig stungið, sem hina hálaunuðu embættismenn, þá mundi hreppsnefndin láta mig svara út meiru en 1000 fiskum til fátækra; þeir yrðu að öllum líkindum 1001. Mjer hafa ætíð þótt óeðlileg hin svo nefndu eptirlaun og jeg hef opt spurt sjálfan mig: Hversvegna fær þú ekki eptirlaun eins og aðrir? Menn svara þessu svo, að jeg sje eigi í opinberri stöðu, eigi konungkjörinn embættismaður, heldur bóndi, og margir hafi minna upp í sig af gæðum þessa heims en jeg, og játa jeg það satt vera. En nú brennur hjá mjer, eigur mínar týnast í eldi og jeg verð sjálfur heilsulinur og ónýtur til vinnu. Og hvað liggur þá fyrir mjer? Ekkert annað en hreppurinn, og þegar svo er komið, þá er fyrir alvöru farið að grennslast eptir, hvar maður sje fæddur o. s. frv., og endirinn verður, að maður er settur niður þar sem hreppsnefndin ræður af að hola manni niður. (*Forseti*: Jeg vil minna h. 2. þm. Rangv. á að halda sjer við efnið). Jeg vil geta þess út af orðum h. forseta, að jeg álít þetta atriði, hvernig verja skuli eignum landssjóðs, málinu viðkomandi; en að öðru leyti skal jeg eigi orðlengja meira um þetta að sinni, heldur einungis taka það aptur fram, að jeg álít rangt, að veita embættismönnum meira fje úr landssjóði, en þeir þurfa til sómasamlegs viðurværis, og tel eptirlaun með öllu óhafandi.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil eigi skerða gleði h. deildar yfir ræðu h. þm. Rang. (Þ. Bj.), heldur að eins þakka h. framsögum. (Ól. Br.) fyrir hið nákvæma eptirlit, sem hann hefir haft með framkomu minni í tollmálum á undanfarandi þingum, og sje það rjett, sem hann hefir sagt um það efni, þá verð jeg að játa, að hann man miklu betur en jeg, en jeg held, að hann muni ekki rjett. Jeg get sem sje eigi munað, að jeg hafi alvarlega verið á móti tolli á ölföngum fyrir 10—15 árum síðan, en þótt svo hafi verið, þá verð jeg að hafa það mjer til afsökunar, hve langt er síðan, og jafnvel minna hann, á að einn heimsfrægur stjórnfræðingur, sem var meiri stjórnmálagarpur en við báðir til samans, hefir sagt að það skyldi gleðja sig, ef einhver segði sjer, að hann væri í dag annarar skoðunar en í gær.

Að h. framsögum. (Ó. Br.) talar um mig sem framfaramann og fúsan til að leggja fram fje úr landssjóði til framfara, er jeg honum náttúrlega þakklátur fyrir; en slík ummæli, sem hann hafði, geta þó

naumast átt við framkomu mína í brúarmálinu, því jeg vildi eigi að brú á Ölvesá eða Þjórsá kostaði landssjóð einn einasta eyri. Þetta frumv. er nú reyndar komið í sína gröf, en upp mun síðar rísa annað í sömu stefnu, þótt það eigi hafi mig og sampingismann minn fyrir flutningsmenn.

Jónas Jónassen: Jeg var á síðasta þingi mótstæður tolli á kaffi og sykri, en mjer var þá eigi svo kunnugt um hinn bágborna hag landssjóðs, sem mjer er nú og verð jeg nú að lýsa því yfir, að jeg álít skyldu mína að greiða nú atkvæði með, að þessar vörur verði tollaðar. En aptur á móti getur verið áhorfsmál, hvort h. tollnefnd hefir farið algjörlega rjetta leið í tillögum sínum, og jeg fyrir mitt leyti verð að játa, að mjer virðist hún hafa látið frumvörpin um útflutningsgjald á tólg, hrossum, ull og sauðfjenaði sitja of mikið á hakanum, en þar sem nefndarálitið kemst svo að orði, að eigi virðist »að svo stöddu farandi fram á, að fjölga hinum tollskyldu vörum«, þá skil jeg þetta svo, sem nefndin sje þó eigi algjörlega fráhverf því, að leggja útflutningsgjald á eitthvað af þessu og vonast því eptir frumv. frá henni síðar í þá stefnu. — Að því er snertir upphæð kaffitollsins, skal jeg geta þess, að mjer virðast þessar tölur — 5—10 a. á pundið — opt vera nokkurs konar grýla í augum margra, en það er ástæðulaus ótti, því vjer vitum, að kaffiprísar stíga og falla árlega, svo að stundum er verð þess 60 aur. og stundum jafnvel 90 aur. fyrir hvert pund, en þó mun kaffinautnin vera hjer um bil sú sama. Engu að síður vil jeg þó eigi fara hærra en stjórnin hefir stungið upp á í frumv. sínu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 96, 187); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg get verið stuttorður um þetta mál, því hjer eiga við allar hinar sömu ástæður sem vakað hafa fyrir nefndinni, þegar hún rjeði til að hækka tollinn á kaffi og sykri, enda vona jeg að allir þeir, sem annars vilja hækka tollana, sjeu mjer samdóma um, að hækkun á tóbakstollinum eigi vel við, því tóbak getur enginn álitið nauðsynjavöru, og tóbaksnautn er ávani, sem reyndar er örðugt af að leggja, en sem engum verður gott af. Hin helzta ástæða á móti hækkun þessa tolls er sú, að eptirlitið verði því örðugra og því hættara við undandrætti, sem tollurinn er hærri, en jeg vil benda mönnum á, að vottorð upp á æru og samvizku verður að skoðast þýðingarmikil vörn gegn slíkum prettum, enda er og hið elzta gjald hjer á landi, tíundin, byggð á framtali gjaldanda, og þótt mönnum reyndar opt hafi þótt framtal bænda miður áreiðanlegt, þá hafa menn þó eigi fundið ástæðu til, að afnema þau gjöld, sem þar á hvíla, heldur miklu fremur hækkað þau og fjölgað þeim, og hið sama virðist hjer mega eiga sjer stað.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um þjóðjarðasölu (C. 161, 194); 3. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem). Viðvíkjandi þessu frv. er þess að geta, að komin er fram breyt.till. um að fella 8. gr. þess burt, þá grein er inniheldur ákvæði um, að stofnaður sje sjerstakur sjóður af fje því, er fyrir jarðirnar fæst. En þótt mjer þætti það æskilegt, að sá höfuðstóll, sem fyrir þjóðjarðirnar kæmi, yrði ekki algjörlega eyðslufje, þá finnst mjer hægt að koma í veg fyrir það, þótt 8. gr. yrði feld burtu. Hið sama mætti gjöra með sjerstökum lögum; eins mætti líka búa

svo um, að eigi mætti eyða einhverjum ákveðnum hluta af viðlagasjóðnum og tryggja þannig, að landið ætti nokkra arðberandi eign, sem ekki mætti verða eyðslueyrir.

Grímur Thomsen: Eins og h. flutningsm. (Ó. Br.) gat um, höfum vjer 6 þingmenn komið með þá breyt.till. (C. 194), að 8. gr. frv. þessa falli burt. Eins og kunnugt er, gjörir 3. gr. fjárlaganna ráð fyrir 56000 kr. tekjum af jarðeignum landssjóðs. Ef frv. þetta nær fram að ganga, og það vona jeg að verði, þá munu þjóðjarðir brátt fækka, því að hjer eru boðin þau kjör með kaup þeirra, að slík eru áður ópekkt hjer á landi. Væri stofnaður sjerstakur sjóður af fje þessu, og honum skipað eptir þeim reglum, sem jeg ekki þekki, þá gæti svo farið, að þær stefndu í þá átt, að ekki mætti brúka hann sem eyðslueyri, en af því leiddi aptur, að þessi tekjugrein landssjóðs minnkaði, og gæti svo farið að hún hyrfi á stuttum tíma með öllu. Væru þessar jarðir eign vissra stofnana, t. d. kirkjujarðir eða kristfjárjarðir, þá væri sjálfsagt, að stofna sjerstakan sjóð af andvirði þeirra, og verja honum á sama hátt og jörðunum var varið: ef um kirkjujarðir er að ræða þá til kirkna, en ef það væru kristfjárjarðir, þá handa fátækum. En það væri að rýra tekjur landssjóðs, að leggja andvirði seldra þjóðjarða í sjerstakan sjóð, er að eins mætti verja á sjerstakan hátt. Jeg veit að vísu dæmi til, að í einu landi hefir verið farið svipað þessu með andvirði seldra þjóðeigna. En í Danmörku, því landi, sem að mörgu stendur oss svo nærri, hefir það ekki verið gjört, að láta andvirði seldra þjóðjarða renna í sjerstakan sjóð, heldur er það fært til með ríkistekjunum og rennur inn í ríkissjóðinn. Að eins þegar tíundir hafa verið seldar, þá hefir andvirðið verið látið renna í sjerstakan sjóð og honum varið í sama augnamiði og tíundunum. Mjer þykir það annars hálfundarlegt, ef þetta frv., sem fer fram á að rýra tekjur landssjóðs, verður samþykkt einmitt sama daginn, sem verið er að ræða annað frv. um að auka tekjur landssjóðsins. Eins og jeg gat um áðan, eru að vísu dæmi þess í einu landi, að farið sje svipað með andvirði seldra þjóðjarða og hjer er gjört ráð fyrir. Í Noregi er svo ákveðið í 50. gr. laga frá 21. ágúst 1821 «angaaende det beneficerede Gods», að «allar tekjur sem koma inn við þjóðjarðasölu, skiptist eins og tekjurnar af uppfræðslusjóðnum í tvennskonar: 1. varanlegar og stöðugar árstekjur, sem brúkast á fjárlögum eins og aðrar tekjur, og 2. tilfallandi tekjur um stundarsakir, sem mynda skulu sjóð, *er án samþykkis stórþingsins* eigi má brúka til annars, en: a, fyrst og fremst til útlána handa embættismönnum, til þess að bæta embættisbústað sinn, og b. til útlána til fátækra bænda». Þannig er þessu skipað í Noregi. En hversu rjett og gott sem það getur verið, að stæla eptir öðrum löndum opt og tíðum, þá er þó næsta varúðarvert, að gjöra það í öllu; jeg skal leyfa mjer, að benda h. flutn.m. (Ó. Br.) á, að Norðmenn hafa engan sjerstakan sjóð til að veita lán úr. eins og vjer getum gjört úr viðlagasjóði, og stendur því nokkuð öðruvísi á fyrir þeim í þessu efni en oss; vjer getum veitt lán úr viðlagasjóði embættismönnum og bændum, og höfum gjört það, en Norðmenn verða að hafa þennan sjóð til þess. Hjer við bætist, að þessi lög Norðmanna hafa verið háð sömu lögum, sem svo margt annað í veröldunni, að þau hafa ekki þótt svo góð sem vera skyldi og hefir þeim verið breytt einum 5 sinnum síðan þau fyrst komu út. Ef vjer nú lítum til sjálfra vor, þá höfum vjer haft tvo sjerstaka sjóði: styrktarsjóðinn og spítalasjóðinn; þeir eru nú báðir runnir inn í viðlagasjóð, eins og eðlilegt er, þegar þær greinir eru komnar inn í fjárlögin, sem þeir áttu að styrkja. En hvað sem þessu líður, þá hef

jeg dálitla athugasemd við greinina í formlegu tilliti. Jeg mundi líklega gefa henni atkvæði mitt, ef hún stæði ekki á þessum stað. Ef jeg þekkti þær reglur, sem h. flutn.m. (Ó. Br.) hefir í huga, að sjóðnum sje skipað eptir, þá gæti jeg gefið greininni atkvæði mitt, ef mjer þætti þær reglur aðgengilegar. Nú þykir mjer mál þetta of snemma upp borið. Jeg vildi að h. flutn.m. kæmi með nýtt frv., þar sem 8. greinin stæði í upphafi, en síðar í frv. væri skýrt frá, hvernig sjóðnum ætti að verja. Hjer væri að renna blindandi í sjóinn með að samþykkja þessa 8. gr. á meðan engin slík skýring er komin fram. Ef vjer viljum taka Norðmenn oss til fyrirmyndar, þá ákváðu þeir þegar fyrirfram, hvernig fara skyldi með andvirði þess «beneficeraða» góss, sem þeir seldu. Jeg skal geta þess, að jeg er nú orðinn mjög hlynntur Söfnunarsjóðnum, og álít hann að mörgu leyti mjög góðan og hagfelldan til að geyma fje í, er einstakir menn eða sjóðir eiga; en þegar um landssjóðs fje er að ræða, þá er nokkuð öðru máli að gegna; hann getur ekki safnað á sama hátt sem einstakir menn eða stofnanir. Ef viðlagasjóður kæmist í það ástand, sem nú lítur út fyrir að orðið geti, að þar verði fjárþurð, þá mætti það virðast undarlegt, að annar sjóður, sem undir hann heyrði, hefði gnægð fjár og jyki sífellt eign sína. Það væri svipað og með bónda, sem byggi á tveim jörðum, og hefði fjárhag búa sinna alveg aðskilinn; þá gæti svo farið, að full fjárþrot yrðu á aðalbúinu, þótt gnægð væri af öllu á útibúinu. Hjer kæmi þá upp sama fyrirkomulagið, sem var hjá Dönum og þeir kölluðu «Skuffesystem»; þar var fjenu skipt niður í margar skúffur eða hólf, og mátti ekki brúka fje úr einni deildinni eða hólfinu, nema einmitt til þeirra þarfa, sem það var ákveðið til; gat því svo farið, að í einu hólfinu væri nóg fje og meira að segja afgangur, en í næsta hólfi fullkomin fjárþrot. Því verð jeg að álíta betra, að 8. gr. væri feld aptan af frv., en komið heldur með nýtt frv., þar sem betur væri um hnútana búið en hjer er gjört.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er mjög samþykkur þessu frv. að því leyti sem það fer fram á þjóðjarðasölu; jeg álít það gott fyrir menn og landssjóður verður ekki fátækari fyrir, það, þótt hann fái peninga fyrir jarðir sínar, en bóndinn verður þeim mun ríkari, sem jörð hans kostar, og áhugi hans mun vaxa á að endurbæta hana. En hjer þykir mjer þó nokkuð athugavert og ísjárvert. Frv. leyfir að eins ábúendum að kaupa jarðirnar; þetta finnst mjer óþarfleg takmörkun á frelsi manna. Sá maður sem hefir niðurnítt jörðina á að hafa forgöngurjett til að kaupa hana, af því að hann er ábúandi. Jeg skil ekki annað en að vjer höfum allir sama rjett til jarðanna; þjóðjarðirnar eru þó óneitanlega sameiginleg eign. Á ábúandi að sitja öðrum í ljósi fyrir að eignast jörðina af því að hann hefir setið hana illa? Það var næsta leiðinlegt, að ekki var líka hægt að heimfæra sömu reglu upp á eyðijarðirnar, sem enginn notar. Á þeim er *enginn* ábúandi, og af því að þessi *enginn* finnst ekki, þá verður þó að leyfa öðrum að komast að sem kaupanda, og breyta þannig út af reglunni, að selja ábúandanum jörðina. Mjer sýndist miklu rjettara að hjálpa framfara- og dugnaðarmanninum til að eignast jarðirnar, eða að minnsta kosti gefa honum kost á því, en leggja ekki þessa ófrelsisfjötra á hann. Jeg held að hvorki sje eptirlit strangt með jörðunum af landssjóðs hendi nje mjög þakkað, hvernig þær eru setnar. Jeg hef að vísu sjeð góða ábúð á þjóðjörðum, en jeg hef líka sjeð hana slæma, og ekki veit jeg til, að viðurkenning hafi verið veitt fyrir hina góðu ábúð. Þetta er að vísu ekki skemmtilegt fyrir þingið að heyra, en jeg

minnist orðtækisins, að það sje ekki svo ljótur sannleiki, að hann sje ekki betri en fögur ósannindi. Jeg vil því að 1. gr. frv. sje feld alveg burtu. Getur verið að það geti verið bágt, að hafa byggingarbrjefin öðruvísi en þau eru, en hræddur er jeg um, að ýmislegt standi á þeim meira »proforma» en að það sje framkvæmt í verkinn. Jeg segi enn: Hvað á að láta menn njóta þess, að þeir hafa setið illa jarðir sínar, jeg get ekki verið með því, en með skynsamlegri þjóðjarðasölu er jeg, því hún er til að efla heill landsins. Þó mun jeg greiða atkvæði með frumv. þessu, þótt mjer líki það ekki, því að af tvennu illu skal velja hið minna.

Ólafur Pálsson: Jeg hef fátt að tala í þessu máli, en orð h. þm. Rangv. (Þ. Bj.). er síðast talaði, gefa mjer tilefni til að láta það ekki ganga alveg orðalaust fram hjá mjer. Jeg get ómögulega viðurkennt það, að þjóðeignir sjeu hóti ver setnar en bændaeignir, og það í kringum þm. sjálfan; en hver þær á, er honum ljóst; sjálfsagt er að sumar þeirra kunna að vera ver setnar en skyldi, en aptur eru aðrar næsta vel setnar. En þó jarðir af náttúrunnar völdum sjeu ógirnilegar, getur enginn ábúandi við gjört, sem víða á sjer stað í Skaptafellssýslum, að þær leggjast í eyði fyrir vatni og sandi. Líka skal jeg geta þess, að jeg mun gefa breyt.-till. atkvæði mitt.

Þorvaldur Bjarnarson: H. þm. (Ó. P.) hefir ekki hrakið eitt orð af því, sem jeg sagði. Jeg er að vísu einfaldur bóndi, en eigi að síður þykist jeg bera nokkurt skyn á það, hvernig jarðir sjeu setnar. Þótt mjer þyki vont að þurfa að segja það, þá verð jeg þó að láta það álit mitt í ljósi, að þjóðjarðir sjeu að meðaltali ver setnar en bændaeignir; jeg segi um það svæði, sem jeg hef farið um. Það mundi hafa hert á mönnum með að sitja jarðir sínar vel, ef það skilyrði hefði verið, að þeir einir ábúendur fengju jarðir sínar keyptar, sem sætu þær vel. En að sá, sem því nær hefir komið jörð sinni í eyði með trassaskap og ónytjungsskap, og gjört hana þannig nær því að verðleysi, skuli hafa forkaupsrjett að henni, það þykir mjer hart, já lítt þolandi. Þó gef jeg atkvæði með frumv., því jeg vil það heldur en ekki neitt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 194) samþ. með 11 : 8 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt síðan til Ed.

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. (C. 176); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frumv. samþ. hver um sig í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tólfti fundur, þriðjudag 16. júlí á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði verið tilkynnt, að í nefndinni í frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands væri kosinn formaður Eiríkur Briem og skrifari Páll Briem; í nefndinni í frumv. til laga um hundahald á Íslandi sje formaður kosinn Jónas Jónassen og skrifari Þorleifur Jónsson.

Frumv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. (C. 177); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 173); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Eins og h. þingdm. er kunnugt, var jeg eigi viðstaddur, þegar frumv. þetta var

fyrir til 1. umr., en jeg hef sjeð, að einn h. þm. hefir komið fram með góðar bendingar viðvíkjandi frumv, sem jeg er honum þakklátur fyrir og skal jeg út af því lýsa því yfir, að jeg óska að 7. gr. frumv. falli burt.

Aðalefni þessa máls er það, að metnar verði upp aptur nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem orðið hafa fyrir stórkostlegum skemmdum af náttúrunnar völdum. Sumar af þessum jörðum hafa orðið fyrir slíkum skemmdum, að ókunnugir menn munu varla trúa því. Þannig er t. d. ein jörð, sem í jarðamatinu 1861 er talin með 10 hundruð að dýrleika, búin að vera í eyði nú í 5 ár. Þessi jörð er bændaeign, og virðist enginn sanngirni mæla með því, að menn sjeu neyddir til að borga af slíkum eignum eins og þær væru vel setnar og í bezta standi. Og engu betur eru sumar aðrar þjóðeignir farnar; þrjár þeirra eru alveg eyðilagðar og ein þeirra jafnvel fyrir 10 árum. Mjer virðist nú mjög ósanngjart, að menn skuli þurfa að borga ábúðarskatt af þessum jörðum; af sumum hefir verið borguð fátækratíund síðan 1872 og virðist mjer slíkur órjettur þurfa bráðrar lagfæringar við, því hreppsnefndin getur krafizt gjalds af ábúendum á slíkum jörðum, úr því svo er í byggingarbrjefunum ákveðið. Jeg vona því, að h. deild, þótt eigi sje hún eins kunnug og jeg eyðileggingu þeirri, sem þessar jarðir hafa orðið fyrir, taki vel í málið, og æski hún frekari upplýsinga, þá gefst henni kostur á að lesa og kynna sjer þær skoðunargjörðir, sem fóru fram í fyrra á þessum jörðum, og mun jeg sjá svo um, að þær verði fram lagðar á lestrarsalinn. Jeg skal svo eigi orðlengja um þetta meir, en óska að eins að h. deild lofi frumv. að ganga til 3. umr.

Þorraldur Bjarnarson: Hjer liggur fyrir frumv., sem ef til vill kann að fela st í einhver gagnsemi; jeg vil orða þetta þannig og eigi kveða frekara að orði, því vera kann að gagnsemin finnist ekki þótt leitað sje. En jeg skal eigi lengja umr. um þetta mál að sinni, heldur að eins geta þess, að jeg skil eigi hvað meint er með þessu frumv. Það er verið að tala um eyðijarðir og um leið verið að kvarta yfir ábúð þeirra. Mjer finnst þetta hrein og bein meiningarleysa, og vildi því óska, að deildin hraðaði sjer að fella þetta frumv.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Mjer datt það sízt í hug, að h. 2. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) mundi hafa þessi ummæli um frv. og fannst mjer það sitja allra sízt á honum, að byrja andmæli í máli þessu, þar sem hann hefir áður fyrir hönd kjördæmis síns fylgt fram frv. í sömu stefnu og þetta. Jeg skil því eigi í orðum h. þm., nema ef þau eru skilin á þann veg, að hann sje nú farið að langa eins mikið í, að ná kaupum á þjóðjörðum, sem á ýmsum bændaeignum, samkvæmt því sem honum fórust orð í gær um sölu á þjóðjörðum.

Sigurður Stefánsson: Jeg get eigi verið frumv. þessu meðmæltur, þótt jeg reyndar viðurkenni, að talsverðar skemmdir hafi orðið á ýmsum jörðum þar eystra. Verði frumv. þetta að lögum, þá er jeg mjög hræddur um, að þar muni fleiri á eptir fara; því þá er opnaður vegurinn fyrir kröfur frá meiri hluta landsmanna um að verða sömu hlunninda aðnjótandi, og þegar svo væri komið, mundi fara að rýrast gagn það, er landssjóður hefði af jörðum sínum, ef hann ætti að fullnægja öllum þar að lútandi kröfum. Sum ákvæði frumv. eru líka þannig löguð, að jeg get eigi á þau fallizt, t. d. ákvæðið í 2. gr., að sýslunefndir skuli annast um matið. Reyndar er það eigi svo að skilja, sem jeg vantreysti sýslunefndum til þessa, heldur finnst mjer að sýslunefndum og hreppsnefndum sje yfir höfuð opnað svo stórt verksvið með þessu frv., að jeg efast

um, að það muni hafa happasælar afleiðingar; jeg vildi því heldur að dómkvaddir menn væru látnir meta upp jarðirnar; öðru máli væri að gegna, ef matið væri kostað af sýslusjóði, þótt sýslunefndir væru þá látnar fjalla um matið, en með þessu fyrirkomulagi er jeg hræddur um, að þær jarðir verði nokkuð margar, sem sýslunefndir og hreppsnefndir finna ástæðu til að meta upp. Jeg hef því jafnvel hugsað mjer, að koma með breytingaratkvæði í þá átt, að kostnaðurinn við matið skuli gjaldast af sýslusjóði eða eigendum jarðanna. Mjer hefði einnig þótt heppilegra, að jarðir þær hefðu verið taldar upp, sem meta skyldi að nýju, eins og gjört var í frumv. frá Rangárvallasýslu, því þá væri þó heldur hægt að ráða í kostnaðinn, þar sem nú er ómögulegt að vita hve mikill hann muni verða.

Landshöfðingi: Mjer finnst það alls eigi um skör fram, þótt Vestur-Skaptfellingar óski, að margar jarðir þar eystra verði metnar upp, því allir, sem ferðast þar um, munu hljóta að viðurkenna, að ýmsar jarðir í þeirri sýslu eru nú eigi lengur nema að nafninu til; þar er t. d. ein jörð, sem eigi hefir eptir nema fjöruna eina, en ábúandinn verður þó að borga alla skatta og skyldur af jörðinni, þótt hann þurfi að kaupa að bæði beit og slægjur og þótt nú jarðir þessar verði metnaa upp, þá get jeg eigi sjeð, að slíkt þurfi að draga nokkurn dilk eptir sjer, því að hvergi á landinu hafa jarðir á síðustu árum orðið fyrir annari eins eyðileggingu og í Vestur-Skaptafellssýslu; víða er að eins eptir dálítil túnmynd, en litlir sem engir hagar, eða þá að túnin eru eyðilögð og hagar einir eptir. En viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Ísf. (S. Stef.) sagði að öðruvísi hefði verið farið að með jarðir í Rangárvalla sýslu, þá hlýtur hann að misminna það, því heimildarlögin nefna engar jarðir, heldur eru þær einungis taldar upp í hinum síðari lögum, sem staðfesta jarðamatið þar í sýslu. Jeg álít einnig vel til fallið að sýslunefndin kveðji menn til að meta upp jarðirnar, eins og frv. gjörir ráð fyrir, því hitt er eigi tíðkanlegt, að dómkvaddir menn íramkvæmi þau störf, og væri þannig að farið, þá yrði sýslumaður að setja dómþing í hverjum einstökum hrepp til að útnefna matsmenn fyrir hrepyinn. Jeg veit heldur eigi annað en að matið hafi farið vel fram í Rangárvallasýslu, og sje því eigi ástæða til, að vikið sje frá þeirri reglu, sem þar var höfð. Aptur á móti getur verið áhorfsmál, hvort borgun til matsmanna skuli greiðast úr landssjóði, sem að undanförnu eða hvort heppilegra sje að ákveða að hún skuli greiðhst úr sýslusjóði til að koma í veg fyrir að jarðir verði metnar upp að óþörfu. En þar sem gjaldið hingað til hefir verið greitt úr landssjóði, þá er náttúrlegt að h. flutningsm. (Ó. P.) haldi sjer til þeirrar venju.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg verð að játa, að gagnsemi þessa frv. er enn þá falin fyrir mjer. Jeg geng út frá því, að hjer sje verið að afla fyrir landssjóð, en hvað á hann þá að fá fyrir þetta? Mjer skyldist svo á hæstv. landsb. að sumar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu væru nú eigi orðnar nema nafnið eitt; en fær þá landssjóður meira í aðra hönd, þótt þessar jarðir yrðu metnar að nýju? Mundu leigur og landskuld hækka? Eða á að kosta ærnu fje til að meta nafnið eitt og mundi það borga sig fyrir landssjóð? Hvað úr þessu kann að verða, veit jeg eigi; það getur verið súrt eða salt eða eitthvað þar á milli, en frá mínu sjónarmiði get jeg eigi sjeð nokkra ástæðu til að meta jarðirnar að nýju, með því það er enginn hagur fyrir landssjóð og vil jeg því ráða h. deild frá að láta frv. þetta ganga til 3. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson); Jeg er þakklátur hæstv. landsh., sem nýlega hefir haft tækifæri til að kynna sjer á-

standið í Vestur-Skaptafellssýslu, fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið í þessu máli og meðmæli hans og sömuleiðis þakka jeg h. þm. Ísf. (Sig. St.) og h. þm. Rang. (Þorv. Bj.) fyrir upplýsingarnar, en hvað því viðvíkur, sem h. þm. Rang. sagði, að hann sæi eigi gagnsemi þessa frumv. og skildi eigi, hvers vegna það væri framkomið, þá furðar mig það stórum, að hann, jafn-brjóstgóður maður, skuli eigi geta fundið, að fátæklingana munar um þau gjöld, sem á jörðunum hvíla, þótt lítil sjeu. Og þó að nú sje lítið orðið eptir af sumum jörðum, þá má þó meta það litla sem eptir er; það er þó altjend fjaran, eins og hæstv. landsh. gat um; stundum rekur á hana og virðist ekkert á móti því, að hún sje metin. En æski einhver frekari upplýsinga, þá vísa jeg honum til skoðunargjörðar þeirrar, sem jeg gat um áðan. En hvað því viðvíkur, að jeg hefði átt að koma með þetta frv., þegar jarðirnar í Rangárvallasýslu voru fyrir þinginu, þá verð jeg að geta þess, að mjer var það þá ómögulegt því jarðirnar voru þá eigi orðnar svo af sjer gengnar sem þær nú eru.

Sigurður Stefánsson: Menn mega alls eigi skilja orð mín svo, sem jeg beri nokkrar brigður á, að það, sem h. framsögum. (Ó. P.) hefir sagt í máli þessu, sje rjett hermt. Jeg óttast einungis, að frv. þetta muni leiða af sjer mjög mikinn kostnað fyrir landssjóð framvegis, og þess vegna er jeg eigi ráðinn í, hvort jeg geti gefið því atkvæði mitt. En jeg held, að þingið hafi áður óttast það sama og jeg, þegar verið var að ræða um, að meta að nýju jarðir í Rangárvallasýslu, því þá var það samþykkt með að eins mjög litlum atkvæðamun, að landssjóður skyldi bera kostnaðinn, er leiddi af matinu.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer skildist á h. þm. Ísf. (S. St.), að hagur landssjóðs mundi eigi batna við matið, enda er auðsætt, að landsskuld og leigur vaxa eigi við það eða aðrar tekjur landssjóðs, að nær því eyðilagðar jarðir sjeu metnar að nýju. Þetta er náttúrlega óhagur fyrir landssjóð, en á hinn bóginn verður maður að gæta að því, að öll sanngirni mælir með því, að menn sjeu eigi látnir gjalda skatta og skyldur af þeim jörðum, sem þannig eru af sjer gengnar, eins og þær væru óskemmdar. Aptur á móti er jeg samdóma h. þm. Ísf. í því, að landssjóður ætti helzt eigi að borga þann kostnað, er af matinu leiðir, sem eigi mundi verða lítill, ef landssjóður ætti að borga fyrir allar jarðir, hvort sem hann ætti þær eða eigi. Borgun sú sem tiltekin er í frv. finnst mjer líka of há, og mætti setja hana úr 4 kr. niður í 2 kr. á dag; finnst mjer matsmenn ættu að geta látið sjer það eins vel nægja, þegar um þeirra innanhjeraðs mál er að ræða, eins og sýslunefndarmenn. sem eigi fá nema 2 kr. á dag. Og ennfremur finnst mjer ekkert á móti því, að einstakir menn, sem vilja fá jarðir sínar metnar upp, borgi sjálfir fyrir sínar jarðir og landssjóður að eins fyrir þær, sem hann á, með þessu samkomulagi mundi fyrir það girt, að menn heimtuðu jarðamat að óþörfu.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg skal skýra h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) frá, að einungis 4 jarðir af þeim, sem hjer er um að ræða, eru bændaeignir, hinar allar þjóðjarðir, svo að það munar minnstu fyrir landssjóð, hver ber kostnaðinn af mati þeirra, en þó skal jeg ekki vera því mótfallinn, að hinir sem jarðirnar eiga, borgi fyrir þær, og skal sameina mig h. þingdm., sem vilja koma með breytingar í þá átt til 3. umr. Þetta geri jeg heldur en að frumvarpið falli fyrir þá sök, og vona jeg að frv. fái að ganga til 3. umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: Það er eigi ómögulegt, að jeg ásamt öðrum h. þm. komi með breytingaratkvæði við frumv. til 3. umr. í þá átt, að landssjóður að eins

borgi matskostnað á þeim jörðum, sem hann sjálfur á, en einstakir menn fyrir sínar jarðir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 12 atkv.; 3. gr. samþ. með 11 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 12 atkv.; 6. gr. felld með 12:7 atkv.; 7. gr. felld með 18:2 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi (C. 163, 195) frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg þykist ekki þurfa að vera langorður um mál þetta, því að vjer, sem kosnir vorum í nefnd í því, höfum enga verulega efnisbreyting gjört á frv., svo að málið er enn í líku formi og það var við byrjun þessarar 1. umræðu. Oss kom saman um, að víkja ekki frá stefnu frv., þótt oss hefði að vissu leyti þótt það æskilegra, að búsetan hefði verið gerð að beinu skilyrði fyrir því, að kaupmönnum veittist kostur á, að verzla á Íslandi. Að nefndin fór ekki lengra en hún fór, kom af því, að oss fannst sem flest það mundi nást með frv. þessu, er mest mælir með að kaupmenn sjeu hjer búsettir, en sneitt hjá agnúum þeim, sem leitt geta af því, að þeim sje gerð búsetan að beinni skyldu. Jeg álít, að ef þetta frv. nær lagagildi og kemst í framkvæmd, þá muni það þó leiða til þess, að selstöðuverzlunin gamla deyi bráðum út, því að tilgangur þess er sá, að reyna að stuðla að því, að verzlunararðurinn fari ekki út úr landinu, heldur sje varið landinu sjálfu til viðreisnar, og í öðru lagi, að kaupmenn geti ekki smeygt sjer undan gjaldskyldu hjer á landi að miklu leyti. Jeg vona að þingið taki þessu máli vel, og það því fremur, sem líkt frv. þessu hefir verið samþykkt hjer á þingi áður. Menn vita að tilgangurinn er hjer sá, að gera verzlunina sem mest innlenda og stuðla að því, að selstöðuverzlunin hverfi, en engan veginn til að hindra þróun þeirrar verzlunar, er reynzt hefir landsbúum mjög hagfelld, svo sem verzlun Englendinga hin síðari ár.

Landshöfðingi: Jeg skal ekki bera brigður á, að tilgangurinn með frv. þetta sje mjög góður í sjálfu sjer, því að hann mun vera sá, að draga verzlunararðinn inn í landið og fá lögð full gjöld á þá, sem verzlunina reka; en hins vegar er jeg ekki eins sannfærður um, að þessum tilgangi verði náð á þann hátt, sem hjer er ætlazt til; það er hvorki mitt meðfæri nje flutningsmanna, að skera fyllilega úr því. Reynslan verður að sýna það.

Viðbót nefndarinnar við frv. álít jeg vera til bóta. En hins vegar hefði jeg og álitið æskilegt, að nefndin hefði tekið til greina bendingar mínar við byrjun 1. umræðu málsins um lausakaupmennina, sem ekki mundi koma í bága við verzlun hinna ensku kaupmanna við hjerlend kaupfjelög, þar sem sú verzlun ávallt mun fara fram í stórkaupum. Jeg get ekki sjeð, hver ástæða sje til, að veita lausakaupmönnum meiri rjettindi en föstum kaupmönnum. Auk þess kann jeg ekki við sum ákvæði frv. Jeg hygg, að það hefði farið betur, að vera ekki að liða í sundur hinar einstöku vörutegundir, og taka til, hvað mætti selja minnst af hverri fyrir sig, heldur hefði átt að taka til einhverja peningaupphæð, er væri hin minnsta, sem kaupmaðurinn mætti selja fyrir. Þannig er það í Danmörku. Það er undarlegt, ef ekki má selja af klæði og silki minna en 100 álnir í einu, en aptur á móti borð í tugum. Jeg held það færi miklu betur, væri brotaminna og næði eins vel tilgangi sínum, að ákveða, að kaupmönnum sje ekki leyfilegt að selja fyrir minna í einu, en einhverja ákveðna peningaupphæð. Sömuleiðis er það leyft í Danmörku, að stórkaupmenn megi selja

smærri kaupmönnum í smærri skömmtum, og mundi slíkt ákvæði einnig eiga vel við hjer. Ef breytingar koma við frumv. í þá átt, sem jeg hef bent á, mun jeg ekki vera því mótfallinn. En eins og það er nú úr garði gjört. get jeg ekki talið það heppilegt.

Þorvaldur Bjarnarson: Eptir minni meining er frumv. þetta vel til fallið, því að ekki mun grunnlaust um, að kaupmenn hafi stundum haft hjer tvær verzlanir við sömu höfn, en um það skal jeg ekki fara mörgum orðum. Meiningin með þessu er sjálfsagt sú, að láta arðinn af verzluninni renna inn í landið. En gott þætti mjer ef hægt væri að koma þeirri ákvörðun inn í frumv., að ekki gæti sami kaupmaður átt 2 verzlanir við sömu höfn og sopið allan arðinn af þeim. Mundi ekki líka hugsanlegt, að kaupmaður gæti í raun og veru verið annarstaðar, þó hann væri búsettur á staðnum; mundi ekki eins vera og fyr, að fólkið hugsaði illt í sínu hjarta; mun það ekki vera svo hjá oss bæði mjer og öðrum? Það er illt mál að verja, og sýnist mjer þessu frumv. næsta ábótavant, og hræddur er jeg um, að aldrei nái það tilgangi sínum.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Hæstv. landsh. hreyfði því, að frv. næði ekki til lausakaupmanna, en það var meining vor, að það skyldi ná til þeirra alveg eins og til annara kaupmanna, vjer ætluðumst til, að þeir væru sömu lögum háðir sem fastakaupmenn, og að þeir skyldu selja vörur sínar eptir sömu reglum og fastir kaupmenn. Jeg álít, að ekki eigi að hlynna að erlendum lausakaupmönnum meir en föstum verzlunum, verzlun þeirra er ekki svo þýðingarmikil fyrir oss. Þetta atriði mun því varla þurfa að verða, að ágreiningsefni milli hæstv. landsh. og nefndarinnar. En þar sem hæstv. landsh. tók fram, að hann kynni betur við að sleppt væri að telja upp hinnar einstöku vörutegundir, en taka heldur til einhverja ákveðna minnstu upphæð, sem erlendir kaupmenn mættu selja fyrir, þá mun nefndin einnig taka það atriði til íhugunar. Viðvíkjandi því, að stórkaupmenn megi selja smákaupmönnum í smærri skömtum en hjer er ákveðið, þá finnst mjer lítil ástæða til að breyta því, því að það mega í sannleika vera smáir kaupmenn, sem ekki eiga hægt með að kaupa í einu svo mikið af hverri vörutegund, sem í frv. er ákveðið, þar sem hændur jafnvel geta það.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega játa það, að tilgangur frv. þessa er lofsverður. Enginn hjer á þingi og utan þings mun óska þess, að verzlunin verði ekki innlend. En hitt er spursmál, hvort þessu verði náð. Til þess þurfa mörg skilyrði; land vort þarf að breytast og hagur þess, ef þessu á að geta orðið framgengt. Jeg sje, að þetta hefir líka vakað fyrir h. flutningsm. En þá er að líta á, hvort það úrræði, sem hjer er gripið til, muni geta þokað málinu í rjetta átt. En satt að segja óttast jeg fyrir, að það gjöri það ekki. Fljótt á að líta sýnist gjört hjer óhægt fyrir, bæði kaupmönnum og bændum; en báðir geta þeir þó bætt úr því að mun; bændur með því að slá sjer saman til kaupa, og kaupmenn á ýmsan hátt. Yfir höfuð er erfitt að gjöra svo nákvæm ákvæði í þessu máli, að ekki sje hægt að fara í kringum þau. Það er sjálfsagt, að bezt fer á því, að verzlunin sje sem mest innlend; en þess verður þó líka að gæta, að það er stórnauðsynlegt fyrir kaupmenn, að vera sem mest erlendis, einkum á vetrum; það er miklu nauðsynlegra fyrir þá að vera þar sjálfir og hafa umboðsmann sinn hjer, en að vera hjer og hafa umboðsmanninn þar. Það er spursmál, hvort þetta ákvæði um búsetuna verður ekki einmitt verzluninni til hnekkis. Það má líka mjög fara í kring-

um ákvæðið um búsetuna. Hvað á að segja um þann kaupmann, sem er hálft árið hjer en hálft árið erlendis? Á að telja hann búsettan hjer eða ekki? Jeg mun annars af alhug æskja þess og fylgja því, að verzlun vor geti orðið sem mest innlend. H. framsögum. (S. St.) talaði um það, að frumv. þetta stefndi að því, að verzlunararðurinn gæti runnið inn í landið. Vjer getum að vísu neytt kaupmenn til að búa hjer, ef þeir vilja verzla hjer, þótt það að mínu áliti sje skaði, eins og nú stendur. En ekki getum vjer með lögum bannað þeim að setja fje sitt á vöxtu erlendis; eigi getum vjer heldur bannað þeim, að flytja af landi burt, þegar þeir hafa aflað sjer hjer fjár, og eyða því fje erlendis. Þó bið jeg menn að skilja eigi þessar athugasemdir mínar þannig, að jeg sje ekki máli þessu hlynntur; þvert á móti; jeg mun gefa frumv. atkvæði mitt; en jeg vildi að eins stuttlega sýna h. þingd. fram á vandhæfi það, sem þó væri á máli þessu, hversu æskilegt sem það í sjálfu sjer er.

Þorleifur Jónsson: Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, hefði nefndinni þótt æskilegast, að fengizt hefðu lög um fulla búsetu fastakaupmanna hjer á landi, en h. framsögum. (S. St.) hefir þegar tekið það fram, að henni leizt ekki ráðlegt að ganga svo langt að þessu sinni. Og fyrst það er ofan á hjá flestum, vil jeg ekki skerast úr leik og koma með frumv. um búsetuna.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að sjer, þætti undarlegt að bannað væri að selja minna í einu af klæði og silki o. s. frv. en 100 álnir, þá er það að vísu satt, að þær vörur ern sjaldnast seldar í slíkum stórkaupum hjer. Afleiðingin af banni þessu yrði þá sú, að þeir, sem ekki eru hjer búsettir kaupmenn yrðu útilokaðir frá því, að selja þessar vörutegundir, en búsettir kaupmenn, ekki, og jeg sje ekkert á móti því, þótt þeir kaupmenn, sem ekki eru búsettir hjer, sjeu útilokaðir frá að selja sumar vörutegundir.

Þótt fastakaupmönnum sje eigi gjört að skyldu að vera hjer búsettir með þessu frumv., þá miðar það þó til, að hlynna að búsettum kaupmönnum, en þrengja heldur kosti hinna; þetta getur vonandi leitt til þess, að fleiri kaupmenn fari að taka sjer hjer fasta bólfestu en hingað til hefir verið, en af því getur aptur leitt, að þeir færu smámsaman að skoða sig sem landsins eigin börn og ljetu eigi arð verzlunar sinnar renna út úr landinu, heldur inn í landið, og verðu honum því til hagsbóta. Mundi þá síðar hægra að koma á lögum um algjöra búsetu kaupmanna hjer.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) alaði um, að hægt mundi að fara í kringum lög þessi, en gat lítið um hvernig það mundi verða. Hugsandi er einn vegur til þess, og hann er sá, að kaupmenn gjöri factora sína að nafninu til eigendur þeirra verzlana, er þeir reka fyrir þá. En þá verða þeir að gefa factorunum afsalsbrjef fyrir verzluninni, eða verzlunarstjórarnir verða að minnsta kosti að hafa þinglesna eignarheimild fyrir þeim. En það gæti verið talsverð áhætta, að afsala sjer þannig verzlaninni pro forma; ef við hrekkjóttan factor væri að eiga, mundi hann á þann hátt geta náð verzluninni undir sig.

Bendingar hæstv. landsh. mun nefndin íhuga, og getur verið, að hún komi með breytingartillögu við 3. umr. í sömu stefnu, eins og hæstv. landsh. benti til.

Þorvaldur Bjarnarson: Árangurinn af þessu frumv. dylst ekki. Jeg hef hingað til haldið, að það þyrfti að hlynna sem mest að verzluninni; jeg hef haldið að hún ætti að leika sem mest í hendi hvers manns og að eigi mætti setja skorður fyrir henni, heldur láta hana ganga sem bezt getur gengið. Þessi skilyrði, sem hjer eru sett, finnst mjer ekki samsvara voru hæfi og vorum högum; þau eru óeðlileg hjer.

það væri æskilegt; ef þetta gæti gengið, en við erum ekki komnir svo langt. En hverjir fá að verzla við þessa lausakaupmenn? Jeg get sagt ykkur það: það er ekki konungurinn, ekki þingið, ekki þingmenn, ekki kotbændur eins og jeg, heldur fastakaupmennirnir, þeir og engir aðrir. Jeg er fullkomlega með því, að verzlunararðurinn lendi í hverju landi, sem verzlað er í, eins og frumv. fer fram á. En vjer verðum að bíða hagkvæmari tíma. Mjer sýnist nú stundum fara meira út en inn hjá kaupmönnum, og ættum við að reyna að laða útlenda kaupmenn sem mest að okkur; kaupmennirnir hafa líka lög sjálfir sem þeir fylgja, svo að því leyti getum við verið rólegir.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) hjelt, að hægt mundi verða að fara í kringum lög þessi, það get jeg nú reyndar ekki sjeð, en örðugt mun, að gjöra svo nokkur lög úr garði, að ekki verði farið í kringum þau, ef því er að skipta. Jeg skal og játa það, að æskilegast hefði verið, ef hægt hefði verið, að ákveða fyllilega um, hvað kalla mætti búsetu kaupmanna hjer. En það hygg jeg, að eigi blandist mönnum hugur um, að slíkt verði eigi talin búseta á Íslandi, þótt kaupmenn skreppi upp hingað og dvelji hjer stutta stund um sumartímann, en hafi bæði konu og börn og aðalbækistöðu sína erlendis. Jeg er hissa á því, að heyra reynda menn hreyfa öðru eins og því, að kaupmönnum sje með þessu bannað, að ferðast um og leita eptir sem beztum kaupum á vöru sinni. Reynslan er nú þegar farin að sýna það, að það er ekki önnur eins lífsnauðsyn fyrir kaupmenn, sem hjer reka vezlun, að vera erlendis, eins og í veðri hefir verið látið vaka. H. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) má vera þetta vel kunnugt; tengdasonur hans er kaupmaður, og jeg veit ekki betur, en að verzlun hans blómgist, og þó fer hann sjaldnar utan en flestir aðrir kaupmenn. Vjer vitum líka að innlendir kaupmenn hafa orðið auðugir af verzlun sinni hjer á landi, og farið þá fyrst utan, þegar þeir hafa verið orðnir ríkir; þetta virðist þó vera sönnun fyrir því, að ekki sje allsendis nauðsynlegt fyrir kaupmenn að hafa búsetu erlendis. Þetta snertir nú að vísu búsetu kaupmanna, en ekki beinlínis frv. það, sem hjer er um að ræða. Sjálfsagt er það, að þingið á ekki að leggja óeðlileg bönd á verzlun og kaupmenn, en þó eigum vjer af fremsta mætti að hlynna að því, að arðurinn af eigin verzlun vorri setjist að í landinu sjálfu, því að það er eitt af aðalskilyrðunum fyrir blómgun þess og framförum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal að eins taka það fram, að mjer virtist hæstv. landsh. hafa nokkuð aðra skoðun á rjettindum lausakaupmanna eptir frv. þessu, en hin h. nefnd; og mundi því rjett, að taka það atriði til nánari íhugunar, hvort það ekki getur misskilizt.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg álít að þetta þurfi ekki að ákveða skýrara en gjört er í frv., því að lausakaupmenn eru kaupmenn eins og aðrir kaupmenn, en hjer er um ekkert annað að ræða en búsetta kaupmenn og ekki búsetta. Lausakaupmennirnir verða því að vera alveg sömu reglum háðir sem aðrir kaupmenn með það, að selja vöru sína í stórkaupum, sjeu þeir ekki búsettir hjer; það er því ekki þörf á, að taka þá sjerstaklega fram. Jeg held það sjeu endurminningar um fyrri frumv. um fasta kaupmenn og lausakaupmenn, sem vakað hafi fyrir h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) og komið honum til að koma með þessa athugasemd.

ATKVÆÐAGR. Frumv. vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (C. 190); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Þetta mál hefir komið fyrir mörg undanfarin þing og í ýmsum myndum. Það er því enginn nýr gestur hjer á þinginu. Nú kemur málið þó fram í dálítið annari mynd en vanalega, því frumv. fer, eins og menn sjá, ekki að eins fram á, að lækka hin hæstu laun, heldur einnig fram á, að hækka nokkuð hin lægstu laun. Eins og það er víst, að sum embætti eru of hátt launuð, eins finnst okkur flutningsmönnum líka, að sum sje of lágt launuð. Það virðist því öll ástæða til að gera meiri jöfnuð á launununum, en hingað til hefir verið. Vjer viljum auðvitað, að embættismenn landsins hafi sómasamleg laun og svo jöfn sem unnt er eptir ábyrgð og stærð embættisins; en eigi hærri en svo, að þau samsvari efnum og kröptum þjóðarinnar. Eins og náttúrlegt er, hefir þessu máli æfinlega verið vel tekið hjer í þingdeildinni. Eins vona jeg að því verði tekið enn, enda munu flestir háttv. þingmenn hafa farið að heiman með margar og sterkar áskoranir frá kjósendum sínum um, að fylgja þessu máli fram. Jeg vona að það sem nýtt er í þessu frumv., þ. e. ákvæðin um að færa lítið eitt upp hin lægstu laun, um leið og hin hæstu eru færð niður, muni fremur verða til þess að bæta en spilla fyrir málinu. Þessi uppástunga okkar miðar til, að koma á meiri jöfnuði í launaveitingunni, enda er svo, að þeir embættismenn, sem vjer stingum upp á að fái hærri laun en áður, hafa ekki þau laun, er þeir eiga skilið í samanburði við aðra embættismenn, og geta líka varla lifað af þessum launum. Jeg vona að þessi breyting veki ekki óánægju landsmanna, þó hún verði samþykkt. Landsmenn hafa aldrei verið nízkir við embættismenn sína; það verður aldrei hægt að bera þeim það á brýn. Miklu fremur má segja, að þeir hafi verið of örlátir. Að minnsta kosti munu flestir segja, að þingið hafi breytt nokkuð hvatvíslega, þegar það bjó til og samþ. launalögin 1875. Það virðist, að þingið hafi þá gleymt, hvað það átti eptir að vinna. Það hefir heldur eigi sýnt sig í neinu, að þessi háu laun hafi haft neinar góðar afleiðingar á embættismannastjettina. Það voru til eins margir duglegir og góðir embættismenn í landinu áður en launalögin komu út, eins og síðan þessum háu launum var slegið föstum. En hvað sem þingið gerir við þetta mál nú, þá vona jeg að h. stjórn verði ekki eins fljót að veita hin hæstu embætti, þó þau losni bráðlega, eins og hún flýtti sjer að veita í vor tvö stærstu embætti landsins, þrátt fyrir það, þó þingið væri þá að eins ókomið saman, og hún þekkti fullvel bæði vilja þess og þjóðarinnar í þessu máli.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vona með h. flutningsm. (Sig. Stef.), að þar sem frumv. þetta miðar til að miðla málum, og koma jöfnuði á launaveitinguna, þá muni þetta einmitt draga til samkomulags í þessu máli hjer á þinginu. Jeg segi fyrir mig, mjer er það ekkert kappsmál, hvort hinir lægst launuðu fá 100 til 200 kr. meira í laun en áður; en mjer er það aptur mikið kappsmál, að nú dragi til einhvers samkomulags í þessu máli. Á hverjum mannfundi um allt land er rætt um þetta mál; í blöðunum árlega, já mánaðarlega, bæði utanlands og innan, er það gert að umtalsefni. Deila þessi og rimma er orðin leiðinleg, og getur ekki leitt til neins góðs. Jeg vildi óska, að þessum stormi mætti slota um stund. Það getur ekki leitt til neins góðs, að þessi rígur þróist á milli þjóðarinnar og embættismanna; það er líka annað mál, sem vakið hefir mikla óánægju meðal landsmanna; það eru eptirlaunalögin; en fyrst er að taka launalögin fyrir og sníða þau eptir þörfum og efnahag þjóðarinnar, og ætti þá að verða hægra að eiga við eptirlaun-

in á eptir. Eptirlaunabyrði, sem nú hvílir á landssjóði, ógnar allareiðu landinu eins og eldur í fjöllum, þegar hann er uppi, eða hafís þegar hann umgirðir landið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefði ekki staðið upp í þessu máli, sízt á þessu stigi þess, ef h. flutningsm. (Sig. Stef.) hefði ekki farið að tala um hvatvísi þingsins 1875, sem samþykkti launalögin. Jeg finn mjer skylt að verja aðgerðir þingsins í þessu máli, með því jeg var þá sjálfur á þingi, og hafði nokkur afskipti af málinu. Í þessu máli kom sannarlega engin vanhugsun eða hvatvísi fram frá þingsins hálfu, því í raun og veru voru öll laun þá fremur lækkuð en hækkuð. Þingið vildi þá með einum lögum taka fyrir allar launabeiðslur, sem komu fram þing eptir þing og milli þinga. Að því er sjerstaklega snertir laun meðdómandanna við yfirrjettinn, þá voru þau ákveðin með tilliti til þess, að þeir jafnframt sínu eigin embætti skyldu gegna kennaraembættum við hinn tilvonandi lagaskóla. Í þessu skyni voru launin sett svona há. Þá voru líka margir á því, að laun undirkennaranna við lærða skólann væru of lág, þótt þau væru þá verulega hækkuð. Þetta vilja h. flutningsm. laga nú, með því að færa þessi laun nokkuð upp, og finnst mjer það vel til fallið. Þessi orð vildi jeg tala þinginu 1875 til afsökunar. Um tölurnar í frumv. skal jeg ekki tala að þessu sinni; en get getið þess, að mjer finnast þær ekki ósanngjarnar yfir höfuð.

Þorvaldur Bjarnarson: Það er dáindislega laglegur pappírsmiði, sem jeg hefi nú milli handanna. Hljóðar hann ekki eitthvað um laun þau, sem Ísafold gamla húsmóðir ætlar að gjalda hjúum sínum í framtíðinni? Jú, hann hljóðar um það, mjer sýnist svo. En þegar jeg fer nú að skoða lappann nákvæmar, þá sje jeg t. d. 5000 kr. handa biskupnum. Mjer sýndist fyrst, þegar jeg las frumv., að þarna stæði 500 kr. Kannske líka svo hafi átt að vera, en 5000 kr. sje prentvilla. Það er líka í minni sveit kallaður tvöfaldur ómagi, sem goldið er með 500 fiskar. Jeg vildi annars helzt, að inn í lögin kæmist sú ákvörðun, að biskupsembættið og amtmannsembættið, sem þjóðin hefir verið að tala um að afnema, skyldu ei veitt nema eptir tillögum alþingis. Embættin eru fyrir þjóðina, en ekki fyrir embættismennina, og launin í heild sinni ættu að vera grunduð á þörfum þjóðarinnar. Það dugar ekki að súpa, jeta og melta mikið. Það er leiðinlegt, að vera embættismaður í fátæku landi. En hvar er bankinn? Það er bóndinn! því »bóndi er bústólpi, bú er landstólpi». Það dugir ekki að taka meira úr bankanum en til er. Sem sagt. Jeg vona að menn skilji hvað jeg meina. Launin eru sett of hátt! Skal jeg svo ekki þreyta deildina lengur í þetta sinn.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson) Það getur verið að jeg hafi dæmt nokkuð hart um aðgerðir þingsins 1875 í launamálinu. En þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) sagði, að þingið hefði lækkað laun embættismanna 1875, þá verð jeg að játa, að jeg get ekki skilið eða sjeð, að svo hafi verið. Það getur verið, að sum laun hafi verið sett einhverja ögn lægra en þau gátu orðið hæst eptir hinum eldri launalögum; en að þau hafi lækkað að meðaltali, verð jeg mjög að efast um. Ef þingið hefir með þessum geysiháu launum ætlað að taka fyrir allar launabeiðslur, þá hefir því skjátlazt herfilega. Það hefir reynslan sýnt síðan 1875.

Annars er jeg fyrir mitt leyti ekki frá því, að rjettast kunni að vera að hafa hækkandi laun, eins og fyrir 1875. (Heyr!). Hvað sem gjörðum þingsins 1875 líður í þessu máli að öðru leyti, þá get jeg þó ekki betur sjeð, eptir skýringu h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.), en að þinginu hafi

farizt hvatvíslega, að ákveða laun yfirdómaranna með tilliti til þess, að þeir kynnu einhvern tíma að verða settir kennarar við hinn fyrirhugaða lagaskóla. Þetta var sannarlega fljótræðisleg ákvörðun, þar sem óvíst var, hve nær lagaskóli mundi komast á, en engin trygging fyrir því, að þessir dómarar vildu taka að sjer kennslu við skólann, ef til kæmi. Að öðru leyti skal jeg ekki tala meira um málið í þetta sinn. Mjer heyrist málið hafa fengið yfir höfuð góðar undirtektir, og vona að það fái að ganga til 2. umr. o. s. frv.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um *breyting á lögum nr. 31, 8 nóvbr. 1883: um breyting á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla* (C. 196); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorsteinn Jónsson): Þetta litla frv. stendur í svo nánu sambandi við það mál, sem rætt var síðast, að það getur skoðast sem framhald þess. Þetta mál hlýtur því að standa og falla með hinu. Það er fullkomlega sanngjarnt, að 1. kennari við læknaskólann hafi sömu laun og 1. kennari við prestaskólann og 1. og 2. kennari við hinn lærða skóla. Hann verður að hafa að sínu leyti sömu hæfileika sem 1. kennari við prestaskólann, og því að hafa kostað eins miklu til undirbúnings undir sitt embætti, eins og hinir, þar sem hann verður að vera háskólagenginn.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg sje það strax, að flutningsm. (Þorst. J.) hefir ekki miðað laun þau, sem hann stingur upp á handa þessum embættismanni, við það að «sá, sem er minnstur í hjarta sínu, er mestur í alríkinu». Allir hugsa auðvitað um að fá og ná í feitmeti og merg. En það verður ekki allt tekið af engu, og ekki verður mikið feitmeti í landi voru, þegar ekki er annað eptir en embættismenn. Það eru embættismenn vorir, sem sjá vel út, og gott er meðan góðu náir. Fyrir einhverra hluta sakir flýja menn nú land, svo horfir til landauðnar. Hákon er þó dauður og kominn undir græna torfu. Jeg vona að menn skilji mig, og sezt því niður.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 11:10.

Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall, og sögðu

já:	nei:
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Árni Jónsson
Grímur Thomsen	Gunnar Halldórsson
J. Jónss. (þm. N.-Þ.)	J. Jónss. (1. þ. N.-M.)
Jón Þórarinsson	Ólafur Briem
Jónas Jónassen	Ólafur Pálsson
Sigurður Stefánsson	Páll Briem
Þórarinn Böðvarsson	Sveinn Eiríksson
Þorsteinn Jónsson	Þorl. Guðmundsson
Þorvarður Kjerúlf	Þorleifur Jónsson
	Þorv. Bjarnarson.

Frumvarp til laga um gjald af aðfluttu smjöri og öðru viðmeti (C. 195), 1. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Þetta mál hefir fylgi og áhuga ekki að eins margra einstakra manna, heldur meiri hluta allrar þjóðarinnar. Þess vegna höfum vjer flutningsmenn komið með það inn á þingið og væntum því góðra undirtekta. Á flestum eða nálega öllum undirbúningsfundum undir alþingi tóku menn skýrt fram, að þeim væri illa við hinn mikla innflutning á útlendu smjöri, og þegar rætt var um toll á fundum þessum, þá var líka minnzt á þessa vöru, og óskuðu menn þess, að hún yrði tollað. Þegar rannsakaðar eru fundarskýrslurnar um þetta efni, þá kemur það fram, að af 17 skýrslum á lestrasalnum taka 15 fram, að nauðsynlegt sje, að tolla þessar vörur, sem hjer ræðir um. Það er að eins ein skýrsla, sem tekur fram, að þeir, sem gefa hana, óski, að útlent smjör verði ekki tollað, og eitt kjördæmi hefir ekki látið álit sitt í ljósi

um þetta efni. Jeg vona, að ekki þurfi að taka fleira fram til þess að sýna, að það er almennur vilji á landinu, að þingið tolli nú í sumar útlent smjör og annað aðflutt viðmeti.

Ástæðurnar til þessa geta verið fleiri, en ein. Það getur verið sú ástæða, að auka tekjur landssjóðs. Um 5 ára bil, eða árin 1883 til 1887 incl., hafa verið flutt árlega hingað til lands rúm 60,000 pd. af smjöri. Tollur þessi næmi eptir okkar frumv. 12,000 kr. á ári.

Ef nú innflutningurinn fer vaxandi, þá fer tollurinn líka hækkandi. En það er annað atriði, sem allir leggja eigi síður áherzlu á. Það smjör, sem mest er flutt af hingað til lands, er þess konar vara, sem ekki má selja erlendis nema með sjerstökum merkjum, og sumstaðar er það algjörlega bannað. Ílátið, sem smjör er í, verður að vera með sjerstökum einkennum. Að selja þessa vöru öðruvísi, er allstaðar bannað. Þetta frumv. vill nú setja skorður við því, að þessi vara gangi hjer undir fölsku nafni. Jeg fyrir mitt leyti vildi því helzt óska, að einungis yrði lagður tollur á smjörlíki, «margarin», í ýmsum myndum, ef því yrði við komið, og það er einungis vegna þess, að við flutningsm. erum hræddir um, að eigi yrði hægt að hafa nógu tryggt eptirlit með því, að við höfum ekki treyst okkur til að bera málið þannig fram. Jeg býst að vísu við mótbárum frá einstöku mönnum, en jeg vona samt að þeir sjái, að öll þörf er á, að tolla þessa vöru, til þess að hún ekki verði látin ganga hjer kaupum og sölum og seld hjer með sama verði og betri vara. Jeg get heldur ekki ímyndað mjer annað, en að nóg smjör sje í landinu sjálfu og geti fullnægt þörfum landsmanna, ef viðskiptin verða betri og greiðari með vissari og tíðari samgöngum en við höfum átt að fagna allt til þessa.

Þorv. Bjarnarson: Jeg er þakklátur h. flutningsm. (Á. J.) fyrir frv. þetta, því viljinn, sem lýsir sjer í því, er mjög góður; það er ekki álitið rjett, að gefa bjúum sínum svikna fæðu, þannig er ekki rjett að bjóða landinu í heild sinni svikna fæðu, en svikna fæðu kalla jeg ekki smjör, sem frv. fer fram á að tollað sje, heldur smjörlíki. — Það er allt of lengi búið að svíkja verkamennina á þessu ókta smjöri, það er allt of lengi búið að hafa það á boðstólum hjer á landi, til þess að láta svo lengur ganga; álít jeg því rjettara hefði verið að fara fram á að banna algjörlega aðflutning þess, eða, ef menn ekki vilja það, þá hefði átt að hafa tollinn hærri, að minnsta kosti 25 aura.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefði helzt kosið að vera laus við að mótmæla þessu frv., enda álít jeg það óþarft, því frv. mælir mest á móti sjer sjálft, og því ólíklegt að það eigi langan aldur.

H. flutn.m. (Á. J.) vitnaði til þingmálafunda; jú, jeg hefi sjeð það, að í ýmsum hjeruðum hafa menn af misskildum eigin hagsmunum æskt eptir tolli á aðfluttu smjöri, en þetta er á tiltölulega fáum stöðum, og eins og jeg gat um áðan, af misskildum hagsmunum sveitamannsins. Sveitamenn ættu fremur að leggja stund á, að vanda smjör sitt sem bezt, heldur en að leitast við að láta leggja toll á útlent smjör, til þess að koma sínu smjöri út, hvernig svo sem það er. Verði mikill tollur lagður á útlent smjör, þá rekur eigi að öðru en að sjávarútvegur yrði víða alveg ómögulegur, t. d. þilskipaútvegur, því innlent smjör er víðast hjer sunnanlands svo slæmt, að menn mundu heldur vilja vera smjörlausir en að kaupa það, og fæst alls ekki; það er ekki til.

H. flutn.m. (Á. J.) sagði, að keypt væru 60,000 pund af útlendu smjöri; en hvað sannar það? Ekkert annað en að innflutningur þess er nauðynlegur og óumflýjanlegur, þó ef til vill mætti neyta minna smjörs, en víða er gjört.

H. flutn.m. gladdi sig mjög yfir, að landssjóði jykjust tekjur um 12,000 kr.,

en hann gleymdi að geta þess, að um leið mun þetta verða til mikils hnekkis fyrir landið og þannig að líkindum kosta það meir en 12,000 kr., svo allt jafnar sig. Vildi einhver setja lög um það, að borða minna smjör og búa til smjör úr tólg, þá væri það þó skynsamlegra en þetta frv.

Það hefir verið sagt, að útlent smjör væri slæmt og miklu verra en innlent smjör; þetta er ekki rjett; það er að sönnu ekki daglegur vandi minn að borða útlent smjör, en jeg hef þó opt bragðað það, og það er miklu bragðbetra og fallegra útlits en smjör hjer gjörist almennt.

Atvinnuvegur sjávarbænda og útvegsmanna er of erfiður til þess, að menn ættu að gjöra þeim erfiðara fyrir en þörf gjörist. Verði þetta mál ekki fellt frá 2. umr., skal mig furða. Jeg gæti nefnt kaupmenn, sem kaupa um 20,000 pund af útlendu smjöri, hver fyrir sig, og munu þeir gjöra það að þarflausu? Og hvar ættu þeir að fá smjör í þess stað? En jeg vil vona, að frv. þetta komist ekki til annarar umr., og fer því eigi um það fleiri orðum að þessu sinni.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) um þetta mál.

Viðvíkjandi því, sem kom fram á sumum þingmálafundum í vor, um toll þennan, þá er jeg samdóma »Ísafold« um það, að á þeim hafi víða komið fram þessi kristilega og bróðurlega viðleitni í því, að ýta álögunum af sjer yfir á náungann, og er þetta mál í ætt við hana.

Þessi tollur á að miða til þess að efla framleiðslu innlends smjörs. Jeg er nú eindregið móti öllum verndartollum, svo lengi sem þeir eigi miða til hagsmuna fyrir alla þjóðina; en þessi tollur á að eins að vernda sveitamenn en íþyngja sjávarbændum, og mjer er óhætt að segja það um sunnlenzka smjörið, að það verðskuldar engan verndartoll, því smjör hjer sunnanlands er hjá mörgum manni mjög illa verkað, og svo er mikil smjörekla hjer sunnanlands, að það ekki er fáanlegt til kaups, svo nægi. Merkisbændur hjer við Faxaflóa hafa sagt mjer, að ef þeir hefðu ekki margarin-smjör, yrðu þeir að jeta þurt; jafnvel sumir sveitabændur senda útgerðarmenn sína til Faxaflóa svo illa útbúna með smjör, að þeir verða að kaupa »margarin«; og um Vestmannaeyjar veit jeg það, að þangað koma margir sjómenn úr Rangárvalla- og Skaptafellssýslum svo illa útgjörðir, að þeir mundu kaupa það, væri það fáanlegt, þar sem sumir koma næstum eða algjörlega mötulausir.

Það getur verið, að norðlenzkt smjör sje betur verkað, en sunnlenzka smjörið, og að Norðlingar framleiði svo mikið af því, að þeir hafi mikið aflögum, og þessvegna kann þeim að vera nokkur vorkunn, þó þeir komi með þetta frumv.; en það, að smjör Norðlinga ekki gengur út, er að kenna daufum verzlunarviðskiptum; en þetta lagast allt með tímanum; þegar verzlunarviðskiptin verða fjörugri og norðlenzkt smjör kemur hjer á markaðina, þá munu allir hætta að kaupa margarín, því að flestir munu heldur kjósa kúasmjör, heldur en margarín, sem allir vita að hefir ekkert smjör í sjer að geyma, en er búið til úr tólg eða öðrum efnum. Mjer finnst því frumv. þetta vera of snemma upp borið, og að koma með slíkt frumv. ætti helzt að geymast þangað til búskapur landsins er kominn í það horf, að framleiðsla smjörs er orðin svo mikil í landinu, að ekki gjörist þörf á aðfluttu smjöri. Þar sem frumvarpið hefir orðið útlent smjör, þá virðist með því eiga að leggja toll ekki einungis á ókekta smjör, heldur einnig á ekta smjör, og hvað orðinu »viðmeti« viðvíkur, þá getur það ekki einungis þýtt svínafeiti og annað viðbit, heldur hefur það einnig verið haft um mat, sem borðaður er með brauði og Danir kalla »Sul.« Af tjeðum ástæðum er jeg frv. mótmæltur, og vil fella það frá 2. umræðu.

Þorvaldur Bjarnarson: Ja, jeg þekki

nú ekki svo vel til Vestmannaeyja. en eptir því sem stendur í vísunni þeirri arna:

»Fýladrottinn með fýla grút
fótspor þitt sjerhvert gylli

hverja tunnu, já ker og kút« o. s. frv., þá held jeg nú samt, að Vestmannaeyingar þyrftu ekki að kaupa mikið af »butterin« því þeir hafa svo mikið af fýl. Sumir þm. eru, að mjer skilst, að tala um, að smjörið sje svo dýrt, ja dýrt; ekki kalla jeg það dýrt, þegar pundið er ekki nema 50 aura.

Jeg var nú einu sinni svo frægur, að flytja hingað smjör, og svo fór jeg til læknis, og bað hann að segja sitt álit um smjörið. Jú, viti menn, læknirinn fór að skoða smjörið, og skoðaði það grandgæfilega, og svo sagði hann, að smjörið væri reyndar mikið gott, en það væri þó eitt að því: það væri svo ógnarlega mikill litur í því; en það var ekki jeg, sem hafði sett lit í það, heldur var það guð sjálfur, sem hafði gefið þetta efni í grasið, að smjörið litaðist; þetta er nú ekki stórt atvik, en það sýnir þó, og ber vott um þekkingu þeirra, þessara lækna, þó þeir eigi að heita lærðir.

Jón Þórarinsson: Það hefir verið talinn kostur á þessu frv., að það jyki tekjur landssjóðs, og h. flutn.m. (Á. J.) taldist svo til, að það yrði 12,000 kr. árlegur tekjuauki fyrir landsjóð; en þar með eru allir kostirnir taldir. Þegar ókostir þeir, sem þegar hafa verið teknir fram og frv. þessu fylgja, eru metnir til móts við hagræðið af því — þessar 12,000 kr. tekjur, getur varla nokkrum manni blandazt hugur um, að hjer stenzt ekki á kostnaður og ábati, auk heldur meira.

2. þm. Rangvell. (Þ. Bj.) talaði mikið um, að hið óekta smjör væri svikin vara; en þetta er eigi rjett; það er ekki annað en það gefur sig út fyrir að vera, og það stendur ætíð utan á ílátunum, að það sje óekta smjör, svo engin ástæða er til, að ætla, að nokkur maður glæpist á að kaupa það sem ekta smjör; aptur er ekta smjör, sem flutt er hingað til landsins, mjög dýrt, svo að verðið sjálft segir til um það. Maður gæti miklu fremur sagt um íslenzkt smjör, að það væri svikin vara, því að þó það eigi að heita hreint og óblandað smjör, þá er það opt og einatt fullt af gráða, hári og öðrum óhreinindum. Það er allt öðru máli að skipta um Ísland, en mörg önnur lönd; þau geta bannað aðflutning á óekta smjöri og eiga að sjálfsögðu að leggja toll á aðflutt óekta smjör, af því þau framleiða nóg af vörunni sjálf, en um Ísland vantar algjörlega sannanir, að það framleiði nóg af smjöri; þvert á móti eru mikil líkindi til hins gagnstæða.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Mjer kom það ekki á óvart, að þetta frumv. fengi mótmæli hjer, því jeg bjóst undireins við þeim, þegar jeg las fundargjörðina frá þessum merkilega fundi í Hafnarfirði í vor (*J. Þór.:* Ekki ómerkilegri en aðrir); nei hann er einmitt merkilegri öllum öðrum fundum í því, að hann mótmælir þessum tolli, og vill ekki einn sinni stjórnarskrármálið til umræðu. — En hann vill leggja útflutningstoll á ull og sauðfje og hross, og *hækka* útflutningstoll á laxi.(!) Það er leiðinlegt, að heyra hjer talað um gráða og annað óæti í íslenzku smjöri, svo sem það kæmist ekki í samjöfnuð við «margarin»; ætli ekki væri nær, að reyna að koma því svo fyrir, að smjörið batnaði, svo að það gæti komizt í samjöfnuð við þetta marglofaða «margarinsmjör»?

Jeg get ómögulega skilið, hvernig tollur á óekta smjöri fær stoppað og stöðvað sjávarútveginn; skyldi þá útræðið hafa aukizt við það, að óekta smjör fór að flytjast til landsins? Nei, því fer fjarri; að minnsta kosti er það þó ekki því að þakka; fornmenn gátu vel stundað sjóinn

þó þeir hefðu ekki «margarin». Viðvíkjandi því, að landið framleiði ekki nóg af feiti, þá skal jeg geta þess, að hjeðan hafa á þessum 5 árum, sem jeg nefndi áðan, verið flutt út til jafnaðar 128,000 pund af tólg hvert árið. Það er mjög einkennilegt, að smjör skuli vera flutt út af Borðeyri til Kaupmannahafnar, og þaðan aptur ári síðar upp til Ísafjarðar. Það er orðið um smjörið eins og var með mennina fyrir nokkrum árum; þá þótti, það svo fjarska mikið í munni, ef sagt var, að einhver væri «sigldur»; nú geta sumir ekki borið sjer til munns; annað en *„siglt smjör“*.

Það eru fleiri en eitt dæmi til þess, að eigi er ætíð purð á íslenzku smjöri eða hátt verð á því. Jeg skal nefna eitt dæmi, sem er alkunnugt. Árið 1884 22. nóv. voru seld 3800 pund af smjöri, tilheyrandi Hallbjarnareyrarumboði, á rúma 23 aura pundið; mundi ekki hafa verið reynandi að flytja það suður, til að koma því í meira verð, þar sem landssjóður átti í hlut og tapaði stórfje? Jeg sje ekkert á móti því, að umboðsmenn þjóðjarða flyttu smjörið þangað sem beztur markaður er fyrir það, til þess að gjöra landssjóði sem mest fje úr því.

Maður einn sagði mjer, að hann hefði boðið kaupmanni hjer syðra allt smjör sitt, og að hann skyldi selja honum það, með sama verði og hann fengi það, flytja það til hans og taka ávísun með 3 mánaða fresti; en kaupmaðurinn vildi ekki, því hann hefir líklega haft nóg af «margarín»-smjöri.

Annar maður sagði mjer, að hann hefði gjört samning við bónda hjer syðra um að kaupa af sjer 100 pd. af smjöri í 5 ár, fyrir 60 aura hvert pund, en þegar til kom, vildi bóndinn hvorki heyra smjörið eða sjá, því hann gat fengið nóg af útlendu óekta smjöri með minna verði.

Það er mjög undarlegt viðvíkjandi Vestmannaeyingum, að árið 1886 var ekkert flutt til þeirra af smjöri, og árið 1887 að eins 100 pd. Hvernig ætli þeir hafi farið að lifa þá? *(Þorst. J.:* Eg sagði ekki, að við hefðum þörf á miklu margaríni). Annars þótti mjer vænt um að heyra þá von hjá þm. Vestm. (Þorst. J.), að þetta mundi lagast, ef verzlunin væri í lagi.

Jónas Jónassen: Jeg skal ekki lengja mikið umræðurnar í þessu máli. Jeg hef opt spurt sjálfan mig: hví er flutt smjör hingað til landsins? Svarið liggur nærri: náttúrlega af því, að hjer vantar smjör; að minnsta kosti er mjer hægt að segja það um Suðurland, að hjer er fjarska mikil smjörekla.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) kvað margarín-smjör illt og svikið og mesta óþverra; þetta er ekki satt. Jeg held vissulega að segja mætti þetta einmitt um okkar íslenzka smjör. Jeg hef opt sjeð mun ópokkalegra smjör úr hans hjeraði, heldur en margarín-smjörið. Mig vantaði einusinni smjör, fór og fjekk þá hjá einum kaupmanni smjör, og það smjör borðaði jeg svo í 2 mánuði, að jeg ekki vissi að það var margarín-smjör; þangað til hafði jeg haldið að það væri útlent bændasmjör. H. flutningsm. hafa afsökun í því, að fyrir norðan er framleitt mikið meira af smjöri; en hjer sunnanlands. er ómögulegt að fá nægilegt smjör. Jeg skil eigi í því, að flutningsm. skuli geta komið til hugar að *banna* innflutning af smjöri, eins og hann áleit að rjett væri; það er allt öðru máli að skipta um önnur lönd, t. a. m. Danmörku, þar sem framleiðslan er svo langt fram yfir það, sem brúkað er í landinu, eins og rjettilega var tekið fram af h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.); en það getur ekki gengið hjer, vegna þess, að framleiðsla smjörsins er ekki nóg hjer, og af þeirri sömu ástæðu get jeg með engu móti verið með tolli á margarín-smjöri; mjer er það kunnugt, að þeir, sem halda hjer úti þilskipum, eiga

ómögulegt með að fá íslenzkt smjör handa hásetunum, og hinn alkunni dugnaðarmaður, kaupmaður Geir Zoëga, hefir skýrt mjer frá, að sjer væri allsendis eigi hægt að útvega nægilegt íslenzkt smjör handa skipverjum sínum, það fengist eigi, og að sjer hefði eigi sjaldan boðizt sá óþverri af íslenzku smjöri, að hásetar sínir hefðu kosið heldur útlent tilbúið smjör. Jeg vil ekki banna mönnum að afla sjer þokkalegs viðmetis, þar sem þeir, ef það ekki fæst, neyðast til að jeta þurt eða kaupa óþverrasmjör, ef það er á boðstólum, fullt af hárum og alls konar óhreinindum, enda er sú þrifnaðartilfinning vöknuð hjá mörgum landsmönnum, að þeir heldur jeta þurt, en neyta slíks viðmetis. Hvað orðið «viðmeti» snertir, virðist mjer það nokkuð ótiltekið; í þessu sambandi mætti t. a. m. skilja við viðmeti síróp, sem sumir brúka ofan á brauð, og fleira þesshättar, sem naumast getur verið meiningin að tolla.

Að svo mæltu skal jeg ekki lengja umræðurnar meir að þessu sinni, en vona að eins, að frumv. nái ekki að ganga til 2. umræðu.

Gunnar Halldórsson: Jeg finn ástæðu til, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg finn ekki ástæðu til, að leggja toll á virkilegt smjör, þó aðflutt sje, en þar á móti er jeg því meðmæltur, að leggja toll á aðflutt smjörlíki (margarín); ef oss skyldi vanta smjör, þá get jeg ekki vorkennt kaupmönnum, að flytja hingað gott ekta smjör útlent, því við munum ekki horfa í að kaupa það, þótt það yrði nokkrum aurum dýrara en þetta svo kallaða «margarín», sem opt er ekki góð vara, og af þessum ástæðum er jeg kannske með því, að frumv. þetta gangi til 2. umr.

H. þm. Vestm. (Þorst. Jóns.) hafði fyrir texta í ræðu sinni ummæli «Ísafoldar» um framkomu þjóðarinnar í tollamálum; en að draga slíka sleggjudóma út úr fundagjörðum, svona af handa hófi, er mjög hægt bæði fyrir blaðamenn og aðra, en á slíku verður ekkert byggt.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Ræða h. þm. Reykv. (J. J.) minnti mig á ræðu hans í kaffitollsmálinu á síðasta þingi, því þá komu fram hjá honum sömu ómögulegleikar á að tolla kaffi, sem nú eiga að vera á að tolla margarínsmjör. En nú er frumv. um toll á kaffi aptur komið fyrir þingið, reyndar eigi frá oss, sem vorum flutningsmenn þess í hittéð fyrra, heldur frá stjórninni, og nú getur heldur eigi h. þm. fundið neitt þeim tolli til fyrirstöðu; nú er kaffið hjá honum, eptir því sem hann sagði um daginn, orðið óþarfavara, en þá var það slík nauðsynjavara, að kaffiketillinn fór aldrei úr hlóðunum hjá sumum. Þetta sýnir, að h. þm. getur með tímanum skipt skoðunum, og þess vegna vona jeg, að hann síðar meir breyti skoðun sinni einnig í þessu máli og viðurkenni, að mögulegt sje, að fá smjör úr sveitinni, og það eigi allt «óþverra og fullt af lifandi dýrum», eins og hann sagði áðan. Hann segir reyndar nú, að það sje ómögulegt; en jeg get líka sagt að það sje mögulegt, en þar sem hann færir engar ástæður og engin reynsla eða sönnun er fram komin fyrir því, að sveitirnar geti eigi haft nóg smjör afgangs handa sjávarbændum og kaupstöðum, þá álít jeg árangurslaust að þrátta um það. En hitt get jeg sýnt og sannað, að mönnum hjer hefir verið boðið smjör bæði úr Borgarfirði og annarstaðar að, en þeir hafa eigi viljað kaupa. En þar sem h. þm. hælir svo mjög margarínsmjöri, en álasar íslenzku smjöri og kallar það óætilegt, þá finnst mjer, að því meiri ástæða sje til, að bæta það, og það standi nær þm., sem sjálfur er efnafróður og læknir, að styðja að því, heldur en að þetta útlenda smjörlíki sje flutt inn í landið gegndarlaust; og þó reyndar bragðið kunni að þykja á sumum stöðum

einkar gott af öllu því sem danskt er, þá vil jeg þó leyfa mjer að halda, að til sje hjer á landi eins gott smjör og blendingur sá sem hingað flyzt frá útlöndum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leiðrjetta þau orð hjá h. flutningsm. (Á. J.), þar sem hann sagði, að útvegurinn hefði minnkað, því að mjer er óhætt að fullyrða, að á síðustu árum hefir þilskipum hjer við Faxaflóa fjölgað um meira en helming. *(Árni Jónsson.* Jeg nefndi eigi Faxaflóa). En hvað því viðvíkur, að kaupmönnum hjer hafi verið boðið íslenzkt smjör, en þeir hafi eigi viljað þiggja heldur keypt margarinsmjör, þá kemur það náttúrlega af engu öðru en því, að margarinsmjörið hefir verið ætt, en hitt óætt. Það er heldur engin von til, að menn vilji kaupa það smjör, sem blandað er hvalslýsi og hrossafeiti, eins og stundum hefir átt sjer stað um það smjör, sem hefir verið sent hingað suður, enda er jeg alveg samdóma samþingismanni mínum um það, að slíkt smjör megi með fyllsta rjetti nefnast svikin vara, þar sem það er selt sem smjör, sem ekki er smjör. Aptur á móti er margarínið eigi gefið út fyrir annað en það sem það er, og verður því eigi hægt að kalla það svikna vöru. Jeg skal svo eigi orðlengja meir um þetta, en að eins láta þá ósk mína í ljósi, að h. flutningsmenn taki aptur þetta frumv. sitt.

Jónas Jónassen: Mjer láðist að geta þess, h. flutningsm. (Á. J.) til huggunar, að árið 1886 var inn flutt smjör 66 þús. pund, en 1887 að eins 30 þús. pund, svo að innflutningur á því hefir þannig minnkað um helming. En þar sem hann minnti mig á, að jeg hefði á síðasta þingi verið á móti kaffitolli, þótt jeg nú væri orðinn honum meðmæltur, þá skal jeg skýra honum frá, að jeg er alls eigi meðmæltur kaffitolli, og það af þeirri ástæðu, að jeg álít það eigi hagfellt, að tollur verði lagður á kaffi, því hann kemur svo fjarskalega misjafnlega miður á almenning, eins og margopt hefir verið tekið fram; jeg er nú með því, að nokkur tollur sje lagður á kaffi; vjer verðum að fá peninga og hvernig eigum vjer að ná í þá nema með því, að flýja til tolla? Landssjóður er nú svo herfilega illa staddur, að það er brýnasta nauðsyn til að leggja nýja tolla á ýmsar vörur, og helzt eru líkur til, að kaffitollur og sykurtollur muni gefa talsvert af sjer.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Mjer var alls eigi ókunnugt um, að aðflutningar á útlendu smjöri hefðu minnkað, því að þeir hafa orðið mestir 74—79 þúsund pund. En út af orðum h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) skal jeg geta þess, að sá maður, sem samdi við kaupmanninn um smjörið, var síra Jóhann í Stafholti; en h. þm. ræður hvað hann ímyndar sjer um það smjör, sem frá honum kemur, hvort hann vill kalla það ætilegt eða óætilegt (*Þór. Böðv.:* leignasmjör): en jeg verð að ímynda mjer, að það sje gott. þar til hann hefir sannað það gagnstæða. Og þótt það væri merkisbóndi suður á Strönd, sem var annars vegar, þá held jeg hann hefði verið fullsæmdur af að fá íslenzkt smjör og halda samninginn, nema hann og sjávarmenn sjeu orðnir svo vanir «margarin» að þeir vilji eigi annað, og þekki eigi hvernig bragðið er af íslenzku smjöri. En jeg ímynda mjer að h. þm. (Þór. B.) vilji eigi styðja að því, þar sem hann vildi um daginn leggja útflutningstoll á útflutt ket, og taldi það til, að bændur vissu varla hvernig væri bragðið að því.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu (C. 195); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Þetta mál hefir orðið nokkuð á eptir samkynja málum hjer í deildinni, en eptir þeim

undirtektum, sem þau hafa fengið í efri deild, virðist mega ráða, að það muni ná þeim þar. Sú höfn sem hjer er farið fram á að löggilda, er gömul og góð, enda var þar nafnkenndur verzlunarstaður þar til 28. sept. 1824, að hann var af tekinn með rentukammerbrjefi. En að því er snertir þörf manna þar vestra á að fá hjer löggiltan verzlunarstað, þá vil jeg leyfa mjer að lesa upp nokkur orð úr bænarskrá þeirri, sem send hefir verið til alþingis um þetta efni. Þar stendur: ... . »Vjer verðum að sækja verzlun til Ólafsvíkur, annaðhvort meira en heila dagleið kringum Snæfellsjökul, yfir hættuleg og torfær brunahraun, eða þá yfir vondan og mjög brattan fjallveg, sem ófær er hestum nema um hásumar, og munu allir sanngjarnir menn, sem nokkra hagfræðislega þekking hafa, játa, að slíkar verzlunarferðir fyrir fátæka einyrkja menn, sem margir eru hestlausir, sjeu til óbærilegs atvinnuhnekkis«. Þessi orð vona jeg að nægi til að sýna mönnum, að þörf er á að fá löggiltan verzlunarstað að Stapa. Skal jeg svo eigi fara fleirum orðum um frumv., en að eins óska, að það nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 161, 198, 201); frh. 2. umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hef komið fram með breytingartillögu (C. 201) við frumv. þetta þess efnis, að síðari málsgrein 2. gr. frv. falli burt, og að aptan við frv. bætist ákvæði um, að lögreglustjóri geti falið umboðsmanni sínum störf þau, sem honum ber að framkvæma við skipaafgreiðslu, því væri það eigi tekið fram, þá mætti leggja þann skilning í frv., að enginn mætti framkvæma þessi störf nema lögreglustjórinn sjálfur og þannig kæmi frv. eigi öðrum kaupmönnum að notum en þeim, sem byggju hjá sjálfum lögreglustjóranum eða í grend við hann. Jeg skal geta þess, að jeg hef borið mig saman við h. flutningsmann og að hann er breytingartillögunum samþykkur. En að því er snertir fyrri lið tillögunnar, þá skal jeg taka það fram, að jeg hafði eigi hugsað út í það, að svo getur á staðið, að lögreglustjóri búi eigi meira en 2—3 tíma reið nemi frá kaupstað og hafi eigi umboðsmann; virðist mjer þá sanngjarnt, að hann fái ferðakostnað sinn endurgoldinn, og þessvegna tek jeg aptur fyrri lið breytingartillögunnar (við 2. gr. frv.).

Jón Þórarinsson: Jeg vil gjarna gjöra fyrri lið breytingartillögunnar að minni uppástungu, því jeg álít ósanngjarnt að kaupmenn sjeu látnir gjalda lögreglustjóra ferðakostnað fyrir að fá afhenta fáeina poka af kaffi t. d.

Landshöfðingi: Jeg álít, að breytingaruppást. þm. Vestm. (Þorst. J.) sú, sem hann tók ekki aptur, sje alveg óþörf, því það er auðvitað, að lögreglustjóri getur falið umboðsmanni sínum þessi störf, eins og önnur tollheimtustörf, þ. e. upp á sína eigin ábyrgð. Annars hefði jeg búizt við, að h. nefnd hefði gjört eitthvað við frumv. því til bóta, en ekki látið það frá sjer fara alveg ósnert. Ýmislegt má þó að frumv. finna, og mig minnir ekki betur, en að h. 2. þm. G.-K. (Jón Þór.) tæki t. d. fram við 1. umr., að 3. gr. væri óljós. Þar stendur: »Aldrei má líða meira en 3 mánuðir frá því að vörur eru innsiglaðar, þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið«. Jeg get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að kaupmaðurinn verði að borga tollinn með peningum út í hönd, þegar fresturinn er liðinn. Honum er eptir þessu ekki heimilt að borga eptirstöðvarnar með ávísun, og er ívilnunin næsta lítil. Að því er snertir 1. gr., þá virðist mjer eptirlit lögreglustjóra með hinum tollskyldu vörum vera nokkuð lítilfjörlegt. Umráð hans yfir vörunum eru fólgin í því, að hann setur signeti á vörurnar. Þótt

lögreglustjóri setji signeti sitt t. d. á nokkra hvítasykurstoppa, þá er það lítið eptirlit. Mjer finnst að skylda ætti kaupmanninn til að hafa eitthvert sjerstakt eða afþiljað og lokað herbergi eða klefa í geymsluhúsi sínu fyrir vörurnar, sem lögreglustjóri svo hefði lykilinn að. En að klína signeti á hvern hlut er lítil trygging fyrir því, að ekki verði tekið á hlutnum. Það verður að hafa það hugfast, að það er talsverð ábyrgð, sem hvílir á lögreglustjóra eptir tollalögunum. Ef hann gefur frest til þess, að borga tollinn með ávísun, þá gjörir hann það á sína ábyrgð, og lendir tollurinn þá á honum sjálfum, ef hann kemur ekki fram. En með þessu frumv. er lögreglustjóra gjört enn erfiðara fyrir en áður, sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að nýlega hafa verið samþykkt hjer í deildinni 6 ný frumv. um löggilding nýrra verzlunarstaða. Það er hætt við því, að lögreglustjórum veiti erfitt að hafa nokkurt eptirlit með tollgreiðslum, ef öll þessi frumv. verða að lögum.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Mjer þótti vænt um að heyra, að hæstv. landsh. vildi styðja þetta mál, ef frumv. yrði bætt að ýmsu leyti. Þó mjer hefði þótt æskilegra, ef þessar góðu bendingar hefðu komið fram áður, við 1. umr., þá er þó enn tími til að íhuga þær og taka þær til greina. Nefndin mun nú athuga málið að nýju, og koma fram með breytingartill. til 3. umr., ef henni virðist þörf á því.

Viðvíkjandi viðaukatill. h. þm. Vestm. Þ. Jónss.) um að bæta við frumv. nýrri grein, 6. gr., þá var það álit nefndarinnar, að ákvæði þeirrar greinar væru óþörf, að lögreglustjóri hefði eptir gildandi lögum vald til að setja umboðsmann í sinn stað til að innheimta tolla og hafa eptirlit með tollskilum — allt á sína eigin ábyrgð.

Viðvíkjandi ákvæðum 3. gr., að eigi megi líða meira en 3 mánuðir frá því, að vörur eru innsiglaðar og þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið, skal jeg játa, að ef ekki verður lagður annar skilningur í þessi orð, en hæstv. landsh. gerði, þá er vinningurinn lítill fyrir þá, sem geta borgað í ávísunum. En fyrir hina, sem eigi geta borgað með ávísunum, er vinningurinn talsverður. Frumv. miðar þannig til jafnrjettis, þannig, að hinir efnaminni kaupmenn geti notið sama rjettar og hinir ríkari.

Viðvíkjandi bendingum hæstv. landsh., að því er snertir eptirlit lögreglustjóra í 1. gr., þá er jeg honum alveg samdóma um það, að það væri miklu rjettara að skylda kaupmanninn til að hafa klefa til að geyma í hinar tollskyldu vörur eða þær vörur, sem standa í veði fyrir ógreiddum tolli; þá þarf kaupmaður heldur ekki neinar sjerstakar umbúðir um þær vörur. Jeg er einnig auðvitað á því, að vörurnar og tollurinn yrði í flestum tilfellum á ábyrgð lögreglustjóra. En sú ábyrgð, sem kæmi til að hvíla á lögreglustjóra eptir þessum lögum, eða við það, að þessi frestur er veittur með tollgreiðslum, er ekki meiri en sú ábyrgð, sem hann hefir nú á því að leyfa kaupmönnum að gefa út ávísanir. Hann tekur ávísanina af kaupmanni í því trausti, að hún verði borguð. En það getur komið og hefir enda komið fyrir, að ávísun ekki hefir verið borguð, og þá er það sjálfsagt, að það lendir á lögreglustjóra að standa skil á upphæðinni. En mjer finnst ekki meira í húfi fyrir lögreglustjóra, þó vörurnar sjeu þannig geymdar um stuttan tíma, sem við fyrir tollinum, heldur en þegar hann tekur gilda ávísun, sem borgast á út eptir sama tíma. Það gæti, ef til vill, hugsazt það tilfelli, að lögreglustjóri biði tjón af vörugeymslunni, t. d. ef kaupmaðurinn yrði gjaldþrota og eigur hans kyrrsettar og hús kaupmannsins og vörur jafnframt eyddust í eldsvoða. En þetta er svo sjerstaklegt, að menn gjöra varla

ráð fyrir slíku. Að endingu óska jeg þess, að málið fái að ganga til 3. umr., til þess að nefndin geti tekið það til nákvæmari íhugunar.

Landshöfðingi: Þegar lögreglustjóri er beðinn að taka ávísun, þá er hann ekki skyldur til að taka hana, ef hann heldur að hún sje ekki góð. En eptir þessu frumv. er hann skyldur til að taka vörur kaupmannsins sem veð fyrir tolli. Hann getur ekki skorazt undan því. Þetta er öllum ljóst af 1. gr. frumv.; þar stendur: «Þá er tollskyldar vörur flytjast til fasta-«verzlunar, *getur* kaupmaður sá, er tolli á «að svara, *komizt hjá* að greiða meira en «helming o. s. frv.». Það var ekki mín meining að taka skyldi fram í lögum, hvernig vörurnar skyldi geyma, heldur einungis, að kaupmaður skyldi skyldur til að geyma þær á þann hátt, sem lögreglustjóri ákvæði. Það álít jeg næsta óheppilegt, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) hefir tekið upp aptur breytingaruppást. þá við 2. gr., sem h. þm. Vestm. (Þorst. J.) tók aptur. Jeg álít það mjög ósanngjarnt, að skylda lögreglustjóra til, að takast kannske langa ferð á hendur til að afhenda nokkrar vörur, alveg borgunarlaust. Það getur líka vel hugsazt, að lögreglustjóri vilji heldur fara sjálfur á staðinn og afhenda vörurnar, en að trúa umboðsmanni sínum fyrir því, þótt hann hafi hann á staðnum.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 19 atkv. Breyt. till. (C. 201) þm. Vestm. við aðra gr. felld með 18:1 atkv. 2. gr. óbreytt samþ. með 19 atkv. 3. gr. samþ. með 18 atkv. 4. gr. og 5. gr. samþ. með 19 atkv. hver. Viðaukatill. þm. Vestm. (C. 201) felld með 16 atkv. móti 1. Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Till. til þingsályktunar viðvíkjandi samningi milli Danmerkur og Svíaríkis-Noregs 10. ágúst 1883 (C. 194); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveimur umræðum og var það samþ.

Þrettándi fundur, miðvikudag 17. júlí á hád.

Allir á fundi.

Frv. til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri (C. 115, 187); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og tekið er fram í áliti nefndarinnar, þá hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að tollar þeir, sem stjórnin fer fram á, sjeu allt of lágir, þar sem ekki muni veita af 100,000 kr. tekjuauka á ári, og því hefir nefndin ráðizt í að leggja til, að hækka þessa tolla um helming þannig, að tollur á kaffi yrði 10 aur. á hvert pund, en tollur á sykri 5 aur. á hvert pund.

Samkvæmt skýrslum um aðflutning á kaffi árin 1886 og 1887, þá hafa verið flutt inn 600,000 pd. af kaffi, og 10 aur. tollur á hvert pund gæfi 60,000 kr.; af sykri hafa verið innflutt rúm miljón pund, tollur af því yrði þá, eptir tillögum nefndarinnar, 50,000 kr.; tollurinn af kaffi og sykri mundi þá nema alls 110,000 kr.; en svo gerir nefndin ráð fyrir, að kaffi- og sykurnautn minnki nokkuð, auk þess sem 2 % ganga frá í innheimtulaun, og gerir nefndin þannig ráð fyrir, að þessi tollur muni gefa af sjer tæpar 100,000 kr.

Viðvíkjandi upphæð þessara tolla hvers um sig, þá áleit nefndin þá hvorki of háa í sjálfu sjer, nje í samanburði við aðra tolla. Það er auðvitað, að líklegt er að nautn annarar þessarar vörutegundar —kaffisins— mundi minnka dálítið, en það áleit nefndin engan skaða, og stjórnin er á sama máli um það. Þar á móti er ólíklegt og óhugsanlegt, að kaffinautn muni alveg þverra við toll þenna, eins og kom fram við frh. 1. umr. þessa máls, og að enginn gæti fengið sjer kaffibolla, hvað mikið sem hann langaði til, að minnsta

kosti bendir reynsla sú, er vjer höfum með vínfangatollinn, þó hann sje tiltölulega miklu hærri, ekki á það, að menn hafi fyrir hann algerlega hætt að kaupa og neyta vínfanga.

Til samanburðar við þenna 10 aur. kaffitoll má taka kaffitolla á Norðurlöndum, sem svo opt er vitnað til, til samanburðar; þar er kaffitollurinn töluvert hærri en hjer er farið fram á, þannig t. d. í Danmörku 12 aur. á pundi, Svíþjóð 13 a. og Noregi 20 a.; það vill líka svo heppilega til, að einmitt nú á þessum árum hefir kaffi verið í geysi-verði, og líklegt að það fari nú að lækka, og þá yrði það ef til vill ekki dýrara tollað, en það er nú tolllaust.

Viðvíkjandi sykurtollinum, þá gildir það ekki um sykur, að hann sje ekki nauðsynjavara; og þó sykur-nautnin standi í nánu sambandi við kaffinautnina, þá eru þó mikil líkindi til, að nautn sykurs yrði eins mikil eptir sem áður, því þó menn minnki dálítið kaffi-nautnina, þá fara menn að drekka annað í þess stað, bæði útlent te og te af innlendum jurtum; þar að auki er sykur nauðsynlegur handa börnum; einnig er hann iðulega hafður í mat, og næringargildi hans er viðurkennt; það mætti jafnvel segja, að eigi sje meiri ástæða til að tolla sykur en hverja aðra matvöru. En þetta — að tolla aðflutta matvöru — finnst mjer ekki vera svo mikil fjarstæða, sem almennt er álitið. Menn vita þó, að líkt á sjer einmitt stað með hina beinu skatta, svo sem lausafjárskattinn, þar sem skatturinn er lagður á búpeninginn og þannig óbeinlínis á afurðir fjárins, t. d. mjólkina. Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því, ef nauðsyn krefði, að tollur væri lagður á sumar korntegundir, svo sem fínt hveiti, og fleiri mjöltegundir. Hvað upphæð tollsins snertir, gat nefndinni ekki virzt 5 aur. tollur svo fjarska hár, enda er sykurtollurinn hærri hæði í Danmörku: 13 a. á pund, Svíþjóð 16½ e. og Noregi 22 a., þó tollur þar geti ekki komið hjer fullkomlega til samanburðar, þar sem hann er að nokkru leyti verndartollur.

Hvað aðrar breytingar nefndarinnar snertir, þá eru þær flestar óverulegar; sú helzta þeirra er breytingin á 10. gr. að í staðinn fyrir: «1. jan. 1890» komi: 1. októb. 1889. Að hvað miklu leyti þessi breyting getur átt sjer stað, er mest undir því komið, hvað fljótt frumv. þetta getur orðið afgreitt sem lög frá þinginu.

Steinn Eiríksson: Jeg veit að h. nefnd hefir ekki gengið nema gott til, að koma með frumv. þetta, er fer fram á að hækka tollinn á kaffi og sykri úr því sem stendur í frumv. stjórnarinnar, en mjer virðist þó, að stjórnin gangi nógu langt í sínu frumv. Jeg veit það vel, að þörf landssjóðs er mikil, en mjer þykir ólíklegt, að ekki sje hægt að fá annan grundvöll, fá annan gjaldstofn til að leggja toll á.

Jeg er eins og kunnugt er uppalinn í sveit, og þekki því vel ástæður bænda, í hið minnsta hjer sunnanlands, og veit eg að þeir almennt hafa svo næga mjólk, að þeir gætu talsvert minkað kaffibrúkun á heimilum sínum; en þó jeg hafi eigi í höndum mótmæli frá þeim móti kaffitollinum, þá veit eg þó með vissu, að flestir, jafnvel allir bændur í mínu kjördæmi, meira að segja flestir er eg talaði við á leið minni til þings, voru algjörlega móti því, að leggja toll á kaffi og sykur, því þeir hafa sjeð það, að hann er óhugsandi vegna sjávarbændanna, þar sem kaffi má fyrir þá heita nauðsynjavara og jafnvel lífsspursmál. Reyndar hafa landbændur mikil útgjöld, en sjávarbændur hafa þau þó tiltölulega meiri, auk þess sem bjargræðisvegur þeirra er miklu stopulli og fallvaltari, þó landbúnaðurinn geti opt og einatt brugðizt. Jeg get ómögulega skilið, að h. nefnd skyldi ekki tolla

exportkaffið meira, sem þó er miklu óhollara.

Um sykur skal jeg ekki eyða orðum; það er sama nausynjavaran og kaffi; og jeg tek það upp aptur, kaffi er alveg nauðsynlegt fyrir sjávarbóndann, því þó að sveitarbóndinn hafi nóga málnytu, og geti miðlað mjólk, þá er ómögulegt að koma henni þangað, sem þörf er fyrir hana; það væri engin vanþörf á að leggja á tolla eða skatta til að bæta svo samgöngurnar, að minni óhægð yrði á þessu. Yfir höfuð finnst mjer h. nefnd hafa sett tollinn allt of hátt á þessum tveimur vörutegundum, en ganga fram hjá öðru, sem miklu heldur hefði átt að leggja toll á, og vil jeg því ráða h. deild til að fella uppástungur hennar.

Þórarinn Böðvarsson: Það hefir aldrei verið talið erfitt þing, sem sampykkti álögur þær, er stjórnin fer fram á; hjer gengur það því betur; h. nefnd fer fram á að hækka um helming toll þann, er stjórnin hefir stungið upp á. Það er til gamalt orðtak, sem segir: «Þegar fara á betur en vel, fer opt ver en illa». Jeg gjöri ráð fyrir að stjórnin hafi gjört vel, en jeg er mótfallinn, að fara lengra, því jeg er hræddur um, að ef farið er eptir tillögum nefndarinnar, þá fari «ver en illa».

H. framsögum. (Ol. Br.) sagði, að tollurinn á þessum 2 vörum, kaffi og ykri, sem eru hið eina sælgæti og lífsnauðsyn fjölda landsmanna, mundi nema 110,000 kr. að meðtöldum innheimtulaunum, en mjer virðist það ekki rýmilegt, að láta þá summu lenda á 2 vörutegundum. Jeg ætla þá fyrst að fara fáeinum orðum um kaffið og leyfa mjer þá að spyrja: á hverjum lendir þessi tollur? er það á fátæklingunum eða ríkismönnum sem hann lendir? Ríkismennirnir geta haft nóg annað viðurværi og hafa nóga útvegu, en þessu er öðru máli að gegna með fátæklingana, þeir hafa lítið og illt viðurværi, og það er ekki af mjer uppfundið, heldur hafa merkis- efnafræðingar sagt það, að kaffi væri þeim alveg nauðsynlegt, því nauðsynlegra, sem viðurværið er lakara. Það er líka mín innileg sannfæring, að það sje kaffinu að þakka, hve líkþrá hefir mikið minnkað nú á síðari árum. Einnig eru í kaffi mikil næringarefni og þar að auki er það eðli þess, að sá, sem það drekkur, þarf minna af fæðu.

Jeg óttast fyrir, að árangurinn af þessu verði ekki eins mikill og nefndin ímyndar sjer, því sjálfsagt verður mikið minna keypt af kaffinu og innheimtan verður mjög erfið. Hjer er ekki um smáræðis verðhækkun að ræða; menn segja, að kaupmenn taki 20 aur. fyrir að flytja og vega vöruna, og einnig er það almæli, að þeir hækki tollinn um helming; kaffipundið mundi þá hækka í verði um 40 aur.

Jeg skal nú ganga inn á það, að toll sje nauðsynlegt að leggja á kaffi, enda þótt í mínu kjördæmi væri sampykkt, að hann mætti hæstur vera 3 aur., þá skal jeg þó slaka til og gefa frv. stjórnarinnar atkvæði mitt, en tillögum nefndarinnar er jeg í mesta máta mótfallinn. Og því mótfallnari er jeg tillögum nefndarinnar að hækka tollinn á sykri um helming frá því, sem stjórnin fer fram á; jeg hefði að sönnu ekki verið algjörlega mótfallinn öllum tolli á sykri, en tillögur nefndarinnar virðast mjer í þessu efni fjarstæða; því sykur er viðurkenndur, já enda af h. framsögum. sjálfum, nauðsynjavara fyrir hina fátæku og sælgæti fyrir hina ríku; og fyrst það er viðurkennt, að sykur sje nauðsynjavara, þá get jeg ekki betur sjeð, en að það væri miklu praktiskara, að leggja dálítinn toll á einhverja matvöru, því þar sem kaffi og sykur mun vegna tollsins hækka í verði eins og jeg hefi bent til, þá mundi það ekki eiga sjer stað með matvöruna, heldur mundi sá

tollur lagður á verzlunina yfir höfuð. Jeg mundi því ekki mótfallinn, ef óumflýjanlegt væri, að leggja toll á einhverja matvöru, og kysi það miklu fremur en toll á kaffi og sykri, en helzt vildi jeg þó óska, að landssjóði yrðu auknar tekjur með útflutningstollum t. d. af hrossum og sauðfje. Þar sem h. framsögum. sagði, að tíminn væri hentugur vegna þess, að kaffið væri í háu verði, og búast mætti við að það lækkaði, og þá yrði kaffið ekki dýrara en nú, já, það getur vel verið, að það lækki í verði, en skyldi vera ómögulegt að það hækkaði aptur, og yrði kannske hærra en nú, svo pundið af kaffi kæmi til að kosta allt að 2 kr?; tollur á exportkaffinu verður hærri en það kostar í raun og veru; en jeg skal nú ekki fara út í það, því jeg álít exportkaffi ekki nauðsynjavöru. Jeg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en vona að margir í h. deild verði mjer samdóma um það, að greiða ekki atkvæði með tillögum nefndarinnar, heldur með frumv. stjórnarinnar.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það voru að eins tvö atriði í ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), sem jeg vildi minnast á. Hann sagði, að báðir þessir tollar legðust þyngst á fátækt fólk. Þetta get jeg ómögulega skilið, því mjög fátækt fólk er venjulega einvirkjar, sem hafa mjög fátt fólk á heimili, venjulega eigi nema börnin, sem eigi drekka kaffi, því það mun hvorki talið skynsamlegt nje hollt fyrir þau. En þótt nú svo væri, að kaffitollurinn væri þyngri á fátæklingum, þá sje jeg engan skaða skeðan við það, því það er alkunnugt, að fátæklingarnir njóta margra hlunninda af þjóðfjelagsins hálfu, og er því meiri ástæða til, að gera meira í þá átt, þegar þeir efnaminni fara að leggja meir til almennra þarfa.

Jeg skil því síður í orðum h. þm. í sambandi við frumv., sem á rót sína að rekja til hans, og nú liggur fyrir þinginu, og sem fer fram á, að gjöld til prests og kirkju leggist jafnt á alla, að minnsta kosti jafnt á alla einhleypa menn, hvort sem þeir eru ríkir eða fjelausir, eða sje nokkurskonar nefskattur, og er það þó mikill munur á slíku fyrirkomulagi og því, sem hjer er farið fram á. Þess er líka að gæta, að þó þetta gjald kunni að koma harðara niður á hinum efnaminni, þá er það hið eina gjald, sem þeir verða varir við, því þau gjöld, sem liggja þyngst á, nefnilega fátækraútsvarið, hvílir nær eingöngu á hinum ríku, en mjög lítið á hinum efna-minni.

Annað atriðið, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) tók fram í ræðu sinni, var það, að kaupmenn mundu leggja svo mikið á hinar tollskyldu vörur vegna þeirra umsvifa, sem það hefir í för með sjer, að inna gjaldið af hendi og að greiða það fyrir fram eða út í hönd, þá er það gryla, sem allt of mikið er gert úr; það eru heldur ekki lítil umsvif við hina beinu skatta, sem jeg álít að væri hagur að losna við; menn eru t. d. ekki óánægðir með lausafjárskattinn, fyrir það, hve hár hann sje, heldur vegna þess, að svo erfitt er að gjalda hann, og þess vegna hafa menn heldur hallazt að hinum óbeinu sköttum, tollunum; þetta hefir komið fram um allt land; menn hafa óskað eptir afnámi eða lækkun ábúðar- og lausafjárskattsins, og hvað getur verið á móti því, að veita landsmönnum þann vilja sinn, að leggja á sig dálítið meira gjald, til þess að vera lausir við þau óþægindi og umsvif, sem það hefir í för með sjer, að þurfa að útvega sjer peninga til gjaldgreiðslunnar á vissum tíma?

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leyfa mjer, að koma með nokkrar leiðrjettingar við ræðu h. framsögum. (Ó. Br.), og er það einkum tvennt í ræðu hans, sem jeg get ekki fallizt á. Hann mótmælir þeim orðum mínum, að kaffitollurinn komi harðar niður á fátæklingunum en efna-

manninum, en ástæðurnar fyrir því virðast mjer vanta. Vitanlega kaupa auðugir bændur, sem mörg hjú halda, meira kaffi en fátæklingar, sem annaðhvort hafa mjög fá eða ekkert hjú, en þar með er alls eigi sagt, að stóru og ríku heimilin kaupi *tiltölulega* meira af kaffi en þau fátæku, og meðan h. framsögum. eigi sannar hið gagnstæða, þá mun jeg halda því fram, að tollur þessi komi harðara niður á fátæklingum en efnamönnunum, enda er von, að svo sje, því að kaffið er því nauðsynlegra, sem viðurværið er verra og óbrotnara, og þessu til sönnunar skal jeg geta þess, að einn frægur efnafræðingur hefir látið í ljósi, að hann álíti rjett vera, að inn leiða kaffinautn í öll fangahús. H. framsögum. (O. Br.) sagði, að kaffinautn mundi vera óholl börnum, og er jeg honum samdóma um það, en tvisvar verður gamall maður barn, og þessi gömlu börn munu aptur á móti álíta kaffið vera sjer einkar hollt og nauðsynlegt, og að því er sykur snertir, þá vona jeg, að hann sje mjer samdóma um, að það sje þó að minnsta kosti hollt fyrir börn, og að sykurvatn sje mun hollara og lystugra fyrir þau en blátt vatn. En þar sem hann gat um, að frumv. hefði nýlega verið fyrir h. deild, sem lagði jöfn gjöld á fátæka og ríka, þá ímynda jeg mjer, að honum hafi missýnzt; að minnsta kosti þekki jeg ekkert slíkt frv.; hitt kannast jeg við, að komið hefir frv. þess efnis, að lagt væri jafnt gjald í vissar þarfir á allt vinnandi fólk, þannig, að sá sem hefir 20 menn á heimili, eigi gjaldi jafnt og sá, sem hefir að eins 2, heldur tífalt. Hvað því viðvíkur, að kaupmenn mundu hækka tollinn mjög mikið, þá sagði jeg aldrei, að þeir mundu gera það á þann hátt, sem jeg tilgreindi, heldur einungis skýrði frá, hvað menn segðu um það efni, enda óttast jeg, að viðbótin verði því meiri, sem tollurinn er hærri. Um ábúðar- og lausafjárskattinn álít jeg nú ekki tíma til að ræða, og skal því eigi fara út í það atriði.

Grímur Thomsen: H. framsögum. (Ó. Br.) hefir tekið svo ljóslega fram, og gert svo glögga grein fyrir þeim rökum, sem nefndin hefir stuðzt við í máli þessu, að jeg hefði eigi beðið um orðið, ef h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) hefði eigi áðan, í enda ræðu sinnar, sagt að hann væri fús á, að greiða atkvæði með frv. stjórnarinnar. Jeg þykist reyndar viss um, að allir h. þingmenn greiði atkvæði eptir sannfæringu sinni, og því sem þeir álíta rjett vera, án tillits til, hvort það kemur frá stjórninni eða öðrum, en að því er snertir þetta mál sjerstaklega, þá vil jeg ímynda mjer, að h. þm. (Þ. Böðv.) verði eigi eins fús á, að gefa stjórnarfrumv. atkvæði sitt og hann nú er, þegar hann er búinn að glöggva sig á ástæðum stjórnarinnar. Þessi tollur er ekki lagður á til annars en þess, að útvega landssjóði meiri tekjur, og þegar þá kemur til greina, hve miklar þessar tekjur muni verða, þá hefir nefndin komizt að raun um, að stjórnin hefir reiknað aðflutningsgjald af kaffi allt of hátt; hún hefir sem sje gengið út frá, að flutt væri inn af kaffi og kaffibæti um 770 þús. pund að meðaltali á ári, en eptir síðustu skýrslum nema innflutningar af þessu hvorutveggju eigi meiru en rúmlega 500 þúsundum punda. Gæti menn nú að þessum mikla mun, þá sjá menn, að stjórnin hefir búizt við talsvert meiru aðflutningsgjaldi af þessum vörutegundum, en hægt er að gera ráð fyrir, og þar af leiðandi eigi fundið ástæðu til, að setja tollinn hærri en hún hefir gert, en þar sem jeg þekki h. 1. þm. G.-Kj. (Þór. B.) að því, að hann vill einungis fara eptir því, sem hann álítur vera rjett og satt, án tillits til hvaðan það kemur, þá vona jeg, að hann, við nákvæmari yfirvegun, breyti skoðun sinni í þessu máli, og gefi uppástungu nefndarinnar atkvæði sitt. Og

þótt jeg eigi telji mig með mestu framfaramönnum, þá mun jeg samt eigi hika við, að fylla flokk þeirra manna, sem vilja höggva sem mest skarð í tekjuhalla landssjóðs, en það álít jeg hægast að gera á þann hátt, sem nefndin fer fram á. Að endingu skal jeg geta þess, að mjer virðist næsta ósamrýmilegt, að æskja eptir meiru sjálfsforræði og öðrum framförum, en vilja þó ekkert gjald á sig leggja, heldur sökkva dýpra og dýpra niður í skuldavasa ríkissjóðsins.

Gunnar Halldórsson: H. 1. þm. G.-K. (þ. B.) hefir að miklu leyti tekið ómakið af mjer, þar sem hann hefir tekið flest fram af því, sem jeg vildi hafa sagt í þessu máli, en engu að síður vil jeg þó stuttlega gera grein fyrir atkvæði mínu. H. nefnd hefir náttúrlega haft fyrir augum, að minnka tekjuhalla landssjóðs, enda hefir henni tekizt það fullkomlega, ef tillögur hennar ná fram að ganga. Hún hefir í þessu tilliti tekið tillit til almenningsviljans hjá þjóðinni, sem komið hefir fram á þingmálafundum víðsvegar um landið; en ekki haft eins mikið tillit til þess, á hvaða vörutegundir allur almenningur helzt vill leggja toll, til þess að ná þessum tilgangi.

Þegar nú kemur til skoðunar, hverja aðferð hún hafi notað til að fá þessum þjóðarvilja framgengt, þá verð jeg að játa, að jeg get eigi alveg verið henni samdóma. Hún hefir tekið það ráð, ekki einungis að leggja toll á kaffi og sykur, eins og frumvarp stjórnarinnar leggur til, heldur hefir hún hækkað hann um helming fram yfir það, sem stjórnin hefir stungið upp á, að lagt væri á þessar tvær vörutegundir, sem allir landsmenn nota og sem menn verða máske að játa, að brúkaðar eru um skör fram, einkum til sveita, að minnsta kosti önnur þeirra. Kaffitollurinn er eigi ókunnugur hjer á þingi; það hefir opt verið um hann talað, og sagt, eins og satt er, að hann komi harðar niður á sjómönnum og fátækling um, en á sveitabændum og efnamönnum; þetta viðurkennir nú nefndin að nokkru leyti, en finnur þó eigi ástæðu til að hverfa frá uppástungu sinni, sökum þess, að sjávarbændur borgi yfir höfuð minna til opinberra þarfa en landbændur. Jeg verð nú að játa, að jeg fyrir mitt leyti get alls eigi sjeð, að sjávarbóndinn gjaldi minna til landsþarfa en landbóndinn, í samanburði við efnahaginn, því sjómaðurinn er vanalega fátækari, svo að þar er minna á að leggja; en á hinn bóginn borgar hann líka stundum talsvert meira, einkum þegar litið er til útflutningsgjaldsins; menn verða líka að gæta að því, að áhöld og útvegur eru sannarlega ekki arðberandi í fiskileysisárum, heldur opt og tíðum þungur ómagi fyrir sjávarmanninn. Aptur á móti á landbóndinn undir sjálfum sjer, hvort fjárstofn hans verður arðberandi eður eigi. H. nefnd segir ennfremur, að bezt sje að tolla sem fæstar vörutegundir, því annars mundi tolleptirlitið verða of örðugt, ef farið væri að tolla margar vörutegundir; en jeg gæti nú líka ímyndað mjer, að tolleptirlit á kaffi og sykri yrði talsverðum örðugleikum bundið, og það því meiri, sem tollurinn væri hafður hærri, enda minnir mig að h. formaður nefndarinnar (Gr. Th.) tæki það fram á síðasta þingi, þegar talað var um að leggja toll á kaffi, og færði jafnvel dæmi til, að eptirlitið þyrfti að vera mjög nákvæmt, ef menn vildu komast hjá, að farið yrði í kringum lögin. En þar nefndin engu að síður hefir fundið ástæðu til að hækka toll á kaffi og sykri, af þeim orsökum, að þessar vörutegundir mundu gefa vissastan og áreiðanlegastan arð, þá hefði jeg kunnað betur við, með því hún hafði svo mikið og víðtækt verkefni, að hún hefði jafnað tollinum á fleiri tegundir, svo sem t. d. álnavöru, því jeg efast um, að það hefði nokkra meiri erfiðleika í för með sjer, hvað eptirlitið snertir.

Jeg get þannig eigi verið samdóma h. nefnd um, að hækka toll á kaffi og sykri, úr því sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, og yfir höfuð get jeg eigi verið nefndinni þakklátur fyrir gjörðir hennar, því að jeg er hræddur um, að hún, með því að hækka tollinn, hafi gert málinu talsvert erfiðara að ná samþykki þingsins en ella mundi orðið hafa.

Jón Þórarinsson: Jeg vil einungis gera stutta athugasemd við það, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði. Það er að vísu satt, að ástæður stjórnarinnar eru að nokkru leyti hinar sömu og ástæður nefndarinnar, að auka tekjur landssjóðs. En þar sem hann dregur þá ályktun, að vjer sem fylgjum stjórnarfrv. hljótum að fylgja uppástungum nefndarinnar vegna þess, að hún muni hafa gjört ráð fyrir meiri arði af kaffitollinum en ástæða sje til, þá er það eigi rjett ályktað, því h. þm. gleymir, að hinir sömu menn, sem haft hafa á móti hækkun tollsins, hafa stungið upp á að ýmsar aðrar vörur yrðu tollaðar, svo sem tólg, hross og sauðfje. En nefndin hefir eigi viljað aðhyllast þessar uppástungur, heldur hrúgað öllum gjöldunum á einar tvær vörutegundir, og vona jeg að því verði eigi framgengt, eptir þeim undirtektum, sem málið hefir fengið. Menn eru hjer alveg samdóma um *aðalatriðið:* að koma í veg fyrir fjárskort í landssjóði framvegis, en greinir að eins á um, aðferðina, og þessvegna á hjer engin ásökun heima um það, að nokkrir þm. vilji skorast undan að leggja á hæfileg gjöld, enda er jeg sannfærður um, að þeir, sem eru á móti hækkun kaffi- og sykurstolls, láta sjer alveg eins annt um hag landssjóðs og h. þm. Borgf. (Gr. Th.).

Þorlákur Guðmundsson: Jeg stend ekki eingöngu upp til þess, að styðja tillögu nefndarinnar, enda hefir h. framsögum. (Ól. Briem), og eins h. þm. Borg. (Gr. Th.) talað svo rækilega fyrir aðgjörðum nefndarinnar, að þar þarf engu verulegu við að bæta. En jeg vil með fáum orðum gera grein fyrir því, hversvegna jeg er nú með þessum tollum, þar sem jeg áður hefi, eins og h. þingdm. vita, verið þeim mótfallinn. Að vísu er jeg enn á þeirri skoðun, að kaffitollurinn að minnsta kosti mun lenda meira á fátæklingum við sjó, en á hinum efnaðri í landinu; en hitt er líka ómótmælanlegt, að þessir fátæklingar hafa hingað til borið mjög lítinn hluta af gjöldum til landssjóðs. Jeg hefi opt verið staddur hjer á manntalsþingum í Gullbringusýslu, og er það ómótmælanlegt, að gjaldseðlar sjávarbænda, sem ekki hafa jörð til ábúðar, eru ærið inntektalitlir fyrir landssjóð. Sumir ætla, að útflutningsgjald af fiski og lýsi lendi nærri eingöngu á sjómönnum. Þetta er mikill misskilningur, því bæði er það, að sveitamenn eiga líka nokkuð af fiski, og svo kemur það fram í þeim almennu verzlunarviðskiptum. Sveitamenn bera sannarlega sinn hlut af þessu gjaldi, því kaupmennirnir leggja það á verzlunina yfir höfuð, þó máske mest á glysvarning, eins og þeir leggja t. d. laun verzlunarþjónanna, vitagjald og frakt á verzlunina alla.

Það sem gjörir, að jeg er með þessum tollum nú, er einkum og sjer í lagi það, að jeg sje nú, að endilega þarf að gera eitthvað, ekki að eins til þess að fylla það skarð, sem nú er orðið í landssjóði, heldur til þess, að eitthvað verði afgangs til nytsamra fyrirtækja. Það koma raddir úr öllum áttum frá þjóðinni um, að gera þetta eða hitt. En þegar þjóðin vill láta gera mikið, þá verður hún líka að taka á sig þá skatta og gjöld, sem þurfa til þess, að fyrirtækin verði framkvæmd.

Sá bóndi, sem ekki getur gert sig ánægðan með, þó hann eigi einhvern kofaræfil yfir höfuðið á sjer, en vill hafa þægileg húsakynni og gera aðrar jarðabætur, hann verður líka sannarlega að kosta meiru til, halda fleiri verkamenn, en hinn, sem getur gert sig ánægðan með allt,

hvað vesalt og óbrotið sem það er. Þannig verður þjóðin í heild sinni að leggja því meira á sig, því meira sem hún vill láta framkvæma. Allt er undir því komið, að þeir, sem ráða eiga fyrir þjóðina, geri það vel og heppilega. Þeir eiga að bæta atvinnuvegina og samgöngurnar og auka menntun og menning þjóðarinnar í öllum greinum.

H. þm. A.-Sk. (Sv. Eir.) talaði það sem hann talaði frá sjónarmiði sjómanna; það hefir nú kannske verið rjett gert af honum. Mjer heyrðist hann segja, að Skaptfellingar hefðu nóga mjólk að selja. Það getur vel verið. En hvar hafa þeir markað fyrir hana? Hvernig geta þeir flutt hana langar leiðar? Jeg get ekki sjeð það, nema ef vera skyldi í belgjum; en þeim er hætt við að springa í langferðum. Því hefir verið haldið fram, að ríkismennirnir geti umflúið mikil kaffikaup. En þetta er jeg ekki viss um að sje rjett athugað. Jeg heyri almennt sagt, að hjú sjeu mjög heimtufrek á kaffi. Nú þurfa ríkismennirnir að hafa mörg hjú og þurfa þessvegna að leggja miklu meira kaffi til heimilisins, en hinir fátækari, sem fá hjú hafa. Auk þessa ber þess vel að gæta, að hin þyngsta gjaldabyrði, sem á þjóðinni hvílir, aukaútsvarið, lendir miklu meira á efnamönnunum, en fátæklingunum. Efnamennirnir eru sannkölluð þrautalending fyrir fátæklingana, þegar þá þrýtur efni til að halda sjer uppi. Það er því ekki nema sanngjarnt þó þeir leggi dálítið fram, meðan þeir fljóta ofan á.

Eiríkur Briem: Jeg er sannfærður um, að það er eins og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók fram, samhuga álit allra h. þingmanna, að mesta nauðsyn sje, að auka nú tekjur landssjóðs að miklum mun, enda hafa engin mótmæli komið fram hjer í deildinni gegn þessu áliti nefndarinnar. En það er vegurinn, sem nefndin ræður til að fara, sem ekki þykir sem heppilegastur. En jeg held að hann sje of mikil gryla í augum sumra h. þm. Jeg held það komi í líkan stað niður, hvort lagður er hærri tollur á fáar vörutegundir eða lægri á margar tegundir. Það mun nokkuð líkt, hvort tekinn er tveggja króna tollur af einni vörutegund teða ein króna er lögð á hverja af tveimur vörutegundum. Ef h. þm. nú lækka þessa tolla á kaffi og sykur, eiga þeir þá víst að samkomulagið verði betra um það, hverjar aðrar vörutegundir ætti að leggja toll á? Hvaða trygging hafa þeir fyrir því, að aðrir tollar, sem atkvæði yrðu fyrir kæmi að þeirra áliti heppilegar niður. Sumir eru með útflutningstollum, vilja t. d. hækka útflutningstollinn á fiski og lýsi. Sumir vilja aptur heldur kaffitollinn en þessa hækkun. Aðrir vilja leggja toll á útflutta ull og tólg. Aptur eru aðrir því svo mótfallnir, að þótt þeir sjeu mjög á móti kaffi og sykurtolli, þá vilja þeir þá þó heldur, en tollinn á ull og tólg. Yfir höfuð að tala er óhætt að segja, að hver sá, sem er á móti tillögum nefndarinnar í þessu máli, á það öldungis óvíst, að honum líki betur niðurstaða sú, sem þingið kynni að komast að, ef tillögur hennar eru felldar.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing): Mjer þótti vænt um að heyra hjá framsögum. (Ól. Br.), að sykur væri nauðsynjavara og eigi meiri ástæða til að tolla hann, en aðrar nauðsynjavörur. En jeg vil þá spyrja h. nefnd, hvernig hún komst að þeirri niðurstöðu, að leggja svo háan toll á *eina* nauðsynjavöru, en hafa hann ekki lægri og leggja þá á fleiri tegundir en þessa einu? Tollurinn er mjög hár, hann er 16—20 % af verðinu, eptir því, sem nefndin leggur til. Jeg vil þó gefa tillögum nefndarinnar atkv. mitt, en jeg vil biðja nefndina um upplýsingar um það, hvers vegna hún hefir komizt að þessari niðurstöðu með upphæð sykurtollsins. Jeg greiði atkvæði með tillögum nefndarinnar, af því jeg vil,

að landssjóðnum verði borgið; þá fyrst ber að líta á þetta; en það er mjög vafasamt, að aðrar tillögur, er miða til hins sama, að auka tekjur landssjóðs, nái fram að ganga í þinginu.

Jeg vil spyrja h. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), hvort hann geti gert sjer vonir um nokkurn annan veg eptir stefnu þingsins nú, til þess að landssjóður fái tekjur; því eins og hann ljet í ljósi, er hann á sama máli um það, að landssjóður þurfi þess við. Jeg vona að h. þingdm. sjeu á einu máli um það, að fyrst og fremst sje um það að gera í þessu máli, að tekjur fáist í landssjóð með einhverju móti, þó eitthvað af því kunni eigi að geðjast einstöku þm.; enda má því þá breyta þegar á næsta þingi, eða eptir 2 ár, ef reynslan verður þá búin að sýna, að það sem hjer verður ákveðið sje ekki hagfellt. Aðalatriðið er að bjargast úr vandræðum þeim, sem nú eru. Er nauðsynlegt, að þingmenn leggist allir á eitt, svo komizt verði að einhverri niðurstöðu í því efni. Jeg vil leyfa mjer, að skora alvarlega á h. þingdm., að skoða vandlega huga sinn áður en þeir greiða atkv. á móti tillögum nefndarinnar að því er snertir upphæð tollanna.

Ólafur Pálsson: Jeg vil gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Árið 1883 var jeg harður á kaffitolli, það skal jeg játa; en nú er jeg annarar skoðunar í því efni. Mjer þykir h. nefnd setja hann of hátt; því jeg er að vísu meðmæltur tolli, af því þörfin útheimtir það, en jeg held, að það kæmi sjer betur, að frv. stjórnarinnar fengi að halda sjer, en tollur væri settur á glysvarning og álnavöru. Það vakir fyrir mjer, að sjávarbóndinn þarf fremur kaffis við en sveitabóndinn. Það er ekki víst, að kaupmaðurinn leggi eingöngu tollinn á þá vöru, sem tollið er, heldur líka á aðrar vörur, og það nauðsynjavörur. Allir sjá þörfina að fylla landssjóðs þörf; samt er jeg eigi með nefndinni, nema hvað tóbakstoll snertir; þó jeg sje mikill tóbaksmaður, þá er jeg þar meðmæltur nefndarfrv. því jeg álít tóbak óþarfavöru, þó jeg brúki það mikið.

Jón Þórarinsson: Fyrsti þm. Húnv. (E. Br.) sagði, að stæði á sama, hvort t. d. 2 kr. tollur væri lagður á eina vörutegund eða sín krónan á hvora af tveimur vörutegundum. Þetta stendur á sama fyrir landssjóð, en eigi fyrir landsmenn, nema því að eins að, allir þurfi jafnt að neyta þeirrar vöru, sem tollið er. Það hefir verið sýnt fram á, að eigi er svo með kaffið, heldur, að sá tollur hljóti að kom ójafnt niður. Þeirri spurningu hefir verið beint til mín, hvort jeg álíti ekki sjálfsagt, að greiða atkvæði með þessum hækkaða kaffi- og sykurtolli, ef jeg sjái fyrirfram, að aðra tolla verði ekki hægt að fá samþykkta í þinginu, svo að þar af muni leiða, að landssjóð skorti fje. Þessari spurningu skal jeg svara svo, að jeg er alveg viss um, að h. þing muni sjá landssjóði borgið með öðru móti, eptir að það hefir sjeð, að hæfilegur kaffi- og sykurtollur nægir ekki.

Jeg hef þegar bent á ráðið til þess, sem er ekkert neyðarúrræði: að leggja útflutningstoll á hross og sauðfje. Þessi tollur er mjög þægilegur til innheimtu, og mikill að upphæð; enda mun hann muna landssjóð miklu. Jeg held, að þeir þm., sem eru hræddir um, að ekki sje annað ráð til að fylla landssjóðinn en að leggja ósannsýnilega háan toll á kaffi og sykur, að þeim skjátlist. Útflutningstollurinn, sem hjer hefir verið stungið upp á, mun fyllilega bæta upp það, sem tollhækkuninni nemur; þá verður einnig jöfnuðurinn með gjöldin á sjávar- og sveitabændum meiri. Annars yrði ójöfnuðurinn mjög tilfinnanlegur, ef öll gjöld lentu á kaffi og sykri. Þetta er einnig kostur á útflutningsgjaldi, í stað hækkaðs kaffitolls.

Árni Jónsson: Mótbárur þær, sem hafa komið fram á móti nefndinni, virðast mjer einkum vera tvær, og þó aðalmótbáran sú, að nefndin hafi hækkað tollinn frá því, sem frumv. stjórnarinnar fór fram á, en hin, að kaffi og sykurtollur lendi meir á sjávarmönnunum en sveitamönnum. H. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) tók þetta fram, og færði til sönnunar því, að við sjóinn væru menn efnaminni og mörg heimili þar, sem ættu erfitt með að fá góða og holla fæðu, og þar af leiðandi væri kaffi meiri nauðsynjavara þar, en upp til sveita. En þetta getur breytzt og jeg álít að óskandi væri,að það breyttist, að þeir spöruðu eða drægju úr útgjöldum sínum til kaffidrykkju, en verðu fje sínu heldur til að kaupa af sveitabændunum vörur, sem væru þeim hollari næring og heilsusamlegri til að viðhalda lífinu; það er undarlegt ef þeir hefðu engin ráð, að útvega sjer holla fæðu, en hefðu þó ráð á því, að eyða nógu kaffi. Það atriði kom og fram í ræðu h. 2. þm. Ísf. (G. H.), að efnahagurinn stæði á valtari fótum hjá sveitabónda en sjávarmanni, og hann sagði, að landbóndinn ætti það undir sjálfum sjer, hvort fjárstofn hans yrði arðberandi eður eigi. En jeg verð að mótmæla því, að svo sje æfinlega. Það er skemmst á að minnast grasbrestinn og heyskaparleysið, sem gekk yfir flestar sveitir sumarið 1882 og 1887, og fjárfellinn þau vor, sem enginn gat við ráðið. Þeir sem við sjó búa, gæta eigi ætíð þessa. Jeg held að þeir, sem þekkja þau harðindi, sem hafa dunið yfir sumar sveitir síðari árin, og allan þann skepnufelli, sem hefir verið þeim samfara, jeg held að þeir geti naumast talið landbúnaðinn svo miklu vissari en sjávarútveg, að sveitamenn hafi þess vegna full ráð yfir, hverjar vörur þeir brúka. Jeg held að svo sje farið í sumum sjóplássum, að margir sjómenn geti með dugnaði og sparsemi í flestum árum haft nóg fyrir sig og komizt í viðskipti við sveitabændur og fengið hjá þeim holla og kraftgóða fæðu fyrir fisk sinn, í staðinn fyrir að selja hann kaupmönnum fyrir kaffi; þar að auki er það almennt viðurkennt, að við sjó og kaupstaði sje vínanda- og tóbaksnautn miklu meiri, af því að þar á meiri eyðslusemi og óregla sjer stað.

Það væri gaman að hafa skýrslu yfir tekjur sveita- og sjávarbænda og bera þær saman; þar af mætti sjá, hvorir fara haganlegar og sparlegar með efni sín. Jeg held ýmsir sjómenn kæmust víða miklu betur af, ef þeir keyptu minna af kaffi, en í stað þess öfluðu sjer annars, er meiri næring er í.

Það hefir verið talað um, að þessi hækkun á kaffitollinum upp í 10 a. væri of há; en það hefir einnig verið margtekið fram, að menn gætu komizt hjá því, að leggja út meira fje en áður, þótt þessi tollur fyrir kaffi sje á lagður; það er eigi annar galdurinn en kaupa dálítið færri pundin. Jeg skal nefna sem dæmi: Bóndi kaupir 10 pd. kaffi á 1 kr. hvert; ef nú 10 aura tollur legðist á, yrði hann að gefa 11 kr. fyrir kaffið. En hann gæti nú sagt við sjálfan sig: Jeg skal eigi láta landssjóð græða á mjer, jeg skal eigi kaupa nema 9 pd. fyrir mínar 10 kr.; þannig þyrfti hann eigi að verja meiru til kaffis; og gæti þó, að jeg hygg, ef haganlega er á haldið, lifað eins góðu lífi á sínum 9 pd.; en landssjóður fengi tekjurnar. Einn h. þm. spurði, hversvegna nefndin færi fram á svo háan toll á sykri. Það var af því nefndinni sýndist heppilegra, að leggja á fáar vörutegundir, heldur en margar; einnig hefir það verið tekið fram, að sykurbrúkun er að nokkru leyti mælikvarði fyrir gjaldpolinu; það eru hinir efnameiri og margir þeir, er vilja «halda sig vel», sem svo er kallað, sem kaupa meir af sykri til ýmislegrar annarar brúkunar, en með kaffi. Jeg get eigi skilið 2. þm. G.-K. (J. Þór.), að það

komi eigi í sama stað niður hvort tollur sje lagður á eina eða tvær nauðsynjavörur; hann vinnur það eitt við að skipta tollinum niður á margar nauðsynjavörur, að fyrirhöfnin og öll umsvifin verða margföld. Þótt hann álíti útflutningstolla heppilegri t. d. á hrossum og sauðfje, þá vil jeg spyrja: hefir hann þá nokkra vissu fyrir, jeg vil segja nokkur líkindi til, að slíkur tollur nái fremur fram að ganga? Jeg er hræddur um, að felli menn þennan toll, sem nefndin ræður til, þá náist ekkert samkomulag, að það fari eins og á síðasta þingi, þegar menn felldu tollana og ljetu landssjóð sitja með mörg 1000 kr. skaða; ef menn hefðu farið betur að ráði sínu þá, væri eigi komið í hann þetta skarð, þetta stóra skarð, sem allir sjá nú loksins, að ekki má lengur autt standa.

Mjer þykir bæði leiðinlegt og gremjulegt, hvernig fór með tóbakstollinn á síðasta þingi. Hefði hann komizt fram þá, væri nú 30,000 kr. meira fje í landssjóði og landsmenn jafnnær eptir sem áður. Eins er með kaffitollinn. Hefði hann komizt á þá, hefði eigi þurft að setja hann svona hátt nú.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 189) samþ. með 15 : 6 atkv.; 2. breyt.till. samþ. með 13 : 7 atkv. 1 gr. frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 15 atkv. gegn 3. Þriðja breyt. (C. 189) samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. gr. í heild sinni þannig breytt samþ. með 19 atkv. 3.–6. gr. samþ. hver um sig óbr. í einu hljóði; 4. breyt. (C. 189) samþ. með 20 samhl. atkv.; 7. gr. þannig breytt samþ. í einu hlj.; 8.—9. gr. samþ. hvor í einu hlj.; 5. breyt. (C. 189) samþ. í einu hlj.; 10. gr. öll þannig breytt samþ. í einu hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki (C. 187); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Enginn af h. þm. hefir mælt á móti breyt. nefndarinnar, og er því vonandi, að hún fái góðan byr hjer í h. deild. Jeg skal geta þess, að eptir áætlan nefndarinnar er það eigi alllítill tekjuauki, sem fæst með þessari hækkun á tóbakstollinum. Síðastliðið ár hefir verið flutt inn af tóbaki hjer um bil 120 þús. pd., og vindlar á 4. þús. hundraða; af þessum tölum geta menn reiknað tekjuaukann, sem nemur rúmum 30,000 kr. á ári. Reyndar má búast við, að innflutningar minnki nokkuð; því þó þeim kunni að veita erfitt að hætta tóbaksbrúkun, sem eru búnir að venja sig á hana, þá er eigi ólíklegt, að tollhækkunin hafi verkun í þá stefnu, að unglingarnir síður venji sig á tóbak.

Viðvíkjandi tollhækkuninni þá er hún auðvitað nokkuð mikil, 35 a. í staðinn fyrir 10 a. En það er aðgætandi, að sá tollur, sem nú er, er fjarskalega lágur, bæði þegar litið er á gjaldþol þessarar vörutegundar, og samanborið við það, sem tíðkast í öðrum löndum, þar sem tóbakstollurinn er einhver helzta tekjugrein.

Hlutfall tolls á tóbaki og vindlum er eigi alls kostar rjett; það er of lágt á vindlum, og mjer sýnist það á góðum rökum byggt, þegar menn áður hafa farið fram á, að rjetta hlutfallið með því, að tvöfalda toll á tóbaki og fjórfalda hann á vindlum. Allt fyrir það hefir nefndin eigi viljað raska hlutfallinu að neinum mun, og er sú ástæða til þess, að hún áleit, að væri tollur á vindlum mjög hár, mundi aðflutningur á þeim minnka og menn flytja og búa til í þess stað «cigaretter».

Hin eina verulega mótbára, sem hefir komið fram á móti þessum tolli, er, að það kunni að verða hætt við undandrætti; en hvað það snertir vil jeg skírskota til þess, sem fram kom við 1. umr. þessa máls. Nefndin áleit, að eigi þyrfti að leggja svo mikla áherzlu á þetta atriði, og hikar eigi

við að ráða h. þingd. að samþykkja þessa tollhækkun.

Þórarinn Böðvarsson: Í tilefni af því, sem sagt var í næsta máli á undan, vil jeg lýsa því yfir, að það er hreinn og beinn misskilningur, að jeg vilji ekki bæta úr fjárþröng þeirri, sem landssjóður er í. Slíkt er ekki meining mín og að því stefndu ekki orð mín; en hitt er það, að mjer þykir of hár tollur lagður á þær vörutegundir, sem um var að ræða, því að jeg verð að álíta þær nauðsynjavörur. En hjer í þessu frv. er ekki um neinar slíkar vörur að ræða, og þótt jeg hafi ekki fyrir fram bundið mig með loforðum til nefndarinnar, þá mun jeg þó fúslega greiða atkvæði með tillögum hennar, og það einmitt af því, að hjer er ekki um þá vöru að ræða, sem menn geti ekki án verið, eða að minnsta kosti gæti verið brúkuð í meira hófi en gjört er; þegar svo er, að landssjóður þarfnast tekjuauka, þá sýnist mjer vel við eiga, að tollur komi niður á slíkum vörum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar (C. 189) samþ. hver um sig í e. hlj., og frumvarpsgreinarnar sömul. með áorðnum breytingum. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. (C. 176); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþ. í e. hlj. umræðulaust og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um bann gegn því að ala upp refi (C. 197); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg ætla að svo stöddu ekki að tala langt erindi fyrir máli þessu, og vona að allir verði mjer samdóma um það, að æskilegt sje að fyrirbyggja allt, sem er til skerðingar atvinnuvegunum og afurðum þeirra; líka vona jeg að menn sjái, að skynsamlegra sje að eyða refum en að ala þá upp. Ætla jeg svo ekki að mæla með fleiri orðum fram með frv. þessu, en fel það h. þingd.

Þorvarður Kjerúlf: Hjer liggur fyrir frv., sem miðar til þess að eyða refum og friða fjenað manna; en mjer þykir það ganga of skammt í þá átt, og hef jeg í hyggju að koma með breytingu í þá átt, er gjöri lög þessi víðtækari. Vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að sett sje 3 manna nefnd í málið, svo að kostur verði á að íhuga það betur.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt.

Í nefndina voru kosnir:
Þorlákur Guðmundsson með 19 atkv.
Þorvarður Kjerúlf með 19 atkv.
Þorvaldur Bjarnarson með 8 atkv.

1. umræðu frestað.

Frumvarp til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 (C. 199); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. í e. hlj. umræðulaust.

Tillaga til þingsályktunar um reikninga Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrarumboðs (C. 181); fyrri umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg skal ekki tala neitt um álitið í sjálfu sjer, enda liggur það hjer ekki fyrir til umræðu. Mál þetta er nokkuð flókið, og því tel jeg sjálfsagt, að áður en þingið gjörir nokkra ályktun um það, þá sje það fengið einhverri nefnd til meðferðar, og leyfi jeg mjer að leggja það til, að það sje fengið í hendur reikningslaganefndinni.

Grímur Thomsen: Það er einasta lítilfjörleg fyrirspurn, sem jeg skal leyfa mjer að bera upp. Í tillögunni stendur svo: »Neðri deild alþingis ályktar, að vísa áliti yfirskoðunarmanns neðri deildar alþingis um reikninga Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrar-umboðs 1884 og 1885

til reikningslaganefndarinnar«. Á jeg að skilja svo, sem þetta álit sje einungis komið frá endurskoðunarmanni neðri deildar? Mig minnir ekki betur en að báðum endurskoðunarmönnunum hafi af alþingi verið falið á hendur að endurskoða reikninga þessa. Mjer þykir því undarlegt, að sjá að eins endurskoðunarmann neðri deildar riðinn við álitið. Jeg veit ekki hvort h. flutn.m. (P. Br.) skilur mig, og skal jeg þá honum til skýringar geta þess, að mig minnir ekki betur en þingið 1887 fæli endurskoðun reikninganna báðum endurskoðunarmönnunum á hendur.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg veit ekki, hvort það heyrir beinlínis undir það mál, sem hjer er á dagskrá, að gefa upplýsingar um þetta. En þó skal jeg geta þess, að eptir ályktun alþingis 1887 hef jeg rannsakað reikninga þessa, þótt jeg álíti, að það hafi ekki verið bein skylda, þar sem þessir reikningar eru ekki beinlínis sama sem landsreikningarnir. En viðvíkjandi endurskoðunarmanni efri deildar, er þess að geta, að hann áleit sjer ekki skylt að fást við þá og gjörði það ekki heldur. Aðrar upplýsingar get jeg ekki gefið um þetta mál.

Grímur Thomsen: Sje svo, sem mig minnir, að þingið 1887 hafi falið báðum báðum endurskoðunarmönnunum á hendur að rannsaka þessa reikninga, þá efast jeg um, að það sje formlegt, að álit að eins annars endurskoðunarmannsins komi undir dóm reikningslaganefndarinnar. Jeg get vel ímyndað mjer, að mjög sje óvíst, hvort yfirskoðunarmaður efri deildar hefði haft alveg sömu skoðun á málinu, sem yfirskoðunarmaður neðri deildar. Gæti því farið svo, að dómur nefndarinnar yrði nokkuð einhliða, er hún hefir að eins við álit annars endurskoðunarmannsins að styðjast. Mjer virðist nauðsynlegt, að málinu sje frestað, þangað til yfirlýsing hins endurskoðunarmannsins fæst.

Flutningsmaður (Páll Briem): Viðvíkjandi formi málsins, þá veit jeg ekki betur en að jeg sem þingmaður hafi leyfi til að bera fram hverja þá tillögu, sem þingið leyfir umræðu um, og mjer þykir æskileg; finnst mjer það sje því alveg formlegt, að vísa henni til reikningslaganefndarinnar, svo að hún geti gjört við hana það, sem henni finnst rjettast. Neðri deild getur ekki tekið tillit til, hvað endurskoðunarmaður efri deildar lætur gjört eða ógjört; hann stendur ekki undir henni, og það er tilgangslaust, að vera að reyna að knýja hann til að láta álit sitt í ljósi. Mjer finnst neðri deild geta skoðað mál þetta án tillits til, hvort það fær framgang í efri deild eða ekki.

Þorlákur Guðmundsson: Með tilliti til þess, sem h. þm. Borgf. (G. Th.) sagði, að hann áleit það ekki formlegt, að greiða atkvæði með tillögu þessari eða vísa henni til reikningslaganefndarinnar, vil jeg geta þess, að þá sje jeg ekki heldur, hvernig fara ætti að, ef annar endurskoðunarmaðurinn dæi áður en endurskoðun landsreikninganna væri lokið. Ef sömu reglu væri fylgt, þá ætti ekki að taka til greina athugasemdir þess endurskoðunarmannsins, sem eptir lifði; en það hygg jeg þó að mundi verða gert. Að öðru leyti sýnist mjer ekki ástæða til að ætla, að hinn endurskoðunarmaðurinn hafi hjer viljað koma fram með ágreiningsatkvæði, fyrst hann hefir ekki gjört það. Eptir því sem jeg lít á mál þetta, finnst mjer engin ástæða fyrir þingdeildina til að ganga fram hjá tillögunni, heldur sýnist mjer hún eiga að taka það til greina, og þó vansjeð sje, hvað upp úr því hefst, þá er þó full ástæða til að athuga þetta sjerstaka álit yfirskoðunarmanns neðri deildar.

Forseti: Það getur að vísu verið, að óheppilegt sje að þessi tillaga hefir ekki komið frá báðum endurskoðunarmönnum landsreikninganna, en þó álít jeg ekki

þeirlínis ástæðu til að fresta málinu eða vísa því frá, því að þetta verður hvorki heimfært undir 21. gr. þingskapanna nje 26. gr. stjórnarskrárinnar.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 16 atkv. gegn 1.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi samningi milli Danmerkur og Svíaríkis-Noregs 10. ágúst 1883 (C. 144); fyrri umr.

Flutningsm. (*Gr. Th.*): Þegar birt var brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, frá 14. jan. þ. á., um flutning norskra skipbrotsmanna heim til sín, þá brá ýmsum í brún að sjá, að útlendir sjómenn úr öðru landi en Danmörku voru fluttir heim til sín á kostnað landssjóðs. En nokkur huggun er það þó í þessu máli, að hæstv. landsh. hefir, eins og hans var von og vísa, haldið því fram, að fylgja ætti í þessu máli vorum eigin lögum, strandlögunum, og láta þau ná til þessara skipbrotsmanna. Auk þess efast jeg ekki um, að ráðgjafi Íslands, sem í öllum íslenzkum málum hlýtur að hafa íslenzkt hjartalag, hafi reynt að verja mál vort og rjett, gegn öðrum stjórnarráðum, nje heldur efast jeg um, að forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn, sem eptir hátíðlegu loforði stjórnarinnar frá 1848 mun vera góður Íslendingur, hafi gert allt það, sem í hans valdi stóð. Jeg geng því að því vísu, að þessir menn báðir hafi reynt að sjá rjetti vorum borgið, þótt það hafi ekki tekizt hingað til; en þegar þeir minnast þess, «að meðan Ísland eigi hefir fulltrúa á ríkisþinginu, greiðir það heldur ekkert til ríkisþarfa», þá munu þeir einnig sannfærast um, að gjöld til sjómanna heimflutnings eigi hvíla á þeim sjerstaka sjóði Íslands, heldur, eins og hingað til, á hinum almenna ríkissjóði, sem í þessu efni, eins og sumum öðrum, greiðir fje eins fyrir Ísland eins og aðra parta ríkisins. Hvað snertir sjálfan þann samning sem hjer ræðir um, þá hefir það auðsjáanlega ekki verið meiningin, að hann ætti að hafa neina *sjerstaku* þýðingu fyrir Ísland, því þá hefði hann verið hjer auglýstur í Stjórnartíðindum landsins.

Nú fannst þessi samningur milli Danmerkur og Noregs ekki í Stjórnartíðindunum. En aptur á móti eru tveir svipaðir samningar birtir í Stjórnartíðindunum 1885, annar milli Danmerkur og Ítalíu, en hinn milli Danmerkur og Þýzkalands. Í samningnum milli Danmerkur og Ítalíu stendur: «Þá er sjómaður úr öðru samningsríkinu hefir haft þjónustu á skipi frá hinu samningsríkinu og verður síðan eptir hjálparlaus fyrir skipbrot eður aðrar orsakir í einhverju landi öðru en ríkjum þessum, eður í nýlendum þess, eður í landi þess ríkis eða nýlendum, er skip hefir flagg sitt frá, þá er stjórnin í þessu síðast nefnda ríki skyld til þess, að liðsinna sjómanni þessum, þangað til hann ræður sig á skip aptur eður fær aðra atvinnu eður kemur aptur til föðurlands síns eða deyr». Enn fremur er það tekið fram í auglýsingunum, hver þessi kostnaður er, sem á að greiða. Í þeim segir: «Styrkurinn nær til viðurværis, fatnaðar, læknishjálpar, lyfja og ferðakostnaðar, og greptrunarkostnaðar, ef hann deyr». Eptir þessum samningi er það skylda dönsku stjórnarinnar, að veita þetta, sem hjer hefir verið nefnd að framan, hverjum þeim sjómanni frá þessum tveim ríkjum, sem undir dönsku flaggi verður fyrir því óhappi, að verða skipbrotsmaður, eða hann deyr undir því. Mjer er það kunnugt frá fyrri tímum, að danska ríkið hefir greitt slíkan kostnað. Mjer er það kunnugt, að eptir að Holstein og Sljesvík höfðu fengið sjerstaka stjórn og sjerstakan fjárhag, þá var eins eptir sem áður að því er þau snerti heimflutningskostnaður sjómanna greiddur úr ríkissjóði. Hjer við bætist og, að utananríkisráðgjafinn hefir í þessum

tilgangi töluvert fje undir höndum, til þess að greiða af fyrir bæði danska og íslenzka sjómenn.

Mjer virðist því þetta brjef mjög ísjárvert að því leyti, að hjer er stigið hið fyrsta stig til þess, að alríkið leggi gjald á sjerstakan sjóð Íslands. Mjer virðist að vjer þurfum að gjalda varhuga við, að þetta verði ekki að fastri reglu. Það er kynlegt, að landssjóður skuli fá endurgoldinn kostnað við flutning danskra sjómanna, en eptir ráðgjafabrjefinu frá 14. jan. þ. á. ættum vjer ekki einungis að gjalda úr landssjóði fyrir fram og til bráðabyrgða fyrir flutning norskra og sænskra sjómanna, heldur fyrir fullt og allt. Slíkt mun heldur aldrei hafa verið meiningin, og því mun samningurinn aldrei hafa verið birtur hjer. Vjer munum þó, að svo er ákveðið í lögum 24. ágúst 1877 um birting laga og tilskipana, að í Stjórnartíðindunum skyldi birta lög og tilskipanir, «hvort heldur þær eru konunglegar eða útgefnar af stjórnarráðunum, en þar með eru talin opin brjef, auglýsingar, reglugerðir, erindisbrjef og samþykktir o. s. frv.». Þegar nú stjórnin hefir ekki birt þennan samning í Stjórnartíðindunum, þá hefir hún heldur ekki ætlazt til þess, að hann hefði gildi hjer. Jeg vona að h. þingd. samþykki tillögu þessa, sem hjer liggur fyrir, en þó skal jeg geta þess, að jeg hefði álitið rjettara, að hún hefði verið víðtækari en hún er.

Landshöfðingi: Jeg er að mörgu leyti samdóma því, sem h. flutningsm. þessarar tillögu (Gr. Th.) tók fram, og þarf jeg því ekki að fara mörgum orðum um málið. Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að eptir stjórnarbrjefi því, sem h. flutningsm. vitnaði í, er alls ekki útkljáð enn til fullnaðar, hvort það fje, sem hjer ræðir um, skuli greiða úr landssjóði eða úr ríkissjóði Dana. Það er því ekki kominn tími til að vantreysta stjórninni í þessu efni. Jeg fyrir mitt leyti mun styðja þá skoðun, að fjeð eigi að greiðast úr ríkissjóði, en ekki úr landssjóði Íslands.

Þegar íslenzkir sjómenn verða hjálparþurfar í öðrum löndum, þá er það sveitarsjóður hlutaðeigenda, sem á að bera kostnaðinn af heimflutningi þeirra. Það væri því mjög kynlegt, ef landssjóður ætti að borga kostnað, sem leiddi af skipbroti sjómanna frá öðrum ríkjum. Það er allt annar siður hjer en erlendis í þessu efni.

Jeg mun því gera allt mitt til, að þessi og sams konar kostnaður verði greiddur af ríkissjóði, en ekki landssjóði.

Flutningsm. (Gr. Th.): Það gladdi mig að heyra, að enn er eigi afgert, hver eigi að bera þenna kostnað, þó hann hafi verið greiddur fyrir fram úr landssjóði, og jeg efast ekki um, fyrst landshöfðingi er Íslands megin í þessu máli, að það muni þá fá lukkuleg og góð endalok.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan (86) samþ. í e. h.

Að málið gengi til síðari umr. samþ. í e. hlj.

Fjórtándi fundur, fimmtudag 18. júlí á hád.

Allir á fundi.

Frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 177); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt orðalaust í e. hlj.; og afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 207, 212); 3. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Af því mjer virtist svo við hinar fyrri umr.

þessa máls, að það mundi eigi ætla að fá góðan byr í h. þingd., hefi jeg ásamt nokkrum h. þm. komið fram með breyt.-till. (C. 212), ef verða mætti að samkomulag næðist í þessu máli. Jeg get reyndar ekki neitað því, að mjer þykja 2 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað handa matsmönnum og sýslumanni helzt til lítið, en jeg fellst þó á það, því jeg veit að hærri tala muni ekki fá framgang. Einnig finnst mjer það mjög rímilegt, sem farið er fram á í breyt.till., að eigendur jarðanna greiði fyrir mat á sínum jörðum; af þeim jörðum er hjer ræðir um, eru að eins 3 bændaeignir, og ein kirkjueign. Þessar jarðir sem hjer ræðir um eru samtals 60; jeg skal taka lítið dæmi, til að sýna, hvernig jarðir þessar eru á sig komnar; það er 10 hundr. jörð; hún hefir nú staðið í eyði í 5 ár; eigandinn er fluttur burtu, og ekkert orðið annað eptir af jörðinni, en lítilfjörleg melbeit. Samt hefir eigandinn orðið að borga til allra stjetta, og virðist það þó ekki sanngjarnt, því þó gjöldin sjeu kannske ekki há, þá dregur það sig saman, þegar það er opt.

Að sinni vil jeg ekki fjölyrða um þetta mál, en vona, að h. deild fallist á frv. þetta, þar sem ástandið er eins hörmulegt eins og fram hefir verið tekið af mjer og staðfest af hæstv. landsh., sem nýlega hefir farið um þessar sveitir, og er næst mjer manna kunnugastur ástandinu.

Þorvaldur Bjarnarson: Það er enn sem fyr að jeg verð að játa, að jeg skil ekki, hvaða hagur gæti orðið að því, að frv. þetta yrði að lögum. Hefði frv. farið fram á að meta jarðirnar til afgjalds, þá hefði jeg getað skilið, að hagur hefði verið við það; en hagur sá sem verður við það að meta jarðirnar til hundraða, held jeg að ekki verði mikill; að minnsta kosti hefir sú raun ekki orðið á í Rangárvallasýslu, þar sem jarðir voru metnar upp til hundraða, að það hafi stórum minnkað útgjöld.

Sigurður Jensson: Jeg hefi skrifað undir breyt.till. við þetta frumv., ekki af því, að jeg væri samþykkur henni, heldur af hinu, að jeg áleit ósanngjarnt, að gera h. flutn.m. ómögulegt að koma henni að, þar sem það mundi hafa verið dauðadómur á frumv.; en þrátt fyrir það get jeg þó ekki gefið henni atkvæði mitt; jeg get ekki skilið að þetta mat geti haft svo mikla þýðingu fyrir hlutaðeigendur. Verði jarðirnar lækkaðar að mati, þá munu tíundir og ábúðar-skattur lækka dálítið, en þessi lækkun kæmi, að því er snertir tíund til fátækra, fram á ábúendunum í annari mynd, þar eð aukaútsvarið hlyti að hækka. Ef tíund til prests og kirkju lækkar, eru líkindi til, að hlutaðeigandi brauð yrði að fá uppbót sem því svaraði úr landssjóði.

Það er þá eptir ábúðarskatturinn; en það sem hann lækkaði, um það munar svo fjarskalega lítið, þar sem flestar þessar jarðir eru lágt metnar; þó t. a. m. mat á 10 hundr. jörð yrði lækkað um 4 hundr., þá mundi það muna svo sem hálfri annari alin á ári. Þar að auki er jeg hræddur um, að ef þingið samþykkir nú lög um þetta, þá hafi það þann dilk í för með sjer, að fleiri bænir komi til alþingis um breyting á jarðamati; því menn eru víða mjög óánægðir með jarðamatið, en sætta sig þó við það, af því menn vita, að þau gjöld, sem á jörðunum hvíla, hljóta þá að koma á í annari mynd; en þegar menn sjá, að þingið tekur vel í að breyta málinu, þá er hætt við að menn ríði á það vaðið, og það gæti haft mikinn kostnað fyrir landssjóð í för með sjer.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. B.) sagði, að það ætti að meta jarðirnar til afgjalds, en það hefði enga þýðingu að meta þær til hundr., þá er því að svara, að það er miklu hægra, að meta jörð til afgjalds, eptir að búið er að meta hana til hundraða.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Barðstr. (S.

Jens.) sagði, að brauðin yrðu að fá uppbót, vegna þess, að þau misstu í af tíundum af jörðunum, þá er þetta af ókunnugleik sprottið, því af þjóðjörðum er ekki goldin tíund til prests og kyrkju. Jeg get heldur ekki skilið, hvernig menn fara að setja það í samband, að tíðar beiðnir muni koma fram um mat á jörðum, þó þetta frv. verði að lögum; þó að 1 eða 2 jarðir kunni að vera í einstaka sveitum, sem menn eru óánægðir með mat á, þá er það allt öðru máli að gegna, en um þessar jarðir, sem eru 60 að tölu, og þar að auki svo afarmikilli eyðileggingu undir orpnar.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er enn sömu meiningar og áður, að þetta frv. geti eigi þannig orðað náð tilgangi sínum. Það er nú orðinn almennur vilji um land allt, að sleppt sje ábúðarskattinum, og kæmist það í kring, sem líklegt er að verði bráðlega, þá er ekki af þeirri ástæðu nauðsynlegt að meta jarðirnar að nýju til hundraða; þar á móti hefði það mikla þýðingu að meta jarðirnar til afgjalds. Jeg er líka á þeirri skoðun, að þetta gæti haft ljótan dilk í för með sjer, þannig, að beiðnir kæmu hvervetna fram um að breyta mati á jörðum og það gæti haft slæmar afleiðingar í för með sjer; jeg er því á móti frumv. þessu.

Sigurður Stefánsson: Það var að eins stutt fyrirspurn, sem jeg vildi beina til háttv. flm. (Ó P.); hann hefir svo mikið talað um eyðleggingu á þessum jörðum; en eru þá líkindi til að þeirri eyðileggingu sje lokið? Ef svo er ekki, liggur þá á að fara að meta þær nú, þar sem ef til vill má búast við, að sumar þeirra alveg eyðist, svo matið yrði að fám árum liðnum ósanngjarnt orðið?

Og á hinn bóginn get jeg vel ímyndað mjer, enda þó jeg sje ekki kunnugur í þessum hjeruðum, að sumar jarðirnar kynnu að batna, svo að matið einnig frá þeirri hlið skoðað gæti líka orðið ósanngjarnt, og þá væri kannske ástæða til að fresta málinu. Um þetta vil jeg fræðast af háttv. flm.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg skal leyfa mjer að svara fyrirspurn h. 1. þm. Ísfirð. (S. St.). Jeg get ekki fortekið, að sumar jarðir kunni að standa til dálítilla bóta, en það er víðast hvar ekki nema annað árið, þannig t. d. í Leiðvallarhreppi, en allur mergur og kjarni úr jörðunum er farinn; þar sem áður var hagbeit, verður nú að hafa að slægjum, því allar slægjur eru horfnar. Sumar jarðirnar mætti bæta með ærnum kostnaði; þannig er ein stór jörð, sem þarf að veita vatni frá, og hefir búfræðingur sá, er ferðast hefir um hjá okkur eystra, skoðað hana nákvæmlega og hefir hann álitið, að það borgaði ekki kostnaðinn. Jeg skoðaði sjálfur þessa jörð í vor, og ímynda mjer að þinginu þætti gífurlegt að gefa út fje henni til aðgjörða og umbóta; og jeg get ómögulega skilið, af hverju það kemur, að þingið er svo ófúst að ljetta byrðinni á ábúendum jarða þessara, sem þó er ekki þeim að kenna, heldur stafar af náttúrunnar völdum.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer getur ekki blandazt hugur um það, að hjer er mjög vafasamt, hvernig greiða eigi atkvæði.

Það er sjálfsagt satt, að jarðamat hjer á landi er víða skakkt, en það er óvíða að jarðir eru slíkri eyðileggingu undirorpnar og í þessu hjeraði, og það er sannarlega hart, að þurfa að gjalda af jörðum, sem nær því eru eyðilagðar, og þá virðist mjer skylda löggjafarvaldsins að hlaupa undir bagga.

Að öðru leyti er jeg ekki vel ánægður með orðalag frumv., og það fer ekki eptir reglum hins almenna jarðamats, t. d. þar sem talað er um fyrirmyndarjörðina; matið á henni verður þó að vera rjett; allt fyrir það álít jeg, að það, sem mælir með þessu frumv. svo yfirgnæfandi, að jeg verð að gefa því atkvæði mitt; það er reyndar

sjálfsagt, að tíund til prests og kirkju ljettist lítið, þar sem þjóðjarðir eru frían við þá kvöð, en það er eitt gjald, nefnilega ábúðarskatturinn, sem ljettist, og það getur ekki verið sanngjarnt nje rjett, að borga af þeirri jörð, sem er lítils eða einkis virði.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var einn af þeim, sem ekki gat gefið þessu frv. fullkomið meðhald mitt, eins og það lá fyrir, því hefi jeg ásamt fleirum, komið fram með breytingartill. við það, sem jeg hygg til bóta, víst fyrir landssjóðinn.

Hjer er ekki að ræða um, að meta jarðir til afgjalds, því um það þarf ekki ný lög frá alþingi, heldur er hjer að ræða um þá sanngirniskröfu, að ljetta á ranglátum ábúðarskatti, því rjett metið er hann ranglátur, ef hann hjeldist hinn sami, þó jarðirnar gangi úr sjer, eins og það væri ranglátt að byggja eyðilagða jörð með sama afgjaldi og áður en hún eyðilagðist.

Viðaukatillöguna álít jeg ógengilega, því þá er loku fyrir það skotið, að þetta geti komið fyrir að óþörfu, að minnsta kosti ekki nema með leyfi þingsins. Eptir breytingu þeirri, sem viðaukatillagan fer fram á, eru matsmönnum goldnar 2 kr. á dag, eða helmingi minna en fyrst var ákveðið í frumvarpinu; einnig álít jeg það kost við viðaukatillöguna, frá því, sem upphaflega var ákveðið í frv., að jarðeigendur verða að borga matsmönnum úr sínum eigin vasa, en landssjóður ekki.

Páll Briem: Jeg get ekki gefið þessu frv. atkvæði mitl, því jeg álít það viðurhlutamikið, að breyta jarðamatinu; þó að jarðirnar sjeu mjög úr sjer gengnar, þá er þó ekki knýjandi ástæða til að breyta jarðamatinu; mjer finnst, að allrar sanngirni væri hægt að gæta, þó það verði ekki gert. — Hinn allra einfaldasti máti til þess er, að lækka afgjaldið af þjóðjörðunum. Þær jarðir, sem hjer ræðir um, eru allar þjóðjarðir, nema 4; það verður hvort sem er, að lækka afgjaldið af þeim, og þá væri hægt að taka tillit til hinna sjerstaklegu kringumstæða hverrar jarðar fyrir sig.

Viðvíkjandi tíundinni álít jeg hart, að svipta þá henni, sem hún hefir verið goldin. Auðvitað er tíund til prests og kirkju eigi goldin af þjóðjörðum í Skaptafellssýslu, en þar á móti er af þeim goldin fátækratíund; tíundin er að mínu áliti fast gjald, eins og veðskuldaxextir, sem á að haldast við meðan jörðin er við líði. Ef jörðin gengur úr sjer, verður það skaði eigandans að því leyti, að hann verður að minnka afgjaldið, en rjettur þess, sem tíund á að taka af jörðinni, stendur óhaggaður.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Mjer finnst misskilningur lýsa sjer í því, þar sem sagt hefir verið, að ekkert munaði um álöguljetti, sem yrði á ábúendum ef þetta frv. yrði að lögum, því þó gjaldið sje ekki stórt í hvert sinn, þá dregur það sig þó saman, og margt smátt gerir eitt stórt. H. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) sagði, að ekkert gagn væri að meta jarðirnar til hundraða, heldur þyrftu þær að metast til afgjalds; getur vel verið að nauðsynlegt sje að meta þær til afgjalds; en mun það verða verra viðfangs, þegar dómkvaddir menn eru búnir að skoða jarðirnar? Nei, því fer fjarri, þvert á móti eru líkindi til, að það gæti þá fyrst farið svo fram, að fullkomin sanngirni væri í.

Einnig er þess að gæta, ef að einhver kæmi og bæði um jörðina til kaups, þá væri varla hægt að ákveða verð á henni, þar sem ekkert sanngjarnt mat væri til; það væri mikill munur að því fyrir þingið, að vita, hvort þessi jörð er 0 eða 1 eða eitthvað annað, þegar það ætti að ákveða verðið.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer, að gera stutta athugasemd út af orðum h. þm. Snæfellinga (P. Br.). Hann

áleit að nægilegt væri, að taka tillit til þeirrar eyðileggingar, sem jarðirnar hefðu orðið fyrir, þegar að því kæmi, að byggja þær á ný. En þetta álít jeg ekki nóg, því þegar matið er miklu hærra á jörð en samsvarar gæðum hennar, þá getur það orðið til þess, að ómögulegt sje, að fá ábúanda á hana og það jafnvel ekki þótt ábúðin fengist án afgjalds.

Önnur gjöld, sem hvíla á jörðinni eptir hundraðatali í hinu háa mati, gera það að verkum, að menn fælast frá að taka slíka jörð jafnvel afgjaldslaust. En reynslan hefir sýnt, að það hefir verið miklu betra að fá mann til að búa á jörð afgjaldslaust, en að jörðin stæði í eyði. Það er einmitt það, sem jeg ber kvíðboga fyrir, að enginn fáist til, að taka þessar jarðir til ábúðar, sem nú eru orðnar mjög lítils virði í samanburði við það, sem þær voru metnar fyrir 30 árum síðan, og að því sje hætt við, að þær leggist alveg í eyði, ef þær verða ekki metnar til dýrleika á ný, auk þess að afgjaldið sje lækkað.

Þorlákur Guðmundsson: Það er að eins ein athugasemd, sem jeg vil leyfa mjer að bæta við það, sem jeg hefi áður talað. Eins og menn vita, er sýslusjóðsgjaldinu jafnað niður eptir tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.

Setjum nú svo, að í einum hreppi væru 30 jarðir, sem hefðu rýrnað um helming síðan síðasta jarðamat fór fram; þá er auðsjeð hvílíkur ójöfnuður kemur fram, er sýslusjóðsgjaldinu er jafnað niður á ábúendur þessara jarða, eptir tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 212) samþ. með 13 atkv. móti 1.

Frumv. með þessum viðauka samþ. með 13:5 atkv., og afgreitt síðan til Ed.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 162, 208);

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jafnvel þótt nefndin ekki fyndi ástæðu til, að breyta þessu frumv., þegar hún hafði það fyrst til íhugunar, þá hefir hún nú komið fram með nokkrar breytingar samkvæmt bendingum hæstv. landshöfðingja við 2. umr.

Þó breytingarnar sjeu á pappírnum við 5 greinar frumv., þá standa þessar breytingar í svo nánu sambandi hver við aðra, að þær má allar skoða sem eina breytingu, er miðar til þess, að gera fyrirhöfn lögreglustjóranna umsvifaminni, en áður var ákveðið í frumv. Þótt nú nefndin vilji ráða h. þingd. til að samþ. þetta frumv. með breytingartillögunum, þá játar hún það fyllilega, að það sje miklum vandkvæðum bundið, að veita kaupmönnum þennan frest, þar sem allt verulegt tolleptirlit vantar. En það er samt knýjandi nauðsyn að veita þessa ívilnun, vegna kaupmannanna, einkum hinna efnaminni, og er þetta það allra minnsta, sem hægt er að fara fram á.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. till. (C. 208) við 1. gr. samþ. með 20 atkv. — Breyt. till. við 2., 3., 4. og 5. gr. þar með álitnar samþ.

Frumv. með áorðn. breytingum samþ. með 20 atkv. og sent til Ed.

Frumv. til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi (C. 163, 195, 208); 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Frá því mál þetta var hjer til 1. umr. hefir nefndin íhugað tillögur hæstv. landshöfðingja við þá umr., og komið með nokkrar breytingartillögur samkvæmt bendingum hans

Af því að nefndin hefir komið með

breytingartill. nr. 113 (C. 208), þá leiðir þar af, að nefndin tekur aptur 1., 2. og 3. tölulið breytingartillaga sinna á þingskjali nr. 90 (C. 195).

Að því er snertir einstakar greinar þessa frumv., sem allar eru stuttar og umfangslitlar, þá hefi jeg litlu að bæta við það, sem jeg tók þegar fram við 1. umr.

Nefndinni þótti við eiga, að þeir, sem nú reka hjer fasta verzlun, án þess að vera hjer búsettir, mættu vera undanþegnir þessum lögum, og reka verzlanir í sama formi og áður. Það gætu orðið töluverðir erfiðleikar á því fyrir þá, að taka þeim breytingum, sem þetta frumv. gerir ráð fyrir.

Nefndinni þótti líka rjettara, að leggja ákveðnar sektir við broti gegn lögunum, en að láta þær vera bundnar við söluverð hins selda.

Að svo stöddu skal jeg ekki fara fleiri orðum um málið.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. nefnd. 113 (C. 208) við 1. gr. samþ. með 16 atkv. 2. breyttill. við sömu gr. þar með samþ.

1., 2. og 3. breyttill. nefnd. 90 (C. 195) teknar aptur.

Viðaukatill. nefnd. á sama skjali (90) við 1. gr. samþ. með 16 atkv. 1. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

Breytingartill. nefnd. 90, 5. tölul. við 2. gr. samþ. með 18 atkv. 2. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 18 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun islenzkra embættismanna (C. 190); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Máli þessu var svo vel tekið við 1. umr. þess, að eigi er þörf að mæla mikið fyrir því að sinni. Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá er hjer ekki að eins farið fram á að lækka launin, heldur einnig að hækka þau hjá einstöku embættismönnum, sem sannarlega hafa heldur lág laun. Hækkun þessi nemur þó ekki meiru alls, en 2400 kr. Þar á móti lækka launin alls eptir frumv. um 7700 kr. og sparast þá við frumv., ef það verður að lögum, um 5300 kr.

Að því er snertir laun biskups og forstjóra landsyfirrjettarins, þá standa þau alveg í sama hlutfalli í þessu frumv. eins og hlutfallið var milli þeirra í launalögunum frá 1875. Hlutfallinu milli launanna er ekki breytt með þessu frumv. frá því, sem áður var.

Í frumv. eru einnig ákveðin laun amtmanna, jafnvel þótt margir, og þar á meðal jeg sjálfur, álíti amtmannaembættin óþörf. Vjer höfum tekið laun þeirra með, til þess að þingið geti lækkað þau, ef vera kynni að þessi embætti losnuðu bráðlega. Væri þá gott, að búið væri að ákveða launin.

Laun kennaranna við prestaskólann og eins laun fjögra fyrstu kennaranna við latínuskólann höfum við hækkað um 400 kr. handa hverjum. Laun fyrsta kennara við prestaskólann eru færð upp í 2800 kr. úr 2400 kr., og laun annars kennara við sama skóla færð upp í 2400 kr. úr 2000 kr. Laun 1., 2., 3. og 4. kennara við lærðaskólann eru sem sagt færð upp um 400 kr. hjá hverjum, en laun 5. kennara viljum við láta standa í stað, og það af því, að það eru svo margir fyrir ofan hann, og því ekki líklegt að sami maður sitji lengi í því embætt, heldur hækki fljótlega.

Landshöfðingi: Jeg kannast við, að h. flutningsmenn þessa frumv. hafa komið fram með mikilli varfærni og mjög höglega í uppástungum sínum um launalækkun, einkum þegar tillögur þeirra eru bornar saman við það, sem menn að und-

anförnu hafa heyrt og lesið í blöðunum um þetta mál. En jeg vil þó skjóta því til h. flutningsmanna. hvort þeir vilji samt ekki ganga dálítið lengra með tilliti til launa tveggja embættismanna. Annar þessara embættismanna er forstjóri landsyfirrjettarins. Hann stendur sem embættismaður fullkomlega jafnhliða biskupi og amtmönnum, og allir hljóta að játa, að í landi, sem hefir frjálslegt stjórnarfyrirkomulag, sje nauðsynlegt, að hlynna að dómsvaldinu. Það hlýtur því að vera ráðlegast, að launa þettu mikilsvarðandi embætti svo, að í það fáist hinir beztu menn, sem hægt er að fá í landinu. Jeg verð því að ráða h. flutningsm. til, að hækka laun þessa embættismanns svo, að þau verði jöfn launum biskups og amtmanna. Hið annað, sem jeg vildi vekja máls á, er það, hvort flutningsm. ekki vildu gera nokkurn mun á launum fyrsta og annars dómara í landsyfirrjettinum, og láta fyrsta dómara fá 4000 kr., en annan dómara halda þeim launum sem ákveðin eru í frv. Því það er vanalega svo, að fyrsti dómari er búinn að vera lengur í rjettinum, áður en hann kemst í þann sess, og því er ekki ósennilegt, að hann fái þá dálítið hærri laun en hann hefir haft.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfð. tók fram um laun justitiarii við landsyfirrjettinn, þá erum vjer flutningsmenn samdóma honum um það, að þessi embættismaður eigi að hafa sömu laun eins og amtmenn og biskup. En það getur verið spursmál um það, hvort flutningsmenn vilja hækka laun háyfirdómarans eða lækka laun biskups og amtmanna. Annars er munurinn á launununum svo lítill, svo jeg held vjer fáum hvorki hæfari nje óhæfari forstjóra fyrir landsyfirrjettinn, þó laun hans hækki eða lækki um einar 200 kr. Hlutfallið milli þessara launa er líka alveg hið sama sem í launalögunum 1875. Þessi laun eru líka full sómasamleg, og sje jeg því enga ástæðu til að hækka þau. Aptur gæti kannske verið spurning um að lækka laun amtmanna. Að því er snertir laun hinna dómaranna við landsyfirrjettinn, þá ber þess að gæta, sem nýlega var tekið fram hjer í deildinni, að laun þeirra, eins og þau eru nú eptir launalögunum, voru ákveðin með tilliti til þess, að þeir tæki að sjer kennslu við hinn tilvonandi lagaskóla. Þau hafa því víst verið full há handa þeim sem dómurum. Jeg fyrir mitt leyti get ekki lagt það til, að fyrsti dómari fái hærri laun, en ákveðið er í frumv. Aptur væri ef til vill rjettara að láta koma fram mismun á launum fyrsta og annars dómara með því, að lækka laun annars dómara t. d. um 200 kr.

Við flutningsmenn höfum yfir höfuð sett launin svo há, sem oss var mögulegt. Við sáum jafnvel eptir á, að við höfðum sett sum laun of hátt, og getum því ekki gengið inn á að jafna launin öðru vísi, en með því að lækka sum launin.

Þorleifur Jónsson: Jeg get tekið undir með h. flutningsm. (Sig. St.), að heppilegra hefði verið, að fara lengra í því að lækka laun embættismanna, en gert er í þessu frumv. Jeg er á þeirri skoðun, að enginn embættismaður hjer á landi, að undanskildum landshöfðingjanum einum, eigi að hafa hærri laun en 4000 kr.; því verður ómögulega neitað, að hver maður getur komizt af með þau laun. Þegar 4000 kr. laun eru borin saman við miklu lægri laun og helmingi lægri laun, sem margir embættismenn komast mjög vel af með, þá sjer maður, að 4000 kr. eru nóg laun handa hverjum sem vera skal. Samt mun jeg nú greiða atkvæði með þessum lækkuðu launum; það mun ekki gerlegt, eins og nú stendur, að lækka þau meira,

en þetta frumv. fer fram á, til þess að hafa von um, að fá því framgengt.

Þar á móti get jeg með engu móti verið með þeirri launahækkun, sem þetta frumv. fer fram á. Þessir kennarar, sem hjer eiga að fá hærri laun, hafa aldrei farið fram á neina launahækkun. Þeir hafa, mjer vitanlega aldrei kvartað. Mjer finnst því óeðlilegt, að þingið fari að hækka launin hjá þeim mönnum, sem máske sjálfir telja hækkunina óþarfa. Þess ber líka að gæta, að þegar laun þessara manna eru borin saman við tekjur flestra heimilisfeðra í Reykjavík eða annarstaðar á landinu, þá hafa víst mjög fáir þeirra nálægt því eins mikið úr að spila, eins og þessir kennarar. Auk þess eru laun embættismanna greidd í peningum, sem hafa verið lengi og eru enn í háu verði. Þeir geta því fengið lífsnauðsynjar sínar með miklu lægra verði, en þeir, sem kaupa þær fyrir íslenzkar vörur. Þegar laun þessara embættismanna eru borin saman við laun samskonar embættismanna í Danmörku, þá kemur þetta enn skýrara í ljós. Skólakennarar í Danmörku byrja með 1200 kr. launum. En hjer byrja þeir með 2000 kr., og þegar frá líður er ekki ómögulegt, að þeir komist í betra embætti. Jeg verð þess vegna á móti launahækkuninni, og treysti því, að ýmsir af sjálfum flutningsmönnunum verði til að greiða atkvæði á móti henni, því jeg ímynda mjer, að þeir hafi ekki verið beinlínis með hækkuninni, en verið með til þess, að frumv. yrði borið fram.

Landshöfðingi: Jeg vil gera litla athugasemd við ræðu h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.). Hann kvað það mundi heppilegra, að lækka launin meir en frv. fer fram. Það getur verið nokkuð tvírætt, hvað hjer sje meint með heppilegra, en jeg get fullvissað h. þm. (Þorl. J.) um, að það er ekki heppilegra til þess að frv. fái framgang. Mjer sýnist það skynsamlegra fyrir flutningsmenn og þingdeildina, að fara ekki lengra en svo, að von sje til að þeir geti komið fram tilgangi sínum. þótt sumum þyki, ef til vill, ekki farið eins langt og þeir mundu æskja. Jeg vil því fastlega ráða h. flutningsmönnum til, að lækka ekki upphæðir þær, sem frv. tekur til, því að geri þeir það ekki, þá er ekki ómögulegt, að frv. nái tilgangi sínum; að öðrum kosti mun sáralítil von til þess.

Jónas Jónassen: Jeg er þakklátur h. flutningsmönnum fyrir að hafa komið fram með frv. það, sem hjer liggur fyrir. Að því er launaupphæðirnar snertir sýnist mjer ekki betur, en að það sje rjett, að setja laun biskups og amtmanna hærri en laun forsetans í yfirdóminum, því að þeir hafa sjerstök útgjöld, sem hann er alveg laus við; þeir verða samkvæmt embættisstöðu sinni opt að koma fram sem «repræsentantar»; því þykir mjer alveg eðlilegt að sjá laun þeirra sett hærri, en laun forsetans í landsyfirrjettinum.

Sjerstaklega þykir mjer það eiga vel við, að laun kennaranna sjeu hækkuð. Ef h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) væri giptur og ætti 2 - 3 börn, og hann væri kennari við latínuskólann, þá mundi hann ekki hafa talað eins og hann talaði. Það er ekki satt, sem hann (Þorl. J.) sagði, að kennararnir hafi aldrei kvartað yfir launum sínum; það er vel kunnugt, að þeir hafa opt gert það, og að þeir (*Þorl. J.:* Ekki við þingið) eiga erfiðast uppdráttar af embættismönnum hjer í bænum. Þessar 2000 kr. geta að vísu sýnzt há upphæð á pappírnum. En þess er vel að gæta, að mörg gjöld hvíla á þessum mönnum, og h. þm. (Þorl. J.), sem er ógiptur, getur naumast getið nærri, hve margvísleg þau eru; hann getur því naumast talað með í þessu máli. Hvað kennarana við latínuskólann sjerstaklaga snertir, þá erum vjer nú svo heppnir, að hafa marga duglega menn í þeim embættum, og því leiðinlegra er það, að þeir skuli, eins og Danir segja, þurfa að hafa sífelda «Nær-

ingssorg». Jeg tek það aptur fram, að það er leiðinlegt, að þeir skuli ekki vera svo launaðir, að þeir geti lifað áhyggjulitlu lífi. og jeg álít, að landið hafi beinlínis skaða af því, og enda hætt við, að það missi nýta menn við það úr kennarastöðunni. Mjer sýnist því þessi hækkun á mjög góðum rökum byggð, og vona að deildin gefi frv. atkvæði sitt. Flutningsmennirnir eiga hrós skilið fyrir, hve hóflega þeir hafa tekið í málið, því að við hefði mátt búast, að þeir hefðu farið mun lægra, eptir því sem við hefir kveðið í sumum blöðunum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki verið alveg samdóma h. þm. Rvík (J. J.) nje heldur 2. þm. Húnv. (Þorl. J.), ekki þó eingöngu af því, að jeg álíti þessar upphæðir hinar rjettustu, eða af því að jeg álíti, að ekki sje lifandi fyrir minni laun en frv. ákveður. En jeg vil reyna að ná samkomulagi, og fyrir mínum skilningi er það hyggilegt. að fara þann veg, sem líklegastur er til þess, að vjer náum nokkru af því, sem vjer viljum að fái framgang. Hjer er ekki um stjórnarskipunarlög að ræða; má því breyta þeim bráðlega aptur. Enda getur verið og er alls ekki ólíklegt, að innan skamms verði öllum launalögum vorum breytt og þau látin fara hækkandi eptir embættisaldri, eins og sumar raddir hafa hreyft. og ýmislegt sýnist mæla með. Jeg get alls eigi verið á sama máli og h. þm. Rvík. (J. J.) að kennarar með 2000 kr. launum, þurfi að safna skuldum; hitt er annað mál, hvað þeir kunna að gera; eigi er jeg heldur svo hræddur um, að vjer munum missa kennarana burtu frá oss, þótt laun þeirra sjeu ekki hækkuð. Að sjálfsögðu geta þeir dáið eins og aðrir menn, og frá dauðanum getur launahækkun ekki frelsað þá, en það er huggunin, að jafnan kemur maður manns í stað. Það sem vakir fyrir mjer í þessu máli, og það sem gerir það, að jeg fylgi þessu frv. er, að jeg vil ná einhverju samkonulagi. Þessi deila hefir nú staðið um hríð, og tel jeg mjög heppilegt að fá henni lokið. Vjer höfum nóg annað til að ræða um bæði hjer á þingi og í blöðunum. Dálítið höfum vjer þó upp úr þessu frumv., ef það fær framgang, en getur verið að líði tugir ára þangað til vjer fáum allt það, sem vjer viljum í þessu efni, og ef til vill ekki fyr en vjer fáum fullkomið löggjafarvald.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson:) Mjer heyrðist h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) hafa það sem helztu ástæðu gegn launahækkun kennaranna, að þeir hefðu ekki beðið um hana, og ef til vill mundu ekki kæra sig um hana. Jeg skal játa það, að jeg hef hvorki persónulega talað við þá um þetta nje þeir kvatt mig til að bera fram mál sitt, og hefði h. þm. (Þorl. J.) því vel getað sparað sjer þá athugasemd, að jeg hefði fengið meðflutningsmenn mína með mjer til þess, að koma málinu fram hjer á þingi, enda munu þeir enga þökk kunna honum fyrir hana. En vjer vildum jafna hinn óheyrilega mun, sem er á hæstu og lægstu launununum, og kom oss því saman um að lækka hæstu launin, en hækka aptur þau lægstu.

Jeg kannast að vísu við, að mikil ábyrgð hvíli á dómurunum og mikið sje í það varið, að fá sem hæfasta menn fyrir dómara; en mun heldur nokkur neita því, að þung ábyrgð hvíli á kennurunum og að starfi þeirra sje næsta þýðingarmikill fyrir þjóðina, þar sem þeir eiga að ala upp æskumenn vora, kenna þeim góða siði og gjöra þá að þjóðnýtum mönnum? Eins og jeg gat áðan, liggur ekki hjá oss nein beiðni um launahækkun frá kennurunum, en vjer höfðum það fyrir augum, að jafna launin; því er líka svo varið, að þeir sem nú hafa lægst launin hafa um leið mest að gjöra; og með allri virðingu fyrir dómurunum við yfirrjettinn og störfum þeirra, þá verðum vjer þó víst að játa, að kennararnir hafi meir að starfa en

pómararnir við yfirrjettinn. Jeg vil alls ekki launa embættismönnum eptir veg og tign eingöngu, heldur eptir því, hve mikil og þýðingarmikil störf þeirra eru. Undirbúningur undir bæði embættin, dómara og kennara, er svipaður, svo að munur á honum getur lítt komið til greina, þegar á að ákveða launin. Þegar þessara atriða er gætt, þá sýnist mjer ekki óviðurkvæmilegt, þótt kennaralaunin sjeu hækkuð. Viðvíkjandi því sem hæstv. landsh. sagði, þá getum vjer ef til vill gengið inn á að lækka ekki launin fram úr því, sem frv. fer fram á, en hitt getum vjer ekki gengið inn á, að hækka þau, enda óttast jeg ekki svo mjög afdrif málsins, eptir því sem hæstv. landsh. fórust orð.

Steinn Eiríksson: Jeg er mjög þakklátur h. flutningsm. fyrir frumv. þetta, þó sjer í lagi fyrir jöfnuð þann, sem mjer virðist þeir leitast við að gjöra á launununum. Jeg ætla ekki að fara út í launalækkunina, eða það, sem segja má um að hún sje máske ekki nógu mikil. Hvað viðvíkur launum kennaranna, þá virðast mjer þau mjög hæfilega sett. Jeg skil ekki í, að mönnum komi ekki saman um, að kennari eigi ekki skilið að fá þau laun, að hann geti heill og óskiptur gefið sig við starfa sínum, og þurfi ekki að grípa hverja þá aukavinnu, sem honum býðst. Kennarastaðan er ábyrgðarmikil og vandasöm staða, og ef kennarinn á að geta staðið vel í henni þá þarf hann að lesa og læra alla æfi. Til þess þarf hann að verja frítímum sínum; því er hætt við, ef hann þarf að verja þeim til þess, að leita sjer auka-atvinnu, að hann tapi sjer og verði miður hæfur til að kenna; en allir hljóta að sjá, hvílíkur skaði það er; það er meiri skaði en þótt landsjóður verði að auka laun þeirra um fá hundruð krónur. Jeg er því að öllu leyti samdóma frv. um laun þeirra og mun gefa því atkvæði mitt.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hef nú tekið svo eptir, að flutningsmennirnir hafi ekki komið með frv. þetta algjörlega af því, að þeir hafi álitið það koma sem bezt heim við hag vorn og þarfir, heldur til þess, að fá eitthvað nær sanni en nú er. En jeg verð að segja, að mjer þykja allar tölurnar of háar. H. þm. Rvík (J. Jónassen) nefndi 2000 kr. Já það er nú nálægt 5 kr. um daginn. Hugsanlegt væri þó kannske, að lifa mætti af 4 kr. um daginn; sumir verða að láta sjer nægja með minna. Og nóg þykir okkur þetta, sem í sjóðinn eigum að borga, þennan sjóð, sem nú er svo mjög farinn að þverra, að nærri er uppausinn. Það er líka voðalegt, að láta allt af í þetta ílát meir og meir. Jeg fyrir mitt leyti er heldur á móti þessum háu tölum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal að eins geta þess, að jeg skildi ekki alveg eins stranglega orð h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) eins og h. 1. þm. Ísfirð. (S. St.), og mun sú meining ekki hafa legið í orðum hans, sem þm. vildi leggja í þau. Jeg skal um leið bæta því við það, sem jeg sagði áðan, að það er ekki jafnan það eina rjetta skilyrði fyrir þörfinni, hvort kvartað er eða ekki; við þurfum ekki annað en líta til þurfamannanna og beiningamannanna; það fer nokkuð eptir skaplyndi og skoðunum manna.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg er allsendis á sama máli og hæstv. landsh., að mjög sje æskilegt að laun hinna æðstu dómenda sjeu svo há, að líkur sjeu til að hinir hæfustu menn fáist í þau embætti. En þó verð jeg að álíta, að þær tölur, sem hjer er stungið upp á, sjeu nógu háar, og ber það einkum til þess, að þessir dómendur hafa sem dómarar fremur lítið að gjöra. Þar við bætist og, að þeir hafa eins og praxis hefir nú að undanförnu verið, haft ýms störf auk embættisstarfa sinna, og á þann hátt borið töluverðar tekjur frá borði auk embættistekjanna. Að vísu verður því ekki neitað, að þetta hefir haft

þau áhrif á þjóðina, að traust hennar á dómurunum hefir minnkað við það, en eigi að síður hafa þeir átt við betri kjör að búa fyrir bitlinga þessa.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 18 samhlj. aikv.; 2. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 4. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 5. gr. 1. liður samþ. með 17 atkv.; 5. gr. 2. liður samþ. með 14 : 1 atkv.; 5. gr. 3. liður samþ.með 14 : 1 atkv.; 6. gr. 1. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.; 6. gr. 2. liður samþ með 15 : 1 atkv.; 6. gr. 3. liður samþ. með 15 : 1 atkv.; 6. gr. 4. liður samþ. með 15 : 1 atkv.; 6. gr. 5. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.; 7. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 8. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Frumvarp til laga um gjald af aðfluttu smjöri og öðru viðmeti (C. 195); 2. umr.

Landshöfðingi: Mjer virðist þetta frv. vera nokkuð frábrugðið öðrum frumvörpum, sem hjer hafa komið fram um aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld. Mjer skilst, að þetta frv. fari ekki fram á að bæta landssjóði tekjur, heldur að leggja á banntoll eða verndarloll; því að sá hlýtur að vera tilgangurinn með þessum 20 aura tolli á smjörpundið, að gjöra mönnum ókleyft að kaupa útlent smjör. En til þess að leggja verndartoll eða banntoll á einhverja vöru útheimtist tvennt. Í fyrsta lagi, að landið framleiði nóg af vörunni eptir þörfum landsins, og í öðru lagi, að varan sje svo góð, að við það sje unandi. En hvorugt af þessu á sjer stað um smjör hjer á landi. Það er víst óhætt að segja, að ekki sje framleitt nóg smjör í landinu, til þess að það fáist alltaf til kaups eptir þörfum. Vjer sjáum það, ef vjer göngum gegnum verzlunarskýrslurnar, að á hverju ári er flutt talsvert af smjöri hjer til lands, þó það sje misjafnt eptir árferðinu; því harðara sem í ári er, því meira er flutt inn, svo að af skýrslunum má að nokkru leyti ráða, hvernig árferðið hafi verið það og það ár. Árið 1882 voru flutt inn um 105,000 pd., sem er mesti innflutningurinn; þar næst kemur árið 1884 með c. 80,000 pd., en 1887 voru flutt inn ein 30,000 pd. Þetta er næg sönnun fyrir því, að ekki sje næg smjörframleiðsla í landinu sjálfu. Það eru engar öfgar, þótt sagt sje að erfitt mundi að halda fram sjávarútvegi hjer, að minnsta kosti þilskipaútvegi, ef ekki væri flutt smjör inn í landið. Hitt atriðið var það, að þegar á að fara að koma á verndartollum, þá er það heimtandi, að varan, sem vernda á, sje í góðu ástandi. En slíkt er ekki hægt að segja um smjör vort. Það munu vera fá heimili hjer á landi, er verki smjör svo vel, að það smjör, sem á sumrin er safnað, haldi sjer óskemmdu langt fram á vetur. Útlent smjör aptur á móti geymist óskemmt árlangt. Allir þekkja það orð, sem er á leignasmjöri, og flestir munu kannast við gráðasmjör og grútarsmjör. Að leggja toll á útlent smjör er sama sem að gefa mönnum premíu fyrir að verka smjör sitt illa. Ef umbót á að fást á smjörverkuninni, þá er concurrence nauðsynlegur. Jeg er því mjög mótfallinn frv. þessu, og álít það næsta óheppilegt, ef það yrði samþykkt. Líka er á það að líta, hverjir nota einkum útlent smjör; það er mestmegnis útvegsmenn. Nú hefir það verið viðurkennt, að kaffitollurinn legðist þyngra á sjávarbændur en sveitabændur, og þá væri það ekki til að bæta þeim í munni, ef svo hár tollur væri lagður á feitmeti, að þeir gætu ekki aflað sjer þess. Hjer í deild hefir verið sett önnur nefnd, til þess að athuga önnur frv. um aðflutningsgjald og útflutningsgjald á vörum. Það hljóta að hafa verið einhverjar sjerstakar orsakir til þess, að þessu máli hefir ekki einnig verið vísað til þeirrar nefndar; það er þó ólíklegt,

að flutningsmenn hafi tortryggt hana, eða skoðað hana sem greptrunarnefnd, er mundi leggja frv. þeirra í gröfina.

Þorvaldur Bjarnarson: H. þm. Rvík (J. Jónassen) talaði við 1. umræðu um smjörið og fór mjög óvirðulegum orðum um smjörið, og blettaði með því þjóð vora; hann sagði að það væri fullt af hárum og öðrum lifandi dýrum; tók jeg ekki rjett eptir? (J. Jónassen: Jú). Jeg hef haldið, að hár væri ekki kvikindi. Reyndar getur verið, að slíkt komi fyrir; en það er líka viðurkennt, að það viðmeti, sem hingað er flutt, er ekki feitmeti. Þegar það er hitað, verður það froða, en ekki feiti. Jeg er með að það sje tollað, sem ekki er smjör, en ekki vil jeg láta tolla smjörið. Þetta svo kallaða smjör er brúkað sem gjald handa hjúum, til þess að svíkja þau á því. Móti því er jeg.

Jónas Jónassen: Jeg sting upp á, að málinu sje vísað til nefndarinnar í tollamálinu.

ATKVÆÐAGR.: Sú uppást. felld með 13 atkv. gegn 8.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Jeg skal geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með frumv. þessu, þótt jeg reyndar sje mótfallinn verndartollum yfir höfuð, og þó þessi tollur, sem hjer er um að ræða, megi ef til vill að nokkru leyti nefnast því nafni. Jeg álít það skyldu mína, að stuðla til þess með atkvæði mínu, að hnekkt verði innflutningum til landsins á þeirri vöru, sem í mörgum tilfellum má heita að sje viðbjóðsleg fæða. Jeg skal alls eigi rengja það, að h. þm. Reykv. hafi fengið gott margarínsmjör hjer í Reykjavík; en hins vegar leyfi jeg mjer að efast um, að fátæklingar og sjómenn, sem h. þm. ber svo mjög fyrir brjóstinu og sem jeg álít allrar virðingar vert af honum, hafi alstaðar mikið af þessum smjörgæðum að segja, þótt kaupmenn eigi bjóði honum og öðrum Reykvíkingum nema gott smjör. Og hvað því viðvíkur, að landið eigi framleiði nóg smjör og viðmeti í þarfir landsmanna, þá álít jeg það alls eigi sannað, því að tólg er einnig viðmeti og sannarlega betri en margt margarínsmjör, en, eins og kunnugt er, flytja menn talsvert af henni út úr landinu. H. 1. þm. og h. 2. þm. G.-K. (Þór. B. og J. Þór.) lýstu íslenzka smjörinu með mjög svörtum litum, og má vera, að smjörið í þeirra kjördæmi verðskuldi slíka lýsingu; en að því er snertir mitt kjördæmi, þá verð jeg að neita, að hún eigi þar við, og það vona jeg að h. sampingismaður minn beri með mjer. Hvað h. þm. Norðlendinga kunni að segja þessu viðvíkjandi, veit jeg ekki, en fyrir mitt leyti get jeg lýst því yfir, að jeg hef eigi sjeð neitt smjör líkt þessu, sem h. þm. hafa verið að tala um. Jeg vil alls eigi bera brigður á, að smjörverkunin sje svona í kjördæmi hinna heiðruðu þingmanna, því hinir h. þm. sýna með því, hve verkleg menntun er á háu stigi hjá kjósendum þeirra og skal því alls eigi mótmæla því, að þeir eigi það last skilið, sem þingmenn þeirra bera á þá í þessu tilliti, enda getur þetta ef til vill gefið mönnum tilefni til að ímynda sjer, að þeir máske standi á svipuðu stigi í öðru tilliti. Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum, en að eins láta þá ósk mína í ljósi, að menn hugsi sig vel um, áður en þeir fella þetta frv.

Sigurður Stefánsson: Mjer virðist mjög ísjárvert að samþykkja þetta frumv., af þeirri einföldu ástæðu, að jeg get eigi sjeð, að landið framleiði nægilegt smjör, svo að landsmenn verða sumir að jeta þurt, ef þeir eigi geta fengið viðmeti annarstaðar frá, og þess vegna finnst mjer mjög óeðlilegt, að leggja svona háan toll á þessa vörutegund, en auðvitað væri allt öðru máli að gegna, ef smjör væri nóg í landinu handa öllum íbúum þess. Þess ber og að gæta, að eptir frv. þessu er eigi einungis lagður tollur á smjörlíki (margarin), heldur einnig ekta smjör, t. d. bezta

»Herregaardssmör«, en hvað margarínunu viðvíkur, þá er óneitanlega hart, að banna mönnum að fá þá vöru, sem er ódýrari og enda betri en sú, sem er framleidd í landinu sjálfu, og það því fremur, sem skortur er á þessari vöru í landinu. Jeg er sjávarbóndi og hef því margt vermanna á vegum mínum, og árlega hafa þeir komið svo útgerðir af húsbændum sínum, landbændunum, að þeir hafa ekkert feitmeti haft, og skilað frá húsbændum sínum til mín, að hjálpa sjer um smjör úr kaupstaðnum; og þegar nú ekki er þar annað að fá, en margarín, þá er annaðhvort fyrir þá, að jeta þurt alla vertíðina, eða sætta sig við það. Jeg verð því að játa, að mjer finnst heldur hart að sjómönnum gengið, ef þeir eiga ekki einungis að borga háan toll af kaffi, heldur einnig neyðast til að jeta þurt, en auðvitað getur þetta lagast með tímanum og batnandi árferði og betri samgöngum, enda væri það líka heppilegast, að útlent smjör hætti að flytjast fyrir eðlilega rás viðskiptanna, en ekki væri lögð höpt á innflutning þess, meðan landsmenn þurfa þess við.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg get verið samdóma hæstv. landsh. um það, að frv. þetta sje að sumu leyti frábrugðið frv. þeim, sem frá tollanefndinni hafa komið; en á hitt get jeg eigi fallizt, að hjer sje um verulegan verndartoll að ræða, enda hafa áður komið hjer fram á þingi frumv., sem fremur mundu verðskulda það nafn, og hvað því viðvíkur, að frv. þetta sje sama sem bann á móti innflutningi á útlendu smjöri, þá hefir þessi dómur einnig verið lagður á aðra tolla og talin öll tormerki á þeim; þannig voru t. d. á síðasta þingi ýmsir, sem sögðu, að tollur sá, sem farið var fram á að leggja á kaffi og tóbak, yrði að skoðast sem hapt eða bann á innflutningi á þessum vörum. Nú heyrast eigi lengur þessar mótbárur móti tolli á kaffi og tóbaki, heldur er nú búið að færa þær yfir á smjörtollinn. En jeg get alls eigi sjeð, að bannað sje að flytja inn útlent smjör, þótt 20 aura tollur væri lagður á hvert pund, og svo getur líka vel verið, að við, sem erum flutningsmenn þessa frumvarps, lækkum tollinn, ef samkomulag gæti þá á komizt, enda þótt á ýmsum undirbúningsfundum í vor væri farið fram á, að hafa hann enn hærri, t. a. m. í Borgarfirði 50 aura. En hvað því viðvíkur, að smjör flytjist hingað til landsins mest í harðæri, þá efast jeg um, að hægt sje að byggja það á skýrslum þeim, sem vjer höfum yfir innflutt smjör, því þótt það sje mikið árið 1882, sem flutzt hefir hingað til landsins, þá nemur þó allt það smjör, sem hingað fluttist árið 1887 eigi meiru en 30,000 punda, og þetta er því undarlegra, sem þá mátti heita hnekkir fyrir búnaðinum um land allt, auk þess sem tvær mestu búnaðarsýslur landsins, Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla, það ár urðu fyrir mjög stórkostlegum hnekki og fjártjóni. Þetta virðist þannig benda á, að innflutningarnir fari eigi ætíð eptir árferði, þar sem þeir voru minni þetta sumar, en þeir höfðu nokkru sinni áður orðið í 5 eða 6 undanfarin ár.

Jeg get heldur eigi verið á sama máli og hæstv. landsh. um það, að »mjög fá heimili búi til svo gott smjör, að það haldi sjer fram á útmánuði«. Þetta álít jeg of harðan dóm, þótt vægilegar sje hjer að orði komizt, en hjá þeim h. þm., sem sífellt eru að klifa á »gráða« og »ópverra« og öðrum lastyrðum. Því það er alkunnugt, að landssjóður hefir varið talsverðu fje til karla og kvenna til að læra smjör- og ostagjörð í útlöndum; þessir menn hafa ferðast víða um landið. Jeg er viss um að bæði hinn hæstv. landshöfðingi og h. þm. Reykvíkinga, þekkir einn eða tvo, er fengu þennan styrk og ferðuðust síðan um Borgarfjarðar og Húnavatnssýslu. Þar sem nú þeir hinir sömu voru álitnir vel færir

í þessum efnum, þá furðar það mig stórum, ef þeir hafa eigi kennt talsvert út frá sjer, svo að fá megi boðlegt smjör víðar en á »mjög fáum heimilum«; enda virtist það sem næg sönnun, þar sem árlega er flutt íslenzkt smjör frá Borðeyri til útlanda og síðan hingað aptur til sölu ári síðar. — Það sýnist sem full sönnun fyrir því, að íslenzkt smjör geti verið boðleg vara, þótt það sje orðið nokkuð gamalt. Jeg talaði við kaupmann hjer í bænum í morgun, er sagðist í fyrra hafa fengið 4 tunnur frá Kaupmannahöfn, er höfðu verið fluttar út frá Borðeyri sumarið áður, og þetta smjör hefði gengið fljótt og vel út og hann haft góðan hag á því. En hvað því viðvíkur, sem hæstv. landsh. nefndi »leignasmjör», þá getur vel verið, að það sje nafn á einhverju sjerstöku smjöri hjer syðra; en fyrir norðan veit jeg eigi til, að í leigur sje goldin ógjaldgeng vara, og þetta nafn þekkist þar eigi í þeirri merkingu, að það eigi að tákna slæmt smjör. En sje nú svo, að leignasmjörið hjer syðra sje vont, þá get jeg ekkert sjeð á móti því, að reynt sje að koma öðru orði á þessa vöru og bæta með því hag landssjóðs; því hann mun eiga ekki svo lítið leignasmjör. Hæstv. landshöfðingi og ýmsir h. þm. hafa komið með þá mótbáru, að smjör væri eigi nóg til í landinu til að fullnægja þörfum manna; en ef vjer nú berum kreppings- og kulda-sumarið 1887 saman við þá blíðutíð, sem nú gengur yfir bú og byggðir, þá finnst mjer mætti búast við svo miklu blómlegra búi og svo góðum afnotum, sem svarar þeim 30 þúsundum punda, er flutt voru hingað til landsins 1887. Jeg ímynda mjer, að hjer sje samgönguleysi en eigi skorti um að kenna, svo að ef markaður kæmist á fyrir vöruna, þá mundi skorturinn einnig hverfa, auk þess sem það væri bezta ráð til að kenna mönnum, að vanda sem bezt smjör sitt, því að öðrum kosti mundu þeir eigi koma því út.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þótti það illa farið, að uppástungan um, að máli þessu skyldi vísað til tollanefndarinnar, náði eigi fram að ganga, og mjer kom það undarlega fyrir, að sumir h. nefndarmenn skyldu vera því mótfallnir. Jeg skil ekki, hvað þeim hefir gengið til þessa, nema ef vera skyldi að þeir hefðu helzt viljað vera lausir við að kosta útför þess, en sá tilkostnaður ætti auðvitað að verða sem minnstur.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að það margarinsmjör, sem flyttist til Austurlands, væri viðbjóðslegt, og skal jeg eigi um það dæma, en svo mikið er víst, að sá viðbjóður er hjer ókunnur. En þar sem hann bar mjer og öðrum h. þm. á brýn, að við hefðum lastað kjósendur okkar fyrir það, hve illa smjör þeirra er verkað, þá veit jeg ekki til, að við höfum sagt neitt í þá átt, enda get jeg sagt honum, að það smjör, sem hjer er búið til, er vel verkað; getur vel verið að það komi til af því, að hjer er um svo lítið að gera, en það sem hingað hefir komið af norður- og austurlandi og annarsstaðar að, hefir opt verið, ef jeg má brúka hans orð, viðbjóðsleg fæða. Ef tollur yrði lagður á þessa vörutegund, þá hlyti hann að nefnast verndartollur, annað nafn getur hann ekki borið með rjettu, en jeg verð að vera hæstv. landsh. samdóma um, að þesskonar tollur geti ómögulega átt við á þessari vörutegund, þar sem það er víst, að skortur er á henni í landinu; væri aptur á móti svo mikið framleitt af smjöri, að það gengi ekki út, þá væri allt öðru máli að gegna. Jeg held jeg hafi tekið fram við 1. umr. þessa máls, þegar vitnað var til skýrslna þeirra, sem fram væru komnar um þetta mál frá hjeraðafundum víðsvegar um land, að kröfurnar um að leggja toll á aðflutt smjör, væru sprottnar af misskilningi á eigin hagsmunum, og jeg tek það upp aptur, að slíkt er misskilningur á eigin hag. Menn

ættu miklu fremur að láta innflutning á útlendu smjöri knýja sig áfram til að auka og vanda framleiðslu smjörs í landinu, svo að það með tímanum útrýmdi öllu útlenzku smjöri; menn ættu miklu fremur að gera þetta, segi jeg, en að krefjast gífurlegra tolla á útlendu smjöri, meðan skortur er á smjöri í landinu; væri þessi tollur lagður á, mundi það verða til stórkostlegs hnekkis bæði fyrir sjávarbænd ur og landið í heild sinni.

Þorsteinn Jónsson: H. flutningsm. (Á. J.) sagði, að þar sem áður hefði verið flutt til landsins 60 þús. punda af smjöri, þá mundi landssjóður græða um 12 þúsundir króna á ári við það að frv. þetta yrði að lögum, og ef innflutningar færu vaxandi, þá mundi og ágóðinn vaxa að því skapi; en jeg vil nú ímynda mjer, að slíkt komi eigi fyrir, því að jeg þykist viss um, að 20 a. tollur á hverju pd. mundi verka sem aðflutningsbann; kaupmennirnir leggja sem sje 50 % á tollinn eða tvöfalda hann, og þannig mundi pundið af margaríni, sem nú er selt á 50—60 aur., komast upp í 80—90 aura eða jafnvel 1 kr.; því kaupmenn hækka máske tollinn um meira en helming; og þá vona jeg, að allir sjái, að efnalitlir menn alls eigi gætu keypt margarín, svo að þeir, margir hverjir, neyddust til að jeta þurt. Jeg er því alveg samdóma h 1. þm. G.-K (Þ. B.), að frv. þetta mundi spilla mjög fyrir sjávarútvegnum, ef það yrði að lögum. En hvað því við víkur, sem h. flutningsm. sagði við 1. umr., að frv. þetta ætti að koma í veg fyrir, að «margarin» væri flutt inn, nema með sjerstökum merkjum, þá get jeg eigi sjeð nein þar að lútandi ákvæði í þessu frv., enda er allt það «margarin», sem frá Danmörku kemur, með sjerstökum merkjum; frá Englandi og Hollandi mun það aptur á móti koma ómerkt. En frv. þetta fer eigi einungis fram á, að tolla óekta smjör, heldur allt smjör, sem frá útlöndum kemur, og jafnvel allt viðmeti, hverju nafni sem það svo nefnist, og þar af leiðandi einnig íslenzkt smjör og íslenzka tólg, sem hlotnast hefir sú frægð, að verða sigld, því eptir því sem þingmenn Ísfirðinga hafa sagt mjer frá, flyzt talsverð tólg til Ísafjarðar, en hún hefir nú hin síðustu ár í Danmörku eigi kostað meira en 20—25 a.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) sagði, að Vestmanneyingar mundu eigi þurfa á margaríni að halda, og er það satt, að sjálfir þurfa þeir ekki á miklu margaríni að halda, en aðgætandi er, að margir Rangæingar og Skaptfellingar koma opt svo illa útgerðir til eyjanna í þessu tilliti, að eigi mundi af veita, að margarín væri flutt inn þeirra vegna, svo að þeir þyrftu eigi að jeta þurt á vertíðinni.

H. 2. þm. Ísf. (G. H.) tók fremur óstinnt upp ummæli «Ísafoldar», sem jeg gat um við 1. umr. þessa máls, og kvað hægt vera að koma með órökstudda dóma; en eg hygg, að ýmsir þingmálafundir rökstyðji þá fyllilega, og jeg þykist nú skilja á h. fulltrúum sveitanna hjer á þingi, að þeir muni ætla sjer að rökstyðja þessa dóma og neyta þess, að þeir hafa meira afl á þingi hjer en sjávarbændur; en jeg vona, að eigi muni mælast vel fyrir slíkri aðferð, og jeg, fyrir mitt leyti, öfunda þá alls eigi af slíkum sigri.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) gat um, að flutt væri hjeðan frá landi mikið af tólg, og mun það rjett vera, að hún sje flutt frá Norður- og Austurlandi. Þetta kynni nú að lagast við betri samgöngur, þannig, að nokkuð af þeirri tólg, sem nú er flutt út þaðan, yrði flutt til Suðurlands; en yfir höfuð eiga þó sveitabændur fyrir norðan mjög bágt með að ná saman við oss Sunnlendinga.

Ólafur Pálsson: Jeg skal eigi fara mörgum orðum um þetta frv., heldur að eins geta þess, að jeg kann illa við, að

tollur sje lagður á allt smjör og viðmeti, því sje smjörið vel verkað, þá finnst mjer hart að tolla það.

Hjer hafa verið felldir harðir dómar yfir innlenda smjörinu, og getur vel verið, að það sje eigi allt svo gott sem æskilegt væri, en samt finnast mjer dómar þessir allt of harðir, og hvað útlenda smjörinu viðvíkur, játa jeg, að jeg er því reyndar lítt kunnur, en nú hefi jeg þó orðið svo frægur að smakka það á tveim stöðum, og verð jeg að segja, að jeg get ekki annað ímyndað mjer, en að hrossaflot og lýsi sje talsvert betra en slíkur óþverri.

H. þm. Rv. (J. Jónassen) fór mjög hörðum orðum um íslenzka smjerið, kallaði það óþverra og öllum illum nöfnum; það getur nú vel verið, að einstaka maður búi til mjög vont smjer, og jeg hefi jafnvel sjeð smjör, sem eigi er hægt að kalla annað en svikna vöru, en hvað mitt kjördæmi áhrærir, þá verð jeg að lýsa því yfir, að þar er einungis búið til gott smjör.

Hvað tollinn snertir, þá er jeg á sama máli og um kaffitollinn um daginn, að mjer þykir hann of hár, og vildi óska, að hann væri lækkaður, því að svona hár tollur (20 aur.) verður að skoðast sem nokkurs konar bann móti innflutningum á útlendu smjöri. H þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, að Rangvellingar og Skaptfellingar kæmu opt nær því feitmetislausir til Vestmanneyja. Jeg skal eigi neita, að slíkt geti komið fyrir, annaðhvort þegar þeir koma þangað snöggva ferð, eða hrekjast þangað og komast eigi í land, og er ómögulegt við því að gera, en þegar öllu er á botninn hvolft, þá vona jeg að Vestmanneyingar lifi mest á smjöri úr Rangárvalla- og Skaptafellssýslum, þar sem lítið eða ekkert er flutt þangað af útlendu smjöri, svo að það borgar sig sannarlega fyrir þá, þótt þeir einstöku sinnum láni Rangæingum og Skaptfellingum lítið eitt.

Jeg skal svo eigi orðlengja þetta meir en að eins lýsa því yfir, að jeg mun gefa frv. atkvæði mitt, þótt mjer reyndar þyki tollur sá, sem frv. fer fram á, helzt til hár, og líkindi til, að málið fái ekki fram að ganga fyrir þá sök.

Sigurður Jensson: Jeg er hræddur um, að þetta frumv. falli, og þykir mjer það að mörgu leyti slæmt; jeg vil þess vegna láta h. flutningsm. (Á. J.) vita, að jeg og nokkrir mjer samdóma h. þm. mundu vilja gefa atkvæði með því, ef það tæki nokkrum breytingum, sem vjer æskjum eptir, þannig, að ekki yrði tollað nema óekta aðflutt smjör, og að tollur á því yrði að eins 10 aur. í stað 20 aura, sem frumv. fer fram á. Lýsi h. flutningsm. yfir því, að þeir mundu ganga að þessum breytingum, þá mun jeg gefa frumv. atkvæði; mitt, en gjöri þeir það ekki, verða þeir sjálfir að ábyrgjast afleiðingarnar.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg álít að jeg hafi ekki meiri ábyrgð á höndum en h. þm. Barðstr. (S. Jens.). Áskoranir um, að leggja toll á útlent smjör, hafa komið fram úr 15 kjördæmum, þar á meðal frá Barðstrendingum. Það er því á ábyrgð hvers einstaks þm., hvernig hann greiðir atkvæði í þessu máli. Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að við flutningsm. værum fúsir til, að taka öllum bendingum, og hverjum þm. var innan handar og frjálst, að koma með breytingartillögur við frumv.; en þeir hafa eigi komið með þær. H. þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, að landmenn gjörðu hernað á hendur sjávarmönnum, og ætluðu að njóta aflsmunar í þessu máli; en það reyndi hann eigi til að rökstyðja eða sanna. En að öðru leyti er óþarfi að lengja umræður um þetta frumv. Verði það fellt við þessa umræðu, þá vill svo vel til, að h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) hefir haldið yfir því fagra og hjartnæma líkræðu, og er bezt að láta hjer kylfu ráða kasti. Það hefði verið heppilegra af h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.), úr því hann

ekki að gjöra ráð fyrir því, því vel getur farið svo, að frumv. falli, en jeg leyfi mjer að taka orð hans mjer í munn, að ef frumv. fellur, þá öfunda jeg ekki mótstöðumenn frumv. af þeim sigri, ef svo fer, að nesjaþjóðviljinn eða annað þvílíkt verður ráðandi, í staðinn fyrir vilja meginþorra hinnar íslenzku þjóðar.

Grímur Thomsen: Fyrir skemmstu var stungið upp á að vísa máli þessu til tollanefndarinnar, en ekki hefir komið fram tillaga um að setja sjerstaka nefnd í því. Nú af því að jeg sje, að skoðanir manna eru mjög skiptar, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld.

Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi því, sem h. þm. Vestm. (Þorst. J.) mælti, er hann var að tala um hjeraðapólitík, og að sveitamenn vildu ekki unna sjávarmönnum þeirra hagnaðarkaupa, að fá hið útlenda smjör. Skal jeg þá leyfa mjer að benda h. þm. (Þorst. J.) á fundargjörðina úr Norður-Múlasýslu, þar var hátt á annað hundrað manns á fundi og margir þeirra úr sjávarsveitunum, þar á meðal ýmsir merkir menn af Seyðisfirði, einmitt úr þeirri sveit, sem töluvert er keypt af útlendu smjöri. Á þeim fundi samþykktu allir, að tollur væri lagður á þetta útlenda tilbúna smjör. Jeg tel það ósæmilegt, að bregða þingmönnum um, eins og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) gjörði, að þeir stjórnist af eigingirni, þótt þeir fylgi því fram, er þeir álíta landinu til hagsbóta, og vilji fyrirbyggja, að inn í það sje flutt sú vara, sem opt er að eins boðlegur hundamatur.

Þorsteinn Jónsson: Það hafa svo margir vikið orðum að mjer, að jeg verð að svara þeim fáu einu. Það hefir verið snúið þannig út úr orðum mínum, að jeg væri að berjast fyrir Vestmannaeyjum, en það er misskilningur. Það hefir einmitt verið viðurkennt að Vestmanneyingar flyttu inn mjög lítið af margaríni, svo að ekki getur þeim þá verið stór óhagur að tollinum. En jeg minnist þess, að jeg er þingmaður, og hver þingmaður er þingmaður alls landsins, og að vjer þurfum að hafa hag allra landsbúa jafnt fyrir augum, og megum mjer því ekki í þessu máli gleyma sjávarbændunum. H. þm. Mýr. (Á. J.) nefndi Vestmannaeyjar eyðiey; honum hefir þar víst orðið mismæli, því varla verður það talin eyðiey, þar sem þó er um 600 manns, og auk þess um vertíðina ein 400 sjómanna; það er einmitt hjeraða-pólitík, sem hjer kemur fram. Afstaða þessa máls er alveg hin sama hjer sem í Danmörku; þar voru sveitabændur á móti borgarbúum og kaupstaða, og hjer eru sveitabændur á móti sjávarbændum. Þótt 15 kjördæmi hafi komið hjer fram með tollabeiðnina, þá sannar það ekki annað en að hjeraðapólitíkin hafi ráðið hjá þeim; því munu þessi 15 kjördæmi ekki mestmegnis vera þau kjördæmin, sem einkum lifa á landbúnaði?

Jónas Jónassen: Jeg ætla að gjöra örstutta athugasemd út af orðum h. þm. N.-Þing. (J. J.); hann sagði, að innflutningur á margaríni væri bannaður í Svíþjóð. Jeg skal ekkert segja um það; en hitt veit jeg, að margarín er innleitt á alla spítala í Stokkhólmi. Það er álit lækna, að almennt margarín sje alls ekki skaðlegt, en auðvitað er, að misjafnt getur það verið að gæðum. H. þm. (J. J.) var að tala um bendilorma, sem fundizt hefðu í margaríni við «analysis»; en jeg vil að eins benda h. þm. (J. J.) á, að ef sumt íslenzkt smjör væri «analýserað», þá mundi finnast í því ýmislegt ekki síður skaðlegt eða viðbjóðslegt, en í margaríni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 13 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

brúkaði svo sterk orð, að kalla íslenzkt smjör *„viðbjóð“*, að tala þá dálítið ákveðnara. Þar sem hann talaði um smjör að norðan og austan, þó hann hefði eigi nafngreind neina sjerstaka menn (nomina sunt odiosa), þá hefði hann þó átt að tiltaka, hvort þessi «viðbjóður» væri kominn úr næstu sveitum eða yfir fjöll og firrnindi. Í mínu kjördæmi er árlega selt mikið af smjöri á Brákarpolli, og hefir aldrei verið kvartað um, að það væri illa verkað eða viðbjóður, enda ekki borið á öðru en að það hafi gengið vel út.

Jeg vil ekki svara h. þm. Vestm. (Þorst. J.), því jeg álít slíkar ræður að eins æsingaræður, runnar frá hinum þröngu sjóndeildarhring þingmanns þessara úteyja; það er merkilegt að hann skuli vera að reyna að berja það inn í menn, að eyjarskeggjar miðli landsmönnum margarín-smjöri, þar sem jeg hefi margsýnt honum, að annað árið fyrir tvö seinustu árin, sem verzlunarskýrslurnar ná yfir, var ekkert flutt af því til Vest.m.-eyja en hitt árið aðeins rúm 100 pund.

Þorvaldur Bjarnarson: H. þm. Vestm. (Þorst. J.) hefir haldið langa ræðu til að sýna og sanna, að kjósendur mínir væru viðbitslitlir, svo að þeir þyrftu að kaupa viðmeti af Vestmanneyjingum; en hvað sannar þetta? Ekki annað en, að nóg viðbit er til í Vestmannaeyjum, svo þeir ef til vill þyrftu ekki margarín-smjör. Það getur opt viljað til, af því erfitt er að gjöra sig út t. d. austan undan Eyjafjöllum, að menn lendi í viðbitisþroti, en það sannar ekki það, að Rangvellingar sjeu í nokkrum smjörkröggum.

Jón Jónsson (N.-Þ.): Þessar umræður eru orðnar ærið langar; en mjer varð það á, að biðja um orðið þegar h. þm. Vestm. (Þorst. J.) talaði, og þessvegna stend jeg upp, þó að h. þm. Mýr. (Á. J.) hafi svarað orðum hans rækilega.

Það er einkennilegt við þessar umræður, að læknarnir hafa mælt með innflutningi og notkun magaríns-smjörs; jeg veit þó ekki betur, en læknar annarstaðar álíti það mjög varúðarvert. Jeg veit, að flestir hafa heyrt nefnd verzlunartíðindi þau, sem gefin eru út í Gautaborg og sem jeg hygg, að sje talin mjög áreiðanleg; jeg hefi orðið svo frægur að lesa í þeim um margarín-smjör, sem var «analyserað», og auk annara efna, sem það hafði að geyma var sjerstaklega eitt — jeg vil biðja h. þm. Reykv. (J. Jónassen) að taka vel eptir — það voru í því bandormaegg. Ýmsar þjóðir sporna við innflutningi á margarín-smjöri, þar á meðal er í Svíþjóð bannaður innflutningur þess — jeg bið þá sem vita betur, að leiðrjetta ef jeg fer skakkt með. — Og hversvegna skyldu menn gjöra slíkt? Ekki af neinu öðru en því, að notkun þess er álitin skaðleg. Ef hið íslenzka alþingi nú fellir toll á margarín-smjöri; þá get jeg ekki betur sjeð en að það með því sanni — það, sem jeg þó álít óþarfa að sanna — hvað við Íslendingar erum auðvirðileg þjóð.

Jeg get engan veginn skilið, að vjer Íslendingar ekki getum framleitt nóg smjör, þar sem mestur hluti vor þó lifir á kvikfjárrækt, einmitt þeim atvinnuveg, sem gefur af sjer smjör og mjólk.

Mörg kjördæmi landsins hafa óskað tolls á margarín-smjöri, og þá verð jeg að kalla það óheppilegt af alþingi, að setja sig á móti því, sem jeg verð að kalla «sund sans» þjóðarinnar. H. þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, að vjer landmenn ætluðum oss að neyta aflsmunar í þessu máli; þessum áburði verð jeg bæði sem bóndi og sem alþingismaður að mótmæla, sem ósönnum og ósæmilegum; það ætti þá að benda á ákaflega hlutdrægni hjá öðrum þjóðum, að þær hafa gjört margarín-smjör útlægt.

Það var eitt af kjarnyrðunum hjá sama h. þm., að hann öfundaði ekki oss fylgismenn frumv. af þeim sigri, er vjer mundum eiga að hrósa; en það þarf líklega

Já:	*Nei:*
Páll Ólafsson,	Gunnar Halldórsson,
Sigurður Jensson,	Jón Þórarinsson,
Árni Jónsson,	Jónas Jónassen,
Eiríkur Briem,	Páll Briem,
J. Jónss. 1. þm. N.-M.,	Sigurður Stefánsson.
J. Jónss. þm. N.-Þ.,	Þórarinn Böðvarsson,
Ólafur Briem,	Þorst. Jónsson,
Ólafur Pálsson,	Þorvarður Kjerúlf.
Sveinn Eiríksson,	
Þorlákur Guðmundsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þorvaldur Bjarnarson.	

2. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 5. — 3. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 3.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Stapa (C. 195); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt umræðulaust.

Vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. 126, 204); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson, þm. N.-M.): Jeg skal að þessu sinni að eins mæla fátt með frv. þessu. Nefndin hefir gert ýmsar breytingar, og ástæðurnar fyrir þeim eru skýrt teknar fram í áliti nefndarinnar. Nefndin tók tillit til flestra mótmæla og athugasemda, sem komu fram við frv. þetta við 2. umr., og vona jeg því, að frv. gangi viðstöðulaust til 3. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg vil að eins geta þess, að þótt jeg ekki væri með þessu frv. við síðustu umr., þá er jeg því nú innilega samþykkur. Því frv. hefir í höndum nefndarinnar tekið svo miklum stakkaskiptum, að það er nálega nýtt frv. og þannig tekið tillit til allra þeirra athugasemda, sem komu frá hæstv. landshöfðingja, mjer og öðrum þm. við fyrri umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. breyt.till. samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum með 19 samhlj. atkv.

3. gr. breyt.till. samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með áorðinni breyt. með 19 atkv.

4. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

5. — — — 18 — —

6. — breyt.till. samþ. með 19 samhlj. atkv.

7. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

8. — breyt.till. samþ. með 19 samhlj. atkvæðum.

9. gr. breyt.till. — — 19 — atkvæðum.

9. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.

10. gr. breyt.till. samþ. með 19 samhlj. atkvæðum.

10. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um myndugleika (C. 206); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Þetta er nokkuð þýðingarmikið frumv., sem jeg hefi flutt hjer fram eptir samráði við aðra þingdm., en af því að fundurinn er nú búinn að standa svo lengi, þá vil jeg geyma að tala um málið til 2. umr. og óska jeg því að frv. verði leyft að ganga til þeirrar umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um vexti (C. 207); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Það er sama að segja um þetta frumv., sem hið næsta á undan, að af því fundurinn er orðinn langur, þá vil jeg geyma mjer að tala um það til 2. umr. og óska að málið gangi þangað.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Fimmtándi fundur, föstudag 19. júlí.

Allir á fundi, nema Þórarinn Böðvarsson, sem hafði leyfi forseta.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin og yrði lögð á lestrarsalinn beiðni um löggilding Þórshafnar í Gullbringusýslu.

Frumv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 199); 2. umr.

Árni Jónsson: Jeg skal geta þess, að þótt jeg eigi hafi komið fram með breytingartillögu við þetta frv., þá virðist mjer þó athugavert, hvort ákvæði 3. gr. sje svo tryggilegt og ljóslega orðað, að eigi sje hægt betur um að búa. Aðalstefna greinarinnar er sú, að koma í veg fyrir, að þeir, sem fyrir einhverra hluta sakir vilja strjúka af landi burt, eigi eins hægt með það og hingað til hefir raun á orðið. Og í þessu tilliti er frumv. þetta líkt og það, sem lá fyrir þinginu í hitt eð fyrra; mjer og öðrum h. þm. þótti þá eigi nægilega skýrt tekið fram þetta atriði, því okkur virðist liggja næst að skilja orðin: »skip, sem flytja útfara af landi«, svo, sem þau nái að eins til emigrantaskipa. En reynslan hefir sýnt, að þeir sem strjúka af landi burt eiga eins hægt með að komast burt á öðrum skipum, t. d. póstskipunum. En það sem staðið hefir fyrir breytingu í þá átt, að ákvæðið næði til allra skipa, er það, að óþægilegt hefir þótt, að ákvæðið næði einnig til póstskipanna, þar eð þá þyrfti allir farþegjar að fá leiðarbrjef. En hjer þarf einnig að setja tryggingu, því póstskip hafa engu að síður verið notuð af strokumönnum en önnur skip. – Jeg hef, eins og jeg sagði, eigi komið fram með breytingartillögu viðvíkjandi þessu atriði; en finni menn ástæðu til þess, þá má enn þá gera það, þar sem enn er eptir ein umræða málsins. Jeg skal annars geta þess, að það er ekki gott að átta sig á málunum á þingi, eins og nú stendur. Þeim er dembt inn einu eptir annað, og svo eru þau drifin svo áfram, að varla er tími til að lesa þau yfir, hvað þá heldur hugsa þau rækilega og lagfæra. Það er því hætt við, að þau af þeim orsökum verði eigi svo rækilega undirbúin, sem skyldi. Þetta hefir komið fyrir, þótt minna hafi verið rekið eptir en nú, og skal jeg nota tækifærið til að benda h. þm. á ein lög, sem jeg hef áskorun frá kjósendum mínum að reyna að fá breytt; það eru lögin um sveitarstyrk og fúlgu frá síðasta alþingi; í 7. gr. þessara laga stendur, að sá, sem flytur af landi burt og á ósjálfbjarga vandamenn, sem honum ber að lögum fram að færa, sje skyldur að setja »sveit sinni« nægilega tryggingu fyrir því, að þessir vandamenn verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla um næstu 3 ár. En nú getur opt komið fyrir, að sveit útfarans eigi sje sú sama og framfærsluhreppur sá, sem ómagar hans eiga, og þyrfti þetta því lagfæringar við. — Jeg vildi nú bæði vekja athygli h. þm. á þessu, og um leið geta þess mjer til afsökunar, að jeg hef eigi enn komið fram með breytingar á þessum lögum sökum þess, að þingið hefir nú sem stendur svo mikið að starfa, að mjer virðist viðurhlutamikið að auka á það, nema því brýnni og bráðari nauðsyn sje til. Það má nú reyndar heita að svo sje um þetta atriði, en jeg vona það komi samt eigi að baga fyrst um sinn í framkvæmdinni.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess viðvíkjandi þeirri breytingu, sem h. efri deild hefir gert á 3. gr. stjórnarfrumvarpsins, að það sem einkum vakti fyrir nefnd þeirri, sem kosin var í málið, var það, að menn hefðu einmitt strokið af landi burt með póstskipunum, og af þeirri ástæðu gat deildin eigi álitið frumvarpið gefa

nægilega tryggingu með tilliti til strokumanna, þar sem póstskipin voru undanþegin ákvæðum 3. gr. Þessi undanþága póstskipanna mun vera tekin eptir lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, þar sem svo er fyrir mælt, að ákvæði laganna um eptirlit lögreglustjórnarinnar með því, að skip, sem flytja útfara, hafi nægilegt rúm fyrir þá o. s. frv., nái ekki til póstskipanna, og gat undanþágan vel átt við um þau atriði, en hjer er allt öðru máli að gegna, þar sem um það er að ræða, að setja skorður fyrir, að menn strjúki burt undan ákærum, skuldum eða ómagaforsorgun, og þá er nauðsynlegt, að þar að lútandi ákvæði nái til allra skipa, sem flytja útfara, því annars næðist ekki tilgangurinn með lagagreininni. Jeg álít þess vegna ísjárvert, að undan taka póstskipin frá fyrirmælum 3. gr. í frv., og mjer virðist rjett, að þau, þegar þau flytja útfara, sjeu sama eptirliti undirorpin eins og önnur útflutningaskip, að því er snertir farbrjef og vegabrjef. Þess ber og að gæta, að í frumv. því, sem samþykkt var á þinginu í hitt eð fyrra, var svo fyrir mælt, að skip og farmur skyldi vera að veði, ef brotið væri gegn ákvæðum 3. gr., og gat það komið sjer illa í tilliti til póstskipanna; en nú er það ákvæði numið burt, og í staðinn lagðar við sektir, sem á að taka af veði hlutaðeigandi útflutningsstjóra (sbr. 2. lið 3. gr.). Mjer virðist því eigi gengið of nærri rjetti póstskipanna, þótt þau sjeu látin hlíta ákvæðum 3. greinar í þessu efni, sem önnur skip.

Árni Jónsson: Jeg og 2. þm. S.-Múl. (Lárus Halld.) óskuðum á síðasta þingi, að þessi ákvæði 3. gr. næðu yfir öll skip, og gleður það mig þess vegna mjög, að heyra á hæstv. landshöfðingja, að hann hefir fallizt á þá skoðun, og sú þýðing á að leggjast í orðin »skip, sem flytja útfara af landi«, að þau ákvæði nái og til póstskipanna. En þar sem hann eigi var inni í þingsalnum áðan, þá skal jeg lýsa því yfir, að jeg er ekki óánægður, heldur miklu fremur meðmæltur 3. gr. frv., þegar jeg veit, að hún á að skiljast eptir orðum hæstv. landsh.

ATKVÆÐAGR.: 1.—4. gr. frv. samþ. hver um sig með 18 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri (C. 210, 218); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Breytingartillaga sú, sem komin er fram við þetta frv., kemur mjer nokkuð undarlega fyrir, þar sem hún fer fram á að lækka tollinn á sykri niður í það, sem stendur í stjórnarfrumv., og gengur þannig út frá, að menn greiði atkvæði þvert ofan í atkvæðagreiðslu sína við 2. umr. þessa máls. Mjer finnst h. flutningsmenn tillögunnar (C. 218) ætlast hjer til of mikils, því jeg get ómögulega búizt við, að þeir h. þingdeildarmenn, sem áður hafa greitt atkvæði með breytingum nefndarinnar, fari nú að greiða atkvæði á móti þeim, og vil því vona, að þessi breytingartillaga verði felld með sama atkvæðafjölda og breytingar nefndarinnar voru samþykktar með um daginn. — Jeg get ekki vel skilið, hvað menn geta haft á móti sykurtollinum, þótt hann kunni að vera nokkuð hár; það hefir verið lögð áherzla á, að sykur sje nauðsynjavara, og skal jeg alls eigi neita því; en þegar á að útvega landssjóði tekjur með tollum, þá er eigi auðvelt að binda sig eingöngu við ónauðsynlegar vörur, þótt það væri náttúrlega heppilegast, ef því yrði við komið, enda er sannarlega eigi hægt að segja, að þær ónauðsynjavörur, sem ráðlegt þótti að tolla, svo sem vínföng og tóbak, hafi farið varhluta af tollinum. Sumir h. þingdm. hafa lýst því yfir, að þótt þeir reyndar vildu hafa toll-

inn á sykri lægri en nefndin hefir stungið upp á, þá vildu þeir samt engu síður sama tekjuauka sem nefndin og hafa þeir í því skyni komið fram með uppástungur í ýmsar stefnur um toll á ýmsum öðrum vörutegundum; en þessar uppástungur eru þannig lagaðar, að ólíklegt er, að þær nái fram að ganga. En þar sem einn h. þm. við 2. umræðu kom fram með þá spurningu, hvers vegna nefndin hefði eigi tekið tillit til þeirra frumv., sem komið hefðu fram, um að leggja toll á aðrar nauðsynjavörur, þá skal þess getið, að nefndin vildi, að tollskyldar vörur yrðu sem fæstar, sakir eptirlitsins, og þar sem farið er fram á að tolla þær vörur, sem allir brúka, þá er vonandi, að hlutfallið eigi raskist og tollurinn komi jafnt niður.

Sigurður Jensson: Jeg og 6 aðrir h. þm. höfum komið fram með þá breytingaruppást., sem hjer liggur fyrir, og er jeg samdóma framsögum. (Ó. Br.) um, að vjer getum ekki haft mikla von um að hún nái fram að ganga; en aptur á móti vona jeg, að það hneyxli engan, þótt farið sje fram á að lækka toll á sykri niður í það, sem stjórnin hefir stungið upp á, og að enginn álíti vanþörf á, að h. þingdm. hugsi sig tvisvar um, áður en hún slær því föstu, að 5 aura tollur skuli lagður á hvert sykurpund. Það er satt, sem einn h. þm. sagði áðan, að vjer höfum eigi mikinn tíma til að íhuga öll þau merku mál, sem fyrir koma; þau verða aldrei of vel athuguð, og þess vegna held jeg enga vanþörf, þótt mál þetta komi aptur til nokkurrar yfirvegunar. Jeg efast eigi um, að hin fjölmenna og vel skipaða nefnd, sem sett var í tollamálið, hafi frá sínu sjónarmiði yfirvegað þetta mál, eins vel og henni var unnt; en þegar jeg les nefndarálitið, þá þykist jeg sjá, að h. nefnd hafi sett sjer það mark og mið, að fara svo langt í tollálögunum, að hún gæti verið viss um, að það, sem hún styngi upp á, yrði nógu mikið. Nefndin hefir auðsjáanlega ætlað sjer að vera viss um, að taka til nógu mikið, og skal jeg játa að frá landssjóðs hlið skoðað er aldrei of mikið af góðu, en frá þeirra hlið, sem eiga að borga, gæti verið spurning um, hvort eigi væri of langt farið. Mjer virðist þannig nefndin hafa látið um of leiðast af þeirri stefnu, að vera viss um, að fá sem mestar tekjur í landssjóð, en sumar athugasemdir nefndarinnar verð jeg að játa, að jeg get eigi skilið, hvernig hún hugsar sjer þær, svo sem þegar hún segir til rjettlætingar hinum háa tolli, að landssjóð muni eigi veita af töluvert yfir 100 þús. króna tekjuauka á ári. Fyrst þegar jeg las þetta, ímyndaði jeg mjer, að það væri prentvilla og hjelt að nefndin hefði átt við fjárhagstímabilið, en sje eigi svo, þá ímynda jeg mjer, að h. nefnd hafi fremur sagt þetta til þess að hafa áhrif á þingið, en að hún sje fær um að sanna að svo sje, sem hún segir, því að jeg veit eigi betur en að tekjuhallinn muni eptir stjórnarfrumv. verða um 90 þús. krónur á fjárhagstímabilinu og eptir þeirri niðurstöðu, sem fjárlaganefndin hefir komizt að og mun hann eigi fara fram úr 120—130 þús. kr., þótt útgjöldin aukist nokkuð. Ef vjer nú gætum að þeim tollum, sem ætlazt er til að eigi að bæta þennan halla, þá sjáum vjer að 10 aura tollur á hvert kaffipund gjörir 70 þús. kr. tekjuauka, þegar gengið er út frá, að 700 þús. pund flytjist inn á ári og svo mikið hefir hingað til verið innflutt, þó tekið sje meðaltal fyrir mörg ár; ef svo yrði lagður 2 a. tollur á hvert sykurpund, eins og vjer vitum og stjórnin hefir farið fram á, þá gjörir sá tollur 20 þús. kr. Báðir þessir tollar verða þannig 90 þús. kr. ári eða 180 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, en hjer við bætast og þær tekjur sem koma af auknum tóbakstolli. Maður skyldi nú ætla, að þetta væri nægilegt, eigi einungis til að koma í veg fyrir tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, heldur einnig að það

mundi nægja fyrir vanhöldum og ókomnum útgjöldum, sem nauðsynlega þyrfti við að bætast. En nefndin hefir eigi látið sjer þetta nægja, heldur hefir hún hækkað sykurtollinn upp í 5 aura á hvert pund og þar með tekjur landssjóðs um 30 þús. krónur á ári. Jeg vildi þess vegna, að h. nefnd vildi sýna ljóslega, hve mikið hún ætlar að þurfi til að bæta tekjuhallann og hve mikið til nýrra útgjalda og fyrirtækja; en þó hefði þingið átt að vera búið að koma sjer saman um, í hver fyrirtæki skyldi ráðizt, áður en farið hefði verið að leggja á landsmenn nýja og aukna tolla fyrir þeim fyrirtækjum. Það er að vísu gleðilegt að vita, að þingið hefir mikið að segja með tilliti til þess, hvernig verja skuli því fje, sem landssjóði bætist; en hvað því viðvíkur, að leggja á menn þunga skatta til óákveðinna útgjalda, og fela eptirkomandi þingum að ráðstafa þeim, þá mun það naumast vera vilji þjóðarinnar, að svo sje að farið.

Og svo að jeg sjerstaklega snúi mjer að sykurtollinum, þá finnur nefndin honum það til meðmælingar, að hann leggist jafnt á alla, fremur öðrum tollum, þar sem nefndin aptur á móti telur hinum tollinum það til gildis, að þeir leggjast á vörur, sem ekki eru beinlínis nauðsynlegar; — á þennan hátt má flestu finna eitthvað til gildis. Nei, það sem jeg hef á móti sykurtollinum, er einmitt þetta, að hjer er lagður hár tollur á nauðsynjavöru, sem allir neyta, hjerumbil jafnt ríkir sem fátækir, og að þessi tollur er lagður á miklu hærri en nauðsyn krefur; þessa 3 aura á hvert pund, sem vjer viljum afnema, borga allir, fátækir og ríkir, þannig án þess að bein nauðsyn sje til; og þar að auki verður þessi tollur, þegar hann er borinn saman við toll á ýmsum öðrum vörum, sem eru hreinn og beinn óþarfi, svo sem vindlar, ótilhlýðilega hár, þegar miðað er við söluverð á þessum vörum. Þess ber og að gæta, að tollur þessi tvöfaldast einnig sem aðrir tollar, svo að í raun og veru er þá lagður, eigi 30 heldur 60 þús. króna skattur á landsmenn fram yfir það, sem nauðsynlegt er. Hjer er því spurningin sú, hvort h. deild, eptir að hún hefir íhugað ástæður nefndarinnar, vill leggja 30 þús. króna skatt á landsmenn yfir þarfir fram, sem þar á ofan líklega kostar önnur 30 þúsund að fá inn. Þetta er það, sem h. þingdm. eiga nú að greiða atkvæði um, og þótt jeg reyndar hafi heyrt suma segja, að efri deild mundi fella þessar tillögur nefndarinnar, þá þætti mjer þó heppilegra, að málinu yrði þegar hjer í neðri deild komið í það horf, sem jeg er viss um að öll þjóðin muni bezt una við.

Sveinn Eiríksson: Eins og h. þm. sjá, hefi jeg hjer skrifað undir breyt. till., en þó er það ekki af því, að jeg vilji leggja toll á kaffi og sykur, heldur af því, að jeg vil fá hann sem lægstan, úr því að jeg býst við, að slíkur tollur verði samþykktur af h. deild. Það er viðurkennt af h. flutningsmönnum, að kaffi og sykur sje nauðsynjavara, og þó vilja þeir tolla þessa nauðsynjavöru. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg er í raun og veru á móti kaffi- og sykurtolli; en eins og jeg gat um við 2. umr. þessa máls, fannst mjer stjórnin fara nógu langt í því, að tolla þessar vörur, og hærra finnst mjer Íslendingar sjálfir ættu ekki að fara. Jeg er sem sagt með þessari breyting, af því að jeg sje það dugar ekki að vera á móti tollinum, hann gengur fram hvort sem er, sem þó aldrei hefði átt að vera, því að flutningsmennirnir sjálfir hafa þó talið sykur nauðsynlegt. (*Þorl. J.:* Hjer er ekki verið að ræða um nokkra breyting á kaffitollinum). Jeg bið fyrirgefningar, hafi mjer orðið mismæli; það var sykur sem jeg átti við. En hvað á það

að þýða, að setja þessa tolla svona háa? Og er það sjálfu sjer samkvæmt, að setja hærri toll á nauðsynjavöruna, jeg á við sykurinn, en ónauðsynlegri vöruna, sem sje kaffið? En nú er það víst, að hægt er að fá um 3 pd. af sykri fyrir sama verð sem 1 pd. af kaffi fæst fyrir, og því verður tiltölulega mikið hærri tollur á sykri en kaffi, og þó er kaffið að dómi sjálfra flutningsmanna ónauðsynlegri vara, en sykur er mjög nauðsynleg vara. Jeg finn því ekki rjettlætið í þessu; því að um leið og okkur með þessum háa tolli er gert næstum ómögulegt að kaupa sykur, þá er okkur líka um leið bannað að drekka okkar íslenzka tevatn, grasavatn og þess háttar, í staðinn fyrir kaffið. En því erum vjer að tolla þessar vörur, sem búið er að játa að sjeu nauðsynjavörur? Því tollum við þá ekki líka aðrar nauðsynjavörur? Hvað á líka að gera við þessa tolla? því á að vera að fylla landssjóð með þeim? Væri þá ekki nauðsynlegt að stinga upp á einhverju um leið til bóta landbúnaði og sjávarútveg? Ef það væri, þá skyldi jeg vera með, þótt tvöfalt hærri tollur væri lagður á hverja nauðsynjavöru. Sjávarbóndinn hefir ekki lægri gjöld en sveitabóndinn, þótt það hafi verið sagt. (*Þorl. J.*: Sönnun!). Bústofn sjávarbóndans er fallvaltur, en landbóndinn hefir bú sitt í hendi sjer. Sjávarbóndinn verður að gjalda af hinum eina lífsstofni sínum, fiskinum og lýsinu. Landbóndinn verður að vísu að gjalda ábúðar- og lausafjárskatt, en hann er ekki voðalega hár. Sjávarbóndanum verður meira íþyngt með þessu. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Eiríkur Briem: Einn af flutningsmönnum breyt. till. þessarar, sem einnig er í fjárlaganefndinni, ljet í ljósi, að hvaða niðurstöðu fjárlaganefndin hefði komizt um fjárhag landsins. Viðvíkjandi þessu vil jeg taka það fram, að starf hennar er ekki komið svo langt áleiðis enn, að hægt sje að sjá fyrir endann á því. Auk þess skal jeg geta þess, að það er mjög óvanalegt, að talað sje opinberlega um, að hvaða niðurstöðu nefndir komast, fyr en þær hafa lokið störfum sínum.

Þá er þess enn að gæta, að á reikningshalla þeim, sem talinn er í stjórnarfrv., er eigi hægt að byggja, því þar er hrein og bein reikningsvilla í 15. gr., villa um full 20,000 þúsund; þar standa 70.000, í stað þess að hin lögákveðnu útgjöld, sem nú hvíla á þeirri grein, eru rúm 91,000. Öllum er það og kunnugt, að auk hinna lögákveðnu útgjalda og þess sem að undanförnu hefir verið veitt í fjárlögunum er margt, sem fje þyrfti að leggja til. Vjer munum, að til síðasta þings komu yfir 80 bænarskrár og tillögur um fjárframlög; varð þingið að hafna fjölda þeirra, og átti það sjer þó engan veginn stað um allar þeirra af því, að þingið eða fjárlaganefndin áliti ekki æskilegt í sjálfu sjer, að taka til greina það, sem fram á var farið, heldur af hinu, að hún sá, að þess var ekki kostur vegna fjárskorts. Auk þess er það jafnan tekið til í fjárlögunum, að ef þau og þau lög öðlast gildi, þá breytist upphæðirnar eptir því, og nú sem stendur getum vjer alls ekki sagt með vissu, hver slík lög verða samþykkt á þingi í ár. Jeg skal nefna ein fjárútlát fyrir landssjóð; það er kostnaðurinn við byggingu brúarinnar á Ölvesá; hann hefir eigi verið greiddur á þessu fjárhagstímabili, en verður líklega á því næsta.

Hjer er og fyrir eitt meðal annars frv. um sjómannaskóla, sem telja má sjálfsagt að fái góðan byr, en það hefir þó í för með sjer aukin gjöld fyrir landssjóð. Reikningshallinn á fjárlögunum er því enginn mælikvarði fyrir því, hve mikið fje þarf í landssjóð í raun og veru. H. þm. Barðstr. (S. J.) gekk líka út frá því sem óyggjandi rjettu, er stjórnarfrv. gerir ráð fyrir og reiknar því 70,000 kr. tekjuauka af tolli þeim, er stjórnin stingur

upp á. En eins og fyllilega kom fram við 2. umr, þá er áætlan stjórnarinnar ekki áreiðanleg. Hún miðar tollupphæðina við kaffi-innflutning á árunum 1881—85, en nú hefir innflutningur á kaffi minnkað að mun síðan. Enn fremur er ekkert tillit tekið til þess, að kaffinautn muni minnka við það, að kaffi hækkar í verði við tollinn. Að minnsta kosti má gera ráð fyrir, að ýmsir fátæklingar og jafnvel fleiri spari við sig kaffi-kaup, að minnsta kosti svo sem tollinum nemur; svo að ekki er einu sinni hægt að byggja á síðustu skýrslum þann kaffi-aðflutning sem verða muni, og það því síður, sem kaffi hefir til skamms tíma verið í óvenjulega lágu verði, en verð þess nú seinustu árin farið stórum hækkandi.

Þorvaldur Bjarnarson: Í þessu máli finnst mjer á það að líta: «Hvað er sannleikur?» Hvað er það sem þarf að athuga um tollinn? Eptir minni hugmynd er það fyrst að vita hvað þarf; það er mergurinn meiningarinnar. Við verðum að sníða kröfurnar eptir efnahag vorum, og hann er mjög þröngur. Því verð um við að byrja á því, að finna og segja, hvað sje óumflýjanlega nauðsynlegt til útgjalda; það finnst mjer mergurinn málsins. Auðvitað verður aldrei fullkomlega komizt að sannleikanum; það er ómögulegt að það vonda sje ekki í og með; það verður að taka það eins og það er; en allt af erum við að komast að því rjetta og sanna, það er að segja, við höfum góðan vilja á því. Sjerstaklega sýndist mjer, að við ættum að athuga, hvort ekki mætti færa ögn minna úr þessu gisna búri, sem er gisið fyrir öllum útlátum, en þjett fyrir allri innkomu, nema það sje, þegar ákveðið með tölum frá hinu almenna. Mjer finnst, þegar farið er að tala um kaffi, þá mætti færa tollinn á því niður í hlutfalli við sykur. Með þeirri breytingu væri jeg. Jeg vil gera meðalmun, færa kaffið niður, en sykrið upp. En það er ekki mögulegt að hið vonda sje ekki meðal hins góða, því verður að taka það eins og það gefst. Það er ekki til neins, að vera að sprikla í því sterka bandi, sem manni er ofvaxið að slíta, heldur verður að taka því með stöðuglyndi, og bíða í trú og von eptir því, að fjöturinn losni af manni og sannleikurinn finnist.

Páll Briem: Það hefir verið mælt á móti þessum 5 aura tolli á sykri með þremur ástæðum.

Í fyrsta lagi af því, að hann legðist á nauðsynjavöru.

Í öðru lagi af því, að kaupmenn tvöfaldi tollinn, og verð vörunnar verði því óhæfilega hátt.

Í þriðja lagi af því, að þessi tollur sje óþarfur.

En þar sem þessi tollur leggst á nauðsynjavöru, þá er það einmitt aðalkosturinn við hann, að hann leggst á þá nauðsynjavöru, sem er brúkuð jafnt til sjávar og sveita, svo að hjer getur enginn rígur komizt að milli sjávar- og sveitabænda. Það hefir verið sagt, að sykur væri jafngildi ýmsra mjöltegunda, bauna, bankabyggs, hveitis o. s. frv, en einmitt af því sykur kemur í þeirra stað og er þar að auki sælgæti, þá er hann hin heppilegasta vara til að leggja toll á, þann toll, sem kemur jafnt á alla; tollur á sykri verkar eins og tekjuskattur; og verð jeg þá að álíta hann jafnaðartoll.

Menn segja að kaupmenn tvöfaldi tollinn, og því leggist tvöfaldur tollur á þá, er vöruna kaupa; eptir því ætti tollur að vera bezta meðal til að auðga kaupmenn; en þó þykir þeim mjög slæmt, að tollar skuli lagðir á; verð jeg því að ætla, að þessi verðhækkun, sem menn tala um fram yfir tollinn, sje að eins til í *trú* manna en ekki í framkvæmdinni. Í þessu efni skal jeg leyfa mjer að benda til Noregs; þar er tollurinn 22 aur., og til Danmerkur, þar er tollurinn 13 a., og í þessum

löndum er einmitt sá verðmunur, frá því sem hjer á sjer stað, svo sem tollinum munar. Það er því tæplega á rjettu byggt, að kaupmenn tvöfaldi tollinn.

Það getur verið, að tollur á sykri sje ekki nauðsynlegur svona hár, ef menn að eins líta á það, sem næst er hendi og allra nauðsynlegast; en líti menn lengra en á það sem er að líða, þá fæ jeg ekki skilið, hvernig menn fara að segja, að tollurinn sje óþarfur.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg ætla að leyfa mjer að svara h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) nokkrum orðum; hann notar optast einhver merkileg orð fyrir «motto», er hann flytur ræður, og hann hafði núna fyrir «motto» í ræðu sinni þessi orð: Hvað er sannleikur? Allar þær aldir, sem liðið hafa síðan vjer höfum sögur af, að þessi orð voru töluð, hafa ekki getað svarað þessari spurningu til fulls, eptir því sem mjer er kunnugt um, og það er mjög ólíklegt, að okkur, h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) og mjer, takist að svara henni. En jeg ætla þó að nefna nokkur atriði fyrir h. þm. Rangæinga (Þorv. Bj.), sem jeg álít að sjeu sannleikur. Að við þurfum fje til að efla samgöngur, er sannleikur; því mun hann, svo hygginn maður, ekki neita. Að við þurfum fje til að efla búnaðinn, er sannleikur; því til styrkingar skal jeg benda á lítið dæmi. Einn mjög merkur og þjóðkunnur bóndi sótti um styrk af almennu fje, til að efla búnað sinn; komst hann og svo að orði, eins og frægt hefir orðið síðan: «Þó ekki væri nema svo sem 2000 krónur». Ætti nú að veita hverjum bónda «þó ekki væri nema 2000 krónur», þyrfti til þess mjög mikið fje, og meira en landssjóður getur af hendi látið, þótt hann fái alla þá tolla, er frv. gerir ráð fyrir. Það er ákaflega einkennilegt, að þeir menn, sem eru kallaðir til að efla allar framfarir, skuli segja, að landssjóður, sem á að bera þann kostnað, er leiðir af efling framfaranna, hafi ekki þörf fyrir fje. Þó að nefnd hefði gert þær tillögur í þessu máli, sem hefðu valdið því, að tekjur landssjóðs hefðu vaxið tvöfalt, já tífalt meira, en þær vaxa við þessa tolla, þá efast jeg ekki um, að hið íslenzka alþingi hafi mannvit og hyggindi til að verja því til heilla og hagsmuna fyrir land og lýð; því til að efla heill þjóðarinnar erum vjer allir hingað kallaðir, og vil jeg biðja h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.), að leiðrjetta þetta, ef það er ekki sannleikur.

Gunnar Halldórsson: Þrátt fyrir ræðu h. framsögum. (Ól. Br.) og annara mótmæli móti breyt.till. hefi jeg ekki getað sannfærzt um annað, en að hún sje svo sanngjörn, að jeg hlýt að vona, að h. deild skoði vandlega huga sinn áður en hún fellir hana. H. þm. Barðstr. (Sig. J.) hefir rækilega tekið það fram, hver þörf væri á þessum tolli; það er að vísu nokkur þörf á fje í landssjóð, en ekki svo brýn eða knýjandi, að ástæða sje til að hamast á þessu algenga sælgæti sykrinum. Þar sem sykurtollurinn leggst svona almennt á, eins og um hefir verið talað, þá kemur hvorki fram í því nesjaþjóðvilji nje hreppapólitik, að vilja ekki leggja hann á svona háan. Það er líka aðgætandi, að með því að leggja þennan háa toll á sykur, þá hindrar það menn frá að nota aðrar jurtategundir í stað kaffis, sem þó kom fram í umræðunum, að væri tilgangur nefndarinnar jafnframt að koma til leiðar, að aðrar jurti kæmu í kaffi stað, og með því móti mætti spara svo mikið við sig kaffikaupin sem kaffitollinum næmi; en með sykurtollinum svona háum verður það mikið ópægilegra sökum þess, að öllu fremur þarf að brúka sykur með seyði af ýmsum jurtum, heldur en góðu og vel tilbúnu kaffi. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona, að h. deild, sjái, að hjer er ekki farið fram á neina fjarstæðu með breytingartill., og vona jeg því og óska jafnframt, að hún verði samþykkt.

Sigurður Jensson: Mjer heyrðist h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) bera mjer á brýn, að jeg bæri það út, sem gerðist á fundum fjárlaganefndarinnar, þar sem slíkt væri ekki siður. Jeg veit það vel, að það er ekki siður að segja frá tillögum einstakra manna á nefndarfundum, og í því hefi jeg heldur ekki gert mig sekan; en ef það er siður, að ekki megi segja frá fjárhag landsins, eins og hann hefir komið fyrir augu nefndarinnar, þá er það í öllu falli sá siður, sem jeg get ekki virt mikils; eða ef það er siður, er þá nokkur heimild til að hafa það eptir fjárlaganefndinni, að ekki muni veita af talsvert yfir 100,000 kr. tekjuauka á ári, eins og gert er í nefndaráliti tollanefndarinnar, sem þar að auki er ekki rjett, því að ef vel árar er jeg viss um, að hægt er að komast af með minna, og ef illa lætur í ári, þá er því minni ástæða til að leggja harðar álögur á þjóðina. *(E. Br.:* Hin lögákveðnu gjöld!). H. þm. Snæfell. (P. Br.) sagði, að tollur á sykri líktist tekjuskatti; en það er ekki rjett *(P. Br.:* Jú); nei, því nauðsynin á sykri fer engan veginn eptir tekjum, heldur einkum eptir því, hve margt er fólk á heimili.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 6 nafngreindra þm. var samþykkt, að ganga til atkvæða með 12 atkv. gegn 6.

Beytingartill. felld með 13 atkv. gegn 7. Frv. síðan samþ. allt í einu lagi með 19 samhlj. atkv. og eptir það sent forseta efri deildar.

Frumvarp til laga um löggtlding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu (C. 210); 1. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg þarf ekki að mæla margt með þessu máli; það hefir komið fyrir hjer í deildinni áður og hafði þá góðan byr og enginn andmælti því frv. nema hæstv. landshöfðingi; en mótmæli hans stefndu mest að Vogavík, sem þá í sama frv. var farið fram á að löggilda sem verzlunarstað. Að þetta mál kemur inn á þing, kemur til af því, að til þingsins hafa borizt 2 bænarskrár, undirskrifaðar af 30 búendum, og sem lýsa glögglega þörfinni á að fá þessa löggildingu. Frv. þetta fer fram á, að gera það lög, sem á hverju sumri er praktíserað, því inn á Þórshöfn fara á hverju sumri skip til að sækja fisk, því flutningar allir eru í þessum sveitum svo erfiðir, að ókleyfir mega heita. Því hefir verið hreift, að höfnin í Keflavík væri svo slæm, að líkindi væru til, að sá verzlunarstaður mundi leggjast niður, ef Vogavík og Þórshöfn yrðu löggildar verzlunarhafnir; jeg skal ekki spá neinu um, hvort svo mundi fara, en líklegt er þó, að af þeim hjeruðum, sem nú sækja til Keflavíkur, mundi annar helmingur sækja til Þórshafnar, hinn til Vogavíkur, ef þar yrðu löggildir verzlunarstaðir.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en efa ekki, að það mæti sama velvilja hjá h. þingd., og samskonar frumvörp hafa áður mætt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887 (C. 212); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Mál þetta er hvorki merkilegt nje þýðingarmikið í sjálfu sjer, heldur er það eins konar útskýring eða leiðrjetting á vegalögunum, sem samþykkt voru á síðasta þingi. Sýslunefndin í Barðastrandarsýslu hefur fundið til þess, að það er víða þar í sýslu mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt, að uppfylla ákvæði laganna um breidd veganna. Þar eru víða brattar hlíðar og grýttar, þar sem ómögulegt er að leggja veg eina alin á breidd, hvað þá heldur 5 álnir, eins og lögin ákveða. Jeg ímynda mjer að sönnu, að lögin heimti ekki það, sem er ómögulegt; en jeg vildi ekki segja við sýslunefndina, að

henni væri óhætt að fara í kringum lögin; þess vegna álít jeg rjett og gott, að þingið sjálft gefi út viðauka við lögin, er heimili undanþágur frá lögunum, þar sem landslagi er svo háttað, að ómögulegt er að hafa vegina eins og lögin ákveða.

Sveinn Eiríksson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál. Jeg vil að eins taka það fram, að nokkuð er satt í því, sem h. flutningsm. (S. Jensson) segir. Það getur víða staðið svo á landslagi, að ómögulegt sje, að hafa vegina eins breiða eins og lögin ákveða. Það hagar líka víða svo til í mínu kjördæmi. Samt sem áður vil jeg ekki gefa þessu frumv. atkv. mitt, því jeg vil ekki gefa mönnum undir fótinn að mjókka vegina. Jeg vil að menn leggi vegina eins breiða og lögin ákveða, ef mögulegt er, og þar sem það er lítt mögulegt, vil jeg að menn gjöri það samt, en kosti þá auðvitað þess meiru til.

Þorvaldur Bjarnarson: Það er verið, að tala um undanþágur frá lögum, þegar þau fyrirskipi það, sem mönnum er ómögulegt. Jeg get nú ekki skilið, að lögin heimti það ómögulega. Þegar landslagi er svo háttað, að ómögulegt er að leggja þar lögákveðinn veg, þá er sama að segja um veginn eins og þann mann, sem kallaður er, en getur ekki mætt. Maðurinn segist þá að vera forfallaður. Lögin geta ekki fyrirskipað það, sem er ómögulegt. Það segir sig sjálft. Þessvegna er sá vegur, sem ekki getur komizt fyrir, þar sem hann á að vera, forfallaður frá að vera þar og það, sem hann átti að vera. Það er allt svo meiningarleysi, að segja, að lögin bjóði það ómögulega, og sje jeg því ekki, að þessi viðauki hafi nokkra þýðingu.

Jón Þórarinsson: Jeg held að jeg greiði atkvæði móti þessu frumv., þó h. flutningsm. (Sig. Jensson) segði, að það væri meinlaust í sjálfu sjer. Jeg held þvert á móti, að það geti haft talsverða þýðingu, ef það verður að lögum. Það eru einkum tvær ástæður, sem jeg hefi fyrir því, að vera á móti þessu frumv. Í fyrsta lagi virðist mjer það óviðfeldið, að vera að gefa út lög með ákvæðum um, að amtsráð skuli gjöra það og það, einmitt þegar verið er að tala um, að aftaka amtsráð og amtmenn. Mjer virðist það líka mjög óviðfeldið, að fara nú að gjöra undantekningar frá alveg nýjum lögum, enda er jeg hræddur um, að amtsráðin og sýslunefndirnar kynnu hjer að gjöra undantekningar að aðalreglum. Í öðru lagi ímynda jeg mjer, að sýslunefndir gætu haft vegina ofurlítið mjórri þar, sem landslagi væri svo háttað, að ómögulegt væri að hafa vegina 5 álnir. Það mundi enginn átelja sýslunefndirnar fyrir það, enda gjöra vegalögin sjálf ráð fyrir, að þessháttar undantekningar *geti* komið fyrir. Jeg sje þessvegna ekki, að það sje nein þörf á, að samþykkja þetta frumv.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg skal að eins svara h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) því, að meðan engin fjórðungsráð eru komin í stað amtsráða, þá er ekki mögulegt að tala hjer um fjórðungsráð. Þó verið sje að tala um, að af taka amtsráðin, þá er ekki búið að því enn. Það verður því að gefa amtsráðunum það vald, sem hjer ræðir um, en ekki fjórðungsráðum, sem ekki eru til, og máske ekki verða til fyrst um sinn. En að lögin verði þýðingarlaus, ef þessi viðauki verður samþykktur, get jeg ekki skilið. Jeg held einmitt, að brotið verði móti lögunum, ef þessi viðauki fæst ekki fram. Hjer er einungis farið fram á, að gjöra mönnum mögulegt að lifa eptir vegalögunum, án þess að neyðast til að brjóta þau.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 2 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæj-

arfógeta 14. desbr. 1877 (C. 212); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Fjárlaganefndin kom einnig með frumv. sama efnis og þetta á síðasta þingi. Það frumv. var þá samþykkt hjer í deildinni, og því telur fjárlaganefndin sjer víst að h. þingd. samþykki einnig þetta. Önnur sýslan, sem hjer ræðir um, er lítil í samanburði við aðrar sýslur, og hin sýslan er mjög fámenn, þó hún sje nokkuð víðáttumeiri. Það er almennt álitið, að það geti ekki valdið neinum örðugleikum, að sameina þessar sýslur í eitt lögsagnarumdæmi, er sje vel viðunandi bæði fyrir sýslumann og aðra hlutaðeigendur. Við þessa sameiningu mundi landssjóður spara 1500 kr. á ári. Stjórnin virðist líka vera þessari sameiningu meðmælt, þar sem hún hefir látið Dalasýslu standa óveitta þetta fjárhagstímabil.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun (C. 212); 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Þeir h. þingdm., sem hafa fylgt með fjármálum landsins hin síðustu ár og sjerstaklega þeir, sem lesið hafa álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir 1886 og 1887, vita, að kostnaðurinn við póstflutninga hefir vaxið mjög á hinum síðustu árum. Þegar vjer fylgjum því yfirliti, sem yfirskoðunarmennirnir hafa gefið út, þá sjáum vjer, að útgjöldin til póstflutninga hafa verið árið 1882: 12500 kr., 1883: 13000 kr., 1884: 19500 kr., 1885: 20800 kr., 1886: 21700, og 1887 hjer um bil sama upphæð. Yfirskoðunarmennirnir hafa í athugasemdum sínum nákvæmlega rannsakað þetta mál, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi hækkun sje að kenna vaxandi böggulsendingum og krossbandssendingum. Þar er ennfremur gerð tilraun til að reikna, hvað kostnaðurinn er mikill undir hvert pund, sem sent er með landpóstunum, og telst þá svo til, að landssjóður borgar undir hvert pund norður í Múlasýslur 1 kr. 62 aura, og þó er ýmislegt látið óathugað við þann reikning, sem þó verður að taka til greina til þess að reikningurinn verði rjettur, svo sem útgjöld til aukapósta, póstafgreiðslumanns, brjefhirðingamanna o. fl. Má óhætt fullyrða, að kostnaðurinn við sending hvers punds sje fyllilega 2 krónur.

Hið fyrsta spursmál, sem hjer liggur fyrir, er þá það, hvort landssjóður eigi að gefa sendanda mikið eða lítið af burðargjaldinu. Það getur nú þótt hart, að sá, sem sendir böggla með póstum, borgi allan kostnaðinn, eða um 2 kr. fyrir hvert pund. En hitt er heldur ekki sanngjarnt, að sendandi borgi svo sem ekkert undir það, sem hann sendir. Fjárlaganefndin hefir nú lagt það til, að sendandi borgi sem svarar helmingnum af burðargjaldinu, 1 kr. undir hvert pund eða 25 aura undir hver 25 kvint af þunga sendingarinnar. Öll sanngirni virðist mæla með þessari ákvörðun, því það er ekki sanngjarnt, að landssjóður borgi meira en helming af kostnaðinum. Þessu ímynda jeg mjer að fáir verði mótfallnir, og þó er hjer talsverð breyting frá því, sem nú á sjer stað. Nú borgar sendandi að eins 30 aura undir hvert pund, en frumv. fer fram á að hækka burðargjaldið upp í 1 kr. fyrir pundið, eða 25 aura fyrir hver 25 kvint. En það var álit fjárlaganefndarinnar, að þessi breyting mundi hafa þau áhrif, að önnur breyting, sem frv. fer fram á, fengi fylgi h. þingd. Þessi breyting er fólgin í því, að nema úr lögum, að póstar sjeu ekki skyldir til að taka til flutnings þyngri böggla en 1 pund frá því í nóvember og þangað til í

marz. Þessi er hin önnur breyting, og miðar hún til þess, að gjöra mönnum mögulegt, að senda með póstum á þessum tíma böggla, sem menn endilega þurfa að senda. Það er alveg ósanngjarnt í lögum frá 4. nóv. 1881, að útiloka menn frá að senda böggla, sem eru yfir 1 pund og allt að 5 pundum, ef brýn þörf er á sendingunni. Þetta hefir opt komið sjer mjög illa. Jeg veit dæmi til þess, að maður á Norðurlandi þurfti að fá hlut hjeðan að sunnan, sem var þyngri en 1 pund, og af því að hann gat ekki fengið hann með póstum, varð hann að senda mann gagngjört hingað suður eptir hlutnum. Þar sem póstgöngur eru svona, þar eru þær ekki hagkvæmar. En þar sem burðargjaldið er fært svona mikið upp, þá er vonandi að það hafi þá afleiðingu, að menn sendi ekki böggla á tímanum frá veturnóttum til sumarmála, nema það sje óumflýjanlega nauðsynlegt. Mótbárur þær sem komu fram í fyrra í h. Ed. móti frumv. um sama efni og þetta, held jeg að hafi ekki verið á rökum byggðar, enda treysti jeg því, að frumv. fái nú eins góðan framgang hjer í þingd. eins og á síðast þingi. Að vísu er frumv. nokkuð breytt nú frá því, sem var fyrir þingd. 1887, en breytingarnar eru ekki miklar og mestmegnis gjörðar af því, að fjárlaganefndin vildi taka nokkurt tillit til mótbára h. Ed. 1887. Jeg held jeg þurfi svo ekki að mæla fleira með þessu máli. Jeg vona að flestir gefi því atkvæði sín.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2 umr. með 17 atkv.

Till. til þingsál. viðvíkjandi samningi milli Danmerkur og Svíaríkis-Noregs 10. ágúst 1883 (C. 194, 212); síðari umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Af þeirri ástæðu, að tveimur árum eptir að samningurinn frá 10. ág. 1883, milli Danmerkur og Svíaríkis-Noregs var gerður, voru gerðir tveir aðrir samningar um líkt efni, annar milli Danmerkur og Ítalíu, og hinn milli Danmerkur og Þýzkalands, hefi jeg álitið nauðsynlegt, að gera þann viðauka við hina upphaflegu tillögu, að eptir orðin frá 10. ágúst 1883 komi: sem og álíkir samningar við önnur ríki. Jeg geng að því vísu, að h. þingd. verði ekki á móti till. með þessum viðauka, og skal jeg því ekki fara fleiri orðum um málið.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartillagan (C. 212) samþ. í e.hlj. Tillagan þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Till. til þingsályktunar um breyting á afborgun af landssjóðsláni til Lundarbrekkukirkju (C. 125); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á *einni umr.*, sem var samþ.

Sextándi fundur, laugardag 20. júlí á hádegi.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að framlagt væri á lestrarsalinn:

1. Bænarskrá um 400 kr. styrk til almenns náttúrugripasafns.
2. Bænarskrá um 3000 kr. uppbót á Dýrafjarðarþingum.
3. Skjöl snertandi reikninga Arnarstapaumboðs.

Frumvarp til laga um rjettindi kaupmanna búsettra á Íslandi (C. 216); 3. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Með því að engar breytingartill. hafa komið fram við frv. þetta síðan það var hjer til umræðu seinast, og jeg hefi engu við það að bæta, sem jeg tók þá fram, þá

finnst mjer ekki ástæða til að tefja tíma með því að hefja umr. um það.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til forseta Ed.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna (C. 190); 3. umr.

Ólafur Briem: Mig furðar á því, hve fáir h. þingdm. hafa andmælt frv. þessu, en margir þar á móti lokið á það lofsorði og kunnað flutningsmönnum þakkir fyrir það; en jeg er ekki einn í þeirra flokki.

Frv. þetta gengur út á tvennt: launalækkun og launahækkun.

Mjer fyrir mitt leyti finnst hjer farið fram á of litla lækkun. Það hefir opt verið sýnt fram á það, bæði í ræðum og ritum, að 4000 kr. laun væru nógu há, hvort heldur sem litið er á efnahag þjóðarinnar í heild sinni, eða kjör þau, sem einstakir landsmenn eiga við að búa. Og þótt litið sje til útlanda og þau tekin til samanburðar, þá er þar allt öðru vísi ástatt; þar er miklu meiri auður fyrir, og þar eru miklu fleiri vegir opnir til arðsamrar atvinnu en hjer, svo að þar geta menn jafnvel komizt að arðsamari atvinnu, en þótt þeir yrðu embættismenn; jeg skal að eins nefna sem dæmi forstöðumenn ýmsra hlutafjelaga eða annara fyrirtækja, sem einstakir menn stofna. Þar getur því verið erfitt að fá nýtustu mennina í embættin og tillit til þess verður að taka við launaveitingarnar.

En hjer er öðru máli að gegna; hjer er atvinnuvegum svo stutt á veg komið, að fáar aðrar stöður jafnast á við stöðu embættismannanna. Það er því ekki hætt við, að þeir sem ganga embættisleiðina muni víkja út af henni, þótt launin sjeu ekki svo mjög há. Einasta ástæðan til þess að halda embættislaununum háum gæti verið sú, að ella muni embættismennirnir sækja um launabetri embætti erlendis. En fyrst og fremst eru það fáir Íslendingar, sem geta keppt um betri embættin í Danmörku, og þó svo væri, að einhverjir þeirra settust þar í embætti, þá tel jeg það ekki svo skaðlegt fyrir landið; því að víst er um það, að ýmsir af þeim fáu Íslendingum, sem í embættum hafa setið í Danmörku, hafa unnið landi sínu bæði gagn og sóma.

Hvað launahækkunina snertir, þá sýnist mjer það undarlegt, að einmitt þeir sömu menn, sem á síðasta þingi börðust með hnúum og hnefum móti launahækkun fastakennarans við læknaskólann, skuli nú vilja hækka laun 1. kennara við prestaskólann og 1. og 2. kennarans við latínuskólann, svo að þau verði jafnhá launum þeim, sem farið var fram á að veita kennaranum við læknaskólann, en sem þeir vildu ekki fallast á. Það mun þó viðurkennt, að eigi sje síður áríðandi að fá nýtan mann í kennaraembættið við læknaskólann, en við hina skólana. Auk þess eru laun kennaranna engan vegin svo lág, þegar miðað er við laun annara embættismanna. Jeg vil segja, að kennari með 2400 kr. launum sje betur launaður en sýslumaður í 3. flokki; því það vita þó allir, að meiri kostnaður er samfara embætti sýslumannsins en kennarans, og að meiri peningaábyrgð hvílir á honum. Og vilji menn miða kennaralaunin við laun sams konar embættismanna erlendis, þá er engan veginn hægt að segja, að kennarar sjeu lágt launaðir hjer, þar sem þeir í Danmörku opt verða að byrja með 1200 kr. laun, og auk þess þurfa embættismenn þar opt að bíða lengi eptir embættinu, eptir að þeir hafa lokið námi sínu.

Sú ástæða sýnist mjer ljettvæg, að nýtari menn muni fást í embættin, ef launin eru hækkuð. Enda sýnir reynslan hið gagnstæða. Í ýmsum af þeim embættum, sem frv. fer fram á að hækka launin við,

eru hinir nýtustu embættismenn vorir.

Einn annmarki er og við launalækkunina, og hann er sá, að hún kemur ekki til framkvæmda í bráð, því að í 7. gr. er svo ákveðið, að þeir embættismenn, er í embættunum sitja, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli einkis í missa, enda er það eðlilegt og rjett. Þá eru og tekin upp í frv. þetta embætti, sem farið er fram á að lögð verði niður; og h. 1. þm. Ísfirð. (S. St.) tók þó það fram á síðasta þingi, að hann væri alveg á móti 2. gr. frv. þess, sem þá kom fram um laun embættismanna, af því að hann vildi ekki láta nefna amtmennina eða laun amtmannanna á nafn, því að með því að samþykkja lög, eins og það frv. var, þar sem voru nefnd amtmannalaun, sýndist þingið vera horfið frá því að afnema amtmannaembættin. Auk þessa eru biskupsembættið og háyfirdómara nú nýveitt mönnum á bezta aldri, og er vonandi, að þeir báðir eigi langt líf fyrir hendi, og því langt eptir því að bíða, að þessi launalækkunarlög komi til framkvæmda, að minnsta kosti að því er þá snertir, og má þá jafnvel búast við að alveg ný launalög verði komin til sögunnar.

Þegar um launahækkunina er að ræða, þá mun hún aptur á móti eiga að ná til þeirra, sem nú sitja í embættunum, og þótt slíkt sje engan veginn algild regla — ekki var henni fylgt, þegar sýslumannalaununum var breytt — þá getur hún þó verið gild og góð. Hver sem tilgangurinn hefir verið með frv. þetta, þá er það auðsætt, að eini árangurinn af því, að minnsta kosti fyrst um sinn, verður launahækkun svo þúsundum króna skipti, hvort sem h. flutningsm. hefir verið það ljóst eða ekki.

Jeg tel það því næsta óheppilegt, ef frv. þetta verður samþykkt hjer í deild. Að minnsta kosti vona jeg, að einn af flutningsmönnum þess, h. þm. N.-Þing. (J. J.), sem svo átakanlega lýsti því í gær, að vjer þingmenn ættum að leggja allt kapp á að verja landsfje sem bezt og viturlegast, verði mjer samdóma um, að heppilegast muni að frumv. þetta sje fellt.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mjer kom nokkuð undarlega fyrir ræða h. vara forseta (Ó. Br.), þar sem hann kemur með hana ekki einu sinni á 11. stund, heldur ekki fyr en á 12. stund. Nú er 3. umræða málsins og því ekki framar hægt að koma breytingum á hjer í deild. Því getur þessi ræða ekki hafa verið haldin til vor þingdeildarmanna, heldur verð jeg að skoða hana fremur sem afsökunarræðu til kjósendanna. Jeg skil ekki hvað slíkar ræður eiga annað að þýða en það, að rjettlæta atkvæði sitt. En mjer sýnist það hreinn og beinn ábyrgðarhluti fyrir hvern þann þingmann, sem finnur aðra eins galla á einhverju frv., eins og h. varaforseti (Ó. Br.) kvaðst finna á þessu, að þegja yfir þeim, þangað til ómögulegt er orðið að bæta úr þeim hjer í deild. Við slíku hefði jeg sízt búizt af h. varaforseta, svo góðum og greindum manni sem hann er. Þegar vjer sömdum frv., sömdum vjer það auðvitað með þeirri meðvitund, að vjer mundum naumast hafa hitt hið rjettasta og bezta, að ekkert mætti að frv. finna, en vjer treystum því að þeir, sem betur sæju, mundu koma með bendingar sínar. Jeg skal annars játa, að jeg tel það engan aðaltilgang farar minnar á þing, að eiga þátt í launahækkun eða launalækkun; jeg álít það ekkert stórt princip-spursmál, nje að oss ríði öllu fremur á að fást við það mál. Það sem farið er fram á í frv. er heldur ekkert nýtt; sjálf sparnaðarnefndin á þingi 1883 kom með frv. í líka átt (*Þorl. J.:* Nei); jeg held jeg hafi lesið það frv. eins h. þm. (Þorl. J.). (*Þorl. J.:* Ekki eins vel). Jeg skal játa það, að mjer eru ekki fullkunnug kennaralaun erlendis nje laun forstöðumanna hlutafje-

laga, en mjer er það kunnugt, að síðan 1875 höfum vjer verið að berjast við launalækkanir. En hver hefir árangurinn orðið? Segi andmælendurnir mjer það. Hefðu h. flutningsmenn launalækkunarfrumvarpsins 1887 verið svo duglegir, að koma því þá í gegn, hefðum vjer mátt vera þeim þakklátir fyrir; þá hefðum vjer máske nú ekki fengið biskup og háyfirdómara með þessum háu launum. H. varaforseti (Ó Br.) tók það fram, að þeir væru báðir ungir menn, og launalækkunin mundi því um langan tíma ekki geta náð til embætta þeirra. Dauðlegir eru þeir þó, eins og aðrir menn og geta dáið í dag eða á morgun, svo að ekki er hægt að byggja fast á því, hve lengi þeir muni sitja að embættum. Jeg legg annars ekki mikla áherzlu á það atriði. Mjer finnst það þýðingarmeira, að ræða um það, hver laun sjeu hæfileg í embættum þessum, en hitt, hverjir í þeim sitji nú eða hve lengi þeir muni sitja í þeim. Jeg tel víst, að jeg hefði getað gengið inn á breytingar þær, er h. varaforseta hefði þótt æskilegar, en mjer hefir ekki gefizt kostur á að sjá neinar þeirra, og því get jeg ekki heldur nokkuð um þær sagt. En þegar vjer lítum á afdrif launamálanna að undanförnu, þá sýnist mjer það vera að berja höfðinu við steininn, að þjakka allt af í sama farið. Það er ekki til neins að vera að koma fram með þau launalög, sem engin von er til að gangi einu sinni í gegn um þingið, þótt ekkert tillit væri tekið til þess, hvað stjórnin mundi gjöra við þau; því sýnist mjer praktiskara að ganga inn á þann veg, sem bæði getur orðið til sparnaðar og um leið ekki vonlaust um þegar í upphafi að muni liggja annað en út í verstu ófæru. Jeg vil spyrja h. varaforseta og þá, sem honum fylgja, hvað þeir ætli að gjöra, til þess að verða við vilja kjósenda sinna með launalækkun? Vjer höfum þó nokkuð gert, en þeir hafa ekki stigið eitt spor í þá átt, að fullnægja hinum brennandi áhuga kjósenda sinna á launalækkunum. Jeg þættist í sannleika ekki hafa þvegið hendur mínar, þótt jeg gæti sagt við kjósendur mína, þegar af þingi er komið, að inn á þing hefði komið frv. um að lækka skyldi laun embættismanna, en jeg hefði ekki getað verið með því, af því að það hefði ekki farið fram á nógu mikla lækkun. Jeg er hræddur um að þeir mundu þá spyrja mig: Hvernig stendur þá á því, góðurinn minn, að þú komst ekki sjálfur fram með frv., er færi fram á meiri lækkun? Það er veik ástæða gegn þessu frv., að ákvæði þess komi ekki undir eins í gildi. Vjer munum seint semja þau launalög, er þannig verði úr garði gjörð. Jeg kannast við, hvað jeg sagði um amtmannaembættin á síðasta þingi, en af því að jeg er ekki óskeikull, eins og páfinn, þá þótti mjer nú rjettara, að setja einnig þessi embætti í frumvarpið; því að vel getur verið, að frumvarp þetta verði fyrr að lögum en amtmannaembættin verði afnumin; embætti þessi geta því losnað á þessu millibili og þá kemur lækkunin í gildi.

H. varaforseti (Ó. Br.) talaði líka um, að sjer þætti skrítið að jeg hefði barizt á móti launahækkun kennarans við læknaskólann á síðasta þingi, en væri þó með því, að hækka nú laun annara kennara. En jeg held það megi lesa það eptir mig, að jeg hafi ekki verið móti að bæta upp embættið með sjerstökum lögum, ef ástæður virtust mæla með; en jeg er móti þessum launabitlingum árlega á fjárlögum; það er ófært að vera að peðra slíku inn á fjárlögin ár hvert; það tefur tímann og hefir fleira illt í för með sjer.

Viðvíkjandi frv. því, sem nýlega kom hjer fram um, að hækka laun kennarans við læknaskólann, þá gjörði jeg mig þar ekki sekan í nokkurri ósamkvæmni, því að jeg felldi það ekki frá 2. umræðu; hvað jeg mundi hafa gjört, ef frumv. hefði lengra farið, varðar engan um. Jeg

hef heyrt á svo mörgum, að þeir vilji koma á launalækkun, og þegar nú reynslan hefi sýnt, að þær launalækkanir, sem hingað til hefir verið farið fram á, hafa ekki náð fram að ganga, þá finnst mjer, að við flutningsmenn þessa frv. höfum stigið nokkurt spor í þá átt, að miðla málum í þinginu sjálfu, með því að halda ekki dauðahaldi í sum þeirra frumvarpa í þessu máli, sem mikill hluti þingsins sjálfs hefir talið óhafandi; með þessu frumvarpi sparast þó með tímanum 10,600 kr. á fjárhagstímabilinu, og jeg efast ekki um að sumir af búnaðarskólum vorum yrðu fegnir, ef þeir fengju þær 5,300 kr. á ári, sem mundu sparast við það, að frv. yrði að lögum. Þótt sumir þeirra embættismanna, sem vjer viljum lækka hjá, kunni að lifa lengi, verður oss ekki gefið að sök, því að jeg ætla, að vjer getum illa búið til frumvarp eða lög um, að þeir skuli deyja.

Sveinn Eiríksson: Jeg er h. flutningsmönnum þakklátur fyrir, að þeir hafa komið með frumv. þetta; en jeg er þeim líka þakklátur fyrir, að þeir hafa ekki farið svo gífurlega langt, því að kennararnir verða að hafa sín fullu laun, kennararnir, þeir menn, sem kenna æskulýðnum, eða ættu að kenna æskulýðnum þann veg, sem hann á að ganga; því er jeg ekki samþykkur, því eins og h. varaforseti (Ó. Br.), að tekin sjeu til óþarflega há laun handa þeim. Jeg vildi bæði láta hækka launin meira en gjört er, og líka lækka þau meira.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 14 atkv. gegn 5, og afgreitt til forseta Ed.

Frumv. til laga um gjald af aðfluttu smjöri og öðru viðmeti (C. 195, 219); 3. umr.

Flutningsmaður (*Árni Jónsson*): Þar sem mál þetta hefir svo ýtarlega verið rætt og rannsakað við hinar fyrri umræður, þá vona jeg, að umræðurnar þurfi ekki að vera langar nú. Sjerstaklega vona jeg þetta af því, að jeg og aðrir h. þingdm. höfum komið fram með breytingartill. (C. 219), sem lúta að því, að gera frumv. aðgengilegra fyrir suma andmælendur þess. Breytingartill. vona jeg sjeu svo ljósar, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þær.

Fyrsta breytingin lýtur að því, að gera greinarmun á smjörlíki (margarin) og öðru reglulegu smjöri útlendu. Hin önnur breyting er sú, að tollurinn er færður niður um helming, úr 20 aura í 10 aura. Þriðja breytingin er einnig mjög þýðingarmikil, og munu margir álíta hana nauðsynlega til þess, að tryggja það, að smjörlíki verði ekki selt fyrir reglulegt smjör. Þessi breyting er í því fólgin, að ákveða, að þessi vara skuli seld í ilátum með ákveðnum vörumerkjum.

Til þess að fá þessu framgengt og koma í veg fyrir að móti verði brotið, gerir breytingin jafnframt ráð fyrir sektum.

Fleira þarf víst ekki að mæla með þessari breytingu eða málinu yfir höfuð, því jeg vona að það fái framgang eins og áður. Verði nokkrar umræður um málið nú, sje jeg ekki að þær geti hnigið að öðru en því, að ráða til að samþykkja þessar breytingartill. okkar eða fella þær; því aðrar breytingar eru ekki framkomnar og um aðalefnið var áður rætt ýtarlega.

Þorsteinn Jónsson: Umræðurnar voru orðnar svo langar síðast, þegar þetta mál var hjer fyrir deildinni, að jeg vildi ekki lengja þær með því að svara ræðum nokkurra h. þingdm. eins rækilega eins og jeg vildi og þurfti. Sumir þeirra snerust á móti mjer með því að rangherma orð mín og snúa út úr þeim á marga vegu. Þeir bjuggu til hverja vindmylnuna eptir aðra, rjeðust á þær allar og felldu þær, og unnu þannig hvern sigurinn á eptir annan, það er að segja á vindmylnum.

H. 1. þm. N.-M. (Jón Jónss.) brá mjer um, að jeg hefði sagt, að í þessu máli kæmi fram eigingirni meðmælenda máls-

ins. Það orð datt mjer ekki í hug, enda kom það ekki úr mínum munni. Jeg kann að hafa sagt, að þetta mál væri sprottið af æsingun í sveitabændum eða eitthvað á þá leið, og að fulltrúar þeirra ætluðu að neyta aflsmunar á þingi. Þá var það haft eptir mjer, að Vestmannaeyingar miðluðu sveitamönnum «margaríni». Það sagði jeg aldrei. En jeg sagði að sveitamenn kæmu opt svo illa útbúnir til eyjanna, að eigi mundi af veita, þótt margarin væri til handa þeim á eyjunum, svo að þeir þyrftu eigi að jeta þurrt.

H. þm. Mýr. (Á. J.) gat um, hvað mikið hefði verið flutt til Vestmanneyja af útlendu smjöri síðustu árin. Hann fór þar eptir skýrslum, en þm. má vara sig á þeim. Þær greina eigi æfinlega rjett frá. Þær geta bæði verið óglöggar og rangar. Vara þeirra, sem inn eru fluttar frá Englandi til pöntunarfjelaga og annara, er víst ekki æfinlega nákvæmlega getið á skýrslunum. Skýrslur fastakaupmanna kunna að vera nokkuð áreiðanlegri. Svo mikið veit jeg fyrir víst, að einn kaupmaður hjer í Reykjavík flutti hingað 19000 pund af «margaríni» í fyrra og keypti auk þess á 11 þús. pund af mör og tólg.

Jeg er hræddur um, að sá maður ætti bágt með að fá nægilegt viðmeti á sinn útveg, ef hann gæti ekki fengið «margarin». Hann þarf 19 fjórðunga af smjöri handa sjómönnum sínum um vikuna. Þetta veit jeg er satt; því maðurinn hefir sagt mjer það sjálfur, og honum er óhætt að trúa.

H. þm. Mýr. (Á. J.) sagði ennfremur, að ummæli mín um þetta mál hefðu verið miðuð við hinn þröngva sjóndeildarhring Vestmanneyinga. Það var alls ekki svo, heldur eru þau miðuð við sjóndeildarhring sjávarbænda yfir höfuð, hvar sem þeir eru á landinu.

Það má líka óhætt segja, að sjóndeildarhringur Vestmannaeyinga er ekki þrengri en landsmanna yfir höfuð, hvorki sá líkamlegi nje sá andlegi sjóndeildarhringur. Að því er snertir hinn líkamlega sjóndeildarhring, skal jeg geta þess, að við sjáum úr eyjunum í *fjórar* sýslur á landi. Gjöri aðrir betur. Að því er hinn andlega sjóndeildarhring snertir, þá skal þess getið, að við höfum á sumrum mjög fjörug viðskipti bæði við landið sjálft og við útlönd. Yfir höfuð ímynda jeg mjer, að sjóndeildarhringur eyjarskeggja sje miklu víðari en sumra dalabúa í kjördæmi þingmannsins og víðar.

H. þm. N.-Þing. (Jón Jónss.) sagði, að flestir landsbúar lifðu á kvikfjárrækt. Getur vel verið, en búskapur sveitamanna er þó engan veginn svo, að þeir geti byrgt sjávarbændur upp með feitmeti. Það þarf, það er nauðsyn að flytja inn smjör. Það er iðulega talað um sjóinn sem gullkistu þessa lands, og allir óska eptir, að sjávarútvegurinn eflist og taki framförum. Frakkar senda hingað árlega mörg hundruð skipa til fiskiveiða, og mönnum telst svo til, að um 2 miljónir Frakka lifi af sjávarafla hjer við land. Þá ætti sjávarútvegurinn líka að geta fætt 2 miljónir Íslendinga, ef efnin leyfðu að þeir gætu stundað hann með sama dugnaði og Frakkar. Þingið hefir undanfarandi ár lagt fram fje til stýrimannakennslu, og nú liggur fyrir þinginu frumv. um að koma á sjómannaskóla, og komist hann á og verði í góðu lagi og jafnvel betra en stjórnin fer fram á, þá er mikil trygging fengin fyrir því, að sjávarútvegurinn aukist og eflist. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, miðar aptur á móti i þá átt, að hnekkja sjávarútvegnum. Þannig vilja sumir þingmenn styðja með annari hendinni en hnekkja með hinni þessum mikilsvarðandi atvinnuvegi landsbúa.

H. þm N.-Þing. (J. J.) sagði ennfremur, að ummæli mín hefðu verið ósönn eða jafnvel ósæmileg. Þessu mótmæli jeg algjörlega. Enda er þessi áburður eigi síður meiðandi fyrir forseta deildarinnar

en mig. Það er hans skylda að sjá um, að menn viðhafi ekki ósæmileg orð. Jeg sagði ekkert annað en það, að sveitabændur neyttu hjer aflsmunar við sjávarbændur. Sami h. þm. sagðist kunna því illa, ef nesjaviljinn mætti sín meira í þessu máli, en vilji hinnar íslenzku þjóðar. Þetta er víst eitthvað mislukkuð setning. Rjett eins og sjómenn sjeu ekki hluti hinnar íslenzku þjóðar, en þjóðin samanstandi af sveitamönnum einum. Nei, sjávarbændur heyra líka þjóðinni til, og fjöldi af sveitabændum lifir af sjávarútvegi líka, og sjávarbændur hafa margir líka dálítinn landbúnað. Að öðrum kosti skal jeg játa það, að breytingartill. þær, sem hjer liggja fyrir, miða til bóta, þar sem þær ákveða, að tollurinn skuli að eins leggjast á smjörlíki eða «margarin». Samt sem áður mun jeg ekki gefa breytingartill. atkvæði mitt, því jeg vil alls enga verndartolla hafa á þessari vöru. Því þegar menn auka framleiðslu smjörs í landinu og vanda innlent smjör, þá hættir «margarin» að flytjast af sjálfu sjer, fyrir eðlilegu rás viðskiptanna.

Þorlákur Guðmundsson: Hinar löngu tölur, sem haldnar voru móti þessu máli við 1. og 2. umr., gengu, að mjer virtist, nokkuð í ýmsar átti. Sumar gengu sjerstaklega út á það, að sanna, að landið gæti ekki framleitt eins mikið smjör eins og landsmenn þyrftu; þetta getur satt verið. En þó mun hin litla framleiðsla stafa nokkuð frá harðæri og samgönguleysi. En það er aptur það góða, að það smjör, sem landið framleiðir, er sannarlegt smjör, og frá útlöndum má líka fá hreint (ekta) smjör. Það þarf ekki að flytja inn þetta «margarín». Læknarnir okkar hjer í deildinni segja reyndar, að þetta smjörlíki sje ósaknæmt, og jeg sje, að blöðin segja að ekki sjeu skaðleg efni í því. En mjer er þetta ekki nóg. Jeg vil heyra meira. Hvað mikið næringargildi hefir þetta smjör í samanburði við íslenzkt smjör? Jeg bið hina h. lækna hjer í deildinni að svara þessari spurningu. Skyldi ekki vera eins gott og nærandi 1 pund af herragarðssmjöri, svo kölluðu, eins og 2—3 pund af þessu smjörlíki?

Mjer er ekki nóg, þótt menn kaupi og hafi keypt þetta «margarín» af fávizku og heimsku, eða af því að húsbændur hafa treyst því, að sjómenn þeirra og vinnuhjú vissi ekki hvað þau ætu. Jeg held að hverjum heiðarlegum húsbónda væri sæmra að gefa hjúum sínum hreint íslenzkt smjör, en þetta ódýra útlenda smjör.

Reyndar hafa komið fram talsverðar umtölur um, hvernig okkar íslenzka smjör væri. En jeg held að þær ræður hafi gengið nokkuð langt, og fremur átt við hinn liðna tíma, en hinn yfirstandandi. Dæmin, sem tekin voru, munu sem betur fer, vera byggð á horfinni tíð. Jeg gæti fært mörg dæmi frá nútíðinni, hinum alveg gagnstæð. Jeg hefi orðið svo frægur að fá leignasmjör frá fátækri ekkju í Borgarfirði; það smjör reyndist gott og hefir verið vel þegið af daglaunamönnum, sem jeg hef goldið það. Jeg hefi líka einu sinni fengið «margarín»; en þá var það líka í eina skiptið, að verkamenn mínir kvörtuðu undan viðgjörðunum. Jeg veit líka, að þegar þetta smjör er brætt, þá kemur ekki annað í ljós en sori og vatn. Það kemur þó feiti úr íslenzka smjörinu, og þó að það kannske sje ekki allt af soralaust, þá er víst ekki verri sorinu úr því, en «margarín»-smjörinu.

Mig furðar annars stórlega á því, að nokkur þingmaður skuli verða til þess, að bera annað eins fram eins og það sem talað var hjer um íslenzka smjörið við fyrri umr. málsins. Það sem menn tala hjer, það tala menn frammi fyrir allri þjóðinni, öldum og óbornum, já frammi fyrir öllum heiminum. Þessi áburður er ekki að eins karlmönnunum til vanvirðu,

heldur konunni líka, já henni miklu fremur. Það er kvennanna heiður eða vanheiður hvernig smjörið er, sem frá heimilunum kemur. Þessi áburður og óhróður gengur sannarlega allur út á þá íslenzku kvennþjóð. Sannleikurinn er sá, því fer betur, að verkun á smjöri er nú miklu betri en hún var áður fyrri, þó jeg neiti því ekki, að undantekningar geti átt sjer stað. Jeg þekki mörg heiðarleg heimili í mínu kjördæmi, sem verka mikið gott smjör, og jeg mótmæli því, að það sje nema ef vera skyldi undantekningar, að það komi óætt smjör. Seinast í morgun talaði jeg við heiðarlegan mann hjer í bænum, sem sagði, að leignasmjör, sem hann fengi, stæði lítið að baki góðu dönsku herragarðssmjöri. Mjer þykir vænt um, að geta borið þetta fram hjer gagnvart þeim bitru ásökunum, sem íslenzkt kennfólk hefir fengið hjer í salnum. Jeg vona, að frelsið og mannrjettindin eigi þá framtíð fyrir sjer, að konur sitji hjer í einhverjum sætunum að hundrað árum liðnum, 1989, og jeg vona að þær líti þá til baka í alþingistíðindin, og sjái, hvað talað hefir verið um íslenzkar konur 100 árum áður. Ef að kvennþjóð vorri ekki verður gert neitt sjerstaklega gott á þessu þingi, þá ætti þó að unna þeim sannmælis, og lofa þeim að vera í friði.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Þrátt fyrir hina makalausu ræðu h. þm. Vestm. (Þorst. Jónss.) um, að sjóndeildarhringur Vestmannaeyinga væri ekkert einkennilegur, mun þó óhætt að segja, að ræða hans hafi lýst því, að sjóndeildarhringur þingmannsins sjálfs væri harla einkennilegur; því það er víst nokkuð óvanalegt, að þingmenn standi upp við 3. umr. máls, og haldi þá roknaræður um það, sem fram hefir farið við 2. umr., eptir að þeir eru búnir að rekja ræður mótmælenda sinna á lestrarsalnum og tína og rubba upp úr þeim það, sem búið er að ræða nóg um.

Og hver er svo endirinn og ályktunin af þessu öllu hjá h. þm.? Hann getur ekki eptir alla þessa roku verið með breyt ingartill., sem hann játar þó að miði til bóta. Hvað á þá öll þessi ræða að þýða? Hvaða gagn gjörir hún?

Sama gagn og aðrar ræður þessari líkar: eyða þingtímanum og lengja þingtíðindin.

Mjer datt í hug þegar þm. var að slá um sig og vega að einum eptir annan, er hann hafði eigi náð í við 2. umr., að það myndi rjett eins og hann væri á fuglaveiðum úti í Vestmannaeyjum. Þann fugl, er hann gæti eigi náð í þessari ferðinni, reyndi hann að elta upp í næstu ferð, og hlífðist þá ekki við að beita meiri ákafa en áður. Þessari aðferð virðist hinn virðulegi þm. beita við okkur andmælendur sína. Af því hann þóttist ekki geta svalað sjer nóg á okkur síðast, þá rýkur hann nú upp á okkur með þessum litla gauragangi. Þetta lýsir þó sannarlega ekki víðum sjóndeildarhringi, heldur þröngum og harla einkennilegum sjóndeildarhringi.

Þegar hann getur ekki borið á móti því, að jeg hafi haft það rjett eptir skýrslunum, sem jeg sagði um innflutning útlends smjörs til Vestmannaeyja árin 1886 og 1887, það er að annað árið hafi ekkert verið flutt þangað, en hitt árið 132 pund, þá grípur hann til þess, sem hægast var, að rengja skýrslurnar sjálfar. Svo fer hann upp úr öllu saman að tala um óáreiðanlegleik skýrslna yfir höfuð. Einkum ætlar hann, að Englendingar, sem verzla við pöntunarfjelögin, gefi rangar skýrslur. Flytja Englendingar nokkrar vörur til Vestmannaeyja? *(Þorsteinn Jónsson:* Nei, til landsins). Nú til okkar. Það á þá máske að vera «pilla» frá honum til okkar Norðlendinga. Hvernig fer

þm. nú að sanna, að skýrslurnar sjeu rangar? Jeg skora á hann að sanna það. Og jeg skora jafnframt á hann að sýna, í hvaða sambandi þær skýrslur, sem Englendingar gefa, standa við smjör-innflutning til Vestmannaeyja, fyrst þeir flytja engar vörur þangað. Annars vil jeg ekki fara að skattyrðast við þm. Það sýnir, hvað einkennilegur sjóndeildarhringur hans er, að fara nú að rifja upp það eitt, sem áður er búið að tala um málið, en koma með engar nýjar upplýsingar. Það er víst — sem betur er — fáheyrt og færi ekki vel, ef margir þingmenn hefðu slíkan sjóndeildarhring. Jeg mun nú láta hjer við sitja og vona jeg, að aðrir gjöri hið sama, því það er ekki skemmtilegt að hafa langar umr. um jafn lítið mál.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Það er að eins lítil bending, sem jeg vildi gera við ræðu þm. Vestm. (Þorst. J.).

Mjer hefir aldrei dottið í hug að segja, því síður sagt, að nesjamenn væru ekki partur af þjóðinni. Að vísu má draga þetta út úr orðum mínum, eins og skrifararnir hafa ritað þau, en þau eru ekki alveg rjett skráð. Það er mjög leiðinlegt, þar sem jeg og h. þm. Vestm. höfum ætíð verið góðir kunningjar, að hann skuli vera að sælast eptir, að láta prenta eptir sjer orð, sem gætu raskað kunningsskap okkar.

Þorvaldur Bjarnarson: Þessi breytingartill., sem hjer liggur fyrir, fer fram á, að minnka tollinn á þessari vöru, sem jeg þó verð að álíta ekki háan toll, þar sem um svikna vöru er að ræða.

Jeg verð að segja líkt og síðast, þegar þessu skylt mál var hjer til umræðu í deildinni: «Hvað er sannleikur?» H. þm. N.-Þing. (J. J.) svaraði, að allar liðnar aldir hefðu ekki getað leyst úr þessari spurningu, en fyrst h. þm., sem sjálfur hefir sagt, að enginn gæti leyst úr, hvað sannleikur væri, gerði nú samstundis það að telja það upp, hvað sannleikur væri í því umspurða, þá hefir hann gert það, sem öllum mannanna börnum hefir verið ómögulegt að gera, frá því *orðið* varð til.

Hann er þannig orðinn sannleikanum jafn, en öllum hinum meiri. Sá, sem þannig hefir gert það ómögulega, leyst úr því, hvað sje sannleikur, geri hann nú einnig það, sem hann skorar á mig að gera, leiðrjetti hann sjálfur þann sinn framsagða sannleika, því jeg álít honum sjálfum tilkoma sú æra, ef ekki sá vansi, að gera það.

En þar sem hinn sami h. þm. vildi veita hverju heimili á landinu 2000 kr., þá get jeg skilið, að heimilin gætu þegið styrk þenna, en þá held jeg nú samt, að ekki spillti til, að fá tollinn af svika-smjörinu með í landssjóð, ef að það er sannleikur, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) segir, sem jeg af framan greindum ástæðum ekki efa, fyrst hann segir það.

Þess vegna greiði jeg atkvæði með tolli á þessu margnefnda og eiturkennda svikasmjöri, og vona, að aðrir h. þm. geri slíkt hið sama.

Jónas Jónassen: Það lítur út fyrir, að umr. um þetta mál ætli að verða nokkuð langar, og ætli að fara líkt og var á ríkisþingi Dana, er þetta mál var þar til umræðu.

Það, sem mjer finnst aðalatriðið í þessu máli, er það, hvort beri að leggja toll á þá vöru, sem er, eins og margopt er búið að taka fram, eigi nægilegt af í landinu, en sem þó er alveg nauðsynleg.

Menn hafa hjer verið að bera sig saman við Danmörku; en það stendur nokkuð öðru vísi á þar. Þar er framleiðslan á smjörinu langt um þarfir fram; en þar á móti er það margsannað —jeg tek það upp aptur— að okkar land ekki framleiðir nóg smjör. Þessu til sönnunar get jeg tekið til dæmis lang-duglegasta kaupmanninn hjer í bænum; hann þarf árlega að kaupa 34,000 pund af margarín-smjöri, en hvernig sem hann hefir lagt sig í

líma með, að fá íslenzkt smjör, hefir hann ekki getað fengið nema 10,000 pund af smjöri og tólg til samans, og það fær hann sumpart austan af Seyðisfirði og sumpart ofan úr Borgarfirði; þessi sami kaupmaður þarf að brúka 11 fjórðunga af smjöri um vikuna. Mjer er sama þó jeg nefni manninn; það er hinn alkunni dugnaðar- og sómamaður, Geir kaupmaður Zoëga. Ef að nú bann-tollur væri lagður á útlent smjör —því banntoll verð jeg að telja það, sem frv. fer fram á; hvar ætti hann þá að fá smjör? Það get jeg fyrir mitt leyti ekki sjeð, þar sem við höfum ekki nóg smjör í landinu.

H. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) spurði, hvaða næringargildi að margarínsmjör hefði? Jeg get sagt um það, að næringargildi góðs margarín-smjörs er álitið lítið minna en vanalegs smjörs; þar sem talað er um óheilnæmi margarínsmjörs, þá er mjög eðlilegt, að svo geti verið í því sumu; en mjer er spurn: Skyldi ekki vera óheilnæmi í sumu okkar íslenzka smjöri? Jú, sannarlega, og jeg er viss um, að þar liggja ein aðalupptök hinnar voðalegu sullaveiki hjer á landi.

Sami h. þm. (Þorl. G.) sagði, að þeir sem mæltu gegn þessu, gættu þess ekki, að þeir töluðu fyrir öllum heiminum um hina ísl. kvennþjóð; en jeg verð þó að álíta, að óverkunin á íslenzku smjöri sje ekki eins mikið kvennþjóðinni að kenna, eins og h. þm. virtist ætla; það er líka bændunum að kenna; ef bændurnir útveguðu konunum betri húsakynni, þá er jeg viss um, að þrifnaður í þá stefnu færi vaxandi sem í aðra. Það er að vísu satt, að mörg heimili framleiða gott og útgengilegt smjör; en það er eins og einn dropi í hafi, í því tilliti, að fullnægja þeim þörfum, sem eru. Hefði frv. þetta ekki gengið lengra heldur en 3. breytingartill. gengur, að eins í þá stefnu, að ílátin, sem smjörið er flutt í, sjeu merkt með ákveðnu vörumerki, —þannig er gert á Þýzkalandi, Englandi og í Danmörku; þar er ákveðin hæð og vídd þeirra íláta, sem það er flutt í, og allt annað confiskerað — hefði frv. ekki gengið lengra en þetta, þá hefði jeg getað glaður gefið því atkvæði mitt, því þá væri trygging fengin fyrir því, að hingað gæti ekki flutzt vont margarinsmjör — það versta margarínsmjör flyzt frá Ameríku, hið bezta frá Hollandi, en ef við hefðum slík lög, þá væri öllu vel borgið.

Jón Jónsson (þm. N.-M.): Jeg ætla að leyfa mjer, að fara fáum orðum um breytingartill. þá, er hjer liggur fyrir.

Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg gæfi frv. atkvæði mitt, af því að jeg áliti mjer skylt, að stuðla til þess með atkvæði mínu, að hnekkt yrði innflutningi á þessari vöru, af því jeg áliti hana viðbjóðslega; en það er alls eigi meining mín, að hnekkt sje aðflutningi á góðu smjöri; þess vegna mun jeg greiða atkvæði mitt með 1., 3. og 4. breytingartill.; en þar á móti mun jeg ekki greiða atkvæði mitt með 2. breytingartill., því jeg álít toll þann, er frv. fer fram á, eigi of háan.

H. þm. Vestm. (Þorst. J.) brá mjer um það, að jeg rangfærði orð sín. Jeg vona, að h. þingdm. hafi heyrt það, eins og jeg, að hann brúkaði orðið «eigingirni»; en þessi orð hans gleðja mig að því leyti, að jeg tek þau sem vott um það, að hann óski, að hann hefði ekki brúkað þetta orð, og vilji því hafa það eins og ótalað; en þar sem sami h. þm. færði það til varnar, að Vestmanneyingar hefðu eigi þröngan sjóndeildarhring, því það sæist meðal annars á því, að þeir hefðu viðskipti við svo margar þjóðir, þá sannar það ekkert, því það vita allir, að það eru opt til nurlarar, sem hafa viðskipti við

marga, en eru þó svo þröngsýnir í almennum málum, að þeir sjá ekki, sem menn segja, út yfir asklokið.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta mál er orðið nokkuð breytt frá því, sem það hefir verið; í staðinn fyrir toll á öllu útlendu smjöri og viðmeti kominn tollur og sekt fyrir að kaupa og selja margarin. Það er margsannað, og óhrakið til þessa, að nóg smjör er ekki framleitt í landinu, og ennfremur er það sannað, að smjör það, sem flutt er til landsins, er síður en ekki óheilnæmt og stendur margt hvað sízt á baki sumu innlendu smjöri. Og fyrst þetta er sannað rjett að vera, þá finnst mjer engin meining í, að banna innflutning margarínsmjörs; jeg fyrir mitt leyti vil helzt vera laus við lög, sem banna mjer að kaupa það, sem mjer þykir gott; að leggja toll á margarínsmjör, af því spurning geti verið um næringargildi þess —er ekki rjett, úr því það er bráðnauðsynleg vara.

Það vill annars mikið illa til, að hið upphaflega frv. skuli þannig vera úr gildi fallið, einkum vegna h. varaforseta (Ól. Br.), vegna hans, sem hefir komið með tollafrv. á hverju einasta þingi, síðan hann kom á þing, og það á því þingi, sem það gat alls eigi átt heima á.

Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. þingdm., að vera á móti þessum 10 aura tolli, því ef þeir verða það ekki, þá eiga þeir á hættu, að hann bregði þeim að 10 —20 árum liðnum um þann skaða, sem þeir hafi gert landssjóð með því, að samþykkja tollinn svona lágan; jeg fyrir mitt leyti vil ekki hætta mjer út í það, að greiða atkv. með þessum tolli, og svo kannske baka mjer álas og ásakanir frá h. varafors. (Ól. Br.), frá honum, sem kemur með tollafrv. á hverju þingi. Jeg vil ekki vera svo harður við h. deild, að reikna út, hvaða skaða hún mundi gera landssjóði, ef hún samþykkti þenna 10 aur. toll, þó h. varaforseti væri svo harður við mig, að reikna það út um daginn, hvaða skaða jeg hefði gert landssjóði 1871, hefði mínum tillögum þá verið fylgt að því er snerti brennivínstollinn, þó reyndar sá skaði hefði komið niður á ríkissjóði, en ekki á landssjóð. Jeg vil heldur ekki vekja harma h. deildar með því, að koma með tölur, rjettar eða áætlaðar, um það, hve mikið tjón það hafi verið fyrir landssjóð, að hinir mörgu tollar, sem h. varafors. hefir stungið upp á, hafa eigi náð fram að ganga; eptir áætlun gæti það numið miljónum.

H. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) spurðist fyrir um næringargildi margaríns, en h. þm. Reykv. (J. Jónassen) hefir gefið honum þar góð svör og gild.

Sami h. þm. talaði mikið um, að hjer hefði komið fram strangur dómur um landsmenn; já, að vísu er hann strangur; en það skyldi gleðja mig, ef þessar umræður yrðu til þess, að smjörverkun færi batnandi, það veitir sannarlega ekki af, því jeg er alveg samdóma h. þm. Reykv. —þó jeg sje ekki læknir,— um, að sullaveikin hafi mikla stoð í hinu íslenzka smjöri.

H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) vildi halda uppi rjetti kvennþjóðarinnar, og er það sízt að lasta; en það er óhætt að segja, að ill verkun á smjöri er engan veginn konunum einum að kenna, því það eru bændurnir, sem búa þeim í hendurnar húsakynnin.

En þar sem h. þm. Rangv. (Þ. Bj.) talaði um eitur-fjanda . . . . . *(Nokkrir:* Hann sagði: eiturkennt!). Mjer hefir þá misheyrzt; en ef um eitthvert eiturkennt efni er hjer að ræða, þá vil jeg ekki láta nema staðar við tollinn, heldur banna með lagaboði, að flytja til landsins allt eiturkennt smjör.

Jeg held það borgi sig ekki, að eyða fleiri orðum um frv. þetta; jeg vona, að h. flutningsm. (Á. J.) sjái, að heppilegast sje að taka frv. aptur, en fella breytingartillöguna.

Ólafur Pálsson: Mjer datt ekki til hugar, að umræðurnar um þetta mál yrðu svona langar, þegar breytingartill. voru fram komnar, því mjer fannst sem þá væri flestu því á brott hrundið, sem að frv. yrði fundið.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hefir tekið af mjer mikið ómak í því, að halda hlífiskildi fyrir kvennþjóðinni, og er jeg fyrir það honum mjög þakklátur.

Þeirri spurningu var áðan beint að h. þm. Reykv. (J. Jónassen), hvort mundi vera meira næringarefni eða feitmeti í íslenzku smjöri eður margarín-smjöri; en jeg heyrði ekki, að hann gæti svarað þeirri spurningu; en að mínu áliti mun ekki þurfa annað en að bræða hvortveggja, og sjá svo, hvort hefir meira feitmeti í sjer fólgið.

En mjer finnast umr. vera orðnar nokkuð langar, og vona, að allir verði breytingartillögunni samþykkir.

Gunnar Halldórsson: Af því breyt.-till. er komin fram við frv. þetta, þá skal jeg í stuttu máli gjöra grein fyrir atkvæði mínu, sem jeg mun gefa breytingartillögunni, og þá um leið, ef breyt.-till. verður samþykkt, frumvarpinu, um toll á margaríni.

Í skýrslum frá þingmálafundum sjest það, að á þeim flestum hefir verið farið fram á, að leggja toll á smjörlíki (margarín), og er jeg því samdóma; því jeg hygg, að það eigi það skilið. Jeg skal ekki segja um, hvernig það margarínsmjör er, sem hingað er flutt; en jeg veit um, að smjörlíki það, sem flutt er til Ísafjarðar, að menn kjósa öll úrræði fremur en að kaupa það; og til þess veit jeg, að ef að kaupmenn vilja gjöra einhverjum viðskiptamanni sínum, sem vantar smjör, þægt verk, þá bjóða þeir honum íslenzkt smjör, en ekki margarín.

Það hefir verið talað mikið um næringargildi margarín-smjörs; jeg skal ekki mikið dæma um það, en að eins bera það saman við sykur. Jeg get ekki sjeð, að hin sama h. þingd., sem hefir lagt 5 au. toll á sykur, geti sjálfri sjer samkvæm hafnað 10 aura tolli á smjörlíki (margarín).

Grímur Thomsen: Væri þetta margarín-smjör, eins og h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) sagði, eiturkennt, þá ætti við, eigi að leggja á það nokkuð háan toll, heldur banntoll. En ef það er eiturkennt, þá bendir þó að minnsta kosti reynslan á það, sem að Voltaire sagði um kaffið, að menn lifa lengi, þó menn neyti þess.

Jeg gæti vel skilið meininguna, ef menn legðu svo háan toll á vöruna, að það yrði verndartollur; en þá yrði hann að vera miklu hærri; því með þeim tolli, sem hjer er farið fram á, er kaupmönnum innanhandar, að flytja til landsins margarín og selja það talsvert billegar en vanalegt verð er á íslenzku smjöri. Í mínu kjördæmi var farið fram á 50 aura toll, og það get jeg mikið vel skilið, því það yrði þá jafnframt banntollur, og því þá treyst, að framleiðsla smjörs væri nóg í landinu. En jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að svo sje ekki. H. þm. Reykv. (J. Jónassen) hefir skýrt það efni með dæmi, og jeg skal leyfa mjer að koma með annað dæmi. Kaupmaður einn hefir sagt mjer, að hann frá 1. jan. til þessa tíma hafi flutt inn 16,000 pd. af margarín-smjöri, og á sama tíma hafi hann að eins getað safnað saman íslenzku smjöri, svo að að eins einni vætt hafi numið; lítur því út fyrir, að varla sje vogandi að banna innflutning á margarín-smjöri, því ekki á það við Íslendinga, að borða þurt; þvert á móti mun það einkenni á Íslendingum, að þeir þurfa ríflegt viðbiti; þannig var það siður fyrrum, að vega vinnumanni út frá Michaelsmessu til Krossmessu 8 fjórðunga af smjöri.

Jeg sje heldur ekki ástæðu til, að hraða þessu máli svo mjög; það lítur nú út fyrir, að aðflutningur á margarín-smjöri sje að minnka, þar sem hann var 1886

nær því 60,000 pund, en árið 1887 voru flutt hingað að eins 30,000 pd. og hafði pundatalan nær því minnkað um helming; fyrir liðna árið höfum vjer enga skýrslu, eins og ekki stendur til; þess vegna liggur ekki á, að leggja toll á, sem ekki hindrar að kaupmenn geti selt margarínsmjör með lægra verði heldur en bændur vilja almennt fá fyrir sitt smjör. Margarín-viðmeti kostar í innkaupum erlendis 35–40 aura, og geta kaupmenn því selt það fyrir 45—50 aura, og ef 10 aura tollur bætist ofan á, þá 55—60 aura, en það þykir oflágt verð fyrir íslenzkt smjör. Það er því mín tillaga í þessu máli, að bíða sje með að tolla þetta viðmeti, þangað til konur sitja hjer á þingi, eins og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) var að tala um; þeim er vel trúandi til að gera út um þetta mál, svo vel sje við það unandi, og þá er vonandi að framfarir landsins verði komnar á það stig, að smjörið sje eigi fullt með óhreinindi; því jeg hefi opt og einatt sjeð hjer það smjör, sem ekki hefir verið manni bjóðandi.

Þorvaldur Bjarnarson: H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) hafði eptir mjer áðan, að jeg hefði kallað margarín eiturfjanda: það sagði jeg reyndar aldrei; en jeg ímynda mjer að þessi misheyrn sje sprottin af því, að honum hafi þótt þetta nafn vel við eiga, og er jeg vel ásáttur með h. þm., að það orð hefði gjarnan mátt vera. Jeg hef nú reyndar ekki annað að segja viðvíkjandi þessum tolli; en aðalatriðið hjer, sem víðar, er, að finna út, hvað er sannleikur.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): H. þm. Reykv. (J. Jónassen) og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hafa orðið sammála um, að vera á móti frumv. þessu, en lengra nær eigi samræmið hjá þeim, þar sem þeir láta leiðast af alveg gagnstæðum ástæðum; annar þeirra segir, að frumv. sje sama sem *bann* á móti innflutning á margaríni, en hinn telur tollinn allt of lágan til að geta haft nokkra þýðingu fyrir innflutninginn. Jeg vona, að h. þm. Borgf. hafi heyrt, að sessunautur hans, þm. Reykv., kallaði þetta banntoll. En að því er snertir þær upplýsingar, sem h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) æskti eptir hjá þm. Reykv. (J. J.), þá vildi jeg helzt óska, að hann eða annarhvor þeirra læknanna, sem láta sjer svo annt um margarínið, gæfi sannanir fyrir því, hvort hefði meira næringarefni, útlent smjörlíki eða íslenzkt smjör. En hvað því viðvíkur, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) fann að þessum tolli og kvað hann ónógan til, að koma í veg fyrir innflutning á margaríni, þá hefði jeg kunnað betur við, að hann hefði haldið þá snjöllu ræðu, sem hann hjelt hjer um það efni, uppi í sveit hjá kjósendum sínum; hún hefði átt þar betur heima, eður ella hefði hann átt að fylgja þessu máli betur í því, að hafa tollinn hærri, jafnvel 50 aura, eins og þeir vildu hafa hann. En þar sem jeg vona, að hver og einn greiði atkvæði í þessu sem öðrum málum eptir sannfæringu sinni, og umræðurnar um það eru sannarlega orðnar full-langar, þá virtist mjer bezt, að hætt væri að þjarka um það lengur.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer nægðu eigi fyllilega þær upplýsingar, sem h. þm. Reykv. (J. Jónassen) gaf um næringargildi margarínsins; jeg hafði búizt við, að hann færi lengra og dýpra í þessu efni, en að segja blátt áfram, hvað hann áliti; allir geta sagt, að þeir álíti þetta og hitt, en álit manna er allt annað en vísindalegar sannanir og röksemdir, og það voru einmitt þær, sem jeg vildi fá að heyra hjá h. þm. Það lítur annars nærri því svo út, sem hann og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) telji í öll skjól fokið, ef tollur verður lagður á margarín, eins og ekkert smjör sje til í heiminum nema margarín; en það er enn ósannað, og jeg vil mjög efast um, að eigi sje hægt að fá nóg af góðu nærandi smjöri frá útlöndum, og jeg vil ímynda mjer, að 1 pund af góðu herra-

garðssmjöri sje eins góð og nærandi fæða, eins og 2—3 pund af margaríni. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir gefið íslenzka smjörinu harðan vitnisburð og jafnvel bætt nýjum áherzluorðum við þann, sem hann hefir áður gefið; en jeg vil þá spyrja hann, hvort það smjör, sem hann hefir sjeð hafi optar verið ójetandi en ætilegt *(Gr. Th.*: Já). Jæja, sanni hann það; en jeg ætla þá að spá, að svo muni fara, að annaðhvort muni hið íslenzka smjör hrekja margarínið burt af þessu landi, eða þá að tollur verði lagður á margarínið, og það fyr en sá tími er liðinn sem jeg tiltók, já, jafnvel áður en fjórðungur aldar er liðinn frá þessum tíma.

Grímur Thomsen: Jeg vil segja h. þm. Árn. (Þorl. G.) og öðrum formælendum þessa frv., að jeg hefði betur getað skilið tilgang þess, ef tollurinn hefði verið settur 20 aurar eða jafnvel enn þá hærri; en að leggja 10 aura toll á margarínið, get jeg ekki skilið að sje nein vörn á móti innflutningi þess, og jeg vona, að h. uppást.menn taki mjer ekki illa upp, þótt jeg segi, að í því sje engin meining.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 við 1. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.
Breyt.till. 2 við 2. gr. samþ. með 12 : 6 atkv.
Viðaukatill. — 1. — — — 14 samhlj. atkv.
Breyt.till. við fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.
Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 14 : 5 atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa (C. 195); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um styrktarsjóð handa alþýðufólki (C. 217.); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumvarp til laga um myndugleika (C. 206); 2. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Eins og mönnum er kunnugt, eru það lög á Íslandi, að menn verða hálfmyndugir, þá er þeir hafa náð 18 ára aldri; svo líða 7 ár, þar til þeir eru orðnir fullmyndugir í fjármálum, og þessi ár hafa þeir tilsjónarmann, sem verður að gefa samþykki sitt, þegar um skuldbindingar í fjármálum er að ræða, til þess, að slíkar skuldbindingar geti haft gildi að lögum. Þessi ákvæði eru innleidd hjer á landi með tilskipun 21. desemb. 1831, sem segir, að Kristjáns 5. D. L. 3. bók 17. kap. skuli gilda, án þess að lögin hafi verið útlögð eða á annan hátt tekin inn í lög landsins. Til þess tíma hafði ákvæði Jónsbókar um, að tvítugir menn skyldu myndugir teljast, verið í gildi, en hálfmyndugleiki þekktist eigi, enda hafa þessi ákvæði um hálfmyndugleika aldrei komizt inn í meðvitund þjóðarinnar; margir hálfmyndugir menn bindast ýmsum skuldbindingum, sem eru ógildar og opt ber það við, að tilsjónarmaður tekur við öllum ráðum og fer með hinn hálfmynduga sem ómyndugan; kemur þetta optlega ýmsu illu til leiðar, og veldur miklum óþægindum fyrir þá, sem hálfmyndugir eru, einkum af því tilsjónarmaður stendur eigi undir gæzlu hins opinbera, svo að hinn hálfmyndugi verður að leita rjettar síns með málaferlum, ef tilsjónarmaðurinn fer illa með eigur hans. Jeg veit eigi til, að hálfmyndugleiki sje lögákveðinn í nokkru landi, nema í Danmörku og Noregi; hvervetna annarsstaðar eru menn hættir við hálfmyndugleikann, og er nú í flestum löndum myndugleikinn miðaður við 21 árs aldur.

Jeg veit, að sumir Íslendingar mundu helzt vilja, að hið gamla ákvæði Jónsbókar um 20 ára myndugleika yrði aptur í lög leitt; en mjer hefir samt þótt eðlilegra, að binda myndugleikann við 21 árs aldur, eins og flest önnur lönd gera.

Nái nú þetta frv. fram að ganga, þá verður afleiðingin sú, að menn hjer eptir verða ómyndugir þar til þeir hafa náð 21 árs aldri; þá verða fjárráðamenn að skila af sjer; yfirvöldin heimta skýra reikninga og eigandinn tekur sjálfur við fullum forráðum eigna sinna, en þarf eigi að basla við tilsjónarmann.

Jeg álít það rangt gagnvart mönnum, að þeir eigi skuli verða fullmyndugir fyr en þeir eru orðnir 25 ára, sjerstaklega þegar þess er gætt, að menn geta kvænzt, orðið bændur og jafnvel embættismenn fyrir þann tíma.

Það er nú farið að tala um í Danmörku, að afnema hálfmyndugleikann, og er það náttúrlega einungis tímaspursmál, hvenær sú breyting nær þar fram að ganga; en af því að hjer er sjerstök þörf á að fá hann af numinn, þá virðist mjer eigi ástæða til að bíða eptir Dönum með þessa breytingu, heldur mun bezt vera, að koma henni á sem allra fyrst.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frumv. samþ. hver um sig með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um vexti (C. 207); 2 umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg skal eigi vera langorður um þetta mál. Það hefir áður verið til umræðu hjer á þingi og fengið góðar undirtektir. Árið 1881 var það síðast fyrir þingínu, og var þá samþykkt í neðri deild með 21 atkv.; var það fellt í efri deild, en eptir því sem efri deild nú er skipuð, þá tel jeg engan vafa á, að þetta frv. nái fram að ganga. Frv. þetta miðar til að af nema bönd á frjálsum viðskiptum manna, sem áður einnig hafa átt sjer stað í Danmörku, en eru nú aftekin með lögum. Menn hafa áður haft á móti frjálsum leiguburði, og sagt, að afleiðingin af þeim lögum í þá átt mundi verða sú, að sumir tækju jafnvel 10—20% í vexti gegn fasteignarveði, en sú mótbára getur eigi átt við þetta frv.; því hjer er einungis farið fram á, að leyfa 6%, og var það gert til þess, að forða þessu frumv. frá því skeri, sem önnur frumv. um þetta efni áður hafa strandað á.

Jeg skal svo eigi orðlengja meir um þetta mál, því jeg ímynda mjer, að öllum h. þingdm. sje eins ljóst og mjer, hverja þýðingu það hefir fyrir viðskiptalíf vort.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. frumv. samþ. hvor um sig í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (C. 215); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorvarður Kjerúlf): Jeg skal ei verða langorður um þetta frumv. því mjer virðast mikil líkindi til, að það eigi mæti mikilli mótspyrnu á þinginu. Ástæður þær, sem bornar hafa verið fram í hjeraði fyrir þessu máli, eru til sýnis á lestrarsalnum, og munu því vera öllum h. þingdm. kunnar. Aðalástæðan er sú, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið, að fá prestsþjónustu fyrir Klippstaðar- og Húsavíkursóknir á þann hátt, sem lögin um skipun prestakalla 27. febr. 1880 gera ráð fyrir, þegar litið er til þess vegar, sem presturinn á Dvergasteini þarf að fara til að komast þangað, og sama máli er að gegna, þótt Klippstaðarsókn væri sameinuð Desjarmýrarbrauði. Milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar ganga háir fjallgarðar, klettóttir og snjósælir; fjallgarðar þessir eru meiri hluta árs mjög illir yfirferðar; því bæði er þar hætt við snjóflóðum, og hjarn sezt mjög í brekkur, svo að varla er hægt yfir að komast nema fyrir brydda menn með traustu stafi. Ef nú prestur sá, sem þjónar, er aldraður maður, þá er alls eigi

hægt fyrir hann, að veita Klippstaðarbrauði nægilega þjónustu meiri hluta ársins.

Sumir kunna að segja, að ef eigi verði komizt á landi, þá geti presturinn farið á sjó; en það er eigi heldur hægt, því lending í Loðmundarfirði er mjög vond, einkum á vetrardag, vegna kletta og brims, og opt ófær sjór. — Önnur ástæðan, sem sóknarmenn hafa fyrir sig að bera, er sú, að sameiningin var gerð að þeim fornspurðum; því þegar leita átti álits þeirra, þá voru þeir eigi kvaddir til mála, heldur gekk málið þegjandi fram á hjeraðsfundi. Síðan hafa þeir á hverjum hjeraðsfundi heimtað, að ekkert yrði úr þessari sameiningu, en hingað til hefir það orðið árangurslaust; þar til á síðasta hjeraðsfundi, að það var lagt til, að þeir fengju ósk sína uppfyllta. En hvað tillag það úr landssjóði áhrærir, sem frv. þetta hefir í för með sjer, þá er það fyrst og fremst lítið í sjálfu sjer (300 kr.), og svo ber þess einnig að gæta, að meining prestakallanefndarinnar hefir líklega verið, að hvert prófastsdæmi bæri sig, svo eigi þyrfti að leggja því annarsstaðar að. En þessari reglu hefir eigi verið fylgt í 2 prófastsdæmum, nefnilega Norður- og Suðurmúlaprófastsdæmi líklega af því, að brauðin þar hafa verið álitin betri en þau eru. Mjer finnst þess vegna hjer eigi um annað að ræða en lítilfjörlega tilslökun, sem miðar til að laga það, sem þinginu hefir áfátt orðið við samningu prestakallalaganna, og vona því, að h. deild lofi frv. að ganga til 2. umr., og vil jeg bæta því við, að jeg er fús á að taka öllum skynsamlegum breytingum, sem kynnu fram að koma við frv.

Sveinn Eiríksson: Mig furðaði stórlega á því, er h. flutningsm. (Þorv. K.) stóð upp og sagðist ætla að tala að eins stuttlega um mál þetta. Ef jeg hefði gjörzt flutningsm. málsins, mundi jeg hafa haldið langa tölu, til þess að sýna nauðsyn þess, sem fram á er farið.

Jón Þórarinsson: Jeg segi líkt og mjer fannst h. þm. Aust.-Skapt. (S. E.) ætla að segja. Mjer hefði þótt það mjög æskilegt, ef h. flutningsm. (Þ. K.), sem kunnugastur er þar eystra, hefði gefið oss, sem ókunnugir erum, sem nákvæmastar upplýsingar um mál þetta, því að jeg veit að h. þm. muni vera samhuga um það, að leggja sem minnst til brauða úr landssjóði, nema brýn nauðsyn krefji; en þegar um jafnlitla upphæð er að ræða og hjer, einar 300 kr., þá gæti verið, að ástæða þætti til að hlaupa undir bagga, ef nægar upplýsingar væru fyrir hendi um, að hjer væri um verulega nauðsyn að ræða á því að skipta brauðunum. En skýrslur þær, sem á lestarsalnum eru, eru engan veginn fullnægjandi. Vildi jeg því biðja þá, sem komið geta með beztar upplýsingar í málinu hjer í þingsalnum, að gjöra það.

Flutningsmaður (Þorvarður Kjerúlf): Mjer fannst h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) beina að mjer fyrirspurn og leita nákvæmari upplýsinga, en hann hefir fengið; en jeg verð að geta þess, að jeg get ekki gefið aðrar upplýsingar en þær, sem jeg hef gefið, nefnilega, að svo miklir erfiðleikar sjeu að þjóna sóknunum, eins og nú hagar til, að það sje því nær ókleyft.

Viðvíkjandi skýrslunum á lestrarsalnum, þá getur það verið, að þær sjeu ekki full-nákvæmar; en þm. mega vera vissir um, að þær eru rjettar, því að þótt þær sjeu eptirrit, þá þekki jeg hönd þess manns, er þær hefir ritað, og get fullvissað um, að hann fer enga krókvegi í máli þessu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12:1 atkv.

Frumv. til laga um lán til stofnunar ullarverksmiðju (C. 219); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er, eins og allir h. þingdm. menn sjá, nýmæli, og sökum þess er það næsta eðlilegt, þótt h. þingdm. sjeu ekki búnir að glöggva sig á því svo sem æskilegt væri, því að störf þau, sem á oss hvíla, eru bæði mikil og margbrotin. En þetta mál er bæði stórt og mikilvægt, og það er það bæði vegna þess, að hjer er um mikla fjárupphæð að ræða, þá er miðað er við fátækt vora, og líka er það stórt og mikilvægt af því, hve þýðingarmikið það er.

Jeg þykist þess fullviss, að grundvallarhugmyndin fyrir máli þessu muni fá full meðmæli flestra eða allra h. þm., því að öllum mun annt um það, og í því munu hugir allra mætast, að þeir óski þess, að framleiðsla og efni aukist í landinu. En jeg get hugsað mjer, að þingmenn vilji íhuga betur mál þetta en þeir hafa átt kost á, því jeg vona, að þeir vilji vanda sig sem bezt á því, og um mig er það að segja, að mjer hafa, síðan frv. var samið, komið til hugar smábreytingar, sem jeg hygg að miði til bóta; vil jeg því leggja það til, að 5 manna nefnd sje sett í því.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt og í nefndina kosnir:

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.)	með 15	atkv.
Gunnar Halldórsson	— 10	—
Þorvarður Kjerúlf	— 9	—
Ólafur Briem	— 8	—

Þá fengu þeir Grímur Thomsen og Jón Þórarinsson sín 7 atkv. hvor, og varð Jón Þórarinsson fyrir kosningu með hlutkesti.

Seytjándi fundur, mánudag 22. júlí á hád. Allir á fundi nema Jón Þórarinsson, sem hafði leyfi, og forseti (Benid. Sveinsson), er eigi gat verið viðstaddur í fundarbyrjun. Varaforseti (Ólafur Briem) stýrði fundinum.

Varaforseti skýrði frá, að í nefndinni um lán til að stofna ullarverksmiðju væri Jón Jónsson (þm. N.-Þing.) kosinn formaður og Jón Þórarinsson skrifari.

Frumv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 199); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn (C. 210); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Þar sem h. deild hefir margsinnis áður samþykkt þessu lík frumv., þá vona jeg, að hún einnig samþykki þetta frumv., og skal því eigi fjölyrða um það, heldur einungis vísa til þess, sem sagt hefir verið við 1. umr. þessa más.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 17 atkv. samhlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (C. 212); 2. umr.

Páll Ólafsson: Mál þetta var fyrir hjer á þingi árið 1887, og gekk það þá greitt gegnum neðri deild, en því varð fótaskortur þegar upp í efri deild kom. Síðan veit jeg, að hæstv. landshöfðingi hefir leitað álits hlutaðeigandi sýslunefnda, og þær látið í ljósi álit sitt á málinu; jeg vildi því skjóta því til h. fjárlaganefndar, hvort hún eigi mundi vilja sjá um, að tillögur sýslunefndanna yrðu lagðar fram, svo að tillögur þeirra geti orðið þm. kunnar.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal skýra frá, að fjárlaganefndin hefir ekkert á móti

því, að tillögur sýslunefndanna í þessu máli verði framlagðar. Að öðru leyti skal jeg eigi fjölyrða um þetta frv., heldur einungis óska, að því verði vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breytingu á sömu tilskipun (C. 124); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv. 2.—4. gr. samþ. hvor um sig í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hljóði.

Frumv. til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða (C. 214); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Við flutningsmenn erum framkomnir með þetta frumv. einkum fyrir þá sök, að þjóðfundur sá, sem haldinn var á Þingvöllum í fyrra sumar, skoraði á alþingi, að taka þetta mál til meðferðar á næsta þingi.

Jeg skal eigi fara mörgum orðum um þetta efni, því það er orðið svo gamalt hjer á þingi, að jeg ímynda mjer, að öllum sjeu kunnar ástæður þær, sem fram hafa verið bornar með og móti þessu máli. Málið sjálft hefir verið fyrir á þingi síðan 1879; en hugmynd sú, sem liggur til grundvallar, er jafn gömul hlutdeild vorri í íslenzkri löggjöf, og mun fyrst fram komin árið 1847.

Tilgangur frv. þessa er að bæta hjeraðsstjórn vora, sem almenningi þykir eigi sem hagkvæmust.

Frv. hefir einnig talsverðan sparnað í för með sjer, en á það legg jeg samt eigi eins mikla áherzlu sem hitt, að hlutdeild alþýðu í hjeraðsmálum verður miklu meiri en nú með því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á; hlutdeild almennings er nú mjög lítil í þess konar málum, þar sem amtmaður og tveir menn aðrir ráða lögum og lofum í heilum fjórðungum. Amtmennirnir virðast heldur eigi vera svo sjerlega nauðsynlegir sem lokal-embættismenn, þegar litið er til þess, að amtmaðurinn yfir Vesturamtinu hefir verið fluttur hingað suður til Reykjavíkur og situr nú hjer við hlið landshöfðingja; en að því er snertir fjórðungsráðin, þá geta reyndar verið deildar skoðanir um þau; en það verða allir að játa, að með þeim sje almenningi gefinn meiri kostur að ráða í málum sínum en hingað til hefir átt sjer stað; í fjórðungsráðunum mundi sitja einn maður úr hverju sýslufjelagi, og mundi það verða til að glæða áhuga almennings á kosningum, þegar menn vissu, að sá, sem valinn væri í hverri sýslu, kæmi fram sem fulltrúi sýslunnar, en í amtsráð eru einungis valdir 2 menn, sem sitja þar svo árum skiptir, og vanalega til þess kvaddir þeir menn, sem búa nálægt amtmanni, en kjósendur láta sig vanalega litlu skipta, hverjir kosnir sjeu. Amtsráðin hljóta þannig að vera ókunnugri högum sýslnanna en skyldi, og er því þörf á, að fá aðra stjórn í stað þeirra, sem þannig væri skipuð, að í henni sætu menn úr öllum sýslufjelögum hvers fjórðungs. Frumv. þetta er að mestu leyti samhljóða frumv. því, sem 1883 var lagt fyrir þingið um sama efni; en hvað þeim mótmælum viðvíkur, sem þá komu fram, þar sem sagt var, að störf amtmannanna væru svo umfangsmikil, að viðsjárvert væri að afnem aembætti þeirra, þá er það að vísu satt, að amtmenn hafa mikil störf á hendi; en aðgætandi er, að flest af þeim málum, sem amtmenn hafa til meðferðar, liggja undir fullnaðarúrskurð landshöfðingja; amtmenn eru þannig í mörgum

málum einungis millumliður og til tafar fyrir fljótum og greiðum framgangi; en yrði þetta frumv. að lögum, þá gengju málin frá fjórðungsráðunum til landshöfðingja, og þannig mundi sparast mikill tími og umsvif. En hvað skiptingu á. störfum áhrærir, þá ber jeg það traust, að minnsta kosti til hinnar innlendu stjórnar, að hún muni eigi verða ósanngjarn skiptarjettur í þessu efni.

Landshöfðingi: Jeg man ekki betur, en að h. flutningsm. þessa frumv. (Sig. Stef.) segði nýlega hjer í deildinni, þegar ræða var um breyting á launalögunum, að orsökin til þess, að laun amtmanna hefðu verið tekin upp í frumv. væri sú, að þó frumv. kæmi fram hjer á þingi um afnám amtmannaembættanna, þá væri óvíst, að það frumv. kæmist út úr þinginu, og enn þá óvissara, að það næði samþykkti stjórnarinnar. Mjer þykir mjög líklegt, að h. flutningsm. hafi getið rjett til í þessu. Jeg sje ekki, að þetta frumv. hafi neitt fram yfir það, sem þingið samþykki 1883. Þetta er öllu fremur óaðgengilegra en það. Í frumv. 1883, eins og það var samþykkt hjer í deildinni, var þó talað um eitthvað, þó lítið væri, sem koma skyldi í staðinn fyrir amtmennina. Landshöfðingi átti að fá 2 ritara í staðinn. Að vísu breytti efri deild þessu svo, að ritarinn skyldi vera einn; en sú deild jók aptur skrifstofufje landshöfðingja. Þessi eini ritari átti þá að hafa meira en tvöfalt við það, sem ritarinn hefir nú í laun. Ef leggja ætti amtmannaembættin niður, þá veitti heldur ekki af að launa landritaraembættið svo vel, að um það vildi sækja maður, sem fengur væri í. Hjer í þessu frumv. er ekki gjört neitt af þessu. Hjer er að eins sagt, að amtmannaembættin skuli lögð niður, og störfum amtmanna skipt milli landshöfðingja og sýslumanna, eins og ákveðið var 1883. En, eins og jeg þóttist taka ljóslega fram á þinginu 1883, eru það mörg störf, sem heyra undir amtmennina, og sem ekki er hægt að skipta upp milli landshöfðingja og sýslumanna, eins og umboðstjórninni nú hagar til. Það þarf meira en að skipa að afnema amtmannaembættin. Það þarf að segja og sýna, hvernig þeim störfum verði gegnt framvegis, sem nú liggja undir amtmennina. H. flutningsm. (S. St.) gjörir of lítið úr þessum störfum; það eru mörg mál sem liggja undir endilegan úrskurð amtmanna. En þar sem amtmannaembættin eru að eins millilíður, þar eru þau samt mjög þýðingarmikill liður í umboðsstjórninni. Eins og það með rjettu er talið þýðingarmikið og hin bezta trygging fyrir, að dómar verði rjett dæmdir, að dómsvaldinu er skipt í undirrjett, yfirrjett og hæstarjett, eins er það hin bezta trygging fyrir, að umboðsstjórnin sje góð, að henni er skipt milli sýslumanna, amtmanna og landshöfðingja. Það er þýðingarmikið, að umboðsstörfin eru rannsökuð af fleiri liðum.

Þar sem h. flutningsmaður sagðist bera það traust, sjerstaklega til hinnar innlendu stjórnar, að hún yrði sanngjarn skiptarjettur í þessu efni, þá segi jeg fyrir mig, að jeg skil ekki, hvernig á að skipta störfum amtmannanna milli sýslumanna og landshöfðingja. Það er t. d. eitt, sem hinir velæruverðugu flutningsm. ekki sýnast þekkja. Það er til nokkuð, sem heitir *stiptsyfirvöld*. Jeg skil ekki, hvernig störf stiptsyfirvaldanna geta orðið falin landshöfðingja eða sýslumönnum. Annars virðist mjer h. flutningsm. leggja mesta áherzlu á ákvæði frumv. um stofnun fjórðungsráða. Jeg sje ekki, hvernig amtmannaembættin geta hindrað stofnun fjórðungsráðanna. Ef það þessvegna er aðalatriðið, að stofna fjórðungsráð, þá má vel koma því í kring, og meira að segja, enn þá hægar, ef amtmannaembættin haldast; því það er ekki svo gott, að trúa einum sýslumanni fyrir því embætti, að vera forseti fjórðungsráðs. Amtmanni er

betur trúandi til þess að vera óhlutdrægur í málefnum fjórðungsins, en einum af sýslumönnum. Maður gæti betur trúað því, að hann drægi taum síns sýslufjelags. En að skipa einhvern fyrir forseta, sem er ekki nákunnugur sveitarstjórnarmálum, er ekki gott. Það sjest heldur ekki af frumv., hvort forseti á að vera einhver rjettur og sljettur maður, eða embættismaður, hvort eigi að skipa forseta fyrir hvern einstakan fund eða æfilangt eða um víst árabil.

Ef mönnum þessvegna er mikið um það hugað, að stofna fjórðungsráð, þá sýnist mjer ekki skynsamlegt, að afnema amtmannaembættin. Að endingu get jeg lýst því yfir, að stjórnin hefir sömu skoðun og áður á þessu máli, svo það er ekki líklegt, að frumv. verði að lögum, þó það verði samþykkt hjer.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Jeg skal játa það, að mjer hefir aldrei getað skilizt það, að ómögulegt mundi vera fyrir stjórnina að skipta upp störfum amtmannanna, þótt mikil sjeu og margvísleg. Það er misskilningur, að jeg álíti ýms störf amtmannanna þýðingarlítil; þvert á móti, jeg tel þau mjög þýðingarmikil, og einmitt af því álít jeg mjög æskilegt, að þau gangi fleiri á milli. Jeg álít það happadrýgra, að hjeraðsbúar fái sjálfir sem mest að fjalla um eigin mál sín, því að líklegt er, að þeir hafi þó meiri staðlegan kunnugleik til að bera, en amtmennirnir, sem að eins eru tveir, annar í Norðurlandi en hinn á Suðurlandi. Hæstv. landsh. tók það fram, að gott væri að málin gengju milli fleiri manna, er gætu látið álit sitt í ljósi um þau. Hið sama segi jeg líka, og þeirri reglu er alls eigi raskað í frv. þessu; þar er gjört ráð fyrir, að þau gangi milli hreppsnefnda, sýslunefnda, fjórðungsráða og landshöfðingja. Þetta virðist vera nægilega mörg stig, og allmikil trygging fyrir því, að málin ættu að geta verið sæmilega hugsuð og úr garði gjörð, áður en þau eru til lykta leidd. Hvað því viðvíkur, að hægt sje að koma fjórðungsráðum á, þótt amtmannaembættin sjeu ekki afnumin, þá er gott að geta átt von á því, og þá er frumv. þetta ekki með öllu ónýtt, ef það hefðist óbeinlínis upp úr því.

Að ekki var gjört ráð fyrir að hækka skrifstofufje landshöfðingja í frumv., þá var það af ásettu ráði gjört. Oss fannst nógur tími að ákveða um slíkt og gjöra skrifstofuna öflugri, þegar vjer vissum, hver af amtmannastörfunum mundu verða lögð undir landshöfðingja.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um, hvort vjer mundum ekki hafa munað eptir stiptsyfirvöldunum, og að amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu væri annað þeirra, þá get jeg sagt hæstv. landsh., að við mundum vel eptir þeim; en okkur sýndist, að ekki mundi niðurlagning amtmannaembættanna þurfa að leiða til neinna stórvandræða að því er þau snerti, því að vjer munum, að ekki er svo langt síðan sami maðurinn var bæði stiptamtmaður, amtmaður og stiptsyfirvald, og veit jeg ekki til að nokkur stórvandræði hlytust af því. Það er að vísu leiðinlegt að heyra, að stjórnin skuli ekki geta fallizt á ósk þjóðarinnar um að leggja niður amtmannaembættin. En eigi að síður er það hart fyrir þingið að þegja fyrir þá sök, og sinna ekki þessari þjóðarósk.

Mjer sýnist ekki einu sinni rjett af þinginu að láta málið falla niður, að svo stöddu, því að verið getur, að stjórnin breyti skoðun sinni, og komist til sannleiksins viðurkenningar, er hún hefir fengið nýjar áskoranir og upplýsingar um málið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um breyting

á afborgun af landssjóðsláni Lundarbrekkukirkju (C. 213); ein umr.

Árni Jónsson: Fjárlaganefndin hefir látið prenta ástæðurnar fyrir þessari þingsályktun, og þar sem h. þingdeildarm. munu hafa kynnt sjer þær, þá þarf þar vonandi ekki miklu við að bæta.

Jeg skal að eins leyfa mjer, að taka það fram, að eins og ástæður nefndarinnar benda til, sýndu sóknarmenn ekki að eins þann áhuga, þegar kirkjan brann til kaldra kola, að þeir tóku að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, heldur endurreistu þeir kirkjuna úr steini, sem þó hefir verið og er enn til þess tíma mjög fágætt hjer á landi; í fyrstu væntu þeir að kostnaðurinn yrði eigi svo mikill, sem raun varð á; því að bæði varð byggingin dýrari en svo, að sjóður kirkjunnar og landssjóðslánið hrykki fyrir kostnaðinum, og auk þess hafa þeir síðan árlega orðið að, bæta við frá sjálfum sjer, þar sem tekjur kirkjunnar hafa ekki nægt til að borga vexti og afborgun á láninu. Þeir höfðu að sönnu fengið frest á afborgun á láninu um eitt fjárhagstímabil, en það hefir verið þeim ónóg; þeir hafa nú óskað að þeir þyrftu ekki að gjalda nema 80—90 kr. á ári, eða sem rúmlega svarar tekjum kirkjunnar; að verða við þessari bæn sá nefndin sjer ekki fært, og hefir því gjört það að sinni tillögu, að eptirstöðvarnar af láninu við árslok 1889 verði endurborgaðar með 6 % á 28 árum; en að greiða 120 kr. á ári er sóknarmönnum næsta örðugt, þar sem þeir eiga nú þegar hjá kirkjunni um 700 kr. og hana vantar skrúða og fl., auk þess sem nýr kostnaður hefir lagzt á hana við nýja málningu í vor.

Þess skal jeg ennfremur geta, að stiptsyfirvöldin hafa mælt sem bezt fram með þessu máli. Jeg vona að eigi þurfi að færa frekari ástæður fyrir þessari þingsályktun, og vona að h. deild samþykki hana, þar sem hjer er eigi farið fram á að gefa neitt eptir, heldur að eins gjaldfrest.

ATKVÆÐAGR.; Tillagan samþykkt í e. hlj. og send forseta efri deildar.

Átjándi fundur, þriðjudag 23. júlí á hádegi. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Beiðni um, að stofnað yrði að nýju hið forna Kjalarnesþinga prestakall.
2. Áskorun úr Rauðasandshreppi um gufuskipaferðir.

Frumv. til laga um myndugleika (C. 206); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt umræðulaust í einu hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um vexti (C. 207); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt umræðulaust í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóv. 1887 (C. 212); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Þar sem þessu frv. var svo vel tekið í þessari h. deild við 1. umr., þá vona jeg, að slíkt hið sama verði nú. Allir sjá, að frv. þetta er eigi til skaða, en á hinn bóginn er nauðsynlegt, að fá lög um þetta efni, því þó menn geti sagt, að enginn sje skyldur til að gera það, sem ómögulegt er, þá er það betra að fela einhverjum úrskurð í því máli, eins og hjer er farið fram á með amtsráðin, heldur en að láta það vera komið undir hugþótta og áliti þeirra, sem lögunum eiga að hlýða, hvort þeir þykjast geta fullnægt þeim eða eigi.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg veit, að svo getur staðið á, að ekki sje hægt að leggja eins breiða vegi og vegalögin til taka, og

þá er því að mörgu leyti þörf á þessari viðbót; en illa þætti mjer fara, ef að þessi viðbót yrði svo misbrúkuð, að hætt væri að fylgja vegalögunum; en jeg treysti því, að það muni ekki verða, og þessa leyfis verði að eins neytt þar, sem brýn þörf er á, og í því trausti gef jeg þessu frv. atkvæði mitt.

Jón Þórarinsson: Mjer finnst að það mætti gera aðra breytingu á vegalögunum, sem væri æskilegri, en sem hið sama næðist með og það sem er tilgangur þessa frv. Í vegalögunum stendur á eptir ákvæðinu um breidd vega á aðalpóstleiðum: «þar sem því verður við komið»; sama ákvæði hefði átt að standa um sýsluvegi og hreppavegi; en þó að brugðið sje út af beinum fyrirmælum laganna á nokkrum föðmum, þar sem er ómögulegt að fylgja þeim bókstaflega, mun engum detta í hug, að skoða það sem lagabrot. En að veita amtsráðinu heimild til að veita undanþágu undan lögunum, álít jeg mjög varhugavert, því að það er hætt við, að slíkar undanþágur verði veittar án þess brýn þörf beri til, ef vel er «procurerað» fyrir beiðninni. Jeg fyrir mitt leyti ber ekki það traust til amtsráða og sýslunefnda, að þær í hverju einstöku tilfelli geti sett sig svo vel inn í málið og byggt úrskurð sinn svo á eigin staðarþekkingu, að þær ekki að meira eða minna leyti fari eptir skýrslum sýslunefnda; en sýslunefndum treysti jeg heldur ekki til að vera alveg óhlutdrægar, þegar þær eiga að dæma þannig í sjálfra sín sök.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg skal leyfa mjer að svara h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) fám orðum. Jeg skildi ekki almennilega, hvernig h. þm. hugsar sjer að koma inn í lögin breytingum þeim, sem hann fór fram á; því að ekki er þó hægt að koma þeim að sem breytingartillögum, eins og við 2. eða 3. umræðu mála á þinginu. Mjer skildist svo sem hann vildi bæta inn í lögin orðunum: «þar sem því verður við komið». Það getur verið, að betur hefði farið á því, að lögin hefðu verið þannig orðuð upphaflega, en þó mundi að minnsta kosti eptir skoðun h. þm. (J. Þ.) lítil trygging vera fólgin í því ákvæði, því að það kæmi þá til sýslunefnda, að kveða á um, hvar hægt væri að hafa vegi með lögákveðinni breidd og hvar ekki; og ef h. þm. (J. Þ.) treystir ekki amtsráðunum til að skera úr málum, þá sýnist mjer ekki fremur ástæða fyrir hann að treysta sýslunefndum til þess, nema síður sje. Mjer sýnist nú næsta lítil ástæða til að vantreysta amtsráðunum, og meira að segja: jeg mundi tilleiðanlegur til þess að fallast á, að sýslunefndunum væri fengið þetta vald í hendur.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 17:1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 (C. 215); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorvarður Kjerúlf): Frv. þetta fjekk svo góðan byr við 1. umræðu, að jeg vona, að sá byr hafi ekki fallið síðan. Þá tók jeg fram ástæðurnar fyrir því, og með því jeg veit, að h. þingd. er þeim kunnug, þá er óþarfi að fara langt út í þær að þessu sinni. Jeg skal að eins taka þær stuttlega upp nú aptur; en þær eru, að þar er sjóleið hættuleg og illar lendingar, ef á sjó er farið, en á landi er að fara um torfæran fjallveg og því næsta miklir erfiðleikar fyrir prest að þjóna brauðinu eins og það nú er. Það getur verið, að tillagið, sem fram á er farið, til Klippstaðar úr landssjóði, þyki nokkuð hátt, en viðvíkjandi því láðist mjer að geta þess við 1. umræðu, að prestur sá, sem síðast þjónaði brauðinu, hafði að eins 200 kr. uppbót. Jeg minni á þetta í því skyni, ef einhver vildi koma með breytingartillögu í þá átt til 3. umræðu,

svo framarlega sem slíkt yrði til að greiða fyrir málinu.

Jeg heyrði ekki glöggt, hvað h. þm. Aust.-Skapt. (S. E.) sagði við 1. umræðu málsins; en eptir því sem jeg hefi lesið orð hans, þykir mjer undarlegt, að sá maður skyldi tala eins fyrir kirkjunnar hönd og jeg sje að hann hefir gert, og sýnist svo sem þar hafi höggið sá, er hlífa skyldi, og þykir mjer það ekki sjerlega liðmannlegt.

Jeg mun fúslega taka til greina bendingar þær, sem fram kunna að koma í málinu. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir að þessu sinni, en óska að eins, að málið fái að ganga til 3. umræðu.

Landshöfðingi. Jeg skal gefa þá upplýsing í þessu máli, að þær tvær sóknir, sem hjer eiga hlut að máli, hafa sótt um til landsh., að mega verða brauð út af fyrir sig, en því var neitað, sjerstaklega af því, að hvorki báru skjöl málsins með sjer, að það hefði verið lagt fyrir hjeraðsfund, nje heldur höfðu hlutaðeigandi prestar gefið yfirlýsing um það, hvort þeir vildu samþykkja aðalskilnaðinn. Að svo vöxnu máli gat umboðsvaldið ekki gert þá breyting, sem farið var fram á; auk þess hefir það fylgt þeirri reglu, að fjölga ekki prestaköllum, ef landssjóð væri íþyngt með því. Hitt er vitaskuld, að það er á valdi löggjafarvaldsins, að greina prestaköll sundur, ef því þykir nauðsyn til bera. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer fram á gjaldauka fyrir landssjóð; því að bæði er gert ráð fyrir beinu gjaldi úr landssjóði til prestakallsins og auk þess eykst eptirlaunabyrði landssjóðs við það, að hjer er gert ráð fyrir að bætt sje við einum presti.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 16:1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Frumv. til laga um breyting á þingsköpum alþingis (C. 230); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum (C. 230); 1. umr.

Sigurður Jensson: Mjer finnst þetta mál nokkuð undarlegt, þar sem hjer er stungið upp á, að taka eitt prestakall í Barðastrandar prófastsdæmi og leggja það undir Dala prófastsdæmi, án þess þetta mál hafi nokkurn tíma verið borið undir álit hjeraðsfundar í Barðastrandar prófastdæmi. Að vísu álit jeg reyndar, að hvorki prófastsdæmið nje prófasturinn þurfi að sjá eptir því, þó þetta prestakall gangi frá prófastsdæminu. En það sem einkum er athugavert í þessu máli er það, að Garpsdalssöfnuður hefir að minnsta kosti mjer vitanlega ekki gefið samþykki sitt til þessarar sameiningar. Það hefir áður komið til tals, að sameina Garpsdal við annað prestakall, nefnil. Staðar-prestakall, en frá því var horfið aptur, sökum þess, að söfnuðurinn var eindregið á móti þeirri sameiningu, og vildi hafa sjerstakan prest. Það getur reyndar vel verið, að söfnuðurinn hafi nú af sjerstökum ástæðum gefið samþykki sitt til þess, að Garpsdalur verði sameinaður Saurbæjarþingum, en það er þá eingöngu af því, að hann gerir það fyrir þann prest, sem nú þjónar báðum prestaköllum, og söfnuðurinn ómögulega vill missa. En hvernig sem þessu er varið, þá er öll þörf á að kynna sjer þetta mál nákvæmar, og sting jeg því upp á, að kosin verði þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með atkvæðafjölda, að kjósa þriggja manna nefnd. — Vegna óljósrar atkvgr. var viðhaft nafnakall.

Með nefnd:
Sigurður Jensson
Árni Jónsson
Eiríkur Briem
Gunnar Halldórsson

Jón Jónsson (1. þm. N.-M.)
Jón Jónsson (þm. N.-Þ.)
Ólafur Briem
Ólafur Pálsson
Páll Briem
Þorlákur Guðmundsson
Þorleifur Jónsson
Þorsteinn Jónsson
Þorvaldur Bjarnarson
Þorvarður Kjerúlf.

Móti nefnd:

Páll Ólafsson
Grímur Thomsen
Jón Þórarinsson
Jónas Jónassen
Sigurður Stefánsson
Sveinn Eiríksson
Þórarinn Böðvarsson.

Kosningin fjell þannig, að Sigurður Jensson fjekk 17 atkv.; en enginn annar nægan atkvæðafjölda. Var þá kosið á ný, og hlutu kosning:

Páll Ólafson með 13 atkv.
Þórarinn Böðvarsson með 9 atkv.

1. umr. frestað.

Frumv. til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febrúar 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 230); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta frumvarp bætir sannarlega úr verulegri þörf, þar sem söfnuðir víða afbiðja sjer að halda uppi söng og orgelspili, nema einhver borgi þeim, sem stýrir söngnum. Hvort sem þetta liggur í anda tímans eða það eru afleiðingar af hinum tíðu umskiptum á sálmabókum og þeim mörgu nýju lögum, sem hver bók inniheldur, þá þarf lög einmitt um þetta efni. Jeg er þess vegna þakklátur h. flutningsm. þessa máls í Ed. Ákvæði frumv. eru að mínu áliti yfir höfuð að tala skynsamleg og góð.

Þó mun það nokkuð örðugt, að ná gjaldinu inn eptir þessu frumv. Jeg ímynda mjer, að það væri heppilegra að skjóta því inn í frumv., að hver húsráðandi skyldi skyldur að innheimta gjaldið fyrir sitt skuldalið, og mun jeg, ef til vill, koma með breytingartill. í þessa átt til 2. umr. Ýmislegt annað er ónákvæmt í frv., sem jeg einnig mun koma fram með breyting á. Með þessari stuttu athugasemd vil jeg mæla sem bezt með frumv., að það gangi til 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að benda mönnum á, að jeg er mjög hræddur um, að sumar kirkjur hjer á landi sjeu eigi svo vel staddar í fjárhagslegu tilliti, að þær sjeu færar um að kaupa hljóðfæri; því, eins og kunnugt er, eru þau nokkuð dýr, sjerstaklega þau, sem ætluð eru í stórar kirkjur. Jeg sje reyndar í frv., að þessi hljóðfærakaup eru bundin því skilyrði, að söfnuði og eiganda eða umráðamanni kirkjunnar komi saman um þau; en þetta ákvæði álít jeg eigi vera nægа tryggingu, því jeg get vel hugsað mjer, að þegar sú tízka væri upp komin, að hafa hljóðfæri í kirkjum, þá kynnu ýmsir eigendur eða umráðamenn kirkna að fara lengra en efni kirknanna leyfðu. Ef jeg man rjett, þá voru í hinu upphaflega frv. hljóðfærakaup til kirkna bundin því skilyrði, að efnahagur kirknanna leyfði; en þetta ákvæði hefi fallið burt í efri deild, og vildi jeg helzt, að því yrði aptur bætt inn í frv. áður en það kemur til 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get ekki álitið þetta atriði eins hættulegt og h. þm. Borgf. (Gr. Th.), því jeg fyrir mitt leyti skil frumv. svo, sem hljóðfærakaup til kirkna sjeu í raun og veru algerlega komin undir vilja eiganda þeirra og umráðamanna. En hvað hljóðfæraslátttinn og sönginn áhrærir, þá er í því tilliti engu að kvíða, því frv. tekur skýrt fram, að hann verði kostaður af söfnuðinum.

Ólafur Pálsson: Þegar litið er til 1. gr. þessa frv., þá finnst mjer mjög vafasamt, hvort frumv. þetta er í raun og veru nokkur rjettarbót.

Í frv. eru hljóðfærakaupin bundin því skilyrði, að umráðamenn og eigendur komi sjer saman við sóknuðina, en nú getur opt staðið svo á, að eigandi eða umráðamaður einhverrar kirkju sje gamall maður, sem eigi vill heyra fagran söng nje hljóðfæraslátt; og hvernig verður þá hægt að fá hljóðfæri?

Að því er snertir landssjóðskirkjur, þá efast jeg reyndar ekki um, að hljóðfæri fáist í þær; en bændakirkjur tel jeg sjálfsagt að verði hljóðfærislausar eptir sem áður, þótt frv. þetta nái lagagildi.

Jeg hefi því hugsað mjer að koma með breytingar í sambandi við aðra h. þingmenn áður en frv. kemur til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Að málið gengi til 2. umr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Nítjándi fundur, miðvikudag 24. júlí á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin bænarskrá frá forstöðunefnd kvennaskóla Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu um fjárstyrk til skólans. Þessari bænarskrá var vísað til fjárlaganefndarinnar.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn (C. 210); 3. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg álít, að frv. þetta þurfi engra meðmæla við, og vona, að h. deild samþykki það.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt með 19 samhlj. atkvæðum og afgreitt til forseta Ed.

Frv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (C. 212); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. h. og sent forseta Ed.

Frv. til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breytingu á sömu tilskipun (C.212); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. h. og sent forseta Ed.

Frv. til laga um stofnun sjómannaskóla á Íslandi (C. 108, 238); 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Þar sem þetta er frh. 1. umr. þessa máls, þá er ekki tilefni til að fara út í einstök atriði. Auk þess sem nefndin ræður h. deild til að samþykkja frv., þá hefir hún einnig, eins og h. deild sjer á nefndarálitinu, leyft sje að gera við það viðaukatillögu, sem fer fram á það, að menn hjer á landi geti fengið þá þekkingu, er útheimtist til þess, að menn geti farið með skip milli landa.

Inn í nefndarálitið hafa slæðzt nokkrar prentvillur, t. d. í 9. breytingartill., þar er orðinu «hefir» í «hefir rekið» er ofaukið; í 16. breytingartill. eiga orðin «í stærðafræði og siglingafræði» að standa þar sem talað er um hið skriflega próf; sömuleiðis eiga orðin í 16. breytingartill. «skal fyrir prófinu standa sá af nefndarmönnum, er landshöfðingi skipar sem oddvita», að standa þremur línum ofar í greininni; en nefndin mun sjá um, að þetta verði lagfært áður en frumv. kemur til 2. umræðu.

Landshöfðingi: Jeg skal játa, að jeg á ekki gott með að segja, að hve miklu leyti breytingar nefndarinnar eru hagfeldar, því til þess vantar mig nægja þekkingu; jeg get heldur ekki sagt um, hvort seinasta grein frv. muni geta öðlast staðfestingu; jeg segi það ekki af því, að jeg sje persónulega á móti henni, heldur get jeg þess sem fyrirvara til íhugunar.

Það sem helzt er varhugavert við álit

nefndarinnar er það, hvort útvíkkun sú, sem hún stingur upp á á lærdómi og prófi, stendur í rjettu hlutfalli við aukinn kostnað, eða með öðrum orðum, hvort með þeim launum og tilkostnaði, sem nefndin áætlar, er hægt að fá þá kennslu, sem nefndin fer fram á.

Jeg, fyrir mitt leyti, álít breytingar þær, er nefndin fer fram á, mjög æskilegar, og frá minni hálfu er ekkert á móti þeim; en jeg tek það aptur fram, að mig vantar þekkingu til þess, að segja um, hvort sú þekking, sem nefndin heimtar, er næg til þess að færa skip milli landa, en jeg geri þó ráð fyrir, að h. nefnd hafi kynnt sjer þetta vandlega, og í því trausti mun jeg styðja frumv. að því leyti er í mínu valdi stendur.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Mjer þótti sjerlega mikilsvert að heyra undirtektir og yfirlýsingu hæstv. landsh.

Nefndin hefir leitazt við að fylgja núgildandi lögum í stýrimannafræði í Danmörku svo sem framast hefir verið unnt. Fyrir góðvild hæstv. landsh. hefir nefndin einnig átt kost á að kynna sjer álit nefndar, sem sett hefir verið þar nýlega til að íhuga þetta efni í Danmörku; í þessu nefndaráliti er töluvert lengra farið en eldri lög gera, en þessu nefndaráliti hefir nefndin eigi farið eptir í neinu verulegu, að því er snertir kröfurnar til prófsins, sem farið var fram á að auka eigi alllítið; því bæði er það óvíst, hvort að breytingar þær, er þar er farið fram á, öðlist nokkurn tíma lagagildi, og svo standa þær einnig í sambandi við aðra breyting, sem sje þá, að stýrimannakennsla, sem áður hefir verið í einstakra manna höndum, verði ríkismálefni.

Viðvíkjandi 7. gr. vil jeg geta þess, að kröfur þær, er lög um þetta efni í Danmörku gera til þess, að geta orðið 1. stýrimaður, eru dálítið aðrar en þær, sem nefndin stingur upp á, en yfir höfuð að hennar áliti eigi minni, þar sem eigi nægir að eins að vera í förum, heldur þurfa menn, eptir tillögu nefndarinnar, að hafa verið hinn tiltekna tíma hásetar eða yfirmenn á þiljuskipum; í þessu tilliti fór hún eptir áliti nefndarinnar í Danmörku, er jeg gat um áðan, og eptir því er það einnig tekið, sem hjer er farið fram á, að heimta sönnun fyrir, að sjón þess, sem gengur undir stýrimannspróf, sje svo fullkomin, sem þörf er á fyrir stýrimenn.

Viðvíkjandi kostnaði þeim, sem nefndin hefir áætlað, þá er það auðvitað reynslan ein, sem fær skorið úr því, hvort hann er rjett áætlaður, en eptir því, sem nefndin gerði sjer í hugarlund, þá hugði hún, að komast mætti af með þetta.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um varúðarreglur til að forðast ásiglingar (C. 123, 236); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og h. þingd. er kunnugt, hefur nefndin ekkert að segja viðvíkjandi þessu frv.» annað en að leggja til, að það sje samþ. óbreytt.

Það er auðvitað, að um þetta efni er ekki hægt að ákveða með lögum, því breytingarnar verða að koma fljótar á, en hægt er með lögum, þar sem það verður að fara eptir samkomulagi siglingaþjóðanna.

Jeg skal geta þess, að nefndin hefir haft fyrir sjer hina dönsku tilsk. frá 18. febr. 1887, um þetta efni, er hún hefir fengið frá hinum hæstvirta landshöfðingja og hefir hún síðan verið lögð fram á lestrarsalinn til þess h. þm. gefist kostur á að kynna sjer hana.

Frv. til laga um bann gegn því, að ala upp refi (C. 197, 242); frh. 1. umr.

Framsögum. (Þorlákur Guðmundsson):

Eins og h. forseti gat um, þá liggja fyrir í þessu máli 2 frv. Nefndin hefir, eins og sjá má af áliti hennar á þingskjali 166, breitt og útvíkkað þetta mál; og lýsi jeg því yfir, að jeg tek hið upphaflega frv. aptur.

Frumv. til laga um fátækramálefni (C. 164, 236); frh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Þórarinn Böðvarsson): Jeg hef á þessu stigi málsins engu sjerlegu að bæta við það, sem jeg hef þegar sagt við fyrri hluta 1. umr. Nefnd sú, sem kosin var um daginn, hefir íhugað málið á nokkrum fundum, og komizt að þeirri niðurstöðu, sem skýrt er frá í nefndarálitinu; en þar sem þetta er fyrsta umr., þá skal eigi farið út í hinar einstöku greinar eða þau einstöku ákvæði, sem nefndin hefir ráðið til að breyta, heldur vil jeg einungis lauslega drepa á hinar allra helztu breytingar, sem orðið hafa á frv.

Nefndin hefir fært laun fátækrastjórans niður í 100 kr., úr 300 kr.; en yfir höfuð má segja, að hún hafi fallizt á frumv. Þó skal þess getið, að því er snertir meginbreytingu frumv., um það, að fæðingarhreppur skuli hjer eptir ráða, að nefndin hefir dregið úr því ákvæði, þar sem hún hefir lagt það til, að menn gætu unnið sjer inn hrepp með því að vera 10 ár samfleytt í sama hreppi á vissum aldri æfi sinnar; og get jeg sízt orðið því mótfallinn, að mönnum þannig gefist kostur á að vinna sjer hrepp, þótt jeg hefði á móti þar að lútandi ákvæðum í hinni gildandi reglugjörð, eins og þau nú eru skilin, þar sem 10 ára dvöl er látin nægja til að innvinna sjer sveitfestu, án þess nokkuð tillit sje tekið til aldurs eða hvort maðurinn vinnur nokkurt gagn eða ekkert, ef hann að eins ekki þiggur af sveit. — En jeg skal eigi að svo stöddu fara hjer um fleiri orðum, því að við upphaf þessarar umr. tók jeg fram hið helzta, sem jeg álít athugavert í þessu máli, og hvílík nauðsyn það væri, að vjer gætum fengið sem bezt lög um þessi þýðingarmiklu málefni.

Hjer er um þau gjöld að ræða, sem landsbúar kvarta sárast undan, gjöld, sem eigi að eins jafnast við, heldur og stundum yfirstíga öll önnur opinber gjöld, og verð jeg því að telja hvert fet happafet, sem stigið er áleiðis til að minnka hin gífurlegu fátækraútsvör.

Hvað viðvíkur ástæðum minni hluta nefndarinnar, þá mun jeg ekki þurfa að verða margorður um þær, því jeg sje þar mjög fátt rjett, nema það, að frv. sje sniðið eptir hinni núgildandi reglugjörð; reyndar fylgir þar og með sú ásökun, að jafnvel kapítulaskipti sjeu hin sömu; en jeg get eigi sjeð, að það sje nein höfuðsök, þótt svo væri; og hvað því viðvíkur, að hin gamla reglugjörð sje eitt af hinum beztu lagaboðum, og sje fyrir löngu komin inn í rjettarmeðvitund þjóðarinnar, þá skal jeg ekkert hjer um dæma; en svo mikið er þó víst, að jafnvel hina beztu lagamenn hefir greint á um skilning hennar.

H. minni hluti segir enn fremur, að reglugjörðin sje með þessu frv. að eins prentuð upp aptur með málalengingum; en á það get jeg alls eigi fallizt, fyr en hann er búinn að sanna mjer, að það sjeu málalengingar, að koma því fyrir á 3 blaðsíðum, sem áður hefir staðið á 10 bls. í jafnstóru broti.

Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um ástæður minni hlutans, meðan hann eigi kemur fram með fleiri rök til stuðnings máli sínu.

Framsögumaður minni hlutans (Þorvaldur Bjarnarson): Jeg hef eigi orðið í minni hluta í þessari nefnd af þeim ástæðum, að jeg álíti, að með frv. þessu sje nær gengið þurfamönnum, en gjört er í hinni gömlu reglugjörð, heldur af því, að jeg vildi helzt fylla þann flokk, sem

eigi færi fram á að gera bjargálnamenn og þá sem eitthvað eiga, að þurfamönnum þurfamannanna. Það er auðvitað, að ef allt af er nóg fje til, þá er fátæklingum vel borgið; en jeg get eigi sagt, að hin núgildandi reglugjörð þröngvi svo kostum þeirra, að eigi sje fullkomlega viðunandi. Jeg veit annars ekki, hvað á að telja rjettarbót í frv. þessu, nema ef það skyldi vera það, sem lædzt hefir inn í það um börn hjóna, sem skilja, þar sem stendur, að um þau fari eins og hjónunum kemur saman um við skilnaðinn. *(Forseti:* Þm. má eigi fara út í einstakar greinir, með því þetta er 1. umr. málsins). Þetta gildir eigi einstaka grein, heldur frumv. í heild sinni. Þetta ákvæði gjörir það að verkum, að hjónin geta ráðið framfærsluhreppi barna sinna, og þeim samningi, sem þau þar um gjöra, verður eigi breitt, nje hann úr gildi felldur, hvorki með úrskurði nje dómi. Og margt er fleira þessu líkt í frumv., sem þarfamenn mega vera h. flutningsmanni (Þ. Böðv.) þakklátir fyrir; þannig er t. d. letingjanum, ómenninu og ofdrykkjumanninum eptir lögum þessum heimilað, að lifa af fátækrafje, án þess að hann sje að nokkru leyti háður fátækrastjórninni, nema meðan hann er að veita móttöku og renna niður þessum heiðurslaunum af fátækrafje, enda skal hann aldrei þurfa að endurborga það, og álít jeg þetta mjög óheppilegt fyrir þá, sem undir gjöldunum standa.

En jeg skal annars eigi fjölyrða meira um þetta frv., því að jeg hefði í raun og veru helzt óskað, að sem fæstum orð um hefði verið eytt um það; og þótt reyndar margt illt megi með sönnu um það segja, þá má líka opt satt kyrrt liggja; ennfremur vona jeg, að h. þingdm. sjeu búnir að kynna sjer svo frv., að gallar þess hljóti að vera orðnir þeim nokkurnveginn ljósir. Jeg ætla því að láta mjer nægja það, sem jeg þegar hef gert, í von um góðan árangur, og að frv. verði fellt sem fyrst.

Framsögumaður meiri hlutans (Þórarinn Böðvarsson): Jeg sagði víst áðan, að jeg gæti eigi í fljótu bragði sjeð neitt í ástæðum minni hlutans, sem vit væri í, nema það, að frv. þetta væri að miklu leyti sniðið eptir hinni núgildandi reglugjörð; en jeg verð að játa, að eigi tekur betra við, þegar h. frams.m. minni hlutans fer að gera grein fyrir ástæðum sínum; því að þá skortir mig fyrst algjörlega allan skilning. Hann hefir í óleyfi h. forseta farið út í hinar einstöku greinar frv., og skal jeg eigi neitt um það tala; en til svo mikils vildi jeg mælast af honum, að hann færi rjett með það, sem hann les upp.

Jeg verð annars að segja, að jeg tel það skaða, að hafa þann mann í nefnd, sem aldrei kemur á nefndarfund og sem því aldrei er hægt að bera sig saman við.

En svo að jeg snúi mjer að máli hans, þá veit jeg sannarlega eigi, hverju helzt á að svara, nema ef vera skyldi tyndnistilraunum hans, þar sem hann ljet í veðri vaka, að frv. þetta gerði fátækrastjórnina að þurfamönnum þurfamannanna; en jeg ímynda mjer, að frv. þetta sje alls eigi vægara en önnur lög gagnvart þurfamönnum, og býst jeg við, að hann eigi bágt með að finna þau lög um þetta efni, sem gefi gjaldendum kost á að ráða, hve mikið gjald þeir eigi að bera; því gátu t. d. hreppstjórar eigi áður ráðið, hve mikið gjald þeir skyldu bera, nje heldur biskup eða stiptamtmaður, sem jeg þó varla get ímyndað mjer, að hann kalli þurfamenn. Slík ákvæði eru í hinum eldri lögum, en ekkert þessu líkt í þessu frv., heldur að eins leyft að veita þeim, sem mest vinnur fyrir sveitina, litla þóknun.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um mótbárur h. framsögum. minni hlutans; því að jeg gat eigi fundið, að hann

færi rjett með eitt einasta atriði, sem hann nefndi; og þar sem málið er hjer fyrir til 1. umr., þá er eigi hægt að fara út í einstakar greinir, heldur verður það að geymast 2. umr., ef vera kynni að h. deild vildi lofa frv. að ganga svo langt.

Framsögumaður minni hlutans (Þorvaldur Bjarnarson): Sú rjettarbót og það magn, sem læðist í frv. þessu, er meðal annars t. d., að þau hjón, sem skilja, skulu alveg ráða, hvort heldur börn þeirra fylgja algjörlega föðurnum eða móðurinni, nefnilega hvort heldur þau framfærast algjörlega á framfærsluhreppi föðurins eða móðurinnar; þessum þeirra samningi má ekki breyta nje heldur fella úr gildi með nokkrum úrskurði eða dómi.

En hvað því viðvíkur, að jeg hafi lesið upp einstakar greinir, þá verð jeg að segja, að jeg hef eigi beinlínis lesið upp greinar frv., heldur einungis tekið fram það, er jeg fann nauðsynlegt, til að skýra þýðingu þess og til að minnast á það helga gildi, sem í því kynni að vera fólgið. En mjer hefir annars heyrzt á mönnum, sem betra vit hafa en jeg á löggjafarmálum, að reglugjörð sú, sem nú er í gildi, sje í góðu lagi, enda vona jeg að góðir júristar og vitmenn hafi um hana fjallað, svo að eigi mundi jafnvel vanþörf á að júristar væru nú hafðir með í ráðum, ef hún ætti að verða betri. Jeg fyrir mitt leyti hef eigi fundið vansmíði á henni; en á frumv. þessu hef jeg aptur á móti fundið svo stóra galla, að jeg vildi sem fæstum orðum um það eyða; en svo er um þetta sem annað, að hver verður sínu fram að fara. Mjer er líka vandlifað, því það er kallað að fara út í einstakar greinar frv., hvort heldur jeg tala um efni þess eða afleiðingar; jeg vil því heldur vera laus við að tala, en að þurfa að tala hálft um hálft og sleikja þannig um sannleikann, eins og kisa um lítt soðinn graut.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing): Þegar frumv. þetta var fyrir til fyrri hluta 1. umr., leizt mjer svo á það, að jeg óskaði, að það eigi færi lengra, en h. þingd. sýndist á annan veg, og horfði eigi í, að verja nokkru af sínum dýrmæta tíma til að setja allfjölmenna nefnd í málið. En þótt nú deildin hafi tekið frumv. svona vel, þá er jeg samt á sömu skoðun og um daginn, að rjettast muni að fella frv. nú þegar. Aðalástæða sú, sem jeg hef fyrir mjer í þessu, mun vera lík þeirri, sem getið er um í hinu stutta nefndaráliti minni hlutans, það er að segja, að þau lög og reglur, sem nú gilda um fátækramálefni, sjeu svo, að allvel sje viðunandi. Vjer megum eigi kenna lögunum um það, þótt þeim sje eigi vel beitt nje að fullu haldin, eins og jeg hygg eigi sjer stað um fátækrareglugjörðina frá 1834. Jeg verð einnig að vera samdóma h. minni hluta um, að frumv. það, sem hjer er um að ræða, yrði eigi til verulegra framfara í þessu efni, og að nýmæli þess sjeu eigi til verulegra bóta. Að vísu hefir nefndin dregið nokkuð úr nýmælum hins upphaflega frumv.; en þó er allmikið eptir og þar á meðal t. d. ákvæðið um, að veita skuli laun fátækrastjórninni, sem jeg fyrir mitt leyti álít að vísu enga óhæfu.

Öðru máli er að gegna um systkinaframfæri, sem stendur hjer óbreytt, hvort heppilegt sje að slá því svo föstu, sem frv. gerir; mjer finnst það efamál, og varlega farandi í það. Ákvæðið um fæðingarhreppinn hygg jeg eigi hagfellt; að minnsta kosti þarf að athuga það vel; enda hefir meiri hluti nefndarinnar nú lagt til, að það falli að mestu burt. En eitt er það í frv. þessu, sem jeg alls eigi get fallizt á; en það er, að aðgangur þurfamanna að sveitarsjóðum sje rýmkaður með því, að þeim er gert hægra fyrir, að áfrýja úrskurðum fátækrastjórnarinnar til annara æðri sveitastjórnarvalda; og sama máli er að gegna um það, sem stendur í 12. gr., þar sem sveitastjórnum eigi að eins er heimilað,

heldur jafnvel gert að skyldu, að ráða fyrir þeim, sem líklegir þyki til að verða sveitarstyrksþurfar; þess konar ákvæði í lögum álít jeg algjörða óhæfu, því þau koma í bága við atvinnurjett manna og jafnvel almenn mannrjettindi.

Yfir höfuð verð jeg að segja, að mjer finnst frv. þetta vera óþarft og ótímabært; því fyrst og fremst er nauðsyn til breytinga eigi svo brýn í þessum efnum, og þar að auki eru breytingar þær, sem gerðar eru með þessu frv. á hinni núgildandi fátækralöggjöf, eigi heppilegar; jeg vildi því óska, að h. deild eigi verði meiri tíma til frv., heldur felldi það nú frá 2. umr.

Framsögumaður minni hlutans (Þorvaldur Bjarnarson): Síðast, þegar jeg talaði, gleymdist mjer að svara því, er h. framsögumaður meiri hlutans (Þ. Böðv.) bar fram, að jeg hefði sjaldan mætt á nefndarfundum.

Jeg færði þá ekki beinlínis ástæðu fyrir því, hvernig á þessu stóð, þótt það lægi að nokkru leyti í orðum mínum. Jeg sá það þá þegar, eins og mjer fannst líka liggja í meðvitund meiri hlutans, að ekki mundi til mikils að eyða tíma til þess að vera að hugsa um þetta frumv. Jeg vildi óska, að jeg væri jafnmikill maður og þeir, sem hafa búið til fátækrareglugjörðina frá 1834, þó ekki væri jeg meiri, og það þyrfti jeg að vera til þess, að líklegt væri, að jeg gæti gjört eins vel eða betur en þeir hafa gjört. En nú játa jeg mig að vera minni mann en þeir, og því álít jeg mjer ekki fært að leggja út í að breyta fátækrareglugjörðinni.

H. meiri hluti mun hafa fundið, að frv. var ekki eins gott og það átti að vera; því að á þeim stutta tíma, sem þeir hafa fengizt við það, hafa þeir komið fram með töluverðar breytingar, og hefðu líklega komið með fleiri, ef þeir hefðu lengur fjallað um málið í nefnd. Þetta sýnist mjer mjög góð viðurkenning þess, að frv. hafi verið ábótavant frá byrjun.

Jeg hef áður sagt það, að þetta frumv. væri sniðið eptir þörfum þurfamannanna, en ekki eptir þörfum þeirra, sem standa undir þörfum þeirra, það er að segja gjaldendanna, og við það stend jeg. Ef jeg hefði verið þurfamaður, þá hefði jeg ekki fallið í minni hluta, heldur verið flutningsmanni þakklátur fyrir það, og stutt það, en af því jeg mun ekki talinn í þeirra tölu, þá verð jeg að vera móti því, og vona jeg og ræð til, að frv. verði sem bráðast fellt, og fleiri orðum sje ekki eytt við það.

Framsögumaður meiri hlutans (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að leyfa mjer að svara h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) fáum orðum.

Hann taldi það víst einustu ástæðuna fyrir því, að breyta ekki fátækrareglugjörðinni, að hún væri samin af góðum júristum. En þótt þeir hafi verið það, og þótt reglugjörðin hafi verið góð á sínum tíma, þá er eigi að síður mjög eðlilegt, að hún þurfi breytingu við nú eptir full 50 ár frá því hún var samin. Jeg hef sjálfur lokið lofsorði á reglugjörðina, en hitt, að hún sje gallalaus, get jeg ekki játað, og jeg efast um, að h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) finnist það sjálfum.

H. þm. (Þ. Bj.) sagði, að í frv. væri farið eptir þörfum þurfamannsins og vilja; en jeg held, að það sje í því gengið svo nærri rjetti hans, sem fært er; það vona jeg að menn finni, ef málið er skoðað vandlega og með rósemi. H. þm. (Þ. Bj.) verður að gæta þess, að í sýslunefndum sitja menn, sem sjálfir eiga að gjalda útsvör, og þeim mun þó geta komið til hugar, að þegar náungans veggur brennur, þá muni þeirra hætt; því get jeg alls eigi ætlað, að þurfamönnum sje gjörður svo greiður vegur til styrks af fátækrafje, að nokkur háski sje búinn af því, og á litlum rökum finnst mjer h. þm. (Þ. Bj.)

byggja það, að þetta frumv. sje sniðið til þess að grípa að ófyrirsynju ofan í vasa gjaldenda til þess að taka þaðan styrk handa þurfamönnum.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) tók það fram, að fátækrareglugjörðin væri vel brúkandi. Jeg játa, að hún sje það líka að mörgu leyti; en það sannar ekki fullkomlega, að ekki sje þörf á að breyta henni, þótt ekki væri að öðru en því, að endurnýja hana, og taka ýms ákvæði hennar ljósar og greinilegar fram, en gjört er í henni. Fremur verð jeg líka að telja það kost en löst við frumv., að nú er það tekið fram á 3 blaðsíðum, sem var á 10 í fátækrareglugjörðinni. Ástæða h. þm. (J. J.) getur því alls eigi verið til þess, að fella málið frá 2. umr. Það getur vel verið, að bæði hann og aðrir geti þá komið fram með ný ákvæði, er miði til stórbóta, og virðist mjer ekki rjett að útiloka þann mögulegleik.

Þar sem h. þm. (J. J.) sagði, að hin nýju ákvæði í frumv. væru ekki til verulegra bóta, þá er að vísu hægt að segja slíkt, þegar ekki þarf að sanna; jeg gæti sagt hið sama um tillögur frá hans hendi. Nú við þessa umræðu má ekki fara út í einstök atriði; en nái málið að ganga til 2. umræðu, vona jeg að jeg geti sýnt og sannað, að í frv. sjeu þau ákvæði, sem eru til bóta.

Hann áleit að ekki væri óhæfilegt, að veita þeim, sem mestan starfa hefði í hreppsnefndinni, þóknun fyrir starfa sinn, eins og frumv. fer fram á. Það er gott, að við erum samdóma í þessu; því að jeg álít það ekki samboðið ástæðum manna hjer á landi, að láta menn vinna allt kauplaust í hreppsins þarfir. Jeg hygg, að það hafi verið tekið fram áður hjer í deild, að sumir þeirra manna hafi tekið sjer laun sjálfir. Það má víst víða hjer á landi benda á menn, sem vegna hreppsnefndarvasturs hafa skemmt velmegun sína, og eigi munu þeir menn heldur torfundnir, sem tekið hafi allt sem lauslegast í þeim efnum og litið mest á eigin hag.

H. þm. (J. J.) þótti ákvæðið um framfærsluskyldu systkina viðsjárvert. En ef á að ljetta á byrði hreppanna, þá verður að grípa til einhverra úrræða, og þá sýnist mjer þetta liggja mjög nærri, að færa fram framfærsluskyldu náunga. Jeg hefi þekkt dæmi þess, að maður hafi verið á sveit, þótt hann hafi átt stórrík systkini. Slíkt mun ekki eiga sjer stað erlendis. En af því að ákvæði fátækrareglugjörðarinnar eru svo væg í þessu efni, að þau eins og gefa manni undir fótinn, þá er sízt að undra, þótt ýmsir komi sjer undan framfærslu náunga sinna.

Í raun og veru er það fleira en í frv. stendur, sem þurft hefði að komast inn í það, og jeg er viss um, að það mundi komast að, ef frumv. fær að ganga gegnum þingið. Jeg skal nefna til dæmis ákvæðin um þurfamannaflutning; þau þurfa umbóta við. Að vísu er drepið á það atriði í frumv., en hefði átt að vera betur gjört.

Framsögumaður minni hlutans (Þorvaldur Bjarnarson): Jeg er mjög þakklátur h. framsögum. (Þ. Böðv.) fyrir það, að hann hefir sagt alveg það sanna, sem mjer finnst: að meiri hlutinn gangi svo nærri mannrjettindum, sem unnt er. Jeg er honum líka alveg samdóma í því, að það ætti að hafa sem ljettasta byrðina á sveitinni. Jeg álít líka, að þetta komi fram þar í frumv., þar sem sagt er, að þegar hreppur veitir þurfamanni flutning, þá skal það ókeypis frá því hann leggur á stað og þangað til hann kemur á framfærsluhrepp sinn. En nú vill svo til, að hann veikist á leiðinni og liggur máske svo árum skiptir; þó það komi ekki opt fyrir, þá er það ljettir fyrir sveit hans, því að aðrir verða að annast þurfamannsflutninginn kauplaust heim til sveitarinnar.

Jeg hef ekki meira að benda á að sinni, enda vona jeg, að þetta sje nóg, sem komið er.

Arni Jónsson: Jeg skal játa, að það er allrar virðingar vert, að koma fram á þingi með frumv. um jafn mikilvægt mál og hjer er um að ræða og leitast við að fá kippt því í lag, en jafnframt því sem jeg viðurkenni, að þetta sje virðingarvert og málið sje mikilvægt, þá leiðir af þessu, að það þarf rækilegrar íhugunar við, ef breytingarnar eiga að geta orðið til bóta. En þess er að gæta, að sá tími, sem þingið hefir aflögu, er svo af skornum skammti, að lítil von er til, að það geti hrundið því í það horf, að því sje borgunara en áður. Jeg hefði vænzt þess, að álit nefndarinnar hefði verið nokkuð ýtarlegra en það er, og sjerstaklega að fleiri breytingar og umbætur hefðu komið fram, en nú eru komnar frá h. nefnd. Hjer virðist mjer þurfa at koma til greina, að um þau lög er að ræða, sem staðið hafa meir en 50 ár, og að þessi lög eru einmitt nú á síðari árum öllu fremur en áður að koma til aðhalds og framkvæmda. Þau eru orðin almenningi ljósari en fyr, bæði af því að nýjum lögum hefir verið bætt við þau til bóta, og skal jeg þar nefna lög um sveitarstyrk og fúlgu, og eins hafa komið fram skýringar og ritgjörðir um ýmislegt, sem óljóst þótti í reglugjörðinni. Þegar því á að fara að breyta jafngömlum lögum og fátækrareglugjörðin er, þá verður annaðhvort brýn nauðsyn að liggja til grundvallar fyrir breytingunni, eða hún að vera stórum betri en það, sem áður var. En um hvorugt af þessu er hjer verulega að ræða. H. framsögum. (Þ. Böðv.) viðurkenndi, að reglugjörðin gamla væri allvel brúkandi; og jeg legg ekki mikla áherzlu á, þótt hún eigi nú að vera 3 blaðsíður í staðinn fyrir 10; þeir, sem hana þurfa mest að brúka, munu hafa nægan tíma til að lesa hana og kynna sjer. Það sem mest á ríður, er, að ákvæðin sjeu skýr og ljós, og hægt að framfylgja þeim; en hjer í þessu frv. sje jeg þessa kosti ekki koma svo greinilega fram, að það geti verið keppikefli fyrir þá sök.

Við þessa umræðu er ekki hægt að fara út í einstök atriði; þó get jeg bent á það, að jeg er sammála h. þm. N.-Þing. (J. J.) um það, að svo sýnist, sem nýmæli frumv. horfi ekki til bóta, og mjög sýnist mjer vafasamt, hvort þau yrðu farsæl í framkvæmdinni, þótt frumv. yrði að lögum. Það hafa orðið mjög skiptar skoðanir um, hve mikinn rjett fátækrastjórnin eigi að hafa gagnvart þurfalingunum, enda mun torvelt að setja skýr og ótvíræð ákvæði um það. Jeg sje ekki, að það sje svo hægt, að segja um það með vissu, hverjir sjeu líklegir til að þiggja af sveit og hverjir ekki. Getur hreppsnefnd sagt við þá, sem ekki eiga sveit í hennar hreppi: «Heyrðu góðurinn minn! Þú verður að gjöra svo vel og vinna hjá mjer?» En ef ákvæðin ná einungis til þeirra, sem sveit eiga í íbúðarhreppi sínum, þá eru þau ekki fullnægjandi; því að það er auðsætt, að þá mundu þeir, sem þættu «líklegir» til að þiggja sveitarstyrk, eigi sjaldan flytja burt úr sveitfestuhrepp sínum, þegar hreppsnefndin færi að hlutast um hag þeirra, til þess að vera lausir við afskipti hennar. En þá er líklegt, að svo fari, sem opt hefir raun á orðið, að þeir komi ver farnir í hrepp sinn, en ef þeir hefðu setið kyrrir heima í honum, og verði honum til meiri þyngsla. Jeg álít það heppilegast, að fátækrastjórnin geti haft umsjón með þurfalingum sínum, geti hvatt þá til dugnaðar og ráðdeildar, sjeð þeim fyrir atvinnu, ef hana er að fá, og geti sjálf haft auga á og hönd í bagga með, hvernig þeir fara að ráðu sínu. En spursmálið er, hvort það eptirlit, geti náð til annara en þeirra, er þiggja af sveit.

Enn sem komið er held jeg það verði vart heppilegt, að setja inn í lögin þær ákvarðanir, sem freisti þeirra til að flýja burt undan þessu eptirliti.

Jeg skal enn lýsa því yfir, að jeg álít mál þetta mikilvægt, og æskilegt, að því yrði kippt í sem bezt lag. En af því að mjer sýnast hjer ekki liggja fyrir svo víðtækar breytingar, að það borgi sig að verja löngum tíma til þeirra, nje heldur eins vel úr garði gjörðar eins og jeg er vissum að h. flutningsm. mundu sjálfir hafa óskað, þá sýnist mjer ráðlegast, að málið sje látið hvíla að þessu sinni. Jeg segi þetta engan veginn til að áfella flutningsm. fyrir óvandvirkni; því að jeg veit, að þeir hafa gjört það sem þeir gátu til að koma því í það horf, sem það nú er; en þetta mál er svo umfangsmikið, að það er meira en fárra daga verk, og varla eins manns meðfæri, að skipa því svo vel fari.

Ólafur Pálsson: H. framsögum. (Þ. Böðv.) hefir tekið fram margt af því, sem jeg mundi sagt hafa, og skal jeg ekki fara út í það. En undarlegt sýnist mjer það, að h. þm. N.-Þing. (J. J.) og h. þm. Mýram. (Á. J.) skuli viðurkenna, að frv. sje rjettarbót, og vilja þó ekki leyfa því að ganga til 2. umr., svo að þá væri hægt að koma með breytingar. Mjer sýndist þeim liggja miklu nær að benda á, hverjar breytingar þeir vilja fá; málið er ekki komið svo langt enn þá, að ekki sje hægt að koma þeim að. Jeg vona því, að þeir og fleiri þingmenn, sem mælt hafa á móti því, leyfi því að ganga til 2. umr., og sýni, að þeir geti breytt frumv. til batnaðar.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): H. þm. V.-Skapt. (Ó. P.) gjörði sjer von um, að mjer mundi snúast hugur; en jeg skal svara honum því, að hann verður þá að beita betur sannfæringarafli sínu og koma með fleiri sannanir, en hann gjörði í ræðu sinni. Við ræðu h. framsögum. (Þ. Böð.) skal jeg leyfa mjer að gjöra athugasemd. Hann sagði, að eitt hið líklegasta úrræði til þess að ljetta sveitarþyngslum væri, að auka framfærsluskyldu náunga. Jeg er þar ekki á sama máli sem h. þm. (Þ. Böðv.); því að þótt hægt væri að búa til lög, er sæju fyrir, að enginn ómagi þyrfti að *njóta* framfærslu af almannafje, heldur væru náungar skyldir að sjá fyrir framfærslu hvers ómaga, þá mundi hagur landsins ekki hóti betri fyrir það. Hjer þarf annað að gjöra, ef að liði á að verða. Það þarf að gjöra fátæklingana þannig, að þeir sjái fyrir sjer sjálfir. Þegar landið er skoðað í heild sinni þá hygg jeg að mjög komi í sama stað niður, hvort bróðir gefur með systkini sínu, eða sveitin gjörir það; líkt mun til þess ganga, hver sem fjeð greiðir. En hitt er annað mál, og mundi hafa aðrar afleiðingar, ef vjer gætum gjört þurfalingana sem mest sjálfbjarga; en til þess þurfum vjer miklu fremur að þrengja aðganginn að fátækrastyrk en rýmka hann. H. framsögum. (Þ. Böðv.) sagði, að fleira þyrfti að taka fram í frumv. en gjört væri; þetta mun vera alveg satt, og hygg jeg því, að hann við nánari íhugun muni komast að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegast sje að fara ekki lengra út í málið að þessu sinni, en íhuga það og undirbúa þá betur, og taka það svo upp á síðari þingum.

Það væri einkar gott, ef hæstv. landsh. vildi segja álit sitt um þetta mál, þar sem hann er æðsti maður í umboðsvaldinu hjer innanlands.

Jón Þórarinsson: Jeg hef ekki beðið um orðið til þess, að tefja mikið tímann. Mjer skilst svo, sem allir, ekki einungis meðmælendur frumv., heldur jafnvel líka andmælendur þess, álíti þetta mál mjög mikilsvert, og það svo, að sumir álíta að það veitti ekki af að ræða það á fleiri þingum en einu. Af því að jeg er alveg á sama máli og þessir menn, þá vil jeg með engu móti að málið verði fellt nú þegar.

Því að ef málið verður fellt nú, þá er þeim tíma, sem þegar er genginn til þess, varið alveg til ónýtis. Sumir álíta þetta frumv. góða, aðrir álíta það enga rjettarbót. En hvorugur getur sannað mál sitt nú við þessa umræðu, þar sem ekki er leyfilegt nú að fara út í einstök atriði. Jeg vildi þess vegna óska, að málið fengi að ganga til 2. umr., bæði til þess að meðmælendur þess geti undirbúið það betur, og líka til þess, að mótmælendurnir geti sýnt fram á, hvernig málinu verði breytt til bóta. Nú sem stendur geta þeir ekki sýnt dugnað sinn. En til þess að þeim gæti gefist kostur á því, verður að samþykkja nú, að málið gangi til 2. umr.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. N.-Þing. (Jón Jónsson) beindi þeirri spurningu að mjer, hvert væri mitt álit í þessu máli, þá á jeg ekki gott með að svara því neitt ýtarlega við þessa umr. Í þetta sinn er ekki hægt að tala nema um hina almennu hlið málsins. Skal jeg þá geta þess, að eptir fyrirsögn frumv., ætti það að vera miklu viðtækara, en það er. Frumv. «um fátækramálefni» ætti ekki einungis að halda sjer við fátækrareglugjörðina frá 8. jan. 1834, heldur ætti auk þess að taka upp í það allar þær ákvarðanir um fátækramálefni, sem síðan hafa komið út, t. d. ákvarðanir um fátækraflutning, sem h. flutningsm. (Þór. Böðv.) líka minntist á, ákvarðanir laganna um sveitarstyrk og fúlgu o. fl., og svo loks öll þau nýmæli, sem reynslan hefir sýnt að með þurfi. Jeg álít það heldur ekki heppilegt, að taka reglugjörðina upp kafla fyrir kafla og grein fyrir grein. Eina ráðið til þess að endurskoða og gera viðunandi tillögur um endurbót á fátækralöggjöfinni yfir höfuð að tala, hugsa jeg sje það, að setja nefnd milli þinga. Nefnd þessi gæti þá rætt og íhugað málið og borið sig saman við þá, sem hafa praktiska reynslu í þessu máli. En til þess að slík nefnd geti komizt á fót og starfað, þarf fjárveitingu frá löggjafarvaldinu, og þess vegna verður uppástunga um slíka nefnd að koma frá fjárveitingarvaldinu.

Framsögumaður meiri hlutans (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð að svara h. flutningsm. minni hlutans (Þorv. Bj.) því, þar sem hann sagði, að ákvæðin um ókeypis flutning á fátæklingum væri nýmæli í frumv., að þetta er einmitt það, sem nú tíðkast um allt land, eptir hinum gildandi lögum. Jeg tek þetta að eins sem dæmi þess, hve vandlega þessi þm. leitar í lögunum, sem dæmi þess, hve mikla þekkingu hann hefir á því, sem hann er að dæma um.

Þar sem h. þm. Mýr. (Á. J.) tók það fram, að tíminn, sem þingið hefði yfir að ráða, væri ekki nægilegur til þess, að koma þessu máli í verulega gott horf. Þetta hefi jeg sjálfur játað. Jeg hefi játað, að ekki væri tími til að taka allt málið fyrir í einu. En jeg álít, að nú megi breyta því í reglugjörðinni, sem brýn nauðsyn er að breyta. Þetta höfum við reynt að gera; en frumv. og till. okkar eru máske ekki svo, að ekki megi breyta þeim til batnaðar, enda er það algengt, að frumv., sem koma inn á þingið, er alveg umturnað undir umræðunum og meðferðinni. Jeg held þess vegna ekki að ástæða sje til, að hætta við málið svo búið. Jeg held að sami h. þm. hafi borið flutningsm. og meiri hluti nefndar á brýn, að þeir ætluðu að koma í veg fyrir það, að menn þæðu sveitarstyrk. Víst vildi jeg og nefndin koma því til leiðar, en við sáum oss það ekki fært. Sum ákvæðin mundu þá verða nógu hörð, ef þau yrðu að lögum. Hann áleit það æskilegt, að menn gætu komið fátækra málefnunum í betra horf. Jeg held að enginn segi eða hafi sagt nei við þessu. Því þó reglugjörðin hafi þótt góð í mörgu, þá þarf

hún þó umbóta við. Þetta játar þm. líka, en þó vill hann bíða. En það er ekki sama að bíða og að bíða. Að bíða er ekki sama sem að bíða aðgerðarlaus. Jeg held jeg hafi tekið það fram áður, að jeg gerði ekki meira en svo ráð fyrir, að frumv. þetta kæmist út úr þinginu. En ef málið yrði rætt í þremur umr. í báðum deildum, þá álít jeg það of mikið vantraust á kröptum þingsins, að ætla að málið mundi ekkert græða við það. Jeg veit, að sumir þingm. hafa ærið að starfa. og það er máske aðalástæðan til þess, að þeir treysta sjer ekki til að hugsa og starfa nægilega í þessu máli. Þó vona jeg að fæstir sjeu svo önnum kafnir, að þeir treysti sjer ekki til að leggja þessu máli nokkurt lið. Að minnsta kosti vona jeg, að þeir lofi þeim, sem minna hafa að gera, að brjóta heilann um málið.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) tók það fram, að aðalatriðið væri ekki það, að ljetta ómögum á sveitinni, heldur það, að koma mönnum í það ástand, að þeir geti sjálfir unnið fyrir sjer. Þetta er mikið rjett. En hvernig á að gera það? Það var gott að hengja bjölluna á köttinn. Það álitu mýsnar. En hver vildi hengja bjölluna á köttinn? Hver vill gera heilsulausan mann hraustan og færan til að vinna fyrir sjer? Hver vill gera barnið svo, að það þurfi ekki hjálpar við? Hinn heilsulausi maður getur átt náunga og barnið getur sömul. átt náunga, sem gætu hjálpað þeim. Í þessu efni vil jeg fara svo langt sem unnt er, og jafnvel lengra en hjer er gert. H. sami þm. sagði, að öll þörf væri á, að þrengja þann aðgang, sem menn nú hafa að sveitarsjóðnum. Þetta er sjálfsagt mikið rjett. En hver maður hefir rjettindi, mannrjettindi, sem eru helg, og sem jeg vil ekki skerða.

Hæstv. landsh. áleit heppilegast að tekin væri fyrir öll gildandi ákvæði í fátækramálum. Mjer hafði líka komið þetta til hugar. En jeg gat ekki sjeð, að þetta væri hægt. Hann benti á úrræði, sem væru til þessa, og með því að hann áleit málið svo mikilsvert, benti hann á, að reynandi væri, að setja nefnd milli þinga. Það er nú ekkert nýtt, að setja nefndir milli þinga. Stundum hefir árangurinn af slíkum nefndum orðið verulegur, en stundum hefir það líka komið fyrir, að mönnum hefir ekki þótt árangurinn mikill. Jeg skal ekki mótmæla því, að það geti verið gott, að setja nefnd milli þinga í svona mikilsverðu máli, en jeg tel það samt til mikils góðs, að málið verði rætt núna á þinginu. Ef nefnd yrði skipuð, og þá sjálfsagt af mönnum hjer í Reykjavík, þá ætti hún að geta haft mikinn stuðning af umræðunum um málið. Nefnd sú, sem sett yrði, gæti haft gott af því, að hafa eitthvað til að líta í. Hjer á þingi sitja ekki einungis hinir helztu menn landsins, heldur líka menn, sem í marga ára tugi hafa fengizt við fátækra málefni. Gæti milliþinganefnd ekki haft stuðning af því, sem lægi fyrir af upplýsingum reyndra manna í þessu máli? En jeg hafði og hefi enn þá von, að málið geti grætt mikið við það, að vera hugsað og rætt hjer á þinginu; og að þingið geri sitt til, er hið fyrsta skilyrði fyrir því, að málið á sínum tíma fái framgang, landi og lýð til heilla.

Framsögumaður minni hlutans (Þorvaldur Bjarnarson): H. framsögum. meiri hlutans (Þór. B.) talaði eitthvað um það, að ákvæði frumv. um fátækraflutninginn, sem jeg nefndi, væru sniðin eptir hinum gildandi lögum. Jeg get ekki sjeð, að það geri neitt til. Jeg er jafnt á móti frumv. fyrir það. Jeg álít líka, að hann hafi valið rjett orð, þar sem hann brúkaði orðin: «*að hann treysti sjer*». Þetta: «*að hann treysti sjer*», kemur fyllilega fram bæði í frumv. og nefndarálitinu. Hann talaði um, að jeg hefði ekki verið staðfastur í nefndinni. Það hefir þá sjálfsagt verið af því, «*að jeg*

treysti mjer ekki». Þeir hafa, sem sagt, treyst sjer, hinir nefndarmennirnir. Jeg sje að þeir hafa gert mikið á stuttum tíma. Jeg kom að vísu á hvern nefndarfund; en af því jeg gat ekki fallizt á skarpleik manna, þá dró jeg mig til baka. Jeg sje líka, að þeir hafa getað unnið án mín, og jeg óska þeim til lukku með verkið, meðan þeir fá að njóta þess.

Árni Jónsson: Jeg játaði, að málið sjálft væri mikilsvert. En jeg sagði aptur á móti ekki, að *þetta frumv.* væri mikilsvert, og það er misskilningur hjá h. þm. Skaptf. (Ó. P.), að jeg hafi sagt, að frv. væri «rjettarbót».

Umræðurnar um málið hafa líka, að jeg vona, sýnt, að ekki sje æskilegt, að málið gangi lengra í þetta sinn. Því þó að h. flutningsm. (Þór. B.) ekki vilji taka okkar ástæður gildar, þá vona jeg, að hann sjái af orðum hæstv. landsh., sem rjeð til að setja millipinganefnd í þessu máli, að þinginu nú er ofvaxið að ráða þessu máli þannig til lykta, að vel verði viðunandi. Mig furðar á því, að h. flutningsm. skuli samt treysta sjer til þessa. Það virðist svo sem h. flutningsm. hugsi ekki um, hvað *mikið* það er, sem hann býður þinginu, þegar hann kemur fram með svona stórt mál, auk fleiri stórmála, og þau ekki öll sem bezt undirbúin.

Það er merkilegt, að menn skuli láta sjer detta í hug að taka fátækrareglugerðina frá 1834, svona gömul lög, sem komin eru inn í meðvitund manna, og ætla sjer að sníða upp nokkrar ákvarðanir í henni og laga hana svona dálítið á knje sjer, og álíta svo, að breytingarnar verði til bóta og allt verði blessað og gott. Jeg held, að ef þessir menn kynntu sjer vel anda og ákvæði fátækrareglugjörðarinnar og bæru það saman við þessar breytingar og umbætur, sem þetta frv. á að gera á því, þá geti þeir sjeð, að hjer sker ekki úr til umbótanna. Það er hreinn misskilningur hjá h. þm. V.-Sk. (Ól. Pálss.), að ætlast til, að nokkur geti komið með breytingartill., sem geti bætt það frumv., sem byggt er á eins þröngum grundvelli eins og þetta. Nei, það er, eins og hæstv. landsh. sagði, þörf á, að taka þetta mál frá allt öðru sjónarmiði. Það þarf að umskapa málið, koma því í nýtt form. Jeg sje því ekki, að málinu verði betur borgið fyrir það, þó það fái nú að ganga til 2. umræðu og þá eptir langar umræður.

Jeg var á móti nefnd við fyrri hluta þessarar umr., og eins verð jeg nú á móti því, að málið gangi lengra. Vona jeg, að margir þingdm. verði á sama máli. Einn af nefndarmönnum fjekk nú þann vitnisburð, að hann hefði sjaldan komið á nefndarfundi. Jeg ímynda mjer, að hann sje sáttur með hætta við málið nú þegar. Jeg get ekki skilið, að málið græði mikið við það, þó nú verði farið að ræða það frekar í þessu formi. Sams konar frumv. og þetta var fyrir h. Ed. 1887. Það var þá rætt þar nokkuð og sett nefnd í það, og þó sjest ekki, að þessi h. nefnd hafi mikið grætt á því. Jeg skil ekki heldur, að það vaki ljóst fyrir flutningsm., hvað hann meinar með frumv. eins og það nú er. Það mun eiga að miða til þess, að ljetta byrðinni á gjaldendunum. En jeg er á sama máli og h. þm. N.-Þing. (J. J.) um það, að bezt væri, ef menn gætu vakið sjálfsstæði manna og sómatilfinning, svo menn sjái, hvílík vanvirða það er, að liggja upp á öðrum, nema einhver sjerleg óhöpp komi fyrir, sem eigi er sjálfum um að kenna. Mjer finnst hjer komi fyrst til athugunar framfærsluskyldan af annara fje. Jeg vildi helzt að hún gæti fallið burt. Það er sannarlega eitthvað ónáttúrlegt og öfugt við það, ef þeir, sem sjálfbjarga eru, og sína dugnað og sparsemi, ættu að vera skyldir til að taka við hverjum einum, sem ekki getur lifað, hvernig svo sem hann hefir farið með efni sín, að ódugnaðar- og óhófsmaðurinn geti gengið fyrir hvern og einn og heimtað af hon-

um framfærslu. Þess vegna er það alvarlegt umhugsunarefni, hvort ekki er hægt að afnema framfærsluskylduna. Aptur gæti jeg vel fellt mig við það, að til væri ákvæði um það, að bæta skyldi úr brýnni þörf manns í þeirri sveit, sem hann dvelur í, þegar hann dagar uppi, og skyldi þá skoða tillagið sem hjálp, er þurfamanni væri veitt til viðreisnar, enda væri hann eigi skyldur að endurborga, þótt hagur hans batnaði, nema hann hefði efni og eigin hvatir til. Jeg heyri á mínum h. sessunaut (J. Þ.), að hann vill helzt að jeg hætti nú og fari ekki lengra út í málið, og get jeg látið svo vera að sinni.

Jón Þórarinsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að gera þá athugasemd að jeg talaði ekki eitt einasta orð í þá átt, að sessunautur minn skyldi þagna. — Jeg hef þvert á móti setið með þögn og þolinmæði og hlustað á ræðu hans, þó jeg skildi ekki eitt »múkk« í henni.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Umræðurnar um þetta mál gerast nú harla langar, enda skal jeg ekki lengja þær mikið.

Jeg skal fúslega játa, að jeg er einn af þeim, sem álít málefni þetta mjög mikils vert; jeg gladdist því stórlega, þegar jeg heyrði að von væri á frv. til laga um fátækramál frá manni, sem er bæði gamall og sjálfsagt góður sveitarstjóri, því það tel jeg víst að þm. G.-K. (Þór. B.) sje. Jeg bjóst við, það frv. mundi vera vandlega hugsað og innihalda verulega lagfæring og rjettarbót í þessu efni; en jeg get heldur ekki neitað hinu, að sú gleði rýrnaði mikið, þegar jeg las frumv., og sá, að það var að mestu meinlaus upptalning úr tilsk. 8. jan. 1834, og þær fáu breytingar á tilsk., sem voru í frv., voru bæði óverulegar, og sumar til ógagns. Jeg bjóst svo við, þegar nefnd var kosin í málið, og í hana valdir menn, sem sjálfsagt hafa allir meir og minna fengizt við sveitarstjórn, að sú nefnd mundi þó reyna að gera eitthvað til að bæta frv., en sú von hefir einnig brugðizt, því nefndin hefir að eins gert mjög lítilsverðar og fáar breytingar við frumv., og lítur helzt út fyrir, að hún hafi hugsað málið enn þá minna heldur en háttv. flutningsm. *(Jón Þórarinsson:* Var ekki flutningsm. í nefndinni?). Jú, en það er engin sönnun fyrir því, að hann hafi ekki getað hugsað enn minna um það í nefndinni en áður. Það kemur víst öllum saman um það, að það sem mestur gallinn sje á fátækrastjórn vorri, sje það að hreppsnefndirnar sjeu allt of örar á að veita sveitarstyrk; það kemur öllum saman um, að í þeim efnum sje opt brúkuð miskunn, sem heitir skálkaskjól, þar sem opt er tekið af þeim, sem vilja vera sjálfbjarga og sem berjast vel fyrir konu og opt mörgum börnum; þegar kreistar eru svo að segja undan blóðugum nöglum þeirra stórar upphæðir, og opt fleygt hugsunarlaust í menn, sem eru ráðlausir og ekki nenna að hafa ofan af fyrir sjer og sínum. En fram hjá þessu atriði hafa bæði h. flutningsm. og nefndin gengið þegjandi. Ekki gert tilraun, að koma inn í frv. einu einasta ákvæði, sem bætti úr þessu. Það hefir komið fram, að hægt mundi að laga frumv. við seinni umr. þess; en jeg verð að ætla, að þingið hafi allt of mikið af málum til meðferðar og mörg, sem vissulega er enn bráðari nauðsyn að koma fram en þessu, og það mundi því verða kák eitt, þótt mál þetta væri látið ganga lengra. — Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) sagði, að eptirfarandi þing gætu lært af því, ef málið væri látið ganga til 2. umr., þá held jeg, að það vinnist lítið við það. Jeg held eptirfarandi þing geti bezt lært af þessari meðferð, sem nú er orðin á þessu máli, að svona á ekki að fara að endurhæta fátækralöggjöf Íslands.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er neyddur til að svara h. mótmælendum í fám orðum.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) hefir víst gleymt einni ástæðunni fyrir því, hvers vegna hann var svo stopull á nefndarfundum; en jeg skal nú ekki fara út í það.

H. þm. Mýr. (Á. J.) sagði, að hjer væri í of stórt ráðizt, að breyta fátækralöggjöfinni; þannig er hægt að segja um allt, og ef það aptraði mönnum, þá yrði aldrei í stórt ráðizt; en ef hann sjálfur hefði lítið að gera, hygg jeg að hann hefði varla hreyft þessari mótbáru, en fyllilega gert allt, sem í hans valdi stóð, til að beina málinu í honum geðþekka stefnu.

Þm. Mýr. (Á. J.) hafði það eptir hæstv. landsh., að byggja þyrfti málið á allt öðrum grundvelli. Þetta er ekki rjett; því hæstv. landsh. sagði að eins, að til þess að frv. væri samkvæmt fyrirsögninni, þá yrði að takast upp í það lög, sem síðan hafa komið um sama efni; mjer hafði dottið þetta í hug; en jeg fann enga meiningu í því, að vera að prenta upp aptur lög, sem nýkomin eru frá þinginu.

H. þm. Mýr. (Á. J.) sagði, að frv. mundi aldrei gera gagn, þó að það yrði að lögum; slíkt er ógnarlega hægt að segja um hvað sem er, en miklu verra að sanna. Hann talaði líka mikið um að vekja sómatilfinning manna; hver bannar þm. (Á. J.) að gera það? En jeg fyrir mitt leyti efast um, að slíkt verði gert, sízt til hlítar, með löggjöf, hversu góð sem hún er.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að þetta frv. væri meinlaus upptalning á tilsk. 8. jan. 1834; en jeg held, að jeg þurfi ekki að mótmæla þessum orðum, því hver, sem les frv., sjer, að í því eru sjerstök nýmæli, auk þess, sem eldri ákvæðum er snúið við og þau löguð. Jeg held að orð þessi lýsi því, að hann þekki hvorki reglugjörðina nje frumvarpið. Móti betri vitund eru þau sjálfsagt ekki töluð.

Hann bar og mjer og nefndinni það á brýn, að við hefðum ekki þrengt aðganginn að fátækrastyrknum. Þetta er ekki rjett, enda ekki sannað af honum. Hann kvartaði einnig yfir frumvarpa fjölda, sem kæmi að; en skyldu þm. eiga að hætta að bera upp frv., þó að þeir fyrirfram væru ekki alveg vissir um, hvort þau gengu í gegn eða ekki? En það get jeg sagt, að jeg hefi komið fram með þetta frv. af einlægri umhyggju fyrir velferð lands og þjóðar. Jeg hefi talað af einlægri sannfæringu, hefi talað og frelsað mína sál; en jeg legg það h. deild í hendur, hver afdrif þess hún lætur verða; en það kann jeg illa við, að svo mikilsverðu máli sje traðkað svo, að það nái ekki að ganga til 2. umr.

Framsögumaður minni hlutans (Þorvaldur Bjarnarson): Jeg hefi ímyndað mjer, að fátækralöggjöf yrði að vera sniðin fyrir fleiri en lata og veika; líka hefi jeg ímyndað mjer, að lögin þyrftu að vera svo, að þjarfarnir hlýddu fátækrastjórunum. Hvað lögin segja, veit jeg ekki. Það þyrfti að koma í veg fyrir, að velvinnandi menn gangi um iðjulausir og liggi upp á þeim, sem neyta síns brauðs í sveita síns andlitis eða hlaupa í annan stað, þegar hreppsnefndirnar segja þeim að vera í þessum stað; um þetta þyrfti að skerpa hegninguna og við leggja sektir, því þetta er mjög slæmt ástand í sveit. Mönnum þykir ekki mikils um vert, að segja sig til sveitar, þó þeir sjeu með góðum vinnukröptum og láta aðra, sem áður hafa nóg á sinni könnu, gefa sjer að jeta; úr þessu þyrftu lögin að bæta.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 9 nafngreindra þingdm. var samþykkt að hætta umræðunum. Síðan var frv. fellt frá 2. umr. með 14 atkvæðum gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	Sigurður Jensson,
Jón Þórarinsson,	Árni Jónsson,
Jónas Jónassen,	Grímur Thomsen,
Ólafur Pálsson,	J. Jónss. (þm. N.-M.),
Sveinn Eiríksson,	J. Jónss. (þm. N.-Þ.),
Þórarinn Böðvarss.	Ólafur Briem,
	Páll Briem,
	Sigurður Stefánsson,
	Þorlákur Guðm.son,
	Þorleifur Jónsson,
	Þorsteinn Jónsson,
	Þorvaldur Bjarnars.,
	Þorvarður Kjerúlf.

Frumvarp til laga um greiðslu og gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega (C. 241); 1. umr.

Ólafur Briem: Það eru eiginlega tvær aðalbreytingar frá því, sem nú er, sem frv. þetta fer fram á. Fyrri breytingin er sú, að víkja frá niðurjöfnun þeirri, sem fylgt hefir verið, eða breyta gjaldstofninum.

Að undanförnu hefir gjaldi þessu verið jafnað niður með aukaútsvörum, en hjer er farið fram á, að leggja sýslusjóðsgjaldið á ábúð og lausafje. Jeg sje ekki, að þessi breyting sje til neinna bóta. Mjer finnst það liggja í henni, að í stað þess, sem niðurjöfnunin fer nú fram eptir efnum og ástæðum, og því sem flest atriði tekin til greina, þá eigi nú að fara að eins eptir tvennu einu, ábúðar- og lausafjárhundruðum.

En það er svo margt annað, sem til greina getur komið. Jeg skal að eins nefna tekjur af eign og atvinnu. Mjer finnst þessi gjaldstofn, sem hjer er farið fram á að leggja til grundvallar, bæði í sjálfu sjer ekki rjettari en sá sem nú er, og auk þess hefir það opt verið tekið fram, að gjöld þau, sem nú hvíla á ábúð og lausafje, sjeu fullhá, svo að ekki sje á bætandi. Allir vita líka, hve hundraðatal á jörðum er ófullkominn mælikvarði fyrir notagildi þeirra. Bæði var það, að jarðamatið var upphaflega ekki nákvæmt, og síðan það fór fram, hafa ýmsar jarðir breytzt stórum. Enda hefir það ekki vantað, að menn hafi borið sig upp undan því, hve ósanngjarnt mat ýmsra jarða væri. Og eins og h. þingd. er kunnugt, var nú á þessu þingi komið fram með frv. um breyting á jarðamati, og þótt það væri fellt hjer í deild, þá var það ekki af því, að það þætti ófyrirsynju borið upp, heldur af hinu, hvílíkir örðugleikar og kostnaður væri við slíkt mat, og hvern dilk það mundi draga eptir sig. Þegar svo rammt kveður að, eins og hæstv. landsh. tók fram í því máli, að ábúendur fáist ekki á jarðir sökum ábúðarskattsins, þá sýnist ekki fært, að bæta nýjum gjöldum á, í líking við hann.

Hvað sýsluvegagjaldið snertir, þá er mjer ekki vel ljóst, hvað meint er með því, að gjaldheimtumaður eigi, ef hann vill, heimting á, að húsfaðirinn greiði gjaldið fyrir sig og aðra gjaldskylda menn á sínum vegum. Mjer finnst hjer að minnsta kosti of mikið vald lagt í hendur gjaldheimtumannsins; því að honum er hjer veittur nokkurs konar skattálögurjettur. Hjer er alveg sleppt öðrum gjaldstofni, það er að segja tekjum af eign og atvinnu, og það eru þó þeir gjaldstofnar, sem minnst gjöld hafa hvílt á. Þeir, sem fasteign eiga og búa ekki sjálfir, geta eptir ákvæðum frv. alveg sloppið við sýslusjóðsgjald; sama er að segja um embættismenn, kaupmenn og tómthúsmenn, og að nokkru leyti um sjávarbændur, því að arðurinn, sem þeir hafa af útveg sínum, stendur í engu hlutfalli við ábúðar- og lausafjárhundruð þeirra.

Fyrir utan það, að breytingin að fækka gjaldstofnunum er ekki til bóta, þá er ekki heldur breytingin á innheimtunni heppileg, að láta sýslumenn hafa hana á hendi, í staðinn fyrir hreppsnefnd. Það

mælir reyndar nokkuð með því, að losa hreppsnefndina, sem vinnur kauplaust, við þessa innheimtu og setja hana upp á sýslumennina, sem hafa laun fyrir störf sín. En ekki munaði hana þó mikið um slíkt, því hún þarf ekki að smala þessu gjaldi hjá hverjum einstökum gjaldanda, heldur er það útlagt hjá einhverjum þeim, sem hægast á með að borga í peningum; þessi innheimta er því þægilegri fyrir hreppsnefnd en sýslumann, sem mundi þurfa að heimta gjaldið hjá hverjum einstökum gjaldanda. Auk þess þarf sjaldan að greiða allt gjaldið út úr hreppnum; meira og minna af því gengur til vegabóta í hreppnum sjálfum, og sá hlutinn kemur því ekki til útborgunar. Eitt atriði kemur enn til greina, sem gerir það, að breytingin horfir ekki til bóta. Það er erfiðara fyrir bændur, að svara gjöldum sínum til sýslumanns en til hreppsnefndar. Sýslumanni verða þeir optast að borga með peningum, og allir vita, hve torfengnir þeir eru, en hreppsnefndir taka landaura upp í hreppsgjöldin. Gjalddaginn á líka að vera í maí eða júní, og það er einn hinn óhentugasti tími fyrir bændur til að inna gjöld af hendi; en útsvör sín borga þeir á haustum, á þeim tíma, sem þeim er einna þægilegastur til að greiða gjöld. Jeg veit ekki heldur til, að það hafi valdið óánægju, að hreppsnefndir hafa orðið að heimta inn gjöld þessi, og þótt innheimtan auki þeim að vísu nokkra fyrirhöfn, þá er hún þó minnstur hluti starfa þeirra, er á hreppsnefndinni hvíla. Nær væri að veita hreppsnefndum, eða þeim manni, sem hreppsnefndarstörfin hvíla mest á, einhverja þóknun fyrir allt umstang sitt, en að ljetta þessu lítilræði af þeim.

Líka er það einkennilegt við frv., að jeg hygg, að þessu máli hafi hvergi verið hreyft, hvorki í blöðunum nje á málfundum í hjeruðum; en það þykir mjer þó eiga betur við, að nýmæli sjeu nokkuð rædd þannig, áður en þau koma inn á þing. Þetta eitt virðist mjer jafnvel vera næg ástæða til að fella frv., fyrir utan það, að mjer sýnist engin rjettarbót vera í því, heldur þvert á móti, að það fari fram á óhaganlegra fyrirkomulag en nú er.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal bæta því við ræðu h. varaforseta (Ó. Br.), að það er svo fjarri því, að mjer þyki nokkur rjettarbót að því, að sýslugjaldi sje jafnað niður á þann hátt, sem frv. ætlast til, að jeg álít það rjettarspilling. Jeg skal geta þess, að hjer í Gullbringu- og Kjósarsýslu, einkum þó í Gullbringusýslu, mundi það verða til stórspillis. Það kæmi þar niður á hin fáu jarðar- og lausafjárhundruð, en allur þorri manna slyppi alveg við gjaldið. Það er engan veginn þægilegra, að sýslumaður heimti það inn en hreppsnefnd, og sú gjaldheimta er engan veginn hin versta við störf hennar, þótt jeg að vísu játi, að kornið fylli mælirinn.

Hreppsnefndin leggur gjaldið á með útsvörunum, og opt er hægt að koma því svo fyrir, að fátækum mönnum gefist kostur á að vinna það af sjer, og verður það hægra fyrir þá, en að þurfa að greiða það í peningum.

Jeg vil því ráða h. þingd. til að samþykkja ekki frv. þetta, af því að jeg sje enga bót að því, heldur þvert á móti.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti fundur. Allir á fundi.

Frumv. til laga um viðauka við lög um vegi 10. nóvemb. 1887 (C. 212); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15:4 atkv. og sent til Ed.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla, 27. febr. 1880 (C. 215, 244); 3. umr.

Flutningsmaður (Þorv. Kjerúlf): Það eru komnar fram breytingartill. (C. 244) við frumv. eins og það var samþ. hjer við aðra umr. (C. 215) frá okkur 6 þingdm., og vona jeg, að breytingartill. þessar sjeu þannig lagaðar, að þær geri frumv. enn aðgengilegra en áður, þar sem stungið er upp á því, að færa tillagið niður úr 300 kr. í 200 kr., og ákveða, að eigi verði gert tilkall framar til neinnar uppbótar úr landssjóði.

Vona jeg því, að h. þingdm. verði nú enn fúsari á, að samþykkja frumv.

Þorvaldur Bjarnarson: Maður hefir fengið tækifæri til að sjá og heyra, af því sem fram hefir komið á þingi þessa daganna, að það er sjóðþurður í landssjóði, og að hann þess vegna ekki er fær um, að leggja mikið fram. Einnig hafa menn orðið þess varir, að þungir skattar hafa verið lagðir á landsbúa eða rjettara bændur; því þó að svo líti út, sem kaupmenn eigi að borga þyngstu skattana, þá eru það í raun og veru bændurnir, sem borga brúsann. Þess vegna er líka öll ástæða til, að því er mjer virðist, að fara vægilega með það, sem látið er í þennan peningasjóð. Þessi sameining, sem hjer ræðir um að skilja í sundur, er að eins tæpra 3 ára gömul. Hvað hefir nú breytzt síðan? Hvað er nú orðið síðan af náttúrunnar völdum, sem gerir það að verkum, að þessi breyting sje nú æskileg? Jeg skil ekki, hvers vegna það ekki má vera saman, sem saman á að vera. Jeg held rjettast, að þetta fái að halda saman. Það er víst heldur ekki fremur þörf á, að aðskilja þessi brauð, en svo mörg önnur. Það mundi víst bera að þeim brunninum, að þetta væri betur ógert. Það mundi draga dilka á eptir sjer víðsvegar um allt land, ef þessi skilnaður fengi nú fram að ganga.

Áður var tillagið til Klippstaðarprestakalls 200 kr. En hvað gerir nú aptur nauðsynlegan þenna hjónaskilnað, eptir að eins 3 ára sambúð?

Jeg álít, að ekki eigi að hlaupa til, að veita skilnaðinn strax; betra er að bíða enn nokkurn tíma, og vita, hvort hjónunum fer ekki að falla betur hvort við annað með tímanum. Jeg er sem sagt á móti þessum aðskilnaði, eða þessari skiptingu, sjerstaklega vegna fjártillagsins. Það koma nú margar bænir úr öllum áttum, en landssjóðurinn er mjög bágur, og þjóðin á mjög bágt með að skilja, að meira þurfi til hlutanna nú en áður. Jeg er líka á móti aðskilnaðinum af mörgum öðrum ástæðum, sem jeg hirði ekki að nefna hjer.

En í rauninni eru prestarnir langt of fáir, ef þeir annars gera það, sem þeir eiga að gera. Þeir voru öðru vísi á fyrri hluta æfi minnar, en þeir nú eru orðnir. Áður skildu þeir sína köllun, þá, að fræða og kenna. En á þessum síðustu dögum virðast þeir ekki hafa aðra köllun en að átelja foreldra og húsbændur fyrir vankunnáttu barna þeirra. Með öðrum orðum, þeir líkjast eitthvað hinum fornu Faríseum í því, að leggja öðrum þungar byrðir á herðar, en snerta ekki við þeim sjálfir. Mjer þykir leiðinlegt, að þurfa að fara þessum orðum um þeirra velæruverðugheit. En af þessu og mörgu öðru er jeg frumv. mótfallinn.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. breytingartill. (C. 244) samþ. með 17 atkv.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á þingsköpum alþingis (C. 230); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg er í miklum efa um, hvort ákvæði 2. gr. þessa frumv. eru þörf. Þar er talað um, að viðhafa megi hlutfallskosningaraðferð við nefndarkosningu. Jeg hygg, að mörgum þingmanni muni vera það óljóst, um hvað hann á að greiða hjer atkvæði. Jeg segi fyrir mig, að mjer er það ekki vel ljóst. Jeg veit ekki betur, en að til sjeu fleiri en ein aðferð við hlutfallskosningar. En við hvaða aðferð hjer er átt, veit jeg ekki. Að öðru leyti álít jeg frumv. gott. Jeg álít því, að ekki eigi að samþykkja 2. gr. frumv. að svo stöddu.

Landshöfðingi: Þegar frumv. þetta var fyrir h. Ed., þá vakti jeg þar máls á því sama, sem h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) nú talaði um. Jeg vakti athygli Ed. á því, að ákvæði 2. gr. væru tilgangslaus og gagnslaus, og það einmitt af þeim sömu ástæðum, sem h. 1. þm. Ísf. tók fram. Það eru nefnilega svo margar aðferðir við hlutfallskosningar, að ekki er gott að segja, við hvaða aðferð er átt. Að vísu er ein aðferð hlutfallskosninga viðhöfð í báðum þingunum í Danmörku, en þar er líka tiltekið í þingsköpunum, í hverju hlutfallskosningin sje fólgin. Aptur eru í öðrum löndum, t. d. Englandi, ýmsar aðferðir hafðar. H. þingdm. kunna að muna, að þegar stjórnin lagði fyrir alþingi frv. um þingsköp handa alþingi, þá voru þar tekin upp ákvæði um, að hlutfallskosningar mætti við hafa, og um leið skýrt frá þeirri aðferð, sem fylgja skyldi. En þá þótti þinginu óþarft að taka upp þessa aðferð. Þingmenn álitu að ekki þyrfti að nota hana hjer, enda væri hún svo flókin, að óvíst væri, að þingmenn gætu almennt sett sig vel inn í hana. Jeg er þessvegna samþykkur h. 1. þm. Ísf. í því, að 2. gr. geti ekki staðið eins og hún er.

En ákvæði 1. gr. álít jeg líka mjög svo óþörf. — Því það hefir ávallt, þangað til alveg nýlega, verið álitið sjálfsagt, að aldursforseti hefði ekki atkvæðisrjett. Þetta er líka alveg samkvæmt rjettum skilningi þingskapanna. Að vísu hafa þau þessi tvö síðustu þing verið skilin öðruvísi. En það hefir verið úttalað með skýrum orðum af hinum konungkjörnu þingmönnum, að þeir skildu þingsköpin svo, að aldursforseti hefði ekki atkvæðisrjett. Jeg get því fullyrt, að ef að því kæmi, að konungkjörinn þingmaður yrði aldursforseti, þá mundi kann ekki leyfa sjer að greiða atkvæði í forsetastólnum.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ekki verið á sama máli og hæstv. landsh. að því er snertir 1. gr. frumv. Einmitt af því, að þingsköpin hafa verið skilin svo af sumum á síðasta þingi, að aldursforseti hefði atkvæðisrjett, þá er nauðsynlegt að fá skýr ákvæði um þetta efni. Því þótt hinir konungkjörnu þingmenn skilji þingsköpin eins og þau hafa verið skilin lengst, þá er það engin trygging fyrir því, að þeirra skilningur ráði úrslitum framvegis. Þjóðkjörnir þingmenn geta haldið áfram að verða aldursforsetar lengi hjer eptir. Jeg álít því heppilegt, að samþykkja þessa grein, til þess að aldrei geti framar orðið ágreiningur um þettu efni á þinginu. Aptur getur það skeð, að fyrirsögn frumv. sje ekki sem rjettust, ef 2. gr. væri felld í burtu. Það væri víst rjettara að fyrirsögnin væri: frumv. til viðauka við lög um þingsköp alþingis, og mætti breyta þessu til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg bað um orðið sjerstaklega til þess að vekja máls á því, sem h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) tók fram nú síðast. Jeg álít þetta frv. nefnilega enga breytingu á þingsköpunum. Jeg get ekki skilið þingsköpin öðruvísi, en svo, að sá, sem sitji í forsetasæti, hafi ekki atkvæðisrjett. Aptur getur verið spurning um það, hvort forseti hafi atkvæðisrjett, ef hann víkur úr sæti sínu. En þetta frumv. er ekki breyting á þing-

sköpunum, og verður því, að mínu áliti, ekki samþykkt eins og það er. 2. gr. get jeg ekki með neinu móti samþykkt, því að bæði er það óvíst, við hvaða hlutfallskosningu hjer er átt, og svo á slík kosning víst heldur ekki við hjer á landi.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 16 : 4 atkv. 2. gr. frumv. felld með 18 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Frumv. til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 230, 248); 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Eins og h. þingdm. sjá, eru framkomnar nokkrar breytingartill. frá okkur 6 þingdm. Okkur þótti betra að ákveða skýrar þá hugsun, sem felst í frumv. Jeg sagði við 1. umr., að jeg væri þessu máli mjög meðmæltur, en jeg tók það líka fram, að þó hugsunin væri góð í frumv., þá væri það ekki svo orðað, að það gæti haft verulega þýðingu. Byrjun 1. gr.: Ef söfnuði og eiganda eða umráðamanni kirkju kemur saman um, að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagjörð í kirkju sinni, þá er heimilt, ef hjeraðsfundur samþykkir, að kaupa hljóðfæri með kirkjunnar fje o. s. frv., er ærið óljós. Hjer er það lagt í vald eiganda eða umráðamanns kirkju, hvort hljóðfærið verði keypt eður ekki. Honum getur þóknazt að gefa aldrei jáyrði sitt til þess. Að hinu leytinu er það ekki skýrt tekið fram, hvað er söfnuður. Er það söfnuðurinn allur? Þá er einnig óljós síðari hluti 1. gr. Á söfnuðurinn eingöngu að kosta hljóðfæraslátt í þeirri kirkju, þar sem eigandi eða umsjónarmaður kirkjunnar hefir keypt hljóðfærið áður en lögin ná gildi? Nú stendur víða svo á, að búið er að kaupa hljóðfæri til kirkna; þessvegna þarf að taka það fram, að söfnuðurinn kosti hljóðfæraslátttinn, hvernig sem á stendur. Úr þessu höfum við viljað bæta með breytingartill. Enn fremur þótti vanta inn í frumv. ákvæði um það, hver innheimta skyldi gjaldið. Það er ekki nóg, að vilja hengja bjölluna á köttinn, eins og tekið var fram í gær. Það þarf líka að innheimta það. Við höfum því komið með skýlaus ákvæði bæði um það, hver skuli innheimta gjaldið, og eins um það, hverjir skuli inna það af hendi. Allt þetta er nauðsynlegt, ef málið á að hafa nokkra þýðingu. En að það hafi þýðingu er æskilegt. Það er kunnugt orðið, hver vandræði það eru orðin víða, að halda uppi söng í kirkjum. Jeg vona að h. þingdm. taki vel þessum breytingartill. og álíti þær málinu til mikilla bóta.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er þakklátur fyrir frumv. þetta, því það veitir mönnum rjett að gjöra það, sem menn áður hafa gjört upp á eigin spýtur, að gjöra það nú í lagaleyfi; þetta er mikill kostur, þó auðvitað verði að koma til leyfi hjeraðsnefnda, sem sje ríkis prófastsins. Nú á að halda upp söngnum eptir lögum; áður var það allt saman frítt og frjálst; þetta er nú ekki lítill kostur. En þrátt fyrir þessa stóru kosti verð jeg þó í nafni mínu, og nafni þjóðarinnar, að ráða h. deild til að fella frumv.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er samþykkur anda þessa frumv.; þótti mjer því vænt um þegar það kom inn á þing, því að einmitt eru menn í vandræðum með að borga organleikurum, þar sem engin lög hafa verið um það efni, og samskot ganga eins og mönnum er kunnugt ærið skrykkjótt; þegar frumv. kom frá efri deild, var það nokkuð snubbótt, en breytingartillögur þær, er hjer hafa komið fram, bæta það

að miklu, með því að til taka, hverjir eigi að borga, gjalddaga og lögtaksrjett, en um þetta var ekkert ákvæði áður í frv.

Í 1. breytingartill. við 1. gr. stendur: «þá ber eiganda eða umráðamanni kyrkjunnar að annast um o. s. frv.». Þetta er veruleg efnisbreyting, sem óvíst er hvernig menn fella sig við. Mjer virðist og vanta í frv. ákvæði um, hvernig að skuli fara þegar hljóðfæri bilar eða verður ónýtt; hvort þá á að hætta við, eða hver á að kaupa annað.

Það sem mjer þykir sjeraklega athugavert, er borgunarmátinn, þar sem helmingnum er jafnað niður á húsráðendur eptir fólksfjölda, en hinum helmingnum aptur jafnað niður eptir efnum og ástæðum; það verða þannig 2 nefndir, sem jafna niður á menn eptir efnum og ástæðum, sóknarnefnd og hreppsnefnd, og uggir mig að slíkt verði ekki vinsælt; jeg hefði helzt viljað að það væri allt eptir manntali, og væru fleiri h. þingdeildarm. á sama máli, þá mundi jeg fús að koma með breytingartill. í þá átt til 3. umr., því í sóknarnefnd sitja opt aðrir en í hreppsnefnd, og hætt við, að þeim sje eigi svo kunnugt um efni manna og ástæður, sem æskilegt væri, og hefðu annan mælikvarða til að fara eptir en hreppsnefndir, og er hætt við að það yrði harla óvinsælt.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að fara að eins og h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.), að ljúka miklu lofsorði á frumv. og ráða síðan til að fella það. Það er eitt mjög varhugavert ákvæði í breytingartill. við 1. gr.: «Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja o. s. frv.» Þetta ákvæði er mjög hæpið; setjum að í einni sókn væru 30 menn, sem atkvæði hefðu í safnaðarmálum; ef nú að eins 3 þeirra sækja fundi og 2 af þessum 3 eru með því að taka upp orgel við tíðagjörð, þá hafa þessir 2 menn bundið hendur kirkjuumráðanda og sóknarmanna. Að öðru leyti er jeg meðmæltur stefnu frumv., að hljóðfæri skuli kaupa fyrir kirkjunnar fje; því það mun borga sig, þar sem það vekur kirkjurækni.

H. þm. Vestm. (Þ. J.) spurði, hvernig fari, ef orgel bilar eða skemmist. Jeg er í engum vafa um, að um það færi eins og hvert annað áhald kirkjunnar: hún yrði auðvitað að borga það; það er eins og ef að kaleikurinn bilaði eða þá rikkilínið, að það verður að borgast af kirkjunnar fje, úr því að það er talið með áhöldum hennar.

Jeg kann heldur ekki vel við þessa tvískiptingu, þar sem annað er nokkurs konar nefskattur, en hitt niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum; jeg álít, að miklu heppilegra hefði verið að hafa þetta í einu lagi.

Þórarinn Böðvarsson: H. þm. Rangv. (Þ. Bj.) var mjög þakklátur fyrir frv., og lauk á það miklu lofsorði, á það og breytingartill.; en þá get jeg ekki skilið hann, þegar hann í nafni þjóðarinnar ræður frá að aðhyllast það; jeg get tekið mjer orð hans í munn og lýst því yfir í «nafni þjóðarinnar», að hún vill fá ákvæði um þetta efni, og úr því þessi ákvæði, sem hjer liggja fyrir, einu sinni eru góð, þá get jeg í «þjóðarinnar nafni» ráðið h. deild til að aðhyllast þau.

H. þm. Vestm. (Þ. J.) hreyfði spurningu um það, hver ætti að borga, ef orgelið bilaði; það er mjög torvelt að taka allt vel skýrt fram; en það liggur þó beinlínis í orðum frv., þar sem orgelið er talið eitt af áhöldum kirkjunnar, að hún verður að láta gjöra að því eða kaupa nýtt, ef fje er fyrir hendi, því það er ljóst, að bilað eða ónýtt hljóðfæri er sama sem ekkert hljóðfæri.

Jeg er alveg samdóma þeim, sem áður hafa talað um gjaldheimtuna; þeim af oss sem komum með breytingartill., virtist ísjárvert að krassa mjög út frv., þar sem það var komið frá h. Ed. og slíkir menn

höfðu fjallað um málið; og þó jeg játi að það sje smámunasemi að skipta gjaldinu í 2 hluti, þá borgar sig ekki að breyta því, ef það gæti orðið málinu að fótakefli. Það hefir heyrzt hjer í deildinni, að nefskattur væri ekki hentugur, og á hinn bóginn er verk sóknarnefnda ljett og lítið, og er það þá mjög einfalt reikningsdæmi, að finna, hvernig helmingur gjaldsins kemur niður á sóknarmenn eptir efnum og ástæðum, ef sóknarnefndin vill fara eptir aukaútsvörum, sem hreppsnefnd hefir lagt á.

H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) komst út í þessa hálu spurningu, að fáir menn, sem fund sækja, gætu gjört gildandi ákvæði; jeg verð að halda því fast fram, að halda sjer við þá, sem fund sækja í þessu máli, því hinir, sem ekki skeyta um að sækja fund, hafa þar með fyrirgjört atkvæðisrjetti sínum. Á Englandi sitja á þingi 500—600 manna, en fundur er lögmætur, þegar 3 sækja hann. Í annari málstofu eiga sæti 800; þar er fundur lögmætur, ef 40 sækja hann, og jafnvel þótt færri sje, ef enginn gjörir forseta aðvart um, að nú sjeu eigi 40 á fundi. Jeg get þessa til þess, að okkur sje óhætt að samþykkja þetta frumv. án þess að gjöra sjerstakt ákvæði um þetta efni; jeg tel og sjálfsagt, að fundir yrðu auglýstir með fundarboðum og verkefnisins getið í fundarboðinu, og virðist mjer eigi þörf á að setja slíkt í lög, og verði að halda sjer við þetta, að þeir, sem fá lögmæta boðun og þó mæta ekki, hafi fallið frá atkvæðisrjetti sínum.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg þakka fyrir þann góða vilja, sem kemur fram í frv., en að öðru leyti held jeg að jeg verði þó að ganga ögn nær því en jeg gerði. Jeg finn ekki, hver nauðsyn er að þessu frumv. Jeg les hjer í 1. gr., að ef söfnuði og eiganda eða umráðamanni kirkju komi saman um að taka upp hljóðfæri, þá sje það heimilt. Jeg hugsaði, að ekki þyrfti lagaákvæði til að mega gera þetta; jeg hugsaði að það mætti vera aldeilis frjálst og frítt, og það þyrfti ekki einu sinni að heyra undir prestinn, hvað þá meira, þótt hljóðfæri væri keypt, heldur að hitt væri nóg, að láta hann vita, að nú væri það komið og maður fenginn til að spila á það. Jeg skil svo ekki í, hvað á að fara að rígbinda þetta með lögum. Viðvíkjandi þeirri spurningu, hver eigi að kosta viðhald hljóðfærisins, þá liggur það svo sem í augum uppi; því að í frumv. stendur, að það eigi að teljast með öðrum áhöldum kirkjunnar, og þá er það svo sem auðvitað, að kirkjueigandinn fær þau lögskipuðu rjettindi eða skyldu, ef menn vilja heldur kalla það svo, að halda hljóðfærinu við. Jeg nenni ekki að tala margt að þessu sinni, en segi að eins, að, ef söfnuðurinn á að kosta kirkjusönginn, þá er það söfnuðurinn, sem er íþyngt með þessu og enginn annar. Þetta sýnir, hvernig frv. er sniðið; það miðar til þess, að gera þetta að skyldukvöð; og jeg er stórlega á því, að hana eigi ekki að leggja á menn, og því held jeg að bezt sje að frv. fái að hvíla sig, því að jeg finn vel, hvað hjer hvílir undir steini.

Árni Jónsson: Jeg legg ekki svo mikla þýðing í það, að 1. breyt.till. geri 1. gr. ljósari en hún var, því að mjer sýnist hún ekki svo óljós í frv., að vandkvæði þurfi að verða að.

En hins vegar sýnist mjer efnisbreytingin miklu fremur athugaverð, því að það er veruleg efnisbreyting og mjög mikill munur á, hvort hljóðfæri í kirkjur skuli keypt eptir samkomulagi við kirkjuráðanda, eða honum er alveg settur stóllinn fyrir dyrnar og hann verður að lúta meiri hluta sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrjett hafa, ef þeir samþykkja að kaupa hljóðfæri, hvort sem honum er það ljúft eða ekki. Jeg hygg, að þessi breyting sje ekki mjög nauðsynleg, því að fáir kirkjuráðendur munu svo fornir í anda, að þeir hafi móti að kaupa hljóð-

færi í kirkju sína, ef fje er fyrir hendi, enda öll líkindi til, að þeim fækki heldur en fjölgi, ef einhverjir eru. Og það vona jeg þó að allir játi, að laglegra og betra er, að þetta komist á með samkomulagi og fúsum vilja beggja málsaðila. Það er líka athugavert, að kirkjuráðandanum er lagt fyrir að kaupa hljóðfærið, en það er mjög eðlilegt, að hann vildi kosta sem minnstu til þess, ef honum er það ekki ljúft; en þá er aptur hætt við, að hljóðfærið verði ljelegt og komi ekki að tilætluðum notum. Jeg verð því að ætla, að breytingartill. sje ekki eins heppileg og ákvæði frv. sjálfs.

Þá þykir mjer það of óákveðið, að hljóðfærið skuli kaupa svo framarlega sem fje sje fyrir höndum, sem kirkjan getur án verið, og hjeraðsfundur samþykkir. Það er aðgætandi, að það mat, sem hjer á að fara fram, getur varla verið eins heppilegt, eins og vera þyrfti. Það má líka skilja þessi orð á fleiri vegu. Það getur orðið meiningamunur um, hvort hjer sje átt við það fje, sem kirkjan á handbært, eða hvort hún í raun og veru megi missa það; því að þótt það sje fyrir hendi í bráðina, þá getur högum hennar verið þannig háttað, að hún megi ekki setja það fast eða missa það til frambúðar. Af þessu get jeg ekki aðhyllzt þá breytingu. Hin breytingartill., við 1. gr., er aptur mjög til bóta; þó vantar þar ákvæði um það, hvernig fara skuli, ef söfnuðurinn sjálfur hefir keypt hljóðfærið. Eðlilegast sýndist mjer, að hann afhenti kirkjunni það, og hún annaðist það síðan sem önnur áhöld sín.

Jeg skal einnig geta þess, að mjer virðist 1. gr. verða nokkuð sundurleit, ef breyt.till. verður samþykkt, þar sem í seinni hluta greinarinnar er tekið fram, að söfnuðurinn skuli halda uppi kirkjusöngnum á sinn kostnað, nema forráðamaður kirkjunnar samþykki, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eða öllu leyti af fje kirkjunnar. Eptir fyrri hluta greinarinnar ræður þá söfnuður og hjeraðsfundur því, hvort hljóðfæri er keypt fyrir kirkjufje, þótt umráðandi sje á móti því; en eptir seinni hluta greinarinnar má eigi greiða neitt af kirkjufje til þess að halda uppi söngnum, nema með samþykki umráðamanns. Hjer virðist mjer mundi koma fram nokkur ósamkvæmni, og ætti því einnig að breyta þessu ákvæði, ef breytingartillagan er samþykkt. Jeg er samdóma h. þm. Vestm. (Þ. J.) um, að ákvæðin um niðurjöfnunina í 2. gr. sjeu nokkuð flókin; en af því að engin breyt.-tillaga hefir komið, þá er ekki hægt að laga það að þessu sinni.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skoða mig sem formælanda þessarar breyt.till., sem vjer 6 þm. höfum leyft oss að koma með, og vona því að mjer leyfist að gjöra stutta athugasemd.

Jeg hef heyrt, að málfærslumaður hafi einu sinni sagt um skjal, sem mótpartur hans lagði fram í rjetti, að hann þyrfti ekki að mótmæla því; það væri svo ljettvægt, að það dæmdi sig sjálft. Eins verð jeg að nokkru leyti að segja um ræðu h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.); hann þakkaði mjer fyrir góðan vilja í breyt.till.; en hjelt að ekki þyrftu lög til þess að þvinga menn til að kaupa hljóðfæri; meir að segja: hann kvað þau lög mundu verða til skaða. Jeg játa, að ef þau verða til skaða, þá verða þau guðsþjónustunni það, því að hjer liggur ekki annað undir steini, en að með þeim á að stuðla til að hún geti farið sem sómasamlegast fram.

H. þm. Mýr. (Á. J.) þótti æskilegt, að hljóðfærakaupin færu fram eptir samkomulagi milli kirkjuráðanda og sóknarmanna; jeg játa, að bezt væri, að svo gæti verið; en það er ekki víst, að slíkt samkomulag náist ávallt, og því komum vjer með breyt.till.

Þá þótti sama h. þm. (Á J.) athugavert, hvenær kirkja hefði nægilegt fje

fyrir hendi, til að kaupa hljóðfæri fyrir, og hvenær ekki. En þá verð jeg að segja, að það sje hjeraðsfundur, sem bezt sje fær um að skera úr því.

Ólafur Pálsson: Jeg er einn af þeim, sem hjer standa undir breyt.till., sem þó fara í nokkuð aðra átt en jeg talaði við 1. umræðu málsins.

Þegar jeg fór að íhuga málið betur, fannst mjer það geta verið nokkuð hart, að skylda kirkjueiganda til að kaupa hljóðfæri, hvernig sem á stæði. Jeg álít almenna rjettarbót að frv., þótt ekki sje farið lengra en breyt.-till. fara fram á; því að þótt einstakir menn kunni að geta skotið sjer undan, þá mun það ekki verða almennt. Það verða allir að játa, að mikil þörf er á að bæta sönginn, því að hann er víða í mesta ólagi, og í almennilegt lag kemst hann ekki fyr en hljóðfæri verða fengin í kirkjurnar.

Jeg get varla eytt orðum að því, sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) sagði, því að í fyrra sinnið talaði hann bæði með og móti málinu, en í seinna sinnið skildi jeg hann ekki. Jeg skil ekki, til hvers betra fje kirkna verður varið, en til að kaupa hljóðfæri.

Mjer sýnist h. þm. Mýr. (Á. J.) innan handar að koma með breytingu við frv. til 3. umræðu, ef honum sýnist þess þörf.

Árni Jónsson: Jeg hygg að það sje ný regla, að framsögumaður sje í málum, nema þegar þau koma úr nefnd, en ekki þótt komið sje með breytingartill. við þau; en eptir 14. gr. þingskapanna má enginn við neina umræðu taka til máls optar en tvisvar í sama máli, nema framsögumaður og landshöfðingi. *(Forseti:* Það er rjett; en jeg leyfði h. 1. þm. G.-K. að koma með stutta athugasemd.).

Mjer þykir mjög hæpið, að hjeraðsfundur geti dæmt um mál þetta til hlítar, því að það er kunnugt, að hjeraðsfundir hafa því miður ærið víða ekki verið svo rækilega sóttir, sem æskilegt væri; og af því, að hjeruðin eru svo víðlend, sem fundina sækja, þá er ekki við að búast, að öllum fundarmönnum geti verið fullkunnugt um, hvernig til hagar í hverju einstöku tilfelli, nje geti með ljósum rökum dæmt um, hvort fært sje að kaupa hljóðfæri eða ekki. Jeg játa það að vísu, að prófastur ætti að vera því nokkurn veginn kunnugur; en eigi að síður kann jeg ekki vel við það, að leggja úrslit þessa máls undir hjeraðsfundi.

Það var misskilningur hjá h. þm. V.-Skapt. (Ó. P.), að jeg ætlaði að koma með breytingartill. Jeg er máli þessu mjög hlynntur, og vildi þess vegna, að það væri vandað sem bezt og svo það fái sem beztan framgang, bæði hjer í deildinni og eins þegar það kemur til h. Ed. aptur.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt. till. við 1. gr. samþ. með 15:4 atkv.

2. breyt. till. við 1. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19:1 atkv.

3. breyt. till. samþ. með 20:1 atkv.

4. — — — án atkvæðagr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika býlið Garða í Reykjavíkurkaupstaðar umdæmi (C. 237); 1. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg hefi leyft mjer, að koma fram með þetta frumv., eptir beiðni eigandans að Görðum.

Svo er mál með vexti, að þegar jarðabókin var samin 1861, þá var öllum býlum umhverfis Reykjavík slengt saman í eitt og metin 23 hundr. að dýrleika; en síðan hefir mikil breyting orðið á þessum býlum; Garðarnir, sem þá voru eigi til, eru nú orðnir mikils verð eign, með fallegu húsi og talsverðu túni, sem ræktað

hefir verið út. Þar eð nú Garðar eru í þessum 23 hundr., og eigi er hægt að vita, hve mikill hluti þeir eru af hinu upphaflega hundraðatali, þá æskir eigandi að þeir verði metnir til dýrleika, eins og hver önnur jarðeign, og af þeim sökum er þetta frv. fram komið.

Jeg vona að h. deild kannist við, að óskir eigandans eru sanngjarnar, og þar sem frv. varla getur kostað mikinn tíma, þá vildi jeg mælast til, að hún eigi felldi það, heldur lofaði því að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 11:5 atkv.

Frumv. til laga um endurreisn Kjalarnesþingaprestakalls (C. 243); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það hefir atvikazt svo, að jeg hefi gerzt flutningsmaður þessa frumv., og vil jeg því fara um það nokkrum orðum, einkum af því, að jeg býst við, að h. þm. þyki illt, að beiðni um endurreisn á prestaköllum komi opt fyrir hjer á þingi, enda tel jeg víst, að h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) grípi enn á ný tækifærið til að tala á milli hjóna.

Þegar brauði þessu var skipt milli Reynivalla- og Mosfellsprestakalla, stóð svo á, að prestur sá, sem þar hafði verið um nokkur ár og ekki var mikill búmaður, hafði eigi hagnýtt sjer jörðina einsvel og skyldi, og af þeirri orsök var komið óorð á hana og brauðið sem ólífvænlegt; aptur á móti voru bæði nágrannabrauðin eigi fjær en svo, að það gat ekki heitið frágangssök, að þjóna prestakallinu þaðan, og þar við bættist líka, að presturinn á öðru nágrannabrauðinu, sem er mikill dugnaðarmaður, sótti það með talsverðu kappi, að helmingur brauðsins yrði lagður til síns prestakalls.

Orsakirnar til þess, að nú er farið fram á að taka upp hið gamla prestakall, eru reyndar margvíslegar; en aðalorsökin er sú, að söknir þessar, sem eru fátækar að góðum liðsmönnum, finna sárt til þess, hve óþægilegt þeim er að vera án prests og þannig fara á mis við þá góðu aðstoð, sem hann gæti veitt þeim, þar sem prestarnir vanalega eru nýtustu og færustu mennirnir í hverju prestakallli.

Að þetta sje almennur vilji sóknarmanna, vona jeg að enginn geti efazt um, sem les bænarskrá þeirra; því hún er undirskrifuð af öllum búandi mönnum hreppsins, að undanskildum einum, sem líklega hefir verið hræddur um, að hann missti ábúðarjörð sína, ef þessar söknir yrðu aptur gerðar að sjerstöku prestakalli, en reyndar mun sá ótti vera ástæðulaus, því að sá prestur, sem kæmi í brauðið, mundi eigi eptir henni sækjast.

Hjer við bætist og, að menn eru líka óánægðir með þá prestsþjónustu, sem þeir nú hafa; því eins og h. þm. er kunnugt, þá hlýtur hún að vera nokkuð í molum í annari sókninni, sakir sjúkleika hins þjónandi prests; þessi prestur hefir nefnilega orðið að taka sjer aðstoðarpresta, en eigi haldið nokkurn þeirra nema stuttan tíma, svo að prestaskipti hafa orðið á hverju ári; þessi umskipti falla mönnum svo illa, að jafnvel margir hafa látið á sjer heyra, að þeir mundu eigi framvegis nota þá prestsþjónustu, sem þeir nú hafa, ef þingið skyldi taka illa í mál þeirra. En jeg get reyndar eigi ímyndað mjer, að þingið verði á móti þessari beiðni, einkum fyrir þá sök, að hjer er eigi um annað beðið en það, sem hægt er að framkvæma án nokkurs tilkostnaðar af landssjóðs hálfu; því hjer er eigi farið fram á annað en að fá sjerstakan prest, og það með því skilyrði, að aðrir hlutaðeigendur verði ásáttir um það, án þess að landssjóður þurfi nokkuð til að leggja.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að játa, að mjer kemur þetta frv. nokkuð undar-

lega fyrir; því að jeg hefi eigi sjeð nokkra bænarskrá því viðvíkjandi koma fram á lestrarsalinn; en hvað endurreisn prestakalla viðvíkur, er jeg á þeirri skoðun, að rjett sje að sundra brauðum, þegar prestsþjónustan er mjög miklum erfiðleikum bundin; en þar sem það er eigi, þá vil jeg láta sameiningar þær, sem gerðar hafa verið, halda sjer.

Jeg hygg nú að skipting Kjalarnesþinga milli nágrannabrauðanna sje eigi þeim erfiðleikum bundin, að sóknunum verði ekki veitt forsvaranleg prestsþjónasta, enda hefir engin kvörtun komið fram um það; en hvað því viðvíkur, að frv. þetta hafi engan kostnað í för með sjer, þá get jeg virt það við h. flutningsm. (J. Þór.), að hann eigi vill láta landssjóð nú sem stendur neinu þar til kosta; en á hinn bóginn mætti líka skoða það sem nokkurs konar búhnykk, því jeg er viss um, að nái frv. þetta fram að ganga, þá verða menn eigi fyrr saman komnir á næsta alþingi, en komið verður með rækilega bænarskrá um 300—400 kr. úr landssjóði handa prestinum í þessu nýja brauði; reynslan hefir áður sýnt, að brauðið var lítt lífvænlegt, og get jeg eigi ímyndað mjer, að því hafi farið svo fram við skiptinguna, að nú megi vel við það una, án þess að það sje bætt upp.

Þorvaldur Bjarnarson: H. flutningsmaður (J. Þór.) þessa frv. minntist á, að jeg mundi nú finna ástæðu til, að tala á ný milli hjóna. Samlíkingu þessa hefi jeg notað, og finnst hún eigi óheppileg, þegar hún er rjett skilin; en eptir er að vita, hvort h. flutningsm. (J. Þór.) kemst fram úr henni; því hann á sem sje enn eptir að sanna, að ektamaðurinn í samlíkingunni, sem í þessu tilliti er presturinn, eigi geti fullnægt þörfum konunnar, það er að segja kirkjunnar í Kjalarnesþingum.

Hjer vantar þær vottanir frá hendi flutningsmannsins, sem nauðsynlegar eru til þess, að rjettur og lögmætur hjónaskilnaður geti komizt á. Því eins og umboðsvaldið eigi framkvæmir þess konar skilnað nema því að eins, að viss skilyrði sjeu til staðar, eins ber eigi þinginu, sem í þessu tilfelli er sama sem umboðsvaldið, að taka upp á sig, að framkvæma þess konar sakir svona af handahófi. En komi svo löguð meðmæli og svo gildar ástæður, að auðsætt megi vera, að hjónaskilnaðurinn sje nauðsynlegur, þá er jeg fyrst með að gefa hann eptir. Og þar sem h. flutningsm. (J. Þór.) gat þess, að þetta brauð mundi eigi kosta landssjóð nein útlát, þá skil jeg vel, hvað hann meinar; nú er sem sje ekkert að hafa, þegar ekkert er til í landssjóði; en fyrir eptirtíðina er öðru máli að gegna, þar sem talsverðar líkur eru til, að landssjóði fjenist eitthvert lítilræði á næstu árum, og þá mun tími til kominn að fara að telja út úr honum bæði til þessa fyrirtækis og annars; en jeg og aðrir bændur heimtum, að eins og við spörum við okkur til að hafa eitthvað afgangs í þenna þurfasjóð, þá sje líka við hafður sparnaður á þessu þurfamannafje, þegar það er í sjóðinn komið.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg vil einungis gera stutta athugasemd út af orðum h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), þar sem hann sagði, að hann eigi hefði sjeð framkomna neina umkvörtun frá hendi hlutaðeigandi safnaða. Umkvörtunin liggur hjer á lestrarsalnum; en hún er eigi að eins ný, heldur líka gömul, og á svo miklum rökum byggð, að jeg er viss um, að væri hann einungis máli þessu nógu kunnugur, þá mundi hann verða manna fúsastur til að uppfylla beiðni safnaðanna.

En hvað því viðvíkur, að fjárbón muni koma á næsta þingi til landssjóðs, þótt hún eigi nú hafi orðið samfara frv., þá get jeg raunar ekkert þar um sagt með vissu; en hitt þori jeg að fullyrða, að jeg mun eigi flytja hana, ef jeg lifi það, að vera á næsta þingi, enda er fjárveiting

hjer eins óþörf, eins og endurreisn prestakallsins er nauðsynleg. Og þar sem h. þm. (S. St.) bar mjer á brýn, að jeg byggi yfir einhverjum búhnykkjum, þá vona jeg að hann hafi eigi talað það í alvöru; því að jeg þykist fullviss um, að eigi verði leitað til landssjóðs í þessu efni, og hef lýst yfir því samkvæmt orðum heldri manna úr þessum sóknum, að slíkt sje með öllu óþarft.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa, að jeg er máske eigi svo kunnugur vilja safnaðanna sem æskilegt væri; en hvað landslaginu viðvíkur, þá er jeg því svo kunnugur, að jeg álít enga ástæðu vera til að samþykkja þetta frv. Jeg vil einungis skipta prestaköllum þegar ómögulegt er að fá viðunanlega prestsþjónustu vegna erfiðleika af náttúrunnar völdum, en að öðru leyti vil jeg halda þeim sameinuðum hvar sem þess er kostur. Þessir erfiðleikar eru hjer eigi fyrir hendi, enda vona jeg að h. flutningsm. (J. Þór.) játi, að til sjeu mörg prestaköll miklu erfiðari, sem engum kemur til hugar að skipta.

En viðvíkjandi búhnykknum, sem hann sagði að jeg hefði borið sjer á brýn, skal þess getið, að jeg ímyndaði mjer, að hann sem góður flutningsmaður mundi vilja sneiða hjá að tala um fjárútlátin, sem frv. síðar meir mundi hafa í för með sjer.

H. flutningsm. (J. Þór.) hafði eitthvað á orði, að eigi væri mikið um mannaval í þessum sóknum, og jeg hef sjálfur heyrt, að þar væru eigi efnamenn, heldur væri sveitin einhver með vesalli sveitum í Kjósarsýslu; en þegar þar við bætist, að brauðið var áður talið með vesalli brauðum, þá get jeg eigi annað skilið, en að skipting sú, sem hjer er farið fram á, yrði til þess, að enginn vildi sækja um brauðið, og það stæði óveitt, nema það yrði bætt upp af landssjóð. En setjum nú svo, að hvorugt af þessu kæmi fyrir, þá getur þó þessi skipting haft aukin eptirlaunaútgjöld í för með sjer.

Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg er hræddur um, að mál þetta sje eigi reglulega undirbúið, og hafi eigi farið hina lögskipuðu leið til hjeraðsfunda og prófasts, áður en það var lagt undir þingið.

Þórarinn Böðvarsson: Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Ísf. (S. Stef.) sagði, að mál þetta mundi eigi vera reglulega undirbúið, þá skal jeg leyfa mjer að upplýsa, að það hefir verið borið undir prófast og hjeraðsfund og öðlast samþykki þeirra.

En svo að jeg snúi mjer að aðalatriðinu í þessu máli, þá skal jeg geta þess, að jeg er samdóma h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um, að erfiðleikarnir á að þjóna þessu brauði frá nágrannabrauðunum sjeu eigi svo miklir, að verulegir megi teljast; en hjer liggja sjerstakar orsakir til grundvallar, eins og h. samþingismaður minn (J. Þór.) hefir tekið fram, þar sem menn hvað eptir annað hafa kvartað sáran og látið í ljósi, að þeim sje hinn mesti söknuður að prestsleysinu í hreppnum; því þótt þeir geti fengið prest á hlaupum, ef jeg mætti svo að orði komast, þá geta þeir eigi látið sjer það nægja, og þann vitnisburð verð jeg að gefa þessum söfnuðum, að þeir eru mjög kirkjuræknir, og þá ástæðu verð jeg fyrir mitt leyti að virða, að þessa menn langar mjög til að hafa prest sinn jafnan hjá sjer, og messugjörðir verða á annari kirkjunni miklu færri eins og nú er.

Um erfiðleikana skal jeg ekkert tala; þeir eru engin einhlít ástæða, heldur er ástæðan miklu fremur sú, sem jeg er nýbúinn að nefna, og svo það, að í hreppnum er fremur fátt um gott mannval; því, eins og kunnugt er, hefir jafnvel reikningur úr þeim hreppi verið svo illa úr garði gerður, að menn hafa neyðzt til að skila honum aptur og láta semja annan nýjan, og get jeg þessa einungis af því,

að það er orðið kunnugt mönnum áður.

Svo er og annað, sem vakið hefir megna óánægju, sem sje, að eitt af höfuðbólum hreppsins hefir um undanfarin ár staðið sem í eyði; en nú hefir söfnuðurinn von um, að ef hann fengi prest í brauðið, sem væri duglegur maður, þá mundi hann geta tekið við jörðinni og rjett hana við. Það hefir ennfremur opt verið tekið fram við söfnuðinn, að eigi væri til hugsandi, að brauð þetta fengi nokkra uppbót úr landssjóði; og þar sem söfnuðurinn eigi gerir sjer nokkra von um slíkt, þí get jeg eigi sjeð, að landssjóði sje nein hætta búin í því tilliti; aptur á móti gæti máske uppgjafaprestur í brauðinu valdið landssjóði nokkurs kostnaðar; en mjer þykir það þó harla ólíklegt, að landssjóður þyrfti að gjalda mikil eptirlaun til uppgjafapresta í því brauði, því búast má við, að þar verði mestmegnis ungir prestar, eins og vandi er til um smáu brauðin; og að þeir muni hverfa þaðan áður en þeir yrðu uppgjafaprestar, og leita til annara betri brauða.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg vil einungis gera stutta athugasemd. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) talaði það á móti aðskilnaðinum, að þar sem brauð þetta væri skipað svo fátækum bændum og hefði áður verið álitið mjög rýrt, þá mundi þar eigi verða lífvænt fyrir prest; hann kann reyndar að hafa nokkuð til síns máls í því, að brauðið hafi verið álitið fremur rýrt; en eins og jeg tók fram áðan, þá er alls eigi þar með gefið, að prestur gæti eigi lifað þar, ef hann væri duglegur búmaður, sem kynni að hagnýta sjer gæði ábúðarjarðar sinnar; því að vjer vitum, að það eru einmitt bújarðirnar, sem eru aðalgæði við mörg brauð hjer á landi.

Um erfiðleikana er jeg honum samdóma; þeir eru ekki miklir, og jeg hef aldrei efazt um, að hægt væri að veita þessu brauði þá þjónustu frá nágrannabrauðunum, sem fullvel væri viðunandi; enda hafa ástæður mínar gengið í allt aðra átt, eins og jeg vona að h. þm. hafi heyrt.

Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum; því að 2. þm. Rang. (Þorv. B.) ætla jeg ekki að svara.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg ætla einungis að koma með dálítið framhald af minni fyrri hugsun.

Þessi samvist prestanna og safnaðarins er eigi orðin nógu löng, og ætti því að geta haldið enn þá stundarkorn. Og má jeg spyrja: Hver hefir sameinað? Það er gert af þeim einum, að óhæfa er að aðskilja, enda sæmir ætíð bezt, að einn sje söfnuður og einn hirðir.

H. flutn. maður (J. Þ.) sagði, að sumir prestar lifðu á bújörðum sínum; en má jeg spyrja: Gelzt þá þar ei með? Og jeg verð að segja, að jeg hef eigi orðið var við slíkt, þótt jeg raunar hafi verið svo heppinn, að þekkja presta, sem kunnir voru að því, að kunna að nota bújarðir sínar í góðu hlutfalli við aðra.

Já, það er sorglegt að horfa upp á þessi niðurníðslu á býli prestanna. (*Forseti:* Jeg verð að minna þm. á að vera stuttorður). Já, jeg er að reyna það. Jeg held annars, að það væri betra að reyna að sporna við, að þeir eyðilegðu ábúðarjarðir sínar, en að bæta við þá brauðum og jörðum til að eyðileggja með vanrækt og óþrifnaði. Dæmið er sannarlega eigi fagurt um ábúð presta, og jeg vildi ósköp feginn mega vera frí við upp að telja... (*Forseti:* Þetta liggur hjer alls eigi fyrir til umræðu, og vil jeg sterklega áminna þm. um að vera stuttorður og halda sjer við efni málsins). Jeg vildi því óska að jeg mætti hafa leyfi til að setjast niður og hætta umræðum í þetta skipti.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 14:4 atkv.

Frv. til laga um breyting á konungs-

úrskurði 25. ágúst 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 244); 1. umr.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Þetta mál, er hjer liggur fyrir, er lítið bæði að fyrirferð og efni, en jeg gjöri ráð fyrir, að flestum muni það ókunnugt, og skal jeg skýra það í fám orðum.

Kirkja sú, er hjer ræðir um, er eigi eldri en konungsúrskurður sá, er hjer er farið fram á að breyta; áður var þar bænhús og presturinn á Presthólum messaði þar tvisvar á ári, án þess að fá sjerstaka borgun, og tók fólk til altaris o. fl.; en eptir því, sem tímar liðu fram, fór mönnum að þykja þessi prestsþjónusta ónóg, og vildu gjöra bænhúsið að kirkju, og eptir að menn höfðu skrifazt á um þetta fram og aptur, kom út konungsúrskurður sá, er hjer ræðir um; en bændur höfðu lofað, til að fá þessu komið í kring, 15 ríkisdölum til prestsins árlega, auk hinna venjulegu prestsgjalda, og þessa 15 ríkisd. borga þeir enn í dag. Nú þykir þeim ekki ósanngjarnt, að þeir komizt að sömu kostum og aðrir, sjerstaklega síðan prestakallalögin komu út, og Presthólabrauð hefir verið bætt upp með 200 eða 300 kr. úr landssjóði; nefndin, sem fjallaði um prestakallamálið, hefir að líkindum ekki vitað um þetta, því annars mundi hún hafa kippt því í lag, og látið þetta aukagjald falla þá þegar niður.

Þar sem hjer er ekki farið fram á annað, en að landssjóður borgi þessar 30 kr. prestinum, sem nú situr á brauðinu, og jeg verð að álíta Presthólabrauð allútgengilegt, þó þessar 30 kr. sjeu ekki, þá vona jeg, að h. deild líti svo liðlega á þetta mál, að það fái að ganga til 2. umr., og að vígamóður sje eigi svo mikill í mönnum, þó ýms frumv. hafi verið felld í dag, að þetta verði látið fjúka með. Jeg er fús á, að gefa hverjum, er vill, þær upplýsingar, er jeg get, viðvíkjandi þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv. gegn 2.

Frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. (C. 245), 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og kunnugt er af ástæðunum fyrir þessu frv., eins og það kom frá stjórninni, þá er það að miklu leyti samhljóða frv., sem kom frá þinginu 1887; en orsökin til þess, að það frv. var ekki staðfest, var sú, að þá lá einmitt fyrir ríkisþinginu frv. um sama efni og sem síðar varð að lögum; en stjórnin vildi gefa þinginu kost á, að sjá þau lög, áður en málinu yrði til lykta ráðið; en þessi lög ganga lengra í því, að rýmka rjett móðurinnar að óskilgetnu barni og barnsins sjálfs gagnvart föðurnum, en frv. alþingis.

Frv. stjórnarinnar var rætt í Ed., og tók þar töluverðum breytingum, sem kann ske sumar eru til bóta, en sumar aptur til skaða. Þannig er t. d. 4. gr. svo löguð, að jeg álít, að þingið geti ekki verið þekkt fyrir að láta hana þannig frá sjer fara. Jeg álít, að það væri heppilegt, að setja nefnd til þess að íhuga, hvort betra þyki: frv. stjórnarinnar eða eins og það kemur frá Ed., og eins til að laga ýmsar misfellur, sem hafa orðið við 3. umr. í Ed. —

Þórarinn Böðvarsson: Mál þetta er mikilsvert, og hefir mikið verið um það rætt og það gengið í gegnum marga elda, bæði utanlands og innan; en jeg hygg þó, að það sje eigi fullskýrt enn; jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, enda þótt jeg sje hræddur um, að það tefji svo málið, að það komist ekki gegn um þingið, en það þætti mjer illa fara.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt í einu hljóði að kjósa nefnd, og hlutu þessu kosningu:

Þórarinn Böðvarsson með 11 atkv.
Þorl. Guðmundsson — 10 —

og Grímur Thomsen með 8 atkv.,
að viðhöfðu hlutkesti milli hans og Páls Briems, sem hafði hlotið jafnmörg atkvæði.

Frv. til laga um eyðing refa (C. 242); 1. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg álít, að ekki þurfi að halda langa tölu fyrir þessu máli, því í nefndarálitinu eru stutt en þó fullnægjanlega og greinilega teknar fram ástæðurnar, og jeg vona, að allir sjeu mjer samdóma um stefnu frv., að eitthvað verði að gjöra til að hindra þann skaða, sem refir gjöra í búfje bænda; hitt er annað mál, þó menn kynnu að vilja gera einstakar breytingar við einstakar greinir, og jeg fyrir mitt leyti er fús til að samlaga mig við aðra h. þm. um breyt.till., sem jeg sje að til bóta kynnu að vera og málinu til fyrirgreiðslu.

ATKVÆÐAGR.; Frv. vísað til 2. umr. með 20 samhl. atkv.

Tuttugasti og fyrsti fundur, föstudag 26. júlí á hádegi.

Allir á fundi, nema þingm.. Vestm. (Þorsteinn Jónsson), er hafði tilkynnt forföll sín.

Forseti skýrði frá, að í nefnd í málinu um meðlag með óskilgetnum börnum væri kosinn formaður Þórarinn Böðvarsson og skrifari Grímur Thomsen.

Frv. til laga um stofnun sjómannaskóla (C. 108, 238, 270); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal fyrst geta þess, að nefndin hefir gert breytingar viðvíkjandi þeim atriðum, sem jeg gat um við 1. umr. þessa máls (sbr. þingskjal 209), og enn fremur hefir nefndin komið fram með efnisbreytingu á 20. breytingartillögu í nefndarálitinu, þannig lagaða, að á eptir orðinu »stýrimannspróf» bætist inn í: »og eptir það verið í förum í 8 mánuði»; nefndin hefir þannig aukið kröfurnar til stýrimanna, og í því tilliti haft fyrir augum það, sem hæstv. landsh. sagði, að orðin í viðaukanum við 7. gr. væru viðsjárverð; því þótt ákvæðið hafi í raun og veru litla praktiska þýðingu, þar sem ólíklegt er, að nokkur verði stýrimaður fyr en hann hefir verið jafnlangan tíma í förum og hjer er farið fram á eða lengur, þá verður þó því síður ástæða til, að hjer sje eigi fullt svo mikið heimtað sem það, sem heimtað er í Danmörku af stýrimönnum.

Að því er snertir breytinguna á launatölunum við 1. gr. frv., þá gekk nefndin út frá því, að þar sem í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir 600 kr. borgun fyrir íveruhús kennarans og skólahúsið, þá mundi hugsunin vera sú, að sinn helmingurinn væri fyrir hvað, en nefndinni sýndist hagfelldara að ákveða tiltekna upphæð (300 kr.) til húsnæðis fyrir skólann með eldivið og ljósi, og auka svo launin til kennarans um það, er húsaleigunni næmi fyrir sjálfan hann. Þessi breyting er þannig mjög lítil efnisbreyting, því upphæðin verður sú sama og stjórnarfrv. fer fram á, sem sje 1800 kr. auk eldiviðar og ljósa. Reyndar getur verið, að þær 300 kr., sem nefndin ræður til að veita til húsnæðis fyrir skólann, með eldivið og ljósi, hrökkvi eigi til; en jeg ímynda mjer þó, að það muni duga eða því sem næst.

En auk þessara 1500 kr. til kennarans hefir nefndin ætlazt til, að veitt verði til tímakennslu allt að 600 kr.; því það flýtur af sjálfu sjer, að þar sem kennslan eptir breytingaruppástungum nefndarinnar verður miklu yfirgripsmeiri en ráð er fyrir gjört í stjórnarfrv., þá hlýtur einnig kennslukostnaðurinn að aukast talsvert; og hvað því viðvíkur, sem hæstv. landsh. ljet í ljósi, að hann efaðist um, hvort hinn áætlaði kennslukostnaður væri nægilegur til þeirrar kennslu, sem nefndin fer

fram á, þá er auðvitað eigi gott að segja, hvort þau muni nægja, því að slíkt getur einungis reynslan sýnt; en nefndin hugði, að það mundi nægja, og er líklegt, að það verði aldrei stórvægilegt, sem upp á skortir.

Við 1. gr. leggur nefndin enn fremur til, að síðasta línan falli burt. Þetta er í raun og veru engin efnisbreyting, heldur orðabreyting í þá átt, að áhöld skólans skuli eigi nákvæmar tiltekin, enda er íslenzki textinn hjer eigi rjett útlegging af því, sem stendur í hinum danska texta frumv. (»meteorologiske instrumenter» — »áhöld við kennslu í veðuráttufræði»).

Breytingarnar við 2. gr. eru að eins orðabreytingar, og getur verið meiningamunur um sumar þeirra; þannig hefir nefndin t. d. kunnað betur við orðið »áttaviti» en »leiðarsteinn», því »leiðarsteinn» virðist eiga betur við um segulnálina sjálfa en um kompásinn.

Við 2. gr. 3. hefir nefndin gert þá breytingu, að í staðinn fyrir «og halla leiðarsteinsins og óreglu á honum» komi «inklination og deviation»; hún hefir sem sje eigi getað gert sjer grein fyrir, hvernig heppilegt væri að tákna þessi orð á íslenzku, og þess vegna ráðið til, að halda hinum útlendu orðum; gæti einhver fundið heppileg og hagfelld íslenzk orð yfir þetta, sem eigi væru misskilningi undirorpin, þá væri það mjög gott, en nefndinni hefir eigi tekizt það.

Breytingartillögur nefndarinnar við 2. gr. 5. tölul. eru eingöngu orðabreytingar; síðasta breytingin, að fyrir «afstöðu frá tilteknum stað» komi «vegalengd til tiltekins staðar» tekur eigi annað fram en það, sem meiningin á að vera.

Enn fremur eru breytingarnar við 10., 11. og 13. tölulið 2. gr. einungis orðabreytingar; en við 9. tölul. sömu greinar hefir nefndin ráðið til, að fella burtu orðin «til þess að finna hæð miðpunkts hennar», með því að þau eru ekki nauðsynleg til að skilja hið undanfarandi mál, sem eigi getur misskilizt.

Aptan við 2. gr. ræður nefndin til, að bæta svo hljóðandi nýjum (14.) tölulið:

«Þekking á reglum þeim, er fylgja skal til að komast hjá ásiglingum».

Og vona jeg, að enginn ágreiningur geti orðið um, að sú þekking er alveg nauðsynleg.

Eptir 2. gr. leggur nefndin til, að komi ný grein um það, er útheimtist til hins meira íslenzka stýrimannaprófs. Hjer áleit nefndin rjettast, að præða atriði fyrir atriði það, sem heimtað er í Danmörku til hins almenna stýrimannaprófs í stærðafræði og siglingafræði, án þess að bæta nokkru við eða draga úr; en að því er snertir kennsluna í íslenzku, dönsku og ensku, þá er að vísu í Danmörku eigi krafizt kunnáttu í öðrum tungumálum en móðurmálinu; en nefndinni virtist, að eptir því sem hagaði til hjer á Íslandi, þá væri nauðsynlegt, að stýrimenn lærðu einnig nokkuð dönsku og ensku.

Síðasti töluliður *(12.)* þessarar greinar ákveður, að sá, sem gengur undir hið meira íslenzka stýrimannapróf, skuli þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra; og þótt þessi þekking sje eigi heimtuð til hins almenna stýrimannaprófs í Danmörku, þá áleit nefndin samt rjett vera, að taka hana hjer með.

Á 3. gr., sem ætlazt er til að verði 4. gr., hefir nefndin gert þær breytingar, sem leiða af uppástungu hennar um, að prófin skuli tvö vera, hið minna og hið meira.

Þá er 4. gr. stjórnarfrv., sem nú verður 5. gr; hjer ræður nefndin til, að bætt sje inn í: «og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, er unnt er að ná við það». Nefndinni þótti viðkunnanlegra að tiltaka þetta, svo að hægt væri að sjá af einkunnum, hve nærri þeir hefðu verið hinu efra eða neðra takmarki, og þannig

yrði ljósara, hve vel eða illa þeir stæðu sig, sem undir prófið gengju.

Við 5. (nú 6.) gr. frv. er eigi gerð önnur veruleg breyting en sú, sem leiðir af hinu meira prófi, sem stjórnarfrv. eigi gerir ráð fyrir; hjer er þannig ákveðið, að enginn megi ganga undir hið meira próf, nema hann hafi verið háseti eða yfirmaður á piljuskipi eigi skemur en 15 mánuði; og að því er snertir hið minna próf, þá er dálítið hert á kröfunum fram yfir það, sem gert er í stjórnarfrumv., þar sem þeim, er undir það ganga, er gert að skyldu, að hafa verið hásetar í 4 mánuði (í stjórnarfrv. «í förum» í 4 mánuði), því að menn geta verið í förum án þess að taka þátt í venjulegum hásetastörfum.

Viðvíkjandi 7. gr. get jeg skírskotað til þess, sem stendur í nefndarálitinu, að þar sem kröfurnar til hins meira stýrimannaprófs eigi eru minni en þær, sem gerðar eru í Danmörku til hins almenna stýrimannaprófs, og þar sem ætlazt er til, að prófið verði eins tryggilegt, þá virðist nefndinni eigi ástæða til, að synja þeim, sem tekið hafa hið meira próf, um þann sama rjett, sem þeir hafa, er tekið hafa stýrimannapróf í Danmörku.

En hvað því viðvíkur, sem h. Lh. minntist á, hvort kröfurnar til þeirra, sem fara vildu millum landa, mundu vera nægilegar, þá hefir nefndin tekið þá tillögu til greina og álítur rjett, að ákveða þar um nokkuð frekara, þótt þess konar ákvæði muni reyndar litla þýðingu hafa í lífinu; því að mönnum mun vart gefast kostur á, að gerast stýrimenn á skipum milli landa, fyr en þeir eru búnir að vera alllengi í förum.

Landshöfðingi; Eins og jeg tók fram, við 1. umr., verð jeg að ætla, að margar tillögur nefndarinnar sjeu til bóta og miði til að gera sjómannakennsluna fyllri og þýðingarmeiri, og því get jeg ekki ímyndað mjer, að frá stjórnarinnar hálfu verði nokkuð á móti þeim haft.

Að stjórnin fór eigi fram á meira í frv. sínu en hún gerði, kom einungis til af því, að hún óttaðist þann kostnað, sem af því mundi leiða.

Yfir höfuð verð jeg að segja, að h. nefnd hafi leyst þetta starf sitt svo vel af hendi, að h. þingd. og aðrir hlutaðeigendur mega vera henni þakklátir, og jeg fyrir mitt leyti get eigi mælt á móti einni einustu af breytingartillögum hennar.

ATKVÆÐAGR.: 1.—4. breytingartill. nefndarinnar (C. 239) við 1. gr. (C. 108) samþ. hver um sig í e. hlj.

1. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefndarinnar við 2. gr. samþ. í e. hlj.

Viðbót nefndarinnar við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. (C. 270) við 15. breytingartill. samþ. án atkvæðagr.

Ný grein eptir 2. gr. frv. (3. gr.) samþ. í e. hlj.

2. breytingartill. nefnd. á þingskj. 209 (við 16. breytingartill.) samþ. í e. hlj.

3. breytingartill. nefnd. á sama þingskj. samþ. án atkvæðagr.

4. breytingartill. nefnd. á sama þingskj. samþ í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. við 3. gr. frv. (4. gr.) samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. við 4. gr. frv. (5. gr.) samþ. í e. hlj.

4. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. við 5. gr. frv. (6. gr.) samþ. án atkvæðagr.

Breytingartill. nefnd. við 19. breytingartill. samþ. án atkvæðagr.

2. breytingartill. nefnd. við 5. gr. frv. samþ. í e. hlj.

5. gr. frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefndarinnar við 20. breytingartill. samþ. í e. hlj.

Ný grein aptan við frv. (7. gr.) samþ. í e. hlj.

Breyting á fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um varúðarreglur til þess að fyrðast ásiglingar (C. 123, 236); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða (C. 214, 267); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson). Út af athugasemd hæstv. landsh. við 1. umr. þessa máls, þá hefir okkur flutningsmönnum komið saman um, að koma með þær breytingar við frv., sem hjer liggja fyrir, en jeg skal þegar geta þess, að í breyt.till. má misskilja orðið «árlega», og munum við fá því breytt og setja í staðinn: ár hvert. Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, og þótti það athugavert, að í frv. var ekki gert ráð fyrir neinum meiri kostnaði til landshöfðingjaskrifstofunnar, en nú er, ef þessi breyting kæmist á, þá höfum við nú bætt úr því með breyt.till.; því að þar er svo kveðið á, að tveir skrifstofustjórar skuli vera þar, og tiltekin all ríflég laun handa þeim.

Með þessu álít jeg, að sjeð sje fyrir því, að nógir kraptar sjeu þar, og með því fengin líkindi fyrir, að málin verði jafnvel fljótar afgreidd, en nú getur orðið hjá amtmönnum; því að ýmsir erfiðleikar eru á því, að mörg mál geti gengið fljótt, ef þau þurfa að fara til amtmanna, einkum þess, sem ekki er í Reykjavík.

Jeg hygg, að ýmsir af þeim, sem við sveitamálefni hafa fengizt, hafi fundið til þess, hve seint mál ganga, sem til amtmanna fara, og þótt það sje engan veginn ódugnaði þeirra og hirðuleysi að kenna, heldur hinu, að þeir hafa í svo fáum málum fullnaðarúrskurð, og auk þess leita þeir optast nær álits landshöfðingja. Úr þessu bætir frv., því búast má við, að málin gangi greiðara, þegar þau þurfa að eins að ganga í gegnum skrifstofu landshöfðingja, er þau koma heiman úr hjeruðunum.

Hæstv. landsh. talaði um við 1. umr., hvort við mundum hafa þekkt stiptsyfirvöldin. Jú, við þekktum þau vel, en við höfum gert ráð fyrir, að þau mál, sem nú heyra undir stiptsyfirvöldin, skuli heyra undir biskup einan, en geti þó heyrt undir úrskurð landshöfðingja, eins og nú á sjer stað.

Hæstv. landsh. tók það fram, að hann sæi ekki, hvernig ætti að skipa forseta fjórðungsráðanna; það er satt, að ekkert er tekið fram um það í frv.; en ef hæstv. landsh. finnast mjög mikil vandkvæði á því, að skipa forseta þeirra, mætti kveða svo á, að þau kysu sjer hann sjálf.

Jeg get ekki betur sjeð, en að þessi tilhögun, sem frv. fer fram á, yrði bæði til að greiða fyrir málum, og til að styrkja hina æðstu stjórn í landinu; því að við hana fækkar ósjálfstæðum milliliðum, en þeir hljóta að verða til tafar, en eigi til flýtis greiðri framgöngu mála.

Jón Þórarinsson: Jeg vildi gjarnan skjóta þeirri spurningu til h. flutningsmanna breyt.till., hvers vegna þeir gera ráð fyrir tveim skrifstofustjórum á skrifstofu landshöfðingja. Jeg sje ekki, að þörf sje á meir en einum skrifstofustjóra á sömu skrifstofunni; og sje það ekki, þá er hjer farið fram á fjárframlag að óþörfu; því að laun þeirra hvors um sig eru ákveðin að mun hærri en almenn skrifaralaun eru. Sje skrifstofustjóri duglegur maður, þá mun nýtur skrifari, sem hægt er að fá fyrir talsvert minni laun en skrif-

stofustjóra eru ætluð, geta unnið hjer um bil sama gagn sem hinn skrifstofustjórinn, ef tveir væru.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Það sem vakti fyrir okkur flutningsmönnum, var ekki eins mjög sparnaður á landsfje, heldur hitt, að gera umboðsstjórnina óbrotnari og alla málaafgreiðslu greiðari; því fannst okkur nauðsynlegt, að gera skrifstofu landshöfðingja sem öflugasta. Ef skrifstofustjórarnir væru löglærðir menn, mundu þeir geta aðstoðað landshöfðingja ekki einungis í málum, sem snerta hjeraðastjórn, heldur einnig í fleiri málum, t. d. í þingmálum, svo að hann gæti betur sett sig inn í þau en nú er mögulegt fyrir hann, þar sem hann hefir því líkum önnum að gegna.

Landshöfðingi: Jeg sje, að hinn sami ágreiningur muni verða milli mín og h. flutningsmanna eptir breytingar þeirra á frv. sem áður.

Jeg skil ekki, að nokkuð annað sje unnið við afnám amtmannaembættanna en fjársparnaður; en h. flutningsm. (S. St.) segir, að það sje engan veginn aðalatriðið fyrir sjer. En jeg verð að halda fast við það, að málin verði ekki eins vel undirbúin, þegar kippt er burt einum lið, sem um þau hefir fjallað hingað til.

H. flutningsm. (S. St.) nefndi ekki gott dæmi um nauðsyn á afnámi amtmannaembættanna, er hann talaði um töfina við það, að skjóta ýmsum ágreiningi í sveitamálum til þeirra, því að í mörgum af þeim málum gefa amtmenn einmitt fullnaðarúrskurð.

En það er líka í mörgum öðrum málum, sem það mundi töf, að skjóta þeim til landshöfðingja. Jeg get ekki skilið í, hvernig h. flutningsm. (S. St.), sem vill fá öfluga hjeraðastjórn, getur lagt það til, að afnema amtmannaembættin, sjerstaklega amtmannsembættið yfir norður- eg austuramtinu, þar sem þau þó eru æðsti liðurinn í þeirri stjórn.

Að því er snertir fjórðungsráðin, hefði mjer fundizt það lögulegra, að álits sýslunefnda og hjeraða hefði verið leitað áður en tillaga um stofnun þeirra kæmi fram hjer á þingi. Mjer er það ekki kunnugt, hvort það sje vilji manna eða almenn ósk. Að vísu get jeg ekki sjeð neitt á móti, að fjórðungsráð sjeu stofnuð, ef amtmannaembættunum er haldið; það sem þar kemur til greina verður einkum kostnaðarspursmálið, því að töluverðan kostnað hljóta þau að hafa í för með sjer.

Eitt er enn athugavert við þetta mál: jeg sje ekki hvernig stöðu forseta fjórðungaráðanna á að vera háttað. Hann á að hafa 2 kr. um daginn, eins og aðrir, sem í fjórðungsráðunum sitja, en eptir sveitarstjórnarlögunum, sem ekki er gert ráð fyrir að breyta, að því leyti, verður hinn núverandi formaður amtsráðanna að gegna ýmsum amtráðsstörfum milli funda. Sama yrði þá um forseta fjórðungsráðanna, og því mundi ekki nóg að láta þá fá laun fyrir þann tíma, sem þeir sætu á fundum, heldur mundi þurfa að gjalda þeim árslaun. Forsetar þessir yrðu enn fremur að vera atkvæðamenn; en því verð jeg að halda föstu, að sýslumaður geti ekki verið forseti.

Jeg tek það upp aptur, að amtmennirnir eru nauðsynlegur milliliður í umboðsstjórninni, og jeg verð að ætla, að eigi sje heppilegt að «centralisera» alla stjórn hjeraðamála á einum stað, og að það muni vera til spillis en eigi til bóta, að flytja alla yfirstjórn þeirra til Reykjavíkur.

Jeg skal bæta því við viðvíkjandi stiptsyfirvöldunum, að það er ekki gott, að kippa þar í burt verzlega liðnum; þau þurfa að fjalla um ýms mál, sem útheimta lagaþekking, og með tilliti til þess mun amtmaðurinn hafa verið gerður að stiptsyfirvaldi, til þess að tryggja það, að lögfróður maður fengist við þau mál.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er í mörgum greinum ekki mótfallinn frumv. þessu, því að það samsvarar að ýmsu hugmyndum mínum um sveitastjórn.

Jeg álít, að sá liður, sem er milli hjeraðastjórnarinnar og hinnar æðstu stjórnar, sje of fámennur, þar sem í hverju amtsráði sitja einir 3 menn, og þessir 3 menn eiga nú að vita, hvernig bezt sje að haga öllum þeim málum í heilu amti, sem til þeirra kasta koma; en slíks getur ekki verið að vænta. Kæmist því þessi breyting á, sem hjer ræðir um, þá mundi hún verða til bóta. Það sem því mun einkum til fyrirstöðu, er kostnaðarauki, og hann jafnvel meiri en hjer er gjört ráð fyrir, því að laun fjórðungsráðsmanna eru of lágt ákveðin í frumv. Jeg verð að álíta, að ef hver sýsla ætti fulltrúa í fjórðungsráði, þá mundi meiri samvinna milli sýslunefnda og fjórðungsráða en nú er milli sýslunefnda og amtsráða, og þá mundi margt upplýst, sem annars væri óupplýst. Jeg er því frumv. hlynntur og álít það til mikilla bóta, að því er snertir stjórn hjeraðamála. Líka er jeg því hlynntur, að aukið sje starfsvið landshöfðingja, og því má fá framgengt án nokkurrar stjórnarskrárbreytingar. Jeg sjálfur hef unnið í þessa stefnu í ýmsum málum.

Hvað það snertir, að stiptsyfirvöldin verði ekki framar nefnd sem slík, þá er það nafn eiginlega fallið burt síðan stiptamtmannsembættið var lagt niður. Sú var og tíðin, að biskup þótti einfær að fjalla um mál hjer, og þótti ekki illa fara. Jeg sje ekkert á móti því, að biskup sje einn yfirmaður prestastjettarinnar. Sú tíð var líka, að hann var einn umsjónarmaður kennslumála, og hlutust ekki vandræði af. Jeg mundi að vísu ekki hafa á móti því, að þau mál, sem nú heyra undir stiptsyfirvöldin, gætu komið undir úrskurð landshöfðingja; þó vildi jeg gjarna að biskup hefði síðasta úrskurðarvald í þeim flestum. En ef landsh. hefir síðasta úrskurðarvald í öllum andlegum málum innanlands, þá eykst vegur landshöfðingjadæmisins, og er jeg því samþykkur.

Þá kemur það til álita, að hve miklu leyti þessi breyting er framkvæmileg, og að því er það snertir, þá hygg jeg, að málið hefði þurft frekari undirbúning, því að margt þarf að hugsa og íhuga, er slík gjörbreyting á fram að fara, að afnema amtmannaembættin, sem nú hafa staðið svo öldum skiptir.

Það gæti verið, að alþýða, sjerstaklega í þeim hjeruðum, sem fjærst eru landshöfðingja, sakni þess, að hafa ekki mann nær sjer til að leita til. Af þessum ástæðum er jeg í nokkrum vafa um, hvort frumv. er framkvæmilegt nú sem stendur, eða hvort jeg eigi að greiða atkvæði með því að þessu sinni.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Út af ummælum hæstv. landsh. um, að varúðarvert sje að kippa burtu amtmönnunum, af því að þá muni málin ekki verða eins vel undirbúin, skal jeg geta þess, að jeg álít þetta ekki fullum rökum stutt; því þegar gjört er ráð fyrir, að maður úr hverri sýslu sitji í fjórðungsráðinu, þá verð jeg að ætla, að engu lakari trygging sje fengin fyrir því, að málin sjeu vel úr garði gjörð, en þó amtmaður fjalli um þau áður en þau ganga til landshöfðingja; þá er það og trygging fyrir vandlegri meðferð málanna, að gjört er ráð fyrir svo góðum kröptum á skrifstofu landshöfðingja.

Hæstv. landsh. kvað það til meiri tafar, að skjóta ýmsum málum til landshöfðingja en til amtmanns; það getur komið fyrir í Norður- og Austuramtinu, en ekki í Vesturamtinu; því að eins og kunnugt er, er amtmaðurinn fluttur þaðan til Reykjavíkur og situr þar rjett við hliðina á landshöfðingja. En þó það gæti komið

fyrir í Norðuramtinu, að töf yrði að því, að þurfa að skjóta málum til landshöfðingja í stað amtmanns, þá kemur líka hitt fyrir, að töf er að því, að þurfa að bera þau fyrst undir amtmann.

Jeg skal nefna til dæmis, að sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu þyrfti að rita amtmanni um eitthvert mál, sem síðan gengur til landshöfðingja; þá sendi hann það fyrst norður á Akureyri til amtmanns, amtmaður síðan landshöfðingja, en landshöfðingi aptur amtmanni, og svo amtmaður loksins sýslumanni. Það sjá allir kunnugir menn, að ekki muni þetta hringsól geta orðið til að flýta málinu, og það held jeg, að leið þess styttist nokkuð, ef sýslumaðurinn mætti senda það beint til landshöfðingja.

Hæstv. landsh. sagði, að hjeraðstjórnin mundi ekki verða eins öflug með þessu fyrirkomulagi; en jeg held það yrði hið gagnstæða, þar sem einn maður úr hverri sýslu ætti setu í fjórðungsráði, og víst er það, að meiri kunnugleiki mundi verða þar, en nú getur verið hjá amtsráðinu.

Hvað því viðvíkur, að þetta sje ekki almenn ósk, þá verð jeg þó að geta þess, að þessi ósk kom fram á almennum þjóðfundi, og því skil jeg ekki í því, að ekki megi kalla hana almenna.

Það sem hæstv. landsh. sagði um laun forseta fjórðungsráðanna, var alveg rjett, en jeg álít engin vandræði að bæta úr því, þó þau sjeu sett of lágt í frumv., enda má og ákveða þeim sjerstök laun, ef þörf þykir.

Aptur er það ekki rjett, að öll störf amtmannanna verði flutt til Reykjavíkur, ef amtmannaembættin verða afnumin; því að ýms af störfum þeirra munu verða fengin sýslunefndum og hjeruðunum sjálfum í hendur, enda álít jeg, að vel megi við það una, t. d. þegar um refaveiðareglugjörðir er að ræða og margt fleira, þó að slíkt heyri ekki undir amtmannsúrskurð eða landshöfðingja.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) tók greinilega fram um stöðu biskupsins, og þegar gjört er ráð fyrir, að skjóta megi málum frá biskupi til landshöfðingja, þá álít jeg, að næg trygging sje fengin fyrir því, að vankunnátta biskups í lögum þurfi ekki að verða að tjóni, þar sem málin geta gengið frá hans hendi til þess staðar, þar sem gjöra má ráð fyrir, að lögspekin á hæðsta stigi eigi heima.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. flutningsm. (S. St.) viðvíkjandi því, að mjer finnst hann gjöra meira úr verkahring hinna ráðgjörðu fjórðungsráða en jeg get skilið í, að hann gæti náð yfir. Mjer finnst, að fjórðungsráðin muni ekki geta haft önnur mál til meðferðar, en amtsráðin hafa nú, og þau mál eru ekki mjög yfirgripsmikil nje margbrotin. Mjer finnst því, að sú tilhögun, sem hjer er farið fram á, verði einungis til að rýra hjeraðastjórnina, sem sje að því leyti, sem amtmennirnir skera úr ýmsum málum sem amtmenn, en ekki sem forsetar amtsráðanna, en ef fjórðungsráðin fá ekki meira vald en amtsráð hafa, þá mundi úrskurðarvald amtmannanna hverfa undir landshöfðingja.

Hins vegar sje jeg ekki annað á móti stofnun fjórðungsráðanna, ef amtmannaembættunum er haldið, en kostnaðaraukann, þar sem í stað þess, að nú sitja að eins þrír menn í hverju hinna þriggja amtsráða, á að sitja einn maður úr hverri sýslu í fjórðungsráðunum.

Jeg verð enn að halda því fram, að mjer er ekki kunnugt um, að það sje ósk almennings, að fjórðungsráð sjeu stofnuð. Jeg veit það, að á síðasta Þingvallafundi var talað um afnám amtmannaembættanna, en hitt er mjer ekki kunnugt, að þar kæmi fram nokkur ósk um stofnun fjórðungsráða.

Mjer sýnist alþingi opt sýna það, að það eigi þó ekki svo gott með að losast við

amtmannaembættin; því ef vjer göngum í gegnum frumv. bæði á fyrri þingum og nú síðan farið var að hreyfa afnámi amtmannaembættanna, þá sjáum vjer, að í þeim er ætlazt til, að amtmenn hafi á hendi mörg af störfum þeim, sem þau tala um. Og eins og alþingi á ekki gott með að losast við þá í löggjöf sinni, eins mundi ekki heldur, þegar til framkvæmdanna kæmi, svo þægilegt að kippa þeim burt; það segir ekki svo lítið, að þeir hafa unnið hefð um langan tíma, þó aldrei væri annað en það.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að mál þau, er heyrðu undir amtsráðið, væru hvorki mörg nje yfirgripsmikil, þá eru það þó þau málin, sem mest varða hjeruðin: fjármálin, og jeg hygg, að hæstv. landsh. muni verða mjer samdóma um það, að fjárstjórn öll og meðferð fjármálanna í hjeraði mundi eins vel af hendi leyst af fjórðungsráðunum, þar sem kunnugir menn úr hverju sýslufjelagi eru, eins og af þessum tveimur mönnum, sem í amtsráði eru auk amtmanns, og allsendis eru ókunnugir mestum hluta amtsins.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram og færði til sem sönnun fyrir nauðsyn amtmannaembættanna, að þingið gæti ekki verið án þeirra, þá er það fremur veik sönnun, að mjer finnst. Það er auðvitað, að á meðan amtmennirnir eru, þá er ekki ástæða til að hafa ýmigust á þeim og sneiða hjá, að fá þeim þau störf, sem þeir geta af hendi leyst, og menn verða að sníða löggjöfina eptir því stjórnarfari, sem er, hvort sem það mætti betur fara á annan hátt eða ekki, en eigi að síður held jeg, að þinginu yrði engin skotaskuld úr, að vísa til annara framkvæmd þeirra lagagreina, sem amtmenn eru nú látnir framkvæma, ef þeir væru ekki til. En nú er sú venjan, að vísa henni til amtmanna, er hún heyrir undir það starfsvið, sem þeim er ætlað.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. 267) samþ. í einu hljóði.; 2. gr. (C. 214) samþ. í hlj.; 3.—4. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv. hvor; 5. gr. samþ. í einu hljóði.

Málinu því næst vísað til 3. umr í einu hljóði.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna (C. 248); 1. umr.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Jeg skal ekki að þessu sinni fara langt út í málið. Ástæður þær, sem knúðu oss flutningsmennina til þess, að bera þetta mál fram, eru sjálfsagt orðnar kunnar h. þingdeildarm., með því að þær eru tilfærðar með sjálfu frv.

Jeg skal að eins taka það fram, málinu til skýringar og til að sýna, að það er ekki of hermt, sem segir í ástæðunum, að eptirlaunin fara allt af vaxandi, að á fjárhagstímabilinu 1876 og 1877 gengu til eptirlauna rúm 40,000 kr., en 10 árum seinna, 1886 og 1887, eru þau orðin rúm 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Í fjárlagafrumv. stjórnarinnar er nú áætluð þessi sama upphæð, sem sjálfsagt er of lág, því það mun flestum þingdeildarmönnum ljóst, að eptir því, sem nú stendur á, mun eigi veita af að áætla eptirlaunin 80 til 90 þús. kr. fyrir næsta fjárhagstímabil. Þegar fram líða stundir, getur varla hjá því farið, að eptirlaunin fari enn þá meira hækkandi; því til sönnunar skal jeg leyfa mjer að benda á það, að enginn af læknum þeim, sem fengið hafa embætti eptir lögunum 15. okt. 1875, eru enn komnir á eptirlaun. Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, enda vona jeg, að öllum þingd.mönnuum komi saman um, að eptirlaunaupphæðirnar, eins og þær eru nú, sjeu hvorki sniðnar eptir efnahag eða ástandi lands og þjóðar, nje eptir þörf eða verðleika þeirra, sem eptirlaunin þiggja.

Jeg skal geta þess, að jeg hef í hyggju

að stinga upp á, að kosin sje nefnd, en vil eigi gera það strax, til þess að hindra ekki umræðurnar.

Þórarinn Böðvarsson: Frv. þetta er stutt. Það skal jeg játa. En það gerir þó ekki svo litlar breytingar á því, sem er. Frv. gengur að eins út á eitt, það, að svipta alla embættismenn öllum eptirlaunum. Verði frumv. samþykkt í dag, þá er allt þetta líka gert í dag.

H. flutningsm. (Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.) hafði rjett í því, að eptirlaun fara vaxandi, og er því öll ástæða til að íhuga, hvort eptirlaunalögunum verði ekki breytt. En á svona lagað frumv. get jeg með engu móti fallizt; því verði það samþykkt og verði það að lögum, þá verða engin eptirlaun greidd neinum embættismanni, nema eptir sjerstökum lögum í hvert skipti. Út af þessu skal jeg leyfa mjer eina athugasemd. Nú verður embættismaður að segja af sjer embætti rjett eptir þing, og verður hann þá að bíða eptir eptirlaunum í 2 ár. En »það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í». Jeg veit, að slík lög eru til í ýmsum löndum. En jeg held að þau eigi betur við þar en hjá oss. Þannig veit jeg t. d., að slík lög gilda á Englandi; en aðgætandi er, að þar er þing haldið á hverju ári. Þannig getur hver, sem hættir embætti, strax fengið að vita, hvaða eptirlaun hann fær. Eins og þetta frumv. er nú, get jeg þess vegna ekki gefið því mitt atkvæði. En jeg mundi ekki vera á móti því, að endurskoða eptirlaunalögin og breyta þeim í ýmsum atriðum.

Árni Jónsson: Jeg skal ekki tala langt í þetta sinn. Að eins vil jeg gjöra litla athugasemd út af orðum h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.). Þegar hann segir, að með þessu frumv. sjeu allir embættismenn strax sviptir öllum eptirlaunum, þá lítur ekki út fyrir, að hann hafi lesið síðustu grein frumv., sem ákveður, að allir embættismenn, sem nú eru í embættum, haldi rjetti sínum til eptirlauna óskertum. Frumv. nær þannig að eins til þeirra, sem fá embætti eptir að þessi fyrirhuguðu lög eru komin út.

Hvað það snertir, að embættismenn eptir þessu frumv. hljóti að bíða lengri eða skemmri tíma eptir að fá að vita, hvort og hve mikil eptirlaun þeir fá, þá held jeg, að það beri ekki svo bráðan að, að menn segi af sjer. Embættismennirnir gætu sjálfsagt hagað uppsögn embættanna svo, að þeir þyrftu ekki að bíða.

Okkur flutningsm. þótti mál þetta svo þýðingarmikið, þar sem það miðar til að stemma stigu fyrir hinum mikla peningastraum, sem árlega gengur út úr landssjóði í eptirlaun og fer sívaxandi.

Við bjuggumst ekki meira en svo við, að mál þetta fengi framgang á þinginu í þessu formi; en umræðurnar gætu orðið til þess, að mönnum hugsaðist eitthvert gott ráð til þess, að ljetta á landssjóði að nokkru þessari byrði, sem allt útlit er fyrir, að honum verði ofvaxið að bera.

Vonum við þess vegna og óskum, að málið fái fylgi sem flestra h. þingdm., og að nefnd verði skipuð til þess að koma því í það horf, að það geti orðið aðgengilegt fyrir þingið og affarasælt fyrir þjóðina.

Grímur Thomsen: Mig furðar á því, að þetta stjórnarskipunarlagafrumv. skuli koma fram sjerstaklega, þar sem nú er einmitt í undirbúningi frumv. til laga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem þetta mál er einn liður af. Mjer finnst að h. flutningsm. hefðu sjálfir átt að stinga upp á, að þetta mál gengi til nefndar þeirrar, sem kosin var til að íhuga frumv. um stjórnarskipun Íslands. En fyrst þeir ekki hafa gjört það, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að þessu frumv. verði vísað til nefndar þeirrar, sem hefir til meðferðar frumv. um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Forseti: Eins og h. þingdm. hafa tekið eptir, hefir sú nefnd þegar að mestu

lokið starfa sínum, þar sem frumv. nefndarinnar um endurskoðun stjórnarskrárinnar er þegar útbýtt meðal deildarmanna.

Grímur Thomsen: Það vissi jeg ekki, því nefndir standa þangað til það málefni, sem þær hafa haft til meðferðar, kemur aptur frá efri deild með breytingum, eins og sjá má á þingsköpunum, og er því nefndin í stjórnarskipunarmálinu langt frá því að hafa aflokið starfa sínum.

Árni Jónsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu.

Grímur Thomsen: Í frumv. því til stjórnarskipunarlaga, 10. gr., sem komið er frá nefndinni, sje jeg nú, að gjört er ráð fyrir, að embættismenn fái eptirlaun eptir eptirlaunalögum. Það er því, að mínu áliti, einstaklega annarlegt, að jeg ekki við hafi sterkara orð, að koma jafnframt með annað stjórnarskipunarlagafrv., sem gjörir ráð fyrir engum eptirlaunum. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að þetta frv. komi í bága við frumv. um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ef h. þingdm. þess vegna greiða atkv. með þessu frumv., þá sje jeg ekki betur en að þeir hljóti að greiða atkv. á móti 10. gr. í frumv. um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Það kemur opt fyrir hjer á þingi, að menn af áhuga og ákafa koma með eitt mál, sem kemur í bága við annað. Þess vegna ítreka jeg mína fyrri tillögu, að frumv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem þegar er kosin til að íhuga frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, og vona jeg að h. forseti beri þessa tillögu mína undir atkvæði.

Forseti: Jeg skoða uppástungu þá, sem fram er komin um að setja 5 manna nefnd í málið, sem breytingartill. við uppástungu h. þm. Borgf. (Gr. Th.), og ber því nefndartill. fyrst undir atkv.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþ. með 20 samhljóða atkvæðum, og í hana kosnir:

Eiríkur Briem	með	17 atkv.
Árni Jónsson	—	14 —
Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.)	—	12 —
Jón Jónsson (þm. N.-Þing.)	—	10 —
Ólafur Briem	—	9 —

1. umr. frestað.

Frumv. til lagu um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 7. nóv. 1879, 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872 (C. 261); 1. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Það er með hálfum huga, að jeg stend upp til þess, að mæla með þessu frumv., því það lýsir sjer í þessu eiginlegleiki, sem aldrei er fagur, nefnilega ópakklæti við þá menn, sem áður af umhyggju fyrir högum landssjóðs og þjóðarinnar hafa greitt atkv. með háum tollum á kaffi, sykri og tóbaki. En eins og menn vita, er þakklátsemi ekki algengur eiginlegleiki í almennum málefnum. Nefndin hefir nú álitið rjett og saungjarnt, úr því búið er að tolla þær vörur, sem allur almenningur notar, að leggja nú sjerstaklega nokkurn toll á hina efnabetri menn, sem eru munaðarvandari en menn almennt, og hefir nefndin því stungið upp á þessum tollum, þ. e. að hækka tolla á öli um 5 aura, en færa toll á öðrum vínum úr 45 aur. upp í 65 aura.

Fel jeg svo mál þetta velvilja deildarinnar og óska að það gangi til 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg stend upp af því, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði um samband þessara tolla við tollana á kaffi og sykri. Jeg verð að segja, að jeg þekki ekkert samband milli þessara tolla, nema ef vera skyldi í því, sem stendur í nefndarálitinu, að hjer er gjörð tilraun til jafnaðar, þar sem h. nefnd segir, að þessi tollur lendi mest á hinum efnabetri. Að vísu lendir þessi tollur alls ekki á hinum efnabetri einum; en jeg verð samt með frumv.; því, eins og jeg er þvert á móti

því, að tolla almenna nauðsynjavöru, eins er jeg meðmæltur þessum tollum, því heldur sem þeir eru hóflegir, enda er mönnum innan handar að spara við sig öl og vín sem tollinum nemur.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald á vefnaðarvöru, fatnaði, sætindavöru o. fl. (C. 174, 262); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þó nefndin hafi í áliti sínu farið um frumv. þetta heldur mildum orðum, þá gat henni ekki dulizt það, að þeir gallar eru á því, sem ómögulegt gjöra, að ráða til að samþykkja það. Þó að spurning gæti verið um að leggja tolla á með líku fyrirkomulagi og frumv. fer fram á, þá eru vörutegundir þær, er tilgreindar eru í frv., svo óákveðnar, t. d. þar sem nefnd er óþarfavara, um það, hvað þar til heyrir, getur menn greint á endalaust, og þó sú ákvörðun sje í frumv., að landshöfðingi eigi að semja skrá yfir þessar tegundir, þá er það mjög vafasamt. Ennfremur á tollurinn að vera byggður á útsöluverði vörunnar; þetta er mjög hæpið, þar sem engin opinber skýrsla er um útsöluverðið, væri hjer meint verðskrá sú, er kaupmenn senda verzlunarstjórum sínum, þá gildir það ekki þegar kaupmenn veita sjálfir verzlun sinni forstöðu; ekki heldur í tilliti til pöntunarfjelaga, sem enga útsölu hafa; yfir höfuð fannst nefndinni frumv. svo athugavert, að hún sá eigi annan kost en ráða h. deild frá að samþykkja það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 13 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um útflutningsgjald á hrossum og sauðfje (C. 159, 263); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Viðvíkjandi þessu máli get jeg látið mjer nægja að vísa til álits nefndarinnar. Tilgangur þessa frumv. er auðvitað sá, að útvega landssjóði tekjur, en nú eru afgreidd frá þinginu lög um toll á kaffi og sykri, sem álitið er að muni veita landssjóði nægilegt fje, svo þannig er helzta ástæðan fyrir frumv. fallinn. En hvað snertir þessa gjaldstofna, þá eru þeir ekki sem heppilegastir, þar eð þetta gjald mundi koma mjög misjafnt niður, hvort sem litið er til einstakra manna eða sveita.

Þórarinn Böðvarsson: Þegar jeg stend upp, þá er það með þeirri miðvitund, að það sje til að halda líkræðuna yfir frv. þessu; jeg vona að nefndin hafi þegar haldið húskveðjuna yfir því, og haft hana töluvert fyllri og nákvæmari en nefndarálitið er; hún segir, að landssjóður þurfi ekki meira, -- lof sje henni fyrir það; hún segir, að ekki muni um toll af þessum vörutegundum, þar sem hann nemi ekki meiru en 6000 kr.; en stundum hefir þó þótt muna um minna.

Jeg geng að því sem vísu, að h. nefnd hafi getið þess í húskveðjunni, að margt sje til gott í frumv. þessu; en jeg ætla þó að minnast lítið eitt á kosti þess í líkræðunni.

Jeg hygg, að frumv. sje ekki slæm bending til landsbúa, að hætta að ala upp hross til útflutnings, til að eyðileggja landið, en ala heldur upp kýr og sauðfje.

Að hinu leytinu skal jeg fara fám orðum um princip þingsins, sem jeg hygg að hjer hafi meiru ráðið, en það er það, að hindra sem mest straum innfluttra vörutegunda í landið, og er það rjett, ef hægt væri að ná því; en nú er nýbúið að fella frumv. sem fór fram á að stöðva aðflutning vefnaðarvöru með tolli. Jeg held líka að rjett hafi verið, að fella það eins og það lá fyrir; en þetta sýnir að eins, hve miklir erfiðleikar eru á þessu.

Það dylst engum, og sorglegt er til þess að vita, hve mikið af verknaði vjer sækj-

um til annara þjóða; væri hægt að hindra þetta með tollum, þá væri mikið unnið; en með tollafrumv. þeim, sem þegar er búið að samþykkja, vinnst ekkert í þessa átt; jeg ímynda mjer að menn kaupi álíka mikið af kaffi og sykri eptir sem áður, en af því leiðir, að meira þarf að flytja út úr landinu, því fleiri sauði og því fleiri hross þarf að flytja út; en þann sjerstakan tilgang hafði þetta frumv. að gefa bændum bendingu um að nota sjálfir sauði sína, en ala ekki upp hross til útflutnings, landinu til stórskaða.

Jeg skal svo ekki þreyta menn með lengri líkræðu, en vona að menn kannist við, að margt í henni er satt og rjett.

Sveinn Eiríksson: H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) lagði mikla áherzlu á það, að hross væri hinn versti gripur hjá bændum; þetta er mikið rjett, ef beinlínis er litið til skaða þess, sem þau gjöra í högum bænda; en jeg verð að gefa þá upplýsingu af eigin reynslu, að hross eru sá bezti gripur, sem landbóndinn á, og er því mjög viðurhlutamikið, að leggja útflutningstoll á þau; h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) mundi þykja það hart. ef tollur væri lagður á báta sjávarbóndans eður sjávarútveg hans fram yfir það sem er; af hrossum er líka goldinn skattur, þar sem lausafjárskattur er, og sýnist það ærið nóg; það er nú reyndar satt, það er líka goldinn lausafjárskattur af bátunum, og ekki mun sleppt að telja þá fram, því ekki eru þeir svo litlir að þeir sjáist ekki; það mun ekki heldur sleppt að telja fram hrossin; nei, við landbændur teljum þau öll fram með tölu; heldur kann vera að ein og ein sauðkind kunni að gleymast, annaðhort viljandi eða þá óviljandi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frumv. meir; jeg hefi að eins fundið skyldu minni að mæla þessi fáu orð yfir gröf þess, sem jeg vona að bíði búin.

Þórarinn Böðvarsson: H. forseti hefir reyndar gjört mjer orð um að svara ekki h. þm., er núna settist niður; en jeg ætla þó að benda honum á, að tollur sá, sem hjer er um að ræða, ekki mundi koma niður á þeim höttótta, eða hvernig sá hestur, er nú litur, sem hann ríður, heldur á þeim hrossum, sem hann sendir út úr landinu, svo ræða h. þm. Aust.-Sk. (Sv. E.) er annaðhvort hyggð á misskilningi eða misheyrn.

Sveinn Eiríksson: Jeg skal leyfa mjer að benda h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) á það, að ræða mín var hvorki sprottin af misheyrn eða misskilningi.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 13 : 3 atkv.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af ull og tólg (C.158, 263); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það má sama segja um þetta frumv. og hið næsta á undan: sú ástæða, að útvega landssjóði tekjur, er fallin. Það má líka segja hið sama um sumar af þessum vöruteg-undum (tólg og æðardún), að tollur á þeim mundi vega lítið.

Jeg er samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) um það, að það væri einkar gott, ef tollurinn gæti haft þá verkun, að minna yrði flutt inn í landið af útlendum vefnaðarvörum, en meira unnið af ullinni í landinu. En bæði er það, að tæki ekki eru til að vinna ullina, og svo mundi tollur þessi, sem hjer ræðir um, ekki hindra útflutning á ull, og þess vegna fremur spilla en bæta.

Það er líka flestra álit, að gjöld þau, er liggja á lausafje, sjerstaklega sauðfjenaðinum, sjeu full há; og áleit nefndin því ekki ástæðu til, að ípyngja með tollum á þeim gjaldstofni.

Þórarinn Böðvarsson: Nefndin hefir nú haldið stutta húskveðju, og þar sem hún í henni vísar til sinnar fyrri húskveðju, vil jeg í þessari minni líkræðu vísa til þeirra almennu orða, sem jeg tal-

aði í líkræðunni yfir frv. næst á undan; en jeg verð þó að bæta því við, að jeg finn litla samkvæmni í því, að þeir, sem vilja koma upp ullarverksmiðju í landinu, vilja ekkert gera til þess, að stöðva útflutning ullar út úr landinu, svo að verksmiðjan, sem upp á að koma, hafi nóg til að vinna.

En að því leyti, sem það »princip» snertir, er hjer liggur til grundvallar, vil jeg vísa til þeirra orða, sem jeg áður hefi talað.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 13 atkv. gegn 3.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1886 og 1887 (C. 31, 258); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að frv. þetta er samið í því formi, sem þingið hefir áður óskað eptir.

Það hefir inni að halda mjög litlar breytingar frá því sem landsreikningarnir voru upprunalega. Þær eru að eins 3; ein þeirra er efnisbreyting, í því fólgin, að lítil upphæð hefir verið tvítalin; hinar tvær breytingar eru í því fólgnar, að upphæðirnar eru fluttar úr einni tekjugrein yfir í aðra.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 61, 258); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og allir h. þingd.menn geta sjeð, ef þeir bera frv. þetta saman við athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna, þá eru teknar upp í það allar þær upphæðir, sem getur verið spurning um, að veita fjárveitingu fyrir. En þar sem frv. er nú fyrir til 1. umr., þá skal jeg ekki fara þar um fleiri orðum, heldur einungis geta þess, að prentvilla er í frv. í 4. gr. stafl. g, þar sem ártalið á einum stað, 1887, er misprentað fyrir 1886, sem mun verða leiðrjett áður en málið kemur til 2. umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um hundahald á Íslandi (C. 176, 246); frh. 1. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Með því að hjer er fram komað nýtt frv., um hundaskatt og fleira, þá tek jeg hjer með hið upphaflega frumv. aptur.

Frumv. til laga um hundaskatt og fleira (C. 246); 1. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Frumv. þetta miðar til að koma því fram, sem tilskipun 25. júní 1869 eigi hefir getað áorkað. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve gagnslaus sú tilskipun hefir verið; nefndin hafði í höndum skýrslu frá merkum manni, Dr. Krabbe í Kaupmannahöfn, sem sýnir, að tilskipuninni hefir alls eigi verið fylgt í sumum sýslum landsins. t. d. Kjósar- og Gullbringusýslu, og í sumum að eins að nokkru leyti. Að tilskipuninni þannig eigi hefir verið fylgt, er að miklu leyti henni sjálfri að kenna, þar sem hún hefir gert málið flóknara og margbrotnara en þörf var á, eða, eins og sagt hefir verið, sett mikla vjel í hreifingu, án þess nauðsyn bæri til; hún hefir þannig gert mun á þörfum og óþörfum hundum, og lagt skatt að eins á hina síðarnefndu, en þetta hefir reynzt mjög óheppilegt, því að í sveitum eru allir hundar álitnir nauðsynlegir, og í sumum sýslum eru hundarnir jafnvel eigi nærri því eins margir og álitið er að þyrfti, eptir því sem áður nefnd skýrsla frá dr. Krabbe sýnir, og tilskipunin alls ekki náð tilgangi sínum, að hundar væru svo fáir, sem framast væri unnt að komast af með, og þannig draga úr hinum háskalega sjúkdómi, sullaveikinni, sem vinnur svo mikið tjón hjer á landi.

Þessum annmörkum hefir nú nefndin viljað ráða bót á, og því er þetta frumv. fram komið; eptir því skal leggja skatt á alla hunda, án nokkurs tillits til, hvort þeir eru nauðsynlegir eða eigi, enda er þetta hið eina ráð, sem hægt er að taka, svo að gagni verði, eða hundar sjeu svo fáir sem auðið er, því með þessu móti mun mönnum lærast að hafa færri hunda, og þar með er tilganginum náð, að rýra hið sorglega tjón, sem sullaveikin gerir mönnum á þessu landi.

Annað atriði, sem hjer kemur til greina, er, að skipa máli þessu svo, að það verði sem einfaldast og óbrotnast, og sá þá nefndin eigi annað ráð vænna, en að skipa svo fyrir, að hundar skyldu taldir fram eins og tíundbært lausafje, og að sömu ákvæði skyldu gilda sem í tíundarlögunum, ef að undan væri dregið, eða vanrækt að telja þá fram; með þessu fyrirkomulagi virtist nefndinni málið gert mjög einfalt og óbrotið.

Jeg skal eigi við þessa umr. fara út í hinar einstöku greinar frumv., enda vona jeg, að allir sjeu málinu hlynntir, og lofi því að ganga til 2. umr., án þess að hefja mikil mótmæli gegn því; en væri eitthvað sjerstakt í því, sem einhverjir vildu fá breytt, þá væri æskilegt, að nefndinni gæfist kostur á, að bera sig saman við menn um það.

Sumum kann að þykja þetta smámál; en jeg fyrir mitt leyti álít það mjög þýðingarmikið mál, þar sem hjer er um að að ræða, að hnekkja þeim sjúkdómi, sem hefir gert svo mikinn skaða á þessu landi.

Eptir því sem h. þm. Reykv. (J. Jónassen) hefir talizt til, þá munu hjer um bil 1300 manns árlega þjást af sullaveiki, og er auðsætt, hve mikinn skaða slík veiki bakar landinu, þar sem hún kippir mörgum mönnum burt á bezta skeiði og þannig sviptir landið miklum vinnukrapti og mörgum nýtum mönnum, eða gerir þá ófæra til vinnu um lengri eða skemmri tíma, að ógleymdum þeim þjáningum, sem þeir verða að líða, og þeirri sorg, sem þetta allt bagar vinum þeirra og vandamönnum.

Jeg skal svo eigi fjölyrða meir um frv., en ber það traust til h. deildar, að hún verði því meðmælt.

Gunnar Halldórsson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er þessu frv. mjög hlynntur; en þó verð jeg að játa, að jeg sakna sumra ákvæða úr frv. því, sem tekið hefir verið aptur. Þannig kann jeg illa við, að hjer er því sleppt, að hafa sjerstaka bók yfir þetta hunda-mál, og virðist það óviðkunnanlegt, að innfæra þess konar málefni í sveitarbókina, þar sem þó á að gefa sjerstakan reikning um hundaskattinn.

Hið annað atriði, sem mjer líkar miður, er það ákvæði, að gjaldið skuli eigi renna í hreppssjóð, heldur í sýslusjóð, því að þótt vera kunni, að hrepparnir á þann hátt losist undan einhverjum af sínum fyrri gjöldum til sýslusjóðs, sem jeg tel óvíst, þá ímynda jeg mjer, að hreppsnefndirnar mundu betur gæta þess, að lögunum væri fram fylgt, ef gjaldið rynni í þeirra eigin sjóð, og inntektirnar mundu verða vissari á skattinum, ef honum væri þannig hagað.

Þetta eru eiginlega þau tvö atriði, sem jeg finn athugaverð við frumv. Vildi jeg óska, að nefndin tæki þau til íhugunar, og mjer gæfist kostur á, að bera mig saman við hana um þau, ef vera kynni, að hún vildi breyta þeim, áður en 2. umr. málsins fer fram.

Jónas Jónassen: H. framsögum. (Þorl. Jónss.) hefir tekið ljóslega fram þýðingu þessa máls, og hefi jeg litlu við að bæta. Jeg vona að h. þingdm. íhugi vandlega þá fjárskalegu þýðingu, sem mál þetta hefir fyrir land allt, og að þeir leitist við að búa það svo úr garði, að verulegt gagn megi að því verða. Hjer er að ræða um að verja líf og heilsu bæði manna og dýra.

Það er alveg ótrúleg eyðilegging, sem sullaveikin orsakar hjer á landi, bæði á mönnum og dýrum. Ef h. þingi tekst að gera mál þetta úr garði, þá verður það hið lang- þýðingarmesta mál, sem kemur frá alþingi í þetta sinn. Ef árangurinn af starfi þingsins í þessu máli yrði sá, að stemmt yrði stigu fyrir hinni fjarskalegu eyðileggingu á mönnum og skepnum, sem sullaveikin orsakar, þá er það hið bezta verk, sem unnið hefir verið hjer á landi í margar aldir. Á þessu stigi málsins má ekki fara út i einstakar greinar, og skal jeg því ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en að eins óska þess og vona, að allir h. þingdm. leggi sig til að laga frumv., svo að gagn verði að því.

Ólafur Pálsson: Jeg er að mörgu leyti ánægður með frumv. þetta. H. 2. þm. Ísf. (G. H.) hefir tekið fram það helzta, sem jeg hefði viljað benda á, svo jeg geti verið stuttorður. Mjer þykir skatturinn, sem stungið er upp, á koma nokkuð ójafnt niður á menn. Þannig hagar sumstaðar svo til, að hafa þarf 4 til 5 hunda, og sumstaðar komast menn ekki einu sinni af með þá tölu. Aptur þurfa sumir ekki að hafa nema einn hund. Allt er komið undir víðáttu landsins og ágangi skepna af öðrum bæjum á land bóndans. Það getur opt verið, að fátækur maður komist ekki af með 4 hunda, þar sem ríkismaðurinn ekki þarf nema einn eða tvo. Þess vegna finnst mjer hart, að beita þessum 2 króna skatti hvernig sem á stendur. Annars vona jeg að allir, sem þekkja og hafa reynt það fjarskalega og hryllilega mein, sem sullaveikin orsakar, finni það skyldu sína, að gæta allra varúðarreglna, og sjerstaklega, að þeir hafi ekki fleiri hunda á heimili sínu en nauðsynlegt er. Í mínu kjördæmi veit jeg að menn gæta þess vandlega. Jeg veit dæmi til þess þar, að hundar hafa verið drepnir, ef menn hafa haft fleiri en nauðsynlegt hefir verið. Jeg vildi, að við, sem erum á sama máli, gætum sameinað okkur til 2. umr. með nokkrar smábreytingar. Einkum kann jeg betur við, að gjaldið renni í hreppasjóðina. Jeg hugsa, að málið mundi ekki líða við það, þó því yrði breytt. Þvert á móti mundu hreppsbúar gæta laganna betur fyrir það. Hinu get jeg ekki heldur vikið frá, að mjer finnst gjaldið gífurlega hátt fyrir marga og það opt fátæklinga.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Viðvíkjandi þeim nmmælum h. 2. þm. Ísf. (G. H.). að hann kynni ekki við, að framtal hunda yrði ritað í sveitarbókina, skal jeg geta þess, að nefndin hafði fyrir augum, að gera málið sem óbrotnast, og því ákvað hún, að rita skyldi hundaframtalið í sveitarbókina, alveg eins og gert er með hverja aðra tegund lausafjár, sem fram er talin. Þetta er líka fyrirhafnarminna, en að hafa sjerstaka bók til þess, og kostnaðarminna. Vona jeg því, að h. þm. geri þetta ekki að neinu kappsmáli.

Þá hefir verið sjerstaklega að því fundið, að skatturinn skuli eiga að renna í sýslusjóð, og álíta menn heppilegra að það renni í hreppasjóði, með því, að lögunum muni þá fremur verða hlýtt. Jeg er í miklum vafa um, hvort þetta er rjett skoðun, því eptir tilskipuninni um hundahald á Íslandi 25. júní 1869 átti gjaldið einmitt að renna í sveitarsjóði. En reynslan hefir þó sýnt, að þessari tilskipun hefir samt ekki verið hlýtt, og ímynda jeg mjer helzt, að þetta yrði ekki gert fremur hjer eptir, þó þessu ákvæði yrði baldið. Sýslunefndum og bæjarstjórnum er auk þess heimilað í þessu frumv., að gera þær ráðstafanir, sem þykja þurfa til varnar gegn sullaveikinni, og þá er líka eðlilegt, að gjaldið renni í þessa sjóði. Jeg get því ekki sjeð neitt á móti því, að gjaldið renni í sýslusjóðina. Það er líka aðgætandi, að ef gjald þetta er látið renna

í sýslusjóð, þá getur sýslusjóðsgjaldið alveg horfið með tímanum. Dr. Krabbe heldur, að alls sjeu á landinu 10,000 hundar. Skattur af þeim yrði alls 20,000 kr., en gjaldið *til* allra sýslusjóða á öllu landinu hefir ekki verið meira en 12000 kr. á ári. Þótt hundar fækkuðu mikið við það, að skattur er á þá lagður, þá ímynda jeg mjer, að skatturinn yrði samt yfir höfuð nægilegur sem sýslusjóðsgjald frá hreppunum. Annars stendur að miklu leyti á sama, hvort skatturinn rennur í sýslusjóð eða hreppssjóð, því að sýslusjóðsgjaldið er, hvort sem er, tekið úr hreppsjóðunum; en ef skatturinn rynni í hreppsjóð, yrði þó hreppsnefndin að innheimta hann, en ef hann rennur í sýslusjóð, má láta sýslumenn innheimta hann á manntalsþingum, eins og frv. fer fram á, og það er mikill ljettir fyrir hreppsnefndina, að innheimta sýslusjóðsgjaldið og skila sýslumanni því í peningum eins og nú á sjer stað.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hef það sjerstaklega á móti frv., að ákveðið er, að gjaldið skuli renna í sýslusjóðina. Gjald þetta nemur auk þess stórum meiru en sýslusjóðsgjaldið gerir nú. Jeg ætla líka, að það muni erfitt að innheimta þetta gjald, þar sem það á að greiðast í peningum. Mjer þætti betur fara, ef frumv. yrði breytt í þá átt, að skatturinn rynni í hreppasjóðina, og að það mætti greiða hann í landaurum.

Sveinn Eiríksson: Það vill svo til, að jeg er helzt til kunnugur sullaveikinni og afleiðingum hennar, auk þess sem jeg er mjög kunnugur hundahaldi bænda á Suðurlandi. Jeg er þess vegna þakklátur fyrir þetta frumv., þó mjer þyki það ekki fara nærri nógu langt. Þó álít jeg 2 króna skatt á nauðsynlega hunda hæfilegan. En á gamanshunda eða svo kallaða stásshunda vil jeg leggja í hið minnsta 20 kr. skatt. Helzt vildi jeg gera þá útlæga um land allt.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm V.-Skapt. (Ól. P.) þótti gjaldið koma ranglátlega niður á þeim mönnum, sem þyrftu að hafa t. d. 5 hunda á heimili. Jeg skil nú varla, að það geti átt sjer stað, að nokkur bóndi þurfi að hafa svo marga hunda. Jeg ímynda mjer helzt, að menn sjái sjer fært að fækka þeim nokkuð, ef þessi skattur kemst á. Meðan enginn skattur er, er hætt við að menn kalli þá hunda nauðsynlega, sem ekki eru nauðsynlegir. Jeg held líka, að mönnum væri betra að hafa hundana færri, en fara heldur vel með þá. Því það gildir sama um þá sem önnur húsdýr, að ef farið er vel með þá, má brúka þá meira, og verður það bæði gagnlegra og heiðarlegra.

Ólafur Pálsson: Hundahaldið er ekki eingöngu bundið við fjáreignina, heldur líka við það, hvort jörðin er ágangsjörð eða ekki. Menn verða æfinlega að hafa nóga hunda til þess að geta hreinsað sitt land.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal minna h. þm., sem síðast talaði, á það, að ágangurinn er ekki æfinlega mestur á þá jörð, sem stærst er, eða landríkust. Það er einmitt í þjettbýlum, sem að vörnin er optast mest; en hjer gildir það sem jeg hefi áður sagt, að það er ekki komið undir hundafjöldanum, heldur að þeir sjeu vel vandir og vel með þá farið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Tuttugasti og annar fundur, laugardag 27. júlí á hádegi. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni í málinu, frv. til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna sje kosinn formaður Eiríkur Briem og skrifari Árni Jónsson.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 197, 264); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Eins og h. deild sjer, hefir nefndin lagt til, að gerðar sjeu ýmsar breytingar við frumv., sem sumpart eru orðabreytingar til skýringar, sumpart breytingar til að fullnægja óskum þeirra, er mælt hafa móti frumv. og sem miða til þess að tryggja enn betur festu löggjafarvaldsins.

Í konunglegri auglýsingu 2. nóv. 1885 var það helzt haft á móti stjórnarskipunarlagafrumv., sem samþykkt var á alþingi 1885, að Íslandi mundi, ef það hefði orðið að lögum, leysast út úr sambandinu við ríkið. En þar á móti, þegar litið er á þetta frumv., og sje það skilið, eins og þeir skilja það, sem því hafa breytt, þá er einmitt sleginn varnagli við þessu; þá er alls ekki meiningin og hefir aldrei verið, að leysa sambandið við ríkið, heldur hitt, að fá innlenda stjórn án þessara agnúa.

Jeg vil leyfa mjer að biðja alla þá h. þm., sem eitthvað hafa að athuga við þetta frv., að hugsa sig vandlega um það til 2. umr.; því meiri hlutinn vill taka öllum góðum bendingum og breytingum, sem miða að því, að gera stjórnina innlenda, án þess að sambandi Íslands við ríkið sje raskað.

Hver og einn h. þm., sem hjer er inni, hefir látið í ljósi ósk sína um innlenda stjórn og viðurkennt þörf hennar, og vona jeg því að þeir verði málinu fylgjandi til 2. umr., því þar sem þeir hafa látið í ljósi álit sitt um nauðsyn innlendrar stjórnar, þá finnst mjer heilög skylda hvíla á þeim, að liggja ekki á liði sínu í neinu því, er miðar til, að henni verði náð.

Eptir konunglegri auglýsingu 2. nóv. 1885 virðast mjer mótmæli stjórnarinnar að eins þau, að ekki sje til neins að halda fram frumv. frá 1885, og kvað hún slíkt mundi að eins til að eyða tíma, fje og kröptum, af því að hún teldi frumv. koma í bága við eining ríkisins; en jeg get ekki sjeð neitt í þessari auglýsingu, sem ætti að hindra þingið frá, að bera óskir og kröfur landsmanna fram fyrir h. hátign konunginn, á þann hátt, er oss virðist vera í fullu samræmi við eining ríkisins. Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleiri orðum um frumv., þar sem ekki má fara út í einstök atriði við þessa umræðu, en jeg vona, að mjer við 2. umr. gefist kostur á, að tala ýtarlegar um hin einstöku atriði þessa máls.

Þorvaldur Bjarnarson: Hjer liggur fyrir frumv. til stjórnarskipunarlaga, og er það mikið vandhugsað mál, því það er nokkuð, sem er upphaf alls og hyrningarsteinninn undir öllu, og það ríður á, að hann sje lagður rjett, að hvorki sje of langt eða of skammt farið, og nægilegt tillit tekið til þess, sem þjóðarþörf og landshagir krefja; því ofan á þetta mun eiga að byggja þarfir okkar; það er undirstaðan undir öllu hinu; einkum ríður á því, að sambandinu milli hátignarinnar og þjóðarinnar verði komið eðlilega fyrir; raunar virðist ekki «logisk» hugsun alstaðar þar, sem talað er um hans hátign konunginn, en jeg sleppi því nú, þar sem ekki má fara út í einstakar greinir. Jeg vona, að þeir, sem skipaðir voru til að athuga þetta mál, hafi gjört sjer allt far um það. Það er um þetta eins og jörð, sem þarf að rækta; henni má hvorki ofgjöra nje misbjóða; þannig megum vjer hvorki ofgjöra sjálfum okkur nje misbjóða öðrum; jeg vil óska að þeir sem eru vísindamenn, leggi sig í líma með að finna sannleikann, því þess þarf auðvitað til þess að fá hið umbeðna; það þarf að vera sem bezt stílað eptir þörf þjóðarinnar, og því betur sem það er gjört, því vissari getum vjer verið um að fá hið umbeðna, en til þess að geta þetta, er nauðsynlegt að þekkja sannleikann; jeg skal nú játa, að örðugt muni að finna hann, því hann er ekki nema einn, en mennirnir eru margir og vandi að hitta þennan eina

litla punkt sannleikans; þetta er því mikið vandamál. En í trausti þess að nefndin hafi vandað sig vel og fjallað vandlega um málið, og gengið út frá sinni sannfæring, sem verður að álíta þann fyllsta sannleik er hún hefir vald á, þá gef jeg því atkv. mitt, í trausti þess, að stjórnin muni finna það helga skyldu sína, að samþykkja það, þar sem nefndin hefir vandað sig, því auðvitað er konungsstjórnin ekki fyrir sjálfa sig, heldur fyrir þegnana, og hlýtur því að gefa samþykki sitt til þess, sem þörfin krefur, og sem skýrt kemur fram í nefndarálitinu. Eg álít, að stjórnin megi vera þakklát fyrir að fá sannleikann, því eins og stjórn af guði ekki getur veitt nokkra beiðni, nema hún sje sannleikanum samkvæm, eins hefir stjórn af guði ekki leyfi til, hvorki frá guði, sjálfri sjer nje þjóðinni, að neita beiðni, sem er samkvæm þörfum þjóðarinnar, og það veit jeg að sú beiðni er, sem hjer ræðir um.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til viðaukalaga við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 268, 270, 276); 3. umr.

Þorsteinn Jónsson: Af því nafn mitt stendur fyrst við breytingartill. 215 (C. 276), og af því jeg sje að enginn h. þm. ætlar að taka til máls, skal jeg leyfa mjer að fara um málið fáum orðum.

Jeg gat þess við 2. umr., að mjer þætti óviðfeldin þessi tvískipting á gjaldinu, og því hef jeg og h. þm. er með mjer standa undir breytingartillögunni, komið með hana. Oss fannst hagfelt, að leggja þetta gjald þannig á menn, því bæði er það, að gjald þetta mundi nema mjög lítilli upphæð, og svo er það í samkvæmni við mörg önnur gjöld, svo sem ljóstoll, tíund o. fl. Aptur virðist mjer ekki við kunnanlegt, að jafna þessu gjaldi niður eptir efnum og ástæðum; en þó gjöri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli, og mun gefa frumv. atkv. mitt, hvort sem breytingartillagan verður samþykkt eða eigi; en þó vildi jeg næstum fremur, að gjaldinu væri jafnað niður eptir efnum og ástæðum en þessa tvískipting, sem mjer finnst mjög óviðkunnanleg.

Viðvíkjandi breytingartill. 206 (C. 270), þá mælir nú ýmislegt bæði með henni og mót. Sumstaðar er mjög örðugt að sækja fundi og sumstaðar eru menn mjög hirðulausir með það; þannig mun hjer í Reykjavík aldrei enn hafa náðzt saman safnaðarfundur, svo lögmætur hafi verið, og svo er víðar, þar sem áhuginn er lítill; rjettur manna sýnist ekki heldur fyrir borð borinn, þar sem engum, nema þeim sjálfum er um að kenna, ef þeir ekki sækja fundinn, og verður því að álítast svo, að þeir hafi afsalað sjer atkvæðisrjetti sínum, og mun jeg því greiða atkvæði á móti breytingartill. 206, því jeg vil hvetja menn en eigi letja til þess, að mæta á fundum, þar sem um almenningsmálefni er að ræða.

Sigurður Jensson: Við, sem höfum komum með breytingartill. 206 (C. 270), höfum stungið upp á því, að að eins meiri hluti sóknarmanna, sem atkvæðisrjett hafa, geti gjört fullnaðarúrslit í þessu máli. Höfum við gjört það af því, að hjer er bæði að ræða um gjald, sem leggst á kirkjuna eitt skipti fyrir öll og einnig um árlegt gjald á söfnuðinn til að kosta hljóðfæraslátt inn; finnst oss því ekki nóg, að þetta sje samþykkt einungis af meiri hluta þeirra, sem safnaðarfund sækja, hversu fáir, sem þeir kunna að vera, máske 3 – 5 menn, heldur viljum vjer, að meiri hluti allra sóknarmanna, nefnilega allra, sem gjöld þessi munu hvíla á, samþykki þessa ályktun.

Eg viðurkenni, að það getur orðið erfitt sumstaðar, að ná saman svo fjölmennum fundi, en ómögulegt hygg jeg það verði

ekki nokkursstaðar, ef nokkur áhugi er á málinu. Það er vitaskuld, að talsverður og almennur áhugi þarf að vera, og ef það eru einungis fáir, sem láta sjer umhugað um að fá hljóðfæri og betri söng í kirkjunni, þá neyðast þeir til, ef breytingaratkvæði vort verður samþykkt, að sannfæra hina um nauðsynina til að bæta sönginn, áður en þeir geta lagt á þá gjöld til þess; þeir verða að minnsta kosti að innræta þeim svo mikinn áhuga á þessu máli, að helmingur sóknarmanna að minnsta kosti nenni að sækja fund, og gefa atkv. sitt með þeim.

Það er einlægt ósanngjarnt, að fáir menn geti með ályktun sinni lagt gjöld á allan söfnuðinn, og er hætt við, að þessi ákvæði frumv. leiddu til sífeldra kvartana út af því, að boðun fundanna hafi ekki verið nógu rækileg o. s. frv. Það var alls ekki meining vor með þessari breytingartillögu, að spilla fyrir málinu, þvert á móti sú, að kippa því í betra horf.

Þórarinn Böðvarsson: Það gladdi mig stórum. að h. þm. Barðst. (Sig. J.) sagði, að ekki hefði verið sá tilgangur með breytingartill. 206 (C. 270), að spilla fyrir málinu; en það er þó að eins með því móti; að hún verði ekki samþykkt.

Það er alkunnugt, hve erfitt er að fá menn á fundi, og þar sem breytingartill. 206 gjörir ráð fyrir, að þurfi helming atkvæðisbærra sóknarmanna, þá verð jeg að mótmæla henni. H. þm. Barðst. (Sig. J.) talaði um, að ef breytingartill. yrði samþykkt, þá þyrfti að vera almennur áhugi. Þetta er mikið rjett. En er þá þessi almenni áhugi til? Jeg er hræddur um að við verðum að játa, að hann sje ekki, sízt þar sem um fjárframlög er að ræða.

Jeg verð því að halda mjer fast við þá reglu, að fundur sje lögmætur þegar hann er boðaður með reglulegu fundarboði og þess getið í fundarboðinu, hvað ræða skal á fundinum, og að þeir sem ekki mæta, hafi með því afsalað sjer atkvæðisrjetti sínum. Jeg vildi því helzt óska, að h. flutningsm. vildu taka þessa breytingartillögu til baka; því verði hún samþykkt, er jeg hræddur um að frumv. sje þar með fallið þetta árið, og er það mjög slæmt; því hjer er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, það mál sem leysir söfnuðina úr miklum vandræðum, því það liggur við borð, að guðsþjónusta geti víða ekki fram farið vegna vandkvæða með söng.

Breytingartillagan 215 (C. 276) hefir ekki mikla þýðingu; þar er að eins fellt úr, að helmingur gjaldsins skuli jafnast niður á menn eptir efnum og ástæðum. Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að mjer þætti óþarft að skipta þannig gjaldinu; en jeg tók þá líka fram, að jeg ekki fór fram á að breyta því vegna þess, að jeg var hræddur um, að það kynni að verða frumv. að fótakefli í h. Ed.; en ef frumv. verður ekki meira breytt, þá eru miklar líkur til að það komist í gegnum Ed.; að minnsta kosti hefir það enn fylgi hins upphaflega flutningsmanns.

Niðurlagið á breytingartill. 215 er ekki heppilegt, að sama upphæð skuli koma á hvern sóknarmann; í raun og veru er ekkert sjerlegt á móti þessu; en á því eru þó þau vandkvæði, að til eru menn, sem ekki geta borgað, en sem hvorki eru skylduómagar eða sveitarómagar, og það mundi gjöra innheimtuna mjög torvelda, og það er erfitt fyrir sóknarmenn að beita lögtaki við sárfátæka menn. Í sjálfu sjer er enginn nauðsyn á þessari tvískiptingu, en það er þó ekkert á móti því, að jafna helmingnum niður eptir efnum og ástæðum; og þar sem mjer virðist hvorug breytingin til bóta, þá vil jeg leggja það til, að þær sjeu báðar felldar, en frumv. samþykkt óbreytt.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hefi áður tekið fram, að frumv. þetta sje ónauðsynlegt. Þetta er jeg búinn að sanna og

sýna. En jeg skal sýna það og sanna enn þá einu sinni. Frumv. sjálft sannar það. Til þess, að sýna þetta, verð jeg að leyfa mjer að lesa fáein orð framan af 1. gr. En jeg verð að lesa hægt, því jeg er orðinn nokkuð sjóndapur. Jeg byrja þá:

«Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundi, samþykkir að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagerð í kirkju sinni, þá ber eiganda eða umráðamanni kirkjunnar að annast um, að hljóðfæri sje keypt fyrir kirkjunnar fje» —jeg bið h. þingdm. að taka nú vel eptir— «svo framarlega sem fje er fyrir hendi, sem kirkjan getur án verið».

Já; sem kirkjan getur án verið — *að kaupa* náttúrlega. Það er ekki hægt að leggja aðra þýðingu í þessi orð, eptir mínu litla viti og skilningi. Það er mikið óheppilegt, að bera annað eins og þetta á borð fyrir alþingi. Mjer finnst líka alveg óþarfi að — já, meira að segja, alveg rangt — að vera að lögbinda menn til þess, sem menn hingað til hafa gert og munu gera af eigin hvöt og frjálsum vilja. Enda er það betra að hafa engin lög, en óhentug lög. Það er betra, að hið góða, skyldan, fram komi af náttúrunni, en af hræðslu við laganna bókstaf og laganna sektir.

Að því er snertir breytingartill. þá, er jeg með h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) á því, að samþykkja ekki hinar fram komnu breytingartill. En atkvæði mitt í því efni er ekki sprottið af ást til frumv., eins og hjá honum, því jeg er enn hjartanlega reiðubúinn til, að greiða einnig atkvæði móti frumv. sjátfu. Jeg vil halda uppi kirkjunnar rjetti og þjóðarinnar rjetti, sem hvortveggja er fyrir borð borinn í þessu frumv. Mitt atkvæði kemur að vísu seint, af því jeg heiti Þorvaldur, en jeg vona samt, að jeg fái að úttala það á móti málinu, áður en fundi verður slitið.

Þorlákur Guðmundsson: Það er sjerstaklega út af hinni litlu breytingartill. á þingskjali 206 (C. 270), sem jeg vildi tala fáein orð.

Breytingartill. fer fram á, eins og tekið hefir verið fram, að meiri hluti allra sóknarmanna, er atkvæðisrjett hafa, verði að samþykkja hljóðfærakaupin o. s. frv.

Jeg hefi áður tekið það fram, að það væri ísjárvert, að fáir gætu ráðið útslitum á fundi. Það er auðvitað, að menn ættu að vera svo hugsunarsamir, að sækja fundi. En menn vita, hvernig það gengur, og það verður að gera við því sem er. Lögin um kosningar til alþingis eru þó orðin nokkuð gömul, en menn vita að þeim lögum hefir ekki tekizt að kenna mönnum að sækja kosningarfundi, eins og æskilegt væri og ætla mætti. Það er eins og skyldan að gæta rjettar síns á slíkum fundum sje eigi komin inn í meðvitund þjóðarinnar. Sjálfsagt er hugsunarleysi og skilningsleysi á því, hvað slíkir fundir hafa að þýða, ein af aðalorsökunum til þess, að menn sækja þá ekki almennt eins vel og til mætti ætlazt. En til þessa liggja líka aðrar orsakir, svo sem landshættir, fjarlægð margra frá fundarstaðnum og illviðri. Það er ekki svo óvanalegt, að boðfall verði til slíkra funda, sjálfsagt opt af hirðuleysi, en líka af illviðrum. Þar sem strjálbyggt er, eru það þess vegna vanalega að eins þeir, sem næstir búa fundarstaðnum, sem sækja fundinn; aðrir koma ekki.

Það sem hjer ræðir um, getur orðið talsvert fjárspursmál fyrir söfnuðinn, —jeg er ekki með málinu af því að mjer dylji það,— og væri því gott, að margir gætu gert út um málið, því afleiðingin gæti annars orðið sú, að ljelegt og ódýrt hljóðfæri yrði keypt. Gæti af þessu leitt keppni og stríð í söfnuðinum. Afleiðingin gæti

ef til vill orðið sú, að fjöldi sóknarmanna hætti að sækja kirkjuna. En það sem mest á ríður nú á tímum, er það, að efla samkomulag í söfnuðunum og kirkjurækni. Það þarf ekki svo mikið til þess nú, að kirkjulífið sundrist. Kirkjulífið er ekki svo fjörugt á þessum tímum. Jeg verð þess vegna að vera þvert á móti h. 1. þm. Gullbr. og Kjósars. (Þór. B.) að því er snertir þessa breytingartill. Hann álítur hana óhagkvæma. Jeg álít hana þvert á móti hagkvæma. Jeg veit ekki hvað h. flutningsm. málsins í Ed. segir um hana. Við höfum ekki borið okkur saman við hann um þetta mál, eins og þeir, sem rjeðu til breytinganna við 2. umr. En hjer er líka í þessu efni langt gengið frá efni því, sem var í hinu upphaflega frumvarpi.

Ólafur Pálsson: H. 1. þm. Árnes. (Þorlákur G.) hefir nú tekið fram flest af því, sem jeg ætlaði að segja, þegar jeg bað um orðið. Það sem mig furðar mest á af öllu, er það, að h. 2. þm. Rangv. (Þorv. Bj.), annar eins «músíkant» og hann er í aðra röndina, skuli tala eins og hann talar í þessu máli.

Annars er það aðgætandi, að það er sitt hvað, kirkjan eða umráðamaður hennar. Kirkjan á sitt fje, en umráðamaðurinn er ekki sama sem eigandinn. Það væri því eitthvað óeðlilegt, ef hann gæti einnig keypt hljóðfæri fyrir kirkjunnar fje. Jeg álít, að það sje prófastur, sóknarnefnd og helztu menn, sem eiga að segja til, hvort kirkjan má missa fje til að kaupa hljóðfæri fyrir. En um nauðsyn þess, að útvega hljóðfæri í kirkjur landsins, ætti engum að blandast hugur. Það er hörmulegt til þess að vita, hvernig farið er að ganga til í kirkjunum sumstaðar; það er varla orðið hægt að halda uppi söng.

Til hvers er kirkjan, ef ekki verður sungið eða messað í henni? Presturinn yrði þá launaður til ónýtis og kirkjulíf yrði æ daufara og daufara.

Jeg vona, að h. 2. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) taki til greina og láti sannfærast af orðum skynsamra manna, svo mikill «músíkant» sem hann er í aðra röndina.

Sigurður Stefánsson: Jeg er mjög hræddur um afdrif þessa frumv., ef breytingartill. verða samþykktar. Mjer er mjög annt um málið sjálft, en óttast, að það verði fellt í h. Ed., ef þessar breytingar verða samþykktar hjer.

Breytingar þær, sem gerðar voru við 2. umr., voru gerðar eptir samráði við h. flutningsm. málsins í Ed., svo þær geta aldrei orðið til þess að fella málið. En það er mjög áríðandi, að málið fái framgang, því það eru orðin mestu vandræði með, að halda uppi söng í kirkjum.

Jeg hefi sjálfur, í mínum stutta prestsskap, orðið að ganga frá kirkju, af því enginn fjekkst til að stýra söngnum. Það er ekki skemmtilegt fyrir embættismann, sem vill standa vel í sinni stöðu og lætur sjer annt um velferð safnaðar síns.

Viðvíkjandi breytingartill. 215 skal jeg geta þess, að mjer datt í hug, að breyta frumv. við 2. umr. í þessu atriði, en ekki í þá átt, sem gert er á nefndu þingskjali. Jeg vildi láta jafna öllum kostnaðinum á menn eptir efnum og ástæðum, því aðjeg er alveg á móti nefskatti í öllum skattamálum.

Aptur er vandamál, að ræða um breytingartill. nr. 206 (C. 270). Það er margt, sem mælir bæði með henni og móti. En viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Árnes. (Þ. Guðm.) sagði, að það væri ekki komið inn í meðvitund manna, að sækja fundi, þá skal jeg taka það fram, að jeg álít, að löggjafarvaldið eigi að gera sitt til, að glæða meðvitund manna og áhuga í þessu efni. Frumv. stefnir einmitt í þá átt; því að það er sterk hvöt fyrir menn að sækja fundi, þegar menn vita, að þeir hafa ekkert að segja um málið, ef þeir ekki koma á fundinn. Af þessari ástæðu hneigist jeg heldur að frumv. en breytingartill. 206.

Jeg sje heldur ekki neina sjerlega hættu á því, að menn geti ekki sótt fundina, þar sem hjer er ekki að ræða nema um eina sókn eða prestakall, svo fundir hljóta í flestum tilfellum að vera auðsóttir. Jeg get heldur ekki skilið, að þeir, sem heima sitja, geti hafið deilur út af því, sem gerist á fundi, er þeim er lögheimilt að sækja. Kjörfundi til alþingis sækja aldrei nærri allir kjósendur, og þó fær það framgang, sem samþykkt er á fundinum, og er það þó eins áríðandi mál, eins og þetta.

Sem sagt, jeg álít illa farið, ef þessar breytingar yrðu til þess, að stytta málinu stundir. H. Ed. hefir sýnt, að henni er ljett um, að leggja frumvörpin niður við trogið.

Þorvaldur Bjarnarson: Það er nú svo um þetta frumv., að það þarf ekki að hafa fyrir því að færa það að troginu, því það færir sig þangað sjálft.

Þegar kirkjan hefir eitthvað fje afgangs, þá vill frumv. að hún kaupi eitthvað, sem hún ekki þarf með, og svo á þessi óþarfi að teljast með áhöldum kirkjunnar. Jeg skil ekki, að þetta komi saman við hin fornu rjettindi, þar sem bóndinn á að vera sameinaður kirkjunni og kirkjan bóndanum, og það er skylduhelgi bóndans, að láta allt vera í góðu standi og skila öllu af sjer í góðu standi. En jeg skil ekki, að þingið eða stjórnin hafi rjett til að fyrirskipa með lögum, að kaupa skuli óþarfa til kirkju, þó hún hafi fje afgangs frá því, sem hún þarf að hafa sjer til viðurhalds. Það er sagt í frumv. að ef fje sje fyrir hendi, sem hún geti án verið, þá skuli kaupa þetta. Mætti þá ekki brúka þetta afgangsfje til einhvers annars, einhverra guðsþakka?

Mjer heyrist ekki betur, en stundum sje verið að kvarta undan sveitarþyngslum; væri ekki nær, að leggja það fje til fátæklinga, sem kirkjan hefir ekki brúk fyrir? En, sem sagt, frumv. færir sig sjálft að troginu. *(Forseti:* Jeg verð að biðja þm. að vera fáorðan). Já, jeg er nú einmitt að reyna það.

H. þm. V.-Skapt. (Ól. P.) var að segja eitthvað, en jeg get ekki anzað því, af því jeg skildi það ekki. Hann var eitthvað að tala um, að jeg væri músíkant. Jeg skil ekki þetta. Það getur verið að hinir sjeu svo vel lærðir, að þeir skilji það; en það er mjer ekki nóg. Ef h. þm. (Ó. P.) er ekki orðinn svo lærður í tungumálum, að hann eigi bágt með að greina eitt frá öðru, þá vildi jeg helzt, að hann trakteraði mig á okkar sameiginlega móðurmáli. En af því jeg vil vera mannúðlegur maður, þá vil jeg setjast niður, án þess að anza honum fleiru, enda þykir mjer sjálfsagt, að hann vilji það helzt kjósa.

Sigurður Jensson: Jeg vildi að eins tala fáein orð móti því, sem sagt hefir verið um breytingartill. okkar nr. 206. Jeg get ekki gert það fyrir orð h. 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þór. B.) að taka hana aptur. Jeg er alveg samþykkur h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um það, að löggjafarvaldið eigi að gera sitt til, að glæða áhuga manna á að sækja fundi. En jeg dreg aðra ályktun út úr þessu heldur en hann gerði. Jeg álít að einmitt þess vegna eigi h. deild að samþykkja breytingaratkvæði vort, því að sá söfnuður, þar sem meiri hluti sóknarmanna ekki vill hafa svo mikið fyrir, að koma á safnaðarfund, til þess að ræða og álykta um söng í kirkjunni, sá söfnuður á að minni skoðun ekki skilið að fá hljóðfæri í kirkjuna. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett og sanngjarnt, að skylda eiganda kirkju til, að kaupa hljóðfæri, þó t. d. 5 menn komi saman á fundi, og meiri hluti þeirra, t. d. 3 menn, samþykki, að útvega skuli hljóðfærið, og það þó eigandinn viti með vissu, að allur þorri safnaðarins er mót-

fallinn eða að minnsta kosti hirðir ekkert um að fá þetta hljóðfæri, og hefir því vanrækt að sækja fundina. Jeg verð að álíta, að sá söfnuður eigi ekki að fá hljóðfæri, sem er ekki svo annt um þetta, að helmingur manna að minnsta kosti fáist til að sækja fund.

Þórarinn Böðvarsson: H. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hefir tekið flest það fram, er jeg hafði hugsað mjer að drepa á þegar jeg bað um orðið. Hann er mjer samdóma um, að mál þetta sje mjög áríðandi, og þess vegna sje mjög varhugavert, að gera nú miklar breytingar á frv., þar sem þær gætu orðið til þess, að málið eigi næði fram að ganga í efri deild.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) taldi upp ýmsar orsakir þess, að safnaðarfundir opt eigi kæmist á, þótt boðaðir væru á löglegan hátt, þar á meðal illviðri og hirðuleysi hjá söfnuðinum. Um illviðri ímynda jeg mjer, að naumast geti verið að ræða á þeim tíma árs, sem safnaðarfundir eru venjulegast haldnir (í júnímánuði); og hvað hinni orsökinni, hirðuleysinu, viðvíkur, þá játa jeg, að það er allt of mikið víða; en um leið verð jeg að halda því fast fram, að löggjafarvaldið eigi að gera sitt til að glæða áhuga manna, eins í þessu sem öðru; því það er sorglegt, að menn með hirðuleysi og áhugaleysi skuli geta hindrað allar framfarir, og virðist mjer því rjettlátt, að þeir, sem eigi sækja lögmætan fund, skuli hafa fyrirgert atkvæðisrjetti sínum.

H. sami þm. (Þorl. G.) sagði ennfremur, að frv. mundi geta valdið sundurlyndi í söfnuðunum, þa sem nokkrir menn gætu ráðið úrslitum í þessum efnum, ef þeir kæmu á fundina og tæku ákvarðanir, sem væru bindandi fyrir alla; fyrir þessu færði hann reyndar engin rök, og jeg get miklu fremur ímyndað mjer, að hitt mundi vekja sundurlyndi, ef menn með því að sækja eigi safnaðarfund ár eptir ár kæmu í veg fyrir, að hljóðfæri fengjust í kirkjurnar. Þess ber og að gæta, að í hinum strjálbyggðari söknum, og reyndar því miður víðar, er orðið mjög örðugt að halda uppi söng í kirkjum, svo að opt verður messufall af þeim sökum; þegar nú þar við bætist, að innleidd er í kirkjurnar ný sálmahók með mörgum lítt kunnum og óþekktum lögum, þá er auðsætt, að hljóðfæri eru orðin alveg nauðsynleg við guðsþjónustugerðir, því bæði munu lögin lærast mönnum fljótar á þann hátt, og svo þarf eigi eins marga til að syngja, þegar þau eru notuð.

H. þm. Barðstr. (S. Jenss.) taldi ýmislegt breytingartillögu sinni til gildis; en engu síður álít jeg alveg rjett að fella hana, því þótt hún í sjálfu sjer sje eigi fráleit, þá getur hún þó orðið til að hindra í marga áratugi að «harmonia» verði innleidd í «kirkjurnar», sökum þess, að aldrei komist á nógu fjölmennur safnaðarfundur; en slíkt þarf eigi að vera sprottið af viljaleysi hjá sóknarmönnum, heldur af hinu allt of almenna hirðuleysi í að sækja fundi.

Jeg vil því vona, að h. deild geri ekkert það í þessu máli, sem geti gefið hirðuleysi og deyfð manna svo undir fótinn, að þessi sannkallaða endurbót á kirkjusöng vorum næði ei fram að ganga.

Sveinn Eiríksson: Jeg skal vera fáorður, því umræður um mál þetta eru þegar orðnar nógu langar, og vil jeg einungis lýsa því yfir, að mjer virðist frumv. þetta vera svo barnslegt, alúðlegt og eðlilegt, að jeg vil helzt engar breytingar við það gera. Og hvað samlyndi eður ósamlyndi milli prests og safnaðar viðvíkur, þá álít jeg að gott hljóðfæri og góð «musik» muni miklu fremur bæta en veikja samlyndið milli prests og safnaðar og þannig vera holt fyrir báða parta. Jeg vil því óska, að allir samþykki frv., eins og það liggur fyrir, án nokkurra breytinga.

Þorlákur Guðmundsson: Það er mis-

skilningur hjá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að jeg sje ekki máli þessu hlynntur; þvert á móti: jeg álít mikla bót að því, að það fái framgang. H. þm. (Þ. Böðv.) vildi ekki kannast við, að það illviðri gæti verið í júnímánuði, að það gæti hamlað mönnum frá að sækja fund; en jeg ætla þó, að ef hann hugsar sig vel um, þá muni hann finna dæmi slíks; þá geta og vötn verið þröskuldur í vegi á þeim tíma. Hann veit það líka sjálfur, að öll líkindi eru til, að prestur, sem umhugað er um málið, muni geta fengið helming sóknarmanna á fund.

Þess er vel að gæta, hve hætt er við að óánægja mundi koma upp í söfnuðinum, ef örfáir menn rjeðu til lykta jafnmikilsverðu máli sem þessu, án þess að nokkuð væri kunnugt um vilja meginhluta sóknarmanna.

Jeg skyldi eigi, hvað h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) var að tala um, að privat-eigendur kirkna ættu að halda uppi söng. Jeg veit ekki til, að það sje nein skylda þeirra; það á prestur og söfnuður að gera, en ekki kirkjueigandinn; en þar á móti má selja eignir bændakirkna, til þess að byggja upp kirkjurnar, ef eigandinn trassar það.

Árni Jónsson: Jeg get ekki gert mjög mikið úr þeirri mótbáru h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) gegn breyt.till. okkar (206), að hún muni verða svo óvinsæl í Ed., ef hún fær framgang. Jeg fæ ekki sjeð, að breyt.till. vor fari fjær frv., eins og það kom frá Ed., en frv. sjálft gerir eptir þær breytingar, sem á því hafa orðið hjer í deild; þvert á móti miðar hún einmitt til þess að nálgast það.

Í frumv., eins og það kom frá Ed., stóð: »ef söfnuði og eiganda eða umráðamanni kirkju kemur saman um» o. s. frv. Nú er auðsætt, að þegar þessu er breytt þannig, að ekki á að spyrja eiganda eða umráðamann um samþykki hans, þá stendur það þó nær, sem við förum fram á í breyt. till., að það þurfi »meiri hluta allra sóknarmanna, er atkvæðisrjett hafa», heldur en það sje að eins »meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrjett hafa».

Með því er sú ástæða fallin, að varúðarvert sje að samþykkja breytingartill. af því, að slíkt geti orðið málinu að fótakefli í Ed. Jeg get heldur ómögulega ætlað, að ef h. flutningsmaður málsins í Ed. (Arnlj. Ól.) hefur nokkurn verulegan áhuga á málinu, að hann þá mundi stuðla til þess að fella frv., þótt þessi breyting yrði á því. Hann er ofmikill vitmaður til þess, að gera það. Sjálfsagt er það, að vjer höfum ekki verið svo heppnir, að geta borið oss saman við hann, eins og ráða má af orðum h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að hann hafi gert; en í fullu trausti þess, að hann muni ekki snúast öndverður gegn frv., þótt því verði breytt á þann hátt, sem vjer förum fram á, mæli jeg mjög með breyt.till.; því að jeg tel hana til mikilla bóta.

Mjer sýnist það mjög viðsjárvert fyrir hjeraðsfund, að samþykkja hljóðfærakaup til kirkju, ef að eins örfáir sóknarmenn hafa komið á safnaðarfund, þótt meiri hluti þeirra hafi samþykkt það, og gæti því þetta ákvæði orðið til þess, að tefja fyrir því, að þeir fengi hljóðfæri, þar sem aptur mundi engin fyrirstaða, þegar meiri hluti allra atkvæðisbærra manna samþykkti það, ef fje væri til.

Þótt h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hefði það fyrir mótbáru gegn breyt.till., að hún gerði strangari krófur en þegar um alþingiskosningar er að ræða, þá mun hann þó muna eptir því, að til eru lög um annað mál skyldara þessu en alþingiskosningar, þar sem lögin um umsjón og fjárhald kirkna kveða svo á, að kirkja verði eigi afhent söfnuðinum, nema $^2/_3$ allra sóknarmanna, sem gjalda til prests og kirkju, samþykki það á almennum safnaðarfundi, að taka við umsjón og fjárhaldi kirkjunnar. Og

þar sem um töluvert fjárframlag er að ræða, þá er æskilegt, að samþykki sem flestra hlutaðeigenda fengist til þess, og að því stefnir breyt.till. vor.

Jeg get ekki heldur trúað því, að sú deyfð og sá doði hvíli yfir mönnum, ef þeir í raun og veru vilja fá hljóðfæri í kirkju sína, að ekki verði hægt að fá nokkuð fjölmennt á þann fund, sem um það ræddi, og það því fremur sem líklegt er, að hann mundi haldinn eptir guðsþjónustugjörð á sjálfum kirkjustaðnum, svo eigi þurfi sjerstöku ómaki til þess að kosta að sækja fundinn.

Jeg er og samdóma h. þm. Barðstr. (S. J.), að breyt.till. miði einmitt til þess að vekja áhuga manna á að sækja fundina; þeir geta miklu síður setið heima í því trausti að hljóðfærið muni fást, þótt þeir komi ekki, þegar þeir vita, að það stendur ekki alveg á sama, hve fáir atkvæðisbærir sóknarmenn samþykkja kaupin á því.

Jeg vona, að h. þingd. skoði mál þetta rækilega, og ráði það í því, sem henni þykir affarabezt, án þess að binda sig að mestu við það, hvað verið geti að h. Ed. segi.

Sigurður Stefánsson: H. þm. Barðstr. (S. J.) þótti það hart, að einir 5 menn skyldu ráða því, hvort kaupa skyldi hljóðfæri í kirkju eða ekki. En hverjum er að kenna, að hún Gunna flaut? Engum öðrum en þeim, sem ekki koma sjálfir á fund til að neyta atkvæðisrjettar síns; það er því ekki hægt fyrir sóknarmenn, sem ekki hirða um að sækja safnaðarfund, að bera einum 5 mönnum á brýn, að þeir hafi neytt upp á sig hljóðfæri handa kirkjunni; þeir verða að kenna eigin hirðuleysi sínu um það. Reyndar skal jeg játa það, að einstöku sinnum geti komið fyrir, að menn af náttúrunnar völdum hindrist frá að sækja fund, en slíkt kemur örsjaldan fyrir, og erfitt að synda fyrir öll annes hjer, eins og annarstaðar. Mjer finnst æði-freklega til tekið, að samþykki meiri hluta allra sóknarmanna, er atkvæðisrjett hafa, skuli þurfa. Það er heimtaður meiri atkvæðafjöldi til þess að leggja 20—30 kr. gjald á sóknarmenn, en til þess að kjósa sjer sálusorgara, og þá þykir mjer langt farið. Hjer er um svo lítið að ræða, að varla er hætt við, að það geti orðið að mjög miklu kappsmáli í söfnuðunum. En jeg get heldur ímyndað mjer, að eigingjarnir og sjervitrir kirkjueigendur, sem vilja hafa kirkjuna til fjárplógs, muni heldur skirrast við að gera guðsþjónustuna hátíðlega með því að kaupa hljóðfæri, en við því gerir frv.

H. þm. Mýr. (Á. J.) var á því, að ef áhugi manna væri ekki dofinn, þá mundu þeir og sækja fundinn, svo að ekki þyrfti að kvíða því, að hann yrði ónýtur fyrir þá sök, hve fámennur hann væri. Ef svo er, þá er ekki heldur þörf á breyt.till., því að þá næðist það, sem hún fer fram á, þó það sje ekki beint heimtað, en aptur á móti finnst mjer hún geta verið til skaða, því að jeg vil ekki að menn með hirðuleysi sínu skuli ár eptir ár geta hindrað, að hljóðfæri fáist í kirkju eða forsöngvari.

Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingmanna var samþykkt að hætta umræðunum. Var þá gengið til atkvæða.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. var felld með 11 gegn 6 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. var felld með 12 gegn 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Jón Jónss. 1.þm.N.-M.	Sigurður Jensson.
Jón Jónss. þm.N.-Þ.	Grímur Thomsen.
Ólafur Briem.	Gunnar Halldórsson.
Páll Briem.	Jón Þórarinsson.
Þorl. Guðmundsson	Jónas Jónassen.
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Pálsson.
	Sigurður Stefánsson.
	Sveinn Eiríksson.

nei:
Þórarinn Böðvarss.
Þorvarður Kjerúlf.

Þorvaldur Bjarnarson greiddi ekki atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

Frv. samþ. óbreytt með 17 gegn 1 atkv., og endursent síðan forseta Ed.

Frumv. til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ágúst 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 244, 270); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Eins og h. þingdm. sjá, hafa 3 h. þm. komið með breyt.till. (C. 270) við þetta litla frumv. Jeg þykist sjá á breyt.-till., að h. flutningsm. hennar sjeu málinu hlynntir, en vilji af annari hálfu hlífa landssjóði við þeim litla gjaldauka, sem frumv. fer fram á. Mjer þætti mjög vænt um, ef h. flutningsm. breyt.till. vildu lýsa því yfir, hvort þeir vildu ekki verða með málinu, eins þótt tillaga þeirra yrðu ekki samþykkt, því að jeg vildi þó heldur vera með breyt.till. en fá alls ekkert, þó jeg óski þess helzt, að frumv. verði samþykkt óbreytt, eins og það liggur nú fyrir.

Árni Jónsson: Það er rjett til getið, að vjer höfum komið með þessa breytingartillögu af því, að vjer ætluðum að málið mundi þá fá greiðari framgang, ekki einungis hjer í deild, heldur einnig í h. Ed. En mjer mun óhætt að lýsa því yfir, að þótt breyt.till. falli, þá munum vjer engu að síður verða með málinu, ef meiri hluti deildarinnar verður því fylgjandi.

Eins og h. flutningsm. (J. J.) hefir tekið fram, er kvöð þessi óeðlileg og ekki gömul. Bændur lögðu hana, eins og kunnugt er, á sig til þess, að geta fengið bænahúsið á Ásmundarstöðum gjört að reglulegri kirkju. Þessa þurfti líka ef til vill fyrst, til að bæta prestinum upp örðugleikana við að ferðast þangað. En síðan hefir brauðið verið bætt upp, og mundi því ekki þurfa að óttast, að eigi yrði sótt um það, þótt kvöð þessi yrði numin af endurgjaldslaust við næstu prestaskipti.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Mjer þótti vænt um, að heyra yfirlýsing eins af h. flutningsm. um breyt.till., að þeir mundu greiða atkvæði með frumv., þótt það yrði óbreytt. En það verð jeg að segja, að mjer sýnist það lýsa jafnvel of mikilli umhyggju fyrir frumv., ef með breytinguna hefir verið komið til þess, að sjá því borgið gegnum h. Ed. Jeg fyrir mitt leyti er alls ekki hræddur um forlög þess þar, þótt það gangi óbreytt þangað. Óska jeg því að eins, að h. þingdm. greiði atkvæði með því óbreyttu.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 14 : 1 atkv:

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um eyðing refa (C. 242, 268); 2. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Ákvæðin í 1. gr. frumv. þessa eru tekin að miklu leyti upp úr hinu upprunalega frv. Jeg verð að álíta, að flestir muni vera samdóma um, að þetta sje ekki ónauðsynlegt ákvæði. Það má furðu sæta, að hingað til skuli engar sektir hafa verið lagðar við því, að ala upp refi, og að slíkt skuli hafa viðgengizt öld eptir öld óátalið. Sjálfsagt er það, að það getur verið dálítið fjárspursmál fyrir einstaka menn að ala upp refi, svo að þeir síðar geti selt belgi þeirra; en sá hagnaður er þó lítilvægur í samanburði við tjón það, sem af því getur hlotizt. Það er alkunnugt, að sumir af þessum refum sleppa undan manna höndum, og sem dæmi þess skal jeg geta þess, að fyrir tveim árum síðan skaut skytta í Garðahreppi ref með ól um hálsinn. Nú er það ómögulegt að

hugsa sjer, að börn hafi bundið ól um háls á lifandi ref fullorðnum, nje heldur hitt, að refurinn hafi fæðzt með ól um hálsinn, er svo hafi vaxið með honum. Jeg hef heyrt að einn maður í Gullbringusýslu sje að ala upp 10 refi í vor, og annar austur í Árnessýslu 6—7 refi. Til þess að betur en nú er verði fyrir því sjeð, að reglugjörðum um refaveiðar sjeu sleitulaust hlýtt, höfum vjer sett ákvæði um, að amtsráðin staðfesti reglugjörðirnar; ætti þá að mega treysta því, að þau liti eptir því, að reglugjörðunum sje hlýtt.

Enn er eitt ákvæði í þessu frumv., sem ekki var í hinu fyrra; í því er tekið til, hvaða eiturtegund skuli brúka við eitrun refa. Áður hafa menn haft ýmsar eiturteguudir til þess, helzt refakökur, en sumar þeirra eru næsta ónýtar. Auðvitað er mjög vandfarið með eitur þetta, og því er svo ákveðið, að oddviti sýslunefndar skuli geyma það, eða sá maður er hann fær til þess, og má þá búast við að það verði helzt læknirinn, þar sem svo hagar til, að það getur látið sig gjöra.

Við 5. gr. hef jeg það eitt að athuga, að verið getur að sektir þær, sem þar eru ákveðnar, þyki of háar; en þó er þess að gæta, að betra mun að hafa alla varhygð í meðferð á belgjum af þeim dýrum, sem drepin eru með þessu eitri. Eigi að síður mundi jeg aðhyllast, að sektirnar væru færðar niður.

Upp í 6. gr. er að eins tekin sú regla, sem nú á sjer stað.

Viðvíkjandi 7. gr. getur líka verið, að hæsta og lægsta sektatakmarkið mætti vera öðruvísi en þar er farið fram á, t. d. 5—50 kr.; því að hirðuleysið getur verið svo mjög mismunandi.

Eins og jeg gat um, höfum við í 9. gr. sett ákvörðun um, að amtsráðið skuli hafa umsjón með því, að sýslunefndir gæti skyldu sinnar í því, að semja refareglugjörðir. Að öðru leyti er ætlazt til, að farið sje með brot gegn lögum þessum eins og hver önnur opinber lögreglumál.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um frumv. að sinni, en fel það velvild deildarinnar, í fullu trausti þess, að hún sjái að hjer sje um verulegt velferðarmál að ræða, sem er þýðingarmikið fyrir sauðfjárræktina.

Grímur Thomsen: Jeg álít þetta frv. ekki einungis þarft, heldur jafnvel nauðsynlegt. Þó eru í því ákvæði og einkum orðatiltæki, sem jeg álít að æskilegt sje að breytt væri til 3. umr. Eitt af þessu eru ákvæðin í 5. gr.; þar stendur svo: «Nú afhendir maður belg af dýri, sem unnið er með eitri, og varðar það sektum, 100 til 200 kr., enda skal belgurinn þegar brendur». Þessi háa sekt er sjálfsagt sett annaðhvort vegna þess, að álitið er að hjer sje beitt svikum, en þá heyrir það undir hegningarlögin, eða þá af því, að belgir af eiturdrepnum dýrum sjeu álitnir svo háskalegir. En nú hef jeg spurt mig fyrir um það síðan, og fengið þær upplýsingar, að slíkir belgir mundi ekki svo skaðlegir, enda er það líklegt, að afhendingamanninum mundi ekki minni háski búinn af þeim en viðtakandanum. Í 4. gr. stendur, að oddviti sýslunefndar skuli jafnan hafa nægilegt «stryknin» til sölu. Hvernig er þá hægt að gefa áreiðanlegan reikning yfir kostnað við eyðing refa með fylgiskjölum, þegar ekki verður skýrt frá, hve margir hafi keypt eitrið af oddvitanum? Það liggur ekki annað fyrir, en að sá, sem dýr vinnur með eitri, verði að sanna, að hann hafi gjört það þannig. Jeg hefi ekki á móti því, að sekt liggi við að afhenda belgi af eitruðum dýrum; en mjer þykir hún of há: mjer sýnist nóg, að lægsta sekt væri 10 kr.; þá mundi enginn gjöra slíkt að gamni sínu.

Jeg vil því mælast til við h. nefnd, að hún gjöri breyting á þessu.

Þá skal jeg og leyfa mjer að gjöra litla athugasemd við síðari málsgrein 2. gr. Þar segir svo, að samrit af reglugjörðum þessum skuli sendar amtsráði til staðfestingar. Meiningin er þó ekki, að það sje samritið, sem á að staðfesta, heldur reglugjörðin sjálf, og því þarf að breyta þessu.

Loks kann jeg ekki við, að í 3. gr. er tekið fram, að »í reglugjörðinni« skuli standa, hvaða eitur skuli hafa til eyðingar refum; það er nóg að ákveða það í sjálfum lögunum.

Þessar athugasemdir mínar eru engan veginn sprottnar af því, að jeg vilji ekki að frumv. fái framgang og verði að lögum, og þær er engar veginn að skoða sem útásetningar við frumv., heldur hef jeg komið með þær af umhyggju fyrir frumv. og af því, að mjer er annt um að það verði sem bezt úr garði gjört.

Ólafur Pálsson: Jeg er mjög þakklátur h. nefnd fyrir þetta frumv., einkum af því, að þegar jeg var ungur, þá fjekkst jeg mikið við að eyða vargi þessum; en viðvíkjandi því sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, þá tók hann reyndar flest af því fram, sem jeg hafði ætlað mjer að segja; jeg vil því einungis beina þeirri spurningu að nefndinni, hvort ekki sje neitt hættulegt við þetta eitur, sem hún ætlar að innleiða; því jeg veit dæmi til, að í mínu kjördæmi hefir fengizt eitur, sem hefir verið mjög hættulegt og jeg gæti því ímyndað mjer, að betra væri að hafa engar skeinur á höndum fyrir þá, sem ættu að fara með þetta eitur; en ef dregið er úr því, þá er það opt handónýtt til að vinna á refum. Jeg held því meira upp á refakökur eptir minni reynslu, með því að taka úr þeim það versta, því þær eru hættuminni, og er jeg mjög efaður um, hvort eigi mundi heppilegra að nota þær en þetta eitur. Jeg hef sjálfur keypt þær á apótekinu og reynzt þær mjög vel, og get jeg komið með nógar sannanir fyrir því, þó þær liggi ekki hjer fyrir nú, að refum hefir á þann hátt verið eytt í mínu umdæmi og tekizt mæta vel. En ef á að fara að lina eitrið, þá verður ekkert gagn að því, því jeg er hræddur um, að það verði gjört, ef einhverjum yrði það að tjóni. Jeg vil þessvegna helzt af öllu, að jeg gæti talað mig saman við h. nefnd, þar sem jeg ber kvíðboga fyrir þessu eitri, að það verði vanbrúkað. Að öðru leyti er jeg nefndinni mjög þakklátur fyrir starfa sinn.

Jónas Jónassen: Jeg tek í sama strenginn og sá h. þm. (Ól. P.), sem síðast talaði, að frumv. þetta er mjög þarflegt. Jeg skal aðeins geta þess út af ákvæðum 4. gr., að jeg álít eigi vel til fallið, að oddviti eða einhverjir aðrir innan sýslu skuli hafa byrgðir af og útsölu á einhverju því versta eitri, sem menn þekkja; eitur þetta (nitras strycnicus) er svo banvænt, að lyfsalar mega eigi hafa það á meðal annara lyfja, heldur eru þeir skyldaðir til, að geyma það í sjerstökum skáp, og auk þess er hætt við, að það geti skemmzt, nema það sje vel geymt. Jeg verð því að álíta heppilegt og jafnvel nauðsynlegt, að breyting sje gjör á 4. gr. frumv. í þá átt, að læknar einir skuli hafa byrgðir til af þessu eitri og láta það úti.

Að öðru leyti hef jeg ekkert á móti frumv. og vil ráða h. deild til að samþykkja það.

Landshöfðingi: Jeg vil einungis gjöra fáar athugasemdir um nokkur atriði í þessu frumv.

Í 2. gr. stendur, að sýslunefndir skuli semja reglugjörðir um eyðing refa í þeim afrjettarlöndum utan sýslutakmarka, er sýslubúar einir nota; jeg fyrir mitt leyti þekki reyndar eigi dæmi til afrjettarlanda utan takmarka einhverrar sýslu, er eigi sjeu notuð af öðrum en íbúum þeirrar sýslu;

en ef svo er, þá virðist mjer eðlilegast, að þær ráðstafanir, sem hjer um að ræða, heyri undir sýslunefnd þeirrar sýslu, er landið á.

Í enda 3. gr. er mjer eigi ljóst, hver meiningin er, þar sem sagt er að sýslunefnd sje heimilt að gjöra sjerstakar ráðstafanir til eyðingar refum, og kostnaðurinn við það greiðist af sýslusjóði; mjer virðist mega ráða af orðunum, að sýslunefndin sjálf muni framkvæma þessar ráðstafanir; en jeg hefði kunnað betur við, að sýslunefndir legðu fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndir, að framkvæma ráðstafanir þessar til eyðingar refum, því að sú tilhögun hefði engan sjerstakan kostnað í för með sjer.

Að því er snertir 7. gr. skal jeg taka það fram, að jeg álít þær sektir allt of strangar, sem þar eru lagðar á hreppsnefndir, ef þær vanræki skyldur sínar í þessum greinum (20—200 kr.), enda er eigi gott að koma við sektum á fjölskipuðum nefndum; vanrækslan getur opt verið einungis einum nefndarmanni að kenna, eða þá að sumir vilja sýna rögg af sjer, en aðrir eigi; hjer vantar líka allar ákvarðanir um, hvernig sektunum skuli hagað, hvort allir skuli borga fyrir einn eða einungis þeir sem hafi gjört sig seka o. s. frv.

Jeg hefði því helzt viljað óska, að nefndin hefði tekið 38. gr. sveitarstjórnarreglugjörðarinnar sjer til fyrirmyndar í þessu atriði, þannig, að sýslunefndir gætu, ef nauðsyn bæri til, beitt þvingunarsektum og komið fram ábyrgð á hendur hinum einstöku hreppsnefndarmönnum, sem vanræktu skyldur sínar.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir þær góðu bendingar, sem hann hefir gefið í þessu máli.

Hvað viðvíkur ákvæðum um afrjettarlönd utan sýslutakmarka, þá skal jeg geta þess, að það vakti fyrir nefndinni, að á sumun stöðum eiga menn og nota afrjetti, sem liggja í öðru sýslufjelagi eða innan þess takmarka, t. d. Reykholtsdalur og Hálsasveit í Borgarfjarðarsýslu hafa keypt afrjett á Arnarvatnsheiði, og líkt mun hafa átt sjer stað fyrir austan, eptir því sem jeg hef heyrt, og einum nefndarmanni er kunnugt; en engu síður er jeg samdóma hæstv. landsh. um, að heppilegast muni vera að sýslunefndir eigi gefi reglugjörðir utan sinna hjeraða.

En að því er snertir niðurlag 3. gr., um sjerstakar ráðstafanir til eyðingar refum frá sýslunefndanna hálfu, þá hafði nefndin sjerstaklega það fyrir augum, að sýslunefnd kynni að vilja veita sjerstaka þóknum mönnum, sem sýnt hefðu öðrum fremur dugnað við refaveiðar, eða þá að sýslunefnd kynni að vilja panta skyttur úr öðrum hjeruðum og annað því um líkt.

En hvað snertir sektir þær, sem stungið er upp á í 7. gr., þá er það alveg rjett, að einstökum mönnum er opt falið á hendur að sjá um refaveiðar, og er því opt einn sekari en annar; nefndin er því fús á að taka bendingar hæstv. landsh. til greina og lækka sektina, og ennfremur hef jeg ekkert á móti því, sem h. þm. Reykv. (J. Jónass.) stakk upp á, að það ákvæði væri sett inn í frumv., að eitrið eigi fengist nema hjá lækni og einungis eptir ávísun frá sýslunefndinni; því að jeg álít skylt, að gæta allrar varúðar í því efni.

Og svo að jeg snúi mjer að orðum h. þm. Vest.-Sk. (Ól. P.), þá er nokkuð satt í því, sem hann sagði, að refakökur geta opt komið að nokkru liði; en gallinn er, að þær eru opt fúnar og alveg ónýtar og eru yfir höfuð lengi að brjóta sig. Líka er jeg fús, að taka til íhugunar bendingar h. þm. Borgf. (Gr. Th.); en þar sem hann minntist á reikningana eða fylgiskjöl, þá er það misskilningur eða ókunnugleiki; því að ef allur kostnaður við refa-

veiðar á hverju ári ekki er haföur í áætlun, þá kemur það inn á næsta árs reikning, sem samin er eptir fardaga; það þarf ekki að verða nein reikningsskekkja úr því.

Jeg skal svo eigi orðlengja um þetta meir; en vona að allir þeir sem að einhverju leyti vilja breytingar á frumv., beri sig saman við nefndina um þær áður en frumv. kemur til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. h.; 2. gr. samþ. með 18 samhl. atkv.; 3. gr. samþ. með 19 atkv. Viðaukatillaga við 4. gr. frv. tekin aptur. 4. gr. frv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 5. gr. samþ. með 16 atkv.; 6. gr. samþ. með 17 atkv.; 7. gr. samþ. með 16 atkv.; 8. gr. samþ. með 18 atkv.; 9.—10. gr. samþ. með 20 atkv.: 11. gr. samþ. með 10 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 219, 269); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson þm. N.-Þ.): Mál þetta fjekk allgóðan byr hjer í deildinni, þegar það var fyrir til fyrri 1. umr., og, svo sem sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin komið sjer saman um, að ráða h. deild til að samþykkja frumv. með að eins mjög litlum breytingum; hefir nefndin fært ástæður fyrir hinum helztu breytingum í nefndarálitinu, en með því að þetta er framhald 1. umr., og jeg hygg, að mönnum gefist síðar kostur á að ræða frv., þá vil jeg eigi fara um það fleiri orðum að sinni, heldur að eins óska, að það nái að ganga til 2. umr.

Sveinn Eiríksson: Það gladdi mig hjartanlega, að sjá þetta frumv. fram komið; að vísu var hið upphaflega frumv. eigi eins og eg helzt hefði viljað óska; en nefndin hefir nú talsvert lagað það.

Þó vil jeg drepa á eitt eða tvö atriði, sem mjer eigi líka.

Í fljótu bragði kann nú að sýnast svo, sem 12 þús. kr. á ári sje eigi mikið tillag, en jeg vil benda h. þm. á, að einföld renta þar af í 10 ár nemur 26,400 króna, sem er allmikil upphæð; en engu að síður er jeg þó með fyrirtækinu, og það jafnvel þótt rentan væri 26 sinnum 26 þús. króna; því að fyrirtæki þetta miðar til fjarskalegra framfara bæði fyrir land- og sjávarbóndann, og þar sem jeg um daginn særðist hjartanlega yfir tolli þeim, sem lagður var á kaffi og sykur hjer í deildinni, eins er jeg nú að sínu leyti glaður yfir þessu frumv., sem miðar til verulegrar hagsældar fyrir bóndann, sem er og verður bústólpi landsins.

En sá höfuðgalli, sem áður var á frv., þar sem fyrirtækið var bundið við vissan stað (Húsavík), er nú burt numinn af h. nefnd, enda er enginn efi á, að fyrirtækið á að stofna á þeim stað, sem bezt er til þess fallinn, og sem verkstjórinn hefir beztan augastað á.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta mál, en vona að það fái samhljóða byr hjá h. deild.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um menntun alþýðu (C. 169, 263); frh. 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg, sem var flutningsmaður þessa frumv. lýsi því yfir, að jeg tek frumv. þetta aptur.

Frumv. til viðaukalaga við lög um uppfræðing barna í skript og reikningi 9. janúar 1880 (C. 172, 263); framh. 1. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Nefnd sú, sem sett var í mál þetta, hefir samið nýtt frumv. í stað hins gamla, eins og nefndarálitið ber með sjer, og tek jeg því hið upphaflega frumv. aptur.

Frumv. til laga um uppfræðing barna (C. 263); 1. umr.

Framsögumaðar (Jón Þórarinsson): Það er hvorttveggja, að umræður eru í dag orðnar langar, enda mun jeg ekki fjölyrða um málið að þessu sinni, með því að frumvarpið er nú fyrir til 1. umræðu.

Jeg vona, að h. deild taki frumv. þessu vel, því að nefndin hefir einungis komið fram með þær einar tillögur, sem áður hafa komið fram hjer í deildinni, og þá mætt góðum undirtektum.

Hjer er eigi farið fram á mikið, og kemur það ekki til af því, að sumir í nefndinni vilji eigi meira, heldur vegna þess, að vjer vildum gera allt, sem í voru valdi stendur til þess, að samkomulag næðist í þessu máli; enda er nú nefndin samhljóða um allt það, er í frumv. stendur, og þótt það sje lítið, þá er það þó nokkur hænufet áleiðis að takmarkinu, sem hjer eru stigin.

Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin álitið rjettast, að láta ekki þetta frumv. koma fram sem viðauka við lög 9. jan. 1880, heldur nema úr gildi hin eldri lög og taka ákvæði þeirra upp í þetta frv.

Nefndin hefir haft fyrir sjer tvö frumv., annað það, sem samþykkt var á fundi hins íslenzka kennarafjelags í vor, og annað, sem að mestu leyti var samið af nefnd, sem kosin var á síðasta kennarafundi; en bæði þessi frumv. hafa verið tekin aptur, og í þeirra stað kemur þetta frumv., sem nefndin hefir samið.

Með því að þetta er 1. umr. málsins, þá skal jeg eigi fara hjer um fleiri orðum, heldur einungis fela deildinni frumv. með þeirri ósk, að hún sýni því alla þá velvild, sem málið á skilið.

Þórarinn Böðvarsson: Hefði hjer ekki verið um alvörumál að ræða, þá hefði jeg sagt: «Fjöllin tóku ljettasótt, en fæddist brosleg mús». — Þingið hefir nú lengi gengið með ljettasótt með frumv. um menntun alþýðu, sem álíta má eitt af hinum mestu velferðarmálum landsin; en hingað til hefir staðið því máli fyrir þrifum kostnaðurinn, sem af því mundi leiða, en nú í gær var því lýst yfir, að nóg fje væri til, að mjer skildist ekki að eins í hinar tómu skúffur landssjóðs, heldur og til að standast hvern helzt kostnað sem væri.

Frumvarp þetta er líkt og þegar gamall matur er soðinn upp og gerður að betri mat; en það sje þó langt frá mjer, að lá h. nefnd, þótt hún tæki þetta úrræði, eptir því sem mál þetta hefir gengið á undanfarandi þingum; jeg er nefndinni, þvert á móti, þakklátur fyrir tillögur hennar, því jeg álít, að þær muni koma miklu góðu til vegar, sjerstaklega, að próf presta er gert almennt og opinbert próf, og hygg jeg, að á því mundu engin vandkvæði; jeg skil og frumv. svo, að þetta próf eigi eins þar fram að fara, sem skóli er, og verð jeg að álíta, að þar sje einnig til bóta sjerstakt próf undir ferming.

Hvað það atriði snertir í þessu frumv., sem jeg ætla að komi sjerstaklega við kaun mín, nefnilega, að kunnátta í skript og reikningi skuli gerð að skilyrði fyrir fermingu, þá er sú stóra bót ráðin á þessu í frumv. h. nefndar, að þar er að eins ákveðið, að það skuli að eins um eitt ár standa barninu fyrir fermingu — ef að barnið ekki nær einkunninni «vel». Ef að barnið er ágætlega að sjer í bóklestri og kristindómi, þá hlýtur það að ná einkunninni «vel», þó það sje ekki vel að sjer í skript og reikningi, og þá verður það fermt; en nái það ekki einkunninni «vel», þá hlýtur það að vera slakt, annaðhvort í kristindómi eða bóklestri, eða hvorutveggja, og þá er skaðlaust að það bíði eitt ár.

Að því er snertir bóklestur, hefir það verið leyndardómur fyrir alla, nema hina

nánustu barnanna, hvernig þau hafa verið að sjer í honum. Álít jeg ekki óþarft, að litið sje eptir með sumum prestum í því efni. Svo mun það og reynsla allra presta, að börnum, sem ágætlega hafa verið að sjer, hefir opt hraparlega mistekizt, þá þau hafa gert grein fyrir kunnáttu sinni við ferminguna, bæði af tilfinningu við þetta hátíðlega tækifæri og öðrum orsökum; álít jeg því, að frumv. nefndarinnar fleygi þessu máli töluvert fram, og er nefndinni mjög þakklátur fyrir það, og vil mæla sem bezt fyrir því.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og þriðji fundur, mánudag 29. júlí á hádegi.

Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 179, 264); 2. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, skoða jeg svo stöðu þingmannanna, sem þeir eigi að vera nokkurs konar milligöngumenn milli þjóðar og stjórnar, þannig, að þeir bæði reyni til að fá óskum og kröfum Íslendinga um innlenda stjórn fullnægt, og hins vegar einnig leitist við, að sameina þessar óskir og kröfur landsmanna við kröfur stjórnarinnar um, að Ísland eigi megi leysast úr sambandinu við Danmörku nje gjörast óháð stjórn konungsins. Þannig skoða jeg stöðu vor þingmanna, og virðist mjer jeg því fremur geta skoðað hana þannig, sem fulltrúafundur þjóðarinnar á Þingvöllum í fyrra sumar skoraði á þingið, að halda stjórnarskrármálinu fram *í líka stefnu* og á undanfarandi þingum, án þess þó að binda hendur þingmannu í nokkrum einstökum greinum; og því meiri ástæða er til þess, sem framsögumaður nefndar þeirrar, er sett var í stjórnarskrármálinu, lýsti þá yfir því, að aðalkrafan væri að fá alinnlenda stjórn með ábyrgð fyrir alþingi, og bætti við þessum orðum: »Það er þetta, sem þjóðin vill fá, en verður að fela fulltrúum sínum; þeir koma þessu fyrir. Þjóðin í heild sinni getur eigi skipt sjer nema af aðalprincipinu; þingið verður að fjalla um hin einstöku atriði og semja hinar einstöku greinir«.

Íslendingar vilja fá innlenda stjórn. En hverjar eru kröfur stjórnarinnar? Þegar vjer skoðum hina konunglega auglýsingu 2. nóvbr. 1885, þá sjáum vjer, að þar er tekið fram sem aðalatriðið, að hin æðsta stjórn íslenzkra mála skuli vera í höfuðstað ríkisins, eins og er gengið út frá í lögum 2. jan. 1871, 6. gr., og ennfremur, að stjórnin hjer á landi eigi megi vera óháð hinni æðstu stjórn.

Þessum tveimur kröfum höfum vjer flutningsmenn frv. og nefnd sú, sem kosin var í það, reynt að koma heim og saman með ýmsum ákvæðum um hina æðstu stjórn, fyrst og fremst í þá átt, að hin æðsta stjórn skuli vera í Kaupmannahöfn, og ennfremur með ákvæðum um, að hin innlenda stjórn skuli vera háð þessari æðstu stjórn.

Þannig er ákveðið í frv. þessu, að ráðgjafi fyrir Ísland skuli vera í Kaupmannahöfn, og með ráði hans skipar konungur landstjóra hjer á landi og víkur honum úr völdum, ef hann vill svo. Konungur einn staðfestir breytingar á stjórnarskránni, og getur numið almenn lög úr gildi, er landstjóri staðfestir og honum þykja viðsjárverð. Á þenna hátt ætlumst vjer til, að eðlilegast sje að koma fyrir hinni æðstu stjórn íslenzkra mála í Kaupmannahöfn, en hinni innlendu stjórn er þannig fyrir komið, að landsstjóri beitir framkvæmdarvaldinu og staðfestir almenn lög.

Þegar maður nú athugar breytingar þær, sem til er ætlazt að komist á stjórn landsins samkvæmt þessu frv., eru þær eigi mikilvægar að því er formið snertir;

ráðgjafinn fyrir Ísland og hin íslenzka stjórnardeild halda sjer eins eptir sem áður; en að því er snertir landstjórann, þá er hann í vissu tilliti það sama sem landshöfðingi er nú, en munurinn er sá, að þar sem landshöfðinginn er einn og verður að vera heima í öllum málum, þá tekur landstjóri sjer til ráðneytis 3 menn, er hann ber traust til og sem þingið semur við. Þetta er þannig að forminu til aðalbreytingin.

En það sem jeg álít mest um vert, er efnisbreytingin, og hún er töluverð; en þess skal getið, að það er þó langt frá, að hin innlenda stjórn sje óháð; en hitt er satt, að hin innlenda stjórn hefir lagalega ábyrgð á gjörðum sínum, og stjórnarstörfin fara mest fram í landinu sjálfu. Þetta er mikil breyting. En líkt á sjer stað í öðrum löndum, og í sjálfu sjer er þetta vel þekkt hjer á landi og í raun rjettri ekki nema stig dálítið lengra frá því sem nú er. Vjer heimtum að hin innlenda stjórn beiti framkvæmdarvaldinu, en landshöfðingi og innlend stjórnarvöld beita nú framkvæmdarvaldinu hjer á landi í mörgum greinum, án þess konungurinn hafi eða geti haft nokkur bein afskipti af því, en í þessu frv. er farið fram á, að flytja hið æðsta framkvæmdarvald inn í landið og að landstjóri í nafni konungs framkvæmi hið æðsta vald, en ráðgjafar hans beri ábyrgð fyrir alþingi; eins og jeg tók fram áðan, þá er það víst, að framkvæmdarvaldið er nú í mörgum greinum hjer á landi, og er því auðsætt, að í frv. þessu er eigi um neina breytingu á frumreglunni að ræða, heldur er hjer einungis stigið feti lengra en áður hefir viðgengizt.

Aptur á móti virðist ákvæðið um, að landstjóri staðfesti lög, vera talsverð efnisbreyting og ópekkt hjer á landi; en bæði er það vel kunnugt í útlöndum, og svo er það jafnvel að principinu til kunnugt hjer á Íslandi; því vjer vitum, að ýmsum merkilegum málum, svo sem fiskiveiðasamþykktum, sem jafnvel hafa áhrif á stöðu útlendinga hjer á landi, er ráðið hjer til úrslita. Amtmennirnir eru hjer umboðsmenn konungs og stjórnar, og þar sem þess konar samþykktir öðlast lagagildi, þá er hjer um nokkurs konar flutning á löggjafarvaldinu að ræða. Þessi aðferð er þannig eigi öldungis ókunn hjer á landi, þótt hún sje notuð einungis í smáum stíl, og þegar hún getur blessazt í smáu, þá mun einnig hægt að framkvæma hana í stærri stíl.

Hin verulegasta breyting að efni til, sem frv. gjörir, er það, að landsstjóri tekur sjer 3 menn til ráðaneytis, er alþingi semur við og sem hafa ábyrgð á stjórnarstörfunum gagnvart því; þetta ákvæði var sett í frv. til þess, að fullnægja óskum og kröfum Íslendinga; en hins vegar ber þess vel að gæta, að þessi stjórn er alls eigi óháð hinni æðstu stjórn í Kaupmannahöfn, því konungur staðfestir breytingar á stjórnarskránni og getur ónýtt lög þau, er honum þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku; og ennfremur er það mjög þýðingarmikið, að landstjóri, sem hefir hina æðstu stjórn, er valinn af konungi, og getur hann þannig tekið í þá stöðu þann mann, sem hann ber bezt traust til; þar sem nú konungur hefir þetta vald, þá getur hann sett landstjórann af, ef honum mislíkar við hann og sett annan nýjan í hans stað, er tekur sjer nýtt ráðaneyti, en það getur aptur kært hið gamla ráðaneyti, ef því þykir ástæða til vera.

Mjer finnst þannig, að hjer geti engin deila átt sjer stað milli hinnar innlendu stjórnar og hinnar æðstu stjórnar í Kaupmannahöfn; því eins og jeg hef sýnt, hefir yfirstjórnin í Kaupmannahöfn töglin og hagldirnar. Aptur á móti væri hugsanlegt, að deila gæti upp komið milli hinnar innlendu stjórnar og þingsins; en samt virðist mjer eptir eðli málsins eigi ástæða til fyrir Íslendinga, að vantreysta stjórn-

inni svo að óreyndu, að hún muni gjöra mörg mál að deiluefni, og á hinn bóginn held jeg, að stjórnin muni ekki hafa ástæðu til, að bera vantraust til fulltrúa hinnar íslenzku þjóðar, þegar litið er til þess, hvernig Íslendingar hafa komið fram í stjórnmálum hingað til; enda vona jeg, að þar sem þingið getur samið við ráðgjafana, sem hafa á hendi framkvæmdarvaldið, að allar snurður muni lagast, sem kunna á að koma.

Þetta er hið helzta, sem jeg hef að athuga að því er snertir hið fyrsta aðalatriði viðvíkjandi hinni æðstu stjórn íslenzkra mála í Kaupmannahöfn og á Íslandi; í þessu tilliti hefir nefndin engar breytingar gjört, að undanskildum lítilfjörlegum orðabreytingum, þar sem hún leggur til að orðin: »Undirskript landsstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi«, í upphafi 16. gr. falli burt, með því að henni virðast þau eigi koma vel við og sjeu óþörf; ennfremur leggur hún til, að síðasti hluti 16. gr. verði skeyttur aptan við 7. gr.

Þá kem jeg að hinu öðru aðalatriði, viðvíkjandi samsetningu efri deildar; þar leggur nefndin til að gjörðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í stjórnarskrárfrv., sem nefndin hafði fyrir sjer, stendur, að í efri þingdeild sitji 12 menn, er kjósa skal um land allt, eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum; þetta hefir fengið nokkur mótmæli, og viljum vjer að því verði breytt, bæði af því, að það er vor eigin skoðun, að svo megi betur fara, og til að fullnægja óskum manna.

Úr því að efri deild er höfð, þá hlýtur það að vera hlutverk hennar, að halda í við neðri deild og sporna við, að hvatskeytileg frumv. nái fram að ganga, og ennfremur er hún hentug til að skipta störfunum, því að í efri deild koma ýms lagafrumv. fram, eru rædd þar og fá þannig opt góðan undirbúning og er það talsverður ljettir fyrir neðri deild.

En þar eð nú efri deild á að mynda íhaldsflokkinn á þingi, þá kemur til athugunar, hvernig heppilegast mundi að skipa hana, til þess að þar geti myndazt íhaldsvald.

En nú ber þess að gæta, að hjer er eigi hægt að fara sama veg og opt er farinn í útlöndum, að binda kosningar til þessarar deildar við stjettir eða auð, þar sem hjer er enginn verulegur munur á mönnum í þeim efnum.

En það hefir þó komið til orða í nefndinni, að hafa tvær aðferðir. Fyrst og fremst verið spurning um, hvort eigi væri gjörlegt að fela sýslunefndunum á hendur að kjósa menn í efri deild á líkan hátt og þingin í smáríkjum Bandaríkjanna kjósa menn í »senat« alríkisins; en þó leizt oss ekki heppilegt að hafa þessa aðferð; hún mundi hjer varla hagkvæm; því hætt er við, að þá mundi verða tekið tillit til ýmsra ástæðna við kosningar til sýslunefnda, sem ekki ættu þar heima. Og þar sem vjer nú eigi gátum fallizt á þessa tilhögun, þá var enginn annar kostur eptir, en að binda íhaldið við aldur; því eins og vjer vitum, er það altíðast, að gamlir menn fella sig síður við ýmsar nýjungar og nýbreytni en þeir sem ungir eru.

Þess vegna höfum vjer lagt til, að alþingismenn efri deildar skyldu eiga þar sæti, þangað til þeir eru sjötugir; lengra vildum vjer eigi fara, þar sem deildin er fámenn og má því eigi við því, að missa vinnukrapta sína, en talsverðar líkur til, að ef margir háaldraðir menn væru í deildinni, þá mundu sumir þeirra verða svo ellihrumir, að vinnukraptur þeirra mundi verða næsta lítill.

En að því er snertir kosningarnar í fyrsta skipti til efri deildar, þá þótti oss óráðlegt, að neðri deild kysi alla þing-

mennina, einkum vegna landsdómsins, og höfum vjer því lagt til, að landstjóri kjósi í fyrsta sinn 4 þingmenn, sem einnig skuli eiga sæti í efri deild, þar til þeir eru sjötugir; því með þessu móti er komið í veg fyrir, að neðri deild gæti haft áhrif á landsdóminn, ef til þess kæmi að dæma þyrfti í pólitískum málum; því að það er auðsætt, að þar sem landsdómur er skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og þingmönnum efri deildar, þá gætu eigi fleiri en í hæsta lagi 3 menn, kosnir af neðri deild, átt sæti í honum í pólitiskum málum eptir þessu fyrirkomulagi, þegar búið væri að ryðja burtu 5 af þeim, eins og hinn kærði hefir heimild til, og þannig er þá full trygging fengin fyrir því, að neðri deild eigi hafi áhrif á dóminn. En þar sem efri deildarmenn eru alveg óháðir neðri deild, eptir að hin fyrsta kosning er um garð gengin, þá verður eigi sagt, að það geti seinna haft nokkra verkun á efri deild, hverja skoðun neðri deild hefir á hinum einstöku málum; því þótt efri deild sje kosin af neðri deild, þá verður eigi fremur hægt að segja um hana, að hún af þeim ástæðum þurfi að vera hlutdræg, fremur en ástæða væri til að drótta því að dómurum vorum, að þeir væru hlutdrægir og hjeldu með stjórninni vegna þess, að þeir væru skipaðir af henni; hvorttveggja er jafn ástæðulaust.

Jeg skal geta þess, að nefndin hefir gert þá breytingu á 23. gr. frv., að í stað orðanna: »Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur« komi: »Engan má kjósa í autt sæti í efri deild, nema hann hafi setið á tveimur reglulegum þingum.« Sá, sem nær kosningu til efri deildar, verður því ekki einungis að hafa áunnið sjer traust kjósenda í einhverju kjördæmi, heldur verður hann að vera að minnsta kosti 34 ára — að öllum líkindum munu menn tíðast eigi komast þangað fyr, en þeir eru orðnir nær fertugir —, og ennfremur verða menn þá búnir að sjá, hvernig þeir reynast í þingmálum.

Af þessum breytingum, sem jeg hef um getið, leiðir nú aptur það, að vjer höfum orðið að breyta ákvæðum frv. um þingrof; efri deild getur ei orðið rofin, og þess vegna hlutum vjer í sambandi við það, að breyta orðunum í 13. gr. og 71. gr., þannig, að í staðinn fyrir »alþingi« komi »neðri deild.«

Hið þriðja þýðingarmikla atriði, sem breytt hefir verið frá því, sem ákveðið var í frv. 1887, er í 33. gr. Þar stóð áður, að enga tolla eða skatta mætti greiða af hendi, fyr en fjárlögin væru samþykkt af alþingi og staðfest af konungi; og með því að mörgum hefir þótt þetta ákvæði mjög viðsjárvert, þá hefir nú verið gerð sú breyting á greininni, að þar er einungis stjórninni bannað að greiða nokkurt gjald af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, og er það tryggilegra en hitt, sem gat orðið vanbrúkað af þinginu; en svo hefir aptur til tryggingar gagnvart stjórninni verið skotið inn í 17. gr. frv., að eigi megi gefa út bráðabirgðafjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi; í sambandi við þetta stendur breytingin á 13. gr., sem tryggir þingið gegn þingrofi, þar sem ákveðið er, að landstjóri eigi megi rjúfa neðri deild alþingis, án samþykkis deildarinnar, fyr en alþingi hefir saman verið 10 vikur.

Jeg hef þá talið upp þær þrjár aðalbreytingar, sem orðið hafa á frv. frá því, sem það var samþykkt á alþingi 1887, og vona jeg að þær megi allar heldur teljast til bóta.

En nú vildi jeg óska, að allir þeir, sem fyndu eitthvað athugavert í þessu máli, ljetu í ljósi skoðun sína; því að jeg er viss um, að nefndin verður hverjum þeim þakklát, sem kemur fram með breytingar, er stuðlað gætu til samkomulags.

Hins vegar vildi jeg óska, að enginn kæmi fram með uppástungur í þessu máli, sem miðuðu til að spilla samkomulagi, hvort sem þær svo heldur færu fram á, að gera frv. óaðgengilegra fyrir stjórnina eða hina íslenzku þjóð. Allir h. þingd.menn hafa áður látið í ljósi, að þeir óskuðu að fá innlenda stjórn, og því vonast jeg til, að þeir hver og einn geri allt sem í þeirra valdi stendur til að búa frumv. svo úr garði, að það nái hylli beggja málsparta — stjórnarinnar og hinnar íslenzku þjóðar.

Landshöfðingi: Jeg get ekki dulizt þess, að þegar jeg sá dagskrána fyrir daginn í dag, þá kom mjer það nokkuð undarlega fyrir, að sjá þar efst á blaði frv. til stjórnarskipunarlaga til 2. umr., þar sem það mál var hjer til framh. 1. umr. á síðasta fundi; því jeg man ekki betur, en flutningsm. (P. Br.) brýndi það fyrir mönnum þá, að íhuga það vandlega, og skoraði á menn að liggja ekki á liði sínu með bendingar til breytingar, ef einhver hefði eitthvað að athuga; en þar sem þetta mál hefir verið tekið upp á dagskrá í dag, þá hefir mönnum verið gert þetta ómögulegt, og verð jeg þó að ætla, að menn sjeu ekki svo sáttir og sammála, að ekki sjeu ýms atriði, sem menn greinir á um.

Þannig ímynda jeg mjer að sumir h. þingdeildarm. hafi haft umboð frá kjósendum sínum til ýmsra breytinga; að minnsta kosti þykist jeg viss um, að minn háttvirti vinur, þm. Borg,. (Gr. Th.) hafi ætlað að koma með ákvæði um frestandi neitunarvald; jeg nefni þetta ekki af því, að jeg sje hlynntur því, heldur að eins sem dæmi þess, að líklegt er, að fleiri h. þm. en hann hafi brunnið inni með breytingartill. í þessu máli, af því málið var tekið upp á dagskrá í dag.

Mjer skilst því, að meiningin sje sú, að málið eigi að ganga fram óbreytt og allar umræður sjeu þess vegna til einkis.

Jeg skal þó víkja að því, sem jeg sagði við 1. umr., að í þessu frv. væri gengið enn lengra en í frv. 1885 og 1887 í að takmarka og rýra vald konungs.

Í frv. 1885 og 1887 stendur: «undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum»; en hjer í þessu frv. stendur, að «undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veiti þeim gildi, *með þeim takmörkunum, sem settar eru í þessari stjórnarskrá*»; eða með öðrum orðum: það sem ekki var takmörkunum bundið 1885 og 1887, er nú takmörkunum bundið.

Og hverjar eru svo þessar takmarkanir? Úrlausn þeirrar spurningar hlýtur að vera í 6. gr. frv., samanborinni við 7., 17 og 71. gr.; og þegar þá er athugað, hverjum ályktunum viðvíkjandi stjórn, þ. e. framkvæmdarvaldinu, konungur geti gefið gildi með undirskript sinni, þá verður niðurstaðan, að það framkvæmdarvald, sem eptir 1. gr. frv. á að vera hjá konungi, er eingöngu í því fólgið, að hann á að skipa landsstjóra og víkja honum frá völdum. En jeg álít, að það hafi mjög litla þýðingu, að konungur getur vikið landstjóra frá völdum; landsstjórinn er ábyrgðarlaus; ráðgjafarnir geta neitað að skrifa undir með honum, og þá er undirskript hans þýðingarlaus, og yfir höfnð sett honum þá kosti, sem þeir vilja; landsstjórinn er því mjög svo atkvæðalítil persóna og enginn slægur í að setja hann af.

Það tvennt, sem konungi þar næst er eptirskilið, að því er til löggjafarvaldsins kemur, er að skrifa undir stjórnarskipunarlög eða breytingar á þeim, og svo það, að geta numið úr gildi lög, sem landsstjóri hefir staðfest, en sem konungi þykja við-

sjárverð sakir sambands Islands við Danmörku; en þetta ákvæði um, að konungur megi fella staðfestingu landsstjóra á lögum úr gildi, bætir lítið úr skák og er einskorðað svo með viðbætinum, að lögin sjeu viðsjárverð vegna sambands Íslands við Danmörku, að það verður hjer um bil þýðingarlaust, því eptir mínum skilningi verða undir ákvæðið svona einskorðað að eins færð hin sameiginlegu mál, sem einmitt eru undanskilin löggjafaratkvæði alþingis; en að nokkurt sjerstakt mál, geti heimfærzt þar undir, get jeg að minnsta kosti ekki í bráðina sjeð; jeg skal nefna t. d. búsetu fastra kaupmanna, sem nú hefir legið fyrir þingi; jeg efast stórlega um, að það sje meining nefndarinnar, að konungur gæti fellt úr gildi staðfesting slíkra laga sökum þess, að þau þættu viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku.

Að endingu skal jeg enn einusinni taka það fram, að mjer virðist með frv. þessu stigið stórt stig áfram til að rýra og takmarka vald konungs, og þetta frv. sje enn þá fjarlægara því, að vera í samræmi við auglýsinguna 2. nóv. 1885, heldur en undanfarandi frv., og geti að minni hyggju aldrei fengið staðfestingu.

Forseti: Jeg tók þetta mál á dagskrá í dag, þar sem enginn h. þingdm. hafði snúið sjer til mín með breytingartillögu, enda er þetta ekki nema 2. umr. í dag og því nógur tími til að koma með breytingartillögu til 3. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Þar sem hæstv. landsh. minntist á, að mál þetta hefði allt of fljótt verið tekið upp á dagskrá til 2. umr. og að menn hefðu ekki haft nægan tíma til undirbúnings og íhugunar, þá get jeg ekki ætlað, að menn hafi ekki haft tíma til íhugunar, þar sem menn hafa haft frídag síðan málið var hjer síðast til umræðu; en skyldi svo vera að einhver h. þingdeildarm. vildi koma með breytigartill. til 3. umr., þá veit jeg að nefndin er fús til að hjálpa til að koma henni á framfæri, svo að tillagan gæti orðið rædd.

Þar sem hæstv. landsh. sagði, að þetta frv. væri til að takmarka vald konungs, þá skal jeg fúslega játa að svo er, því það er eðli þingbundinnar konungsstjórnar, að þingið takmarkar vald konungsins, og því verður ekki neitað, að þar sem að löggjafarvaldið er hjá tveimur, verður hvor að takmarka vald hins. En það er langt stig til þess, og að missa vald sitt og verða þýðingarlaus maður. Samkvæmt þessu frv. velur konungur umboðsmann sinn hjer á landi, eptir því sem hann verður að telja landinu fyrir beztu, og þar sem hann getur það, þá er honum innanhandar að velja til þess mann, sem er svo nálægt skoðunum hans, sem auðið er.

Hæstv. landsh. dró út af því, að landsstjóri er ábyrgðarlaus, og ráðgjafarnir gætu sett honum hvaða kosti, sem þeir vildu, að skrifa undir lög með honum o. s. frv., þá ályktun, að landsstjóri væri þýðingarlaus maður; það mætti segja sama um konunga í öllum löndum, þar sem þingbundin konungsstjórn er; konungar í þeim löndum ættu eptir þessu að vera þýðingarlausir. Jeg álít, að konungar hafi þar, sem þingbundin konungsstjórn er, mikla þýðingu í löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Það er eðli þingbundinnar konungsstjórnar, að þar verður stjórn og þing að laga sig hvort eptir öðru, og það er þetta eðli þingbundinnar konungsstjórnar, sem vjer viljum fá hjer á Íslandi.

Jeg get ekki sjeð, að þetta frv. sje annað en stigbreyting frá því sem nú er; því sökum fjarlægðar Íslands við Danmörku verður konungur að fela embættismönnum hjer, að framkvæma ýms störf; breytingin liggur að eins í því, að störfin eru meiri og valdið meira, sem landsstjóri fær, en landshöfðingi hefir nú.

Viðvíkjandi orðunum í 16. gr. vona

jeg, að ekki þurfi að verða misklíðarefni, hvernig þau verða skilin. Jeg ímynda mjer og, að gæti það leitt til samkomulags, þá gæti fengist breyting á þeim, svo að þau gætu bæði fullnægt stjórn og þjóð; en þar sem eptir orðum hæstv. landsh. eigi er fengin vissa fyrir samkomulagi, þó að þessu yrði breytt, þá virðist mjer ekki ástæða til, að breyta þessu að sinni. Það er ekki Nd. ein, sem ræður orðalagi frv., heldur einnig Ed., og því álít jeg ekki tiltækilegt, að Nd. fari að breyta þessu upp á sitt eindæmi; jeg vona því, að h. Ed. breyti þessu ákvæði, ef henni sýnist að orða það skýrara; en að svo stöddu getur oss ekki fundizt að það sje svo óljóst, að þörf sje á breytingum hjer í deildinni.

Landshöfðingi: Annaðhvort hafa orð mín verið óljós eða h. framsögum. (P. Br.) hefir misskilið mig, þar sem hann sagði, að jeg hefði sagt, að landsstjórinn væri þýðingarlaus — jeg sagði eða að minnsta kosti ætlaði að segja, að það væri þýðingarlaust, að víkja landsstjóranum frá, þar sem hann gæti ekkert gert nema það, sem ráðgjafarnir vildu; en auðvitað er hann þýðingarmikill milliliður í stjórninni.

Framsögum. (Páll Briem): Jeg skal játa, að jeg hefi kannske misskilið orð hæstv. landsh. eða tekið rangt eptir.

En hvað það snertir, að þýðingarlaust sje að víkja landsstjóra frá völdum, þá er svo ekki; því þegar konungur setur landsstjóra af, þá setur hann nýjan í hans stað; þessi nýi landsstjóri getur svo tekið sjer nýja ráðgjafa, og hafi hinir fyrri ráðgjafar misbrúkað vald sitt, þá getur landstjóri kært þá fyrir landsdómi, og því er ekki að vantreysta, að landsdómur dæmi rjett. — Að hinn nýi landstjóri geti ekki fengið menn til ráðaneytis, sem fylgi hans stefnu, virðist eigi þurfa að gera ráð fyrir.

Mjer finnst því þetta, að konungur getur vikið landsstjóra frá og sett nýjan, hafa mjög mikla þýðingu; því þingið verður að hlíðra til við hina nýju stefnu og hinn nýja landsstjóra eins og konunginn sjálfan.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. með 19 samhlj. atkvæðum hvor; 3. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv. hvor; breytingartill. nefnd. (C. 265) við 6. gr. samþ. með 18 atkv.; 6. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 17 atkv.; breytingartill. nefnd. við 7. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 7. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 18 atkv.; 8.—12. gr. samþ. með 18 atkv. hver; breytingartill. við 13. gr. samþ. með 17:1 atkv., 13. gr. frumv. þar með fallin; 14.—15. gr. samþ. með 18 atkv. hvor; fyrri breytingartill. við 16. gr. samþ. með 19 atkv., og hin síðari samþ. án atkv.; 16. gr. þannig breytt samþ með 17 atkv.; 17.—19. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv. hver; breytingartill. við 20. gr. samþ. með 18:1 atkv., 20. gr. frumv. þar með fallin; breytingartill. við 21. gr. frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv., 21. gr. frumv. þar með fallin; 22. gr. samþ. með 19 atkv.; breytingartill. við 23. gr. samþ. 18:1 atkv., 23. gr. þannig breytt samþ. með 19 atkv.; 24.—25. gr. samþ. með 18 atkv. hvor; 26.—38. gr. samþ. með 19 atkv. hver; breytingartill. við 39. gr. samþ. með 17 atkv.; 39. gr. þannig breytt samþ. með 17 atkv.; 40.—70. gr. samþ. hver um sig með 19 atkv.; breytingartill. við 71. gr. samþ. með 18 atkv. gegn 1; 71. gr. þannig breytt samþ. með 18:1 atkv.; 72. gr. samþ. með 19 atkv Ákvæði um stundarsakir samþ. með 19 samhljóða atkvæðum.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. (Páls Briem, J. Jónssonar N.-M., Ólafs Briem, Árna Jónssonar, J. Jónssonar N.-Þing., Þorleifs

Jónssonar, Þorsteins Jónssonar og Ólafs Pálssonar), þannig, að *já* sögðu:

Páll Ólafson, Sigurður Jensson,
Árni Jónsson, Eiríkur Briem,
Grímur Thomsen, Gunnar Halldórsson,
J. Jónsson þm. N.-M., J. Jónsson þm. N.-Þ.,
Jón Þórarinsson, Jónas Jónassen,
Ólafur Briem, Ólafur Pálsson,
Páll Briem Sigurður Stefánsson,
Sveinn Eiríksson, Þórarinn Böðvarsson,
Þorl. Guðmundsson, Þorleifur Jónsson,
Þorsteinn Jónsson, Þorvald. Bjarnarson,
Þorvarður Kjerúlf.

Enginn *nei*.

Frumv. til laga um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða (C. 280, 282); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. við 1. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. Breytingartill. við fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagr. Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 7. nóv. 1879, 11. febr 1876 og tilsk. 26. febr. 1872 (C. 261); 2. umr.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Með því að engin breytingartill. er fram komin við þetta frumv., þá skal jeg eigi orðlengja um það, heldur að eins óska að það verði samþ.

ATKVÆÐAGR.: 1.—4. gr. frumv. samþ. hver um sig í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ án atkvæðagr. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um hundaskatt o. fl. (C. 246); 2. umr.

Framsögumaður (*Þorleifur Jónsson*): Þetta mál fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að jeg álít nú eigi þörf á löngum umræðum, og þar sem engar breytingartillögur eru fram komnar við frumv. þá skal jeg ekki orðlengja um það meir, heldur einungis óska, að frumv. verði samþykkt.

Jón Þórarinsson: Það var að eins ein grein, sem jeg hafði ætlað mjer að koma með breytingartillögu við, en satt að segja gleymdi jeg því, og vona jeg, að það geti komizt til lagfæringar, ef h. nefnd vill taka að sjer, að koma fram breytingum við frumv., áður en það kemur til 3. umræðu.

Það sem mjer eigi líkar við frumv., er ákvæðið í 4. gr., að af hverjum hundi í kaupstöðum og verzlunarstöðum skuli greiða 15 kr. í skatt. Jeg veit eigi hvort h nefnd er kunnugt, að víða í kaupstöðum hagar svo til, að þar eru ræktaðir túnblettir og kálgarðar, og fyrir þá menn, sem þannig hafa bæði garða og túnbletti, sem sumir hverjir eru svo stórir, að þeir jafnvel fóðra eina kú, virðist mjer eins nauðsynlegt að hafa einn hund á heimili sínu, eins og fyrir marga smábændur upp til sveita. Mjer þykir þannig of hart gengið að þessum mönnum, að láta þá gjalda 15 kr., og get eigi sjeð, hvers vegna þeim er gert svo dýrt, að halda þarfahunda, í samanburði við bændur.

Ef h. nefnd vildi íhuga þetta atriði, þá kynni jeg henni þakkir fyrir það, því að jeg býst við, að hún muni komast að þeirri niðurstöðu, að það geti komið sjer illa, að leggja svo háan skatt, sem hjer er gert, á alla kaupstaðarhunda, hvort sem þeir eru þarfir eða óþarfir.

Þorsteinn Jónsson: H. 2. þm. G.-Kj. (Jón Þór.) hefir tekið fram það, sem jeg ætlaði að segja um hinn háa skatt, sem nefndin vill leggja á hunda í kaupstöðum og verzlunarstöðum; mjer finnst sem sje að þetta gjald (15 kr.) sje of hátt sett, því að hundar geta í kaupstöðum verið eins þarfir og upp til sveita til fjenaðarhirðingar og varnar; mjer virðist því eigi ástæða til að hækka skattinn upp úr þeim

10 kr., sem stóðu í hinu fyrra frumvarpi.

Að öðru leyti hefi jeg eigi neitt við frumv. að athuga, en gef því atkvæði mitt.

Jón Jónsson (þm. N.-M.): Það er einungis stutt athugasemd, sem jeg vildi gera við 4. gr. þessa frumv., eins og h. 2. þm. G.-K. (Jón Þ.), en athugasemd mín fer samt nokkuð í aðra átt en hans.

Það er sjálfsagt meiningin með hinum háa skatti, sem lagður er með ákvæðum þessarar greinar á hunda í kaupstöðum og verzlunarstöðum, að gera mönnum nær ómögulegt að halda óþarfa hunda, og sú stefna í frumvarpinu verð jeg að álíta að sje rjett; en jeg vil vekja athygli h. nefndar á því, að þurrabúðarmenn komast eptir frumv. þessu undan því, að gjalda 15 kr. skatt af hundum sínum. Þeir þurfa að eins að gjalda 2 kr. skatt, þótt hundar sjeu þeim alls ekki nauðsynlegri en kaupstaðarbúum. Þrifnaður og hirðusemi mun varla vera á svo háu stigi hjá þurrabúðarmönnum almennt, að líkindi sjeu til, að hundar verði óskaðlegri hjá þeim en í verzlunarstöðum. Jeg get því eigi sjeð ástæðu til, að vilna þeim í fremur en þeim, sem búa í verzlunarstöðum. Það er víst öllum h. þingdeildarmönnum kunnugt, að þurrabúðir eru víða strandlengis með fram fjörðum landsins; bæði út frá verzlunarstöðunum og víða annarsstaðar í þessum þurrabúðum eru haldnir margir hundar að óþörfu.

Jeg vildi þess vegna skjóta því til h. nefndar, hvort hún vildi eigi láta hið sama ákvæði gilda um skatt af hundum í þurrabúðum eins og í verzlunarstöðum.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Jeg vil, fyrir nefndarinnar hönd, lýsa því yfir, að hún er fús á að taka til íhugunar mótbárur þær, sem fram hafa komið við frumv., og mun hún reyna að samlaga sig við þá h. þingmenn, sem eitthvað hafa að athuga í þessu máli, um breytingartillögur til 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Það er sjálfsagt, eins og h. framsögumaður (Þorl. Jóns.) tók fram, að nefndin er fús á að taka öllum skynsamlegum breytingum á þessu frumv.; en viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. N.-Múl. (Jón J.) sagði, þá skildi jeg ekki vel, hvað hann meinti með því, að þurrabúðarmenn kæmust undan skattinum, þar sem í 1. gr. frumv. stendur, að hver *heimilisráðandi* skuli telja fram alla þá hunda, sem eru á heimili hans, og hlýtur það að ná eins til þeirra manna, sem í þurrabúð lifa; því að þeir eru heimilisráðendur engu síður, þótt eigi hafi þeir jarðir til ábúðar.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg segi það sama, og jeg hefi áður sagt, að jeg get eigi fellt mig við ákvæði 4. gr., bæði hvað því viðvíkur, að gjaldið skuli greiðast í peningum, sem mönnum veitir erfitt að láta, og að það skuli ganga í sýslusjóð. Innheimtan er miklu erviðari, þegar eigi verður borgað í landaurum og allt skal gjaldast í peningum, og á hinn bóginn tel jeg miklu heppilegra, að gjaldið rynni í sveitarsjóð; því það mun verða talsvert, en hreppssjóðirnir eru fátækir og þurfa á peningum að halda. Mjer þætti því betur fara, ef breyting kæmist á þessi atriði.

Jón Jónsson (þm. N.-M.): H. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) hefir eflaust misskilið mig. En jeg hefi nú, ef til vill, eigi talað nógu ljóst. Meiningin í orðum mínum var sú, að þurrabúðarmenn þyrftu eigi hunda við fremur en þeir, sem byggju í verzlunarstöðum, og þess vegna virtist mjer eigi rjett, að leggja einungis 2 kr. skatt á þá hunda, sem væru í þurrabúðum, eða hið sama gjald og annars er lagt á nauðsynlega hunda, því jeg álít þurrabúðarmönnum ónauðsynlegt að eiga hunda, og vil því, að þeir borgi jafnháan skatt af þeim eins og kaupstaðarbúar.

Ólafur Pálsson: H. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) tók fram það helzta, sem jeg vildi hafa sagt.

Jeg er mjög áfram um, að gjald þetta verði látið renna í sveitarsjóð; því jeg er sannfærður um, að með því móti mundu lögin hafa miklu meiri árangur, og menn verða miklu fúsari á að ganga eptir, að þeim yrði hlýtt. Jeg vildi því óska, að jeg og aðrir h. þm., sem sömu skoðun hafa og jeg, gætum sameinað oss við h. nefnd um breytingar í þessa átt til 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Með tilliti til athugasemdar h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) um, að nauðsynlegt væri, að hafa hunda, þar sem túnblettir væru ræktaðir í kaupstöðum, þá hefir það við nokkuð að styðjast. En þegar maður hefir hliðsjón á því, að þurrabúðarmenn rækta túnbletti í kring um búðir sínar, samkvæmt lögum um þurrabúðir, þá mundi aðgreiningin erfið, og hætt við að lögunum yrði síður hlýtt og mundi allt sækja í gamla horfið.

Landshöfðingi: Jeg álít það mjög æskilegt, að frumv. þetta geti fengið framgang, því það er mjög þýðingarmikið í heilbrigðislegu tilliti. En jeg verð að álíta, að h. nefnd hafi ekki tekizt vel í breytingum sínum, að því er snertir 4. gr. frv. Jeg kann betur við sams konar ákvæði í hinu upphaflega frv.

Jeg er alveg samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) um það, að ákvarðanir frv. sjeu óeðlilegar með tilliti til hins mikla mismunar á skattinum í verzlunarstöðum og sveitum, þar sem skatturinn er 15 kr. á hverjum hundi í kaupstöðum, en að eins 2 kr. sveitum. Í hinu upphaflega frumv. var skatturinn ákveðinn 10 kr. fyrir alla óþarfa hunda. Það verð jeg líka að álíta miklu eðlilegra, að sami skattur sje á öllum óþörfum hundum, hvort sem þeir eru í kaupstöðum eða sveitum. Þess ber líka að gæta, að sumstaðar fer alveg saman verzlunarstaður og bújörð. Jeg vil taka t. d. kaupmanninn í Þorlákshöfn. Hann er líka bóndi og á jörð, og er þá hart að meina honum að hafa hund á jörð sinni með sömu kjörum eins og aðrir sveitabændur, einkum þegar þessi bóndi hefir meira bú en flestir aðrir í hans sveit. Jeg vil, að mönnum í kaupstöðum sje heimilt að hafa hunda fyrir lögákveðna borgun, þegar þörf er á hundum þar til að verja tún og hús.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. tók fram, þá er jeg ekki á því, að gjöra eigi almennt mun á nauðsynlegum hundum og ónauðsynlegum, á sama hátt og hið upphaflega frv. fór fram á, því með því verður lögunum ekki framfylgt fremur en tilskipuninni frá 25. júní 1869. Þess vegna álít jeg rjett, að sami skattur verði lagður á alla hunda í sveitinni, án tillits til, hvort einhver hefir fleiri hunda en þörf er á eða ekki.

En af því að hundar yfir höfuð eru ónauðsynlegir í kaupstöðum og verzlunarstöðum, vil jeg, að skatturinn sje þar hærri en í sveitum, en hef þó ekki á móti, að gerð sje undantekning með þá hunda, sem kunna að þykja nauðsynlegir í kaupstöðum og verzlunarstöðum, þannig, að af þeim sje þá goldinn að eins hinn lægri skattur.

Nefndin mun taka til íhugunar bæði það og aðrar mótbárur, sem fram hafa komið, og reyna í samráði við þá h. þm., sem gert hafa þessar athugasemdir, að gera frumv. þannig úr garði, að það verði aðgengilegt.

Þórarinn Böðvarsson: Það er athugavert, að takmörk verzlunarstaðanna eru víða alveg óákveðin. En jeg vil biðja h. nefndarmenn að íhuga, hvort 15 kr. skattur á hunda í kaupstöðum er ekki nokkuð hár. Mundu 10 kr. ekki duga? Að hinu leytinu skal jeg játa það, að það eru einmitt hundarnir við þurrabúðir og í verzlunarstöðum, sem hafa gert það, að farið

hefir verið í kring um lögin, því allir, sem hafa þótzt hafa blett, hafa fengið viðkomandi hundanefnd til að samþykkja, að þeir þyrftu að hafa einn eða tvo hunda.

Loks vil jeg leyfa mjer að vekja máls á því, hvort ekki væri eins rjett að skipta gjaldinu milli sýslusjóðanna og hreppasjóðanna. Skattur þessi yrði sumstaðar líklega meiri en svo, að sýslusjóðirnir geti torgað honum, en hreppasjóðirnir munu æfinlega geta það. Hreppsnefndirnar mundu heldur ekki ganga síður eptir því, að framtalið yrði rjett, ef hrepparnir fengi að njóta góðs af gjaldinu.

ATKVÆÐAGR.:

1. gr. frumv. samþ. með 20 atkv.;
2.—3.gr. — — í einu hljóði hvor;
4. gr. samþ. með 14 gegn 1 atkv.;
5.—6.gr. — í einu hljóði hvor;
7.—8.— — með 19 atkv. hvor;
9. — — í einu hljóði.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887 (C. 31, 258); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og h. þingd. getur sjeð, með því að bera frumv. þetta saman við landsreikningana og athugasemdir yfirskoðunarmannanna, þá er það alveg samhljóða landsreikningnum, nema í 3 atriðum, þar sem athugasemdir yfirskoðunarmannanna hafa gefið tilefni til breytinga. Er það fyrst 13. töluliður í tekjunum; þar hafa verið frá dregnar 7 kr. 70 a., af því að sú upphæð var tvítalin, sem sje einnig í útflutningsgjaldi af fiski og lýsi. Hinar tvær breytingarnar eru að eins fólgnar í því, að tekjur eru þar færðar úr einum lið í annan. Þessar breytingar eru svo sjálfsagðar, að jeg hef ekki meir um þær að segja.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. allt lið fyrir lið í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 61, 258); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þessar fjárveitingar, sem hjer er farið fram á, eru allar teknar upp samkvæmt athugasemdum endurskoðunarmanna landsreikninganna; og eins og þeir hafa ekki látið í ljósi, að athugavert væri að samþykkja þær, þá hefir nefndin komizt þar að sömu niðurstöðu.

Viðvíkjandi kostnaðinum við útgáfu stjórnartíðindanna er þess að geta, að 1885 var ekki veitt meir en 1800 kr. til hennar, í stað þess að 1887 var veitt allt að 2500 kr. til hennar, enda sýndi það sig, að lægri upphæðin var ekki nægileg. Um Munkaþverárkirkju er þess að geta, að upphæð sú, sem ætluð var til viðgjörðar henni, var að eins áætluð, en kostnaðurinn varð rúmum 200 kr. meiri en gert var ráð fyrir. Kostnaðurinn til kennslu yfirsetukvenna varð töluvert meiri en áætlað var, en þar var þó ekki um neina greiðslu að ræða, er ekki væri ákveðin, nema ef vera skyldi kostnaðurinn við útgáfu kennslubókar í yfirsetukvennafræði, sem þó verður að álítast nauðsynlegur.

Viðvíkjandi 4. gr. er þess að geta, að kostnaðurinn við póstflutningana hefir um 5 fjárhagstímabil að undanförnu jafnan orðið meiri en áætlað hefir verið, og er slíkt bending fyrir fjárveitingarvaldið framvegis, því að það sýnist tilgangslaust, að ætla þá upphæð of lága, þar sem þó er sjálfsagt, að greiða þann kostnað, sem til flutninganna gengur.

Viðvíkjandi Möðruvallaskólanum er þess að geta, að honum var í fjárlögunum 1886 og 1887 áætlaðar 250 kr. á ári til ýmislegra útgjalda, en það reyndist oflítið, og hefir því í fjárlögunum 1888 og 1889 verið hækkað upp í 400 kr.

ATKVÆÐAGR.: 2.—4. gr. samþ. í einu hljóði hver um sig; 5. gr. samþ.

með 19 atkv.; 1. gr. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka (C. 249); 1. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Þegar bankalögin voru hjer fyrir á þingi 1885, komu þegar fram frá ýmsum h. þm. bendingar í þá átt, að til skyldi taka, að seðlar bankans væru innleysanlegir, en allir voru þó svo fegnir lögunum eins og þau voru úr garði gjörð, að mótbárur gegn óinnleysanlegleikanum hurfu, og það sjer í lagi af því, að af hálfu stjórnarinnar var það staðhæft, að þeir væru að eins ætlaðir til viðskipta innanlands, og svo þótti, sem ábyrgð landssjóðs væri næg trygging fyrir trausti á seðlunum.

Allt um það munu þeir, sem bankanum voru hlynntir og bankastjórnin sjálf, hafa talið það æskilegt, að landsbankinn kæmist í samband við banka erlendis, því að þeir munu hafa fundið til þess, að nauðsyn bæri til að íslenzkir seðlar gætu verið gjaldgengir fyrir utan Ísland. Tilraunir þær, sem til þess hafa verið gjörðar, hafa, eptir því, sem mjer er kunnugt, ekki heppnazt, og það af því, að seðlarnir eru ekki innleysanlegir; hafði þó einn banki í fyrstu gefið ádrátt um það. Það eru þó full líkindi til, að bæði þjóðbankinn danski, landmannabankinn og bankar í Skotlandi hefðu orðir fegnir að komast í samband við bankann hjer, ef seðlar hans hefðu verið innleysanlegir.

Að sumu leyti er það að vísu satt, að seðlarnir snerti að eins viðskipti hjer innanlands; en að sumu leyti er það ekki rjett, því að þegar landssjóður verður í Kaupmannahöfn að innleysa þá seðla, sem borgaðir eru upp í ávísanir inn í pósthúsið, þá verður það annaðhvort á þann hátt, að hann verður að senda upphæðina í gulli til Kaupmannahafnar, eða setja sig í skuld við ríkissjóðinn. Þegar þannig er, þá verður landssjóður í raun og veru að innleysa þá seðla, sem borgaðir eru upp í ávísanir gegnum póststjórnina. Þannig varð hann að senda í vetur var 111,000 kr. í gulli og 1886 50,000 kr. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að íslenzkir seðlar ganga áleiðis til Kaupmannahafnar gegnum póststjórnina. Jeg veit að þeir eru borgaðir hjer inn á póststofuna og þaðan í jarðarbókarsjóð, en þeir staðnæmast þar, og landsjóður verður þá að innleysa þá, fyrst bankinn gjörir það ekki.

Tilgangur vor flutningsm. með frumv. er sá, að bankinn takist að nokkru leyti á hendur þá innlausnarskyldu, sem nú hvílir á landssjóði vegna póstávísananna. Oss þótti það eðlilegt, að landsbankinn, sem stórgræðir á hverju ári, hlypi undir bagga með fósturföður sínum, landssjóði, sem haft hefir svo margvíslega byrði af þessu fósturbarni sínu, sem hefir þróazt og dafnað svo vel. Landssjóður hefir komið bankanum á fót, ábyrgist seðla hans, borgaði seðlagjörðina, og lagði honum töluvert fje í fyrstu.

En nú getur komið fram sú spurning, hvort bankinn hafi þá mergð af gulli og silfri, sem þarf til þess, að hann geti tekizt á hendur að innleysa seðla sína.

Til þess að skýra það skal jeg stuttlega benda á ástand landsbankans.

Eptir síðustu skýrslu um hann hefir hann í vörzlum sínum 930,262 kr. 71 e. en skuldar aptur á móti 836,498 kr. 42 a., sem sje 430000 kr. í seðlum bankans hjá landssjóði og 407000 kr. í sparisjóðsinnlögum.

Nú skulum vjer setja svo, að landsbankinn ætti að greiða þær 430000 kr., sem hann hefir fengið í seðlum frá landssjóði, og þær 407,000 kr., sem sparisjóður á innistandandi í bankanum, þá er þó eptir hrein og bein eign hans 93,764 kr. 29 a. í gulli og silfri.

Þetta er glæsilegur gróði á svo fáum árum, og mundi hver peningakaupmaður eða bankastofnun í fyllsta máta ánægð með hann, því hann samsvarar 11—12%.

En bankinn hefir umráð yfir miklu meiru fje en þessu, því að hann á í sjóði 125000 kr.; í konunglegum skuldabrjefum, og skuldabrjefum Reykjavíkurkaupstaðar 102000 kr.; og þegar eign varasjóðanna, beggja, varasjóðs landsbankans og varasjóðs sparisjóðsins (sem samkvæmt lögum er fólginn í konunglegum skuldabrjefum) eru dregnir frá, þá á hann eptir í konunglegum skuldabrjefum 31000 kr., þar næst 25,000 kr. í víxlum, sem handhægt er að koma í peninga, og 1200 kr. í ávísunum, og loks hjá landmannabankanum 991 kr.; þannig hefir hann umráð yfir 246,000 kr., en seðlaveltan nemur ekki nema um 340,000 kr. Í seðlum hefir hann reyndar tekið við 430,000 kr. frá landssjóði, en af þeim hefir hann eigi nema 340,000 í veltu og mun hann því í sjóði hafa átt 30. júní síðastliðinn í gulli og silfri 30—40000 kr.

Þegar ástand bankans er þannig, þá get jeg ekki sjeð, að það sjeu neinar öfgar, að ætla bankanum að taka að sjer innlausnarskyldu seðlanna.

Það er engan veginn nauðsynlegt, að hann gjöri það þegar í stað; það mætti t. d. kveða svo á, að það yrði ekki fyrr en að ári, og þá ætti honum þó ekki að vera ómögulegt að hafa fengið þann forða af gulli, sem til er tekinn í frumv. voru; því að fyrst og fremst gæti hann selt konungleg skuldabrjef; en auk þess gæti hann haft tvö önnur ráð til að afla sjer gulls; annað er það, að hann fengi fyrir seðla sína gull það, sem kaupmenn flytja hingað til lands; og að það gæti drjúgum dregið má ráða af því, að í sumar hefir Fischersverzlun flutt hingað 49,000 kr., Brydesverzlun 10,000 kr. og Knudtzonsverzlun um 7,000 kr. í gulli. Þessum peningum verja þeir til innanlands viðskipta, einkum til að kaupa fisk fyrir.

Ef bankastjórnin kæmi sjer vel við kaupmennina, sem öll líkindi eru til að hún reyni að gjöra, þá mundi hún geta fengið keypt gull hjá þeim fyrir seðla; því að seðlarnir mundu kaupmönnum optast eins handhægir til útborgunar eins og gullið.

Hinn vegurinn fyrir bankann til að eignast gull væri sá, sem leyfður er í 7. gr. bankalaganna; þar er honum leyft að taka lán, ef á þurfi að halda, og ef hann stæði í sambandi við aðra banka, mundi honum hægt að fá það hjá þeim.

Ef vjer tækjum það t. d. nú fyrir, að gjöra seðlana innleysanlega, þá yrði það sem bankinn nú þyrfti að eiga fyrirliggjandi af gulli 1/5 af 340,000 kr., eða ekki fullar 70,000 kr., og af þessari upphæð á bankinn nú fyrirliggjandi rúman helming eða um 35,000 kr.

Bankastjórnin segir sjálf, að hún láti ávallt gull fyrir seðla, þegar hún er beðin um það, og í einu blaði er það haft eptir henni, að henni sje eins hægt að koma út seðlum eins og gulli. Því virðist mjer, að bezt fari á, að skipa fyrir með lögum um innlausnarskyldu seðlanna, því að betra er þó að geta fengið sem rjett skipting seðla og gulls, en að eiga það undir náð.

Jeg skal minna h. deild á, að þetta mál var fyrir Ed. 1887; þá bar það fram þar einn bankafróður maður; hann fann þörfina á því, að þessi banki, eins og aðrir bankar, skipti gulli við seðla. Þá var þar komið með þá mótbáru, að það væri meginregla (princip) bankans, að skipta eigi seðlum gegn gulli; en þegar hert var á, þá var tekið daufara í strenginn, og þá sagði sá h. þingm., sem þetta var borið upp á, að «hann hefði aldrei sagt það». Það vakti fyrir öllum, þegar bankinn var stofnaður, að með tímanum

mundi hann hafa gull og silfur til að leysa inn seðla sína með. Það sýndi sig í uppástungu, sem sjálfur gæzlustjóri bankans kom með á þingi, að vandkvæði þættu að því, að dýrara er að kaupa póstávísanir en að borga undir gull, sem á að senda til útlanda; því fór þingsályktun sú, sem hann kom með, fram á, að hvorttveggja yrði jafndýrt. Þessi þingsályktun fjekk góðan byr hjer á þingi og var samþykkt í báðum deildum; en síðan vita menn ekki, hvað af henni hefir orðið; að minnsta kosti hefir hennar ekki sjezt getið í Stjórnartíðindunum. Ef þessari þingsályktun hefði verið fullnægt, þá mundi sú mótbára horfin, að hægra væri að senda gull til útlanda, en ávísanir. Það virðist eins og enginn muni eptir þingsályktuninni, og að þingmenn hafi gleymt henni, eins og stjórnin, og skal jeg því leyfa mjer að lesa hana upp:

«Alþingi skorar á ráðgjafa Íslands að hlutast til um, með samningi við hina dönsku póststjórn, að ábyrðargargjald fyrir sendingar, sem verð er tilgreint á og látnar eru á pósthús á Íslandi til að flytjast til Danmerkur, verði hið sama sem borgun sú, er greiða þarf fyrir sendingar á sömu upphæðum með póstávísunum».

Þetta er einmitt til að girða fyrir, að, ef bankinn hefði gull til innlausnar, að hann tæmdist ekki af því.

Það sem oss flutningsm. gengur til þess að koma með frumv. þetta, er, að oss finnst það ekki rjettlátt, að landssjóður hafi alla byrðina af bankanum og ábyrgðina, en bankinn sje allsendis laus við hvorttveggja, þótt hjá honum sje hin mesta búsæld og hann græði stórfje; því viljum vjer, að bankinn takist nokkuð af þessu á herðar. Þeir sem hafa stutt að gróða og búsæld bankans, eiga að vísu þakkir skyldar; en þess er að gæta, að með gróðanum fylgja skyldur. Jeg skoða landsbankann sem persónu, og það þykir mjer sjálfsagt, að æskilegt sje, að hann geti sem fyrst orðið sjálfbjarga; en þá þykir mjer líka viðurkvæmilegt, að hann liggi ekki sem fósturbarn lengur á brjóstum fósturföður síns, landssjóðs, en nauðsyn krefur.

Eins og jeg gat áðan, þá er það ekki tilgangur vor flutningsmanna, að seðlarnir sjeu gjörðir innleysanlegir þegar í stað. Það mætti setja eitthvert ákveðið tímatakmark, t. d. 1. jan. 1891, svo að hann gæti haft undirbúnings tíma, til þess að geta gengizt undir þessa skyldu sína.

Þegar gætt er að frumv., þá sjest það, að það er engan veginn meiningin, að bankinn eigi að hafa fyrirliggjandi í gulli $^1/_5$ af allri þeirri seðlaupphæð, sem hann hefir tekið við hjá landssjóði, heldur að eins $^1/_5$ af þeirri seðlaupphæð, sem hann hefir í veltu, svo að nú þyrfti gullsjóður hans, er hann hefir um 340000 kr. í seðlum í veltu, að vera ekki fullar 70,000 kr. Jeg bið menn að gæta þess, að það er að eins gagnvart þeim seðlum, sem í veltu eru, en ekki allri seðlaupphæð bankans, að hann þarf að hafa gullsjóð sinn.

Skal jeg svo ekki orðlengja meir að sinni um þetta mál, en bíða aðfinninganna og lofa öðrum að komast að.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að minna á, hvernig bankalögin frá 18. sept. 1885 eru til orðin.

Fyrst lagði stjórnin fyrir þingið 1881, til þess að hjálpa við peningaeklunni í landinu, frumv. til laga um lánsstofnanir. Þetta frumv. komst að vísu í gegnum þessa deild, en það var fellt í Ed.

Þarnæst kom frumv. um stofnun banka frá einum þingmanni inn á þingið 1883. Það fjekk heldur ekki góðan byr hjer á þinginu og var fellt í Nd. Orsökin til þessa var sjerstaklega sú, að menn gátu ekki komið sjer saman um nauðsynlega tryggingu fyrir seðla bankans. Því ef bankinn þyrfti að liggja með gull og silfur, þá gæti það staðið honum fyrir þrif-

um, þar sem mikill hluti af starfsfje hans yrði að liggja arðlaust, og erfitt að nálgast gull og silfur vegna þess, hve landið er afskekkt.

Vegna þess tók stjórnin málið að sjer, leitaði álits hjá forstjórum þjóðbankans og kom samkvæmt uppástungum þeirra fram með frumv. það um stofnun banka, sem var samþykkt af þinginu 1885 með litlum breytingum.

Í bankalögunum er leyst úr vandræðunum með því, að bankinn er ekki látinn gefa út seðlana, heldur landssjóður. Tryggingin, sem landssjóður setur, er jarðeignir hans og aðrar eignir og tekjur. Þessa seðla lánar landssjóður síðan bankanum, sem brúkar þá í sínar þarfir. Orsökin til þess, að það er ekki nauðsynlegt, að seðlarnir sjeu innleysanlegir, er fyrst sú, að tryggingin er yfirgnæfanleg, þar sem er landssjóður með öllum sínum jörðum og eignum. Í öðru lagi er orsökin sú, að seðlaútgáfan er einskorðuð við tiltekna upphæð, nefnilega 500,000 kr., sem er minna en nauðsynlegt er til að vera í »circulation« milli landsbúa, enda vita menn, að þegar myntinni var breytt í krónumynt, þá var um ein og hálf miljón króna í »circulation« meðal landsbúa. Hins vegar hefir aldrei verið ætlazt til, að seðlarnir gangi í öðrum löndum, eins og heldur ekki er títt með seðla annara landa.

En ef nú þessu er breytt og seðlarnir gerðir innleysanlegir, hver á þá að innleysa þá? Auðvitað sá, sem hefir gefið þá út, þ. e. landssjóður. Það getur aldrei komið til mála, að skylda aðra til þess. Þegar því seðlar bankans verða gerðir innleysanlegir, þá er það það fyrsta, sem bankinn gerir, að hann fer í landssjóðinn og segir: Nú vil jeg hafa gull og silfur hjá þjer til þess að innleysa seðlana, sem þú hefir lánað mjer.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) má hlægja að þessu; en honum verður erfiðara að hrekja það. Það er auðsjeð, hvernig í öllu liggur. Hann hefir í frumv. sínu blandað saman landssjóði og landsbankanum, og þannig beint sókninni að röngum málsaðila; og þó ekki væri annað að frumv. en þetta, þá er það nóg til þess, að frumv. getur aldrei orðið að lögum.

Það var annars skrítið, þegar h. flutningsm. (Gr. Th.) var að telja upp ráð, sem bankinn gæti haft til þess, að eignast nóg gull og silfur, að hann skyldi þá ekki benda á hið allra einfaldasta ráð til þessa, nefnil. það, að ganga á pósthúsið með seðla sína og kaupa þar ávísun til Kaupmannahafnar. Þá gæti bankinn fengið upp aptur sömu upphæð í gulli, að frádregnum, auðvitað, kostnaðinum við sendinguna. Fyrir að eignast á þennan hátt 500,000 kr. í gulli borgar hann c. 570 kr., sem hann getur fljótlega unnið upp aptur. Þessi aðferð yrði langkostnaðarminnst og hægust fyrir landsbankann.

En fær h. þm. þá fram það, sem hann vill?

Nei. Aðalgallin á þessu frumv. er sá, að það snýr sjer ekki að rjettum hlutaðeiganda, heldur að þeim, sem fengið hefir seðlana að láni með þeim skilyrðum að borga rentur af þeim. En það er landssjóður, sem ber alla ábyrgðina.

Páll Briem: Jeg er á móti þessu frumv. um breyting á bankalögunum, því mjer finnst það að eins valda erfiðleikum, en ekki bæta úr neinu því, sem reynzt hefir illa við bankann hjer á landi. Það hefir reynzt ópægilegt við landsbankann, hvernig varið er lánum hans til bænda. Aptur hafa menn ekki fundið til þess sem neinna verulegra ópæginda, þó seðlar bankans væru ekki innleysanlegir. Afleiðingin af því, að samþykkja þetta frv., yrði sú ein, að landssjóður yrði að festa meir en 100,000 kr. í bankanum í gulli og silfri. Þessu fje yrði landssjóður að

snara út og yrði það mikill skaði fyrir hann, fyrst og fremst vaxtatap, og svo kæmist hann í enn meiri skuld við ríkissjóð.

Jeg skal að vísu játa, að fyrirkomulag á bankanum er eigi alveg hættulaust. Fyrst og fremst er það hættulegt, ef landssjóður lánar út fleiri seðla, en hann á fje fyrir. En það hefir hann ekki gert hingað til, og það eru ekki neinar ástæður til að ímynda sjer, að hann muni gera það framvegis.

Annar annmarkinn er sá, að það safnast töluvert af seðlum í landssjóð, og hefir hann þá minna á vöxtum en ella; þetta er annmarki við fyrirkomulag bankans. Ef viðskiptaþörfin heimtar lítið af seðlum, þá safnast þeir fyrir í landssjóði, og þá líður hann nokkurn skaða við vaxtatap og getur komizt í ópægilega skuld við ríkissjóð. Þetta hygg jeg að stjórnin hafi íhugað, og þessvegna setti hún í bankalfrv. sitt 1885, að bankinn skyldi borga til landssjóðs 2% af seðlaupphæðinni, fyrir þann skaða, sem leiðir af því fyrir landssjóð, að þurfa að liggja með arðlausa peninga í seðlum. Þessari rentu var breytt í 1% hjer á þingina, og ímynda jeg mjer, að sú breyting hafi verið vanhugsuð. Þessu væri því, ef til vill, ástæða til að breyta í bankalögunum, ef landssjóður þykir tapa of miklu við að liggja með bankaseðlana. Það er að mínu áliti gott, að þessu máli hefir verið hreyft, því við það geta menn leitt athygli að vankvæðum laganna.

Eiríkur Briem: H. flutningsm. (Gr. Th) sagði svo margt, sem ekki stóð í neinu sambandi við frumv. það, sem um er að ræða, og margt af því, sem hann sagði, var sprottið af misskilningi.

Svo jeg taki eitt einstakt dæmi upp á misskilning hans, þá ætlaði hann, að því er mjer heyrðist, að reikningshalli landssjóðs við ríkissjóðinn stæði í sambandi við útgáfu seðlanna. En það segir sig sjálft, að reikningshallinn er eingöngu sprottinn af því, að tekjur landssjóðs hafa verið minni en útgjöldin.

Það, sem h. flutningsm. sagði um varasjóð sparisjóðs Reykjavíkur í sambandi við landsbankann, var einnig sprottið af misskilningi. Það er sjerstakt fje, sem bankinn á ekki beinlínis. Sparisjóðurinn er lagður inn í landsbankann þannig, að þau ákvæði haldast, að varasjóður hans sje fyrst og fremst trygging fyrir eignum sparisjóðsins, en að því leyti, sem eigi þarf á honum öllum að halda í þessu skyni, þá má verja nokkru af honum á sjerstaklegan hátt. Varasjóður sparisjóðsins er því ekki þess konar fje, sem á að blandast saman við fje landsbankans, heldur er hann að skoða sem geymslufje.

Fyrirfram greiddir vextir eru í rauninni heldur ekki eign bankans, fyrri en sá tími er liðinn, sem þeir eru greiddir fyrir; og skuldabrjef móti veði í fasteignum hafa ekki undir öllum kringumstæðum ákvæðisverð. Bankastjórnin vonar — en það er ekki gefin sök — að veðin seljist fyrir eigi minna en ákvæðisverð skuldabrjefanna, að viðbættum kostnaði, þar sem nauðsynlegt verður að ganga að þeim. Dæmi þess, að veðskuldabrjef nema ekki ákvæðisverði sínu, höfum vjer einmitt nú, þar sem fasteign á Vesturlandi stendur í veði fyrir skuld til sparisjóðs Reykjavíkur, sem orðin er að öllu samtöldu á áttunda þúsund krónur, en ekki hefir verið boðið í hana nú meira en 2000 kr.

Þar sem h. flutningsm. skoðaði það sem viðurkenningu frá bankastjórninni um, að seðlarnir ættu að vera innleysanlegir, að hún hefði gert tilraun til að fá seðlana innleysta í bönkum erlendis, þá skal jeg taka það fram, að margir kaupmenn kringum landið höfðu í byrjun ýmigust á seðlunum, af því að þeir óttuðust, að þeir gætu eigi notað þá, þegar þeir þyrftu að senda peninga til útlanda. Þetta kom til tals á þinginu 1886, og

lýsti landshöfðingi þá yfir, að úr þessu mundi bætt með því, að útbýta til póstafgreiðslumanna eyðublöðum undir póstávísanir, og síðan hefir þessi óbeit þeirra á seðlunum horfið. Jeg vissi dæmi til þess, áður en þetta komst í kring, að seðlar frá landsbankanum bárust til Kaupmannahafnar og voru ekki teknir nema með afföllum. Þetta vildi bankastjórnin koma í veg fyrir, og það var áður en breytingin komst á með póstávísanirnar. En við tilraun hennar kom fram spurningin um ábyrgð á fölskum seðlum, er búnir væru til erlendis, og þá ábyrgð vildi bankastjórnin með engu móti leggja á landsbankann. En að búa til falska seðla hjer á landi, er alveg ómögulegt. Til þess þarf bæði kostnaðarsöm áhöld og marga vana menn. En þótt falskir seðlar kæmu hingað inn frá útlöndum, þá væri ómögulegt að koma þeim út hjer á stuttum tíma svo miklu næmi, en erlendis gæti það átt sjer stað, og bankastjórnin vildi enga ábyrgð hafa á því. En, sem sagt, við greiðari aðgang að póstávísunum hefir alveg horfið ástæðan til þess, að seðlarnir væru að nokkrum mun sendir til útlanda. Þó hafa nokkrar þúsundir borizt í seðlum til Kaupmannahafnar, og hefir »Landmandsbanken« innleyst þá. *(Gr. Th.*: Með afföllum!).

Þá skal jeg geta þess viðvíkjandi frumv. sjálfu, að jeg skil ekki vel samband þess við ræðu h. flutningsm.

Í frumv. stendur: »Allajafna skal bankinn hafa til taks í gulli og silfri einn fimmta af andvirði þeirra seðla, sem í veltu eru meðal manna.« En mjer heyrðist ekki betur, en að h. flutningsm. segði skýlaust, að bankinn skyldi ávallt hafa þessa upphæð eptir 1. jan. 1891.

Þá stendur enn í frumv.: »Svo má og í bankanum fá seðlum skipt gegn öðrum seðlum, eður og gegn gulli og silfri.« Eptir því sem orðin liggja, þá getur bankinn fullnægt þessu með því, eptir því sem honum sýnist og hann á hægt með, að láta menn fá annaðhvort seðla eða myntaða peninga; en sjeu orð frumvarpsins svo að skilja, þá er ákvörðunin óþörf. En á orðum flutningsmanns heyrðist mjer, að sú væri meiningin, að innleysanlegleikinn yrði gerður að bindandi ákvörðun; en þá kemur hættan fram. Þá getur það að borið, að menn heimti tugi þúsunda gulls út úr bankanum til þess að senda það til útlanda, og hvöt til þess gæti meðfram verið það, að það kostar minna að senda stórar upphæðir í gulli en með póstávísunum. Setjum nú svo, að bankinn hafi í dag einn fimmta af seðla-andvirðinu, sem í veltu er, en á morgun verði beðið um að skipta 70,000 kr. í seðlum fyrir gull. Hvað hefir hann þá af þessum fimmta parti til að skipta með á miðvikudaginn? *(Gr. Th.*: Ef þetta kemur fyrir!). Já, ef það kemur fyrir; það verður að gera ráð fyrir, að það geti komið fyrir, sem ákveðið er með lögum, að megi koma fyrir. Hvernig ætti nú bankinn að komast út úr þessu? Ef bankinn ætti ávallt innan viss tíma að geta útvegað einn fimmta af þeim seðlum, sem eru í veltu, þá leiddi þar af, að bankinn þyrfti að haga sínum eignum svo, að hann á stuttum tíma gæti gert úr þeim myntaða peninga, gull og silfur.

Nú er almenn umkvörtun um það, að menn geti ekki fengið lán upp á lengri tíma en 10 ár. En ef þetta frumv. verður að lögum, þá verður bankanum alveg ómögulegt að lána mikið fje út til 10 ára, hvað þá heldur í lengri tíma. Þetta leiðir beinlínis af því, að hann þarf að vera við því búinn, að verja svo og svo miklu af eigum sínum í myntaða peninga. Eini vegurinn til þess, að geta haft peninga á reiðum höndum, væri sá, að binda lítið eða ekkert fje um langan tíma.

Viðvíkjandi þingsályktunartill. þeirri, sem hann eignaði mjer, skal jeg geta þess, að hún er að vísu eptir mig, en líka marga aðra. Hún kom frá nefndinni í

bankamálinu, því hún sá 1885 fram á, að kaupmenn kynnu að komast dálítið billegra út úr því, að senda peninga til útlanda í gulli, heldur en með póstávísun, og þetta gæti gefið tilefni til, að þeir síður vildu seðlana.

Það er því að mínu áliti engin ástæða til að breyta því, sem nú á sjer stað með innleysanlegleik seðlanna. Innleysanlegleiki seðlanna hefir enga verulega þýðingu fyrir landsbúa, að því einu undanskildu, að menn gætu sent gull til útlanda fyrir dálítið vægari borgun, en menn nú gefa fyrir póstávísanir. En ef peningarnir eru látnir í skúffuna, þá stendur á sama, hvort þeir eru í gulli eða seðlum, og allt, sem borga þarf innanlands, má eins borga með seðlum eins og gulli.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Það eru sjer í lagi 2 mótbárur, sem komið hafa fram gegn þessu frv.; önnur frá hæstv. landsh., hin frá 1. h. þm. Húnv. (E. Br.).

Hæstv. landsh. lagði áherzlu á það, að það væri ekki bankinn, sem hefði gefið út seðlana, heldur landssjóður; það gæti þess vegna aldrei orðið skylda bankans að innleysa seðlana, heldur landssjóðs.

Þar sem nú er ákveðið, að bankinn megi innleysa seðlana fyrir gull og silfur, þá sje jeg ekkert á móti því, að þetta ákvæði sje hert svo, að hann sje skyldur að innleysa þá eða gera þetta leyfi að skyldu, og þar sem bankinn hefir einlægt innleyst seðlana, þá er þetta að eins orðamunur, en ekki meiningamunur.

H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) var í vandræðum með að finna út ráð til að fullnægja þessum ákvæðum, sem hjer er farið fram á. Þó að jeg ekki vildi aðhyllast ráð hæstv. landsh., þá furðar mig stórum, að hann skuli ekki hallast að því þjóðráði, er hann gaf, nefnilega því, að fara með seðlana á póststofuna, og skipta þeim fyrir póstávísanir; það getur kann ske verið þjóðráð fyrir bankann, þó það sje heldur dýrt fyrir landssjóð, því við það mundi skuld landssjóðs við ríkissjóð mest aukast, en með þessu ráði þyrfti bankann aldrei að skorta gull.

Hingað er flutt mikið af gulli til verzlana; þetta gull getur bankinn fengið í skiptum við seðla. Í öðru lagi: væri bankinn í sambandi við banka erlendis, þá gæti hann æfinlega fengið lán hjá þeim, og á því þyrfti ekki að standa nema eina póstskipsferð, og þegar menn vita, að bankinn er »solid», og á töluvert umfram þarfir sínar.

Það sem h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) sagði um varasjóð Reykjavíkur sparisjóðs, þá er það að líkindum rjett, því hann hlýtur að vita það; en jeg og fleiri hafa álitið, sem hann væri »innlimaður» í bankann —, því þar sem sami er reikningur fyrir bankann og varasjóð sparisjóðsins, þá er ekki að furða, þó jeg, ófróður leikmaður, og mínir líkar, álíti, að varasjóðurinn sje innlimaður í bankann.

Hæstv. landsh. gjörði athugasemd, sem jeg held að ekki sje rjett, nefnilega þá, að þó seðlar landsbankans yrðu innleysanlegir, þá gengju þeir allt fyrir það ekki í útlöndum. Jeg veit þó ekki betur en norskir og sænskir seðlar gangi í Danmörku, og danskir, norskir og sænskir seðlar ganga í Hamborg; í London má einnig fá þeim víxlað. *(Landsh.:* Með afföllum). Getur verið. En svo er það hvorki í Hamborg, Noregi nje Svíþjóð; og vegna hvers? Vegna þess að þeir eru innleysanlegir. Og því skyldi ekki hið sama gilda um íslenzka seðla, ef þeir væru innleysanlegir? Hvort heppilegra og hagkvæmara mundi verða, skal jeg láta h. þm. dæma um.

Eina ástæðan, sem á nokkrum rökum er byggð, var sú hjá h. 1. þm. Húnv. (E. Br.), að hætt yrði við að seðlarnir yrðu falsaðir, en þetta getur alsstaðar komið fyrir. Það er eitt af þeim slysum og óhöppum, sem hæglega geta fylgt brjef-

peningum; en seðlafölsunin er hæg nú þegar, þó seðlarnir sjeu ekki innleysanlegir; því svo mikið mun vera af íslenzkum seðlum í Kaupmannahöfn, að þjófur eða falsari þar gæri víst hæglega fengið seðla til að falsa eptir og sent svo hingað upp; svo þá er sama hættan, hvort þeir eru innleysanlegir og gjaldgengir eða ekki; og er svo þessari mótbáru þar með svarað.

Jeg get því ekki sjeð, að það sjeu neinar ófgar, þrátt fyrir það, þó að landssjóður hafi gefið út seðlana, að bankanum samt sje gert að skyldu að innleysa þá, því það er augljóst, að það mundi verða til að auka traust bankans, og þá er traust hans er aukið, eykst og viðgangur hans og vöxtur.

Eins og bankinn er nú, þá er hann líkur þeim manni, sem vill láta steyptar krónur fljúga í munn sjer, án þess að hafa nokkuð fyrir; jeg skal játa það, að innlausn seðlanna eykur að vísu áhyggjur og umsvif bankastjórnarinnar, en það eru áhyggjur, sem að minni hyggju, borga sig.

Það var aldrei meiningin með landsbankanum, að hann skyldi að eins vera gróðastofnun, en ekki gera allt, sem nauðsynlegt er til að fullnægja sem bezt kröfum sínum sem banki.

H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) talaði um, að þessar 70,000 kr. gætu orðið teknar í einu, ef ótti kæmi upp gegn bankanum, eins og stundum í öðrum löndum. En það er ómögulegt, að slíkt geti komið fyrir hjer, því þegar menn sjá reikninga bankans á hverjum ársfjórðungi, geta menn kynnt sjer hag hans og sjeð, að hann stendur sig vel; þegar menn einnig vita, að bankastjórnin og landsstjórnin eru mjög gætnar í öllu því, er bankanum við kemur, þá hafa menn því síður ástæðu til að óttast. Þar að auki er óhugsandi, að hægt væri að smala öllum seðlum að norðan, vestan og austan á stuttum tíma, því þar mun þó ætíð mikið af seðlunum í veltu, og koma með þá alla í einu; í hæsta lagi gæti maður hugsað sjer, að 12,000 kr. kæmu með hverjum pósti; svo er líka aðgætandi, að þess meira af gulli og silfri, sem úr bankanum gengur til að innleysa seðlana, þess minna er af seðlunum í veltu, og þess minna þarf að hafa fyrirliggjandi af gulli og silfri; ef 300,000 kr. í seðlum eru úti í veltu, og 100,000 kr. af þeim innleyst, þá eru eptir 200,000 kr. í seðlum úti, og eptir frv. þyrfti bankinn þá ekki að hafa fyrirliggjandi í gulli og silfri nema 40,000 kr., í staðinn fyrir að áður þurfti hann að hafa 60,000 kr.

Það er auðsjáanlegt, að h. þm. (E. Br) og aðrir, sem á móti þessu frv. mæla, hafa ekki sett sjer fyrir sjónir, hvílík freisting það getur verið fyrir landsstjórnina, að gefa út meira af seðlum, ef landið kemst í mikið basl.

Hvers vegna varð bankahrunið í Danmörku 1815? Vegna þess að stjórnin gaf út meiri seðlamergð en skyldi.

Hvers vegna fór bankinn í Glasgow um árið?

Hvers vegna verða 10—12 bankahrun á hverju ári í Ameríku og á Englandi? Alveg af sömu ástæðu: ofmikið af seðlum gefið út. Skyldi slíkt koma fyrir okkur, þá er gott að hafa slíka ákvörðun og þessi er.

Vjer flutningsmenn vitum vel, að frv. er ekki eins vel orðað og skyldi, og munum vjer lagfæra það til 2. umr.; sömuleiðis ákveða tímatakmarkið, þá lögin eiga að öðlast gildi.

Eiríkur Briem: Jeg verð að svara fám orðum hinni síðustu ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hann sagði, að það, að viðlagasjóður sparisjóðs Reykjavíkur kaupstaðar væri færður til í bankareikningunum, bæri þess vott, að hann væri eign bankans. En það er ekki fremur ástæða til þess að segja það, en að innlög í sparisjóðinn, sem lögð

eru inn í bankann og færð til á reikningi hans, sjeu eign bankans.

H. þm. (Gr. Th.) sagði, að jeg hefði ekki tekið eptir því þjóðráði, sem hæstv. landsh. hefði lagt á, til þess að afla bankanum gulls, sem sje, að fara með seðlana á pósthúsið og kaupa póstávísun, til að láta senda sjer gull frá útlöndum; en honum hefir víst aldrei dottið í hug, að mjer eða öðrum mundi sýnast það þjóðráð, því seðlana, sem póstávísanirnar væru keyptar fyrir, mætti koma með til bankans næsta dag og heimta þeim skipt. Svo gæti farið, að komið yrði í einu með 70,000 kr. í seðlum og heimtað gull fyrir *(Gr. Th.:* það er ómögulegt); að minnsta kosti gæti landssjóður gert það; og fyrst frv. gerir það mögulegt að þetta geti komið fyrir, þá þarf líka að búa svo um hnútana, að bankinn standi ekki uppi ráðalaus, ef sá mögulegleiki kæmi fyrir. Ef komið væri með meir en 70,000 kr. í seðlum og heimtað gull fyrir, þá mundi bankinn með öllu ráðalaus með að fullnægja innlausnarskyldu sinni; og þó það væri ekki nema 70,000 kr. þá yrði hann að reyta sig svo að gulli, að hann stæði uppi ráðalaus og peningalaus daginn eptir, ef þá væri krafizt af honum skipta á gulli fyrir seðla.

Ekki væri þá heldur að miklu gagni að nota það ráð, að kaupa ávísan á pósthúsinu og fá hana borgaða með gulli frá Kaupmannahöfn, því að fyrir það fyrsta kæmi það gull ekki fyr en með næstu ferð, og það gæti orðið helzt til seint.

Ekki þyrfti landssjóður heldur annað að gera, en að fara með seðla þá, sem bankinn borgaði á pósthúsið fyrir ávísan, aptur til bankans og heimta gull af honum fyrir þá.

Í staðinn fyrir það, að traust bankans mundi vaxa við þetta eins og h. þm. (Gr. Th.) gerir ráð fyrir, þá eru öll líkindi til, að það þvert á móti mundi minnka; því að það liggur í augum uppi, að ef hverjum manni væri sýnilegt, að hann gæti ekki fullnægt innlausnarskyldunni, þá yrði það til að veikja traust hans, en ekki til að styrkja það.

Jeg er ekki fullkunnugur því, hvort útlendir seðlar ganga affallalaust landa á milli; en heyrt hefi jeg um norska seðla, að þeir gangi í Danmörku með $^1/_4$% afföllum. Fyrir mig hefir það komið í Englandi, að jeg hafði þar ekki með mjer nóg enskt gull, heldur danskt, og gat jeg ekki fengið því skipt þar, heldur varð að fara með það til gullsmiðs og selja það sem brotagull. *(Gr. Th.:* Það hefir víst verið í einhverjum smábæ). Það var í Cambrigde; og þegar útlendir gullpeningar ganga þar ekki betur en þetta, þá ræður að líkum, hvernig seðlar muni ganga þar.

Viðvíkjandi seðlasvikum er þess að gæta, að bankinn á Íslandi stendur ver að vígi, en aðrir bankar; þar má þegar í stað senda út málþráðar skeyti, er svikin komast upp, en hjer er ekki því að fagna.

Það er ekki rjett skoðað, að bankinn þurfi ekki að græða; hann þarf þess einmitt til þess, að enginn hafi ástæðu til að bera vantraust til hans. Ef hann getur aflað sjer fulls trausts innan lands og utan, þá er það beinasti þrifavegur fyrir hann, og beinasti vegur til þess, að hann geti komizt í samband við banka erlendis, og yfir höfuð orðið að því gagni, sem allir óska eptir.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Þegar menn sjá, að veltan í bankanum er allt að miljón kr., þá getur ekki hjá því farið, að margir borgi inn í hann ekki einungis seðla, heldur og gull og silfur. En þá væri bankanum innan handar að borga út meir í seðlum, en halda eptir gulli sínu, og safna sjer þannig gullforða. Enginn af þeim, sem lagt hafa inn í sparisjóðinn seðla, gull og silfur, mundi geta haft á móti því, að taka út aptur tóma seðla. Þannig hefir bankinn ýms ráð til að byrgja sig upp

með gull. Jeg neita því fastlega, að það geti komið fyrir, að 1/5 af seðlum þeim, sem bankinn hefir í veltu, geti borizt að honum í einu. Seðlarnir eru víðar í veltu en í Reykjavík og kringum hana; þeir eru út um allt land. Jeg er sannfærður um, að ef bankastjórnin *vill*, þá getur, hún fullnægt því, sem frv. fer fram á, ef hún fær nægan tíma til undirbúnings; og vjer flutningsmenn munum koma með breyting í þá átt, að henni veitist hann.

Landshöfðingi: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) neitaði því, að það gæti komið fyrir, að komið væri með 70,000 kr. í seðlum í bankann í einu til þess að fá þeim skipt þar fyrir gull. En það er einmitt líklegt, að spekúlantar mundu nota sjer það ráð, að kaupa upp seðla og fara með þá í bankann og heimta þeim skipt þar fyrir gull, og selja bankanum sjálfum síðan það gull með uppskrúfuðu verði aptur. H. þm. (Gr. Th.) þarf ekki að hlægja að þessu. Íslendingar geta alveg eins lært að spekúlera og aðrir, og annarsstaðar hefir þessu líkt komið fyrir.

Jeg skil ekki sambandið milli tveggja síðustu málgreinanna í frv. Í fyrri málsgreininni segir, að bankinn skuli alla jafna hafa til taks í gulli og silfri 1/5 af andvirði þeirra seðla, sem í veltu eru; en í síðari málgreininni segir: «Svo má og í bankanum fá seðlum skipt gegn öðrum seðlum, eður og gegn gulli og silfri». Þetta tvennt virðist mjer ekki vel samrýmanlegt; það er ekki nóg, að bankinn hafi í gulli og silfri 1/5 af andvirði þeirra seðla, sem í veltu eru, því að ef krafizt er gulls eða silfurs fyrir meira en 1/5 af veltuseðlum bankans, þá er hann einnig skyldur að láta það af hendi.

Það er sjálfsagt, að jeg er ekki eins kunnugur bönkum erlendis og h. þm. Borgf. (Gr. Th.); en mjer hefir verið sagt af kunnugum mönnum, en sem að vísu munu ekki eins bankafróðir og h. þm. (Gr. Th.), að í «National»-bankanum danska sjeu norskir og sænskir seðlar nú teknir með 1/4 % afföllum. Auðvitað er það, að h. þm. (Gr. Th.) getur lýst þetta ósannindi, ef honum þóknast; jeg get ekki sannað það í svipinn; en hitt veit jeg, að það er ómögulegt að koma út dönskum seðlum í Skotlandi, nema með miklum afföllum.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg talaði ekki um, að útlendir seðlar gengju í bönkum með fullu ákvæðisverði; en það get jeg sannað, að þeir ganga affallalaust manna á milli í viðskiptum þeirra. Skröddurum og skómökurum dettur ekki í hug, að fella þá í verði, ef þeim eru fengnir þeir fyrir vöru sína. Það getur vel verið, að þjóðbankinn taki ekki neina seðla, og eigi einu sinni «Bank of England notes», nema með afföllum. En hvað því viðvíkur, hvernig frv. er orðað, þá má laga það til 2. umr. Ef seinasta málsgreinin þykir koma illa við, þá má laga hana, svo að frv. komist í betra samræmi en nú þykir vera. Við flutningsmenn ljetum sem sje síðustu málsgrein í 4. grein bankalaganna halda sjer, og skutum inn fyrir framan hana breytingartillögu vorri; en slíkt er hægt að laga, ef þess þykir þurfa.

Páll Briem: Viðvíkjandi því, sem h. flutningsm. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat um, að norskir og sænskir seðlar gengju alstaðar á Norðurlöndum, án afsláttar, þá skal jeg geta þess, að jeg hef nokkrum sinnum erlendis þurft að fá þess konar seðlum skipt við danska peninga, og hvergi fengið það nema með 1/4% afslætt; það er jafnvel eigi ætíð hægt að fá þeim skipt í búðum í Danmörku, nema þegar svo á stendur, að kaupmaðurinn hefir hag á að selja vöru sína gegn þeim. Þannig hafa góðar bókaverzlanir í Kaupmannahöfn neitað mjer að taka þessa seðla fyrir bækur, nema með afföllum, og sama er að

segja um víxlara, að þeir taka þá eigi nema þeir fái $^1/_4$%; en auðvitað er, að þegar menn kaupa í búðum fyrir litla upphæð, svo sem 10 kr., þá þykir verzlunarmönnum eigi taka því, að neita þessum seðlum.

En hvað því viðvíkur, sem h. flutningsmaður (Gr. Th.) sagði, að eigi gæti komið fyrir, að heimtað yrði af bankanum að hann skipti 70 þús. kr. í einu, þá vil jeg að eins taka eitt dæmi. Vjer vitum, að útflutningslínur hafa á einu sumri flutt hjeðan af landi um 1200 farþegja; og nú vil jeg spyrja h. flutningsm. (Gr. Th.), hvernig bankinn ætti að fara að, ef útflutningsstjórar, eins og vel getur fyrir komið, fyndu upp á að taka öll fargjöldin, um 160 þús. króna, sem þeir hefðu fengið borguð í seðlum, og heimtu þau útborguð af bankanum? Þetta tilfelli er alls eigi óhugsanlegt.

Yfir höfuð verð jeg að vera á móti frv. þessu, og álít að það eigi gjöri nema illt eitt, þar sem bankinn eigi getur fullnægt þeim skilyrðum, sem frv. heimtar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðlu, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Páll Ólafsson
Grímur Thomsen	Sigurður Jensson
Gunnar Halldórsson	Eiríkur Briem
J. Jónss. 1. þm. N.-M.	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Jónas Jónassen	Jón Þórarinsson
Olafur Pálsson	Ólafur Briem
Sigurður Stefánsson	Páll Briem
Sveinn Eiríksson	Þórarinn Böðvarsson
Þorlákur Guðmundss.	Þorsteinn Jónsson
Þorleifur Jónsson	
Þorvaldur Bjarnarson	
Þorvarður Kjerúlf	

Tuttugasti og fjórði fundur, þriðjudag 30. júlí á hádegi. Allir á fundi nema þm. Rvík. (J. Jónassen), sem hafði tilkynnt forföll.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og lagt fram á lestrarsalinn:

1. Reikningur sendur fjárlaganefndinni frá yfirsetukonu Þorbjörgu Sveinsdóttur.
2. «Forelöbig Betænkning» frá hæstarjettarmálfærslumanni Oktavíus Hansen viðvíkjandi Fensmarksmálinu.
3. Brjef frá hæstarjettarmálfærslumanni Oktavius Hansen til forseta neðri deildar alþingis 1889 viðvíkjandi Fensmarksmálinu.
4. Tillaga prófastsins í Barðastrandarprófastsdæmi um að síra Jóni Jónssyni á Stað á Reykjanesi verði veitt 200 króna árleg uppbót.

Forseti gat þess ennfremur, að til innanþingskrifara í deildinni hefðu þeir cand. med & chir Sig. Sigurðsson og stud. juris. Jóhannes Jóhannesson verið teknir.

Frumv. til laga um eyðing refa (C. 242, 308); 3. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Breyt.tillögur nefndarinnar eru gjörðar eptir bendingum hæstv. landsh. og annara h. þm., er talað hafa í málinu við hinar fyrri umræður. Jeg vona því, að þær mæti engri mótspyrnu, og að málið í heild sinni nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 308) samþ. allar í einu hljóði, hver út af fyrir sig, nema hin síðasta: að aptan við 9. gr. komi ný málsgrein, sem var samþ. með 19 atkv. gegn 1.

Frumv. (C. 242) í heild sinni þannig breytt samþ. í einu hljóði, og síðan sent Ed.

Frumv. til lag aum stofnun stýrimannaskóla á Íslandi (C. 277); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. forseta, hvort hann finnur ekki ástæðu til, að taka

mál þetta út af dagskrá í þetta skipti. Nefndin hefir eigi haft tíma til þess að íhuga málið nógu nákvæmlega og koma fram með breytingar, er hún kann að álíta nauðsynlegar; sumt getur hafa misprentazt og eitthvað kann að hafa fallið úr við prentunina, eins og t. d. talan á seinustu greininni. Jeg vil því leyfa mjer að skora á h. forseta, að fresta málinu, að minnsta kosti til morguns.

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

Frumv. til laga um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar (C. 123); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. var umræðulaust samþ. með 18 samhljóða atkv. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ágúst 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 286); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var umræðulaust samþ. með 17 samhljóða atkv. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á þingsköpum alþingis (C. 268, 282); 3. umr.

Páll Briem: Þegar frumv. þetta var síðast til umræðu hjer í deildinni var það í 2 greinum. Í annari gr. þess var gjört ráð fyrir, að hlutfallskosningu mætti við hafa við nefndarkosningar, ef $^1/_3$ hluti þingmanna æskir þess. Að öðru leyti var eigi nákvæmar kveðið á um, hvernig hlutfallskosningin skyldi fara fram. Við aðra umr. málsins var önnur gr. frumvarpsins felld.

Nú hef jeg og nokkrir aðrir h. þm. komið með viðaukatillögu (C. 282) til 3. umr.; er í henni farið fram á, að hlutfallskosningu megi viðhafa, þegar $^1/_3$ hluti þm. æskir og jafnframt kveðið á um, hvernig hlutfallskosningin skuli fara fram. Sá kafli viðaukatillögunnar er, að aðferðinni lýtur, er þýðing úr 37. gr. þingskapa landsþingsins í Danmörku.

Sumum kann ef til vill að sýnast þessi aðferð nokkuð óaðgengileg; en jeg held að það sje eigi nema á pappírnum, og að hún muni eigi baka neinn vanda, allra sízt hjer á landi, þar sem þingmenn eru svo fáir.

Mjer finnst það vera bein rjettlætiskrafa, að hlutfallskosningar verði leyfðar, einkum í Ed., þar sem það er undir tilviljun komið, hvort hinir þjóðkjörnu eða hinir konungkjörnu verða í meiri hluta. Meiri hlutinn getur, ef hann vill, bægt minni hlutanum frá, að hafa nokkur áhrif á málin, bæði með því að útiloka minnihlutamenn frá nefndum, þótt þeir ef til vill sjeu flutningsmenn frumv., o. s. frv. Komist hlutfallskosning á, getur minni hlutinn þó að minnsta kosti komið sínum helzta manni í nefndir og haft með því nokkur áhrif á málin.

Að hinu leytinu getur það eigi verið nein ástæða fyrir stjórnina til þess að neita frumv. staðfestingar, af því að ákvæðið um hlutfallskosningar væri tekið upp í það; því bæði er þetta svona hjá Dönum sjálfum, og svo hefir stjórnin komið fram með sams konar uppástungu fyrir nokkru síðan, en sem þá var felld af þinginu. Í sambandi við þetta frumv. er krafan um hlutfallskosningar hrein og bein rjettlætiskrafa.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 282) samþ. með 14 samhljóða atkv. 2. og 3. breyt.till. samþ. án atkv.gr.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. með 17 samhljóða atkv. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um uppfræðing barna (C. 263); 2. umr.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Í frumv. þessu eru fá nýmæli; hið eina

sem heimtað er sem skilyrði fyrir fermingu og sem áður hefir heimtað verið, er rjettritun, auk skriptar og reiknings.

Næsta nýmælið er í 3. gr., nefnilega, að árlega skuli próf haldið og öll börn á fermingaraldri gangi undir það. Til tryggingar prófinu skulu tveir prófdómendur vera við; skulu þeir kosnir til eins árs, annar af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn af hlutaðeigandi sóknarnefndum. Það hefir mætt mótspyrnu áður, að kunnátta í skript og reikningi sje gjörð að skilyrði fyrir því, að barnið verði fermt; en nefndin hefir mildað málið, bæði með því, að setja einkunnina, sem barnið þarf að ná til þess, að hafa staðizt prófið, mjög lága, og svo með ákvæðinu um, að vankunnátta í þessum greinum skuli eigi standa barninu fyrir fermingu lengur en eitt ár; enda er vonandi, að þessi krafa verði eigi mörgum börnum til tálmunar.

Jeg skil ekki annað, en að hvert barn, sem ekki er hreinn fábjáni, og hefir fengið viðunandi tilsögn, geti með hægu móti fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett.

Hvað rjettrituninni viðvíkur, álít jeg kunnáttu í móðurmáli sínu ómissandi. Eptirlitið með prófunum finnst mjer eigi mega vera vægara, ef það á að verða að nokkru gagni.

Hvað breytingartillögum nefndarinnar viðvíkur, eru sumar þeirra að eins orðabreytingar, t. a. m. við 1. gr., og sumar til skýringar, t. a. m. við 2. gr. Við 3. gr. er stungið upp á að setja dálitla viðbót. Okkur þótti nefnilega heppilegra að láta það vera á valdi prestsins, hvenær og hvar prófin skuli halda; er þá síður hætt við, að ágreiningur verði um það, hvar og hvenær prófin skuli haldin, þegar presturinn einn er látinn ráða því, enda virðist hentugast, að presturinn ráði því.

Í breyt.tillögunni við 4. gr. er farið fram á, að próðómanda þeim, sem sýslunefnd kýs, skuli verða goldnar að minnsta kosti 2 kr. á dag, meðan hann er að heiman í prófdómaraerindum, ef hann þarf að fara út fyrir þann hrepp, sem hann er búsettur í. Nefndin álítur það mjög hentugt vegna skýrslanna, að sami prófdómari verði við sem flest próf, og svo er mjög sennilegt, að betri pródómari fáist, ef sýslunefndin þarf ekki að binda sig við vissa sveit eða hrepp, heldur getur valið þann mann, eða þá menn í sýslunni, sem hún hefir bezt traust á til þeirra hluta. Þóknunin, sem farið er fram á, er svo lág, að ólíklegt er, að hún vaxi nokkrum í augum.

Að öðru leyti er engin breyting gjörð á greininni, nema hvað tiltekið er, að kosningin gildi til eins árs.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg get nú ekki sjeð, að nokkur nauðsyn reki til þess, að vera að halda þessi próf, sem nefndin er að fara fram á. Jeg ber það traust til prestanna, prófastanna og safnaðanna, að þeir myndu sjá um uppfræðinguna; enda get jeg eigi sjeð, hverjir þessir prófdómendur ættu að vera aðrir en prófastarnir, sem eru svo sjerdeilis háæruverðugir. Jeg er því þessum ákvæðum heldur mótfallinn. Mjer finnst lestur og kristindómspekking vera næg skilyrði fyrir fermingu. Jeg er því algjörlega á móti því, að kunnátta í skript, reikningi og rjettritun sje skilyrði fyrir því, að börnin geti orðið fermd. Í frumv. stendur, að börnin eigi að ganga undir próf, þegar þau eru hálfs fjórtánda árs, og er eigi víst, að þau yrðu mörg í hverju prestakalli; því eigi eru öll börn á sama degi til komin. Mjer hefði fundizt heppilegra að orða þetta á þá leið, að börnin skyldu ganga undir próf árinu áður en á að ferma þau. Hvað þóknunarlaunum prófdómenda viðvíkur, yrði sjálfsagt að leggja nýja skatta á menn til þess að geta staðizt þann kostnað. Mjer finnst því bezt að mega hafa sama traust á prestum og prófföstum, eins og hingað til

hefir haft verið, og mjer finnst þeir sem guðsorðs kennarar hafa órjúfanlega skyldu til að verðskulda það; ef farið væri að taka þessa prófdómara, myndi það verða til þess, að rýra álit og traust þessara guðsmanna.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Það hefir hvorki verið meining nefndarinnar nje mín, að brjóta niður traust h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) eða annara á prestunum, og jeg get ómögulega skilið, að þetta frumv. verði til þess að rýra álit þeirra. Það eru einmitt prestarnir, sem eiga að halda prófin og sjá um allt saman. Það eru einungis kosnir 2 menn til þess að vera við og hafa eptirlit með prófunum. Jeg ber mikið traust til margra presta, og veit, að þeir eru margir góðir og þurfa einskis eptirlits með. Aptur á móti eru og munu lengi verða prestar, sem eptir þarf að líta. Það er því langt frá, að þetta frumv. rýri álit prestanna yfir höfuð.

Hvað fermingaraldrinum viðvíkur, skal jeg geta þess, að einn utanþingsmaður hefir komið fram með líka spurningu og h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.), um, hvað skilið væri við fermingaraldur, og finnst mjer eigi geta leikið neinn vafi á, að átt sje við þann aldur, sem börn eiga að fermast á. Í daglegu tali er það barn talið á fermingaraldri, sem er 13½—14 ára. Hvað kostnaðinum viðvíkur, sem þetta frumv. hefir í för með sjer, getur hann eigi orðið nema mjög lítill, og virðist því óþarfi, að fara að leggja nýja skatta á menn hans vegna. Fyrst og fremst mun í flestum hreppum finnast einhver, sem hæfur er til þess, að vera prófdómari, og kemur þá kostnaður eigi til greina, og svo eru dagpeningar prófdómara svo lágir, að gjöldin geta eigi orðið tilfinnanleg.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að gjöra ráð fyrir, að prófdómari geti fengið borgun fyrir starfa sinn, því að verið getur, að eigi finnist neinn innanhreppsmaður, er fær sje til þess starfa, og er þá eigi víst, að hægt sje að fá mann til þess að takast ferð á hendur og vera prófdómari í öðrum hreppi fyrir alls enga borgun. Jeg treysti því, að sýslunefndirnar muni eigi sjá í nokkrar krónur til þess, að geta fengið góðan prófdómara; að minnsta kosti treysti jeg því, að sú sýslunefnd, sem h. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) situr í, (ef hann annars situr í nokkurri), muni verða svo samvizkusöm, að vilja heldur fá góðan prófdómara, þótt það kunni að kosta nokkrar krónur, en að una við ónýtan, sem ekkert kostar.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hefi nú álitið, að fermingunni ættu ekki að vera settar neinar hindranir, þegar barnið hefir fengið uppfræðingu í kristindómspekkingunni. Jeg segi ekki, að það sje eðilegt, að lögbinda fermingunа; en vjer verðum að taka það eins og það er; en fyrst það er svona, að börnin eiga að vera fermd, þá vil jeg ekki heldur láta gera viðkomendum kostnaðarauka, til þess að börn þeirra geti fengið þetta, sem kallað er aðgangur inn í mannfjelagið í æðsta skilningi. Mjer finnst, að heldur ætti að skipa sóknarnefndinni að sjá um, að prestarnir gættu vel stöðu sinnar í guðsþjónustunni og öllu því líku, og að framferði þeirra væri gott. Jeg kynni betur við, að málið væri tekið frá þeiri hlið. Jeg finn enga ástæðu til að rengja prest og prófast. Mjer fyndist betra, að sóknarnefndin hefði eptirlit með prestinum í öðru en því, sem frumv. fer fram á, skyldu mót von prestar og prófastar finna sjer ofvaxið að kenna og votta sannleikann.

Árni Jónsson: Mjer sýnist varla eyðandi orðum við h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.); því ræðum hans er þannig háttað, að ekki er gott að henda reiður á þeim. Jeg heyrði ekki betur, en að hann viðurkenndi í síðari ræðu sinni það, sem hann andmælti í hinni fyrri. Nú er svo komið fyrir h. þm. (Þ. Bj.), að honum þykir

nauðsynlegt, að eptirlit sje haft með prestum, en hann vill að sóknarnefndirnar hafi þetta eptirlit. En jeg held, að það komi í sama stað niður, hvort annar prófdómandinn sje kosinn af sýslunefnd og hinn af sóknarnefndinni, til að hafa það eptirlit, eða sóknarnefndin hafi það. Það má undarlegt þykja, hvað góða h. þm. (Þ. Bj.) telur presta nú; það var þó annar flötur uppi á teningnum um daginn, þegar verið var að tala um ábúð jarða; þá hrósaði hann ekki prestunum eða skyldurækt þeirra.

Það er annars ekki nýtt, þótt ekki sje gott að skilja, hvað h. þm. fer í ræðum sínum; þær eru stundum fremur út á þekju talaðar.

Að öðru leyti mun það ekki ómaksins vert, að svara h. þm. (Þ. Bj.) fleiru, því að ekki mun þurfa að kvíða því, að orðum hans verði mikill gaumur gefinn.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. nefndarinnar við 1. gr. samþ. án atkvæðagr.. 1. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 16 atkv.; breytingartill. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 16 atkv.; 2. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 16 atkv.; breytingartill. nefnd. við 3. gr. samþ. með 16 atkv.; 3. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 16 atkv.; breytingartill. nefnd. við 4. gr. samþ. með 17 atkv.; 5.—6. gr. samþ. með 17 atkv.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Frumvarp til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 219, 269, 304, 319); 2. umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þ.): Hingað til hafa orðið heldur litlar umræður um þetta mál hjer í deildinni, en það litla, sem talað hefir verið um það, hefir verið af fremur hlýjum huga mælt. Það er líka eðlilegt, þótt deildin taki vel í þetta mál; því að, ef slíkt fyrirtæki kemst á fót og fær framgang, þá eru öll líkindi til þess, að það verði til mikilla þjóðþrifa. En í þessu máli stöndum vjer allir hjer um bil jafnt að vígi, að því er snertir þekkingu á fyrirtæki því, sem hjer er um að ræða. Þess vegna höfum vjer tekið það ráð, að leggja það til, að fyrirtækið væri eigi stofnað af hálfu landssjóðs, heldur að eins koma því svo fyrir, að landssjóður gæfi mönnum hvöt til að byrja það.

Nefndin hefir einnig litið svo á þetta mál, og þess vegna hefir hún ekki breytt frumv. í neinum aðalatriðum. Yfir höfuð eru breytingar nefndarinnar fremur smáar, og skal jeg leyfa mjer að gera í stuttu máli grein fyrir þeim.

Hefir hún þá gert þá breyting á 1. gr., að í stað orðanna: «Húsavíkur verzlunarstað» komi: «á Íslandi». Að vísu var það skoðun nefndarinnar, eða, að minnsta kosti sumra nefndarmanna, að eigi mundi annar staður, fyrir margra hluta sakir, líklegri til að stofna ullarverksmiðju á en Húsavík; en þó komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegra mundi að fastákveða ekki staðinn, heldur gefa stofnandanum kost á, að koma upp verksmiðjunni þar, sem honum þætti bezt við eiga.

Í frumv. stendur, að veita skuli lán úr landssjóði, 12,000 kr. á ári í 10 ár, alls 120,000 kr. Það leggur nefndin til, að sje orðað þannig; «allt að 120,000 kr.: 12,000 kr. á ári í 10 ár.

Í 2. gr. er kveðið svo á, að afborgun og vexti skuli byrja að greiða árið 1900; meiningin var sú, að engir vextir nje afborgun skyldu greiðast fyrstu 10 árin, en til þess að taka þetta skýrar fram, hefir nefndin lagt til, að 2. gr. væri breytt þannig, að í henni stæði: «lánið veitist vaxtalaust fyrstu 10 árin, en síðan endurborgist það með 6 % á ári í 28 ár», og fer það þá að sjálfsögðu eptir því, hvenær byrjað er að taka lánið, hvenær afborgunin byrjar, en er engan veginn víst, að það verði einmitt árið 1900.

Breytingin við 3. gr. er að mestu leyti orðabreyting, en hefir þó, að oss virðist, dálítið meiri trygging í sjer fólgna en á-kvæði frumv. Í frumv. er að eins gert ráð fyrir, að ullarverksmiðjan sje vátryggð fyrir 120,000 kr., en oss þótti tryggilegra að heimta, að hún væri ekki einungis vátryggð fyrir þeirri upphæð, heldur líka metin það eptir löglegri virðingu.

Jeg vona, að þessar breytingar nefndarinnar verði ekki málinu til hindrunar, heldur þvert á móti til að gera framgang þess greiðari.

Síðan mál þetta var hjer fyrir til 1. umræðu, hafa komið fram tvær breytingartill. við það, á þingskjali 138 og 249. Breytingartill. á þingskjali 138 (C. 219) fer fram á, að inn í frumv. sje bætt nýrri grein, svo hljóðandi:

«Sá, sem lánið er veitt, skal vera búsettur á Íslandi».

Það getur nú verið mikið gott, út af fyrir sig, að gera það að föstu ákvæði, að sá, sem lánið fær, skuli vera búsettur á Íslandi; þó get jeg ekki verið því meðmæltur, því að eptir því, sem jeg hefi hugsað mjer fyrirkomulag verksmiðjunnar, þá gæti það ákvæði orðið málinu til hindrunar. Jeg get vel hugsað mjer, að útlendur maður rjeðist í að stofna verksmiðjuna, en vildi þó ekki í bráðina og á meðan hann sæi ekki árangurinn af fyrirtækinu, vinna það til, að gerast hjer búsettur, og þá yrði breytingartill. málinu til hindrunar. Þó mun jeg ekki gera þetta að kappsmáli.

Breytingartill. á þingsskjali 249 (C. 319) hefir ekki verið útbýtt fyr en á fundi í dag, og því finn eg ekki ástæðu til að tala um þær að svo stöddu.

Forseti: Mjer láðist í byrjun málsins, að leita samþykkis deildarinnar um það, hvort breytingartill. á þingskjali 249 (C. 319) megi koma til umræðu í dag, og skal jeg hjer með leyfa mjer að skjóta því undir atkvæði deildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkið veitt með öllum þorra atkvæða.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Jeg get sagt hið sama um breytingartill. þá, sem jeg hefi komið fram með, sem h. framsögum. (J. J, N.-Þ.) sagði um breytingartill. nefndarinnar, að jeg hefi ekki komið fram með hana til að spilla fyrir málinu, heldur til að bæta það.

Jeg sje enga samkvæmni í því, að hin sama þingdeild, sem hefir verið og er að reyna að berjast móti selstöðuverzlun, og sporna við því, að hún geti þrifizt hjer lengur, skuli nú vilja fara að koma hjer upp selstöðuverksmiðjum. Jeg ímynda mjer, að ef útlendingar kæmu hjer upp ullarverksmiðju, þá mundu þeir haga svo öllu starfi hennar og stjórn, að allur meginarðurinn af henni mundi ekki lenda í landinu, heldur renna út úr því. Að öðru leyti mun jeg ekki gera breytingartill. þessa að kappsmáli, en jeg vona, að h. þingd. brjóti nú ekki þá grundvallarreglu, sem hún hefir fylgt, þegar rætt hefir verið um búsetu kaupmanna hjer á landi. Að minnsta kosti verð jeg að lýsa því yfir, að jeg vil ekki vera svo ósamkvæmur sjálfum mjer, að brjóta niður í dag þá grundvallarreglu, sem jeg mundi hafa fylgt í gær, og mun fylgja á morgun, ef til kemur.

Landshöfðingi: Jeg efast ekki um, að nefnd sú, sem skipuð var hjer í deild til þess að íhuga þetta mál, hafi lagt það vandlega niður fyrir sjer, hvort það mundi borga sig, að stofna hjer ullarverksmiðju, áður en hún rjeð til að gera það, eða hvort slík verksmiðja mundi geta búið til eins ódýr og góð klæði eins og verksmiðjur á Englandi, Belgíu eða jafnvel í Danmörku, og þannig tekið upp samkeppni við þær á heimsmarkaðinum, þar sem hún er þó svo afskekkt. Jeg verð að vísu að játa, að jeg hefi ekki nægа þekkingu á málinu til að geta dæmt um þetta, og

svo mun einnig vera fyrir sumum hinna h. þingdeildarmanna. En hvað sem þessu líður, þá getur mjer ómögulega annað fundizt, en að í frumv. sjeu ýms ákvæði bæði óviðkunnanleg og óheppileg.

Í fyrstu gr. frumv. er sagt, að lánið *skuli* veitt; en slíkt gæti verið næsta óþægilegt fyrir framkvæmdarvaldið, að gert skuli vera að skyldu að veita fjeð, hvort sem það er fyrir hendi eða ekki. Annars er vant að orða slíkar fjárveitingar þannig, að stjórninni veitist heimild til að greiða þær af hendi.

Þá er það og nokkuð óákveðið, að lánið skuli veitt til að stofna ullarverksmiðju á Íslandi. Jeg hefi ekki vanizt því, að landssjóðslán væru veitt svo óákveðið, sem hjer er tilætlazt, og ekki fyr en rannsakað hefir verið, hvort sá, sem lánið fær, mundi fær um að framkvæma það, sem því átti að verja til, og hvort hann mundi geta veitt næga tryggingu fyrir láninu. Jeg get hugsað mjer, að í einu gætu komið 3—4 menn, og beðið um lán til að stofna ullarverksmiðju fyrir; mundi þá landstjórnin komast í vanda með, hvort hún ætti að veita að eins einum þeirra lánið, eða þá öllum tiltölulegan hluta. Það var viðkunnanlegra eins og stóð í upprunalega frumv., að taka til vissan stað, sem verksmiðjan skyldi standa á.

Ískyggilegust í mínum augum er þó 3. gr., þar sem um trygginguna er að ræða. Tryggingin er verksmiðjan ein með áhöldum og annað ekki. 120,000 kr. eru að vísu ekki mikið framlag fyrir ríkissjóði annara landa, en það er mikið fyrir landssjóð Íslands. Og þó að samþykkt hafi verið nú á þingi lög, sem búizt er við, að hafi í för með sjer tekjuauka fyrir landssjóð, þá vita menn, enn sem komið er, alls eigi, hve mikill hann muni verða, og svo er það óneitanlega nokkuð snemmt, að fara að ráðstafa því fje, áður en það er komið inn. Eins og jeg gat um áðan, þá er tryggingin lítil, og einungis fólgin í verksmiðju. Á meðan verksmiðja er í gangi, getur hún verið mikils virði; en ef hún, fyrir einhverra hluta sakir, verður að stöðvast, hvers virði er hún þá? Þess virði, sem efnið í henni selzt fyrir, og meira ekki.

Það er sjálfsagt rjett og gott, að landssjóður styðji þau fyrirtæki, sem geta orðið landinu til framfara, en þó því að eins, að líkindi sjeu fyrir, að hann bíði ekki stórtjón við það. En hitt er miður ráðlegt, að hann leggi fram fje sitt, þegar harla óvíst er, að það verði til annars en til að eyða því, og sýna, að slíkt fyrirtæki geti ekki blessazt hjer á landi.

Framsögumaður (Jón Jónsson þm. N.-Þing.): Hæstv. landsh. hafði margt út á frv. þetta að setja, og skal jeg leyfa mjer að gera dálitlar athugasemdir við ummæli hans um það.

Honum þótti miður heppilegt, að í 1. gr. stæði, að lánið *skuli* veita. Mjer sýnist ekki allmiklu máli skipta, hvort þar sje heldur haft skuli eða megi, og er ólíklegt, að það þurfi að verða að nokkru kappsmáli.

Þá þótti honum nokkuð ónákvæmlega til orða tekið í breyt.till., að verksmiðjan skuli vera á Íslandi í stað þess sem í frv. stóð, að hún skyldi vera á Húsavík, og mjer skildist svo á honum, sem hann áliti, að lánið mætti veita fleirum en einum til að koma upp ullarverksmiðjum, en bæði orðalag frv. og fyrirsögn þess benda ótvíræðilega á, að ekki sje átt við nema einn lánþiggjanda, því að í frv. stendur, að lánið skuli veitt til að koma upp ullarverksmiðju, en ekki ullarverksmiðjum.

En þar sem hann sagði, að lán væru nærri ávallt veitt tilteknum manni, þá getur það satt verið; en jeg sje þó ekkert á móti því, að bjóða fram fje til þess að gera það fýsilegt fyrir einstaka menn eða fjelag, að koma á fót fyrirtæki þessu.

Hæstv. landsh. talaði og um, að trygg-

ingin fyrir láninu væri ekki nóg, og játa jeg, að svo geti farið, að hún reynist ónóg; en hann gat þess líka, að menn gætu sjeð við tilraunina, að fyrirtækið gæti ekki borið sig; en menn munu og sjá, hvers vegna það gat ekki borið sig, og sú reynsla getur verið mikilsverð. En tryggingin er líka nokkuð meiri en í fljótu bragði sýnist. Lánið á fyrst að veitast, þegar verksmiðjan er komin á fót, og auk þess á það að veitast á 10 árum, og ef verksmiðjan hefir staðið í 10 ár, þá er líklegt að hún muni standa svo föstum fótum, að henni sje ekki mikil hætta búin. En fari hún um koll á fyrstu árunum eptir að hún er stofnuð, þá hefir landssjóður lagt svo lítið út af láni sínu, að líklegt er, að veðið verði fullnægjandi fyrir því; ætla jeg, að engar af mótbárum hæstv. landsh. sjeu svo vaxnar, að ástæða sje til að málið falli niður fyrir þær.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) talaði um breyt.till. sína, og þótti ekki samkvæmilegt, að hjer skyldi útlendum mönnum gefinn kostur á að reka mikilsverða atvinnu í landinu, án þess að kveða nokkuð á um, hvort þeir skyldu vera búsettir hjer eða ekki, en af annari hálfu væri þing og þjóð að berjast fyrir, að fá því til vegar komið, að kaupmenn, sem hjer reka verzlun, sjeu hjer búsettir. En þetta verður ekki vel saman borið; til þess að það gæti orðið, yrðu hjer að vera engir kaupmenn, eins og vjer nú höfum enga ullarverksmiðju hjer; og væri svo, mundi jeg hiklaust ráða til þess, að útlendir kaupmenn fengju að verzla hjer, þótt eigi væru þeir búsettir.

Að síðustu verð jeg stuttlega að minnast á breyt.till. þær, sem nú rjett nýlega var samþykkt af deildinni að skyldu fá að koma til umræðu í dag (C. 319).

Fyrri breyt.till. fer fram á það, að verksmiðjan skuli metin og vátryggð á 200,000 kr. Þessi tillaga virðist mjer heldur koma öfugt við. Það liggur nærri að geta þess til, að h. flutningsmaður hennar (Gr. Th.) hafi ekki kynnt sjer skjöl þau og skýrslur um ullarverksmiðjuna, sem hjer liggja á lestrarsalnum; þar er það tekið fram, að hið upphaflega stofnfje þurfi ekki að vera meira en 120,000 kr., og eptir þeim upplýsingum fer nefndin, því að það virðist næsta óheppilegt, að neyða stofnandann til að kosta 200,000 kr. til að koma verksmiðjunni á fót, einungis til þess, að hún geti verið tryggilegra veð, þótt hann að öðrum kosti gæti komið henni upp fyrir 120,000 kr. Jeg vona því jafnvel, að h. flutningsm. (Gr. Th.) taki þessa breyt.till. aptur.

Síðari breyt.till. á sama þingskjali 249(C. 319) fer fram á, að lánið sje ekki veitt fyr en fyrirtækið er komið á fót; það er ekki mikill munur á þessu ákvæði og því, sem frv. fer fram á, að lánið skuli ekki veitt fyr en full trygging er fengin fyrir því, að fyrirtækið komist á fót, því að tryggingin getur naumast verið fengin fyr en mjög langt er á veg komið með að reisa verksmiðjuna, eða jafnvel ekki fyr en hún er fullgjör. Jeg hef því ekki í sjálfu sjer á móti þessari breyt.till., en óþarfa verð jeg að telja hana, því að það mun helzt mega ætla, að landssjóður byrji ekki að veita lánið fyr, en verksmiðjan er komin á fót, hvort sem nokkuð er kveðið á um það í lögunum; en þó gæti það komið fyrir, að ákvæði þetta yrði ekki einungis óþarft, heldur og óþægilegt fyrir hlutaðeigendur.

Grímur Thomsen: Breyt.till. okkar er sprottin af tveimur orsökum. Fyrri orsökin er sú, að við erum málinu hlynntir. Allir óska þess, að ullin geti orðið unnin í landinu sjálfu, og að afurðir landsins geti komið landsmönnum að sem beztum notum. En menn óska ekki að eins þess, að ullarverksmiðjur geti komizt á fót, heldur og þess, að þeim geti orðið haldið í

gangi, þegar þær eru komnar á fót. Það eru, eins og menn vita, dæmi til þess, að ullarverksmiðjur hafa komizt á fót og unnið með hag nokkur ár. En þegar þær voru búnar að standa nokkur ár, fóru þær að dofna, og urðu loksins að engu. Fje það, sem lagt hafði verið til þeirra, tapaðist. Það var reyndar ekki landssjóðsfje, heldur konungsfje; en það er það sama. Jeg tek þetta fram sem dæmi til viðvörunar. Ekki til þess, að menn reyni ekki til, að koma verksmiðjum á fót aptur, heldur til þess, að menn búi svo um hnútana, að líkindi sjeu til, að stofnanirnar geti haldizt. Það er skylda vor sem þingm., að tryggja landssjóði það fje, sem hann leggur fram til þessara stofnana, betur en gert er í frumv., og það er einmitt meiningin með breyt.till.

H. framsögum. (J. J. þm. N.-Þing.) er kunnugt, að það er ekki siður landssjóðs, að lána út fje móti sama veði, sem sú upphæð er, er hann lánar út. Það er kannske undantekning með lánið til brúargjörðarinnar á Skjálfandafljóti. Annars lánar landssjóður ekki fje sitt með öðrum kjörum en þeim, að veðið sje að minnsta kosti tvöfalt við lánið. H. framsögum. og aðrir h. þingdm. sjá því, að við höfum ekki viljað ganga of nærri fyrirtækinu. Í stað þess að heimta, að veðið skyldi vera 240,000 kr., látum vjer oss nægja, að leggja það til, að það sje 200,000 kr.

Jeg skal leyfa mjer að benda á, að ef ullarverksmiðjurnar eiga að vera fullkomnar, þá eiga þær að ganga með gufuvjelum, eða að minnsta kosti, eptir okkar ástandi, með vatnskraptsvjelum, og ef þær verða svo fullkomnar, þá ímynda jeg mjer, að þær verði dýrari en h. framsögum. gerir ráð fyrir. Hann hefir kannske hugsað sjer, að einhver ullarverksmiðjueigandi á Englandi eða Belgíu fengizt til að koma verksmiðjunni hjer upp með vægum kjörum, enda sje jeg ekki, að nokkur Íslendingur sje fær um að takast það á hendur. Hann hefir þá sjálfsagt hugsað, að þessi auðugi útlendi verksmiðjueigandi mundi eigi telja eptir sjer, að leggja nokkuð fram af sínu eigin fje, í von um arð af fyrirtæktækinu. Yfir höfuð að tala eru það mikil vandkvæði í því fyrir landssjóð, að leggja fyrirfram fje til fyrirtækja, sem engin vissa er fyrir að borgi sig. Það getur svo farið, að eptir nokkur ár verði svo farið fram á, að hann gefi lánið eptir að nokkru eður öllu leyti. Við höfum hjer reynsluna fyrir okkur. Það hefir verið útbýtt hjer í dag frumv., einmitt frá h. framsögum. og flutningsm. þessa máls, um, að lánið til Skjálfandafljótsbrúarinnar verði að nokkru leyti gefið eptir. Þessi beiðni um eptirgjöf á lánum landssjóðs hefir opt komið til alþingis, eptir að búið hefir verið að afborga þau í nokkur ár. Vjer álítum rjett, þó lán þetta sje veitt með betri kjörum en vanalega, þá samt að binda það föstum skilyrðum; þess vegna viljum við ekki, að lánið verði greitt, fyr en full trygging er fengin fyrir því, að verksmiðjan komist á fót. En full trygging er ekki fengin í því efni fyr en fyrirtækið er komið á fót. En jeg skal að endingu taka það upp aptur, sem jeg sagði í upphafi, að það skyldi gleðja mig, ef fyrirtæki þetta kæmist á fót, og lifði lengi og með góðum lífskrapti.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Eins og jeg tók fram áðan, ætla jeg ekki að gera breyt.till. mína að neinu kappsmáli. Það eru að eins fáar athugas., sem jeg vildi gera viðvíkjandi því, sem h. framsögum. (J. J. N.-þ) hafði á móti breyt.till. minni. Honum fannst það eigi rjett hugsað, að bera stofnun þessarar ullarverksmiðju saman við búsetu kaupmanna. Jeg skal nú ekki præta við hann um það, hvort þetta sjett eða rangt hugsað. En jeg skal leyfa mjer að benda á, að af skjölum málsins á lestrarsalnum má sjá, að árlegur arður af þessu fyrirtæki er áætlaður 14,754 kr. Jeg skal ekki dæma um, hvort þessi á-

ætlun er rjett. Jeg er ekki bær um það að dæma, og jeg vona, að svo sjeu fleiri þingmenn. En það eitt er auðsjeð, að formælendur þessa frumvarps hafa byggt svo mikið á þessari áætlun, að þeir hafa miðað við hana upphæð lánsins, sem þeir óska að veitt sje til fyrirtækisins. En nú vil jeg spyrja h. framsögum.: Þó nú enginn verzlunarmaður væri hjer á landi, og beðið væri um lán handa manni til að stofna hjer verzlun, og ef gert væri ráð fyrir, að þessi maður, sem lánið ætti að fá, hefði rúmlega 14.000 kr. árlegan arð af verzluninni, — mundi þá ekki h. framsögum. heldur vilja, að þessi verzlunarmaður væri hjer búsettur?

Það finnst mjer jeg ekki í neinum efa um. Hann og sýslubúar hans hafa sýnt svo mikinn og lofsverðan dugnað í því, að gera verzlunina innlenda, að það er engin ástæða til að efast um það.

Jeg ætla svo ekki að tala meira um breyt.till., en vona, að h. þingdm. hugsi sig vel um, áður en þeir fella hana.

Jón Þórarinsson: Hæstv. landsh. kvaðst ekki fær um, að dæma um, að hve miklu leyti niðurstaða sú, sem nefndin hefði komizt að, væri hin eina rjetta. En það getur hver maður sjeð, sem les nefndarálitið, að nefndin hefir ekki borið það traust til sjálfrar sín, að álíta, að það sem hún gerði, væri hið eina rjetta. En það, sem nefndin hefir gert, það hefir hún gert til þess að gefa mönnum hvöt til að ráðast í fyrirtæki, sem enginn er bær um að dæma, hvorki innan þessara fjögurra veggja, nje annarsstaðar á Íslandi, hvort muni borga sig eða ekki.

Fyrirtæki það, sem hjer ræðir um, er svo vaxið, að í því er ómögulegt að byggja neitt á reynslunni, nema því að eins, að sú reynsla sje fengin af tilraun fróðra og kunnugra manna, sem þekkja öll þau skilyrði, sem útheimtast til þess, að slíkt fyrirtæki gæti þrifizt. Þessvegna er jeg á móti breytingartill. h. 1. þm. N-Múl. (J. J.) á þingskjali 238 (C. 304), um, að stofnari þessarar ullarverksmiðju skuli vera búsettur hjer. Jeg get ekki hugsað mjer, að nokkur maður vildi hlaupa hingað til að setja á stofn slíka verksmiðju, sem enginn veit með vissu, hvort gæti borgað sig. En með girnilegum kostum frá landssjóðs hálfu getur hugsazt, að einhver auðmaður legði út í fyrirtækið, og væri þá sama hvort hann væri búsettur hjer eða ekki.

En viðvíkjandi því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði um, að einhver mundi fara að bögglast við, að koma hjer upp ullarverksmiðju hjer á Íslandi einungis fyrir þessar 12000 kr., sem heitið er með frv. þessu úr landssjóði, þá er þetta fullkominn misskilningur á því, sem nefndin hefir byggt á, því að nefndin hefir farið eptir skjölum, sem liggja á lestrarsalnum, frá ullarverksmiðjueiganda á Englandi, sem Magnús Þórarinsson í Þingeyjarsýslu hefir skrifazt á við. Jeg verð að segja, að það er illa farið, ef þingdm. ekki hafa kynnt sjer aðalatriðin í skjölum þess máls, sem þeir eiga nú að dæma um. Það þarf að öllum líkindum til að byrja þetta fyrirtæki ekki 12,000 kr. strax, heldur 120,000 kr. til að koma verksmiðjunni á fót í upphafi, eins og áætlun sú sýnir, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir nú í heilan mánuð átt kost á að kynna sjer, auk alls kostnaðar við kaup á efni og ull og auk alls vinnukraptsins, sem samtals verður að minnsta kosti annað eins. En það kemur ekki til greina, að veita lánið fyr, en allt kapítalið er komið í húsin og vjelarnar, og þessvegna er hættan ekki mikil fyrir landssjóð.

H. höfundur breytingartill. nr. 238 (C. 304) sagðist ekki gera hana að neinu kappsmáli. En jeg geri hana að kappsmáli fyrir mitt leyti. Því verði breytingartill. hans samþykkt, þá mun jeg

greiða atkvæði á móti frumv. Að sampykkja þessa breytingartill. skoða jeg sama sem að fella málið.

Viðvíkjandi annari breytingartill., sem fyrir liggur, um að heimta, að matið á húsum og vjelum stofnunarinnar sje ekki 120,000 kr., heldur 200,000 kr., þá get jeg ekki skilið, að þessi hærri upphæð sje nokkuð meiri trygging fyrir landssjóð, en hin. Það væri þá miklu rjettara, að skylda stofnara verksmiðjunnar til að setja eitthvert annað veð, heldur en að neyða hann til að setja peninga í hús og vjelar, sem hann ekki þarf með. Það liggur fyrir áætlun um, að ullarvinnuvjel, sem geti unnið 60,000 pd. af ull, kosti með húsum og öllu tilheyrandi 120,000 kr. Hvers vegna á þá að neyða menn til að byrja fyrirtækið í stærra stýl, eða leggja 200,000 kr. í kostnað við hús og vjelar ef 120,000 kr. er nægilegt? Eins og jeg get ekki verið með þessari hækkun á veðinu, sem stungið er upp á í þingskjali nr. 249 (C. 319), eins get jeg vel verið með seinni breytingartill. á sama þingskjali, því það hefir alltaf verið mín meining, að landssjóður ætti ekki að borga lánið út fyr en fyrtækið væri komið á fót. Að öðru leyti hefi jeg ekki mikla trú á því, að þessi tilraun komi að haldi, en jeg álít vert að gera þessa tilraun, sem aldrei getur kostað landssjóð mikið eða orðið hættuleg fyrir hann.

Framsögumaður (Jón Jónsson þm. N.-Þ.): Það var sjerstaklega eitt atriði í ræðu h. þm., N.-M. (J. J.), sem jeg vildi svara; eptir því sem mjer skildist á honum; þá áleit hann, að nefndin hefði í tillögum sínum um lánið miðað við þann arð, sem af fyrirtækinu mundi leiða; en jeg get skýrt honum frá, að þessu er eigi þannig varið; nefndin hefir einungis haft fyrir augum þann kostnað, sem áætlað var, að það mundi hafa í för með sjer, að koma fyrirtækinu á stofn. Annað sem hann sagði var það, að jeg mundi eigi geta verið með því, að útlendir kaupmenn ræki hjer fasta verzlun nema því að eins, að þeir væru búsettir hjer á landi, og þar af leiðandi hlyti jeg þá einnig að vera á móti því, að útlendir menn, sem eigi væru búsettir rækju hjer verksmiðju; en jeg vil biðja h. þm. vel að gæta þess, að hjer er allt öðru máli að gegna, þar sem hjer er að öllum líkindum enginn annar vegur til að koma upp ullarverksmiðjum, en að fá útlendan mann til að koma fyrirtækinu á stofn; eins og jeg á engan hátt væri framfylgjandi því, að búseta kaupmanna hjer á landi væri gerð að skilyrði fyrir, að þeir fengi að hafa hjer fastar verzlanir, ef vjer að öðrum kosti hlytum að fara á mis við alla verzlun, eins get jeg í þessu tilliti alls eigi fallizt á, að binda þann, sem vildi ráðast í þetta fyrirtæki, nokkru búsetuskilyrði; því að það er hætt við, að þetta fyrirtæki verði eigi rekið öðruvísi, en með kapítali einhvers manns, sem ekki á hjer heima, og þess vegna er ekki heppilegt, að setja þau ákvæði inn í frv. er ef til vill, verða til þess að fyrirtækið eigi geti komizt á stofn.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði af hlýjum hug til frv.; en að því er snertir fyrri lið í breytingartillögu hans, þá gekk hann í ræðu sinni fram hjá því atriði, sem jeg hafði áður tekið fram og sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) nú seinast hafði orð á, að það er ekki heppilegt að neyða mann til að gera það fyrir 200,000 kr., sem hann getur gert fyrir 120 þúsundir. Hann sagði reyndar, að þessar verksmiðjur mundu reynast miklu dýrari en vjer gerum ráð fyrir; en hefir h. þm. kynnt sjer þær áætlanir, sem liggja frammi á lestrarsalnum í þessu máli? Og getur hann gefið betri upplýsingar og sannfært menn um, að þær áætlanir, sem vjer höfum, sjeu rangar?

En hvað því viðvíkur, sem hann sagði um, að venjulega væri eptir á beðið um uppgjöf á landssjóðslánum, og tók til dæmis, að í dag hefði verið úthlutað frv.

stólinn fyrir dyrnar þannig, að hún sje skyldug til þess að lána fjárupphæð; ætti því að breyta orðunum í 1. gr. frv. á þá leið, að stjórnin hefði leyfi til þess að lána fjeð.

Hvað því viðvíkur, að sá, er setur verksmiðjuna á stofn, skuli setja aðra muni til tryggingar gagnvart landssjóði fyrir láninu, þá finnst mjer það eigi betra fyrir hann en að taka fjeð frá sjálfum sjer, ef hann er efnamaður. Mjer finnst nóg, að landssjóður láni helming af andvirðinu, ef hann gerir það með góðum kjörum, það er að segja, rentulaust í 10 ár, og 28 ára afborgun.

Jeg er eigi alveg ófús á, að taka breytingartill. mína aptur, ef meðuppástungumenn mínir vilja gera hið sama, og nefndin í málinu og flutningsmaður lofa að koma með þá breyt.uppást. til 3. umr., að færa upphæð lánsins niður í 60,000 kr.; þá er ekki stofnandinn skyldaður til að byggja verksmiðjuna óparflega stóra.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er máli þessu mjög hlynntur, eins og þm. Borgf. (Gr. Th.), og vil vinna að því, að það komist áfram.

Það hefir dregizt sorglega lengi, að hjer væri ein einasta verksmiðja, sem gæti unnið þá ull, sem hjer er, og sem annars er flutt út úr landinu. Þetta yrði til stórra framfara og mikillar auðsuppsprettu, og er í sannleika nokkuð gefandi fyrir það, þótt það yrði nokkuð tap fyrir landssjóð, að kunnátta komi inn í landið. Einhver kann að segja, að reynslan yrði nokkuð dýr; en kunnáttan er ávinningur, ómissandi ávinningur, og sjaldan of dýr. Látum oss tapa um sinn, ef vjer kunnum betur á eptir. Það væri mjög æskilegt, að fyrir landssjóði væri sjeð sem bezt, og í þá átt miðar breyt.till. okkar.

Jeg get ekki sjeð, hvernig þetta verður borið saman við verzlun útlendra kaupmanna; það er allt annað, að leiða kunnáttu og fje inn í landið, en að sækja fje til landsins og draga það út úr því.

Jeg skal eigi að þessu sinni fara fleiri orðum um þetta mál, en mæla með því, að breyt.till. verði samþykkt.

Grímur Thomsen: Jeg skal að eins koma með stutta athugasemd til h. þm. N.-Þing. (J. J.) og 1. þm. N.-Múl. (J. J.).

Þá h. þm. furðar það, að við höfum hækkað lánið upp úr 120,000 kr. í 200,000 kr. Halda h. þm., að verksmiðjan með áhöldum eigi kosti meira en 120,000 kr.? Jeg hef langa reynslu fyrir því, að áætlanir allajafna eru lægri, en kostnaðurinn síðar reynist; en áætlanir um arðinn eru opt settar of hátt. Þessvegna vil jeg alls eigi taka breyt.till. aptur, nje heldur færa niður lánsupphæðina, því það gæti orðið fyrirtækinu til hnekkis. Halda þeir, að 120,000 krónur muni nægja til þessa fyrirtækis? En hvernig, sem því er varið, þá er þó svo mikið víst, að landssjóður á heimtingu á, að verðið, sem sett er fyrir láninu, sje að minnsta kosti 200,000 kr. virði.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er með frv. í heild sinni, en jeg álít, að þetta ætti að vera meira en að eins til að sjá, hvernig ætti að fara að vinna ull. Jeg hef eigi áætlun um, hve mikil ull muni vera á öllu landinu; en ullarverksmiðja, sem ynni 60—70 þúsund pund á ári, nægði eigi meira en til þess að vinna þá ull, sem kæmi úr einni sýslu. Það væri auðvitað mjög gott, að fá þennan hag, 14,000 kr.; en jeg er viss um, að það þyrfti 20 sinnum 120 þúsund kr. til að vinna ullina af öllu landinu. Það þyrfti fyrst að vita, hver lánið ætti að fá. En mjer finnst þessi stofnun kosta of mikið til þess, að geta ekki unnið meira en 60 til 70 þúsund pund, og um þennan arð er, eins og þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, opt gerð nógu há áætlun. Það er að vísu æskilegt, að fá þessu framgengt; en þessi

frá mjer hjer í deildinni um uppgjöf á nokkrum hluta þess láns, er tekið var til að byggja brúna yfir Skjálfandafljót, þá get jeg fyrst og fremst eigi sjeð, hvað það kemur þessu við, og í öðru lagi skal jeg geta þess, að jeg mun síðar, þegarþað á við, færa þær ástæður fyrir því máli, sem mjer virðast fullnægjandi.

Að því er tryggínguna snertir, þá er jeg á sama máli og h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), að mjer virðist litlu meiri trygging í þeim verksmiðjum, sem metnar væru á 200 þús kr., en þeim, er væru metnar á 120 þús. En vilji h. þm. hafa meiri tryggingu, þá vil jeg benda honum á annan veg, sem er rjettari og þýðingarmeiri, og hann er sá, að færa niður lánsupphæðina.

Þá tók h. sami þm. (Gr. Th.) ennfremur það fram, að hjer hefðu áður verið stofnaðar ullarverksmiðja á Íslandi og eigi þrifizt; en eins og hann sjálfur tók fram, þá verður eigi á því byggt; því það er ósannað, hvort hún hefði eigi getað borið sig, enda leit svo út í fyrstu, sem hún mundi ætla að verða arðberandi, og hvers vegna skyldi það þá eigi hafa getað haldizt? Jeg fyrir mitt leyti hef ætíð álitið, að ullarverksmiðjan sjálf hafi borgað sig, en að önnur fyrirtæki, sem sett voru í samband við hana, hafi steypt fyrirtækinu.

Jeg skal svo að síðustu lýsa því yfir, að jeg get ómögulega fallizt á þessa breytingartill. h. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem hjer er um að ræða (C. 319). Þessvegna óska jeg, að menn annaðhvort heimti annað veð, eða færi lánsupphæðina niður, ef þeim eigi nægir sú trygging, sem frv. gerir ráð fyrir.

Landshöfðingi: Það er einungis lítil fyrirspurn, sem jeg vil leyfa mjer að gera. Það hefir verið tekið fram af h. flutningsm. þessa frumv. og fleirum, sem talað hafa í máli þessu, að 120 þús. krónur væru nægilegt fje til að koma ullarverksmiðju á stofn hjer á landi; ennfremur gerir áætlun sú, sem menn styðjast við, ráð fyrir 14 þús. kr. hreinum tekjum, og í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að lánið skuli eigi veitast fyr, en verksmiðjan er komin á stofn. En nú vil jeg spyrja h. flutningsmann, til hvers á þá að brúka þessar 120 þús. kr. úr landssjóði, þegar verksmiðjan er komin á stofn og farin að gefa 14 þús. kr. af sjer á ári í hreinan arð?

Þorlákur Guðmundsson: Eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) er jeg máli þessu mjög hlynntur; en á hinn bóginn verður maður að fara varlega, þegar um lán úr landssjóði er að ræða.

Upprunalega stóð í frumv., að ullarverksmiðjan skyldi vera á Húsavík, og var mjer það á móti skapi af þeirri ástæðu, að allar samgöngur á sjó til og frá þeim stað geta verið hindraðar af hafís, eins og átt hefir sjer stað, eigi alls fyrir löngu, mikinn hluta sumars. Nú er komin fram breyt.till. frá nefndinni, þess efnis, að í staðinn fyrir Húsavík komi Ísland, og er jeg sömuleiðis mótfallinn henni, af þeirri ástæðu, að mjer finnst hún óákveðin. Það getur verið, að ullarverksmiðjan verði stofnuð á óhentugum stað fyrir það, sem engu sje betri en Húsavík í því tilliti, eða jafnvel lakari.

Verkvjelafræðingurinn, sem hefir búið til áætlunina um kostnaðinn, getur að mínu áliti eigi gefið neina áreiðanlega bendingu um, hvar verksmiðjan ætti að komast á fót, af því að hann er ókunnugur hjer á landi. En undir því, hvar verksmiðjan væri stofnuð, mundi að miklu leyti vera komið, hvernig hún bæri sig. Það þyrfti því að ákveða staðinn nákvæmar; ætti hann að vera nálægt einhverjum kaupstað, þaðan sem samgöngur allar væru greiðar, líklega helzt einhverstaðar hjer á Suðurlandi. Það er mjög áríðandi, að hyggilega sje að farið.

Mjer finnst ófært að setja stjórninni

til þess, að verksmiðjan gæti unnið í 10 ár. Þetta er ágæt upplýsing! En þegar þessi 10 ár eru liðin; hvar á þá að fá lán til halda starfinu áfram? Hjer eru tvær áætlanir; önnur segir, að kostnaðurinn við að koma verksmiðjunni á fót verði 120,000 kr., en hin áætlunin segir, að netto-arður sje 14,000 kr. á ári; er því engin ástæða til, að veita þeirri stofnun lán úr landssjóði, sem þegar er komin upp og græðir svo mikið árlega. H. flutningsm. sagði, að áætlunin um kostnaðinn við að koma verksmiðjunni upp væri alveg áreiðanlegur, og hver mundi þá heldur leyfa sjer að rengja áætlunina um arðinn af verksmiðjunni? En það er líka önnur dýrmæt upplýsing, sem komið hefir fram undir umræðunum, þar sem h. 2. þm. G.-K. (Jón Þór.) sagði, að útlendingar einir ættu að vinna í verksmiðjunni. Þegar nú tilætlunin er, að útlendur maður stofni og reki verksmiðjuna með útlendum peningum og útlendum verkamönnum, þá er mjer spurn, hver er sá arður, sem landsmenn hafa af þeirri stofnun?

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki skilið í því, að ekki sje meira slátur í húsi sem virt er 200,000 kr., en því, sem er virt á 120,000 kr. Jeg skil heldur ekki, að h. þm. (J. Þór. og J. J. þm. N.-Þing.) skuli eigi sjá, að það er meiri trygging í dýrara húsi en ódýrari; ef að húsið verður að rífast niður, og svo seljast við uppboð, þá yrðu þó númerin fleiri. Það hlýtur að vera meiri trygging í því, nema virðing væri fölsuð. Mig furðar að enginn Íslendingur skuli eiga að geta unnið í verksmiðjunni; mín hugsun er, að mörg störf við hana gætu orðið numin af landsmönnum. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) skýrði frá, að verkamennirnir yrðu að alast upp í verksmiðjunni. Það gætu þó komið í hana unglingar og kunnáttan kæmi síðar, og ef það er hugsunin, að landsins börn ekki geti neitt lært við slíka stofnun, nema þeir sjeu fæddir í verksmiðjunum, þá gef jeg minna fyrir slíka stofnun.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að leiðrjetta það, að jeg tók það ekki fram, að allt ætti að vinnast af útlendum mönnum; þessi stofnun mundi sjálfsagt með tímanum veita landsmönnum atvinnu. Hart er það þó, ef fullorðinn maður ekki hjer á landi getur unnið eins og heilvita barn í ullarverksmiðjum í öðrum löndum, og það er kunnugt, að í verksmiðjum í öðrum löndum eru fjöldamörg börn notuð til vinnu. Það eitt væri mikil framför, ef börn hjer á landi gætu unnið náungum sínum mikið gagn. En jeg ímynda mjer, að það þurfi ekki að mæla fleira með þessu máli; jeg held að það mæli með sjer sjálft.

Sigurður Stefánsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætla að gera. Jeg er eins og aðrir hlynntir tilganginum, og hef haldið, að það væri tilgangur h. flutningsm., að þetta yrði landsins eigin íbúum að notum, og mig furðar á því, að þeir segja, að þetta verði að stofna með útlendu fje. Það mætti benda á marga hjer, sem gætu tekið að sjer að stofna þessa ullarverksmiðju, t. d. kaupmenn, sem mundi veitast þetta hægðarleikur; þar sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) taldi víst, að engin íslenzk hönd mundi verða lögð á þetta verk, þótt verksmiðja þessi kæmist á fót, þá furðar mig stórlega á þessu, því að jeg tel vinnu þá, er hjer að lýtur, alls ekki ofvaxna Íslendingum, þótt útlending þyrfti í fyrstu til að leiðbeina mönnum; þessi tilgáta þm. er því undarlegri, sem vjer höfum einmitt mann í þessu byggðarlagi, sem er kunnur að því, að hann hefir af eigin rammleik aflað sjer þekkingar í þessu efni og komið á fót sams konar fyrirtæki, þótt í smáum stýl sje.

Eins hlynntur og jeg er þessu fyrirtæki eins er jeg því mikið mótfallinn, að fá útlendingum peninga úr landssjóði, til að

verkfæri yrðu svo lítil, að þetta yrði að eins sýnishorn, og svo er mjer annt um samlanda mína, að jeg vildi láta þá vinna í verksmiðjunni og hafa atvinnu af því.

Jón Þórarinsson: Jeg ætla að eins að svara stuttlega athugasemdum h. þm. Bf. (Gr. Th.) og bera þá spurningu upp fyrir honum, hvaða mun hann sjer á því, að verksmiðjan standi í veði fyrir 120,000 kr. eða 200,000 krónum? Jeg get ekki sjeð, að það sje meiri trygging fyrir landssjóð í því, að hún sje metin 200,000 kr. og bið hann gera svo vel að gefa skýring á því.

H. þm. Rangv. (Þorv. Bj.) sagði, að sjer væri annt um landsmenn sína. Mjer er það líka; en jeg get ekki gert ráð fyrir, að þeir geti fengið atvinnu við ullarverksmiðjuna fyrst um sinn, og jeg get eigi hugsað mjer annað, en að bæði verksmiðjustjórinn sjálfur og vinnumenn hans allir yrðu að vera fluttir annarstaðar að, og geri mjer því engar vonir um atvinnu handa Íslendingum í verksmiðjunni að svo komnu. Jeg hef talað við mann utan þings, sem hefir sett sig inn í málið, og sagði hann, að það væri ekki að hugsa til, að Íslendingar gætu unnið í verksmiðjunni.

Framsögumaður (Jón Jónsson þm. N.-Þing.): Hæstv. landshöfðingi spurði, til hvers ætti að brúka lánið, þegar búið væri að koma upp verksmiðjunum, og áætlað væri, að ágóðinn yrði 14,000 kr. á ári.

Það er hægt að svara hæstv. landsh. fullnægjandi.

Það eru ætlaðar 120,000 kr. til að kaupa áhöld, koma upp húsi, og yfir höfuð setja fyrirtækið á stofn. En ekki mundi veita af 2 sinnum annari eins upphæð til að reka atvinnuna, kaupa ull og launa verkamönnnm. Ágóðinn getur ekki komið fyr en eptir nokkuð langan tíma, þá er vara sú, er verksmiðjan vinnur, er farin að seljast.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) vildi láta ákveða, hvar verksmiðjan skuli vera; en þá skoðun get jeg ekki fallizt á; það verður að vera komið undir þeim, sem setur verksmiðjuna niður, og hefir h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) útlistað það.

Hinn sami h. þm. (Þ. G.) skildi eigi, að bygging, sem væri virt á 200,000 kr., væri eigi meira virði en sú, sem væri virt á 120,000 kr.; það hef jeg ekki sagt, en að landssjóði væri litlu meiri trygging í því, og fyrir því hefir h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) fært ljós rök. H. þm. Árn. (Þ. Guðm.) var fús á að taka aptur breyt.till.; en jeg hygg, að honum veitist það örðugt, því að sá, sem er þar efstur á blaði, hefir lýst yfir hinu gagnstæða. H. 2. þm. G.-K. (Jón Þór.) hefir svarað h. þm. Borgf. (Gr. Th.) upp á síðari ræðuna; en það var þó eitt atriði, sem jeg vildi svara honum upp á, og það var það, að hann hefði aldrei þekkt rjetta, þ. e. nógu háa áætlun. Jeg er nú miklu yngri en hann, og hef þó þekkt marga áætlun, og enda búið til marga áætlun, er hefir verið öldungis rjett. H. þm. hefir víst gert það líka; jeg skal sýna honum það með dæmi. Hann fær vörulista með hjásettu verði frá kaupmanni í Reykjavík. Svo sendir hann vinnumann sinn í kaupstaðinn og segir honum að kaupa 3 álnir af einhverju, 2 pund af öðru, 5 potta af hinu þriðja o. s. frv. Síðan gerir hann áætlun um, hvað þetta muni kosta, og jeg þori að segja, að þingmaðurinn getur gert rjetta áætlun um þetta, svo þetta muni ekki um einn eyri.

Umræðurnar um þetta mál munu þykja vera orðnar nokkuð langar; en þótt allmjög greini á um ýms atriði, vona jeg að menn sundrist eigi svo, að frv. verði eigi lofað að ganga til 3. umr.

Landshöfðingi: H. flutningsm. (J. J. þm. N.-Þing.) sagði, að sjer væri hægt að gefa mjer fullnægjandi svar, og skildist mjer á svari hans, að lánið ætti að vera

reka atvinnu þessa; því að það mundi verða landinu að ekki hálfu gagni við það, ef stofnunin yrði innlend. Jeg álít, að þetta sje ekki mikil hætta fyrir landssjóð, þar sem hann þarf ekkert fje að leggja fram, fyr en verksmiðjan er algerlega komin á fót og þá einn tíunda á ári, enda verð jeg að álíta, að fjárveitingarvaldinu ætti að vera heimilt að draga úr styrknum eða jafnvel synja hans, ef mikil hætta virðist á því, að fyrirtækið gæti ekki þrifizt þegar fram í sækti.

Jeg er á sama máli og hæstv. landsh., að þetta »skal«, það mætti orða öðruvísi, og jeg vona, að það verði gerð breyt.till. til 3. umr. í þá átt.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Jeg þarf enn að gera athugas. við eitt í ræðu hæstv. landsh. — Hann talaði um þessar tvær áætlanir, sem hjer liggja fyrir, og taldi þær báðar jafnvissar.

En jeg skal vekja athygli á því, að önnur áætlunin er byggð á nákvæmum verðskýrslum, skýrslum um það, hvað sjerhver vjel og sjerhvert áhald kostar, og er því mjög áreiðanleg. Þetta er áætlunin um kostnað við stofnun fyrirtækisins.

Hin áætlunin er aptur á móti byggð á því, sem sá, er hana hefir búið til, hyggur að fyrirtækið muni gefa af sjer, þá er farið er að vinna. Slík áætlun er því í eðli sínu mjög vafasöm. — Þessar tvær áætlanir eru því mjög ólíkar að vissu og áreiðanleika.

Viðvíkjandi því, er h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði um, að tómir útlendingar ætti að vinna í verksmiðjunni um aldur og æfi, skal jeg taka það fram, að það er engan veginn meining vor, og hafi jeg skilið 2. þm. G. K. (J. Þór.) rjett, þá sagði hann að eins, að útlenda menn eina mundi þurfa að hafa fyrst, þangað til vjer gætum lært af þeim.

Það gladdi mig að heyra hinar góðu vonir h. 1. þm. Ísfirð. (S. St.), þar sem hann sagði, að vjer ættum sjálfir nóga menn og nóg fje til að koma þessu á stofn. — Það gleður mig mjög, ef svo er, því að þá tel jeg málinu vel og vænlega komið.

Árni Jónsson: Þó að umræður um þetta mál sjeu orðnar ærið langar, ætla jeg þó að fara um það fáum orðum.

Hjer liggja fyrir 2 áætlanir; önnur um kostnaðinn við að koma verksmiðjunni á fót og er líklegt, að hún sje nálægt sanni; hin er um hagnað, sem fyrirtækið mundi gefa af sjer; en um hana er eigi hægt að segja, hversu áreiðanleg hún er.

Þar sem um eins stórkostlegt fyrirtæki er að ræða og þetta, þá verður að líta á, hvaða gagn það muni hafa fyrir einstaklingana og það almenna.

Það kom fram hjá h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.), að innlendir menn mundu hvorki gjörast forkólfar fyrirtækisins og ekki heldur fá atvinnu við það; arðurinn af þessu fyrirtæki fyrir landið yrði þá að eins sá, að menn fengju markað fyrir 60,000 pund af ull inni í landinu. Áætlunin virðist vera of hátt sett; að setja 2—4 kr. á hverja alin getur varla gengið, því með því móti gæti þessar innlendu vörur ekki keppt við útlendar, nema að lagður væri á vefnaðartollur.

Allir h. þm. eru því hlynntir, að innlendur iðnaður geti sem bezt þrifizt; en þá þarf það í raun og veru að vera innlendur iðnaður, til þess að vert sje fyrir landssjóð að hlynna að honum; því þó að 50 innlendir menn gætu fengið með tímanum atvinnu við þessa stofnun, þá er það mjög lítið í samanburði við það, sem til er kostað.

Jeg álít að heppilegra væri eins, og h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) drap á, að heimta fastari og öruggari tryggingu en hjer er farið fram á, því hana álít jeg hvergi nærri nægilega.

Þessi orð mín er ekki svo að skilja, sem sem jeg sje á móti þessu fyrirtæki, ef víst

væri, að menn með því gætu eflt og bætt iðnað í landinu, en svona lögguð verksmiðja virðist verða varla til að dreifa kunnáttu út frá sjer, heldur miklu fremur til að draga úr heimilisvinnunni. Jeg held, að eptir því sem á stendur hjá okkur, þá væru smátóvinnuvjelar miklu hentugri og hagfeldari til þess, heldur en svona stór fyrirtæki, eptir þeim upplýsingum að dæma, sem fyrir liggja.

Eigi að síður mun jeg þó gefa atkvæði mitt með frumv. til 3. umr., ef það kynni að fá betri undirbúning og upplýsingar.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri breyt. nefnd. við 1. gr. (C. 269) samþ. með 13 samhlj. atkv., síðari breyt. við sömu gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 1. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 13 samhlj. atkv. Breyt.till. nr. 238 (C. 304) felld með 10 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Sigurður Jensson
Grímur Thomsen	Gunnar Halldórsson
J. Jónss. (þm. N.-M.)	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
Páll Briem	Jón Þórarinsson
Sigurður Stefánsson	Ólafur Briem
Þorlákur Guðmunds.	Ólafur Pálsson
Þorleifur Jónsson	Sveinn Eiríksson
Þorsteinn Jónsson	Þórarinn Böðvarsson
Þorvaldur Bjarnarson	Þorvarður Kjerúlf

Breyt.till. nefnd. við 2. gr. (C. 270) samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt. nr. 249 (C. 319) við 3. gr. felld með 13 : 4 atkv.; breyt. nefnd. við 3. gr. samþ. með 15 : 2 atkv.; 3. gr. þannig breytt samþ. 13 samhlj, atkv.; brey.till. nr. 249 við 4. gr. samþ. með 17 samhj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkvæðum.

Frumv. til laga um tekjur presta (C. 66, 273); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg gjöri nú ráð fyrir, að h. þingdeildarm. þykist hafa heyrt nógu margar ræður í dag, en jeg ætla þó til að fylgja forminu, og mæla fáein orð með frumv. til 2. umr.

Jeg get til, að margir muni ímynda sjer, að jeg sje sá maður, sem nefndarálitið getur um, að ekki hafi verið samdóma hinum nefndarmönnunum, og skal jeg hreinskilnislega játa, að það er jeg, sem þar er talað um.

En þá munu menn syyrja, hvernig stendur á því, að jeg skuli vera framsögum. þessa máls? Þeirri spurningu get jeg ekki svarað, nema með getgátum; annaðhvort hafa samnefndarmenn mínir gjört mig að framsögum. í ívilnunarskyni fyrir það, að jeg varð að lúta í lægra haldi; eða þeir hafa álitið, að öllu mundi óhætt í deildinni; eða þá í 3. lagi, að þeir hafa ímyndað sjer, að jeg mundi eigi öðru fram fara en því sem rjettlátt væri.

Öll nefndin lýsti því yfir, að breytingar þyrftu á tekjum presta, það sjerstaklega, að þær yrðu ákveðnari. Jeg vona að allir h. þingdeildarm. játi það, að lagaákvæðin um tekjur presta þurfi að breytast, og að það sje rjettarkrafa, að biðja um breytingar á þeim, og að bæði gjaldtakendur og gjaldendur eigi heimting á að fá að vita, hvað beri að greiða og hvað sje rjettur til að heimta. Þetta játaði líka nefndin öll, en hún gat ekki fundið ráð, sem henni þætti gott og gallalaust til þess að koma jöfnuði á og setja skýr og föst ákvæði.

Þau gjöld, sem ganga til presta, eru langt frá því að vera rjettlát, t. a. m. fasteignartíund; hún er órjettlát, af því að margar jarðir eru svo ranglega metnar, og að því er prestunum við kemur, þá eru undantekningar svo hræðilega margar, að þar er ekki snefill að samkvæmni. Þá er lausafjártíundin með miklum göllum; að jöfnu hundraðatali geldur sá jafnt, sem ekki á nokkra skepnu fullri eign, og hinn, sem á allt bú sitt skuldlaust. Lambsfóðr-

in eru samt kannske það versta af því öllu; það gjald geldur sá, sem býr á litlum jarðarskika við engin efni jafnt og sá, sem býr stóru búi á höfuðbóli. Og þó á meiningin að vera, að allir gjaldi eptir efnum.

En þegar jeg er á ferð á vondum vegi og hestur minn vill ekki fara hann, og jeg kem honum á veg, sem jeg álít betri og greiðfærari, og hann þá prjónar, þá er jeg í vandræðum.

Jeg mun nú til 2. umr. koma með breytingartillögur við þetta frumv., til þess að h. deild geti valið um, að hverju hún vill ganga; en aðalagnúinn á upphaflega frumv. var sá, að tekjur sumra tekjulítilla brauða mundu hafa lækkað; en þá var spurning um, hvort hægt væri að bæta úr því; en að það sje hinn eini eðlilegi tekjustofn, þykist jeg geta sýnt og sannað, hvenær sem tóm er til; en að þessu sinni skal jeg ekki mæla fleira, heldur að eins óska að málið fái að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að nefndarálit það, sem fram er komið í þessu máli, sje mjög óheppilegt að stefnunni til.

Það hefir verið haft töluvert fyrir undirbúningi þessa máls; það hefir bæði verið rætt á synodus og hjeraðsfundum um land allt; en eptir því sem nefndin hefir tekið í þetta mál, þá er engin árangur af öllu þessu — því jeg kalla það ekki árangur þó að nefndin geri lítilfjörlega breytingu á borgun til presta fyrir extraverk, og á öðrum smáatriðum um tekjur þeirra. Mjer þykir þetta mjög illa farið; því þó nefndin ekki gæti komizt að sömu niðurstöðu sem frumv., þá hefði þó verið líklegt, að hún hefði getað sett einhverjar reglur til að fara eptir um þau prestsgjöld, sem hún vill láta haldast; því að eins og nú er, hafa menn engar reglur til að fara eptir, og bæði gjaldendur og gjaldtakendur eru í fullkominni óvissu um, hvernig greiða á öll gjöldin, sem talin eru í 1. gr., nema ef vera skyldi offur.

Jeg vona því, að til 2. umr. komi fram einhverjar breytingar, sem hafa meira við sig og eru aðgengilegri en breytingar nefndarinnar, og svo að frumv. gæti betur svarað til þeirrar fyrirhafnar, er höfð hefir verið fyrir því; því eins og frumv. er nú orðið, er það harla lítils vert.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Þó jeg ekki geti búizt við þakklæti frá hæstv. landsh., bjóst eg þó ekki við öðru, en að hann yrði mjer samdóma um, að frv., jafnvel eins og meiri hluti nefndarinnar vill hafa það, væri til bóta, þótt lítið sje; jeg álít, að þessi skiki, sem eptir er af frumv., sje þó til bóta.

Í áliti nefndarinnar er sagt, að hið annað verði að bíða betri tíða. Með því er sjálfsagt meint, að málið skuli bíða þangað til fyllri og áreiðanlegri skýrslur eru til að byggja á, og þangað til sá tími kemur, að menn fara að hlynna betur að prestastjettinni, eða rjettara sagt, þangað til menn fara að gefa meiri gaum rjettarkröfum hennar. Jeg vona nú, að ekki þurfi frekari umræður um þetta mál að þessu sinni, en að þær fái að bíða betri tíma.

Árni Jónsson: Jeg efast alls ekki um, að undirbúningur þessa máls hafi verið mikill; en þó er að sjá á ástæðum stjórnarinnar, að henni sjálfri hafi þótt þetta áhorfsmál. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að þó að þetta mál væri borið undir hjeraðsfundi, þá eru þó tillögur þeirra mjög mismunandi, eins og sjá má á áliti synodusnefndarinnar. Þannig hafa 5 hjeraðsfundir samþykkt, að gera engar breytingar á tekjunum; 4 fundir samþykkt, að tekjur presta skyldu gjaldast úr landssjóði, og 3 fundir lagt til ýmsar breytingar. Þegar þetta er borið saman, þá

er ljóst, að úr vöndu var hjer að ráða, til þess að frumv. næði þeim tilgangi, sem stjórnin hefir ætlazt til og yrði vinsælt hjá gjaldendum eigi síður en hjá prestum.

Þar sem þetta er 1. umr. þessa máls, þá skal jeg ekki orðlengja það meir, en síðar mun nefndin gera nákvæma grein fyrir, hvers vegna hún ekki gat gengið að frumv. stjórnarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifahreppi (C. 77, 285); framh. 1. umræðu.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil einungis tala sárfátt um þetta mál að sinni, enda stóð jeg einungis upp sakir þess, að jeg vildi áskilja nefndinni rjett til að orða 1. gr. öðruvísi en gert er í nefndarálitinu.

En hvað viðvíkur hinum einstöku jörðum, þá vona jeg, að h. deild gefizt innan skamms færi á að kynna sjer skjöl þau, sem nefndin hefir haft meðferðis þar að lútandi, með því að þau eru nú afhent skrifstofustjóra og verða bráðum fram lögð á lestrarsalinn.

Þær tvær jarðir, sem nefndin ræður frá að seldar verði, eru jörðin Langidalur í Skógastrandarhreppi í Snæfellsnessýslu og jörðin Horn í Nesjahreppi, og er það einkum af því, að skýrslur þær, sem gefnar hafa verið um þær, eru mjög ófullkomnar. Langidalur með Klettakoti er metinn að nýju mati á 5 hdr. 89 al., en kaupandi hafði helzt óskað eptir að fá jörðina án hjáleigunnar Klettakots, og þar sem þar er óskipt beitiland og umboðsmaður hafði ekki lagt neitt ákveðið verð á jörðina, þá vildi nefndin ekki leggja til, að hún yrði seld að svo stöddu.

Jörðina Horn í Nesjahreppi ræður sýslunefndin til að selja fyrir 2500 kr., en umboðsmaður tilnefnir ekkert ákveðið verð og segir að eins, að hún geti eigi orðið minna virt en 1600 kr. Nefndinni virðist þess vegna, að hún eigi geti ráðið úr með þessar jarðir, en það er á deildarinnar valdi, hvort hún samþykkir, að þær skuli seldar eður ei.

Hrútsholt er eyðijörð, og því er eðlilega sá, sem það falar, eigi ábúandi, heldur bóndi, sem hefir það undir til afnota; ræður nefndin til, að gera jörð þessa fala fyrir 550 kr., eins og sýslunefndin hefir stungið upp á, því að landssjóður hlyti að kosta miklu til að gera jörðina byggilega, þar sem hún nú er í eyði.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta meira, en óska að frumv. gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 62, 288); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Af því að þetta mál er fyrir til 1. umr., og eigi má fara út í hinar einstöku greinar, þá skal jeg eigi orðlengja um það, heldur einungis taka fram, að í athugasemdunum viðvíkjandi 3. gr. hefir misprentazt 1889 í staðinn fyrir 1882. Jeg skal geta þess, að skjöl þau er snerta þetta mál, eru nú komin á lestrarsalinn, svo að h. þingd.mönnum gefst færi á að kynna sjer þau.

Að öðru leyti hefi jeg engu hjer við að bæta á þessu stigi málsins, nema að óska að frumv. gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 250); 1. umr.

Páll Briem: Þetta frumv. gerir all-

miklar breytingar á þeim lögum, sem hjer er um að ræða, og er að sumu leyti mjög þýðingarmikið.

Með því að jeg álít, að h. þingdeildarmenn hafi eigi haft tækifæri til að kynna sjer málið eins og skyldi, og málið er í sjálfu sjer mjög mikils vert, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin í það.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Páll Briem með 16 atkv.

Páll Ólafsson með 11 atkv.

Jón Jónsson þm. N.-Þ. með 12 atkv.

Tillögur til þingsályktunar í reikningsmáli Arnarstapaumboðs (C. 259); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Tvær umræður samþykktar í e. hlj.

Tuttugasti og fimmti fundur, miðvikudag 31. júlí á hádi.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væru komin og lögð fram á lestrarsalinn ýms skjöl viðvíkjandi þjóðjarðasölu.

Frv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 7. nóv. 1879, 11. febr. 1876, og tilsk. 26. febr. 1872 (C. 261); 3. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg ætla mjer eigi að greiða atkvæði móti frv. þessu, þótt jeg sje eigi ánægður með það. Jeg hef heldur eigi fundið ástæðu til þess að koma fram með breyt.till. við það, því það mun varla fara frá þinginu í því formi, sem það nú er. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að mjer finnst tollurinn á vínanda með 8" styrkleika allt of lágur. Það er einmitt brennivínið, sem mest er drukkið af og sem mestan skaða gerir. Tollurinn á því mætti því vera mun hærri. Samt sem áður ætla jeg þó að gefa frv. atkvæði mitt í því formi, sem það er.

Landshöfðingi: Jeg var eigi viðstaddur hinar fyrri umr. þessa máls hjer í deildinni, og hefir mjer því eigi gefizt kostur á að láta í ljósi álit mitt á því fyr en nú.

Þegar stjórnin lagði kaffi- og sykurtollsfrv. fyrir þingið, tók hún til yfirvegunar, hvort ráðlegt mundi að hækka vínfangatollinn; var það skoðun hennar, að ef tollurinn yrði hækkaður, mundi fremur mega búast við undandrætti, og svo því, að minna yrði flutt inn af vínföngum, svo að hækkun á vínfangatollinum gæti orðið til þess, að landssjóður liði fjártjón, í stað þess að fá tekjuauka. Nefndin hefir verið á sömu skoðun og stjórnin, að því er snertir tollhækkun á brennivíni og vínanda. En að því er öl snertir, vill nefndin hækka tollinn um helming, og toll á öðrum vínföngum um nálega þriðjung. Mjer finnst þessi tollur á öli vera of hár; menn verða að gæta þess, að það er eigi að eins áfengt öl, sem tollað er, heldur einnig hvítt öl, bitteröl og aðrar óáfengar öltegundir, er mjer finnst rangt, að svo hár tollur sje lagður á. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að tollurinn á öli er í frv. allt of hár í samanburði við tollinn á rauðvíni; munurinn er eigi meiri en 5 aurar á pottinum. Þar sem nefndin vill hækka tollinn á vínunum, hefir hún líklega hugsað sjer, að það gjald kæmi eingöngu niður á efnamönnunum, og er sú hugsun, ef til vill, á rökum byggð. En því vill þá nefndin eigi hækka að mun tollinn á rauðvíni? Það eru þó eigi nema hinir svo nefndu efnamenn, sem brúka það, og margar rauðvínstegundir eru dýrar, og sumar talsvert áfengar. Mjer finnst því tollurinn á því vera of lágur í samanburði bæði við tollinn á öli og á öðrum vínföngum.

Jeg get því af framangreindum ástæðum eigi fallizt á frv. í þessu formi, og

naumast mælt með því við stjórnina, að það fái staðfestingu.

Framsöqumaður (Grímur Thomsen): Nefndin átti von á nokkrum af þeim mótbárum, sem hæstv, landsh. kom fram með: en nefndin átti úr vöndu að ráða, því til þess að fullkominn jöfnuður gæti komizt á, væri nauðsynlegt að liða sundur allar víntegundir og nefna vínin með nöfnum. En þau eru mörg, og jeg ætla, að þeir sjeu fáir, sem þekkja nöfn á öllum vínum og öltegundum; að minnsta kosti gerir nefndin það ekki.

Það er rjett, sem hæstv. landsh. sagði, að munur er á styrkleika öltegundanna, en þó hygg jeg, að engin þeirra sje með öllu alkohols-laus. Nefndinni virtist, að 10 aurar á pottinum væri hæfilegur tollur á öli; það er sami tollur og í Danmörku. Þeir, sem flytja hingað öl frá Danmörku, fá hann endurgoldinn. Þetta gildir þó að eins um það öl, sem flutt hefir verið inn í Danmörku, því tollurinn þar er verndartollur, til þess að vernda innlenda ölgerð.

Hvað rauðvínstegundunum viðvíkur, þá er erfitt, eins og jeg gat um áðan, að liða þær í sundur og nefna með nafni. Við »rauðvín» í frv. hygg jeg að eins átt við almennt rauðvín, en get eigi skilið, að hinar dýru og áfengu rauðvínstegundir, sem hæstv. landsh. talar um, geti heimfærzt þar undir, og álít alveg sjálfsagt að leggja sama toll á það og önnur áfeng vín, t. a. m. »portvín» og »cognac». En það er aðgætandi, að af þessum fínu rauðvínstegundum flyzt mjög lítið til landsins, svo að munurinn verður aldrei stór.

En það er eitt, sem jeg vona, að hæstv. landsh. geti ekki sett sig á móti, og það eru hin nýju ákvæði um tollgæzluna eða varúðarreglu gegn undandráttum, þar þau munu í sannleika nauðsynleg. Það er íhugavert, að eptir skýrslunum hefir innflutningur á öli minnkað um helming á 2 árum, eptir að tollur var lagður á það, og er hætt við, að hjer hafi eigi komið öll kurl til grafar. Jeg skal eigi staðhæfa, að tollsvik hafi beinlínis átt sjer stað, en eptirlit með passager-góssi mun hafa lítið verið, af því að umboðsvaldið hefir eigi ætlað, að menn mundu flytja vínföng með sjer.

Jeg skal játa það, að mig tekur eigi mjög sárt til þessa frv., og mun hugga mig, þótt það nái eigi samþykki h. stjórnar, því tekjuauki landssjóðs af því nemur eigi meira en 7,500 kr. eptir sömu aðflutningsupphæð og átti sjer stað 1886 og 1887, þótt það verði að lögum; en jeg vona, að h. deild lofi því að halda áfram sinn veg.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram út af skilningi h. framsögum. (Gr. Th.), á orðinu »rauðvíni», að umboðsvaldið hefir skilið það svo, sem þar undir heyrði alls konar rauðvín, sem flyzt frá Frakklandi, einkum hin svonefndu Bordeauxvín, hvort sem þau eru meira eða minna áfeng, dýr eða ódýr; en þar á móti ekki spönsk vín eða hin svonefndu heitu vín, þó þau væru rauð á litinn; enda styðzt þessi skilningur við umræðurnar á alþingi um vínfangatollinn, þegar hinn h. þm. Borgf., að mig minnir, var framsögum. í vínfangatollsmálinu.

H. framsögum. (Gr. Th.) hjelt, að jeg mundi verða svo hrifinn af ákvörðununum í 3. gr.; en það er jeg eigi. Þær eru mjög líkar ákvæðunum í tóbakstollslögunum, sem eigi hafa komið að haldi, ef röksemdaleiðsla h. framsögum. (Gr. Th.) er rjett. Hann dregur nefnil. þá ályktun, að undanbrögð muni hafa verið höfð í frammi, af því, að minna hefir flutzt af tóbaki á síðustu árum, heldur en fyrst eptir að það var tollað; eptir skýrslunum hefir minna verið flutt inn af tóbaki til Reykjavíkur árið 1888 en 86 og 87, og sje það að kenna undandrætti, hafi ákvæðin um drengskaparvottorð þannig eigi dugað í tóbakslögunum, munu þau eigi heldur duga

í þessum lögum. En þótt innflutningur fari minnkandi, er það engin sönnun fyrir, að tollsvik og undanbrögð eigi sjer stað.

Jeg held því fast fram, að frumv. sje eigi sjálfu sjer samkvæmt, og þótt það yrði að lögum, mundi það enginn hagnaður verða fyrir landssjóð.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Ef umboðsvaldið og tollstjórnin skoðar t. a. m. Chateauxvín, sem kostar 12 kr. flaskan, sem rauðvín, eða fer eingöngu eptir litnum, þá má líka t.a. m. heimfæra portvín undir rauðavín. Það verður einnig að taka tillit til styrkleika og verðs, ef samkvæmni á að nást.

Árið 1888 fluttist eptir skýrslunum minna inn af vindlum en árin 1886 og 87, og mun þó hafa komið eins mikið af þeim og áður. Ástæðan til þess, að það eptir skýrslunum lítur út fyrir að minna hafi verið flutt inn en verið hefir í raun og veru, er sú, að margir, sem eigi eru kaupmenn, hafa fengið vindlasendingar, án þess að gefa það upp fyrir tollstjórninni, án þess þó að beinlínis tollsvik þurfi að liggja fyrir, því hingað til hafa kaupmenn einir verið skyldir til þess að gefa upp upp á æru og samvizku tollskyldar vörur; það hafa með öðrum orðum eigi komið öll kurl til grafar, eins og stendur í nefndarálitinu. Eins og jeg hef getið um, mun jeg huggast láta, þótt þetta frumv. verði eigi að lögum.

Landshöfðingi: Skilningur tollstjórnarinnar á »rauðavíni» styðst við umræður hjer í deildinni, þegar tolllögin voru til umræðu, og minnir mig eigi betur en h. framsögum. (Gr. Th.) væri þá framsögumaður tollmálanefndarinnar; að minnsta kosti hafði hann þar mikið að segja.

Verð vínanna er eigi einhlítur mælikvarði fyrir því, hve háan toll skuli á þau leggja, því mörg spönsk áfeng vín eru eigi dýrari en frönsk rauðvín.

Það, að undanbrögð hafi verið með tolla af vindlum, er sönnun fyrir því, sem jeg hef tekið fram, að ákvæðin í tóbakstollslögunum hafi reynzt ónóg. Eptir skýrslunum hefir tollur á tóbaki í Reykjavík verið 600 kr. minni árið 1888 en 1887, en þó geta menn eigi með nokkurri vissu sagt, hverjum tollsvikin sjeu að kenna.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 19 samhljóða atkv. og sent Ed.

Frv. til laga um hundaskatt o. fl. (C. 246, 349, 350); 3. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Nefndin vildi taka það til greina, sem kom fram við 2. umr. þessa máls, og hefir því komið fram með breyt.till. (C. 350), til að bæta úr þeim annmörkum, sem mönnum þótti vera á frv. Sumir sögðu við 2. umr., að 15 kr. skattur væri of hár, og hefir nefndin lagt til, að hann yrði færður niður í 10 kr. Menn sögðu enn fremur, að hið sama ætti að gilda um þurrabúðir, sem gilti um kaupstaði og verzlunarstaði. Þetta hefir nefndin reynt að samlaga, og hefir því komið með breyt.-till. þá, sem útbýtt var í byrjun fundarins, og jeg vona, að fái fram að ganga.

Enn fremur hafa h. 6 þingmenn komið breyt.till. tvær við 4. gr. (C. 349); að því er snertir hina fyrri um að færa skattinn niður í 10 kr. úr 15 kr., þá er hún samhljóða breyt.till. nefndarinnar, svo að nefndarmennirnir verða náttúrlega með henni. En aptur á móti get jeg eigi verið með því, sem síðari breyt.till. fer fram á, að skatturinn renni hálfur í sýslusjóð og hálfur í sveitarsjóð; jeg kann ekki við þessa tvískiptingu milli sýslusjóðs og hreppssjóðs; og jeg fyrir mitt leyti held því fast fram, að hann renni eingöngu í sýslusjóð. Ef breyt.till. kæmist á, yrði skatturinn eigi nógur fyrir sýslusjóðina, til að standast þau útgjöld, sem á þeim hvíla, og yrði þá að jafna nokkru sýslusjóðsgjaldi niður á hreppana, sem aptur jafna því niður á gjaldendur eptir efnum og ástæðum. Sýslumenn innheimta skatt-

inn á manntalsþingum, og eiga svo eptir breyt.till. h. 6 þm. (C. 349) að afhenda hreppunum helminginn, um leið og oddvitar hreppanna afhenda sýslumanni sýslusjóðsgjaldið, og er málið þannig gert miklu flóknara; en hins vegar kemur í sama stað niður fyrir hreppana, þótt þeir fái ekkert af skattinum, því að þá losast þeir að líkindum alveg við sýslusjóðsgjaldið. Jeg kann ekki við, að sýslumenn hafi á hendi gjaldheimtu fyrir sveitarsjóði. Það kann að vera, að skatturinn yrði hærri en tillagið til sýslusjóðs hefir verið; en sýslusjóðsgjöldin hafa verið svo lítil, sem unnt hefir verið að komast af með; svo mega menn ekki miða við þá hundatölu, sem nú er, því að hundar mundu fækka stórum, eptir að skatturinn kæmi á. Þótt skatturinn yrði hærri en gjöld til sýslusjóðanna nema nú, hefðu sýslusjóðir nóg við það fje að gera; frv. sjálft gerir ráð fyrir nýjum kostnaði, sem sýslusjóðir eiga að greiða, því eptir frv. er sýslunefndinni gefin heimild, til að gera ýmsar ráðstafanir til varnar gegn sullaveiki, og kostnaðurinn við slíkt greiðist úr sýslusjóði. Það er heldur ekki lengra en síðan í gær, að samþykkt var hjer í deildinni frv., sem gerði ráð fyrir nýju gjaldi, sem á að greiðast úr sýslusjóði; það var til prófdómenda við próf barna á vorin, og einmitt á fundinum í dag var útbýtt frumvarpi til viðauka við sveitarstjórnarlögin, sem mælir svo fyrir, að heimilt sje að greiða úr sýslusjóði fje til eflingar menntun, búnaði til lands og sjávar, samgöngum og fleiru. Ef þetta hefir verið ástæða hinna 6 þm., þá held jeg, að þeir breyti skoðun sinni, þegar þeir gæta að, í hve mörg horn sýslusjóðirnir hafa að líta. Þetta er nú það sem jeg hef á móti breyt.till. að efninu til. En að forminu til er hún alveg ófær. Að eins fellur burt úr frumv: »Skatturinn rennur í sýslusjóð»; en í staðinn komi: »Skatturinn rennur í sveitum um og verzlunarstöðum hálfur í sýslusjóð en hálfur í hreppssjóð, en í kaupstöðum í bæjarsjóð». Eptir því verður niðurlagið svona orðað: »en í kaupstöðum í bæjarsjóð og bæjarsjóð». Verður því engin meining í niðurlagiuu, svo að breytingartillöguna ætti ekki að samþykkja, þótt ekki væri nema formsins vegna.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal leyfa mjer að gera stutta athugasemd. Jeg hef skrifað undir breytingartill. vor 6 þm. (C. 349), ekki af því, að jeg væri henni með öllu samþykkur, heldur til þess hún gæti fengið að komast að, svo að h. deild gæti látið í ljósi álit sitt um hana. Jeg er nefnilega að eins samþykkur þeim lið breytingartill. að skattur á hundum í kaupstöðum skuli færður úr 15 kr. niður í 10 kr. en breytingartill. um tvískipting hundaskattsins er jeg mótfallinn og mun greiða atkvæði móti henni.

Þórarinn Böðvarsson: H. nefnd hefir sjálf komið með breytingartill. er fer í sömu átt, og breytingartill. vor og hef jeg að því leyti ekki á móti henni, en þó er dálítill viðauki hjá nefndinni. Hún segir: «Þó þarf eigi á þessum stöðum að greiða nema 2 kr. af þeim hundum, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd og bæjarstjórn telur nauðsynlega». Jeg kann þar ekki við orðatiltækið «þó þarf ekki að greiða»; jeg hefði kunnað betur við að í þess stað hefði staðið: þó ber ekki að greiða, eða eigi er þó skylt að greiða. Ennfremur verð jeg að hreifa þeirri athugasemd, að mjer þykir viðsjárvert að leggja undir álit hreppsnefnda og bæjarstjórn, hverja hunda þær telji nauðsynlega. Einmitt þessi álits gerð er það, sem hefir orðið tilskipuninni frá 25. júní 1869 um hundahald, að mestu fótakefli, því að álitið getur verið svo margvíslegt. H. framsögumaður (Þorl. J.) mælti á móti síðar, hluta breytingartill. vorrar, en eigi færði hann svo sterk rök gegn henni, að jeg sannfærðist um að hún sje ekki hafandi. Jeg játa það, að það var misgáningur eða er misprentan,

að greinin er ekki tekin út til enda; en það liggur í augum uppi, að sú var meiningin. H. framsögumaður (Þorl. J.) ljet það í ljós, að hann kynni ekki við þessa tvískipting á gjaldinu, en það sem kom mjer til að hafa hana, var fyrst og fremst það, að jeg bjóst við, að landsmönnum mundi þykja það nýstárlegt, að skattur væri lagður á alla hunda, og ef til vildi, ekki una því sem bezt, og þá fannst mjer það tilhliðrunarsemi, og hjelt að það mundi verða til þess að gera gjaldið vinsælla, að skipa svo fyrir, að helmingur þess skyldi renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Að vísu njóta þeir og sjálfir góðs af gjaldinu, þótt það renni í sýslusjóð, en hann stendur þeim nokkuð fjær en sveitarsjóðurinn, og flestum verður það, að líta mest á það, sem næst er. Það var sjerstaklega þetta, sem kom mjer til að koma með breytingartill., en líka studdi það að því, að þrátt fyrir öll þau frv. sem h. framsögumaður (Þorl. J.) nefndi, þá mundi þetta gjald, ef það rynni allt í sýslusjóð, í sumum sýslum verða meira en sýslusjóðirnir þyrftu á að halda, því að jeg hygg, að sum af þeim frv., sem hann nefndi, muni ekki hafa stórkostleg áhrif á fjárhag sýslusjóðanna. Það væri sjálfsagt gott, að hægt væri að safna varasjóði fyrir sýslurnar, en jeg held að eigi væri heppilegt, að gera það á þennan hátt. Það getur verið að auka þurfi gjöld til sýslusjóðs, en ætlazt er til eptir gildandi lögum, að sýslusjóðsgjaldið greiðist af öðru, af þessu dýrmæta lausafje og fasteign, sem allt á að bera. Að vísu þykir mjer ekki eðlilegt, að sýslumaður skuli eiga að heimta inn gjaldið; en enga breyting hef jeg viljað koma fram með í þá átt, og það allra sízt af því, að jeg býst ekki við að skatturinn verði vinsæll, og þá er gott að hafa sýslumann til aðstoðar við innheimtuna. Jeg tek það aptur fram, að við höfum komið með breytingartill. til þess, að reyna að stuðla að því, að gjaldið verði vinsælla. Þó mun jeg ekki halda fast við breytingartill., allra sízt ef mjer verður með rökum sýnt fram á, að hún muni verða til skaða.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki verða langorður að þessu sinni. Jeg hef tekið það fram við fyrri umræður málsins, að jeg er því hlynntur. En þó er jeg ekki fullkomlega ánægður, hvorki með frv. sjálft, nje breytingartill. við það, því að það mun sannast, að heppilegra hefði verið að láta allan hundaskattinn renna í sveitarsjóð, en að gjalda hann allan eða sumt af honum í sýslusjóð. Auk þess verður því ekki neitað, að þetta er ójafnaðargjald, sem ekki verður gott að komast hjá, en þó finnst mjer breytingartill. vera til nokkurra bóta. Jeg sje fram á það, að mörgum muni verða örðugt að greiða skattinn, ef menn eiga að gjalda sýslumanni hann í peningum, en það mundi hægra til hreppsins, því þá fengju menn að borga skattinn í öðru; líka þykir mjer hann of hár, því nóg álít jeg hann af þarfa hundum 1 kr. af hverjum. En til þess að málið falli þó ekki fyrir mitt atkvæði, mun jeg greiða atkvæði með því nú, í þeirri von, að h. Ed. muni breyta því til batnaðar.

Eiríkur Briem: Út af því, sem h. þm. Húnv. (Þorl. J.) gat um, að með breytingartill. h. 6 þm. (C. 349) yrðu orðin í enda gr. tvítekin, þá vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við háttv. forseta, að bera breytingartill. upp í tvennu lagi, enda þótt tillaga um það hefði átt að koma fram áður en umræðurnar byrjuðu.

Sveinn Eiríksson: Jeg vona að það sje öllum ljóst, að um svona áríðandi mál á ekki við að hafa stuttar umræður; jeg gat þess við fyrri umr., að jeg væri kunnugur hundahaldi bænda; sömuleiðis gat jeg þess, að mjer þætti skatturinn of lág-

ur, sjer í lagi á óparfahundum; reyndar er það satt, að hundar eru til nauðsynlegir, en ekki svo margir eins og víða á sjer stað; þær háttv. hundanefndir í sveitunum hafa víða, í staðinn fyrir að einn hundur hefði átt að nægja, sagt, að 5 hundar væru bráðanauðsynlegir, og í stað þess að kenna mönnum að hirða koppa og kyrnur, hafa þær kennt mönnum að setja það beint fyrir hundana, og þrátt fyrir aðvaranir okkar góðu lækna, sjerstaklega Dr. Jónassens, gengur það svona til helst um of í Skaptafellssýslunum báðum, Árnessýslu og jafnvel Gullbringu- og Kjósarsýslu; þó er fyrir aðvörun okkar góðu lækna víða farið að hafa bekki undir ílátunum í Skaptafellssýslum.

Hundar eru víða hafðir til gamans, og er því rjett að leggja mjög háan skatt á þá, því það er ósanngjarnt, að menn hafi að eins gaman, en ekkert gagn af hundum fyrir ekki neitt, þar sem menn þurfa að gjalda skatt af þeim hundum, er menn eigi geta án verið; eins og jeg, ef jeg færi að halda reiðhest mjer til gamans, án þess að þurfa hans með til nauðsynlegrar brúkunar, verð, þó jeg tími ekki að ríða honum í langferðir, að gjalda af honum skatt og kosta miklu upp á hann, eins finnst mjer sanngjarnt og jafnvel sjálfsagt, að borga af ónauðsynlegum og skaðlegum hundum allt að 20 kr.

Árni Jónsson: Jeg held þessi tvískipting, að annar helmingurinn renni til sýslusjóðs og helmingurinn til hreppssjóðs, spilli mjög mikið fyrir aðaltilgangi frv. H. þm. Rvík. (J. J.) tók það fram við 1. umr. þessa máls, hvaða aðalþýðingu þetta mál hefir, þar sem um það er að ræða að sporna við þeim sjúkdómi, sem bæði er voðalegur og vart læknandi. Tollinum ætti því að verja einkum til að útrýma þessari veiki, og þar sem ákveðið er, að sýslunefndir skuli gjöra ráðstafanir til þess, þá þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því, að sýslusjóður hafi ekki nóg með fjeð að gjöra; því lækningarnar munu gjöra talsvert skarð í skattinn, og þó að nokkur afgangur yrði, þá er nóg til að gjöra við hann.

Jeg vona því að frumv. verði samþykkt óbreytt að því er þetta snertir. Jeg vil leyfa mjer að beina því til h. forseta, hvort hann ekki vilji bera till. nefndarinnar upp í tvennu lagi, því það er ekki víst að öllum h. þingd.mönnum sje eins annt um seinni hlutann eins og fyrri hluta breytingartillögunnar. Jeg get ekki verið á sama máli og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að það muni verða óvinsælla, að gjaldið renni allt í sýslusjóð, því að flestum mun þykja þungt sýslusjóðsgjaldið og verða fegnir að losast við það að einhverju leyti, að þurfa eigi að taka það allt með niðurjöfnun, enda hugsaði jeg að honum væri eigi svo vel við lausafjárframtalið, að hann gilti ekki einu, þótt það væri heldur minna byggt á því en er, bæði þetta og önnur gjöld.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg verð í þessu máli að halda mjer til breyt.till. hinna 6 h. þm., en síður að tillögum nefndarinnar. Það kunna að vera margir óþarfa hundar hjer á landi; en það er ekki í sveitunum; jeg er nú kannske ekki eins kunnugur þessu og skyldi: aðrir eru því sjálfsagt miklu kunnugri og vita, hvað skýrslur um þetta atriði segja; jeg hef nú þá hugmynd að ekki sje ofmikið af hundum, en það halda menn þó, og því er þetta frumv. sett á laggirnar; en jeg verð að segja það, að mjer þykir hart, að lagt sje á nauðsynlega hunda, en þar á móti þykir mjer ekkert á móti því, að leggja skatt á ónauðsynlega hunda; en nauðsynlegir eru hundar á bæjum í sveit, til að reka úr túnum og engjum, og optast getur verið nauðsynlegt að halda fleiri hunda á bæ.

Jeg er mjög hræddur um, að það yrði harla óvinsælt að gjaldið rynni í sýslusjóð, en ekkert af því í sveitarsjóð, jeg

hefði helzt kosið að gjaldið rynni allt í sveitarsjóð, en hefi ekki komið með það fram, af því jeg vissi að það mundi ekki fá byr í deildinni, en þykir gott, ef það gengur í gegn, að helmingur skuli ganga til sveitarsjóðs úr því, sem ráða er, og í þeirri von, að h. deild samþykki það, sezt jeg niður.

Sveinn Eiríksson: H. þm. Mýr. (Á. J.) tók af mjer ómakið; jeg ætlaði að eins að óska þess, að tillagan frá nefndinni væri borinn upp í tvennu lagi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 4. gr. 1. liður út að «að hundi hverjum» samþ. í einu hl. 2.; liður. breyt.till. við 4. gr. feldur með 11 mót 10 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr. og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Páll Ólafson,
Grímur Thomsen,	Sigurður Jensson,
J. Jónsson þm. N.-M.,	Árni Jónsson,
J. Jónsson þm. N.-Þ.	Gunnar Halldórsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Jónas Jónassen,	Ólafur Pálsson,
Þorl. Guðmundsson,	Páll Briem,
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Þorsteinn Jónsson,	Sveinn Eiríksson,
Þorvarður Kjerúlf.	Þórarinn Böðvarsson,
	Þorvald. Bjarnarson,

Fyrri liður breytingartill. 6 þm. (C. 349) samþykktur með 11 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Páll Ólafsson,
Grímur Thomsen,	Sigurður Jensson,
Gunnar Halldórsson,	Árni Jónssson,
Jón Þórarinsson,	J. Jónss. þm. N.-M.,
Jónas Jónassen,	J. Jónss. þm. N.-Þ.,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Briem,
Þórarinn Böðvarsson,	Páll Briem,
Þorl. Guðmundsson,	Sigurður Stefánsson,
Þorsteinn Jónsson,	Sveinn Eiríksson,
Þorv. Bjarnarson.	Þorleifur Jónsson.
Þorvarður Kjerúlf.	

Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 19 atkvæðum gegn 2, og sent síðan forseta Ed.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1886 og 1887 (C. 31, 258); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og síðan sent Ed.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887 (C. 61, 258); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 275); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Eins og h. þingd.mönnum er kunnugt, hefir frumv. verið á ferðinni hjer í deildinn, sem fór í líka átt og þetta frv., sem nú liggur fyrir, og með því að deildin tók því vel, þá finn jeg eigi ástæðu til að óttast vondar undirtektir undir þetta frv. hjer í deild. En mönnum hafa líka borizt þau sorgartíðindi, að frv. ljezt nýlega í höndum efri deildar, og veit jeg eigi af hverjum orsökum það hefir orðið; en þar sem jeg eigi efast um, að h. efri deild viti, hve þýðingarmikið það er, að draga arð verzlunarinnar inn í landið, þó vonast jeg til, að efri og neðri deild geti sameinað sig um einhver lög um þetta þýðingarmikla atriði.

Menn getur auðvitað greint á um, hvernig heppilegast sje að koma í veg fyrir, að mikill hluti verzlunarágóðans dragist algjörlega úr höndum landsmanna; en hitt vona jeg að allir játi, að það sje skylda hvers þingmanns, að gjöra allt, sem hann getur, að óskertum borgaralegum rjettindum hvers og eins, til að gjöra kaupmannastjettina innlenda, og þar með draga

arðinn af verzluninni inn í landið; og jeg þekki ekkert land í heimi, er sagt verði um, að það beri sig vel og blómgist, sem eigi hefir innlenda verzlunarstjett; enda er eigi þess að vænta; því að verzlunin er móðir ekki einungis líkamlegra, heldur og andlegra framfara.

Jeg álít því skyldu löggjafarvaldsins að hlynna að verzluninni af fremsta megni, og gjöra allt, sem það getur til þess, að arðurinn af henni lendi hjá landsins eigin börnum, en eigi í höndum útlendra þjóða.

Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum að sinni, því að jeg býst eigi við mótmælum í máli þessu.

Jón Þórarinsson: Jeg vil einungis gera litla athugasemd, sem fremur er formleg en efnisleg. Jeg hefi heyrt suma efast um, að frumv. þetta geti orðið tekið til meðferðar, af því að það sje of skylt öðru frumv., sem samþykkt var hjer í deild, en ljezt í efri deild, þar sem efni beggja þessara frumv. og tilgangur er hinn sami, meira að segja fyrirsögnin hin sama, einungis með þeim mismun, að orðaskipunin er önnur.

Jeg tek þetta alls eigi fram af því, að jeg sje á móti því, að frumv. sje rætt, heldur af því, að jeg vildi gjarna heyra álit h. forseta um, hvort þessi efi væri á nokkrum rökum byggður eða eigi.

Forseti: Jeg get ekki sjeð, að frumv. þetta standi í svo nánu sambandi við það frumv., sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) gat um, að það eigi geti komið til umræðu; mismunurinn kemur strax í ljós, þegar maður ber 1. gr. frumv. saman við það frumv., sem var hjer áður fyrir deild inni, og verð jeg því að álíta, að frumv. af þeim sökum eigi geti mætt neinni hindrun.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að lýsa því yfir, að jeg álít tilgang þessa frumv. mjög lofsverðan; en aptur á móti efast jeg um, að þeim tilgangi verði náð með þessu frumv.; því að skilyrðin fyrir því, að verzlunin verði innlend, eru ótölulega mörg, og til þess þarf allt að breytast frá því, sem nú er; peningar verða að aukast mjög í landinu, svo að eigi þurfi að sækja þá alla til útlanda; enn fremur vantar menn, er sjeu svo vel að sjer í sjómennsku, að þeir geti farið á milli landa, og skip, er geti verið í förum. Jeg segi þetta eigi til að spilla fyrir frumv., því að jeg tel tilgang þess mjög lofsverðan, og gæti það orðið til þess, að hvetja landsmenn til að reyna að gera verzlunina innlenda, þá álít jeg, að það hefði hinar blessunarríkustu afleiðingar fyrir land og lýð.

Sú eina skuggahlið, sem á því er, er að mínu áliti sú, að það gæti ef til vill orðið til þess, að hnekkja verzluninni; því að þá menn, sem að hjer eru, skortir fje til að reka verzlanir sínar svo, að vel megi fara, og fjeð er einmitt skilyrði fyrir góðri verzlun og því, að geta komizt að góðum kjörum í verzlunarlegum efnum.

Eins og jeg hefi tekið fram áður hjer í deildinni, er þeim, sem verzlun reka hjer á landi, nauðsynlegt að vera mikinn hluta ársins í útlöndum, og þar sem h. flutningsm. (Sig. Stef.) gat þess, að með þessu frumv. væri arður verzlunarinnar dreginn inn í landið og verzlunin gerð innlend, þá verð jeg að segja, að til þess þarf meira en það sem hjer liggur fyrir í þessu frv., því að mönnum verður þó ekki bannað að setja það fje, sem þeim hefir græðzt á verzlun sinni hjer á landi, á vöxtu í útlöndum eða að flytja sig til útlanda alfarnir, þegar þeir þykjast orðnir nógu ríkir af viðskiptum sínum hjer. Jeg segi þetta ekki til að andmæla h. flutningsm. (S. St.), heldur af sárri tilfinningu fyrir vanefnum vorum og þeim vandkvæðum, sem hjer er við að stríða.

Hið eina, sem jeg gæti hugsað mjer að hefði verulegan árangur, væri það, ef menn færu alvarlega að hugsa um, að reyna að

koma upp innlendri verzlun; innlenda verzlunarmenn höfum vjer þegar fengið, og væri þá einfaldasta ráðið að hlynna að þeim sem mest má verða, og það á annan hátt en gert er í frumv. þessu.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): H. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) efaðist um, að frumv. þetta kæmi að tilætluðum notum. Jeg skal ekki segja neitt um það nú. En þar sem h. sami þm. sagði, að það þyrfti ótöluleg skilyrði til þess, að verzlunin gæti orðið innlend, þá hefði jeg gjarna viljað heyra eitthvað af þessum skilyrðum.

Viðvíkjandi því, að innlendir kaupmenn hefðu ekki og gætu ekki haft nógan krapt til þess að reka fjöruga verzlun, skal jeg benda þessum h. þm. á reynsluna. Svo langt erum við þó komnir, að við höfum innlenda kaupmenn, sem reka hjer mikla verzlun, án þess að vera að staðaldri erlendis. Við þurfum ekki annað en að fara hjer ofan á götuna til þess, að sannfærast um það. Og þegar margir innlendir kaupmenn hafa orðið hjer stórríkir, þá er reynslan búin að sýna, að innlendir kaupmenn geta vel þrifizt hjer. Væri svo, að allir innlendir kaupmenn hefðu óðara farið á höfuðið, þá hefði h. þm. rjett að mæla. Reynslan hefir þá þvert á móti sýnt, að hinir ríkustu kaupmenn, sem nú eru búsettir í Kaupmannahöfn, hafa einmitt rakað saman fje meðan þeir hafa verið búettir hjer á landi.

Jeg bið menn að hugsa um þetta, áður en þeir segja, að verzlun hjer búsettra kaupmanna geti ekki þrifizt. Við höfum líka útlenda kaupmenn, sem búsettir eru erlendis, og vil jeg spyrja, hvaða gæði, hvaða hnoss eru þeir fyrir landið? Gefa þeir landsmönnum betri prísa? Eru þeir uppbyggilegri fyrir landið en hinir innlendu? Hver eru þrekvirkin eptir þá í atvinnumálum vorum og öðrum þjóðlegum framförum? Hver af þeim hefir 80 til 90 íslenzkra manna í sinni þjónustu mikinn part ársins, auk þeirra, sem bein línis eru við verzlun hans? Enginn! Ekki einn einasti.

Frumv. þetta fer nú fram á, að hlynna að innlendum kaupmönnum, sem búsettir eru hjer á landi. Hjer er aptur ekki um það að ræða, að skerða rjettindi nokkurs kaupmanns, sem nú er, eða rekur verzlun hjer á landi, þó hann sje búsettur annarsstaðar. Hjer er því að eins að ræða um undirbúningslög, er miða til þess, svo fljótt sem hægt er, að kollvarpa hjer hinni svo kölluðu nýlenduverzlun, en efla og auka innlenda verzlun og innlenda verzlunarstjett. Hver sjálfstæð þjóð í heiminum hefir álitið það skyldu sína, að fá þessu framgengt. Ef reynsla væri fyrir því, að kaupmenn. sem búsettir eru erlendís, væru þar ekki að eins til þess að raka saman fje, heldur ljetu þann hag, sem þeir þykjast hafa af þessari búsetu erlendis, koma fram í betri og hagfeldari viðskiptum við landsmenn, en innlendir kaupmenn veita, þá væri öðru máli að gegna. Jeg vildi, að einhver vildi sýna mjer, að verzlun nokkurs íslenzks kaupmanns, sem hefir verið hjer búsettur, hefði batnað eptir að hann fór af landi burt og settist að erlendis.

Mjer er þvert á móti kunnugt, að það hefir verið talið all-gott að verzla við marga kaupmenn meðan þeir voru sjálfir búsettir hjer, en aptur miklu lakara eptir að þeir voru farnir. Það er líka auðskilið. Þeir koma hjer kannske einu sinni á ári, og kannske aldrei, og verða því að sjá allt með annara augum, en ráðsmennirnir ærið misjafnir, eins og gerist. Það eru því sanngjarnar óskir og kröfur, sem hjer eru gerðar. Það er eins og sumir andmælendur þessa máls hafi á fyrri þingum álitið, að kaupmönnum væri með búsetuskilyrðinu bannað að fara erlendis og dvelja þar um tíma. Þetta hefir auðvitað engum dottið í hug, sem málinu hefir

verið hlynntur. Það væri óhugsandi að ætla sjer, að fara að gefa út lög um það, að tjóðra menn á vissum punkti, eða banna mönnum að fara ferða sinna, og þó má lesa þessa skoðun manna í löngum ræðum í þingtíðindunum, en hún er auðsjáanlega byggð á misskilningi. Það er líka merkilegt, að rentukammerið gamla hefir verið langt á undan okkur í þessu máli. Þegar verið var að ræða um, að gera verzlunina frjálsa hjer á landi, þá vildi rentukammerið gera borgararjettinn að skilyrði fyrir því, að menn ræki hjer fastaverzlun.

Mjer er þetta mál mikið kappsmál, og jeg vona, að enginn verði á móti því, að landið fái að njóta þess arðs, sem innlend verzlun getur gefið.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þótti flutningsm. (Sig. Sef.) tala af miklum hita út af mínum, ekki köldu, en viðkvæmu orðum um, að mörg skilyrði vantaði til þess, að þetta frumv. gæti orðið að tilætluðum notum. Jeg vona að hann muni, að jeg lauk lofsorði á tilgang frumv. Hann tók ýmislegt fram því til stuðnings, að landið hlyti að hafa hag af búsetu kaupmanna í landinu. En jeg þekki engan íslenzkan kaupmann, sem ekki verzlar nærri eingöngu fyrir danskt fje. Hvar er þá arðurinn? Hvar lenda vextirnir? Vextirnir lenda ekki í okkar landi, heldur í Danmörku, þar sem peningarnir eru fengnir. Mjer heyrðist h. flutningsm. bera mjer á brýn, að jeg hefði sagt, að enginn innlendur kaupmaður gæti þrifizt; en jeg neita því, að jeg hafi sagt þetta. En það mun jeg hafa sagt, að eptir því, sem nú stæði á, væri mjög erfitt að koma upp íslenzkri verzlunarstjett, sem hefði nokkurn krapt, eingöngu með fje landsbúa. Þetta kæmi til af því, að hjer væru svo sem engir peningar í landi. Þetta talaði jeg með sorg.

H. flutningsm. (S. St.) spurði, hvaða gæði, hvaða hnoss væri að útlendum kaupmönnum. Þessu hefi jeg aldrei ætlað mjer að svara. Eptir því, sem jeg hef komizt næst, vilja þeir flestir helzt vera lausir við að styrkja nokkur góð fyrirtæki hjer. Þó eru hjer heiðarlegar undantekningar, svo sem t. d. Fischer kaupmaður og jafnvel Thomsen kaupmaður (og fyrrum Carl Fr. Siemsen), sem báðir hafa gefið, hinn fyrri stórfje, hinn síðari mikið fje til landsins.

Jeg get líka nefnt annað dæmi, þessum gagnstætt. Þegar Garðakirkja á Álptanesi var byggð, ljet stórkaupmaður nokkur umboðsmann sinn segja mjer, að hann vildi gefa kirkjunni eitthvað í minningu þess, að nú væru 50 ár síðan faðir hans hefði byrjað verzlun hjer, og beiddi mig að nefna eitthvað. Jeg gerði honum orð, að kirkjuna vantaði »harmonium«. Það þótti honum of mikið; en talaði um, að gefa ljósastjaka. Síðan hefir kirkjan keypt 2 ljósastjaka, sem jeg veit ekki, hvort þessi stórkaupmaður ætlar að borga. Jeg er ekki búinn að fá neitt svar upp á það.

Að þeir menn, sem reka hjer fasta verzlun, gjaldi hjer til allra stjetta, því er jeg auðvitað í fyllsta skilningi samþykkur, enda laut ræða mín áðan að eins að því, að sýna ýmsa agnúa, sem nú væru á verzlunarástandinu í landinu, en alls eigi að því, að mótmæla frv.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg vona, að h. þm. (Þór. Böðv.) hafi eigi skilið orð mín svo, að jeg beinist að honum, og að hann verði með frv. eptir sem áður. Það eru til ýmsir útlendir kaupmenn, sem eru gagnlegir sómamenn, en þeir hefðu líka getað verið sómamenn, þó þeir hefði átt hjer heima. Þegar menn tala um málið, má ekki hugsa um, hvort menn græði hjer eða þar, og eigi má einblína á það, heldur líta á hag landsmanna. Kaupmenn geta hjer eins og annarstaðar í víðri veröld staðið sig bæði vel og illa; en þegar þeir eru búsettir í landinu, geta margir haft gagn af þeim, án tillits til þess,

hvort kaupmaðurinn rakar miklum auð saman af verzlun sinni. Jeg vil t. d. nefna einn kaupmann hjer í Reykjavík, Geir Zoëga; hve mikið hann græðir árlega á verzlun sinni veit jeg náttúrlega ekki, en hitt vitum vjer allir, að hann veitir fleiri mönnum fasta og vissa atvinnu en allur fjöldinn af hinum erlendu kaupmönnum, og eflir annan atvinnuveg landsins meir en nokkur annar kaupmaður hefir gert, og þó hefir hann rekið verzlun að eins í fá ár. Það er eðlilegt, að þeir kaupmenn, sem eru hjer að eins sem farfuglar, hugsi mest um aðalaðsetur sitt, og beri sem mest hjeðan heim í hreiðrið.

Kaupmannastjettin, þar sem hún er innlend, er og hefir jafnan verið forkólfur og máttarstoð í góðum og gagnlegum fyrirtækjum; en því er ekki að fagna hjer. Eins seinir eins og kaupmenn haf optast verið hjer til að styðja gagnleg fyrirtæki, eins fljótir hafa þeir opt líka verið til að koma í veg fyrir þau; þetta er líka að nokkru leyti náttúrlegt; meðan þeir eru flestir búsettir í öðrum löndum, þykjast þeir ekki hafa neinar skyldur að rækja við þetta land. Það er í augum þeirra, sem hrein og bein fjepúfa. Að vísu er þetta að færast í lag og framtakssömum kaupmönnum heldur að fjölga. Búseta fastakaupmanna í landinu getur orðið til að auka framtakssemi, dugnað og auðæfi. Og jeg segi fyrir mig, að þótt jeg verði elztur allra manna, get jeg eigi sjeð, að með þessu frv. sje rjetti nokkurs kaupmanns hallað. Maður getur aldrei búizt við, að allur arður lendi hjer; það kemur ætíð að nokkru leyti öðrum að góðu; verzlunin er svo víðtæk; en lög um, að fastakaupmenn skuli vera búsettir hjer á landi, er þó aðalskilyrðið fyrir því, að verzlunin verði innlend, og mestur hluti arðsins lendi hjer.

Landshöfðingi: H. flutningsm. (S. St.) getur sjálfsagt fengið marga til að fallast á það, að æskilegt væri, að allir kaupmenn, sem verzla á Íslandi, væru þar búsettir, og mig ekki sízt.

En önnur spurning er það, hvort það sje hægt eða jafnvel mögulegt, að koma þessu fram með lögum. Í ræðum og ritum er mikið talað um, að faktoraverzlun eða sem sumir kalla selstöðuverzlun sje sjerstök fyrir þetta land, og að hvergi nema hjer á landi sje mönnum leyfilegt að verzla, nema þeir sjeu búsettir innanlands. Jeg verð að ætla, að þeir menn, sem þetta segja, tali þar um málefni, sem þeim er ekki fullkunnugt. Þetta á sjer einmitt stað í mörgum löndum og hjá hinum mestu verzlunarþjóðum; á Englandi t. d. er engum bannað að verzla fyrir þá sök, að hann sje þar ekki búsettur; sama mun eiga sjer stað á Frakklandi, og í Bandaríkjunum í Ameriku. Jeg þekki tvo stórkaupmenn búsetta í Kaupmannahöfn, sem verzla á Englandi, og þegar Englendingar ekki skoða það sem hnekkir fyrir verzlun sína, þó menn verzli þar, sem eru búsettir annarstaðar, finnst mjer hið sama fyrirkomulag ætti að geta verið viðunandi fyrir okkur.

Ef það yrði sannað, að búseta fastakaupmanna hjer á landi, eða lög um það, gerðu þeim ómögulegt, eða hömluðu því, að þeir færu með gróða sinn hjeðan burtu, þá væri mikið unnið; en því er ekki svo varið. Þó þetta frumv. yrði að lögum, þá gæti hver danskur maður eða norskur eða enskur sett sig hjer niður, grætt og nurlað, en farið svo burt með allan arðinn, þegar hann þættist vera búinn að næla nóg.

Þá er ákvæðið um búsetuna mjög viðsjárvert, og engin föst regla fyrir því, hvað útheimtist til þess, að sagt verði um mann, að hann sje búsettur á einhverjum tilteknum stað. Það má taka til dæmis síldveiði Norðmanna; þá var það álitið, að sá sem hefði hjer hús og einhvern mann í því árið um kring, væri hjer búsettur, þó hann væri hjer ekki sjálfur nema fáa mánuði eða jafnvel fáar

vikur. Jeg veit ekki, hvað h. flutningsm. (S. St.) hugsar sjer um það, hvaða skilyrði þurfi til að vera hjer búsettur, en vona þó, að hann sje mjer samdóma um, að það sje nauðsynlegt að setja einhverjar fastar reglur fyrir því, hvað útheimtist til búsetunnar. Við skulum taka til dæmis einhleypan mann, sem hvergi heldur dúk og disk, en er nokkurn hluta ársins hjer á landi og nokkurn hluta þess erlendis; hvað þarf hann að vera marga mánuði eða jafnvel vikur hjer á landi, til þess að sagt verði, að hann sje hjer búsettur? Og má ekki segja, að hann sje hjer búsettur, ef hann rekur hjer atvinnu, þó hann sje árum saman erlendis? Það vita menn, að margir Englendingar eru árum saman á ferðalagi erlendis, án þess að neinum detti í hug fyrir það, að neita því, að þeir sjeu búsettir á Englandi. Þessi vankvæði á að setja fastar og skýrar reglur um búsetuna, sem þó er aðalatriðið í frumv., ættu að sannfæra menn um, að það er ekkert áhlaupaverk, að setja lög um þetta efni. Það er ekki nóg að setjast niður og skrifa upp frumv. um þetta eða hitt; frumv. verður að vera svo úr garði gert, að það verði framkvæmt, ef það verður að lögum.

Á þessu stigi málsins verður ekki farið út í einstakar greinir; en þó má nefna það, að það er ekki jafnrjetti milli verzlunar lausakaupmanna og fastakaupmanna.

Jeg geri ráð fyrir, að frumv. gangi fram hjer í deildinni; þó væri betra, að íhuga málið nákvæmar til 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg tek með þökkum bendingar hæstv. landshöfðingja, þar sem hann talaði frá formsins hlið. Hæstv. landsh. tók ekki neitt það atriði fram í frumv. þessu, sem gæti orðið verzluninni til skaða. Að því er snertir búsetu, þá hygg jeg að hjer sjeu sömu ákvæði um það, sem hingað til hafa verið í Danmörku, þó það sje ekki ýtarlega tiltekið hjer. Vjer gætum byrjað með því, að hafa sömu ákvæði og Danir hafa; það mætti tiltaka einhvern vissan tíma. Það var sampykkt hjer um daginn frumv. um gjaldskyldu til sveitarsjóðs, þar sem hún var miðuð við það, að hafa haft aðsetur í hreppnum um vissan tíma. Þar sem jeg held ekki að nein mótmæli sjeu komin fram móti því, að frumv. verði til gagns, er engin ástæða til að hrinda því. Jeg væri hæstv. landsh. mikið þakklátur, ef hann sem góður lagamaður kæmi með bendingu um það, hvernig væri heppilegast að ákveða búsetuna. Jeg álít frv. mikilsvert, og það felur í sjer rjettarbót svo mikla, að það ætti að komast gegn um þingið. Það eru hæg heimatökin hjá stjórninni, að gera hvað henni gott þykir við frumv.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Tuttugasti og sjötti fundur, fimmtudag 1. ágúst á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín hefði komið tilkynning um, að í nefndinni í málinu: frumv. til laga um hreyting á lögum um kosningar til alþingis væri kosinn formaður Páll Ólafsson og skrifari Jón Jónsson.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 308); 3. umr.

Framsögum. (Páll Briem): Það er óþarfi að fara mörgum orðum um frv. þetta; það hefi hingað til fengið góðan byr hjer í deildinni. Þetta er nú síðasta umræðan hjer í deildinni og frv. fer síðan til Ed.; jeg óska þess að eins, að því auðnist að ná þar fylgi góðra manna, og ferð þess þangað verði ekki ferð til dauða, en þótt það sje ferð gegn um hreinsunareld, þá gildir mig það einu; — jeg vil óska, að frv. nái hjer sampykki sem flestra og að skilnaði góðar kveðjur.

Grímur Thomsen: Það var hvorttveggja,

að lítill tími var til að koma með breyt.-till. milli 1. og 2. umr., enda varð jeg þess áskynja fyrsta daginn, sem jeg kom á þing, að engin ókunnug breytingartill. mundi komast að hjá þeim h. þm., sem tekið hafa þetta mál upp á sína arma. Sumar breytingar, sem orðið hafa á frv. eru aðgengilegar, aðrar óaðgengilegar, og mun jeg því greiða atkvæði á móti frv.

Sigurður Stefánsson: Það er tvennt, sem knýr mig til að tala í þessu máli.

Annað er afskipti þings og þjóðar af þessu máli; hitt afskipti stjórnarinnar.

Það er kunnugt, að þjóðin hefir haft þetta mál til alvarlegrar íhugunar síðan 1885, og kröfur hennar hafa einlægt farið í sömu áttina; maður skyldi nú hafa haldið, að þó stjórnin væri ekki sammála þinginu 1885, að hún þó hefði eitthvað látið til sín heyra, eitthvað það, sem til samkomulags gæti leitt; en því hefir ekki verið að heilsa. Ekkert hefir heyrzt frá stjórninni í þá átt, nema bert og blákalt nei. Þetta er alveg gagnstætt því, sem það á að vera, og meðan stjórnin heldur þessu fram, hlýtur þjóðin einnig að halda sínum kröfum fram óbreyttum.

Það gladdi mig mikið að heyra, að hæstv. landsh. fór til Kaupmannahafnar í vor; það gladdi mig af því, að jeg vonaði, að hann mundi koma með eitthvað í þessa átt — þó það yrði ekki það, sem vjer helzt óskuðum — þá samt eitthvað, sem ef til vill gæti leitt til samkomulags í þessu máli. En allar þessar vonir brugðust — allt það sem fram kemur í þessu máli, eru viðbárur tómar, marghraktar, en engin rök, og jeg get sannarlega vorkennt hæstv. landsh., að hafa ekki annað að bjóða en þessar gömlu, ef ekki vífilengjur, þá viðbárur frá hálfu stjórnarinnar.

Jeg get ekki skilið, að stjórnin álíti, að stjórnarskráin sje svo góð, að hún þurfi ekki breytingar við; jeg get ekki skilið, að stjórnin álíti þá stjórnarskrá svo fullkomna, að ekki þurfi neinna breytinga við, þar sem hún sjálf gerir þá merkilegu játningu í hinum þýðingarmestu þjóðmálum vorum, að þessi ráðgjafi og þessi landshöfðingi, sem hin núgildandi stjórnarskrá bindur ábyrgðarákvæði sín við, hafi svo, þegar til stykkisins kemur, enga ábyrgð á gjörðum sínum. Jeg get ekki skilið, að stjórnin álíti slíkt fyrirkomulag viðunanlegt; jeg skil ekki, að hún geti lengi horft á fjörbrot þjóðarinnar með köldu blóði, án þess að stíga eitt spor í þá átt, að uppfylla kröfur vorar eða koma með eitthvað, er til samkomulags leiði. Meðan stjórnin lætur ekkert til sín heyra í þá átt, verður þjóðin að halda áfram; það er mjög óhyggilegt af stjórninni, að halda, að þjóðin muni hætta, þó að hún vilji þegja málið í hel; nei, meðan þjóðin finnur sig sem þjóð, meðan nokkur þjóðræknisneisti lifir í brjóstum hennar, þá getur hún ekki hætt. Þetta hlýtur stjórnin að finna; hún hlýtur að finna, að á henni hvílir siðferðisleg ábyrgð, að þetta mál fái einhvern enda, og það hryggði mig stórum að heyra ekki annað frá fulltrúastólnum, en það heyrðist 1885, 1886 og 1887, þetta sama: »jeg vil það ekki.«

Jeg skal játa það, að þó jeg geti skrifað undir hverja af þessum breytingum, sem hjer er farið fram á, þá var þó mitt álit, að ekki hefði þurft að fara fram á neina breytingu, til þess að leita samkomulags við stjórnina, meðan hún að sínu leyti virti óskir vorar að vettugi í þessu máli, og að vjer ættum ekki að víkja eitt hænufet frá því, sem áður hefir verið farið fram á. En eptir að jeg hefi heyrt þessi gömlu ummæli frá fulltrúa stjórnarinnar, þá get jeg því betur skrifað undir breytingar þær, sem gerðar hafa verið á frumv., þar sem stjórnin telur þær eins óaðgengilegar fyrir sig eins og ákvæði þau, sem áður stóðu í frv., en kemur með

ekkert, er til miðlunar geti leitt í þessu máli.

Þorlákur Guðmundsson: Það er ekki eingöngu vegna málsins sjálfs, að jeg stend upp. — Jeg er ekki hræddur um, að það gangi ekki í gegnum deildina, enda mundu orð mín lítið styðja það, ef það væri á veikum fótum,— heldur er það vegna afstöðu minnar til þessa máls 1887, að jeg vildi mæla nokkur orð.

Jeg hefi ekki fundið ástæðu til að taka til máls við 1. og 2. umr. þessa máls. Jeg hefi ekki heldur tekið til máls í blöðunum, þó jeg hafi lesið ýmsa dóma um minni hlutann í þessu máli í neðri deild alþingis 1887. Menn geta nú ímyndað sjer, að það hafi komið til af því, að jeg ekki hafi treyst mjer til þess; — getur verið; jeg læt hvern hafa sína skoðun um það.

Mjer hefir þótt það ámæli ærið hart, sem við þm. höfum fengið, sem greiddum atkvæði móti stjórnarskránni 1887, og get jeg eigi fundið, að jeg hafi átt slíkt ámæli skilið. Því þegar maður kemur til þings með sína sannfæringu og sannfæringu kjósendanna, og hún var þannig, að rjettast væri að fresta málinu 1887, til þess að forðast þingrof og kostnað, sem af því hlaut að leiða, þá þykir mjer hart, að hljóta fyrir það afarþung ámæli, eins og jeg hefði brugðizt trausti kjósenda minna, og þá þjóðarinnar mesta áhugamáli, því eins og kjósendur mínir sögðu við mig 1887, að þeir vildu fresta málinu, án þess að nokkru væri þar með spillt, eins gátu þeir sagt fyrir munn fulltrúa sinna á Þingvallafundi 1888, að þeir vildu halda málinu áfram. Þó að allir þingmenn hefðu greitt atkvæði með málinu hjer á þingi 1887, þá var ekki þar með hrakin sú mótbára, að þjóðin væri ekki eindregið með málinu, og Þingvallafundur eins nauðsynlegur fyrir það.

Nú hefir þjóðin öll, að undanteknu einu kjördæmi, fyrir munn fulltrúa sinna á Þingvallafundi lýst yfir því, að hún vildi halda málinu áfram.

Jeg er samdóma þeirri aðferð, sem hjer er brúkuð, að halda málinu nú fram með ró og stillingu; því jeg hefi einlægt verið þeirrar skoðunar, að hvorki stóryrði nje glamur gætu komið þessu máli fram eða kippt því í happasælt horf.

Sú hefir raun á orðið, að Þingvallafundurinn var alveg nauðsynlegur; þjóðin hefir enn lýst yfir, að þetta sje áhugamál hennar, þó að það væri vart hægt að finna út úr þingmálafundum 1887; því þá voru undirtektirnar daufar og misjafnar, og fulltrúar hafa lýst því yfir á Þingvallafundi, að þeir óskuðu að eins framhalds í sömu stefnuna eins og á undanförnum þingum, og þar með var viðurkennt, að frumv. frá 1884 gæti þó breytzt til bóta; en lagt sjerstaklegri og nánari ákvæði í hendur þingsins.

Jeg gef þess vegna þessu frumv. atkvæði mitt; því nú er enginn efi á, að málið er eindreginn þjóðarvilji, sem ekki var hægt að segja um 1887, enda var það fjarri sannfæringu minni, að vera á móti málinu, og það mátti ljóslega sjá á þeim orðum, sem jeg talaði hjer á þingi 1887.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg finn ástæðu til að gera stutta athugasemd við ræðu h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.)

Það voru margir svo 1887, að þeir vissu ekki hvað var meining þeirra, sem á móti voru. Það voru ýmsir sem hjeldu, að það væri til þess að sæfa málið, og þannig var skýrð framkoma þingmanna í brjefum hjeðan frá Reykjavík til útlanda. Þetta gátu menn svo eigi unað við. Þeim fannst, eptir því sem ástæður voru, nauðsynlegt að þjóðin ljeti í ljósi, hvað hún í raun og veru vildi.

Síðan 1887 hefi jeg komizt að raun um, að flestir þeirra, sem þá greiddu atkvæði á móti, vildu í rauninni að eins fresta málinu, og því er það fjarri mjer, að ámæla mönnum nú fyrir slíkt.

Það hefir margt verið sagt um þetta mál síðan 1887, og það er engin furða, þótt eigi hafi hvert orð verið vegið á gullmetum. En menn verða vel að gæta þess, að ámæli eru frá einstökum mönnum, og verða að skrifast í þeirra reikning; það er ávallt einn og annar, sem ekki getur rætt málin rólega og með stillingu, og fyrir munn þessara einstöku manna verður ekki bundið, nje heldur girt fyrir það, að ýmsir sjeu þeir, sem brúka öfgar og stóryrði; en slíkt verða menn að taka með þolinmæði og jafnaðargeði.

Jeg skal svo ekki tala meira, en vona að h. Ed. taki málinu vel, og veiti því góðan og hagstæðan byr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefi hingað til setið rólegur og horft á hina hröðu rás þessa máls gegn um deildina.

Raunar voru engin tiltök fyrir mig, sem fáa á að hjer í deildinni, að koma að breytingartill., nema ef verið hefði á milli 1. og 2. umr.; en það var heldur ekki hægt, því 1. umr. var á laugardag, og svo stóð á, að jeg þurfti að fara burt úr bænum, og gat ekki komið aptur fyr en á sunnudagskveld, og varð þá alveg forviða, þegar jeg sá, að þetta mál var fyrst á dagskrá á mánudaginn; því jeg er einn af þeim, sem ekki er auðið að vita leyndardóma þeirra h. þm., sem, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) komst að orði, hafa tekið stjórnarskrána á sína arma; þess vegna var mjer ómögulegt að koma með breytingartillögur.

Það er kunnugt, hvert álit jeg hefi haft á þessu máli; sjerstaklega er það þjóðkunnugt, hvert álit jeg hafði á því 1887, því jeg var því mjög mótfallinn, að það væri þá tekið fyrir; en móti frumv. sjálfu hefi jeg aldrei verið að aðalefninu, sjerstaklega þegar sá tími væri kominn, að sú stjórn, sem frumv. fer fram á, væri landinu ekki í neinu ofvaxin.

En ef jeg er spurður að, hvers vegna var það? Þá svara jeg: af því að þá var hallæri í landi. Mjer virtust því fjárþrot fyrir höndum í landssjóði, og þótti rangt að bendla þjóðina við kostnað, sem mundi hafa reynzt harla þungbær; og í annan stað af því, að fyrir þinginu lágu þá mjög fá ummæli um, að halda málinu áfram. Jeg álít, að mjer hefði verið eins frjálst, að taka málið upp nú, eins og mjer var frjálst að mæla á móti, að það væri tekið upp 1887; jeg mundi þó ekki hafa tekið það upp nú; en þegar það er nú tekið upp, þá er öðru máli að gegna, enda eru ástæður allt öðruvísi en 1887.

Landsmenn lögðu á sig þá erviðleika og kostnað, að halda þingvallafund í fyrra, og krefja þess, að málinu væri haldið áfram, og jeg vil óska og vona, að þeir hafi gert það af ljósri sannfæringu.

Jeg skrifaði um þetta mál grein eigi svo stutta, því mjer þótti málið tekið nokkuð einhliða, og leitaðist við að benda á ýmsa agnúa við málið. En þjóðin tók ekki þetta til greina, heldur svaraði á þingvallafundinum, að hún vildi halda málinu áfram, og lýsti yfir því, að hún væri fús á að standast kostnaðinn, og þykir mjer hart að banna henni það.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar byrjaði 1881, henni var lokið 1885 og samþykkt 1886. Þá var þeirri áformuðu endurskoðun að fullu lokið. En ekki var loku fyrir það skotið, að ekki mætti byrja endurskoðun hennar aptur. Jeg er einn af þeim, sem álíta, að alls ekki ríði á, að byrjað sje nú þegar, og álít, að landið geti tekið framförum með þeirri stjórnarskrá, sem vjer höfum; fyrir mínum augum er hjer að eins um tímaspursmál að ræða.

Einn af kostum þessa frumvarps er sá, að það gerir ráð fyrir sjerstökum ráðgjafa með fullri ábyrgð. En margt er það í þessu frumv., sem jeg vildi hafa öðru vísi,

svo sem ákvæðin í 6. gr.; en jeg virði frumv. fyrir það, að það er tilraun til samkomulags; þegar um slík mál er að ræða, þá er annaðhvort að gera, að segja í eitt skipti fyrir öll, það sem maður vill —og slaka aldrei til— eða þá að poka og hliðra til eptir því, sem bezt er hægt, og inn á þennan veg er farið með frumvarpið.

Jeg er þakklátur fyrir tilraunirnar, sjerstaklega fyrir eina grein, sem jeg álít til bóta, nefnilega 3. gr.: um hið æðsta vald utan lands; um hið æðsta vald innan lands mun ervitt að setja ákvæði, sem öllum líka og allir eru ánægðir með.

Jeg er nefndinni einnig þakklátur fyrir ákvæðin um kosningu til Ed., fyrir þá tilraun, að gera löggjafarvaldið sem fastast: en jeg felli mig þó ekki allskostar vel við þetta ákvæði; þessir menn ættu ekki að vera kjörnir af Nd., heldur af þjóðinni allri; jeg sje heldur ekki betur, en að sum kjördæmi verði svipt þeim rjetti, að hafa reglulega fulltrúa á þinginu, meðan þessar mannskepnur lifa. Kjósendur verða að minnsta kosti að una við það, hvort sem þeim líkar vel eða illa, meðan þeir lifa.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um hinar einstöku greinar frumv., en vona, að það taki breytingum til bóta, þar sem það á eptir að ganga gegnum 3 umræður, já, kannske 6 umræður.

H. framsögum. (P. Br.) gat þess, að frumvarpsins biði eldur; það er vonandi, að það sje ekki eldur sem brennir, heldur sá sem hreinsar, og vona jeg að frv. hafi gott af því, þó það verði ekki til að ganga gegnum þingið, þá þó til hugleiðingar síðar.

Kjósendur mínir hafa reyndar mjög á móti aukaþingi; en jeg veit eigi, hvaða skoðun þeir kunna að hafa síðar á því máli. Jeg er líka mjög á móti því, eins og er, því enn er fjárþrot, sem óvíst er, að bætt verði að fullu; en ætla, að þessu sinni komi ekki til þess, að aukaþing verði.

Þótt það hafi í blöðunum eigi verið tekið vel upp af mjer, þá hefi jeg lagt það til, og vil enn leggja það til, að mál þetta sje íhugað og rætt sem bezt, áður en því er ráðið til fullra lykta.

Framsögumaður (Páll Briem): Það er einungis örstutt athugasemd, sem jeg vil gjöra viðvíkjandi kosningum til efri deildar, sem jeg hygg vera muni leyfilegt, þótt frumv. sje nú fyrir til 3. umr.

Svo er til ætlazt, að þegar alþingi kemur í fyrsta sinn saman eptir stjórnarskrá þessari, þá taka þar sæti 32 þjóðkjörnir menn, og er þá hugsanlegt að allir fulltrúar eins kjördæmis verði kosnir upp í efri deild, svo að kjördæmið verði fulltrúalaust í neðri deild. En þetta getur eigi komið fyrir nema að eins í fyrsta skipti, sem kosið er til Ed., og þegar svo 6 ár eru liðin frá þeim tíma, þá skal aptur kjósa á reglulegan hátt í öllum kjördæmum landsins 24 menn til neðri deildar, svo að upp frá því getur ekkert kjördæmi orðið fulltrúalaust í neðri deild, nema fyrir fráfall einhvers þingsmanns, eða hann segi af sjer, og fara þá náttúrlega fram endurkosningar.

Þorvaldur Bjarnarson: Við frh. 1. umr. í þessu máli hef jeg látið á mjer skilja, að hugsun þessa frumv. mundi eigi alstaðar vera sem skipulegust. Jeg hef nú yfirvegað þetta nákvæmar; og þótt jeg raunar eigi hafi breytt skoðun minni í þessu atriði, þá eru þó þær misfellur, sem jeg finn á frumv., eigi verulegri en svo, að mjer finnst eigi knýjandi ástæða til að koma fram með breytingar, og mun jeg því gefa frumv. atkvæði mitt nú eins og hingað til, með því að jeg er samþykkur öllum hinum almennu og verulegu ákvæðum þess.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg játa, að það er satt, sem h. framsögum. (P. Br.)

sagði, að fylgismenn stjórnarskrárinnar eigi geta tekið neina ábyrgð á því, hvað einstakir menn hafa talað eða skrifað í þessu máli; enda væri það of mikil viðkvæmni, að taka sjer mjög nærri það, sem einstakir menn kunna að segja, þegar þeir eru komnir í hita; en þó ber þess vel að gæta, að ró og stilling er bezt í hverju máli, og jeg verð fyrir mitt leyti að lýsa því yfir, að jeg er þakklátur h. framsögum. (P. Br.) fyrir það, hve stillilega hann hefir hagað orðum sínum í framsögu þessu máls, og vona, að það sje fyrirboði þess, að málinu verði framvegis haldið fram með meiri stillingu og festu en hingað til; enda hlyti slík aðferð að verða talsvert aðhald fyrir stjórnina og gefa henni hvöt til að mæta þinginu á miðri leið, því að þá mundi hún við rólega yfirvegun sjá, hvílíkur ábyrgðarhluti það er fyrir hana, að láta hina íslenzku þjóð, sem er fátæk, eyða fje sínu í endalausum stjórnmálefnadeilum, án þess að hún stigi nokkurt fet til samkomulags heldur sitji við sinn keip.

Jón Þórarinsson: Jeg hef heyrt að margir h. þingd.manna hafi hneykzlazt á því, að jeg skyldi ekki greiða atkvæði með neinni grein frumv. við 2. umr. þótt jeg raunar á hinn bóginn heldur ekki greiddi atkvæði á móti nokkurri grein í því.

Jeg ætla því að færa rök fyrir atkvæði mínu, þótt jeg reyndar eigi þurfi að gjöra grein fyrir því, þar sem kunnugt mun orðið, hverjar undirtektir málið hefir fengið hjá kjósendum mínum. En jeg get lýst yfir því, að jeg er alveg á sama máli og þeir um það, að heppilegast hefði verið, að taka málið ekki upp á þessu þingi.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) tók það fram í ræðu sinni, að staða hans í þessu máli skapaðist af vilja kjósenda sinna, og get jeg því einungis að sumu leyti sagt, að líkt standi á fyrir mjer og honum, en að sumu leyti ekki. Flestallir kjósendur mínir, sem nokkra skoðun hafa á þessu máli, eru alveg mótfallnir því, að stjórnarskrármálið sje tekið fyrir á þessu þingi, að því er mjer er frekast kunnugt um skoðaðir þeirra; jeg veit því, að jeg tala að þeirra vilja, þegar jeg er á móti því, að frumv. sje tekið upp að þessu sinni; en bæði þeir og jeg verða að sjá, að eitt kjördæmi getur eigi ráðið því, hvort málið er tekið upp eða eigi, og þessvegna er líka þýðingarlaust, hvort einn maður á þingi mótmælir því eða eigi, og sjerstaklega þegar eins stendur á og hjer, að það er ungur maður, er hlut á að máli, sem eigi er orðinn svo gamall á þingi, að hann geti lagt neitt þungt á metin.

Jeg er enn sem fyr á því, að engin vön sje um nokkurn árangur af þessu frv. eða öðrum, sem ekki gjöra frekari tilslökun, og álít, að allar tilraunir í þessa átt muni verða árangurslausar, þangað til sú ósk er uppfyllt, sem kom fram úr mínu kjördæmi á þingvallafundinum í fyrra, sem fór fram á, að stjórnin legði fyrir þingið frumv. til endurskoðaðra stjórnarlaga, þar er hún segi, hve langt hún vill poka í málinu.

En þótt jeg þannig sje vonlaus um árangur af þessu frumv. og jafnvel þó að jeg gæti bent á sumt í því, er gjöri það jafnvel óaðgengilegra en hin fyrri frumv., eins og hæstv. landsh. þóttist geta sýnt, þá er eigi þar með sagt, að jeg vilji hindra, að frumv. gangi leið sína hjer í gegnum deildina, jeg hef miklu fremur ekkert á móti, að það gangi gegn um þann hreinsunareld, sem h. framsögum. (P. Br.) gat um, og sem frumv. sannarlega þarf að ganga gegnum; enda mun það í hann fara, hvort sem jeg segi já eða nei, og þar sem gangur málsins verður sá sami, hvernig svo sem atkvæði mitt fellur, þá vil jeg heldur gefa atkvæði með frumv. en móti, án þess jeg í nokkru tilliti hafi breytt stefnu minni í þessu máli frá því, sem áður var.

Jónas Jónassen: Þótt jeg viti, að það sem jeg segi í þessu máli hafi enga þýðingu fyrir þingið, þá vil jeg með fáum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Þegar jeg sá frumv. þetta, þá furðaði jeg mig á því, að menn skyldu enn á ný hafa breytt því, og það jafnvel stórkostlega, frá því sem áður var, og jeg verð nú að spyrja, hvernig stendur á þessum sífeldu breytingum?

Þær hljóta að koma af því, að menn eru eigi enn komnir að nokkurri fastri niðurstöðu, og vita alls eigi hvað þeir vilja; og þegar jeg nú sje, að algjörlega vantar allan fastan grundvöll í þessu máli — því með þessum stórkostlegu breytingum er grundvellinum talsvert raskað — þá get jeg ómögulega gefið því atkvæði mitt; það tjáir eigi að vera þing af þingi að breyta stjórnarskrá landsins. Jeg er sannarlega meðmæltur því, að vjer fáum innlenda stjórn hjer á landi, en á hinn bóginn er það líka mín lifandi sannfæring, að vjer, einar 70 þúsundir manna, alls eigi sjeum færir um að bera allt það «maskineri» — þessa margbrotnu vjel — sem farið er fram á í þessu frumv.

Hjer er þannig t. a. m. gjört ráð fyrir landstjórn með 3 ráðgjöfum; en þegar vjer lítum á mannafla vorn, þá get jeg eigi sjeð, að eigi verði opt örðugt að fá *hæfa menn* í þessi 3 ráðgjafasæti, og þegar svo þessir ráðgjafar eru fengnir, þá má búast við á hverri stundu, að þeir kunni frá að fara, svo að vjer fáum marga ráðgjafa með eptirlaunum. Yfir höfuð hlýtur þetta fyrirkomulag að verða margfalt dýrara en það sem nú er.

Þótt jeg við 2. umræðu málsins sæti fyrir öllum greinum frumv., þá kom það alls eigi til af því, að jeg eigi gefi mjög mörgum greinum atkvæði mitt, nei, þvert á móti; en jeg get samt ómögulega verið með sumum þeirra; jeg mun því greiða atkvæði á móti frumv., enda þykist jeg viss um, að Íslendingum mundi líða, ef eigi ver, þá alls ekki betur, þótt það yrði að lögum.

Það er annars skrítið, að menn skuli jafnan vera að tala um, að það sem hjer er farið fram á, sje vilji þjóðarinnar; þjóðin, þjóðin er einlægt viðkvæðið; en þegar maður fer að tala við einstaklingana, þá er allur þessi þjóðarvilji horfinn, og jafnvel hið gagnstæða kemur þá í ljós. Jeg hef þannig t. d. nýlega fengið brjef frá einum mjög merkum manni, sem segir, að hann gefi lítið fyrir stjórnarskrár-ruglið, og fleiri segja þessu líkt. Þjóðinni í heild sinni er þetta ekkert áhugamál. Það eru einstakir menn, sem berja þetta fram; þetta er og verður sannleikurinn nú sem stendur.

En jeg skal eigi orðlengja meir um þetta, enda mun það eigi hafa mikinn árangur, því jeg hef verið og verð svo á þingi, að jeg mun útilokaður frá að geta haft nokkur áhrif í þessu eða öðrum málum; en engu síður mun jeg þó halda minni sannfæringu, hvort sem kjósendum mínum líkar miður eða betur.

Framsögumaður (Páll Briem): Mjer kom dálítið undarlega fyrir ræða h. þm. Rvík. (J. Jónass.) Hann talaði eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um, að ekki hefði verið tími til og ekki heldur til neins að reyna að koma fram breytingum við frumvarpið.

Jeg er h. þm. samdóma um það, að þeirra breytingar, sem sjálfsagt ekki mundu miða til samkomulags, ekki mundu geta átt von á góðu hjer í deild eða fengið hjer góðan byr. En þar sem h. þm. (J. Jónassen) var að tala um stórkostlegar breytingar, þá verð jeg algerlega að mótmæla slíkum orðum.

Þær breytingar, sem nefndin hefir stungað upp á, eru byggðar á alveg sama grundvelli eins og frumv. frá undanförnum þingum, 1885 og 1887. Það eru að eins ákvæðin um kosningu til Ed, sem eru nokkuð öðruvísi en áður. (*Jónas Jónas-*

sen: 3. gr. frumv.) Já, 3. gr. er byggð alveg á sama grundvelli eins og 1887. Það er svo langt frá að þingið hafi breytt stefnu sinni í málinu, að það miklu fremur er orðið fastara í rásinni.

H. þm. Rvík. (J. Jónass.) nefndi 3 ráðgjafa. Í frumv. er alls ekki nefnt, hvað ráðgjafarnir skulu vera margir. Þeir geta vel verið tveir. H. sami þm. vantreysti mjög kjósendum sínum og gaf yfir höfuð að tala lítið fyrir sína kjósendur. Hann um það, hvað hann segir um þá. En þar sem h. þm. kom með það, að enginn mundi geta stjórnað sem ráðgjafi, þá er slíkt næsta undarlegt. Honum þykir stjórn landsins fara nógu vel fram nú, en hvaða mismunur er annars á því stjórnarfyrirkomulagi, sem er og því, sem vjer förum hjer fram á? Hinn verulegasti munur er sá, að vjer viljum að komi stjórn «*með ábyrgð*», og er það svo afarillt, að menn í stjórnarsæti skuli stjórna á þann hátt, að þeir hafi ábyrgð á gjörðum sínum? H. þm. (J. Jónass.) vill fá innlenda stjórn, en hann segist ekki vilja hafa stjórn eins og hjer er til ætlazt: þingbundna stjórn með ábyrgð, ráðgjafastjórn. Jeg get ekki skilið, hvaða stjórn h. þm. Rvík. hefir fyrir augum. Jeg þekki ekkert land með þingbundinni stjórn, þar sem ekki er ráðgjafastjórn. Það væri mjög fróðlegt, að heyra, hvernig stjórnarfyrirkomulag það er, sem þingmaðurinn vill fá. Þótt menn geti haft mismunandi skoðanir á því, hvernig sum atriði eiga að vera, þá geta þó eigi verið skiptar skoðanir um það, að þingbundin stjórn verður að vera á líkan hátt og hjer er farið fram á.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ með. 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Grímur Thomsen
Sigurður Jensson	Jónas Jónassen
Árni Jónsson	
Eiríkur Briem	
Gunnar Halldórsson	
J. Jónss. 1. þm. N.-M.	
J. Jónss. þm. N.-Þ.	
Jón Þórarinsson	
Ólafur Briem	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Sigurður Stefánsson	
Sveinn Eiríksson	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorlákur Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson	
Þorsteinn Jónsson	
Þorvaldur Bjarnarson	
Þorvarður Kjerúlf.	

Frumv. síðan sent til Ed.

Frumv: til lagu um breyting á 4. gr. í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka (C. 249, 319); 2. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Hjer liggur fyrir breytingartill. á þingskjali 250 (C. 319), sem miðar til þess, að laga það, sem fundið hefir verið að þessu frumv. Viljum við með þessu jafnframt gera tilraun til samkomulags við mótmælendur frumv. og sýna tilslökun í því, hve nær sú breyting, sem hjer er farið fram á, skuli komast í gang. Eins og jeg gat um við 1. umr. álít jeg hagkvæmt, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1891. Hjer er gerð tilraun til að bæta úr þeirri silfureklu, sem nú er í landinu, og jafnvel hjer í sjálfum höfuðstaðnum, þar sem varla er unnt að fá smáseðli skipt fyrir silfur. Þess vegna viljum við halda síðasta ákvæðinu í 4. gr. um, að fá megi ísl. seðlum skipt í bankanum fyrir aðra seðla, gull og silfur.

Við 1. umr. þessa máls komu fram sjerílagi 3 eða 4 mótbárur gegn frumv., sem skoða verður dálítið betur, en þá var gert. H. þm. Snæfell (P. Br.) sagði, að hægt væri fyrir útflutningastjóra, að ryðjast með

kynstur af seðlum upp í bankann og heimta fyrir þá gull, og gæti þetta orðið hin mesta hætta fyrir bankann. Jeg veit ekki, hvort þessi h. þm. hefir hugsað sjer, að íslenzkt gull væri hentugt til útborgunar á Englandi eða í Ameríku. Jeg held, að útflutningastjóri þyrfti heldur að halda á ensku gulli, og þess vegna hafa útflutningastjórar líka hingað til og það áður en nokkrir íslenzkir seðlar urðu til, keypt íslenzkt gull af hrossakaupmönnum og fjárkaupmönnum. Þess ber líka að gæta, að útflutningar eiga sjer fullt eins mikið stað, eða jafnvel meira, frá öðrum stöðum, en Reykjavík. Menn flytjast út hópum saman beint að norðan og austan, og eru teknir á skip í þessum landsfjórðungum. Það er líklegt, að útflutningastjórar fái skipstjóra til að gera krók hingað með þessa menn til þess að sækja gull í bankann. Það er heldur ekki svo mikið til af seðlum í þessum plássum, að það an geti orðið hætta fyrir gullforða bankans. Það mundi líka vera öllu fremur hagur fyrir útflutningastjóra, að hafa hlaupareikninga við bankann og leggja í hann gull og silfur.

Jeg hefi opt heyrt h. þm. Snæfell. (P. Br.), sem er einn af helztu flokksforingjum hjer á þingi í þetta skipti, færa betri ástæður fyrir máli sínu en hann gerði í þetta skipti.

Nú kemur hann með einhverjar flugur, sem eru fagrar á að líta og girnilegar til fróðleiks, en óhollar að gína yfir. Nei, bankanum getur aldrei orðið hætta af útflutningastjórunum. Bankinn getur aldrei orðið skyldaður til að láta enskt gull fyrir seðla sína. Ef þessvegna útflutningastjóri fengi danskt gull í bankanum fyrir seðla og færi með það til Englands, þá mundi að líkindum fara líkt fyrir honum eins og h. 1. þm. Húnv. (Eir. Br.), sem ekki gat komið út danska gullpeningnum sínum í Cambridge.

Þá sný jeg mjer að mótbárum h. 1. þm. Hún (Eir. Br). Hann sagði að einn gæti þó æfinlega stofnað bankanum í hættu, ef seðlar hans yrðu gerðir innleysanlegir, og það væri — *landsþjóður*. En jeg vil spyrja: Er það líklegt, að landsþjóður vilji steypa þessu barni sínu í glötun, til þess, að hafa þá ánægju, að borga út aptur það, sem bankinn hefir misst? Það virðist nú allt í einu svo, sem þessi h. þm. (E. Br.) hafi nú sjálfur gleymt því, að innlausnarskyldan hvílir að lokunum á landsþjóði eptir 32. gr. banklaganna. Þess konar mótbárur, eins og þessi, geta að eins komið fram í hita ræðunnar, þegar ekki er litið eins mikið á hið líklega eins og hið ólíklega.

H. sami þm. fræddi mig einnig á því við 1. umr. þessa máls, að varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur væri óhreifanlegur. Þetta er einkar fróðlegt, þar sem það ekki verður sjeð af reikningi bankans, að svo sje. Þegar jeg leita í reikningi landsbankans, finn jeg þar sjerstakan reikning yfir varasjóð sparisjóðs Reykjavíkur. Þar er tekið greinilega fram, að varasjóður sparisjóðsins sje svo og svo mikill og varasjóður landsbankans svo og svo mikill. Má jeg spyrja: Gera bankalögin ráð fyrir tveimur varasjóðum? Jeg skil ekki, að þessi sundurliðun á varasjóðunum sje í samkvæmni við sjálf bankalögin. Jeg veit ekki til þess, að h. 1. þm. Húnv. (Eir. Br.) hafi verið kosinn gæzlustjóri til þess að hafa gætur á varasjóði sparisjóðs Reykjavíkur sjerstaklega, því jeg hefi allt af haldið, að sparisjóður þessi hefði allur runnið inn í landsbankann. En þar sem reglugjörð sparisjóðsins gerir ráð fyrir, að nokkuð af varasjóði hans skuli vera í konunglegum skuldabrjefum. en nokkuð standa óhaggað til almennings þarfa, þá skil jeg ekki, að þetta fyrirkomulag sje samkvæmt bankalögunum; því ef nokkuð af þessum varasjóði á að standa fast, þá er hann háður öðrum lögum en annað fje bankans, og

virðist því hefði átt að bera upptöku sparisjóðs Reykjavíkur í landsbankann undir löggjafarvaldið.

H. sami þm. nefndi samt ekki ýms önnur vandkvæði, sem hefði mátt tala um. Setjum svo, að vegna póstávísananna safnist svo mikið fyrir af seðlum í jarðabókarsjóði, að landssjóður þurfi ekki á þeim að halda til útgjalda sinna. Hvaða gagn hefir hann þá af þeim seðlum, sem hann ekki getur brúkað til þess að afmá með þeim skuld sína til ríkissjóðs, af því ríkissjóður tekur þá eigi?

Setjum nú annað tilfelli. Setjum, að ríkissjóður segði við landssjóð: Þú ert nú orðinn mjer svo skuldugur, að þó jeg ekki heimti af þjer skuldina nú þegar, þá vil jeg ekki lána þjer meira en þessi hundruð þúsunda, sem þú ert búinn að fá, og til þess að stöðva skuldasafnið, þá stöðva jeg póstávísana-útgáfuna. Þetta er stjórninni erlendis innanhandar að gera, hvenær sem hún vill, því póstávísana-ákvæðið er eigi með lögum sett, heldur eingöngu með auglýsingu frá tveimur ráðherrum, fjármálaráðherranum og ráðherra Íslands. En þá vil jeg spyrja h. 1. þm. Húnv. (E. Br.): Hvaða uppbygging er þá að óinnleysanlegum seðlum, ef ekki má fara með þá á pósthúsið og kaupa fyrir þá póstávísanir til Kaupmannahafnar, og ekki er hægt að borga með þeim skuldir sínar til kaupmanna? Það er þá ekkert gagn að þeim, nema þeir sjeu innleysanlegir hjer á landi. Þetta tek jeg fram til þess að sýna, að eins og h. 1. þm. Húnv.(E.Br.) fann vandkvæði á annan bóginn, þá sje eins hægt að finna vandkvæði á hinn bóginn.

Mín sannfæring er, að það sje hagur fyrir landssjóð og bankann, að seðlarnir verði smámsaman innleystir. Það er hagur fyrir landssjóð vegna póstávísananna, hagur fyrir bankann að því leyti, meðal annars, að hann á þá hægra með að komast í samband við banka erlendis, því mig langar til að spyrja þennan h. þm., hvers vegna hefir landsbankinn enn ekki komizt í samband við banka erlendis? Ef hann gefur mjer fullnægjandi svar upp á þessa spurningu, þá skal jeg láta undan. En jeg legg áherzlu á það, að þó seðlar bankans verði innleystir erlendis, þá hefir landssjóður eptir bankalögunum enga skyldu til að innleysa seðlana hjer, fyr en bankinn er kominn á höfuðið, og er hættur störfum sínum, sem við óskum allir, að aldrei verði.

Fyrir 1885 gekk allt svo liðugt, sem hugsazt gat. Menn greiddu þá gull og silfur á pósthúsinu, og póstsjóðurinn galt það aptur í ríkissjóð; en síðan seðlarnir komust á, og sjálfsagt meðfram af harðærinu, hefir landssjóður komizt í mikla skuldasúpu við ríkissjóð, meðfram sökum þeirra.

Það var engan veginn meining okkar flutningsmanna, að halla á bankastjórnina eða skaða bankann með þessu frumv., heldur var meiningin sú, að gera bankann tryggilegri og styðja að betra samkomulagi milli bankastjórnarinnar og viðskiptamanna bankans.

Jeg sagði við 1. umr., að kaupmenn flyttu opt hingað talsvert af gulli, og gat þess, að hingað hefði verið flutt í sumar 66,000 kr. í gulli; síðan hefi jeg sannfrjett, að Vídalín kaupmaður hafi auk þess flutt inn 40,000 kr. í gulli. Ef bankastjórnin kæmi sjer vel við þessa kaupmenn, mundi hún auðveldlega geta fengið nóg gull keypt af þeim fyrir seðla. Auk þessa mun talsvert flutt inn af gulli fyrir vestan, norðan og austan. Það er annars einkennilegt, að þeir herrar ekki hafa komið með þá mótbáru, að engir vextir fengist af því fje, sem yrði að liggja kyrt í gulli og silfri; en þeir herrar vita vel, að bankinn hefir nóg gróðafje fyrir það.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en bíða eptir frekari mótbárum.

Páll Briem: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) skaut persónulega orðum til mín, sem jeg ekki skal taka mjer nærri; en þó skal jeg geta þess, að mjer þykir það alls ekki heppilegt af eldri þingmönnum, að reyna að vekja ríg milli yngri þingmanna í deildinni.

H. þm. hefir ekki neitað því, sem jeg sagði við 1. umr. málsins, að koma mætti með 168,000 kr. í seðlum til þess að fá þeim skipt í bankanum, þótt hann við 1. umr. neitaði, að hægt væri að heimta 70 þús. kr. skipt í bankanum í einu. Aptur á móti var hann stöðugt að reyna að sanna, að hinir. núverandi útflutningsstjórar væru skikkanlegir; en þessu hef jeg aldrei neitað. Hins vegar hefir hann enga vissu fyrir því, hversu skikkanlegir þeir muni verða framvegis. Jeg endurtek það, að það er vel hægt hjer á landi, að heimta stórfje í seðlum innleyst í bankanum í einu, og það er rangt gert, að gylla neitt fyrir mönnum í þessu efni, þegar farið er fram á, að gera seðlana innleysanlega.

Hjer kemur það fyrir, eins og opt er, að menn hugsa eigi nógu vel um afleiðingarnar af því, sem að eins er hugmynd manns sjálfs, en gera aptur á móti það í mesta máta iskyggilegt, sem á að rýma sæti fyrir þessum hugmyndum.

Þetta er þeim mun verra, sem h. þm. (Gr. Th.) hefir mjög óljósar hugmyndir um bankamál, og flest það, sem hann segir um útlenda banka, er meira og minna skakkt.

H. þm. (Gr. Th.) sagði, að þetta frv. mundi gera bankann tryggilegri og jafnframt ljetta byrði landssjóðs; þetta er alveg skakkt; frv. þyngir byrði landssjóðs, því að hvaðan verður bankinn að taka gullið, sem hann á að liggja með? Bankinn hlýtur að taka peningana úr landssjóði, en þá flýtur þar af, að landssjóður verður að láta meira og minna af gulli liggja arðlaust í bankanum, en við það missir hann vexti af fje sínu, og getur þetta vel numið 5—6000 kr. tekjuminnkun á ári eða jafnvel meiru. En mun þetta þá minnka tekjuhalla landssjóðs, sem h. þm. var að barma sjer út af? Nei, það hlýtur að auka hann, og það er eins ljóst og 2 og 2 eru 4, að frumvarpið íþyngir landssjóði og eykur byrði hans, en minnkar hana eigi, þótt h. þm. Borgf. (Gr. Th.) geti eigi sjeð það.

Þá talaði h. þm. (Gr. Th.) um, að frv. mundi gera bankann tryggilegri, en þetta er líka skakkt, því að tryggleiki bankans er eingöngu kominn undir því, hvort landssjóður er tryggilegur. Bankinn á ekki eignir seðlunum til tryggingar, heldur er það landssjóður, sem er tryggingin, og þegar nú frumv. þetta miðar til að rýra tekjur landssjóðs, þá er auðsætt, að tryggingin fyrir bankanum verður minni en annars, og að bankinn þar af leiðandi verður ótryggilegri, ef þetta frv. nær fram að ganga.

H. þm. (Gr. Th.) talaði um póstávísanir landssjóðs sem hættulegar, en póstávísanirnar eru út af fyrir sig ekkert hættulegar; þær eru að eins hættulegar í sambandi við tekjuhallann.

Það er hægt með þeim, að setja sig í skuld við ríkissjóðinn, en hafi landssjóður tekjur, getur hann, hvenær sem vill, borgað þessa skuld, og hann á að gera það.

Orsökin til þess, að póstávísanaskuld landssjóðs við ríkissjóð er svo mikil nú, er eingöngu tekjuskorti landssjóðs að kenna, en alls ekki seðlum landsbankans. Það er tekjuskortur landssjóðs, sem nú er hættulegur, en hvorki það, að seðlar bankans eru óinnleysanlegir, eða þá póstávísanir til útlanda.

Frumv. þetta hefir því allt annað í för með sjer en tilgangur þess er, að því er h. þm. Borgf. (Gr. Th.) segir, og þess vegna dugir eigi að samþykkja frv., og þarf því í rauninni eigi að ræða það frek-

ar; en samt sem áður vil jeg þó athuga eitt atriði, sem h. þm. hefir lagt mikla áherzlu á.

H. þm. (Gr. Th.) hefir talað um það, að ef seðlarnir yrðu gerðir innleysanlegir, þá mundi þetta gefa þeim gildi í útlöndum. Þá muni útlendingar taka við þeim sem fullgildum, en annars ekki. Þá hefir hann hann og sagt, að af þessum innleysanleik leiði það, að póstávísanirnar hljóti að minnka. En þetta hvorttveggja er tómur misskilningur.

Jeg skal nú fyrst og fremst nefna danska seðla. Það vita allir, að þeir eru innleysanlegir, en þó er alveg ómögulegt að koma þeim út hjá bönkum og víxlurum í London. Jeg hef sjálfur viljað skipta dönskum seðlum í Leith og Edinborg á Skotlandi, og fór bæði í banka og víxlara, og enginn vildi taka þá fyrir neitt verð. Það er því auðsætt, að innleysanleikinn hjálpar ekkert í þessu efni. Á hinn bóginn er það víst, að seðlarnir geta haft sama gildi í útlöndum og heima fyrir, þótt þeir sjeu óinnleysanlegir. Þannig hafa Rússar óinnleysanlega seðla, sem hafa að vísu fallið mikið á Rússlandi, af því að ofmikið hefir verið gefið út af þeim, en það sama verð fæst fyrir þá í útlöndum, eins og á Rússlandi sjálfu, að frá dregnum venjulegum víxlaralaunum (þ. e. hjer um bil $^1/_4{}^0/_0$ eða 25 aur. fyrir að víxla 100 kr. virði). Franski bankinn hafði óinnleysanlega seðla 1870—77, og voru þeir alstaðar erlendis teknir með sama verði og franskir gullpeningar.

Það sjest því, að innleysanleikinn hefir enga þýðingu í þessu, og hann hefir heldur enga þýðingu að því er snertir póstávísanirnar. En það er af því, að gjaldmiðill milli þjóða er ekki gull og heldur eigi seðlar, hvort sem þeir eru innleysanlegir eða óinnleysanlegir. Gjaldmiðill milli þjóða eru fyrst og fremst víxlar. Með þeim eru borgaðar stórupphæðirnar, og aðalborgunin fer fram með þeim. Þess vegna eru »disconto» þeirra daglega í blöðum erlendis, til þess að allir geti fengið vitneskju um jafnaríðandi málefni. Þá eru minni upphæðir milli þjóða greiddar með bankaávísunum, en póstávísanir eru venjulega mjög lítið notaður gjaldmiðill milli þjóða, og venjulega að eins fyrir smáar upphæðir, 10 kr. og þar undir. Það er dýrast fyrir menn að nota þær; en eins og nú er, verða menn að nota þær, af því bankastjórnina vantar fremur þekkingu en vilja til þess að komast í samband við útlenda banka. Ef bankastjórnin hefði þekkingu og vilja til þess að komast í samband við útlenda banka, þá myndu póstávísanirnar minnka.

Skipti landsmanna við bankann innanlands eru þeim í mörgu mjög óþægileg; en að þeim undanskildum er það eitt hið mesta mein bankans, að hann getur ekki komizt í samband við útlenda banka. Þar þrengir skórinn að, og er auðsætt, að meinið stafar af því, að bankastjórinn hefir bankastörfin í hjáverkum, og hann hefir búið sig undir allt aðra stöðu í lífinu en bankastjórn; en í þessu efni hjálpar ekkert þetta frumv.; það er þess vegna rangt, að samþykkja frumv. þetta; það er skakkt meðal við meinsemdum bankans. Og það er rangt, að gera þetta mál að kappsmáli. Þegar menn sýna lækninum fram á, að meðalið eigi ekki við, þá ætti hann að verða manna fegnastur, af því, að menn hindra hann frá að nota skakkt og skaðlegt meðal.

Jeg hef tekið það fram, að frumv. íþyngir landssjóði; það dregur gullið út úr honum og úr viðskiptum manna, og það getur gert bankastjórninni ýms óþörf óþægindi. Það er t.. a. m. heimtað mikið af gulli í bankanum, svo að það þarf að fá gull frá útlöndum, en skömmu síðar fær bankinn nóg af gulli frá landsmönnum, og þegar svo útlenda gullið kemur,

er engin þörf á því, og það verður skaði að skila því ekki aptur.

Jeg skal ennfremur geta þess, að seðlar landsbankans ganga gegn dönsku gulli og seðlum hjá víxlurum í Kaupmannahöfn, nema hvað verður að greiða þeim dálítið gjald, sem er að tiltölu ekkert hærra en víxlaragjald á norskum og sænskum seðlum, og þetta sýnir meðal annars, hversu frumv. þetta er óþarft; enda vil jeg geta þess, að seðlar landsbankans eru í raun-inni innlevsanlegir. Seðlarnir eru teknir í öll opinber gjöld og á pósthúsinu fyrir *fullt verð*. Þetta á sjer ekki stað um rússneska seðla. Þeir eru ekki teknir þar nema fyrir gangverð og er þá auðsætt hversu auðveldlega rússnesku seðlarnir hafa getað fallið — þar sem þar að auki var gefið út af þeim of mikið —, og hversu það hins vegar er skiljanlegt, að íslenzku seðlarnir hafa eigi fallið um einn eyri.

Jeg þykist því hafa sýnt fram á, að frumv. þetta er óþarft fyrir landsmenn, og skaðlegt fyrir landssjóð.

Til þess að póstávísanir mínnki, þarf landsbankinn að komast í samband við útlenda banka; þetta er mjög mikilsvert atriði, og nærri því eins mikilsvert og innanlands viðskipti manna við bankann.

Hið annað atriði snertir tryggingu seðl-anna og bankans. Hún er komin undir landssjóði, og þess vegna er meðal annars svo afarnauðsynlegt, að bæta hag lands-sjóðs.

Flutningsmenn ættu ekki að halda þessu frumv. lengra áfram, og láta heldur umr. á þingi snúast að því, sem eru veruleg mein við bankann.

Jeg vildi vona og óska, að þetta, sem jeg hef minnzt á, gæti farið fram með góðu samkomulagi, án nokkurrar stífni.

Eiríkur Briem: Það var svo margt, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) beindi að mjer í ræðu sinni, að jeg man það ekki nærri allt, en því, sem jeg man eptir, mun jeg svara fám orðum.

H. þm. (Gr. Th.) sagði, að jeg hefði gert ráð fyrir, að landssjóður mundi koma með alla sína seðla til landsbankans og heimta þá innleysta, en jeg hef aldrei búizt við, að til þess mundi koma; jeg tók að eins landssjóð sem dæmi þess, að eigi væri óhugsandi, að komið yrði til bank-ans með 70 000 kr. á einum degi sem h. flutningsm. (Gr. Th.) neitaði að gæti átt sjer stað við 1. umr. þessa máls hjer í deildinni.

H. flutningsm. (Gr. Th.) ber þungar sakargiptir á mig; segir, að jeg hafi verið kosinn gæzlustjóri við bankann til þess að sjá um að lögum hans væri hlýtt, og að þessarar skyldu minnar hafi jeg eigi gætt. Nú væri varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur tekinn upp í reikning bankans, og þar eð aðrar reglur gilti um hann en varasjóð bankans, væri slíkt á móti lögunum, því í þeim væri að eins gert ráð fyrir einum varasjóð, það er að segja, varasjóð bank-ans, en eigi sparisjóðs.

En það er margt, sem tilfært er í banka-reikningi, og sem þó eigi beinlínis kemur bankanum við, t. a. m. allar sparisjóðs-innborganir. Samningur bankans og spari-sjóðs Reykjavíkur var á þá leið, að bank-inn tók að sjer allar skuldbindingar spari-sjóðsins, gegn því að fá öll skuldabrjef hans, peninga og varasjóð, og með því skilyrði, að gengið yrði að varasjóð spari-sjóðsins, til þess að bæta bankanum það tap, er hann kynni að bíða við vanskil á einhverjum lánum eða öðru. Fyrir því er gert ráð í bankalögunum, að annað fje en það, sem bankinn sjálfur á, standi í honum, og kemur það því alls ekki í bága við þau, að varasjóður sparisjóðs Reykja-víkur er sem geymslufje í bankanum.

Því sem h. flutningsm. (Gr. Th.) sagði um póstávísanir, get jeg ekki farið að svara.

Tilgáta h. flutningsm. (Gr. Th.) um, að póstávísanir mundi minnka, ef seðlarnir væru innleysanlegir, get jeg eigi skilið, því að þótt seðlarnir væru innleysanlegir, myndu menn eigi senda þá út úr landinu svo nokkuð drægi.

H. flutningsm. (Gr. Th.) segir, að bankinn gæti keypt það gull, sem þeir Vídalín og Coghill láta bændur fá fyrir fje og hross; en jeg get eigi sjeð, hverjum gæti verið hagur að því, að það gull væri geymt í skápum bankans, í staðinn fyrir að ganga manna á milli.

Flutningsm. (Grímur Thomsen): H. þm. tóku tvennt fram, sem jeg verð að svara fám orðum.

H. þm. Snæfell. (P. Br.) tók það fram, að það mundi þyngja á landssjóði, ef bankanum yrði gert að skyldu að innleysa seðla sína; hefir hann líklega meint, að þá yrði bankinn engu síður að greiða hann 1% af skuld sinni til landssjóðs, sem ráð er fyrir gert í bankalögunum. En jeg fyrir mitt leyti álít, að tilvinnandi væri að slaka til við bankann, ef seðlar hans yrðu innleysanlegir.

Annað, sem h. þm. (P. Br.) sagði, gladdi mig mikið, og það var það, að það sem stæði bankanum fyrir þrifum, væri það, að hann stæði eigi í sambandi við útlenda banka. Jeg segi það nú í þriðja eða fjórða skipti hjer í þinginu, að fyrsta skilyrði fyrir því, að bankinn geti komizt í samband við útlenda banka, er það, að seðlar hans sjeu innleysanlegir.

Jeg get eigi skilið í því, að það sje formlega rjett, að taka upp í reikninga bankans reikninga, sem honum koma eigi við, og sje hvergi gert ráð fyrir því í bankalögunum. Varasjóðurinn á að vera til að grípa til, ef bankinn líður tap, en eigi til þess, að fje sje veitt af honum til einhverra ópekktra almenningsparfa, eins og ákveðið er í samningnum milli bankans og sparisjóðs Reykjavíkur, þegar hann rann inn í bankann. Og þegar h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) fræðir mig um, að varasjóður sparisjóðsins sje »geymslufje«, sem bankanum sje trúað fyrir og hann eigi má snerta, þá furðar mig á því, að síðan sparisjóður Reykjavíkur varð sameinaður bankanum, hefir varasjóður hans minnkað um 4000 kr. Árið 1887 var hann 30,000 krónur, en nú eigi meir en 26,000 kr.

Jeg verð að ítreka það enn þá einu sinni, að það er hagur bæði fyrir landssjóð og bankann að seðlarnir sjeu innleysanlegir. Bankinn hefir nú til umráða á þriðja hundrað þúsund krónur; þar af á hann sjálfur nál. 100.000 kr. og getur hann keypt gull fyrir það; það er hægt að fá nóg af gulli hjer í landinu, einkum ensku, svo að bankinn þyrfti eigi að vera í vandræðum með að fá gull það, er hann þyrfti að brúka.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að það sem gerði það að verkum, að bankinn hefði traust manna, væri það, að landssjóður ábyrgðist; en það er ekki einhlítt. Hvernig fór t. a. m. í Danmörku? Allar ríkiseignirnar og þar að auki eigur einstakra manna stóðu í veði fyrir bankanum þar; en þó hrundi hann, til mikils skaða fyrir ríkið og einstaka menn. Það er þetta, sem jeg vil koma í veg fyrir með því að gera seðlana innleysanlega; og það er tilvinnandi, að landssjóður slaki til við bankann, til þess að þetta geti komizt á.

Hjer í þessari deild sitja nú 10 þm., sem töldu það eitt galla á bankalögunum, þegar þau voru rædd á þinginu, að seðlarnir væru eigi innleysanlegir. Nú greiða þessir sömu 10 þm. atkv. móti þessu litla frumv., sem einmitt gengur út á, að fá það, er þeir vildu. Eitt krosstrje, sem mjer því hefir brugðist í þessu máli, er h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.), sem 1885 fann að því, að seðlarnir væru óinnleysanlegir, en sem greiðir atkvæði á móti þessu saklausa frumv.

En það tjáir eigi að tala um það, því

þegar sumir h. þm. eru búnir að venja sig á einhverja skoðun, láta þeir eigi af henni, þótt með rökum sje á móti mælt.

En eitt er jeg sannfærður um, og það er það, að ef þetta frv. gengur í gegnum þingið, mun það ná staðfestingu h. stjórnar, því hún er fyrir löngu búin að sjá, hve mikil vankvæði póstávísanasúpan getur bakað landssjóði.

Jeg vil enda með því, að skora á bankastjórnina að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að gera bankann vinsælan; hann þarf þess sannarlega með, því nú sem stendur er hann allt annað en vinsæll; og ef svo færi, að lán yrði annarstaðar að fá hjer í landinu, t. a. m. ef laus fjelög komast upp, mundu eigi margir fara til bankans.

Páll Briem: Margt af því, sem h flutningsm. (Gr. Th.) færði fram sem merkar og sterkar ástæður, kom eiginlega málinu alls ekki við, svo sem það, að hann var að tala um, hvernig Danir hefðu hagað fjármálum sínum skömmu eptir aldamótin, og vandræði þau, sem af póstávísunum leiddi; en meiri vandræði munu af hví hljótast, ef hann fengi það fram, að gullið væri dregið frá viðskiptum manna og úr landssjóði og því hrúgað saman í bankann. Um þetta ætla jeg ekki að fara mörgum orðum.

En h. flutningsm. (Gr. Th.) sagði, að jeg hefði sagt, að þetta frv. færi fram á það, að íþyngja bankanum. Það sagði jeg ekki. Þvert á móti: það fer fram á að íþyngja landssjóði, og það er einn gallinn á því. Ef frumv. fær framgang, sleppur bankinn við að borga landssjóði þær 5000 kr. á ári, sem ætlazt er til að hann borgi honum, og þegar það auk þess verður til þess, að draga gull úr landssjóði, þá held jeg að óhætt sje, að kalla það ekki heillavænlegt fyrir landssjóð.

H. flutningsm. (Gr. Th.) sagði ennfremur, að skilyrðið fyrir því, að bankinn kæmist í samband við aðra banka, væri það, að seðlar hans yrðu innleysanlegir. En jeg leiddi ljós rök að því, að þetta er alveg rangt, enda tók jeg það skýrt fram, að það væru ekki seðlar, sem gengju banka á milli, heldur víxlar og ávísanir. Jeg get ekki annað en álitið það lýsa miklum þekkingarskorti á bönkum, að segja, að fyrsta skilyrðið fyrir því, að bankastjórnin komist í samband við útlenda banka, sje, að seðlarnir verði gerðir innleysanlegir. Það er óhæfa að koma með slíkt, og varla get jeg ætlað slíkt mundi geta komið fram á nokkru öðru þingi en þingi Íslendinga: að segja það, að skilyrði fyrir því, að banki geti komizt í samband við aðra banka, sje það, að seðlar hans sjeu innleysanlegir, þar sem slíkt stríðir algjörlega á móti allri reynslu.

Árni Jónsson: Því verður ekki neitað, að bankinn er einn af stærstu kaupmönnum vorum, og mjög margir þeir, sem honum eru kunnir og hafa viðskipti við hann. Það er ekki síður kunnugt, að mjög eru misjafnir dómar um hann; en þó mun sú ósk hvervetna koma fram, að honum farnist vel, að hann sje lipur kaupmaður og landinu að góðu gagni. Hann hefir og það til ágætis fremur öðrum stórkaupmönnum, hann er hjer búsettur, og ágóðinn af honum rennur inn í landið. Þó hef jeg heyrt ,að ýmislegt fari honum ekki svo vel úr hendi sem æskilegt væri, og til þess að fá betri upplýsingar um þetta, og sjerstaklega til þess að koma hreyfingu á það, að minnzt væri á bankann, gjörðist jeg einn af flutningsmönnum frv.

Þegar frá upphafi hefir það verið skoðun ýmsra, að einna helzta skilyrðið fyrir því, að bankinn yrði vinsæll og að fullum notum, væri, að seðlar hans væru innleysanlegir; því virtist mjer það þess vert að athuga þetta mál enn af nýju á þessu þingi. Jeg vildi gjarnan heyra skoðanir manna um það. Jeg ímynda mjer og, að svo kunni að vera um fleiri upp til sveitanna, og þeim þyki vænt um að heyra

það, að bankinn getur verið eins ljúfur og liðlegur til viðskipta, þótt seðlarnir sjeu eigi innleysanlegir; því að eins sýnist þá hyggilegt, að breyta fyrirkomulagi bankans, að hann hafi góðar ástæður til að innleysa seðla sína. En eptir þeim upplýsingum, sem komið hafa fram við umræðurnar, sýnist það næsta hæpið að svo muni vera, og ef hann tekur að sjer að innleysa seðlana áður en hann er þess um kominn, þá mun það svo fjarri. að það verði til þess að honum verði betur borgið, að það mun þvert á móti rýra traust hans. Mjer sýnist, að hann geti því að eins tekið að sjer innlausina, svo vel sje, að hann skuldbindi sig til, að borga *hvern seðil í gulli*, eins og aðrir bankar gjöra. En til þess þyrfti hann að hafa meir en $^1/_5$ í gulli og silfri. Því sýnist mjer varlegt, að leggja honum innlausnarskyldu seðla sinna á herðar að svo komnu, og því síður ástæða til að hrapa að því nú, þar sem hjer er komin fram breyt.till. frá aðalflutningsm. frv., um að lögin skuli ekki öðlast gildi fyr en 1. jan. 1891, eða að eins fáum mánuðum áður en næsta þing kemur saman; því virðist mjer mega bíða og sjá, hverju fram vindur til næsta þings. Jeg segi það, að jeg hef grætt svo mikið á þessum fróðlegu og ýtarlegu umræðum, að jeg mun fús fyrir mína hönd að taka frumv. aptur. Það sem vakti fyrir mjer, þegar jeg skrifaði nafn mitt á frumv., var, að bankinn mundi verða vinsælli og eiga hægra með að komast í samband við aðra banka, ef hann hefði innleysanlega seðla; en nú hafa verið svo skiptar skoðanir um það, svo margar mótbárur komið gegn frumv. og svo margir agnúar sýndir á framkvæmd þess, að mjer virðist ekkert unnið við að halda málinu til streytu. Jeg vil því lýsa því yfir, að jeg tek frumv. aptur að mínu leyti.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Þótt h. þm. Mýr. (Á. J.) taki frumv. aptur að sínu leyti, þá höldum vjer hinir flutningsmenn því fram að voru leyti.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði í þessu máli að sitja, hlýða á ræður manna og læra af þeim, en af því að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) neyddi mig til að taka til máls, skal jeg fara fám orðum um málið, en mjer til afsökunar.

Jeg er viss um að h. þm. (Gr. Th.) hefir komið með frumv. sitt í góðum tilgangi og af einlægri umhyggju fyrir því, að landið yrði ekki gulllaust, og fyrir það er jeg honum þakklátur. Orð þau, sem h. þm. (Gr. Th.) hafði eptir mjer, voru rjett; jeg man þau enn og hef líka þá skoðuð enn, að það sje tilfinnanlegur galli á þessari blessuðu gjöf, bankanum, að seðlar hans eru ekki innleysanlegir. Jeg skoða banka sem hjarta hvers lands, og að frá honum liggi út slagæðar, er flytji næringarstrauma út um þjóðlíkamann, er svo streymi aptur til baka gegnum blóðæðar til hjartans. Þetta verk hafði bankinn, eins og lög hans voru skipuð, ekki fulla hæfilegleika til að gjöra, og því hefði jeg helzt óskað, að seðlar hans hefðu verið innleysanlegir. Jeg mun hafa sagt þá, að seðlar, sem væru innleysanlegir væru öllum jafnkærir og gull, svo fáir mundu hirða um að innleysa þá. En þó vil jeg ekki að svo stöddu, fyrst seðlastraumurinn er runninn út frá bankanum, gjöra bankanum að skyldu að innleysa seðla sína, og því síður finn jeg nú sjerstaka hvöt til að skylda bankann eða landssjóð til að hafa ávallt nóg gull, sem ekki er full reynsla fengin fyrir því, að ekki fáist gull og silfur í bankanum í skiptum fyrir seðla. Það vita allir, að bankinn græðir á tá og fingri, og að hann hefir þegar eignazt álitlegan varasjóð; þætti mjer það vel mega vera, að mælzt væri til við h. bankastjórn, að hafa sem mest fyrir liggjandi af þessum varasjóð í gulli og silfri, til skipta fyrir seðla, án þess þó að

skylda hana til þess. Jeg segi ekki að seðlar bankans mundu gilda um allan heim, þótt þeir yrðu innleysanlegir; en jeg óska þess, að bankinn komist í það horf að hann geti sagt: «komi hver með seðla mína sem vill, jeg leysi þá inn». En jeg vil bíða með að leggja beina innlausnarskyldu á hann, þangað til hann hefir grætt aðrar 90 þúsindirnar til, eða jafnvel þær þriðju.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 319) samþ. án atkvæðagr.; 2. breyt.till. samþ. með 11 samhlj. atkv.; 1. gr. frumv. (C. 249) samþ. með 11 : 6 atkv.

Viðaukatillagan (C. 319) felld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Grímur Thomsen	Árni Jónsson
Gunnar Halldórsson	Eiríkur Briem
Ólafur Pálsson	J. Jónss. (þm. N.-M.)
Sigurður Stefánsson	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
Sveinn Eiríksson	Jónas Jónassen
Þorlákur Guðmunds.	Jón Þórarinsson
Þorleifur Jónsson	Ólafur Briem
Þorvaldur Bjarnars.	Páll Briem
Þorvarður Kjerúlf	Þórarinn Böðvarsson
	Þorsteinn Jónsson.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þm. (J. Þór., P. Briem., J. J. N.-M., J. J. N.-Þ., Þorst. Jónss., og Sv. Eiríkss.) og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Grímur Thomsen	Árni Jónsson
Gunnar Halldórsson	Eiríkur Briem
J. Jónss. þm. N.-M.	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Ólafur Pálsson	Jón Þórarinsson
Sigurður Stefánsson	Jónas Jónassen
Sveinn Eiríksson	Ólafur Briem
Þorl. Guðmundsson	Páll Briem
Þorleifur Jónsson	Þórarinn Böðvarsson
Þorvaldur Bjarnars.	Þorsteinn Jónsson
Þorvarður Kjerúlf.	

Frumv. til laga um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi (C. 277, 330); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. þingdm. hafa fyrir sjer dálitlar breyt.till. (C. 330), sem nefndin hefir gjört við frv. þetta.

Fyrsta breyt.till. er við 6 gr. þar hafði hjá nefndinni staðið í ógáti «sjómannaskólans», en til þess að koma því í samræmi við það, sem er annarstaðar í frumv., hefir nefndin lagt til, að því yrði breytt í stýrimannaskólans. Við síðustu málsgreinaskiptin í frumv. hafði fallið burt orðin «7 gr»., sem þarf að bætast inn í frumv. Í þá grein hefir nefndin ráðið til að sett væri efnisbreyting, nefnilega að í staðinn fyrir orðin «Íslenzkur maður . . . . fullmyndugur» komi: «Hver sem staðizt hefir hið meira íslenzka stýrimannspróf og eptir það verið í förum í 8 mánuði». Vjer höfum heyrt, að sumum þótti það óviðkunnanlegt, ef það kæmi fyrir, að danskur maður gengi í gegnum stýrimannaskólann, að hann nyti þá ekki sömu rjettinda og íslenzkur maður, og vjer höfum ekkert á móti að gjöra breytingu í þessu tilliti.

Vjer höfum líka, eins og sjest, sleppt, úr orðinu myndugur; þótti oss nóg að tiltaka hitt, að maðurinn hefði fullnægt þekkingarskilyrðunum. Auk þess er oss það kunnugt, að h. Ed. vill komast hjá því orði.

Hef jeg svo ekki frekara að tala um málið, en óska að h. deild samþykki það með þeim breytingum, sem nefndin hefir lagt til.

ATKVÆÐAGR.: Tvær fyrri breyt.till. nefndarinnar (C. 330) samþ. án atkvæðagr.; síðasta breyt. samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj., og síðan sent forseta efri deildar.

Frumvarp til laga um stækkun verzlunarstaðarins í kaupstaðnum Reykjavík (C. 276); 1. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen):

Með því jeg ímynda mjer, að mörgum h. deildarmönnum sje ekki kunnugt mál þetta, þá skal jeg leyfa mjer, að skýra það með fám orðum.

Nú sem stendur er ekki leyfilegt, að reka verzlun í Reykjavík, nema innan vissrar línu, sem tiltekin var fyrir hjer um bil 100 árum, eða árið 1791. Lína þessi lá hjer um bil utan um Kvosina; því er ekki leyfilegt að verzla t. d. upp í Þingholtum. Það virðist ófrjálslegt, að halda lengur við þessi gömlu takmörk; frjálslegra sýndist hitt, að rýmka til með þau. Það sýnist stórkostlega ósanngjarnt, að Árni skuli mega verzla fyrir neðan lækinn, en Bjarna skuli vera það bannað, ef hann býr fyrir ofan læk. (*Landsh.*: Það er ekki rjett). Hæstv. landsh. segir, að þetta sje ekki rjett; en jeg hygg, að það hafi að eins verið sjeð í gegnum fingur við þá menn, sem rekið hafa verzlun fyrir utan þá línu, sem dregin var 1791; því að bæði hefir verið rekin verzlun í hinu svo kallaða Doktorshúsi og í einu húsi út á Hlíðarhúsastíg, og liggja þau hús þó bæði fyrir utan hina upprunalegu línu. Jeg hygg, að almenningur sje á því, að fá breytingu á þessari aldar-gömlu línu; en verið getur, að sumum þyki of mikið, að láta leyfið ná yfir allt lögsagnarumdæmið; en jeg er þó á því, að rjettast sje að láta það gera það, svo að ekki þurfi að nýju að fara að káka við þetta mál, eptir ein 20—30 ár.

Mjer sýnist alveg eins rjett, að þeir fái að reka verzlun, sem t. d. búa í Görðunum eða úti á Seli, eins og hinir, sem búa í meginbænum. Það yrði máske komið með þá mótbáru, að þetta sje ófært af því, að eptirlitið með þessum mönnum yrði svo ervitt; en sú mótbára er næsta veik, eins og til hagar, þar sem útlend skip lenda ekki við þessa staði, heldur á aðalhöfninni; ef það hefði verið, þá var hægt að segja, að það væri hóti erviðara fyrir lögreglustjóra að hafa eptirlit með þeim; en nú held jeg, að það geti naumast orðið sagt. Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta að sinni, en vona, að málið fái að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að geta þess, að mjer fannst h. flutningsmaður (J. Jónassen) fara nokkuð fljótt yfir sögu, er hann nefndi línu þá, er takmarkaði verzlunarlóð Reykjavíkurkaupstaðar. Það er ekki alls kostar rjett að segja það, að menn fyrir neðan lækinn hafi leyfi til að verzla, en fyrir ofan hann hafi þeir það ekki.

H. þm. (J. Jónassen) talaði einungis um þá verzlunarlínu, sem ákveðin var 1791, án þess að tilgreina nákvæmlega, hvar hún lægi, svo að menn gætu sjeð, hve stórt svæði hún afmarkaði. Þeir sem vilja kynna sjer þetta, munu sjá, að svæðið er nógu stórt fyrir verzlunarlóð, ekki ekki einungis handa Reykjavík, heldur jafnvel handa öllu landinu; en þó þykir h. flutningsm. (J. J.) ekki nóg með það, heldur vill hann gera allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að verzlunarlóð. En hann ætti að muna það, að þar eru bæði einstakra manna eignir og þjóðeignir; skal jeg nefna til Landakot, Bráðræði og Arnarhól. Það væri hart, að hver maður hefði leyfi til að heimta hina eða aðra lóð eigna þessara, til þess að byggja á verzlunarhús, þótt þess gerist engin þörf.

Það er ekki rjett, að einstakir menn sjeu að trana slíkum málum fram; þau eiga að koma frá bæjarstjórninni, þegar henni finnst ástæða til að koma með þau.

H. flutningsm. (J. Jónassen) nefndi línu þá, sem ákveðin var 1791, til takmarka verzlunarlóðinni, og byggði á henni, að ólöglegt hefði verið að leyfa verzlun út á Hlíðarhúsastíg. En þess er að gæta, að að með konungsúrskurði 24. febrúar 1835 er Reykjavík leyft að kaupa Hlíðarhús og

Ánanaust, og hefir lögreglustjórinn skilið þann úrskurð þannig, að með þeim konungsúrskurði væri kaupstaðarlóðin aukin um það svæði, sem þeim jörðum heyrði til; og ef svo er, þá verður því varla neitað, að verzlunarlóð bæjarins sje nógu stór. Jeg sje enga ástæðu til, að þingið fari að sinna því, þótt einhver einstakur maður vilji fara að verzla á útskikum bæjarins, eða að fara að koma fram með frumv. til að reyna að hjálpa honum til að fá því framgengt, að hann megi það.

Jón Þórarinsson: Hæstv. landsh. tók það fram í ræðu sinni, að verzlunarlóð sú, sem nú er, mundi nægilega stór, svo að allir þeir, sem að vildu reka verzlun hjer í Reykjavík, mundu geta fengið nægilegt pláss; en jeg held að frumv. sje eigi framkomið af tilfinningu fyrir skorti á verzlunarlóð. Orsökin hlýtur að vera sú, að einhver maður vill fá leyfi til að verzla utan þess svæðis, sem álitið er að leyfilegt sje að reka verzlun á, en sem þó heyrir til bæjarlóðinni. Spurningin er hjer þá sú, hvort það er rjett, að lögheimila að hafa verzlanir annarsstaðar en í «Kvosinni»; og með því að hæstv. landshöfðingi hefir gefið góðar og þýðingarmiklar bendingar í málinu, sem að sjálfsögðu verða teknar til greina, þá vona jeg að frumv. verði lofað að ganga til 2. umr., svo að breyta megi því, sem hann fann helzt athugavert við það; enda er lafhægt að girða fyrir það í frumv., að menn vaði inn á túnbletti og aðrar prívateignir, til að reisa þar verzlunarhús.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Jeg skal eigi lengja umræðurnar með því að fara að svara ýtarlega mótbárum hæstv. landsh., heldur einungis geta þess, að jeg álít hverjum þingmanni heimilt að koma með svona lagað frumv. inn á þingið, án þess að álitið verði að hann sje að trana sjer fram, og jeg get sagt hæstv. landsh., að sjálfur lögreglustjórinn í Reykjavík hefir sagt mjer, að hann áliti alveg nauðsynlegt, að útvíkka þá verzlunarlínu, sem nú er; en sje þessu þannig varið, að línan nái yfir allt það svæði, sem hæstv. landsh. gat um, þá get jeg ekki skilið, hvernig á því stendur, að lögreglustjórinn álítur nauðsynlegt að útvíkka hana. Jeg álít því heppilegt, að frumv. næði að ganga til 2. umr., svo að hægt væri að bera sig saman við lögreglustjórann um þetta atriði, en auðvitað er það á valdi deildarinnar, hvort hún vill myrða frumv. strax, eða lofa því að lifa.

Landshöfðingi: Jeg vona að h. þm. Rvík (J. Jónassen) hafi skilið, að þar sem jeg áleit þetta frumv. of fljótfærnislega fram borið, þá var það sprottið af því, að þetta mál á, að minni hyggju, að koma frá bæjarstjórninni, og að hann, sem þó er meðlimur bæjarstjórnarinnar, hefir tekið fram fyrir hendurnar á henni með þessu frumv. Það er bæjarstjórnin, en alls eigi lögreglustjórinn, sem á um þetta mál að fjalla, og það ber fyrst og fremst undir hana, að hreyfa því, hvort þörf sje að stækka verzlunarlóðina eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14:1 atkv.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum (C. 287); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil leyfa mjer að vona, að jeg þurfi ekki að mæla margt með þessu meinhæga frumv.; það hefir þann kost, að það uppfyllir þá rjettarkröfu, sem mjer virðist hver sá, er jarðarblett á í kaupstöðum, hafa til að fá hann metinn til hundraðatals, en samt er sleginn sá varnagli, að leyta skuli leyfis hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Jeg álít það mikið hagræði fyrir hlutaðeigendur, ef frumv. yrði að lögum, því þá gætu menn fengið hundraðamat á jarðeign sína; er það hagræði, hvort sem þeir vildu selja þær eða veðsetja.

Jeg veit dæmi til þess í sumum kaupstöðum, og sjerstaklega hjer í Reykjavík, að sumir eiga bletti, sem metnir eru til hundraðatals, og virðist þá hart, að neita öðrum, sem eiga jafnstóra eða stærri bletti, um þann sama rjett. Í fljótu bragði get jeg ekkert sjeð á móti þessu frumv., heldur álít jeg miklu fremur mjög hagkvæmt, að öllum sje með einu lagaboði gefinn rjettur til að fá eignir sínar metnar. Jeg vil því mæla með frumv. við h. deild, og vona, að hún finni enga þá agnúa á því, að hún geti eigi samþykkt það.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 11:1 atkv.

Frumv. til laga um tekjur og umsjón kirkna (C. 157, 306); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil reyna að vera svo fáorður, sem unnt er, um þetta mál, því bæði er þetta niðurlag 1. umr., og svo er orðið áliðið dags, og skal jeg því einungis vísa til þess, sem jeg tók fram við fyrri hluta 1. umr.

Það er mjög mikilsvert, jeg vil segja nauðsynlegt, að það sem goldið er til kirkna, eigi glatist, heldur geymist og ávaxtist sem bezt, og í því tilliti álít jeg, að frumv. þetta geri mikla bót á því ástandi, sem nú er; enda hefi jeg heyrt á mörgum h. þingd.manna, að þeir sjeu samþykkir þar að lútandi ákvæðum frv. Um breytingar nefndarinnar skal jeg eigi tala að sinni, því að slíkt á betur heima við 2. umr., enda fulltreysti jeg því, að h. deild lofi þessu mikilsverða máli að ganga til 2. umr.

Við 6. gr. mun nefndin sjálf koma fram með breytingaratkvæði

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C. 276); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Tvær umr. samþ. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á reglugjörð fyrir landsbankann 5. júní 1886 (C. 277); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Tvær umr. samþ. í e. hlj.

Tuttugasti og sjöundi fundur, föstudaginn 2. ágúst á hád.

Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 1, 334, 344); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Á þessu stigi málsins er lítið að segja. Nefndin hefir komið fram með álit sitt, og eins og menn sjá, hefir hún hækkað upphæð útgjaldanna um rúm 50,000 kr. 20,000 krónur eru hækkun á einni gr. í frumvarpinu, nefnilega 15. gr. í stjórnarfrumvarpinu. Önnur aðalupphæð eru 24,000 kr., sem ætlaðar eru til útgjalda við gufuskipsferðir; svo eru ýms áætluð smáútgjöld, sem nefndin hefir hækkað frá því, sem var í frv. stjórnarinnar, t. d. kostnaður við sakamál og lögreglumál, og fleiri útgjöld, sem eru ákveðin of lág í stjórnarfrumvarpinu; að ætla slík lögákveðin útgjöld lægri en gera má ráð fyrir að raun verði á, sparar eigi landssjóði einn eyri, en það getur að eins látið fjárhaginn líta betur út en ástæða er til. Að svo stöddu finn jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál.

Landshöfðingi: Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið í frumvarpið; í nefndarálitinu er á mjög fáum stöðum vikið frá frumv. stjórnarinnar. Aðalbreytingin er fólgin í viðauka

við tekjuhallann; hann verður, þegar tekið er tillit til hinnar áætluðu hækkunar á tekjunum, 57,600 kr. hærri en í frv. stjórnarinnar. Það er álitlegur tekjuhalli, sem sýnir, að ef öll útgjöldin verða samþykkt, eins og nefndin hefir áætlað þau, þá var það ekki um skör fram, þó þingið samþykkti hærri toll á kaffi og sykri en stjórnin hafði stungið upp á.

Það er ísjárvert, að á hinu fyrsta fjárhagstímabili eptir að tekjurnar eru auknar með nýjum tollálögum, fer meiri hluti tekjuaukans í tekjuhalla, svo að ekki verður mikill afgangur til þess að borga skuldina til ríkissjóðsins og auka peningaforða landssjóðs; það tjáir því ekki annað, en að fara sparlega fyrst í stað.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frumvarpið að þessu sinni; það mun gefast færi á, að tala um hin einstöku atriði við 2. umr.

Jeg tek það upp aptur, að jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið undir uppástungur stjórnarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þá tók forseti, Benidikt Sveinsson, sæti á þingmannabekk, en varaforseti, Olafur Briem, gekk til forsetasætis og stýrði fundi.

Frv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 325, 327); 3. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg vona, að h. þm. hafi af skjölum þessa máls tekið eptir því, að jeg er viðriðinn þetta mál, ekki að eins sem sýslunefndaroddviti, heldur sem þingmaður Eyfirðinga, að því leyti sem skjöl málsins, borin saman við fundargjörðina 20. júní sem leið, á Akureyri, sýna það ljóslega, að kjósendur mínir í Eyjafirði hafa lifandi áhuga á því, að tóvinnuvjelafyrirtækið á Halldórsstöðum verði styrkt og fullkomnað með lögum og fje úr landssjóði.

Jeg verð að minnast þess með viðkvæmni, að sæti Jóns sál. Sigurðssonar frá Gautlöndum er nú autt; því hefði hann verið á lífi, þá hefði jeg ekki þurft að fara úr forsetastólnum til þess að tala fyrir þessu máli, undir þessari umræðu, til þess þó að leggja nokkuð til málsins — heldur hefði jeg getað fylgt því fram, gegnum öll stig þess á þinginu, og mundi ekki hafa af því veitt.

Jeg skal nú geta þess, að það gladdi mig mjög, að heyra við 1. og 2. umr. þessa máls, að allir h. þingdeildarmenn voru því, að mjer virtist, hlynntir, enda gat mjer ekki betur skilizt en að hæstv. landshöfðingi einnig að sínu leyti væri málinu í heild sinni velviljaður.

Athugasemdirnar frá hæstv. landshöfðingja og frá þingmönnum við þetta mál vona jeg að jeg hafi mátt skilja svo, sem þær væru gerðar til þess að hrinda málinu áfram í rjett og heillavænlegt horf, en ekki til þess, að vekja agnúa á því eða búa til úr því grýlu til að gera hugi manna því fráhverfa. Það er því fremur skylda mín að skoða athugasemdir þessar frá þessari hlið, eður í þessa átt, sem þetta mál stendur í svo nánu sambandi við það allsherjarmál, sem fyrir skemmstu er farið hjer frá deildinni, með góðu samkomulagi og festu, nefnilega stjórnarskrár- eða sjálfsstjórnarmálið.

Stjórnarskrármálið er — jeg vil endurtaka það — *sjálfstjórnarmál* Íslands; það er það mál, sem á að hafa þýðingu eigi að eins á vörum vorum, heldur einnig í hjarta voru og óbifanlega vilja. Sjálfstjórnarmál Íslands er í mínum augum engin tóm eður að eins formleg hugsjón eða hugmynd; það er einmitt sú hugmynd, sem á að innihalda kjarnann og merginn í þjóðlífi voru og þjóðstarfi á æðstu og lægstu stigum; það er sá rauði

þráður, sem á að ganga í gegnum allar landsstjórnarhugmyndir vorar og meðferð og stefnu allra þjóðmála á þinginu; sjálfstjórnarhugmyndin á að vera svo að segja alstaðar nálæg í öllu sem vjer gerum og ályktum á alþingi; annars er hún dauð hugmynd. Það tjáir ekki fyrir þjóðina, að hún ímyndi sjer, eða vjer sem fulltrúar hennar, að þjóðin geti stjórnað sjálfri sjer og hafi fullan rjett til að stjórna sjálfri sjer, nema því að eins, að hún hafi þau meðul í hendi sinni og fullnægi þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess, að vera í raun og rjettri veru sjálfbjarga; þjóðin verður að vera sjer þess meðvitandi, að eins og hún er kvödd til þess að stjórna sjálfri sjer, þannig er hún engu síður skyldug til að bera ábyrgð á sjálfri sjer, vera sem mest sjálfbjarga og sem minnstur eptirbátur annara siðaðra og frjálsra þjóða, hvort sem ræðir um andlegar þarfir eða líkamlegar, starfsemi handarinnar eða orðsins, og af þessu er auðráðið, að það eru sannarlega blóðtengdir milli sjálfstjórnarmálsins yfir höfuð og máls þess, sem hjer ræðir um. Mjer hefir verið borið á brýn og það á opinberum fundum, að jeg vildi með helzt til miklu kappi berja fram stjórnarskrármálið, en hugsaði minna um atvinnumál landsins. Það hefir líka verið tekið fram, og margstagazt á því af mótstöðumönnum sjálfstjórnarmálsins, að stjórnarskráin, sem nú gildir, væri því eigi til fyrirstöðu, að vjer gætum gert hverja helzt umbót og framför á atvinnumálum vorum, sem vjer vildum gera. Lát nú sjá! hjer liggur þá fyrir nýtt, alveg nýtt, atvinnumál, það atvinnumál, sem fullkomlega má setja við hliðina á þeim atvinnuvegum, sem vjer þekkjum og notum. Það skyldi nú sannarlega gleðja mig, ef þetta mál yrði til þess, að tengja saman áhuga þjóðar og stjórnar, og að þjóðin og stjórnin mættust hjer á miðri leið; og jeg vil gjarnan gera mönnum það til geðs, að lýsa yfir því, að jeg gangi út frá þessu sem sjálfsögðu, þangað til jeg rek mig á hið gagnstæða. Þetta mál þarf nú að öðru leyti, ef til vill, nákvæmari útlistunar við en hægt er að gera á fáum augnablikum, en vekja má athygli á þýðingu þess og eðli í fáum orðum, og það vil jeg reyna.

Jeg vil þá benda þingmönnum á, að líta yfir ástand einnar menntaðrar þjóðar í heild sinni, eða rjettara á þær aðalstarfsgreinar, sem menntastig hennar er komið undir.

Hver er þá grundvöllurinn í einu orði?

Það er fjárframleiðslan í víðustu merkingu. En nákvæmar tiltekið er fjárframleiðslunnar fyrsta stig framleiðsla af afurðum náttúrunnar (»Naturprodukter«), svo sem korntegundum, ávöxtum, fóðri, fjenaði og öðru fleira, sem náttúran gefur á sjó og landi.

Annað stig fjárframleiðslunnar, sem er engu minna um vert, er fólgið í því, að þjóðin myndar úr frumafurðunum með iðni og íþrótt nýja verðhluti, sem opt og tíðum, já, gjarnast hafa verðmæti langt fram yfir það, sem hlutirnir áður höfðu.

Hið þriðja stig er það, að skipta þeim hlutum við aðrar þjóðir, sem eru umfram þarfir þjóðarinnar, og fá hjá þeim aðra hluti í staðinn, sem þjóðin þarfnast fyrir.

Því fullkomnari sem þjóð er í öllu þessu þrennu jafnhliða, því menntaðri er hún. Að tala um menntun þjóðar, eða menntaða þjóð, sem ekki hefir sameinað þetta þrennt og starfar að öllu þessu þrennu jafnhliða, er hjegómi og fásinna. Jeg tek það enn aptur fram, að engin þjóð í heiminum er sjálfstæð og fær um að stjórna sjer sjálf, nema hún sje sjálfbjarga, og til þess hún verði sjálfbjarga, verður hún umfram allt að leggja kapp á allt þetta þrennt.

Beri menn nú Ísland saman við önnur lönd!

Til þess að taka glöggt dæmi og fara fljótt yfir söguna, þá hef jeg aflað mjer

yfirlits yfir hina útfluttu ull hjeðan úr landi um nokkur ár, ullina af sauðfjenu, sauðkindunum okkar, sem lifa hjer allvíða í mörgum árum nærri því fyrirhafnarlaust. Jeg tek þá útflutninginn af íslenzkri ull frá árinu 1866 til ársins 1887.

Frá 1876—1870 var útflutt af ull 6,330,827 pd.; meðaltal 1,326,000 pd.
— 1871—1875 — — — — 7,017,273 — — 1,403,000 —
— 1876—1880 — — — — 8,427,784 — — 1,685,000 —
— 1881—1885 — — — — 7,720,642 — — 1,444.000 —
— 1886—1887 — — — — 1,259,135 — — 1,259,000 —
— 1887—1888 — — — — 1,149,278 — — 1,149,000 —
Flutt út 1866—1875 af ull 13,348,100 pd.; að meðaltali árlega 1,334,800 pd.
— — 1876—1885 — — 16,148,426 — — — — 1.614,80[illegible] —
— — 1886—1887 — — 2,408,413 — — — — 1,204.200 —

Virðist nú h. þingmönnum þetta vera smáræðis verkefni fyrir oss Íslendinga og mundu þeir þá margir hverir standa naktir í kuldanum ef þeir ekki keyptu útlendan vefnað, svo tugum og hundruðum þúsundum króna skipti! Svona eru Íslendingar duglegir að vinna á móts við aðrar þjóðir.

Það má ennfremur sjá, að þetta verkefni hefir verið flutt út úr landinu fyrir fjarskalega lítið verð, en klæðin þar á móti, sem unnin eru úr því, hafa verið afar dýr, og sem eru keypt í staðinn.

Ef menn vildu gera sjer hugmynd um hið mikla ágóðatap, sem verður við það að flytja þannig út ullina í staðinn fyrir að vinna hana í landinu, þá vil jeg biðja menn að athuga áætlun um ágóðann af útfluttri ull á þessu árabili, miðað við þann ágóða af hverjum 60,000 pundum, sem M. Þórarinsson gerir ráð fyrir.

Ágóðinn af útfl. ull var	kr.
1866—1875	3,282,700
Að meðalt. á ári 328,270 kr.	
1876—1885	3,968,800
Að meðalt. á ári 396,880 —	
1886-1887	591,600
Meðaltal 295,810 kr. Alls	7,843,100

Jeg ætla, að vjer höfum ekki aðra áætlun rjettari en þessa.

Þetta er stórfje; það er meira en það sem maður vinnur við það, að vera að narta í laun embættismanna og með því ef til vill að taka bitann frá munni embættismannaekkna og munaðarlausra barna þeirra! Þessi ágóði er þó ekki *höfuð*-ágóðinn, því hann er óefað fólgin í atvinnuágóðanum, sem því hjer bæri einkum að leggja áherzlu á, ef menn vildu sinna alsherjar þýðingu þessa máls fyrir land vort og lýð.

Jeg get þannig ekki annað en lýst yfir þeirri föstu sannfæringu minni, að svo lengi sem þjóðin sinnir ekki þessu máli og gerir það að sínum aðalmarkmiðum og starfsgreinum, þá er ekki að hugsa til að ná því sjálfsforræði, sem hún annars þráir.

Það er hreinn loptkastali, að Íslendingar geti orðið menntuð þjóð og siðuð (civiliseruð) í sönnum skilningi nema því að eins, að þeir gangi þann sama rekspöl og leysi þau sömu ætlunarverk af hendi, sem aðrar þjóðir hafa gengið og afkastað á undan þeim. Svo lengi sem vjer ekki notum náttúrunnar krapta og sjálfra vor til vinnu og íprótta- iðnaðar, sem vjer getum boðið öðrum þjóðum, er engin von til þess, að vjer getum orðið sjálfstæð þjóð, heldur höldum vjer áfram að vera undirlægja og þágumenn annara þjóða. Gætum þess og gleymum því ekki, að í frelsinu liggur *skyldan* til að starfa.

Menn kunna að segja, að það vanti fje til þessara framkvæmda, og að Ísland sje svo fjarlægt öðrum löndum; það sje umkringt af hafís, þegar svo ber undir, svo og svo mikinn hluta árs o. s. frv.

En eru nú þetta nokkrar sannanir og gildar mótbárur?

Nei, þvert á móti.

Því þess afskekktra sem vjer erum, því nauðsynlegra er fyrir oss, að vera sjálfbjarga og að geta uppfyllt sjálfir þarfir vorar, sem má verða, enda er fjárframleiðsla hin eina hugsanlega lækning við fátæktinni.

Eða hafa þessir agnúar horfið fyrir það, að vjer höfum látið ógert að vinna ullina, o. s. frv.?

Það getur hver skynberandi maður sjeð, að þessar ástæður eru ekki annað en fyrirsláttur og grýlur.

Sú ástæða, að oss skorti fje, á þá sannarlega illa við; því hjer er einmitt til ógrynni fjár að vinna.

Og hvernig mundi það fara, ef menn beittu þessari ástæðu í aðrar áttir?.

Maður ætlar að fara á sjó, en hann kemst það ekki nema með kostnaði. Hann þarf að kaupa sjer skinnklæði og fl., en hann kærir sig þó ekki um það, hann leggur fúslega fram kostnaðinn, einmitt af því, að hann ætlar að afla sjer meiri hagnaðar en kostnaðinum nemur.

Jeg segi ekki einungis, að hjer sje til fjár að vinna, heldur segí, að hjer sje til miljóna að vinna.

Þá er nú tryggingin fyrir landssjóðsstyrk þeim, sem hjer ræðir um!

Menn segjast gera það í góðu skyni að setja trygginguna sem hæsta, til þess að landssjóður tapi ekki fjenu, eins og þegar lánað er móti veði í jörð til prívatmanna!

Þetta er helber misskilningur!

Fje landsins á ekki að geymast í landssjóði; það á að ganga í og úr landssjóði, eins og blóðið í gegnum líkaman, þjóðinni til framfara og hagsælda. Hjer mætir nauðsynin að stofna nýjan atvinnuveg peningunum.

Vildu menn ganga út frá því, að landssjóður skyldi ætíð vera viss um að fá fje sitt aptur í sömu mynt, hvað á þá að segja um það, þegar menn stofna skóla, hvort sem þeir eru «theóritiskir» eða «praktiskir»? Þeir geta engan veginn beinlínis aflað fjár; ekki heldur vegagerðir. Þetta fyrirtæki opnar þar á móti landinu atvinnuveg, og eykur fjármagnið í landinu, og það meira en með tölum verði talið.

Svo jeg gangi nær málefninu með einu dæmi, þá sagði hæstv. landshöfðingi, að ef verksmiðjan hætti eptir 10 ár, hvaða tryggingu hefði landssjóður þá fyrir láninu? Þetta er frá vissu sjónarmiði rjett athugasemd; en hún sannar minna en ekki neitt móti þessu máli.

Ef verksmiðjan stendur í 10 ár, þá er hún búin að borga landinu laun hinna ráðgerðu 50 manna árlega, en þau verða í 10 ár 500,000 kr., og hver heilskygn maður getur því sjeð, að þó maður setti áætlunina um vinnulaunin eða atvinnuarðinn helmingi lægri en ráðgert er, þá hefir landið grætt mikið meir en landssjóður gæti tapað, og þannig verður mótbáran hjegilja.

Fje landsins — segi jeg það enn — er ekki ætlað til annars, en til þess að renna út til eigenda hans, til þjóðarinnar, og auka hagsæld hennar.

Jeg get ekki annað en minnzt á kaffitollinn.

Jeg hefði greitt atkvæði fyrir honum í þeirri einu von, að þingmenn hefðu fundið sjer skylt, að bæta þjóðinni hann upp aptur peningalega með efling atvinnuveganna; en þegar þeir loka augunum fyrir þessu, þá vil jeg spyrja: Hvaða tryggingu setjum vjer fátæklingum, sem vjer látum borga tollinn af kaffinu? Þjóðin hefir fullan rjett til að segja: «Jeg vil ekki borga tollana, nema þing og stjórn efli atvinnuvegina, að sama skapi. Það er engin meining í því fyrir oss, að raka fje inn í landssjóðinn og láta svo þingið liggja á því sem orm á gulli.

Þetta er jeg sjerstaklega skyldugur til að taka skarplega fram, til sóma fyrir mitt

kjördæmi. Því var berlega lýst yfir á fundinum á Akureyri, að samþykkja tollana með því einu móti, að þeir væru notaðir til að efla atvinnuvegina og sjerílagi þann nýja þýðingarmikla atvinuveg, sem hjer ræðir um.

Það er enn eitt atriði athugavert. Þetta frumvarp fer fram á svo litla fjárupphæð, sem menn ekki hafa gáð að. Það verður að gæta að því, að það þarf eins mikið starfsfje til að koma verksmiðjunni á gang eins og hjer er farið fram á.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að það væri ekki ómögulegt, að landsmenn slægju sjer saman, og legðu fje til að koma fyrirtækinu á stofn. Þetta er þó meira en menn geta gert ráð fyrir eptir reynslunni. En er það þá sæmilegt, að þingið, sem ræður yfir vösum allra þjóðarinnar, skuli ekki vilja koma fram með sinn skerf?

Áður en jeg skilst við þetta mál, verð jeg að geta þess, að breyt.till. 270 (C. 327) tekur sig illa út – það er mikið rjett, að hún kann að vera gerð í góðu skyni —; sá sem fær fjeð (120,000 kr.) úr landssjóði ætti þá að depónera 80,000 kr. til þess að fá lánið. Lánið yrði þá í rauninni að eins 40,000 kr.; því peningar eru sama sem peningar. Þetta og annað eins nær því engri átt; það er eins og þingið væri að henda gaman að málinu, ef slík uppástunga væri samþykkt. Það væri þá nær að fella frumv. en að samþykkja þessa breytingartillögu.

Jeg vil biðja menn að virða fyrir sjer ástandið á miðri 18. öld og bera það saman við ástandið nú. Þá var það, að Friðrik konungur V. háloflegrar minningar, veitti einum Íslendingi (eða gaf), Skúla Magnússyni, 60,000 ríkisdali, til þess að koma á fót ullarverksmiðjum, og það er einmitt hin sama upphæð (120,000 kr.), sem í þessu frumv. nú er farið fram á. Þó þetta nú misheppnaðist þá, þá verður þó að gæta að því, að þá voru aðrir tímar en nú. Skúli átti að berjast við einokun, hallæri, og verkvjelar, sem nú eru nýlega uppfundnar, voru þá ekki til. Svo að þó þetta misheppnaðist þá, er það engin sönnun fyrir því að svo mundi fara nú.

Eða mundi það vera svo, að löggjafarþing Íslendinga þyrði ekki að ganga á hólm við þær mótspyrnur, sem einn maður óttaðist ekki á miðri 18. öld! Illa væri því þingi farið.

Jeg vil nú einmitt vekja athygli á því, að það ætti sannarlega betur við að koma nú loksins þessari stofnun á fót, í minningu hins þrekmikla Íslendings, Skúla Magnússonar, og láta hana vera hvöt til þess að samþykkja þetta frumvarp.

Grímur Thomsen: Svo mikið hefir h. forseti (B. Sv.) við breytingartillöguna frá mjer og öðrum h. þm., að hann víkur úr öndvegi og tekur sæti á hinum úæðra bekk. Þetta frumv. má vera af sjerlega góðum toga spunnið, fyrst h. forseti hefir meira við það en stjórnarskrárfrv. sjálft.

Hann áleit það óþarfa, jeg vil ekki segja óhæfu, að vjer flutningsmenn breytingartillögunnar förum fram á, að eigandi verksmiðjunnar setji veð, — ekki það veð sem vanalega er heimtað — heldur að eins nokkuð meira veð en það, er verð verksmiðjunnar og vjelanna nemur. Jeg ímynda mjer, að h. forseta sje fjarskalega annt um, að þetta mál hafi framgang, ekki einusinni hjer á þingi, heldur og hjá stjórninni; en getur h. forseti ímyndað sjer, að stjórnin, sem sett hefir reglur um fasta tryggingu fyrir lánum, láti sjer þetta nægja? Jeg fyrir mitt leyti er ekki kunnugur skoðunum stjórnarinnar í þessu máli, en mjer þykir þó mjög vafasamt, hvort hún mundi samþykkja frv. þannig lagað.

Eptir því sem frumv. liggur fyrir, verð jeg að geta þess, að þó að verksmiðjan aldrei sje nema meira virði, þá er þó sá agnúi á, að þegar hún er hætt að erfiða, þá er hún miklu minna virði en í upphafi. Því hver mun kaupa gamlar og brúkaðar vjelar fullu verði? Enginn. Það

eru þá húsin að eins, sem hægt væri að hafa nokkuð upp úr. Það er annað athugavert, sem jeg og margir þm. hrekkjast á; í dag er hjer annað frumv. sem fer fram á að afnema stofnun, sem ekki er eldri en 10 ára; mjer gæti nú dottið í hug, að eins færi með þessa verksmiðju: henni yrði komið á fót, ærnu fje farið til hennar og svo að 10 árum liðnum kæmu út lög frá alþingi um það, að hún skyldi fá uppgjöf á skuldinni.

Háttv. forseti gat þess áðan, að þó að verksmiðjur Skúla hefðu verið glæsilegar í fyrstu, og mikið kapp verið lagt á að koma þeim á fót, þá hefðu þær þó oltið um koll, og allt það fje tapazt, sem til þeirra hafði verið lagt; en til að tryggja það að allt það fje, sem lagt yrði í þetta, eigi tapist, þá höfum við komið fram með þessa breytingartillögu. Jeg er sannfærður um, að enginn flutningsmanna þessara breytingartillögu er sá, sem ekki óskar að öll gæði, arður af ullinni og annað, renni inn í landið, en eigi að síður álítum vjer, að beri að tryggja þetta fyrirtæki sem bezt, því það er alkunnugt, að eins fljótir og vjer erum til að stofna ný fyrirtæki; eins sljóir erum vjer að halda þeim áfram; þetta sanna dæmin dags daglega.

Báðar breytingartillögurnar fara mjög skammt; fyrri breytingartill. fer að eins fram á, að stjórninni veitist heimild til, að veita lánið, í staðinn fyrir að frumv. gjörir ráð fyrir að hún *skuli* veita það.

Hin breytingartill. fer fram á að sett verði veð í viðbót við verksmiðjuna að upphæð 80,000 kr. Þessi tillaga fer líka skammt, þar sem venjulegt er að heimta tvöfalt veð. H. forseti gat þess, að þetta veð væri ekki hægt að láta í jörðum: það er hvergi gjört ráð fyrir því; það er algjörlega látið á valdi landsstjórnarinnar í hverju veðið eigi að vera, einungis ef hún álítur það þess virði, sem hjer er nefnt.

Jeg verð því að biðja h. forseta fremur að mæla með en móti þessari breytingartillögu, og gjöri jeg það málsins vegna; því jeg er sannfærður um, að það, að hún verði samþykkt, er skilyrðið fyrir því, að frumv. nái samþykki þings og stjórnar.

Benidikt Sveinsson: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) varði breytingartillögu sína með mikilli snild, eins og honum er lagið. Jeg hefi aldrei heyrt hann koma fram með neitt, hvorki breytingartillögur nje annað, svo, að hann hafi ekki fundið ástæður, sem mæltu með því frá sínu sjónarmiði, þó aðrir hafi ekki fundið þær.

H. þm. gekk út frá því sem vissu, og sem jeg vissi að breytingartillagan mundi vera byggð á, að þetta væri eins og hvert annað lán, en hjer væri ekki um nýtt mál að ræða, og jeg er samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að þetta er rjett frá þessu sjónarmiði skoðað.

En jeg skoða málið ekki frá þessu sjónarmiði, og frá þessa sjónarmiði *á* ekki að skoða það, eins og jeg hefi áður sýnt og sannað; jeg skal að eins taka það fram til viðbótar, að eptir 10 ár er landið búið að hljóta miklu meiri arð af stofnuninni, en það fje er, sem landssjóður hefir lánað. Það er líka aðgætandi, að allt lánið er ekki útborgað á 1. ári, heldur eru aðeins 12,000 kr. útborgaðar árlega. Í þessu liggur tryggingin; því sæist það t. d. á 3. ári, að fyrirtækið ekki borgaði sig, þá er hægt að hætta við að útborga lánið úr landssjóði og þá hefðu ekki verið útborgaðar meir en 36,000 kr., því fyrst eptir 10 ár er upphæðin öll útborguð. Fyrsta árið eru sem sagt útborgaðar 12,000 kr., og veðið sem heimtað yrði fyrir þeim eru eptir frumv. 120,000 kr. og eptir breytingartillögunni bætast við þessar 120,000 kr. 80,000 kr. eða alls 200,000 kr.; annað árið eru þær veð fyrir 24,000 kr. o. s. frv. Þetta veð er í mínum augum alveg óhæfilegt og ósam-

boðið alvarlegri og skynsamlegri umhugsun um málið. Enginn lifandi maður gengi að slíkum afarkostum; það er það sama og við segðum við einhvern mann, sem við vildum fá til að ráðast í þetta fyrirtæki: «kom þú og reistu á stofn ullarverksmiðju, við skulum setja þjer svo þægilega afarkosti, að þú verður kallaður kjáni, ef þú gengur að þeim, en að veita þjer styrk, — nei — það dettur okkur ekki í hug».

Jeg verð að álíta það heimildarlausar getsakir, að stjórnin muni ekki samþykkja þetta frumv., þetta frumv., sem gengur út á, að bæta atvinnuvegi landsins, og kemur einmitt frá sama þinginu sem hefir hækkað tolla og lagt á nýja tolla, og sem hæstv. landsh. hefir lokið lofsorði á, —að hún þá, þegar hún sjer að við ætlum að verja því fje, er við kynnum að hafa afgangs, til að bæta og auka atvinnuvegina — segi nei. Það er gaman að sjá, hvort hún hefir hjer sömu undirtektir og beitir sínum sömu kreddum, þegar um atvinnumál landsins er að ræða, eins og hún beitir í stjórnarskrármálinu. Þetta er því alveg heimildarlaus grýla, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sveiflar hjer framan í þm. í stjórnarinnar nafni.

Jón Þórarinsson: Jeg vildi nauðugur segja nokkuð, sem gæti hneikslað h. forseta, (B. Sv.) hann sagði, að ekkert gæti heitið veð nema «depositum»; en jeg ímyndað mjer, að maður sem ræðst í þetta stórfyrirtæki hafi margt annað, og margar aðrar eigur að láta í veð en peninga, svo sem ýmsar vörur, sem hann yrði að liggja með mestan hluta árs, svo sem ull og klæði, sem allir slíkir menn eru vanir að vátryggja mjög hátt; jeg ímynda mjer, að ef stjórninni litist vel á fyrirtækið, þá ljeti hún sjer það nægja. Jeg er ekki hræddur um, að þetta skilyrði verði málinu til hnekkis, svo að það, vegna þess, komist ekki upp, heldur mun það verða til þess, að greiða fyrir málinu, og samkvæmt því sem hæstv. landshöfðingja fórust orð. þá ímynda jeg mjer, að einmitt þetta skilyrði gjöri frumv. aðgengilegt í augum stjórnarinnar, og getur verið að það verði einnmitt þetta skilyrði, sem frv. flýtur á.

Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um, að þetta fyrirtæki hljóti að fara á höfuðið, af því að sams konar fyrirtæki hefir áður farið á höfuðið; en til þess að geta dregið út slíka ályktun, yrðu kringumstæðurnar nú að vera hinar sömu þá. Mjer dytti ekki í hug að greiða atkvæði mitt með frumv, ef ekki væri hægt að hafa öll hin sömu skilyrði fyrir höndum og erlendis; jeg er á sömu skoðun og fyr, að nauðsynlegt sje að hafa útlendan verkstjóra og útlenda verkamenn fyrst um sinn; en jeg hef aldrei sagt, að enginn Íslendingur geti fengið neina atvinnu við verksmiðjurnar. Það er auðvitað, að ýms vinna er við slíkar verksmiðjur, þó ekki sje í þeim sjálfum, sem hver maður getur unnið.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók það fram, að varhugavert væri að kasta fje í hendur vorar, því vjer Íslendingar værum svo þreklausir í að halda því fram, sem vjer höfum einu sinni byrjað; slíkt hendir alla, að verða að hætta við ýmislegt, sem byrjað er; en það er af því, að óviturlega er byrjað, en er ekki rjett nefnt þrekleysi, og jeg fyrir mitt leyti álít rjett, að hætta þegar menn hafa komizt að því, að ranglega hefir verið byrjað eða að fyrirtækið einhverra annara orsaka vegna getur ekki þrifizt. Hjer er um að tala að byrja svo, að ekki þurfi að hætta eptir nokkur ár; mjer finnst þetta hvorttveggja geta sameinast, ef h. forseti og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) geta sameinað sig um breytingartillöguna, og henni mun jeg gefa atkvæði mitt, ekki til að spilla fyrir

málinu, heldur þvert á móti; því það er mín meining að á henni muni frumv. fljóta.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál, þó jeg hafi ekki talað fyr í því.

Jeg fer nú að sjá, hvað hin heiðraða tollanefnd hefir haft á bak við eyrað, þegar hún stakk upp á þessum geysiháu tollum; jeg hefði þó haldið að eitthvað hefði legið nær, að gjöra við það fje, er afgangs væri, en að brúka það til þessa stórkostlega fyrirtækis, sem aldrei mun borga sig, að öllu samanlögðu, því ef það kemst á, verður okkar kvennfólk atvinnulaust mikinn tíma af árinu, og sumt sveitarlimir og fl. og fl.

Hvað breytingartillöguna snertir, þá gef jeg henni atkvæði mitt, ef ske kynni að gröf frumv. væri nær dyrum, ef hún yrði samþykkt.

Árni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla orðum h. þm. V.-Skapt. (Ól. P.), þar sem hann brá tollanefndinni um þetta mál. Álit nefndarinn lá ljóst fyrir, og af því hefði hann átt að geta lært, að það var einungis af fjárskortinum, að hún lagði til, að þessir tollar væru lagðir á, en alls eigi af því, að hún hefði nokkuð slíkt, sem hjer er farið fram á, á bak við eyrað. Mig furðar því meir á þessum ámælum frá þm. V.-Skaptf. (Ól. P.) til tollanefndarinnar, þar sem fjárlagafrumv. fyrir árin 1890 og 1891 var rjett áðan til 1. umræðu, og honum er trúandi til að hafa þó komizt svo langt, að sjá af áliti fjárlaganefndarinnar, að tekjuhallinn er ráðgjörður að vera rúmar 146,000 kr. fyrir næsta fjárhagstímabil; það hefir heldur enginn úr tollanefndinni komið með frv. það, sem hjer liggur fyrir.

Grímur Thomsen: Það var ein athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra við ræðu h. forseta (B. Sv.). Ef það er víst, að verksmiðjan græði stórfje á fám árum, þá sje jeg ekki, hver vandkvæði er á því, að setja hærra veð en frumv. fer fram á. Þegar jeg heyri þessa glæsilegu lýsingu um gróðavon, þá fer jeg nærri því að efast um, að fyrirtækið þurfi nokkurn styrk; að minnsta kosti þegar fyrirtækið er svona glæsilegt og ábatinn svona viss, þá sje jeg ekkert á móti því að sett sje hærra veð en frumv. fer fram á.

Sveinn Eiríksson: Það lá nærri að jeg væri farinn að efast um það, sem jeg sagði við 1. umr., að það gleddi mig hjartanlega að sjá þetta mál á dagskrá; þessar löngu og skörpu umr. hafa gjört það að verkum; en þegar jeg lít á frv. og sje að það er um að stofna ullarverksmiðju á Íslandi, þá hverfur allur efi, því það er hin fyrsta ullarverksmiðja á Íslandi. Að vísu nefndi jeg þá, að kostnaðurinn yrði ærið mikill, og meiri en í fljótu bragði virðist; jeg nefndi þá að eins, hvað það yrði með einföldum rentum, en hvað þá ef reiknaðar væru rentu- rentu- rentur.

Hvað gjörir það til, þó að við leggjum út þetta fje? Hvað leggjum vjer til embættismannanna, og hvaðan er það tekið, er það ekki almannafje? Hvað leggjum vjer til þeirra, ekki einusinni meðan þeir eru lifandi, heldur líka þegar þeir eru dauðir, því dauða kalla jeg þá, já steindauða þegar þeir hætta að geta þjónað; jeg meina eptirlaunin; en þegar á að leggja peninga til einhverra þarflegra búnaðarfyrirtækja, þá sjá menn eptir þeim blóðugum augunum. En þó það væru 26 þús. sinnum 26 þús. og þar að auki rentu-rentur, sem nú ekki er, til búnaðarframfara í landinu, þá væri það ekki of mikið, því það viðurkenna þó allir, að «bóndi er bústólpi og bú er landstólpi».

En á hverju lifum vjer svo embættismennirnir? Á því, sem sýslumennirnir heimta inn á vorin, fyrir hönd landssjóðs meðan nokkuð heimtist inn. Og af hverjum er það heimtað? Eru það ekki bænd-

urnir, sem það er heimtað af? Jú! Jeg er nú kominn út í aðra sálma. En svo jeg dragi ekki tímann um of, þá skal jeg geta þess víðvíkjandi breytingartillögunni; að jeg hefi skrifað undir hana einungis til þess að hún kæmist að, en ekki af því að mjer dytti nokkurn tíma í hug nje hjarta, að gefa henni atkvæði mitt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vona, að frv. þetta geti gengið með ró gegn um deildina, því jeg þykist sannfærður um, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða, og að allir sjeu í raun og veru samdóma um, að svo sje; jeg hef heldur eigi tekið umræður manna svo, sem þeir væru mótstæðir málefninu sjálfu, heldur að það sje einkum ákvæðin um verðið, er valdi ágreiningi. H. forseti (B. Sv.) tók fram kostina við þessa ullarverksmiðju mjög skýrt og greinilega, sem honum er lagið, en hann gleymdi að ætlan minni einni hlið þessa máls, sem jeg tel mjög þýðingarmikla, nefnil. hinni miklu heilbrigðislegu þýðingu, sem það hefir, að innlend ull verði notuð til fatnaðar í stað þeirra útlendu álnavöru, sem landsmenn nú nota svo mjög. Mál þetta er þannig mjög þýðingarmikið, og miðar til stórkostlegra bóta í öllu tilliti, enda er hinn innlendi iðnaður, sem hjer er um að ræða, nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að landið geti komizt í nokkurn samjöfnuð við aðrar þjóðir, og þótt landssjóður því legði nokkurt og jeg vil segja talsvert fje í hættu til þess að ná því þýðingarmikla takmarki, að koma upp innlendum iðnaði, þá get jeg fyrir mitt leyti eigi annað en verið því fyllilega samþykkur, og þykist jeg fullkomlega fær um að forsvara það fyrir samvizku minni.

Það, sem menn sjerstaklega bera kvíðboga fyrir, er, að ullarverksmiðjan hætti eptir að hún er komin á stofn, og bera þeir fyrir sig, hvernig hinni fyrri ullarverksmiðju reiddi af; en þess ber að gæta, að hún var stofnuð á þeim tímum, þegar það sýndust vera forlög allra nytsamra fyrirtækja að deyja.

Jeg get einnig tilgreint aðra stofnun, sem vísindamaður á þeim tímum sagði, að væri bæði náttúrunni og náminu til sóma; jeg á við saltverkið, sem stofnað var á Reykjanesi; en þetta fyrirtæki fjell einnig, sökum eigingirni þeirra, sem því stýrðu.

En að því er snertir þá 80 þús kr. hækkun á verðinu, sem hjer er komin fram, þá skal jeg eins og h. forseti taka það fram, að landssjóður verður eigi búinn að borga út þær 120 þús. kr., sem ætlazt er til, að hann láni, fyr en eptir að fyrirtækið hefir staðið í 10 ár, svo að mjer virðist eigi ástæða til að heimta svo hátt veð, sem nokkrir háttv. þm. vilja gera, og svo ber þess einnig að gæta, sem h. samþingismaður minn (J. Þ.) sagði, að ef verksmiðjan legðist niður, þá mundi landssjóður geta gengið að mörgu öðru en verksmiðjunni einni, því að fleira þarf en húsið eitt til að reka svo stórt fyrirtæki. Menn mega ekki setja fyrirtæki þessu of þunga kosti, enda virðist mjer ekki ástæða til þess, því að hjer get jeg eigi sjeð hina minnstu hættu, ef verksmiðjan er á annað borð reist með viti. Það skyldi líka vera merkilegt, ef sú eina verksmiðja, sem Íslendingar eptir margar aldir kæmu á stofn, hlyti að líða undir lok eptir að hún væri á komin, og jeg fulltreysti því, að einhverjir landsmenn hefðu mannrænu í sjer til að taka hana upp, þótt sá, sem fyrir henni hefði staðið í fyrstu, yrði einhverra orsaka vegna frá að fara.

Jeg get ekki heldur, fremur en h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.), skilið, að það geti verið allsendis ómögulegt fyrir Íslendinga, að koma upp einni einustu verksmiðju.

Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum, heldur einungis taka það fram að síðustu, að jeg get eigi verið með breytingartill. h. þingmanna, af því að þær

setja þá kosti, er mjer virðist gera fyrirtækið talsvert óaðgengilegra en hið upphaflega frv. gerir ráð fyrir.

Flutningsmaður (Jón Jónsson þm. N.-Þ.): Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að jeg álít óþarft að lengja umræður um það; h. forseti (B. Sv.) skýrði það svo nákvæmlega, sjerstaklega í tilliti til þeirra breyt.till., sem fram hafa komið, að engu þarf þar við að bæta; en síðan hafa ýmsir tekið til máls, og þar á meðal h. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.), er sagðist greiða atkvæði algjörlega á móti frumv. Ástæður hans voru, að mjer virtist, eigi aðrar en þær, að það lægi nær að verja fje landsins til einhverra annara fyrirtækja, og vildi jeg þá óska, að hann fyndi köllun hjá sjer til að segja, hvað það væri, sem lægi nær að gera en þetta.

En hvað breyt.till. viðvíkur, þá vona jeg að ýmsir af þeim, sem undir þeim standa, hafi einungis skrifað undir þær til að koma þeim að, eins og h. þm. A.-Skaptf. (Sv. Eir.), enda ímynda jeg mjer, að þeir skilji, að þær miða mjög til að rýra frv. og gera það óaðgengilegra en áður, og þar sem nú meiri hluti þeirra manna, sem skrifað hafa undir breyt.till., hafa talað í málinu og kveðið sig vera því hlynnta, þá virðist mjer ástæða til fyrir þá að greiða atkvæði móti breytingunum, þegar þeir sjá, að þær spilla fyrir málinu. Reyndar hef jeg heyrt á h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að hann muni halda fast við tillögu sína, og get jeg vel skilið það, því hún er einkar vel löguð til að hafa hana fyrir það nálarauga, er hann geti smogið gegn um frá því, sem hann hefir áður lagt til. En mjer fyrir mitt leyti þykir ekkert gaman að heyra menn jafnan vera að staglast á því, hve mjög þeir sjeu málinu hlynntir, um leið og þeir eru að koma fram með breytingartillögur, er spilla því, en eigi bæta.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Jeg stend einungis upp til að koma h. flutningsmanni (J. J. þm. N.-Þ.) úr öllum efa um, að jeg hafi skrifað undir breyt.till. til nokkurs annars en þess, að gefa henni atkvæði mitt, og jeg verð að lýsa því yfir, að jeg hef svo fasta sannfæringu um, að breytingin sje rjett og nauðsynleg, að jeg mun greiða atkvæði móti frv., ef hún eigi nær fram að ganga.

Það gladdi mig að heyra á h. forseta (B. Sv.), að hann álítur, ef ullarverksmiðjan kæmist upp, þá mundi hún gefa landinu svo mikinn arð, sem nema mundi milj. króna, með því að auka atvinnuna og auð í landinu: og mig gladdi það líka, að h. forseti skyldi byggja á áætlun þeirri um verksmiðjuna, sem liggur á lestrarsalnum sem rjettri. Því að hann hlýtur þá, eins og jeg, að vera sannfærður um, að nauðsynlegt sje, að sá, sem verksmiðjuna rekur, sje búsettur hjer á landi; það var þessi skoðun, sem knúði mig til að koma fram með breytingartill. um búsetu þess manns, er verksmiðjuna ætti, en breyt.till. mín var felld við 2. umræðu, og þar með öll trygging fyrir því, að gróðinn af fyrirtæki þessu lenti í landinu.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) hefir sagt, að engir nema útlendir menn gætu fengið vinnu við þessa verksmiðju, en aptur á móti byggir h. forseti á því, að margir innlendir menn geti fengið arðsama atvinnu á þenna hátt; þetta virðist mjer vera hvað á móti öðru. En sje nú útlendingi veitt lán úr landssjóði til þessa fyrirtækis, þá vil jeg, að landssjóður fái þá trygging, að honum sje vel borgið, og hann geti fengið sína peninga aptur, þó verksmiðjan borgaði sig eigi og yrði að hætta, því jeg met lítils þá framför fyrir landið, þó það hafi þann heiður, að á því standi verksmiðja, sem einungis veitir atvinnu útlendu verkafólki, og ekki hugsar um annað en nurla sem mestu saman af peningum til að fara með út úr landinu. Slíkir menn vil jeg setji fulla trygging fyrir landssjóðsláni, ef þeir fá það, því

það liggur í augum uppi, að verksmiðja, sem búið væri að reyna að ekki þrifist hjer, hún mundi verða lítilsvirði, ef þyrfti að selja hana. Ef t. d. þyrfti að selja þess háttar verksmiðju á Húsavík, þætti mjer alllíklegt, að h. forseta sem sýslumanni í Þingeyjarsýslu mundi eigi ganga öllu betur að koma henni í verð, en fangahúsinu forðum á Húsavík.

Eiríkur Briem: Jeg vil að eins stuttlega gera grein fyrir skoðun minni á breytingartill. þeirri, sem fram er komin við þetta frv.

Að því er snertir fyrri lið breyt.till., nefnil. breytinguna á 1. gr. frv., þá hef jeg ekkert á móti henni; en viðvíkjandi síðari liðnum skal jeg geta þess, að jeg álít hann óþarfan, þar sem gert er ráð fyrir í frv., að landssjóður láni 12 þús. kr. á ári í 10 ár, en borgi eigi neitt út fyr en verksmiðjan er komin á stofn, sem er 120 þús. kr. virði, og hygg jeg, að þessar 120 þús. kr., sem í verksmiðjunni liggja, sjeu að minnsta kosti fullkomið veð fyrir hinum fyrstu 12 þúsundum, og næstu 12 þús. kr., en úr því kemur til greina það, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) og h. forseti (B. Sv.) hafa tekið fram, að landsstjórnin á kost á að hafa eptirlit með verksmiðjunni; og komist ólag á eða sje tryggingin, þegar lánið fer að hækka, eigi nægileg, þá má stöðva lánið. Lánið skal því að eins veitt, að verksmiðjan eigi verði í smærri stíl en svo, að hún sje 120 þús. kr. virði; að öðrum kosti verður enginn styrkur veittur til fyrirtækisins; en í upphafi sje jeg enga þörf á að heimta 200 þús. kr. veð.

Jeg er á sömu skoðun og margir aðrir, sem talað hafa í máli þessu, að þannig lagað fyrirtæki mundi geta orðið til verulegs gagns fyrir landið, bæði beinlínis og óbeinlínis; en jafnframt skal jeg taka það fram, að það getur því að eins orðið til gagns fyrir landið, að það kapital, sem sett væri í þessa verksmiðju, gæfi meiri arð af sjer en ef því fje væri varið til annara atvinnuvega, svo sem kvikfjárræktar, og sama er að segja um þá atvinnu, er fengist við þessa verksmiðju, að hún yrði svo að eins til gagns, að hún væri betri en menn fengju annarsstaðar.

Afleiðingin af þessu fyrirtæki gæti enn fremur t. d. orðið sú, að menn fengju hærra verð fyrir ull sína eða voðir með betra verði en ella mundi fengizt hafa, og óbeinlínis gæti jeg einnig hugsað mjer, að það kynni að hafa góðar verkanir, því að vjer vitum t. d., að ullarfabríkkunni á 18. öld var það óbeinlínis að þakka, að rokkar þeir voru innleiddir hjer á landi, er vjer notum nú, og svipaðar afleiðingar, á einn eða annan hátt, gæti jeg í framtíðinni hugsað mjer af þessu fyrirtæki.

Þorsteinn Jónsson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg hefi skrifað undir breytingartillöguna nr. 270 í fullri alvöru, og get jeg tekið undir með h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), að jeg vil alls eigi lána útlendum «kapitalista» landsfje nema gegn fullri tryggingu, enda er jeg hræddur um, að þjóðin eigi mundi álíta, að það sama þing, sem lagt hefir tolla á nauðsynjavöru fátæklinga, verði vel fje, ef það svo á eptir vildi kasta því tryggingarlitlu út til útlendra manna.

Auk þess er frumv. þetta eigi sem bezt úr garði gert, þannig er t. d. mótsetning milli 1. gr. þess, sem fer fram á að veita 12 þús. kr. lán í 10 ár úr landssjóði, til að koma á fót ullarverksmiðju á Íslandi, og 4. gr., sem ákveður að lánið skuli eigi veitast fyr en fyrirtækið sje komið á fót, Þetta álít jeg illa orðað; en auðvitað getur efri deild lagfært það, þegar þangað kemur. Verði fyrri liður breytingartillögunnar samþykktur, þá verður frumv., ef það nær fram að ganga, einungis heimildarlög, sem stjórnin er eigi bundin við eða skyldug að framkvæma, enda er það heppilegra en að skylda stjórnina til þess, sem henni ef til vill verður ómögulegt að

framkvæma. En þegar vjer nú gætum að, hve fjárhagur landsins er bágur, og á hinn bóginn virðum fyrir oss hina glæsilegu áætlun, sem gerir ráð fyrir meira en 14 þús. kr. árlegum hreinum ágóða af fyrirtækinu, þá er jeg helzt á því, að það sje óþarfi að veita þetta lán úr landssjóði, þótt reyndar áætluninni eigi þurfi að skakka um meira en 10% til þess að verksmiðjan komist í «underballance» (17 þús. af 170 þús. króna). Land þetta sendir að vísu, eins og mörg önnur lönd, mikla óunna ull af landi burt, og væri því æskilegt, að svo mikið yrði þó að minnsta kosti unnið í landinu sjálfu af ullinni, að eigi þyrfti að flytja útlend klæði og ullardúka hingað til landsins; en jeg ímynda mjer, að þótt verksmiðjan kæmist á, þá mundi samt engu síður verða keypt talsvert af ýmsri útlendri álnavöru, svo sem ljereptum, bómullartaui og dúkum. Og einnig er jeg hræddur um, að Íslendingar mundu varla geta selt svo ódýrt varning sinn, að þeir gætu keppt á heimsmarkaðinum við slík iðnaðarlönd sem England, Þýzkaland og Frakkland o. s. frv.; og hvað sjálfri verksmiðjunni viðvíkur, þá eru þau lönd, er verksmiðjur hafa, engu sælli en önnur lönd, nje verksmiðjuvinnan holl fyrir andlegan og líkamlegan þroska verkamannanna; það er alkunnugt, að börnin eru strax á unga aldri tekin í þessar verksmiðjur, þar sem þau eiga við illt lopt að búa og læra sjaldan mikið gott; jeg verð því að álíta að atvinna vor, eins og hún nú er, til lands og sjávar, sje miklum mun hollari oss Íslendingum, þar sem vjer við hana lifum svo mikið undir berum himni, en þessi verksmiðjuvinna.

Ólafur Pálsson: H. flutningsmaður þessa frumv. beindi þeirri spurningu að mjer, hvað jeg áliti liggja nær að gera með landsins fje, en að verja því til þessa fyrirtækis, og skal jeg þá skýra honum frá, að jeg álít liggja eins nærri að verja því til að brúa ár og bæta vegi í landinu.

En raunar má enginn taka orð mín svo, sem jeg væri á móti þessu fyrirtæki, ef nóg fje væri fyrir hendi; en nú er svo ástatt, að fjeð er ekki til, og verður eigi til um næstu ár, og sem betur fer, er menntun kvennþjóðar vorrar eigi svo bágborin, að hún geti eigi unnið ull sína; en við þetta frumv. gæti svo farið, að kvennfólk okkar yrði atvinnulaust, og þætti mjer þá mikið spursmál, hvort þetta fyrirtæki mundi borga sig, ef það hefði slíkar afleiðingar í för með sjer.

Jónas Jónassen: Það er einungis stutt athugasemd, sem jeg vildi gera út af miljónum þeim, sem h. forseti (B. Sv.) bjóst við að kæmu inn í landið við þetta fyrirtæki.

Setjum nú svo, að útlendur maður fáist til að standa fyrir fyrirtækinu og verksmiðjan komist á stofn; en þá er eptir að fá ullina, og það er einmitt spurningin, hvort ullin fæst; verksmiðjan vill t. d. gefa 40 aur. fyrir pundið, en eigendurnir þakka fyrir gott boð; því kaupmaðurinn býður þeim 60 aura. Þetta er mjög athugavert atriði, því ómögulegt er að verksmiðjan geti staðizt, nema hún fái næga ull til að vinna allt árið; og gefi hún minna en kaupmennirnir, þá fær hún enga ull; og hvernig mundi þá fara? En þótt nú svo færi, að sá útlendingur, sem fyrir verksmiðjunni stæði, græddi talsvert fje á henni, þá get jeg eigi sjeð, að landinu mundi græðast mikið fje fyrir það, þar sem hjer er gert ráð fyrir útlendum manni með útlendu verkafólki, því útlendingar mundu náttúrlega fara burt úr landinu með allan sinn gróða, þegar þeir þættust vera búnir að græða nóg.

Sá eini arður fyrir landið, sem hugsanlegur væri með þessu fyrirkomulagi, væri það, ef verksmiðjueigandinn gæfi talsvert meira fyrir ullina en kaupmenn gefa, en

þetta mundi þó eigi fyrir koma, því enginn útlendur maður mundi takast þetta á hendur, nema hann fengi vissu fyrir nægri ull, og það jafnvel til fleiri ára, fyrir eigi minna verð en kaupmenn gæfu. En setj um svo, að hann fái næga ull, þá er honum þó alls eigi borgið; því selji hann eigi vörur sínar með betra verði en er á hinni útlendu vöru, þá kemur hann henni ekki út; því að það er allsendis ómögulegt, að venja fátæklinga á að kaupa dýra vöru vandaða; þeir kaupa að eins það sem ódýrast er, án þess að spyrja um vörugæðin. Fátæklingurinn vildi víst gjarna ganga í ullarskirtu, en hann hefir eigi ráð á því, og því kaupir hann billega ljereptið.

Það er líka annað atriði, sem jeg eins og h. «colleg a» minn, þm. Vestm. (Þorst J.), legg mjög mikla áherzlu á; vjer vitum sem sje, að allar fabríkur era fjarskalega óheilnæmar. Nokkrar stúlkur fóru í fyrra til Ameríku, og komust þar á ullarverksmiðju, og ætluðu þær að kafna fyrstu dagana í moski og ryki, því vinnan er mjög óholl fyrir brjóstið.

Jeg vildi óska að menn legðu meiri stund á að vinna ull sína heima, en gert hefir verið hingað til, en legðu ekki út í þetta fyrirtæki, sem jeg tel landi voru ofvaxið, og sem útheimtir mjög mikið fje; jeg er sannfærður um, að það kostaði langtum meira —mörgum þúsundum meira— að koma ullarverksmiðju á fót, en hjer er gert ráð fyrir; menn hafa hjer á landi alls enga hugmynd um, hvað slíkt kostar.

En hvað breytingartillögunni viðvíkur þá álít jeg sjálfsagt, að gefa atkvæði með henni; því að þar er þó dálítill bakhjallur, ef illa kann að fara, og ættu þess vegna allir að greiða atkvæði með henni, sem eigi vilja að landssjóður tapi stórfje.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson* þm. N.-Þing,): Það hefir nú ýmislegt verið fundið að frumv. þessu, en aðfinningarnar koma nokkuð seint, og hefir það optar komið fyrir á þessu þingi, að menn, sem hafa þagað í merkilegum málum, hafa allt í einu við 3. umr. haldið hrókaræður móti málunum.

H. þm. Vestm. (Þorst. Jóns.) þóttist finna svo mikla mótsögn í frumv., að þingd. gæti ekki verið þekkt fyrir, að láta það frá sjer fara eins og það nú væri. Það var óheppilegt, að honum skyldi ekki detta þetta í hug fyr, þar sem þessi ákvæði hafa staðið lengi í frumv. Hann hefi haft nægan tíma til að koma með þetta fyrir löngu. Þess konar ráðleggingar eins og þessi er því alveg þýðingarlausar. Hann lagði mesta áherzlu á það, að aðrar þjóðir væru komnar svo langt í iðnaði, að það væri ómögulegt fyrir Íslendinga að keppa við þær. Jeg sje ekki, hvaða ástæður h. þm. getur haft til að segja þetta, svo framarlega sem ullarverksmiðja sú, sem hjer ræðir um, verður stofnsett með sömu áhöldum, sömu vinnukröptum sem verksmiðjur í öðrum löndum. Sama efni og jafnvel betra efni en víðast hvar annarsstaðar getur hún haft til að vinna. Þegar þetta er svona, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að þessi vjel geti unnið eins mikið og eins vel og samskonar vjel í öðrum löndum. Við höfum þar að auki víða vatnsaflið, sem margar þjóðir ekki hafa til að reka vjelar sínar, og það er jafnvel ætlun margra, að fjallalöndin muni með tímanum verða mestu iðnaðarlöndin, einmitt vegna þess, að þau hafa vatnið til að hreyfa vjelarnar.

Þá talaði h. sami þm. um það, að verksmiðjulöndin muni ekki vera sælli en önnur lönd. Hvað meinar h. þm. með því, að vera sæll? Vjer berjumst fyrir framför og menning til að gera menn sælli, en menningin gerir menn ekki að öllu leyti sælli; í vissu tilliti eru villumenn og jafnvel dýr sælust, og ef þm. meinar þá sælu, hefir hann rjett að mæla.

Eitthvað var líka athugavert í ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.). Hann var eitthvað að tala um, hvernig fara mundi, ef selja yrði húsin og vjelarnar á uppboði, og hann tók dæmi af einhverju húsi, sem selt hefði verið og lítið fengizt fyrir. Jeg álít, að ekki eigi við að tala um þetta hjer, enda sannar dæmið ekki neitt af því, sem hann vill láta það sanna.

H. þm. V.-Skaptfell. (Ol. P.) hefir nú svarað þeirri spurningu, hvað lægi nær að gera, en að leggja fje til þessa fyrirtækis. Hann sagði, að það væri nær að brúa ár og bæta vegi.

Mjer þykir þetta koma nokkuð skrítilega við hjá h. þm. Undanfarin ár hefir allt af verið rætt um að brúa ár, og þingið hefir lengi tjáð sig fúst til, að lána fje til þess; en þegar til hlutaðeigandi hjeraða hefir komið, hafa þau ekki viljað þiggja það. Landssjóður *getur* því ekki lánað fje til slíkra fyrirtækja, af því að lánið er ekki þegið.

Þá sagði h. sami þm., að hjer á landi þyrfti ekki neina ullarverksmiðju; því kvennfólkið okkar gæti unnið, allt sem vinna þyrfti, og hann var hræddur um, að kvennfólkið fengi ekki neitt að gera, ef ullarverksmiðjan kæmist á. Það er nú hættast við því, að svo mundi fara(!!). H. þm. hefir víst enn ekki heyrt eða gætt að, að það eru ein 60,000 pd. af ull á ári, sem gert er ráð fyrir að unnin verði; en það er mikið á aðra miljón punda, sem flutt er árlega út af ull.

H. þm. Rvík. (J. Jónassen) tók það fram, að verksmiðjan mundi ómögulega geta borgað sig, nema hún hefði allt af nóg að vinna. Þetta getur verið mikið rjett. En skyldi vera nokkur hætta á því, að hún geti ekki fengið nóg að vinna? Það er eins og þessi h. þm. hafi heldur ekki tekið eptir því, að það eru um 60,000 pund á ári, sem vjelin átti að vinna. Skyldi nokkuð geta verið því til fyrirstöðu, að þessi litli hluti af allri ull á landinu geti fengizt?

Þá kom h. sami þm. með það, að sá, sem stofnaði þessa verksmiðju, gæti grætt hjer of fjár, og að því búnu yfirgefið landið, og hlaupið frá öllu saman, og skilið landssjóði að eins eptir gömul hús og ónýtar vjelar. Við mundum ekki hafa annað en skaðann. Þetta er svo lagað, að það er varla mögulegt að svara því. Þó hann aldrei nema fari, þá höfum við ekki skaða samt; því auk þess, sem margir menn hafa haft atvinnu við þessa stofnun, þá höfum við öðlazt hina dýrmætu reynslu fyrir því, að slíkt fyrirtæki borgi sig hjer á landi. Við höfum lært, hvort og hvernig fyrirtækið borgar sig. Jeg tek undir með h. forseta, sem sagði, að með reynslunni væri það fengið, sem væri meira vert en allt fjeð.

H. læknar hjer í deildinni hafa ennfremur lagt áherzlu á það, að vinnan í ullarverksmiðjum væri svo óholl. Mjer dettur ekki í hug að rengja það; en skyldi sú vinna vera óhollari en fólk almennt þarf að hafa? H. þm. Vestm. (Þorst. J.) sagði, að það væri svo hollt og hressandi að vera úti í fjallaloptinu. En þess ber að gæta, að með vaxandi menning og menntun minnkar «nómada»-lífið, og menn verða að taka afleiðingunum af þessu, þótt þær sjeu þær, að menn verða heilsuminni og kveifarlegri.

En um allar þessar athugasemdir h. þingdeildarm. má segja það, að þær koma heldur seint. Það er eins og þessir þm. vilji við hafa sem mesta kurteysi við frumvarpið, en meiningin sje, að þeir vilji að það falli.

Þó við ræðum þetta mál til kvölds, þá munum við ekki verða miklu nær. Jeg vildi því helzt að umræðunum færi að hætta, til þess að menn geti fengið að sjá,

hvort það kemst í gegn eða fer þegar í gröfina, eins og 1. þm. V.-Skapt. (Ól. P.) óskaði áðan.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl): Það er örstutt athugasemd, sem jeg ætla að gjöra. H. flutningsm. (J. J. þm. N.-Þing.) sagði, að dæmi það, er jeg tók, sannaði ekki neitt. En jeg vona, þegar hann hugsar sig betur um, að hann sjái, að það sannar þó það, að þegar búið er að reisa einhverja stórbyggingu með miklum tilkostnaði og svo þarf að rífa hana eða selja við uppboð, af því að hún er óþörf eða borgar sig eigi, fæst nær ekkert fyrir hana í samanburði við það, sem til hefir verið kostað. Jeg verð því að halda því fast fram, að nauðsynlegt sje, að meira veð sje sett, til tryggingar fyrir fje því, sem landssjóðurinn lánar til verksmiðjustofnunar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nr. 270 (C. 327) við 1. gr. samþykkt með 16 atkv. gegn 1. Breyt.till. við 3. gr. samþykkt með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Benidikt Sveinsson
Árni Jónsson	Páll Ólafsson
Grímur Thomsen	Eiríkur Briem
J. Jónss. 1. þm. N.-M.	Gunnar Halldórsson
Jón Þórarinsson	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Jónas Jónassen	Sigurður Stefánsson
Ólafur Pálsson	Sveinn Eiríksson
Páll Briem	Þórarinn Böðvarsson
Þorlákur Guðmundss.	Þorleifur Jónsson
Þorsteinn Jónsson	Þorvarður Kjerúlf.
Þorvaldur Bjarnarson	

Frumv. í heild sinni samþykkt með 19 samhlj. atkv. og síðan sent Ed.

Landshöfðingi: Jeg verð að láta í ljósi, að mjer finnst með öllu óleyfilegt, að forseti greiði atkv., og að það er þvert ofan í þingsköpin. Jeg mótmæli því þess vegna nú, til þess að eigi verði sagt síðar, ef forseti þættist eiga rjett á að taka þátt í atkvæðagreiðslu, að það hafi áður gengið mótmælalaust, að hann greiddi atkvæði.

Benidikt Sveinsson (forseti): Jeg get eigi betur skilið en að 5. gr. þingskapanna, saman borin við 6. og 28. grein, heimili mjer alveg skýlausan rjett til að greiða atkv., þegar jeg vík úr forsetastólnum og sezt á þingmannabekkinn.

Landshöfðingi: Í 6. gr. stendur, að varaforseti gangi í öllu tilliti í stað forseta *í forföllum hans*, og getur varaforseti því ekki gengið í forseta stað, nema forseti sje forfallaður, eða hann vilji taka þátt í umræðunum. En það getur ekki samrýmzt, að forseti sje forfallaður, og sitji á þingmannabekkjunum og greiði atkv.

Benidikt Sveinsson: «Forsetinn» í 5. gr. þingskapanna hlýtur að þýða: *hinn fungerandi* forseti, og þá varaforseti, þegar forseti hefir vikið úr forsetasætinu. Þetta er beinlínis tekið fram með orðunum: «að víkja úr forsetasæti fyrir varaforsetanum;» og «að taka þáttt í *umræðunum*» er sama sem að taka þátt í *atkvæðagreiðslunni*, því atkvæðagreiðslan er verulegasti hluti og sjálfsagðastur hluti hverrar *umræðu*, sbr. 12., 13. og 14. gr. Orðið *forseti* getur eigi átt bæði við forseta á þingmannabekkjunum og svo varaforseta í forsetasætinu í einu; því með því væri þeim báðum bægt frá að greiða atkv., sem nær engri átt. Aptur á móti getur varaforseti eigi greitt atkv. þegar hann er í forsetasæti og vantaði ákvæði um það í þingsköpin, ef við forsetann í 5. gr. eigi væri átt við varaforseta, þegar hann stýrir umr., og hlýtur þá forsetinn eins og hver annar þm. að hafa leyfi til að neyta atkvæðisrjettar síns. Af 28. gr. er það og ljóst, að átt er við hinn «fungerandi» forseta, og svo er hvervetna í þingsköpunum, nema í 2. gr.

Landshöfðingi: Í 5. gr. er skýlaust tekið fram, að forsetinn taki alls engan þátt í atkvæðagreiðslunni, og verður slíkt eigi misskilið.

Grímur Thomsen: Það hefir komið fyrir áður, að forsetar hjer í deildinni hafa vikið úr sæti sínu og tekið þátt í umræðunum, en aldrei nokkurn tíma, að forseti hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Slíkt er því alveg nýtt og stríðir bæði móti anda og orðum þingskapanna.

Benidikt Sveinsson: Jeg man eigi betur en að Jón sálugi Sigurðsson frá Gautlöndum tæki einu sinni eða tvisvar þátt í atkvæðagreiðslu, meðan hann var forseti. Jeg hef eigi þingtíðindin hjá mjer og get því eigi sýnt það svart á hvítu í þetta sinn; en þetta er þó áreiðanlega satt. Við «forseti» í þingsköpunum hlýtur sem sagt hvívetna að vera átt við þann, sem stýrir umræðunum, sem einmitt innibinda atkvæðagreiðslu, og forseta er hvergi fremur en varaforseta bannað að greiða atkvæði, nema þegar hann er í forsetastólnum; enda er það auðsjáanlega alveg ástæðulaust, að maður missi þingmannsrjett sinn við að vera kosinn til forseta, nema að því leyti sem það kemur í bága við þann starfa. Þetta er nú *minn* skilningur á þingsköpunum, og honum fylgi eg með lögin í höndunum óbikað.

Þá tók Ben. Sveinsson aptur sæti í forsetastólnum, og stýrði fundi það sem eptir var.

Frumv. til laga um uppfræðing barna (C. 322); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Við þetta mál hafa engar breyt.till. komið síðan það var samþykkt hjer í deildinni við 2. umr. Jeg sje því enga ástæðu til þess að fara að fjölyrða um það; en óska að eins, að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 275); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mál þetta var svo ýtarlega rætt við 1. umr., að eigi virðist þörf á löngum umr. nú. Því var hreift við 1. umræðu, bæði af hæstv. landshöfðingja og öðrum, að æskilegt væri, að skýrara væri kveðið á um, hvað meint væri með búsetu. En bæði er það, að engar bendingar eða breyt.-till. hafa komið fram, er lúti að þessu, og svo eru þessi ákvæði einmitt hin sömu og í opnu brjefi 1. júní 1792 og sem hingað til eigi hafa valdið neinum vandræðum; við búsetu á einhverjum stað er skilið, að halda þar dúk og disk. Það virðist því eigi nægar ástæður til að fara að breyta þessu, þar eð ákvæðin hafa hingað til ekki verið neinum sjerlegum misskilningi undirorpin.

Það sem er nýmæli í þessu frumv. eru ákvæðin um lausakaupmenn. Mjer þótti of ísjárvert að banna þeim alla verzlun, en á hinn bóginn mjög sanngjart, að binda leyfið til að verzla skilyrðum þeim, sem farið er fram á í frumv.

Jafnvel þótt lausakaup sjeu nú farin að verða óþarfari og minnka síðan föstukaupmönnunum var leyft að fara inn á hvern vík og vog, virðist þó eigi ástæða til að banna þeim alla verzlun, en hitt, að þeir megi eigi verzla fyrir minna en 200 kr. í einu, er eigi ósanngjart, með því líka að þeir fáu lausakaupmenn, sem nú verzla hjer og eigi heyra fastri verzlun til, verzla einkum með þær vörur, sem hægt er að selja og kaupa í stórkaupum og menn þurfa mikið af, t. a. m. kol og timbur.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. (C. 275) samþ. með 20 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 3.— 5. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv. hver. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 346); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Þetta frv. er eiginlega komið frá stjórninni, og málið er eitt af þeim málum, sem jeg álít eigi svo sjerlega mikið nauðsynjamál fyrir þjóðina. Hjer á landi eru að eins 3 kaupstaðir, eins og menn vita, og eru þeir allir litlir og hægt að halda reglu í þeim, þótt lögreglusamþykktir sjeu eigi til; er öðru máli að gegna í stórbæjum í öðrum löndum.

Eitt er það, sem mjer finnst óhafandi í frv., og það er það, að amtmaður og landshöfðingi skuli geta breytt lögreglusamþykktum þeim, er bæjarstjórnirnar semja, eptir vild sinni. Þetta þyrfti að lagfæra, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt var, að setja 3 manna nefnd í málið, og voru þessir kosnir:

Sigurður Stefánsson með 13 atkv.
Páll Briem . . . — 11 —
og Þorleifur Jónsson . — 9 —

1. umr. frestað.

Frv. til laga um heimild stjórnarinnar til þess að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og koma á fót gagnfræðakennslu í Reykjavík (C. 346); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Það er nú þegar orðið áliðið, og fundur búinn að standa lengi; ætla jeg því að fara eins fljótt yfir sögu og jeg get. Það er heldur eigi þörf á að hafa mjög langar umræður um þetta mál, því það hefir verið allmikið hugsað, og margir búnir að fá ákveðna skoðun á því.

Möðruvallaskólinn er stofnaður með lögum 12. des. 1877. Var þá meiningin, að hann skyldi vera búnaðarskóli. 2 kennarar voru við hann, er höfðu lág laun (báðir 1600 kr.), og var því kostnaðurinn fremur lítill. En svo reyndist jörðin eigi góð; var þá farið að breyta skólanum smátt og smátt, og átti hann að verða gagnfræðaskóli. Fór nú kostnaður við skólann mjög vaxandi, og hefir mjer talizt til, að hann síðan 1879, er hann komst á fót (kennsla byrjaði eigi fyr en 1880), hafi kostað landið liðugar 100,000 kr.

Þetta er mikið fje, þegar menn gæta þess, hve fáir hafa gengið á Möðruvallaskólann; og þótt það verði eigi álitið víst, að lærisveinar verði jafnfáir framvegis, er þó fengin reynsla fyrir því, að gagnfræðakennsla, það er að segja það, sem á útlendu máli er kallað »real»-kennsla, er eigi fyrir bændur almennt; það, sem bændur almennt þurfa, er góður unglingaskóli.

Mjer dettur eigi í hug að ámæla þeim, sem staðið hafa að Möðruvallaskólanum, eða kenna þeim einum um, hve lítið hann hefir verið sóttur. Ástæðan til þess er miklu fremur, að gagnfræðakennsla er eigi fyrir bændur almennt, og því eigi þörf á sjerstökum gagnfræðaskóla fyrir Norðurland. Jeg get eigi sjeð, að Möðruvallaskólinn hafi gert nokkuð meira gagn en Flensborgarskólinn. Það virðist því varið of miklu fje til skólans, og hann eigi borga sig eins og honum nú er fyrirkomið; reynslan hefir sýnt það; enda eru nú fyrir löngu farnar að heyrast raddir hvaðanæfa um, að þetta megi eigi svo búið standa.

Á Þingvallafundinum í fyrra kom fulltrúi Skagafjarðarsýslu með uppástungu þess efnis, að skólinn yrði lagður niður, og greiddu fulltrúar Norður-Múlasýslu og Þingeyjarsýslu atkvæði með því. Enginn, sem jeg hef átt tal við, hefir verið fullkomlega ánægður með Möðruvallaskólann; en eigi hafa menn getað orðið á eitt sáttir um, hvernig breyta skyldi. Sumir vilja láta gera úr honum latínuskóla, aðrir leggja hann niður, og enn aðrir hafa

viljað láta hann halda áfram og bíða átekta.

Hvað því viðvíkur, að gera Möðruvallaskólann að latínuskóla, finnst mjer slíkt eigi geta komið til tals. Mjer finnst nógu miklu fje varið til menntunar embættismannaefna, þótt eigi sje við bætt.

Viðvíkjandi niðurlagning skólans er það aðgætandi, að þá halda kennarar hans launum sínum sínum óskertum í 5 ár, og verða svo settir á eptirlaun, ef þeir fá eigi önnur embætti; finnst mjer slíkt of dýrt, enda óparft. Flestir munu vera á þeirri breytingu, sem farið er fram á í frv. þessu. Hún fullnægir og öðrum kröfum, sem áður hafa komið fram. Á þingi 1883 var sett nefnd í skólamálið; lagði hún til, að gagnfræðakennslu fyrir land allt væri komið á fót og sett í samband við latínuskólann í Reykjavík; og er það afleiðing af því, að latínuskólinn er nú eins og málfræðisdeildin við skóla erlendis, þar sem »real»-kennsla er sameinuð við málfræðiskennslu. Það virðist eigi heppilegt, að öll embættismannaefni neyðist til að læra eins mikið í latínu og grísku og þeir gera.

Með þessu frv. er þetta að vísu eigi fengið; en braut er rudd til þess, að gagnfræðakennsla verði sameinuð við málfræðiskennsluna. Þegar jeg nú ber þessa breytingu, sem hjer er farið fram á, saman við tillöguna um, að leggja Möðruvallaskólann niður, án þess að nokkuð komi í stað hans, virðist mjer hún mun heppilegri. Við þessa breytingu fengist sá sparnaður, að ef fáir væri í gagnfræðadeildinni, gætu kennararnir kennt í málfræðisdeildinni. Sömuleiðis að því leyti, að eigi þyrfti að kosta fje til húsanna á Möðruvöllum, ef þau væru fengin í hendur einhverjum öðrum skóla, er væri eigi landssjóði beinlínis viðkomandi. Fje það, er nú er varið til bókakaupa á Möðruvöllum, mætti og spara, ef gagnfræðanemendur ættu aðgang að skólabókasafninu. Hvað því viðvíkur, að heimavistir verði afnumdar, þá stakk skólamálsnefndin einmitt upp á því, að það skyldi gert, enda er nokkur sparnaður við það.

Enn fremur væri og máske hægt að fækka kennurunum við gagnfræðadeildina, og fá tímakennara í staðinn, ef á þyrfti að halda. Í Flensborgarskólanum þyrfti þá og eigi lengur að kenna gagnfræði, og sparast fje við það.

En það er eigi peningasparnaðurinn, sem er aðalatriðið í þessu máli, því slíkum peningum ætti að verja á annan hátt til þess að mennta bændur, nefnil. til þess að koma upp unglingaskóla á Norðurlandi, og ætti næsta þing að veita fje til slíks skóla. Einkum á og að styrkja þá menn sjer til menntunar, sem ætla að verða barnakennarar; því þeir hafa svo lítil laun, að sanngjarnt væri, að þeir gætu leitað sjer menntunar á ódýran hátt. Þessar hugmyndir ættu að fylgja með þessu frumv.

Aðalmótbáran á móti þessari breytingu, sem hjer er farið fram á, kemur frá þeim, sem eru fastheldnir við hið gamla, og svo frá þeim, sem eigi fá þá ósk sína uppfyllta, að skólinn verði alveg lagður niður; svo hefir það og áhrif á stöðu sumra manna, jafnvel þingmanna o.s.frv., sem þess vegna kunna og að verða á móti frumvarpinu. En eitthvað þarf að gera, og þótt erfitt veiti að fá góðu lagi komið á gagnfræðakennslu hjer á landi, og menntun bænda haganlega fyrirkomið, dugir eigi að fást um það.

Jeg vildi óska, að þm. töluðu um þetta mál með stillingu, og að þeir, sem eitthvað kunna að hafa að setja út á frumv., bendi á þá agnúa, sem þeim virðist á vera. Það er nú orðið svo áliðið, að jeg sje eigi fært, að nefnd verði sett í málið; væri því æskilegt, að þm. vildu bera sig saman utanþings, og skal jeg vera manna fúsastur til þess að eiga tal um það við menn utanþings.

Eitt vil jeg biðja h. þm. að hafa hugfast, og það er það, að ef mál þetta verður fellt á þessu þingi, ætti eigi að fara að fitja upp á því aptur á næsta þingi. Menn hafa haft nægan tíma til þess að hugsa um þetta mál.

Ef þingið finnur ástæðu til þess, að halda Möðruvallaskólanum í því formi, sem hann nú er, þvert ofan í óskir Norðlendinga sjálfra, er komu í ljós á Þingvallafundinum og víðar, verður það að gera allt til þess, að skólinn eflist og blómgist; það má eigi styrkja mótskóla, og verður að leggja svo mikið fje til hans, að menn gangi á hann peninganna vegna, ef eigi dugar annað.

Jeg vil enda með þeirri ósk, að þm. beri sig saman utanþings um þetta mál, og lofi því að ganga í gegn um deildina, þótt sumir þeirra hefðu, ef til vill, kosið annað form, og það eigi fullnægi öllum þeirra óskum.

Jón Þórarinsson: H. flutningsm. (P. Br.) tók það fram, að nú væri tími svo naumur eptir af þingtímanum, að ekki mundi fært að skipa nefnd í málið; en jeg verð að bæta því við, að það er svo stuttur tími síðan frv. þessu var útbýtt, að jeg hefi ekki haft tíma til að íhuga málið sem skyldi, og svo mun vera með fleiri h. þm.

Jeg hefði óskað, að frv. þetta hefði komið svo snemma fram, að hægt hefði verið að gefa þingmönnum ráðrúm til að íhuga málið vandlega og skipa nefnd í það. Þetta er þýðingarmikið mál, og getur margt mælt með því og margt móti; en eins og jeg gat um, hef jeg ekki haft tíma til að íhuga það nærri því eins vel og jeg hefði óskað; get jeg því að svo stöddu lítið annað en komið fram með almennar athugasemdir.

H. flutningsm. (P. Br.) tók það fram, að nauðsynlegt væri að koma á gagnfræðakennslu í Reykjavík, en að á Möðruvöllum gæti hún ekki þrifizt. Jeg játa það, að í Reykjavík er hægra að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til gagnfræðaskóla í menntalöndunum en á Möðruvöllum; en hann tók það líka fram, að unglingaskóli mundi nauðsynlegur á Norðurlandi, því að gagnfræðaskóla með líku fyrirkomulagi og er á slíkum skólum erlendis vantaði svo mörg skilyrði til að geta þrifizt hjer. Jeg er alveg á sama máli og h. flutningsm., að unglingaskólarnir sjeu oss nauðsynlegir, eins og nú stendur, og að vjer höfum næsta lítið að gera við gagnfræðaskóla í sama sniði og erlendis, hvort heldur hann stæði á Möðruvöllum eða í Reykjavík; en að vjer aptur á móti getum haft gott gagn af skóla, svipuðum Möðruvallaskólanum, á meðan menntunin er að breiðast út hjá oss. Vjer skulum stuttlega líta á helztu skilyrðin fyrir, að slíkur skóli eða slíkir skólar geti þrifizt hjá oss, og sýnist það þá liggja fyrst fyrir, að gera þeim, sem á skólann ganga, að öllu leyti sem kostnaðarminnsta og haganlegasta skólagönguna, og í öðru lagi, að kennsla geti orðið sem bezt á skólanum.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá verður hægra að fullnægja því, ef skóli er hafður á Norðurlandi, því að yfir höfuð mun það verða að mun hægra fyrir pilta á Norðurlandi, að sækja skóla á Möðruvöllum, og vera á honum, en ef þeir þyrftu að flytja sig til Reykjavíkur. Hvað kennslukraptana snertir, þá játa jeg, að hægra geti verið að fá þá góða í Reykjavík en á Möðruvöllum, því að slíkt er yfir höfuð hægra í bæ en til sveita. Að þessu hvorutveggju athuguðu, þá verð jeg þó heldur að óska, að slíkur skóli, sem einkum er ætlaður handa bændum eða bændabörnum, væri heldur utan Reykjavíkur, því að jeg verð að ætla, að Möðruvallaskólinn eða hver annar skóli, sem ætlaður er til að ala upp bændur, sje betur settur utan Reykjavíkur en í henni. Nú bætist það og við í þessu máli, að mjög vafasamt mun vera,

það, sem h. flutningsm. gaf í skyn, að Norðlendingar sjálfir vilji losast við skóla sinn á Möðruvöllum; fundargjörðir þaðan í vor benda á hið gagnstæða; en jeg gæti því að eins greitt atkvæði með því, að Möðruvallaskólinn væri lagður niður, að Norðlendingar bæðu sjálfir um það.

Jeg skildi h. flutningsm. (P. Br.) ekki, hvort hann ætlaðist til, að settur væri upp nýr skóli í Norðurlandi til að mennta bændur, eða, hvort hann ætlast til, að Norðurland verði með öllu svipt slíkum skóla. Ekki veit jeg heldur, hver munur muni eiga að vera á þeim nýja bændamenntunarskóla, ef hann á að komast upp, og Möðruvallaskóla, eins og hann er nú. Mjög líklegt er, að sameining gagnfræðaskóla við latínuskólann í Reykjavík verði ekki til sparnaðar; þvert á móti er líklegt, að það mundi hafa kostnað í för með sjer, af því að kennurum þyrfti að fjölga; auk þess óttast jeg, að sameining gagnfræðaskólans og latínuskólans mundi verða báðum til tjóns; þó verð jeg enn að taka það fram, að þar sem jeg hef haft svo stuttan tíma fyrir mjer til að íhuga frv., þá er þetta eins og annað lauslegt álit; en engu illu vil jeg spá um þá sameiningu; tíminn verður að leiða í ljós hagnað eða óhagnað við hana. Nú sem stendur verður það, sem vjer segjum um hana, að eins spádómar, byggðir á líkum einum.

Jeg hef nú tekið fram ýms atriði um þetta mál, án þess að kveða upp nokkurn ákveðinn dóm um það, hvort mjer þyki frv. þannig lagað, að jeg geti gefið því atkvæði mitt gegn um deildina. En eigi að síður mun jeg þó greiða atkvæði með því, að það fái að ganga til 2. umr., svo að bæði mjer og öðrum gefist hóti meiri kostur á að íhuga það en hingað til hefir gefizt.

Grímur Thomsen: Hefði h. flutningsm. (P. Br.) verið hjer á þingi 1879, þá mundi hann hafa orðið þess var, að hver þingmaður, sem ekki var með því, að skóli væri stofnaður á Norðurlandi, var talinn óalandi og óferjandi; enda höfðu Norðlendingar mikið til síns máls, þótt þeir vildu fá skóla hjá sjer; því að þegar latínuskólarnir voru fluttir til Reykjavíkur, þá var lagt nokkuð af Hólastólsgóssi til skólans.

Nú eru liðin ein 9 ár síðan skóli var reistur á Norðurlandi, og þó er farið að ræða um að leggja hann niður.

Hjer kemur enn fyrir það sorglega einkenni, sem mjer finnst vera á þjóð minni nú á tímum; vjer byrjum ýmislegt með ákafa, erum fúsir að leggja fje til þess í fyrstu, en ef oss finnst missfellur á því, þá viljum vjer ekki líta við því framar.

Þetta virðist ætla að koma fram á Möðruvallaskólanum. Ef færri sækja hann eitthvert ár en vjer mundum óska, þá er komið fram með þá tillögu, að af nema hann. Ef sú ósk hefði komið fram á undirbúningsfundum undir alþing hjá Norðlingum sjálfum, þá gæti verið nokkuð öðru máli að gegna, þótt þingið yrði því ekki mótfallið,—þótt hviklyndið kæmi eigi að síður fram; en nú er ekki einu sinni því máli að gegna, að Norðlendingar hafi farið fram á það, að flytja skólann frá sjer. En kæmi það til máls, að afnema gagnfræðakennslu á Norðurlandi, þá er ekki þörf að setja gagnfræðakennsluna á Suðurlandi í samband við latínuskólann; því að hjer er gagnfræðaskóli, sem upp á síðkastið hefir blessazt vel; jeg á við gagnfræðaskólann í Flensborg; í honum munu hafa verið í vetur um 16 nemendur í gagnfræðadeildinni; og geti gagnfræðakennsla þrifizt hjer á einum stað, þá sýnir það, að hún er þó ekki svo óvinsæl. Þá virðist nær að styrkja þennan skóla, en fara að leggja út í nýjan kostnað, því að líklegt má það telja, að brátt þyrfti að stækka latínuskólahúsið, ef þessi breyting kemst á, sem frv. leggur til. Jeg verð að ætla, að h. flutningsmaður (P. Br.) hafi ekki íhugað málið svo vand-

lega, sem æskilegt hafði verið. Ef gagnfræðakennsla ætlar ekki að þrífast í Norðurlandi, þá mundi kostnaðarminnst að flytja hana til Flensborgar, en ekki til Reykjavíkur, og það því fremur, sem kunnugir menn, sem jeg tel áreiðanlega, segja, að gagnfræðaskóli sje betur settur fyrir utan stóra bæi, en í þeim.

En það mundi rjett, að íhuga, hvernig á því stendur, að gagnfræðaskóli er ekki sóttur á Möðruvöllum. Í fyrstu sóttu margir skólann, víst um 50; en nú síðari ár hnignaði þeirri aðsókn mjög. Jeg ætla, að aðalorsökin til fækkunarinnar muni vera harðæri það, sem að undanförnu hefir gengið yfir Norðurland; það hlýtur að hafa haft þau áhrif, að foreldrum og fósturforeldrum hafi veitt torvelt að senda syni sína í skólann, þótt þeir hefðu viljað. Úr þessu er líklegt, að bráðum rætist, er batnar í ári, og auk þess er sá vegur til að auka aðsóknina að skólanum, að veita piltum dálitinn ölmusustyrk, eins og stúlkum hefir verið veitt nú að undanförnu. Ef það ráð væri tekið, þá væru full líkindi til, að aðsókn að skólanum yrði að mun meiri.

Það sluppu orð úr munni h. flutningsmanns (P. Br.), sem jeg held honum hafi orðið alveg óvart að segja eða að honum hafi orðið mismæli. Hann sagði, að óþarflega miklu væri kostað upp á menntun bænda; þetta eru orð, sem jeg hygg að ekki verði munntöm okkur bændum; vjer höfum verið að berjast fyrir að ná meira frelsi, og jafnframt því, sem er skilyrði fyrir því, að vjer getum notað þetta frelsi: meiri þekkingu. Þetta þykir mjer því miður fagurt af forvígismanni frelsis og framfara, ef hann í sannleika hefir sagt það; en jeg heyri stundum ógreinilega það sem sagt er andspænis mjer í þingsalnum, og vona jeg, að mjer hafi misheyrzt þetta, eða, hafi mjer ekki misheyrzt það, að h. þm. (P. Br.) hafi þá orðið mismæli og hann taki orð sín aptur.

Sigurður Stefánsson: Jeg játa það, að mjer kom það nokkuð óvart fyrir, að þetta frv. skyldi nú koma hjer fram, því að mjer sýnist, að ekki hefði veitt af meiri tíma til að íhuga þetta mál, en hjer er kostur á, á þessu þingi. Þótt málið kæmi fyrir á Þingvallafundinum, þá get jeg — með allri virðingu fyrir þeim fundi — ekki lagt svo mikla áherzlu á það; því að það var sampykkt að eins með eins atkvæðis mun — vel að merkja: að leggja niður skólann, en ekki að flytja hann til Reykjavíkur.

Þegar um það er að ræða, að leggja niður Möðruvallaskólann og flytja hann, þá verða menn vel að gera sjer grein fyrir, af hverju hann getur ekki þrifizt þar, og hvort líkindi sjeu til, að hann muni þrífast betur á öðrum stað. Ekki hefir verið kvartað yfir því, að þar væru slæmir kennslukraptar, nje því, að skólanum væri lagt oflítið fje til. En hefir hann þó verið illa sóttur? Að vísu hefir hann verið það nú síðustu árin; en eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat um, mun sú illa aðsókn meðfram eða jafnvel að miklu leyti stafa af harðæri. En þá fara að vakna hjá mjer æðimiklar efasemdir um, að lækningin muni vera sú, að flytja skólann til Reykjavíkur; því að ef hann getur ekki þrifizt á Möðruvöllum, þá eru harla lítil líkindi til, að hann geti þrifizt í Reykjavík. En geti gagnfræðakennsla alls eigi þrifizt hjá oss, þá er það heilög skylda vor, að leggja slíka skóla algjörlega niður, en vera ekki að hringla með þá og byrja á nýju káki. Jeg vil að menn reyni enn um stundarsakir Möðruvallaskóla, og sjái, hvernig honum vegnar nú, þegar árferði batnar, og nú, þegar orðið er ódýrara að sækja hann en verið hefir. Það verð jeg að segja, að ef mönnum þykir dýrt að sækja skóla á Möðruvelli, þá mun þeim þykja það enn dýrara til Reykjavíkur, og jeg efast mjög um, að bændur verði mjög fúsir á, að senda syni sína til Reykjavíkur, eða þeir álíti, að

Reykjavíkurloptið sje svo sjerlega hollt fyrir þá til þess, að gerast góðir bændur eptir að þeir hafa andað því að sjer.

H. flutningsm. (P. Br.) sagði, að hjer væri ekki þörf á fullkominni gagnfræðakennslu. Jeg er honum alveg samdóma um það. Jeg álít enga þörf á, að bændaefni vor sjeu að læra mörg útlend mál, eða allar greinir «mathematíkurinnar», og svo er um fleiri greinir; þeir þurfa að fá «praktiska» menntun, sniðna eptir þörfum þeirra. Jeg tel gagnfræðakennsluna á Möðruvöllum í raun og veru alveg nóga handa bændum, að eins að henni væri hagað nokkuð öðruvísi. Jeg veit eiginlega ekki til, að aðrar ástæður þyki til, að leggja niður Möðruvallaskólann, en þær, að hann geti ekki þrifizt þar; en jeg verð að halda því fast fram, að ekki sjeu minnstu líkindi fyrir, að hann geti þrifizt betur í Reykjavík eða komið þar að meira gagni, allra sízt ef krðfurnar á að gera þar meiri.

Mjer þykir því mjög leiðinlegt, að frv. skuli koma fram í þessu formi, að flytja skólann úr einum stað í annan stað, þar sem ekki eru líkindi til, að hann blómgist betur.

Ef vjer værum vonlausir um, að gagnfræðaskóla væri viðhjálpandi hjá oss, þá skyldi jeg ekki verða manna seinastur til að greiða atkvæði með, að hann yrði lagður niður. En nú er ekki tími kominn til að ráða slíkt af; því hafi eitthvað verið satt í sögunum um harðæri á Norðurlandi — og um það efast jeg ekki — það harðæri, sem ekki hefir kostað landssjóð svo lítið, þá getur ómögulega annað verið, en að það hafi haft mjög mikil áhrif á hag bænda og hugsunarhátt, og dregið stórum úr aðsókn að Möðruvallaskólanum. En hafi hallærissögurnar verið ýkjur einar, þá er auðsætt, að hvorki Norðlendingar nje aðrir landsmenn kæra sig neitt um þessa svo nefndu gagnfræðakennslu, og þá er heldur ekki til neins, að vera að hafa hana, hvorki á Möðruvöllum, í Reykjavík nje í Flensborg; því að það getur ekki verið meiningin fyrir oss, að byggja skólahús til þess eins, að horfa á þau tóm, og til að launa kennurum, sem engum kenna.

Hvernig sem jeg skoða málið, get jeg ekki verið með því, að leggja niður Möðruvallaskólann að svo stöddu, heldur vil jeg bíða þetta næsta fjárhagstímabil, og sjá, hver áhrif það hefir á aðsókn skólans, ef árferði batnar. Ef það hefir engin áhrif, þá sýnist mjer liggja beinast við, að leggja niður báða gagnfræðaskólana og setja ekkert í staðinn fyrir þá. Jeg er viss um það, að ef menntalöngun er dauf hjá oss Íslendingum nú, þá vex hún ekki hót við það, að flytja gagnfræðaskólann til Reykjavíkur, heldur mun hún minnka við það, eins og eðlilegt er, þar sem erfiðleikarnir mundu vaxa við, að afla sjer menntunarinnar; því að vjer, sem höfum verið í skóla hjer í Rvík, vjer vitum það, hve langt var frá, að vjer kæmumst af með rúmar 100 kr. á ári, eins og sagt er um pilta á Möðruvöllum síðasta ár; því að mjög valt mun vera að byggja á því, að piltar kosti sig minna í Reykjavík en þeir hafa gert.

Enn er og eitt við frumv.: það er hvorki hrátt nje soðið; það gefur stjórninni heimild til að leggja niður Möðruvallaskóla og heimild til að nota skólahúsið fyrir kvennaskóla. Ef oss væri alvara með þetta, þá gætum vjer sagt, og ættum að segja: það eina, sem stjórnin á að gera hjer, er annaðhvort að segja já eða nei.

Í frumv. kemur fram hálfvelgja; það kemur þar fram, að flutningsmaður er ekki viss í sinni sök, hvað ráðlegast sje að gera við skólann að þessu sinni, en vill kasta öllum vandanum á stjórnina. En jeg segi fyrir mig, að jeg hefi ekki betra traust á stjórninni en á þinginu, til að leiða mál þetta til lykta. Að minnsta kosti vil jeg nota atkvæði mitt í því.

Auk þess getur það verið óþægilegt fyrir stjórnina, að fá slík heimildarlög, og vilji hún ekki leggja niður skólann, þá mun hún sannarlega ekki flýta sjer að nota þessa heimild.

Flutningsmaður (*Páll Briem*): Eins og jeg bjóst við, hafa komið fram allmörg mótmæli gegn frumv. þessu af andmælendum þess.

Eitt var það, sem mjer fannst einkum vanta í ræðu h. þm. Borgf. (G. Th.); það var ró og stilling, og hann fór helzt til mikið út fyrir málefnið. Það kann að hafa verið rjett, að jeg hafi sagt, að ofmiklu væri kostað til menntunar bænda, þótt jeg að vísu ekki muni, hvort mjer fórust svo orð; en hafi það verið svo, sem jeg vil ekki vera að gera að neinu prætuefni, þá er það víst, að h. þm. (Gr. Th.) hefir snúið út úr þeim, eða heyrt skakkt, eins og stundum ber við. Jeg vil efla menntun bænda, og vil jeg fullkomlega telja mig þar eins framarlega í flokki og h. þm (Gr. Th.). En það er ekki hjer tími eða tækifæri til þess, að tala um það fyrirkomulag, sem jeg vil hafa á henni. En hafi jeg sagt um Möðruvallaskólann, að með honum væri ofmiklu kostað til menntunar bænda, þá er það rjett, því að þegar menntun hvers bændapilts kostar yfir veturinn landssjóð yfir 1000 kr., þá get jeg með fullum sanni sagt, að ofmiklu sje kostað til menntunar bænda; þá tel jeg betra að hafa í stað tveggja skóla einn gagnfræðaskóla bæði fyrir bændur og aðra í höfuðstað landsins, og unglingaskóla fyrir bændur á Akureyri.

Unglingsmenntunin er það, sem oss ríður á að koma upp, og Norðlingar hafa sýnt það, að þeim er ekki annt um realmenntunina.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) brá mjer um það, að jeg hefði ekki íhugað ræðu mína; en jeg mun geta sagt hið sama með eins góðum rjetti um ræðu hans; að minnsta kosti finnst mjer það eigi nægilega yfirvegað, hvað ráðlegt það væri, að flytja Möðruvallaskóla til Flensborgar.

H. þm. sagði, að þetta frumv. kæmi of fljótt fram; en hvenær á að byrja? Er ekki tími til þess kominn, þegar flestir eru orðnir óánægðir með skólann, og Norðlingar vilja losna við hann? Og þótt það hafi verið barið fram, eins og h. þm. (Gr. Th.) tók fram, að reisa Möðruvallaskóla, þá er engin ástæða til þess, að láta ekki reynsluna kenna sjer svo mikið, sem að hætta við það, er óviturlega hefir verið stofnað. Þess er og að gæta, að Möðruvallaskóli var sampykktur að eins með litlum atkvæðamun, og, vel að merkja, sem búnaðarskóli, en ekki sem gagnfræðaskóli eingöngu.

Þá skal jeg snúa mjer að hinum mótmælendunum, sem töluðu meira um málefnið sjálft.

H. 1. þm. Ísfirð. (S. St.) tók það fram, að miklu ódýrara væri að lifa á Möðruvöllum en í Reykjavík; en jeg veit ekki betur en að eins ódýrt hafi verið að lifa í Flensborg eins og á Möðruvöllum, og getur þó naumast verið mikill munur á því, hvað dýrt sje að lifa í Flensborg og í Reykjavík.

Það er ekki rjett hjá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að til þess væri ætlazt, að Norðlingar yrðu með öllu sviptir menntastofnunum; því að þeir hafa fengið búnaðarskólann á Hólum, með svipuðu fyrirkomulagi og í fyrstu mun óljóst hafa vakað fyrir mönnum að Möðruvallaskóli ætti að vera. Jeg sagði, að ekki væri þörf á gagnfræðakennslu fyrir bændur almennt; það eru að eins undantekningar, að bændur hafi þörf á gagnfræðamenntun, eins og hún er kennd í útlöndum og ætti að kenna hana hjer. Fyrir bændur álít jeg að búnaðarskólarnir eigi að vera, og þá ætti þingið að efla sem mest. Gagnfræðaskóli getur vel komið að notum hjer í Reykjavík, þótt hann komi það ekki á Norðurlandi. Það væri munur, ef hann væri í sam-

bandi við latínuskólann; þá gæti fyrst og fremst gengið í hann ýms embættismannaefni, og auk þess nokkur bændaefni og ýmsir aðrir menn, sem ekki ætla að ganga embættaveginn, heldur snúa sjer að verzlun eða handiðnum. Mjer finnst að öllu leyti hægra, að laga skólann í hendi sinni, þegar hann er kominn hingað til Reykjavíkur. En jeg vil ekki, að svo komnu, binda hendur manna, heldur láta reynsluna skera út, hvern veg bezt muni vera að haga kennslunni, þegar kennslan kemst hjer á fót. Ef menn, sem ekki ætla að verða embættismenn, vilja nota kennsluna, þá verður að laga hana eptir því; en þetta allt verður reynslan að sýna. Það er það, sem jeg fer fram á, að fá upp gagnfræðakennslu einungis í Reykjavík, en efla unglingakennslu í Norðurlandi, sem er einmitt það, sem bændur hafa þörf fyrir. Jeg tel mjög æskilegt, að koma upp unglingaskóla t. d. á Akureyri. Jeg get alls ekki ímyndað mjer, að engin þörf sje á gagnfræðakennslu hjer á landi; en þegar gagnfræðaskólinn er fluttur hingað til Reykjavíkur, þá er öllu hægra aðgerða; þá mun verða hægra að koma á gagnfræðakennslu í neðri hluta latínuskólans. Jeg er sjerstaklega þakklátur h. 1. þm. G.-K. (J. Þ.) fyrir það, hve rólega hann hefir talað um málið.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um aðalmálið, en víkja að eins fáum orðum að því, að h. 1. þm. Isfirð. (S. St.) þótti slæmt form á frumv.; það var eins og mjer fyndist hann þar vera að leita höggstaðar á þeim »reactionera« manni, sem vildi leggja þjóðmál vor stjórninni á vald (*Sig. St.*: Nei); en jeg skal benda h. þm. (S. St.) á, að hann hefir sampykkt sjálfur ýms frumv. í þessu formi; jeg skal nefna t. d. frumv. um þjóðjarðasölu. Eptir því sem hjer stendur á með þetta mál, er einmitt þetta form heppilegt; því að það gæti orðið mjög torvelt fyrir stjórnina, að koma þessu í kring þegar í stað, þótt henni væri skipað það; því er bezt að lofa henni að hafa tímann fyrir sjer. Hitt gæti verið mjög óþægilegt, ef frumv. væri í því formi, að stjórninni væri skipað að leggja niður skólann á einhverjum ákveðnum tíma. Jeg veit, að það er orðið svo áliðið þingtímans, að ekki er fært að skipa nefnd í málinu; en það verð jeg að segja, að þótt nefnd yrði sett og jeg kæmist í þá nefnd, þá mundi jeg ekki getað íhugað málið betur en jeg hefi gert. En þeir, sem ef til vill finna agnúa á því, ættu að tala saman um það utan þings, og mynda nokkurs konar utanþingsnefnd, og mundi jeg manna fúsastur á, að taka þátt í þeim umræðum.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið; en jeg ítreka það enn, að jeg bið menn að tala um það með ró og stilling; það hefir bezt af því, og á þann hátt skýrist það bezt.

Grímur Thomsen: Jeg verð að játa, að af hinni löngu en ekki mjög efnisríku ræðu h. flutningsm. (P. Br.) sá jeg það eitt, að hann talaði meira af beiskju en ástæðum. Jeg skal benda h. flutningsm. (P. Br.) á, að þó að frumv. þetta gangi gegnum allar 6 umræður í báðum þingdeildum, þá verður það samt alveg þýðingarlaust. Þó stjórninni verði gefin heimild til að afnema Möðruvallaskólann og setja aptur gagnfræðaskóla á stofn í Reykjavík og nota húsið á Möðruvöllum til kvennaskóla o. s. frv., þá eru slík heimildarlög alveg þýðingarlaus og helber hjegómi, hvort sem þau ganga lengra eða skemra. Það er auk þess engin sönnun fyrir því, að skóli sje óþarfur, þó fárir sæki hann eitt eða tvö ár. Jeg benti á það áðan, að Flensborgarskóli hefði verið vel sóttur síðasta árið, og er kennslan þar víst *ekki betri* en á Möðruvallaskólanum; hún er sjálfsagt eins góð. Jeg er sannfærður um, að kennslan er góð á báðum

skólunum. En hversvegna minnir h. flutningsm. (P. Br.) ekki á Hljeskógaskólann? Hann var vel sóttur fyrst, en illa sóttur næstliðinn vetur, og er mjer af kunnugum sagt, að það hafi með fram verið harðærinu að kenna.

Jeg er þess vegna samdóma h. 1. þm. Ísfirð. (S. Stef.) um, að frumv. þetta eigi ekki að ganga lengra í þetta skipti. Jeg álít rjettast, að bíða með málið næsta fjárhagstímabil, og vita, hvort skólinn fær ekki meira að starfa til næsta þings. Verði skólinn enn illa sóttur, ætti h. þm. að búa málið betur undir næsta þing, en koma þá ekki með heimildarlagafrv., heldur frumv. til reglulegra laga, sem stjórnin verði bundin við að fara eptir, ef hún samþykkir þau.

Jeg skora þess vegna á h. þm. Snæfell. (P. Br.), að sýna nú af sjer þá sjálfsafneitun, að taka þetta frumv. aptur, þótt það sje það síðasta frumv., sem hann hefir klakið út á þessu þingi.

Flutningsmaður (Páll Briem): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) var nú með þessi venjulegu «Fif», sem hann hefir í ræðum sínum til þess að vekja hlátur. Slíkt er æfinlega hægt; en það á stundum mjög illa við, eins og t. d. hjer, þar sem rædir um mjög alvarlegt mál.

H. þm. var að ráða mjer til að taka frumv. aptur; en jeg vil ráða honum til að ráða sjálfum sjer til, að taka aptur sum frumv., sem hann er að eyða þingtímanum með, eins og bankafrumv. sitt.

Mjer þykir leiðinlegt, að þessi þm. skuli af persónulegum hvötum vera búinn að hleypa eins konar gremju inn í þetta mál. (*Gr. Thomsen:* Jeg er dauður!). Hann sagði, að frumv. þetta væri helber hjegómi, af því að stjórnin væri ekki bundin við að fara eptir því; en má jeg spyrja: hvaða almennt lagafrumv. samþykkir þingið, sem stjórnin er bundin við að fara eptir? Getur konungur ekki synjað hverju lagafrumv. staðfestingar, sem hann vill, og eins þeim, sem segja, að eitthvað *skuli vera*? Að þessu leyti má segja, að öll frumv., og ekki einungis frumv. um heimildarlög, sjeu þýðingarlaus. En ef þetta frumv. verður staðfest, þá verður það alls ekki þýðingarlaust, og það mun hver stjórn, ef hún samþykkir þetta frumv., skoða það eins og frumv., er veita henni heimild til að selja þjóðjarðir, og heimild í fjárlögum og mörgum öðrum lögum.

Það var þessi athugasemd, sem jeg vildi gjöra, til þess þegar í stað að sýna fram á villu h. þm. Borgf. (Gr. Th.).

Árni Jónsson: Þetta er áríðandi mál, sem jeg álít, að ekki eigi að hætta að ræða, þó fundurinn sje orðinn nokkuð langur og tíminn naumur. Jeg álít ekki heppilegt, að stytta umræðurnar, þó h. forseti biðji menn að vera stuttorða, og þó h. flutningsm. (P. Br.) segi, að margir þingdm. muni þegar hafa myndað sjer ákveðnar skoðanir í þessu máli. Frumv. þessu var útbýtt fyrst í gær, og nú er það þegar til umræðu í dag. Það er því mjög hætt við, að margir hafi ekki íhugað það vandlega. Jeg get þó hugsað mjer, að frumv. gæti í einhverju staðið til bóta, og að margt geti verið athugavert við það, sem ekki sjest í fljótu bragði. Þó margir Norðlendingar kunni að hafa látið í ljósi álit sitt á þessu máli, þá veit jeg ekki til, að þeir hafi gjört það á almennum fundum, og menn í þessari deild hafa heldur ekki átt kost á að heyra skoðanir þingmanna þeirra Norðlendinga á málinu. Þótt hjer sje ekki um hjeraðsstofnun að ræða, þá væri þó fróðlegt að heyra tillögur þeirra þingm. En hjer í þessari deild sitja engir úr þeim kjördæmum, sem næst standa. Hjer er enginn þingm. úr Eyjafjarðarsýslu og heldur ekki úr Suður-Þingeyjarsýslu á þingmanna bekk. Það er því athugavert fyrir okkur þingm., sem fjær stöndum, að sjá þegar, hvaða orsakir eru til þess, að menn nú vilja breyta

þessari stofnun, sem að eins er búin að standa í nokkur ár. Frumv. fer ekki fram á annað, að því er mjer skilst, en að færa kennsluna frá Möðruvöllum og á annan stað.

Mjer virðist h. flutningsm. (P. Br.) leggja áherzlu á það, að ef kennslan yrði flutt, þá mætti breyta henni í ýmsu, þó henni yrði haldið í sama horfinu þegar suður kæmi. En jeg veit ekki, hvaða orsök er til þess, að hægra er að breyta kennslunni hjer fyrir sunnan, en þar sem hún er. Ef kennslan þykir ekki fara í rjetta stefnu á Möðruvöllum, þá virðist eins mega breyta henni þar, með því að endurskoða og breyta reglugjörð skólans. Þegar enn er enginn fastur þráður í menntamálum landsins, — það má heita, að þau sjeu enn á víð og dreif og ekkert samband á milli skólanna, — þá álít jeg viðurhlutamikið að kippa burt millilið þeim, sem ætti að vera milli hinna æðri og lægri menntaskóla; því auðvitað væri bezt, ef það fyrirkomulag gæti komizt á sem allra fyrst, sem tiðkast í öðrum löndum, þar sem skólarnir standa í sambandi hver við annan, þar sem hver skóli er eitt stig í menntakerfinu, og lærisveinarnir geta gengið eins og bekk úr bekk, þó skólarnir standi til og frá um landið. Jeg vildi því óska, að þetta yrði fyrst og fremst athugað og ákveðið sambandið á milli skólanna, og einhver föst stefna fengin fyrir því, hvernig einn skólinn skuli taka við af öðrum. Meðan það er ekki fengið, vil jeg heldur una því sem er, en færa skólann fram og aptur á fárra ára fresti. Það kann að sýnast sparnaður að því, að færa skólann; en vandi er æfinlega að gjöra þá áætlun um slíkt, er reynist rjett; því þótt sparnaður verði við gagnfræðakennsluna, þá getur verið, að kostnaðurinn aukist til þeirrar í stofnunar, sem á að setja upp í skólahúsinu staðinu. Jeg ímynda mjer, að það þurfi eins fyrir því að kosta viðhald á húsinu og fl., og að það verði leitað til landssjóðs með það fje. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta atriði, en mjer sýnist nauðsyn til bera, að hver þingdm. athugi vel þetta mál, áður en menn ganga ríkt eptir, að leggja gagnfræðakennsluna niður á Möðruvöllum og færa hana á annan stað, í *sama horfi og áður*.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg ætla að eins að gjöra þá yfirlýsingu, að þó stutt sje síðan að frumv. þetta var prentað, og þó sumir hafi, ef til vill, ástæðu til að kvarta undan því, að þeir hafi eigi nægan tíma til að íhuga málið, þá hefur allur fjöldinn þó eigi ástæðu til að kvarta í þessu efni; því að þetta frv. hefir þegar verið rætt allmikið utanþings fyrir nokkru síðan. Sjerstaklega brá mjer við, þegar jeg heyrði, að h. þm. Mýr. (Á. J.) kvartaði yfir því, að hann hefði ekki haft tíma til að íhuga þetta mál nógu vandlega; því jeg talaði einmitt við hann um þetta mál í hitt eð fyrra og mörgum sinnum í mánuðinum sem leið.

Þorlákur Guðmundsson: Jafnvel þótt jeg hafi heyrt þessar löngu ræður í þessu þýðingarmikla stórmáli, og jafnvel þótt langt sje liðið á þingtímann, þá sje jeg þó ekki annað ráð, en að nefnd verði sett í málinu. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld.

Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Tillögur til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapaumboðs (C. 361, 359); fyrri umr.

Forseti bar undir atkv. þingdm., hvort viðaukatill. á þingskj. nr. 290 (C. 359) frá 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) mætti koma til umræðu á fundinum, þó henni ekki hefði verið útbýtt fyr en í byrjun fundarins, og var það samþykkt.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Af því að álit það, sem h. þingd. fjekk reikn-

ingslaganefndinni til íhugunar í þessu máli, er svo ýtarlegt, þá skal jeg leyfa mjer að skírskota til þess (C. 127), en þar af leiðir þá, að jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Það, sem einkum hefir vakað fyrir yfirskoðunarmanni þessarar deildar (P. Br.) og nefndinni, er það, að í þessu umboði, sem hjer ræðir um, hefir átt sjer stað talsverður dráttur á greiðslu leigna, og til þess að fyrirbyggja það framvegis, hefir nefndin stungið upp á því, að ólokin gjöld verði tekin lögtaki í tíma. Nefndin kannast þó við, að ekki sje allt af hagur að því, að taka gjöldin lögtaki þegar í stað, heldur geti verið rjett að fresta því nokkuð, því svo getur staðið á árstíma, að ekki sje hentugt að selja hjá mönnum, og fleira getur gert það óþægilegt. Aptur á móti vill nefndin fyrirbyggja, að það verði að aðalreglu, að lögtak dragist þangað til gjöldin hafa misst lögtaksrjett. Það hefir átt sjer stað í þessu umboði, að lögtak hefir dregizt mjög lengi, og hefir þetta leitt til þess, að enginn vegur er til að fá inn hinar gömlu skuldir, nema með því, að höfða mál móti leiguliðunum; og þótt lítil líkindi sjeu til, að skuldirnar fáist inn á þennan hátt, þá er lögsókn þó nauðsynleg til þess að fá enda á allar vafasamar krófur.

Allar 5 tillögurnar lúta nú að þessu tvennu. Tvær fyrstu tillögurnar lúta að því, að hinar eldri eptirstöðvar, frá 1882 til 1885, verði innheimtar með lögsókn.

3. og 4. tillagan, en sjer í lagi sú þriðja, lúta að því, að lögtaksrjettinum verði eptirleiðis beitt. 5. tillagan brýnir fyrir umboðsmanni, að fá duglega ábúendur á jarðir þær í umboðinu, sem lausar eru eða lausar verða. Við þessa tillögu er fram komin viðaukatillaga, sem jeg fyrir mitt leyti hefi ekki neitt á móti, þótt jeg álíti hana ekki bæta mikið.

Landshöfðingi: Jeg er að mörgu leyti samþykkur reikningslaganefndinni að því er snertir tillögur hennar í þessu máli. En að því er snertir 1. tilllöguna, veit jeg ekki, hvort h. nefnd hefir gert sjer það ljóst, að hún hlýtur að hafa kostnað í för með sjer; því það er ekki mögulegt, að heimta það af hinum núverandi umboðsmanni, að innheimta gjöld frá árunum 1882 til 1885. Umboðsmaðurinn verður því að fá hæfilega þóknun fyrir þessa innheimtu, eða útvega verður til þess annan hæfan mann, sem þá einnig þarf að borga. Ef h. þingd. vill leggja þetta fje fram, þá hefir stjórnin sjálfsagt ekkert á móti þessari tillögu. En það er nauðsynlegt, að fje verði sjerstaklega veitt í þessu skyni. Umboð þetta er víðáttumikið, og kostnaður því mikill við innheimtuna og til dómarans.

2. till. hefi jeg ekkert á móti, og má gera umboðsmanni að skyldu að framfylgja henni.

H. framsögum. (Ól. Br) sagði, að lögtaki hefði lítið verið beitt í þessu umboði. Það er satt. Það hefir verið farið vægt í það. En orsakirnar til þess eru þær, eptir því, sem umboðsmaður og sýslumaður hafa skýrt frá, að lögtak mundi hafa reynzt árangurslaust í flestum þeim tilfellum, þar sem komið hefði til tals að beita því. Þeir hafa skýrt svo frá, að skepnur hafi engar verið til hjá gjaldendum þeim, sem ekki hafa staðið í skilum með jarðargjöld sín, nema ef vera skyldi kúgildi jarðanna, og aðrir munir af skornum skammti. En þótt eitthvað væri til, þá væri ekki til neins að bjóða það upp, því enginn byði neitt í það á uppboðum. Þetta geri þeir þó ekki af samtökum, heldur af peningaleysi. En nú er ástandið sjálfsagt farið að batna dálítið þar vestra, og því er jeg heldur ekki á móti 3. og 4. tillögunni, að svo miklu leyti sem þær eptir skýrslum umboðsmanns og sýslumanns álítast að vera til gagns.

5. tillögunni er jeg alveg samþykkur. Það er sjálfsagt skylda umboðsmanns, að

útvega sem duglegasta ábúendur á jarðirnar, enda er það mestur hagur fyrir umboðsmann sjálfan.

Jeg skal að endingu taka það fram aptur, að jeg er samþykkur öllum tillögunum, en vek athygli á því, að 1. tillagan hlýtur að hafa í för með sjer talsverðan kostnað.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Viðvíkjandi tillögunni um, að innheimta hinar gömlu skuldir, þá var það meining nefndarinnar, að landsstjórnin ekki gerði ófyrirsynju kostnað við þessa innheimtu. En það vakti fyrir nefndinni, að fá kláraðar þessar vafasömu kröfur, til þess að þær ekki flyttust frá einum ársreikningi til annars. Eptir því, sem hæstv. landsh. tók fram, þá vill nefndin mæla með því, að landsstjórninni verði ekki gert að skyldu að láta beita lögsókn hvernig sem á stendur, heldur verði henni falið að gera það, sem bezt á við í hvert skipti. Þar sem fyrirsjáanlegt er, að landssjóður hafi skaða af málssókn, þar vil jeg að landsstjórnin hafi frjálsar hendur til að beita henni ekki. En til þess, að yfirskoðunarmenn geti sjeð, að það hafi verið á rökum byggt, sem gert verður í þessu efni, þá mun nauðsynlegt að taka fram einhver skilyrði fyrir því, að málshöfðun megi niður falla, og dettur mjer því í hug, að gera dálitlar breytingar á tillögunni til síðari umræðunnar.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer skilst, að heppilegast væri að orða 1. tillöguna líkt og 3. tillöguna, að lögtaki ekki verði beitt þar, sem umboðsmaður álíti það tilgangslaust, til þess að ekki verði farið út í málssókn til ónýtis. H. framsögum. (Ól. Br.) talaði líka um, að breyta 1. tillögunni eitthvað í þessa átt til síðari umræðu málsins.

Þetta litla breyt.atkv mitt er ekki þýðingarmikið. Það vakti fyrir mjer, að rjett kynni að vera, að skýra 5. tillöguna dálítið betur. »Af tvennu illu skal taka það minna». Jeg álít það betra, að sömu jarðirnar verði allt af í eyði, ef ekki er annars kostur, en að búandi verði tekinn af einni jörðinni og settur á jörð, sem verið hefir í eyði, en svo leggist aptur sú jörð, er hann fór frá, í eyði. Það er betra, segi jeg, að sömu jarðirnar haldi áfram að vera í eyði, en að jarðirnar fari á víxl í eyði. En jeg geri samt ekki þessa litlu breyt.till. að neinu kappsmáli.

ATKVÆÐAGR.: 1. till. nefndarinnar (C. 261) samþ. með 17 samhlj. atkv.

2., 3. og 4. tillaga samþ. hver um sig með 19 samhlj. atkv.

Viðaukatill. (C. 359) við 5. till. samþ. með 15 atkv.

5. till. með áorðinni breytingu samþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til síðari umræðu í einu hljóði.

Tuttugasti og áttundi fundur, laugardag 3. ágúst á hádegi. Allir á fundi.

Frv. til laga um tekjur presta (C. 63, 273, 361); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Með leyfi h. forseta stend jeg upp til að tala nokkur orð í þessu máli, og verður það ekki kappræða, en að eins lítil vörn, áður en málið kemur undir dóm.

Jeg skal þá fyrst taka fram, að það ber brýna nauðsyn til að koma með skýr ákvæði um tekjur presta. Það er nærri ósamboðið virðingu löggjafarvaldsins, að vilja ekki bæta úr þessu; en hitt má játa, að það er erfitt, svo fullkomið sje. Það er jafnvel áríðandi fyrir hið kirkjulega líf, að þetta sje skýrt ákveðið; það er áríðandi, að prestunum og söfnuðunum komi vel saman. Jeg verð að segja, að það er ekki löggjafarvaldinu að þakka, að enginn ágreiningur verður út úr tekjum, sem eigi eru víst ákveðnar og eigi fastar. Það er í raun og veru eigi skemmtilegt fyrir

presta, að taka við gjöldum, sem þeir eigi vita með vissu, hvort þeir eiga, og sömuleiðis ekki viðkunnanlegt fyrir bændur að láta af hendi gjöld, sem þeir ekki vita, hvort þeir eiga að greiða eða ekki. Það hafa hvað eptir annað verið að koma fyrirspurnir í blöðunum um þetta málefni, og varla er eitt einasta blað, sem ekki hafi talað um, hvort rjett væri að gjalda þetta eða hitt. Þessar spurningar koma nú hver á fætur annari, og þær sýna það, að tíminn krefur umbóta í þessu efni. Það er nú orðið úrelt, og það á að vera úrelt, að mörg af launum prestanna gangi að gjöfum og skenkjum. Jeg sje eig ástæðu til annars en að prestarnir hafi sín ákveðin laun, eins og aðrir embættismenn.

Jeg skal svo leyfa mjer að tala um síðari kafla nefndarálitsins; þar er jeg h. nefnd samþykkur; en að því er snertir hinn fyrri kafla, þar er jeg einn.

Vjer þekkjum allir einn stóran kafla í sögunni, stjórnarbyltinguna á Frakklandi. Sá kafli er merkilegur vegna þeirra stóru hugmynda, sem þá komu upp. Ein af þessum stóru hugmyndum var sú, að varpa öllu gömlu burt, en setja nýtt í staðinn, eins og skynsemin álítur það rjettast og hagkvæmast. Það er sannarlega stór hugmynd til fyrirmyndar og eptirdæmis, og gætu menn opt haft gott af að hugsa um, hvernig ýmislegu væri bezt fyrir komið, ef gengið væri fram hjá öllum vana.

Jeg skal leyfa mjer, að setja það dæmi, að kristni hefði verið lögtekin í gær, og nú kæmu tvö frumvörp; annað þeirra ákvæði prestum þær tekjur, sem þeir hafa nú, en hitt væri þetta frumv., sem hjer liggur fyrir. Mjer þætti gaman að sjá, hvort þeirra yrði samþykkt hjer í deildinni.

Eptir hinum núgildandi lögum á presturinn að fá tekjur sínar eptir hundraðatali af hverri jörð; en presturinn er ekki til þess settur, að líta eptir löndum og jörðum. Ekki er það samt svo að skilja, að allir skuli gjalda jafnt gjald þetta, tíundina, heldur eru margar undanþágur, svo margar og miklar, að fasteignartíundin eru í sumum prestaköllum á annað hundrað krónur, en í sumum eins og tvær krónur. Þá er lausafjártíund; jeg held að presturinn sje ekki hirðir hinna skynlausu sauða, kúa eða hrossa o. s. frv.; nei, hann er hirðir hinna skynsemigæddu, mannanna. Þá er að líta á ýmsan ójöfnuð. Sá sem á því nær ekkert, það er: tíundar ekki 5 hdr., borgar dagsverk; það er meira en sá sem á 5—10 hdr.; að því leyti er þetta gjald fjærri því, að vera jafnaðargjald; og sá borgar jafnt, sem á allan sinn tíundbæra fjenað skuldlausan, og hinn, sem á hann allan í skuld. Að því er snertir lambsfóður, þá fóðrar bóndinn lamb fyrir prest sinn, og stendur á sama, hvort hann býr á 1 eða tveimur hundruðum af jörð, eða 60—70 hundruðum.

Þá koma dagsverkin, — þessi dýrðlegi jöfnuður, að sá sem ekki telur til tíundar 5 hundruð, borgar meira en sá, sem tíundar 10 hundruð.

Jeg skal ekki álíta þörf á því, að tala um, að hjer er nauðsyn á breytingum á laga-ákvæðum þessum, sem flest eða öll eru óhafandi. Öll nefndin játaði þetta, játaði, að nauðsyn bæri til, að setja ný ákvæði um hinar almennu tekjur presta; en henni gat ekki heppnazt að hugsa þau ákvæði, sem ekkert mætti að finna; það mun og torvelt vera; og jeg verð að álíta, að meiri hlutinn, sem ekki gat aðhyllzt þau ákvæði, sem lágu fyrir, hafi verið of strangur í kröfum við sjálfan sig. Það koma aldrei ákvarðanir, sem enga galla hafa, og aldrei þarf að breyta; allt er óstöðugt, og líka lögin, sem við erum að semja.

Hjer ræðir um embættismenn, sem eru að nokkru leyti ólíkir öðrum embættismönnum; presturinn er maður, sem hefir

starf á hendi í þjónustu kirkjunnar, þar sem aðrir embættismenn hafa starf á hendi í þjónustu ríkisins. Presturinn þjónar hinum einstöku persónum í kirkjunni; hans laun ættu því að vera persónuleg: ættu ekki að byggjast á jörðum kallsins eða sauðum, eða skipum; heldur, það verður að játa, að það er það æskilegasta, á tölu þeirra einstaklinga, sem hann þjónar, hann tekur við hverju barni, sem fæðist og vígir það í hinni helgu laug skírnarinnar; hann fylgir því á öllum stigum lífsins, og að síðustu vígir hann líkama hins dauða til hinnar síðustu hvíldar. Er vit í nokkru öðru en því, að þessi embættismaður hafi gjald eptir tölu þeirra, sem þiggja þjónustu hans? Þetta hefir nefndin játað; en aðalagnúinn er sá, að sum brauð, sem ekki mættu missa tekjur, mundu rýrna við þessa breytingu. Þetta hef jeg reynt að bæta með breytingartillögunni.

Þessi hugmynd um að jafna niður á gjaldendur almennum prestgjöldum, hefir komið fram á þessu þingi í stærri stýl; jeg leyfi mjer að spyrja, hvort þessari hugmynd gæti ekki fylgt nokkuð gott? Þegar söfnuðir hafa átt prest, sem þeir ekki hafa viljað missa, hafa þeir opt skotið fje saman handa honum. Jeg veit mörg dæmi upp á það, að söfnuðir hafa lagt fje til að halda þeim presti, sem þeir ekki hafa viljað missa. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji aðhyllast þessa niðurjöfnunarreglu, sem algenga reglu, heldur hefi jeg leyft mjer að stinga upp á henni aðeins til bráðabirgðar, meðan hið nýja skipulag, sem frumvarpið fer fram á, er að komast á. Væri það nú samþykkt, þá efast jeg ekki um, að það kæmi mótmæli, svo það ekki hjeldist um lengri tíma þegar það væri komið á.

Jeg vil biðja h. deild að íhuga, að þingið hlýtur að gera breytingu á þessu máli áður en langt um líður, og geti einhver komið með betri tillögur, skal ekki standa á mjer, að fylgja með.

Hvað síðari kaflann snertir, þá er nefndin á einu máli um hann. Jeg held að það sjeu engin skýr ákvæði um offur, nema þau, sem eru um þá, sem offur eiga að greiða af fasteign og lausafje. Um offur annara eru eigi önnur ákvæði en þau, sem eru í reglugjörð frá 1782. Þar stendur; að embættismenn og kaupmenn, og þeir af þjónum þeirra, sem hafi full laun (elastiskt orð!), skuli gjalda prestinum offur; þó er þar ekki ákveðið, hversu mikið; þvert á móti: prestinum er bannað að tiltaka neina upphæð, og reglugjörðin tiltekur ekki neina upphæð. Þetta eru ágæt laga-ákvæði! Brátt komu kvartanir um þetta, og þá kom út dýrðlegt konungsbrjef 1790, og þar stendur, að hjá þeim, sem ekki borguðu, mætti *útpanta* 4 mörk fyrir hverja stórhátíð. Gjaldið átti að vera 4 mörk á hverri stórhátíð. Svo hefi jeg sjeð skorið úr, að 4 mörk sjeu sama og 4 krónur nú, en jeg get með engu móti álitið, að það sje rjettur skilningur; 4 mörk voru sama sem 22 fiskar eða 11 álnir, og var því 12 mörk sama og 11—15 kr. eptir núgildandi verðlagsskrám. Jeg álít því, að það sje bráð-nauðsynlegt, að ákveða nokkuð skýrar um þetta; og það gerir síðari hluti frumvarpsins; og verð jeg að halda, að öllum komi saman um, að upphæðir þær, sem þar er farið fram á, sjeu hóflegar og sanngjarnar.

Jeg skoða manntalsgjaldið greitt af vinnukraptinum; og er ástæða til að gjalda af fasteign og lausafje, ef enginn vinnukraptur er? Vinnukrapturinn er verulegasta fasteignin okkar.

Hvað einstök ákvæði áhrærir í aukatekjum presta, þá fer nefndin mjög hóflegum kröfum fram.

Nefndin er samdóma synodus um, að afnema borgun fyrir skírn, af því skírnin

sje heilagt sakramenti. Í öðrum löndum eru hin heilögu sakramenti að vísu víða seld; en þær raddir hafa heyrzt hjer, að það væri ekki viðkunnanlegt. Það er svo langt frá, að ákvæðin um aukatekjur presta sjeu til að auka tekjur þeirra, að þau mundi þvert á móti verða til að rýra tekjur á mörgum brauðum, sjerstaklega í kaupstöðum og við sjó, og að því leyti er rjett að halda offrinu; það bætir upp tekjurnar.

Jeg skal ekki að svo stöddu þreyta h. deild með lengri umræðu, þangað til jeg heyri tillögur h. þingdeildarmanna.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það upp aptur, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að mjer þykir þessu máli illa komið; því þar eð þeir h. nefndarmenn, sem vilja fella fyrstu þrjár greinar frumv., eru stór meiri hluti nefndarinnar, þá get jeg einnig búizt við, að það, sem þeir leggja til, muni verða samþykkt í deildinni.

Það, sem sjer í lagi vakti fyrir stjórninni, þegar hún lagði þetta frumv. fyrir þingið, var það, að afnema gömul, úrelt og óviss gjöld. Ef þessi tilgangur ekki næst, og 3 fyrstu gr. frumvarpsins verða felldar, þá er, að minni ætlun, ekkert það eptir í frumv., sem stjórninni væri annt um; því síðari hlutinn, um aukatekjurnar, hefir að eins verið tekinn með sambandsins vegna, en ekki af því, að hann sje nokkurt aðalatriði.

H. framsögum. (Þ. Böðv.) hefir komið með breytingartillögur, til að reyna að koma því leiðar, að hin fornu gjöld verði afnumin, en önnur ný sett í staðinn; en hvort hann hefir þar hitt á vilja þingsins veit jeg ekki; jeg tel efasamt, hvort mönnum geðjast að þessu tvískipta gjaldi, $2^1/_2$ alin, og síðan sje því, sem vantar til, að hinar núverandi preststekjur fáist, jafnað niður eptir efnum og ástæðum.

Hjer hefir komið fram tillaga, sem lögð hefir verið fram á lestrarsalinn, að fundið sje meðaltal afgjalda í prestakalli hverju um 5—10 ára tíma, og þeirri upphæð svo jafnað niður á menn eins og nokkurs konar nefskatti; þessi tillaga er sjálfri sjer miklu samkvæmari, en þessi niðurjöfnun í fám brauðum og á nokkrum hluta gjaldsins. En eptir stefnu nefndarinnar, þá er jeg hræddur um, að öll slík málamiðlun hafi litla útsjón að komast fram.

Hjer er því, að virðist, að eins tvennt fyrir höndum, annaðhvort að ganga að uppástungu stjórnarinnar, eða þá að bíða betri tíma, ef einhver kynni að verða svo snjallur, að finna þá leið í þessu máli, sem nógu mörgum geðjast.

Páll Ólafsson: H. framsögum. (Þ. Böðv.) hjelt langa og snjalla tölu fyrir þessu máli; en hann skoðaði það, eins og eðlilegt var, mest frá sjálfs sín sjónarmiði, þar sem hann hefir orðið að nokkru leyti í minni hluta í nefndinni.

Nefndin safnaði fyrst skýrslum um þetta mál, eptir því sem föng voru á, til þess að sjá, hvaða áhrif á tekjurnar breytingin á gjaldstofninum hefði. Henni þótti það skakkt, þar sem ekki er gerð grein fyrir því í undirbúningi málsins, og stjórnin játar í ástæðum frumv., að hún hafi enga hugmynd um það; kom það þá fram, að tekjurnar mundu aukast um fullan $^1/_5$ part. Nefndin áleit, að ekki hefði verið meiningin, að auka tekjur presta, því þær væru nógu háar, og því sá hún engin ráð fyrir hendi, til þess að geta fallizt á gjaldstofn frumv. Annað mál hefði verið, ef prestakallalögin hefðu verið tekin fyrir um leið, og meira jöfnuði komið á brauðin en enn er orðið. Nokkuð hefir verið unnið í þá átt með prestakallalögunum, en þó að margra dómi alls eigi nóg.

Þegar nefndin þannig hlaut að víkja frá grundvelli stjórnarfrumv., þá var það ekki af því, að hún ekki vildi gjarna breyta tekjum presta, öllum hlutaðeigendum til hagræðis, heldur af því, að hún sá ekki ráð til þess, að gera það með sanngirni, og það fannst nefndinni, að

enginn hefði sjeð, sem átt hefir þátt í undirbúningi þessa máls. Getur einnig verið, að annað hafi líka stutt að þessu hjá nefndinni, nefnilega, að óánægjan með ástandið sem er, virðist meiri í sjávarplássum, en hjá oss í sveitunum; þar virðist hennar lítið vart; það er einnig ljóst af fundargjörðum, sem komið hafa til synodusnefndarinnar um þetta mál, að flestar þeirra ráða alveg frá því, að sinna þessu máli, og þær fáu, sem vilja eiga nokkuð við það, fara sín í hverja áttina. Allt þetta bendir á það, að menn eru ekki komnir á fasta niðurstöðu í þessu máli.

Eitt það, sem haft hefir verið fyrir ástæðu fyrir breytingunni, er það, að innheimtan yrði ljettari; en jeg get ekki sjeð, hvernig þessi ástæða getur staðizt, þar sem heimta verður inn hjá enn þá fleirum en áður, og presturinn á sjálfur að gera það eptir sem áður, —jeg held það lægi nær að segja, að innheimtan yrði talsvert óhægri.

Eptir því sem okkur fannst, þá koma þessi manntalsgjöld miklu óþægilegar niður á gjaldendur — án þess að jeg segi núverandi gjöld hagkvæm,— en við gátum ekki fundið nokkurt 6 kr. gjald, sem væri þægilegra fyrir íslenzkan bónda, en lambsfóðrið, og ekkert tveggja krónu gjald, sem væri þægilegra fyrir verkamanninn, en að vinna það með dagsverkinu; en fyrir prestinn er þetta hvorutveggja jafngildi smjörs eða peninga, þegar gjöldin eru innt svo af hendi, sem lög og gömul venja stendur til.

Jeg neita því algerlega, að innheimtan geri presta óvinsæla; ef hún gerir það, þá hlýtur eitthvað annað að liggja bak við; jeg verð að álíta, að innheimtan sje bezt komin hjá prestum, því jeg sje ekki, að annað verði fundið haganlegra, hvorki fyrir þá nje gjaldendur. Það eitt, út af fyrir sig, spillir aldrei samkomulagi milli presta og sóknarmanna, að prestar gangi hart eptir gjöldum sínum, en jeg álít það geti stutt gott samkomulag, að í þessu efni sjeu eigi hafðir milligöngumenn.

Nefndin fær ekki sjeð, að þetta frumv. geri prestum hægra fyrir, brauðin aðgengilegri nje gjaldendum ljettara fyrir, og verði tilgangi þess því ekki náð; og þess vegna ráðum við til, að bíða betri tíma, og búumst jafnframt við, að það rísi upp aptur, og það kannske í aðgengilegri mynd. — Jeg fyrir mitt leyti get tekið í sama strenginn og hæstv. landsh., að mjer er ekkert sárt um, þó þetta litla, sem eptir er af frumv., fjelli líka.

Landshöfðingi: Mjer fannst h. þm. Strand. (P. Ól.) komast að þeirri niðurstöðu, að gjald það, er frumv. fer fram á, væri ósanngjarnara en það sem nú er. (*P. Ól.*: Nei!). Jú, h. þm. (P. Ól.) komst að þeirri niðurstöðu, að menn mundu óánægðari með hið nýja prestsgjald en hin núverandi gjöld; en það má sanna, að gjöld þau, sem nú eru, koma að minnsta kosti tiltölulega miklu þyngra niður á fátæklingana en hina ríku.

Skilríkur prestur hefir sagt mjer, að margir fremur fátækir menn í hans prestakalli, sem ekki eru í skiptitíund, en sem verða að borga dagsverk, borguðu meira heldur en miklu efnaðri bændur.

Mig furðaði stórum á því, að h. þm. Strand. (P. Ól.) skyldi hrósa lambsfóðrunum, því jeg hefi opt heyrt, að það væru hin verstu gjöld fyrir presta. Það gjald hefir líklega verið skemtilegt fyrir þá veturinn 1881—82? Hinn sami skilríki prestur hefir sagt mjer, að hann þann vetur hafi fengið heim um vorið eitt einasta lamb af 60 lömbum, sem hann átti í fóðrum. Það má víst fullyrða það, að þegar nokkuð er hart í ári, þá er það bezta, sem prestar geta vænt sjer af lambsfóðrunum, að fá lömbin heim um miðjan vetur; jeg veit ekki hverig þetta er í Strandasýslu, en svona gengur það víða. Skilríkur prestur hefir einnig sagt mjer,

að þessi fóðrarlömb væru mesta aftót af sínu fje, en ef prestarnir eru ánægðir með þetta, þá er síður ástæða fyrir gjaldendurnar að vera óánægðir með það.

Forlög þessa frumv. eru svo ljós, að mjer sýnist ekki vert að lengja dauðateygjur þess með löngum umræðum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að játa, að það er mjög óheppilegt, að úr svona stóru frumv. skuli hafa orðið svona lítið, þar sem mikið hefir verið fyrir því haft, en jeg verð þó að álíta, að betur sje svo búið en ver búið. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) minntist á, að söfnuðirnir sýndu prestunum umburðarlyndi; jeg játa það satt vera; en það má segja prestunum til hróss, að minnsta kosti sumum, að umburðarlyndið er engu síður á þeirra hlið, undir ýmsum kringumstæðum að minnsta kosti við einstaka meðlimi safnaðanna; sami h. þm. tók það fram. að það væri ekki löggjafarvaldinu að þakka, og er það líka rjett; en því síður á þá löggjafarvaldið að vinna að því, að þetta góða samkomulag spillist; en það gæti komið fyrir, ef mikil breyting yrði á tekjum presta, að hún (breytingin) næði ekki almennri hylli og yrði þannig víða til að spilla samkomulaginu.

Jeg sagði í nefndinni, að þó jeg væri heilt ár að hugsa mig um, þá væri það mjög óvíst, hvort jeg yrði nokkru nær, þegar árið væri liðið; svo mikill vandi virðist mjer á þessu máli. Jeg held að aldrei komi fullt lag á þetta, fyr en prestar eru settir á föst laun úr landssjóði eins og aðrir embættismenn, og eins og lagt hefir verið til í nokkrum prófastsdæmum.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) tók það fram, að prestar ættu ekki að vera umsjónarmenn lands eða jarða, og þeir væru ekki búpeningshirðarar, en að það væri allt annað hirðisstarf, sem þeir hefðu á hendi; en einmitt af því að prestar þurfa að hafa bú og sjá um jarðir, bæði ábúðarjörð sína og aðrar jarðir, þá verða þeir að gefa sig svo mikið við öðru en sínum prestlega verkahring.

Viðvíkjandi því, að losa presta við gjaldheimtuna, þá er það að segja, að jeg er á móti því, vegna þess, að jeg álít, að því meira sem prestur og söfnuður hafa saman að sælda, því innilegri verði sameining þeirra og samkomulag, en í rjett og viðunanlegt horf held jeg að málinu verði ekki komið fyr en prestar fá föst laun úr landssjóði.

Það var varla von, að við meiri hluti nefndarinnar gætum komið með annað, sem frambærilegt væri; því til þess hefði þurft meiri tíma en við höfum yfir að ráða.

Jeg man ekki betur en að milliþinga nefndin, sem undir bjó prestakallalögin, kæmist að þeirri niðurstöðu, að lambsfóðrin væru notaleg tekjugrein fyrir prestana og jafnvel fyrir gjaldandann líka; því þann, sem vel setur á hey sín, munar ekki mikið um eitt lambsfóður; það getur náttúrlega komið fyrir, að lömbin sjeu ekki ávallt í góðu standi, en um það er eins og hver önnur gjaldsvik, á sinn hátt sama sem að halda eptir af tíund eða að borga hana ekki. Aptur eru mörg dæmi þess, að prestar einmitt fyrir fóðurlömbin hafa bezt komið upp fje, þegar þeir hafa verið frumbýlingar, með því að láta bændur setja sjer heytoll. Óánægjan með hin núverandi gjöld er að vísu nokkur, en hún er, eins og h. þm. Strand. (P. Ól.) tók fram, mest við sjávarsíðuna, en minni til sveita, og kemur það af því, að við sjávarsíðuna eru dagsverk o. fl. miklu ákveðnari heldur en til sveita.

Það er því eðlilegt, þó svona færi með þetta frumv., því það vantaði þann undirbúning og þá almennu hylli, sem slík mál sem þetta verða að grundvallast á; byggingin er ekki nógu vönduð, af því smiðirnir hafa ekki fengið nógu traustan grundvöll til að byggja húsið á; er því

helzt útlit fyrir, að þeir hafi hjer erfiðað til einskis.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir meðmæli hans; en þar sem hann taldi fyrri hluta frumv. dauðvona, og lýsti því jafnframt yfir, að stjórninni mundi ekki kappsmál með síðari hlutann, þá verð jeg að lýsa því yfir, að mjer er jafnmikið kappsmál með hvorutveggja hlutann; því síðari hlutinn styður að jöfnuði og setur skýr ákvæði í þessu efni, og það er það, sem jeg er að berjast fyrir; en jeg játa þó, að þetta er jafnvel neyðarúrræði til bráðabyrgða, og jeg skal taka það aptur fram, að meining mín, meining nefndarinnar og frumvarpsins, er ekki að auka tekjurnar.

Þar sem minnzt var á almenna niðurjöfnun, þá er jeg og margir aðrir þm. þvert á móti því; jeg get ekki sjeð neitt eðlilegra en að hver maður gjaldi fyrir sig þetta þolanlega gjald, $1^1/_2$ kr., til þess að geta haft aðgang að prestinum sem safnaðarhirði, og vera laus við að borga skírn; margt hefir reyndar verið sagt um þennan gjaldstofn, en jeg hef þó eigi heyrt færð nein rök móti honum, sem hafi breytt skoðun minni.

Það er sjerstaklega við h. þm. Strand. (P. Ól.), sem jeg vildi tala. Jeg get ekki með neinu móti komizt í skilning um, að hin nýju gjöld, sem farið er fram á í stjórnarframv., komi óþægilegar niður en hin núverandi gjöld; það er skilningur nefndarinnar, en ekki minn; í nefndinni komu líka fram aðrar uppástungur, sem hafnað var.

Jeg gleðst sannarlega hans vegna með reynslu hans á lambsfóðrunum; mín reynsla og annara presta, sem jeg þekki, er allt öðruvísi; jeg fyrir mitt leyti er hættur við þau; hann mælti einnig dagsverkunum margt til bóta; en jeg verð þó að ímynda mjer, að þegar hann hugsar sig betur um, þá sannfærist hann um, að þau sjeu óhafandi; jeg er viss um, að h. þm. Strand. (P. Ól.) þykir það rangt, að sá, sem er nær því öreigi, skuli borga meira en sá, sem er miklu ríkari.

Jeg held, að h. þm. (P. Ól.) hafi misskilið mig, að jeg teldi innheimtu presta óvinsæla; það hefi jeg aldrei sagt; en jeg sagði að hún væri óvissari. Jeg segi þvert á móti: sá prestur, sem ekki getur heimt inn gjöld sín, nema baka sjer óvinsæld, hann er ekki hæfur til að vera prestur í því prestakalli. Það, sem jeg legg áherzluna á, er að hafa ákvæðin sem skýrust, því með því að hafa ákvæðin óviss og óskýr, þá gjörir löggjafarvaldið sitt til að ala óvinsældir.

Jeg skildi h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) þannig, að löggjafarvaldið spillti samkomulaginu, ef það setti föst og skýr ákvæði um gjöldin. (*Þorl. G.*: Óheppileg!). Já, því ákvæðin væru óheppileg. Þá skil jeg ekki, hvaða rjett söfnuðurinn hefði til að slást upp á prestinn fyrir það, sem er löggjafarvaldinu að kenna.

Þá kom h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) með það, að æskilegt væri, eins og lengi hefir verið ymprað á, að setja prestana á föst laun; en því er jeg algjörlega mótfallinn; jeg vil láta kirkjuna staulast sjer; jeg vil ekki láta fje kirkjunnar renna saman við fje landsjóðs; jeg hefi líka sjeð það eptir góðan málfærslumann í Danmörku, að hæstirjettur mundi afbiðja sjer að dæma um, hvort slíkt væri leyfilegt.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að ef lömb væru illa fóðruð, eða drepin úr hor, þá væru það gjaldsvik; en er ekki leiðinlegt, að stofna til þessara gjaldsvika með lögum, og margt getur reyndar borið til þess, að lamb drepist, en lambsfórðrið er engu að síður ranglátt, eins og jeg hefi áður sýnt, og eitt er víst, og það er, að sá prestur, sem hefir lömb sín í fóðrum, eitt á hverjum bæ, hann er ekki herra yfir uppeldi lamba sinna, og hann þarf ekki að hugsa til að hafa betra fje en al-

mennt gjörist; — en það sje þó fjarri mjer, að reyna að svipta þá lambsfóðrunum, sem þykja þau rjettlát og góð. —

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að þetta mál hefði ekki fengið nægan undirbúning; það má satt vera; en seint mun sá tími koma, þegar allir sjeu sammála, og jeg sje ekkert eðlilegra en, að hver borgi fyrir sig, húsbændur fyrir sig, börn sín og hjú, sem að nokkru leyti eru hið sama; að þetta sje rangt, hefi jeg, enn sem komið er, ekki getað sannfærzt um, enda hefir enginn eiginlega reynt að sannfæra um það.

Páll Ólafsson: Jeg vil leiðrjetta það, sem hæstv. landsh. hafði eptir mjer. Jeg sagði ekki, að nýju gjöldin væru ósanngjarnari, heldur að þau kæmu harðara niður, því gjaldmátinn væri ópægilegri en sá, sem nú er. Það sem jeg sagði um innheimtuna dró jeg út úr nefndaráliti synodusnefndarinnar, en ekki úr ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.).

Árni Jónsson: Það er skýrt tekið fram í nefndarálitinu, hvers vegna við nefndarmenn gátum ekki aðhyllzt frumv. um tekjur presta, og h. þm. Strandam. (P. Ól.) hefir einnig gert ljósa grein fyrir hinu sama.

En jeg vil samt leyfa mjer, að bæta við fáeinum athugasemdum.

Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að eptir ástæðunum aptan við stjórnarfrumv. að dæma, hefði stjórninni þó þótt talsvert athugavert, að fara svona langt út í breytingar á tekjum presta. Þar stendur meðal annars:

«Stjórnarráðinu hefir og yfir höfuð orðið að þykja stefna sú hentug, er nefndin hefir farið, en þykir þó hins vegar allmikið áhorfsmál, að gera svo gersamlegar breytingar á núverandi tilhögun, sem farið er fram á».

Sjerstaklega telur stjórnarráðið varasamt, að fella niður jafngamalt gjald og fasteignartíundina.

Jeg held líka, að það sje mjög athugavert, að gera miklar breytingar á gömlum gjöldum, og það sjerstaklega í launamálum. Þegar við skoðum prestakallamálið, sem leitt var til lykta 1879, þá hefir síðan sjezt ljóslega, að eins heppilegt hefði verið, að draga það mál dálítið lengur.

Nefndinni þótti líka yfir höfuð viðsjárvert, að ráða nú þegar þessu máli til lykta, þar sem meðal annars engar fullkomnar skýrslur liggja fyrir um það, hvernig gjaldendur líta á málið. Þess vegna er viðsjárvert, að breyta þessum gömlu tekjum svona gersamlega. Þetta hefir nefndin tekið fram í áliti sínu; en nefndin hefir líka leitazt við, að safna skýrslum um það, hvaða breytingar mundu verða á tekjum presta yfir höfuð, eptir því sem frumv. stjórnarinnar fer fram á. Skýrsla sú, sem nefndin samdi um þetta, er ekki prentuð; en af því jeg ímynda mjer, að sumum kunni að þykja hún allfróðleg, skal jeg leyfa mjer, að lesa hana upp, og sýna, hvernig breytingin kemur niður á prófastsdæmin. Hin skýrslan, er nefndin samdi einnig um það, hvernig tekjubreytingin kæmi fram í hverju einstöku prestakalli, mundi þykja of löng.

Í Norðurmúlaprófastsdæmi minnka tekjurnar um 113,35 kr., í Suðurmúlaprófastsdæmi hækka þær um 1572,91 kr., í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi um 278,76 kr., í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi um 289, 20 kr., í Rangárvallaprófastsdæmi um 1054,99 kr., í Árnesprófastsdæmi um 2084.66 kr., í Kjósar- og Gullbringuprófastsdæmi um 4316,25 kr., í Borgarfjarðarprófastsdæmi um 652,86 kr., í Mýraprófastsdæmi um 173,32 kr. Aptur minnka þær í Snæfellsnessprófastsdæmi um 61,72 kr. og Dalaprófastsdæmi um 120,82 kr. Tekjurnar hækka aptur í Barðastrandaprófastsdæmi um 831,16 kr., í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi um 2145,94 kr, í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi um 765,14 kr., í Strandaprófastsdæmi um 556,11 kr,

í Húnavatnsprófastadæmi um 85,40 kr. Þær minnka aptur í Skagafjarðarprófastsdæmi um 107,29 kr., en hækka í Eyjafjarðarprófastsdæmi um 376,88 kr. og í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi um 364,15 kr. Loks minnka þær í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi um 162,74 kr. Alls hækka tekjur presta á landinu um 15647,73 kr., en lækka alls um *585,92*, kr. og verður hækkun þannig alls 15061,81 kr.

Við að athuga þessa skýrslu sjest, að tekjurnar hækka mest í kaupstöðum og sjávarsveitunum, en lækka aptur til sveita, og einkum þar sem útflutningar eru mestir. Ef við athugum nokkur prestaköll við sjó, þá sjest hækkunin ljóslega.

Þannig hækka tekjurnar í Útskálaprestakalli um 838 kr., í Reykjavíkurprestakalli um 2393 kr., í Eyrarprestakalli við Skutilsfjörð um 953 kr. og í Akureyrarbrauði um 543 kr., og svona er víðar, þó hækkunin sje tiltölulega lægri í öðrum brauðum.

Þegar nefndin athugaði þetta, þá þótti henni áhorfsmál, að gera svona stórkostlegar breytingar á þessu launamáli. Þetta viðurkennir enda h. framsögum. (Þór. B.) sjálfur, eins og sjest af breytingaratkvæði hans.

H. þm. Strand. (P. Ól.) tók það fram, að tekjur presta yrðu ekki tryggari við þessa breytingu. Sama er að segja um innheimtuna. Hún verður heldur ekki hægri, nema að því einu, sem tekjurnar yrðu ákveðnari og einfaldari. Það mundi þvert á móti verða mjög örðugt, að innheimta tekjurnar eptir þessu frumv., þar sem presturinn verður að krefja hvern einstakan mann, karla og konur.

Annars er þýðingarlítið, að vera að halda ræður um þetta mál, þar sem þingdeildarm. eru svo ókyrrir. Jeg get þó ekki álitið, þrátt fyrir orð hæstv. landshöfðingja, að frumv. sje nú þegar til dauða dæmt, þar sem engir hafa enn tekið til máls nema nefndarmenn. Jeg álít líka meiri hluta nefndarinnar skylt, að færa ástæður fyrir sinni skoðun, úr því meiri hlutinn ekki var svo heppinn, að geta fengið framsögum. á sitt mál. Annars sjá h. þingdeildarm., að samkomulagið hefir verið gott í nefndinni, þar sem hún hefir öll skrifað undir nefndarálitið, án þess að geta um nokkurn meiri eða minni hluta.

Þar sem hæstv. landshöfðingi tók það fram, að prestsgjöldin lægju nú þyngra á hinum fátæku en á efnamönnum, þá kann það víða að vera svo. En það eru þá aptur svo mörg önnur opinber gjöld, sem efnamennirnir bera, en hinir fátæku miklu síður. Þannig greiða þeir, sem ekki eru í skiptitíund, að kalla engin manntalsbókargjöld, og svo má heita, að sveitarútsvarið, sem ber höfuð og herðar yfir öll önnur gjöld, komi eingöngu niður á efnamennina. Jeg held að þetta gjald, sem frumv. ræðir um, komi ekki heldur alls kostar jafnt og sanngjarnlega niður, eða fremur eptir efnum og ástæðum, því þau koma niður á alla, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, hvort sem þeir hafa 100 króna tekjur eða 1000 króna tekjur. Skal jeg svo ekki auka umræðurnar meira, enda munu flestir hafa mætt hjer á fundinum í dag með ákveðnar skoðanir á þessu máli.

Ólafur Pálsson: Jeg skal eigi verða langorður.

Hæstv. landsh. þótti það gjald, er menn nú ættu að greiða prestum, koma mjög ójafnt niður, og þar af leiðandi ósanngjarnt; en jeg verð að segja, að mjer finnst ekki þetta frumv. bæta mikið úr þeim ójöfnuði.

Jeg skal taka til dæmis, að jeg tíunda 23 hundr., en nærri mjer býr fátæk ekkja, sem tíundar að eins 5 hundr.; við höfum bæði jafnmargt vinnandi fólk, en auk þess hefir hún 3 skylduómaga, en jeg hefi engan; og er nú máske sanngjarnt, að við borgum bæði jafnt? Nei, það er að mínu

áliti mjög ósanngjarnt. Og þó að þetta sje að eins einstakt dæmi, þá sýnir það þó glögglega, hvað gjaldið hlýtur að koma ójafnt niður í framkvæmdinni.

Jeg vil þess vegna, hvað mig áhrærir, helzt óska, að umræðurnar yrðu sem styztar, og frumv. yrði fellt, því jeg tel það til einkis gagns eða góða fyrir þjóð vora, og jeg vona, að gröfin sje til búin.

Gunnar Halldórsson: Jeg sje, að allir h. meðnefndarmenn mínir hafa fundið sjer skylt, að gera grein fyrir atkvæðum sínum í þessu máli, sem vjer höfum orðið svo óheppnir að verða sjerstaklega við riðnir fremur öðrum. Þá vil jeg einnig fara um það fáeinum orðum.

Jeg verð nú að segja, að þegar jeg sá frumv. þetta í blaðinu «Ísafold» í fyrra sumar, þá gat mjer ekki dulizt, að hjer átti að fara að gera miklar breytingar frá því, sem áður hafði verið, og þá fannst mjer, eptir fyrstu umhugsun, að ekkert mundi geta staðizt af því, sem frumv. fer fram á. En eptir að jeg er nú búinn að vera í nefnd í þessu máli, þá hefi jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að jeg gæti verið með, að samþykkja hinn síðari kafla þess, sem að eins snertir aukatekjur presta; en þetta er eigi svo að skilja, að jeg álíti hann miða til nokkurra verulegra bóta, og því verð jeg líka eins ánægður, þótt hann nái eigi fram að ganga. Að því er snertir hin einstöku atriði frumv., þá finn jeg eigi ástæðu til, að fjölyrða um þau; því málið er orðið margrætt; og hvað breytingartillögunum við víkur, þá get jeg eigi sjeð, að þær geri málið neitt aðgengilegra en áður, eins og þær eru lagaðar. En hvað lambsfóðrið snertir, sem nokkrir h. þingdeildarm. hafa skoðað sem bæði ójafnaðarfullt og óhagkvæmt fyrir presta, þá get jeg fullkomlega tekið undir með h. þm. Strand. (P. Ól.), að jeg álít það eitt hið notalegasta gjald fyrir unga presta, sem nýkomnir eru í brauð, og sama er að segja í tilliti til bóndans, að það ætti að vera honum einungis til skemmtunar, að fóðra lamb fyrir prestinn sinn, enda má honum standa algerlega á sama, hvort hann hefir einu lambi fleira eða færra. Þetta álít jeg eiga við talsverð rök að styðjast, og framsögum. (Þór. B.) virðist líka viðurkenna að svo sje, þar sem hann með breytingartillögum sínum setur það inn, að menn gætu fengið að gjalda álnagjaldið í lambsfóðrum.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það eru einungis fá orð, sem jeg vildi svara h. þm. V.-Skaptaf. (Ól. P.); það gladdi mig að heyra, hve hann var óeigingjarn, þar sem hann ljet í ljósi óánægju sína yfir því, að hin fátæka ekkja, er hann tilgreindi, skyldi verða að borga jafnmikið til prests eptir þessu frumv. og hann sjálfur; en það sem mig vantaði í ræðu hans, og hann á eptir að sanna, er þetta, hvort það sje *rangt*, að þessi fátæka ekkja borgi minna en hann. Annars hefði jeg búizt við miklu meiri mótstöðu frá hendi þessa h. þm., þar sem jeg hafði heyrt, að kjósendur hans hefðu ráðgert, að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef frv. þetta yrði að lögum.

En hvað því við víkur, sem h. 2. þm. Ísfirð. (G. H.) sagði, að hann mundi verða með 2. kafla frumv., þótt hann að vísu eigi áliti hann miða til verulegra bóta, þá vona jeg, að h. deild verði mjer samdóma um, að æskilegt sje, að komast að fastri niðurstöðu um aukatekjurnar, og að ákvæði frumv. um þetta atriði sjeu í mörgum greinum hagkvæmari og skynsamlegri en hin núgildandi lög. Og verð jeg að segja, eins og líka er tekið fram í synodusnefndarálitinu, að mjer virðist yfir höfuð eigi óviðurkvæmilegt, þótt nú væri farið að álíta, að einnig prestarnir gætu haft nokkra sanngirni undir lok hinnar 19. aldar, þar sem öll sanngirni hefir áður einungis verið á gjaldendanna hlið; það er: þeim einum treyst til að vera sanngjarnir.

Jeg verð því mikillega að óska, eigi einungis presta vegna, heldur og gjaldendanna vegna, að h. deild samþykki hinn síðari kafla frumv., hvernig svo sem fer um fyrri kaflann; deildin gerir náttúrlega við hann það, sem hún álítur rjett vera, og fyrir mjer er það ekkert sjerlegt spursmál, hvort hann verður samþykktur eður eigi, en samt sem áður leyfi jeg mjer að spá, að sú hugmynd, sem þar er haldið fram, muni á sínum tíma sigur vinna, og að menn muni síðar meir viðurkenna, að eðlilegast sje, að binda prestsgjaldið við manntal þeirra, sem þiggja prestsþjónustuna.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frv. (C. 65) felldar með 13:1 atkv.

4. gr. felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Sigurður Jensson
Árni Jónsson	Grímur Thomsen
Eiríkur Briem	J. Jónss. (þm. N.-M.)
Gunnar Halldórsson	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
Jón Þórarinsson	Ólafur Briem
Jónas Jónassen	Ólafur Pálsson
Sigurður Stefánsson	Páll Briem
Þórarinn Böðvarsson	Sveinn Eiríksson
Þorlákur Guðmunds.	Þorleifur Jónsson
Þorsteinn Jónsson.	Þorvaldur Bjarnars.
	Þorvarður Kjerúlf.

Þá var einnig við haft nafnakall við 5. gr., og var hún felld með 11:10 atkv. Sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Sigurður Jensson
Árni Jónsson	Grímur Thomsen
Eiríkur Briem	J. Jónss. 1. þm. N.-M.
Gunnar Halldórsson	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson	Ólafur Briem
Jónas Jónassen	Olafur Pálsson
Sigurður Stefánsson	Páll Briem
Þórarinn Böðvarsson	Sveinn Eiríksson
Þorlákur Guðmundss.	Þorleifur Jónsson
Þorsteinn Jónsson	Þorvaldur Bjarnarson
	Þorvarður Kjerúlf.

Var frumv. þar með fallið.

Frumv. til laga um breyting á 4. gr. í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka (C. 386); 3. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Síðan við 2. umr. hafa engar breyt.till. komið við þetta frv., og þarf jeg eigi þess vegna að taka til máls. En jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um mótbárur þær, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) kom fram með við 2. umr. gegn frumv. þessu.

H. þm. (P. Br.) benti á 2 banka, er hefðu óinnleysanlega seðla, er þó gengju um allan heim og væru áreiðanlegir og góðir. H. þm. (P. Br.) er kunnugur víða um lönd, jeg efast eigi um það, og hefir sjálfsagt farið bæði til Frakklands og Rússlands; og svo er hann einnig kunnugur hjer á Íslandi, að minnsta kosti í Dalasýslu og hjer í Reykjavík. En þrátt fyrir allan kunnugleik held jeg þó, að ekki hafi allt, sem hann bar á borð fyrir þm., verið fullkomlega áreiðanlegt.

H. þm. (P. Br.) nefndi franska bankann, og er það satt, að engin lagaskylda hvílir á honum til þess að leysa inn seðla sína; en hann hefir sjálfur tekið upp á sig þessa skyldu og tekið ákvæði um það upp í reglugjörð sína. Hann innleysir því alla þá seðla, sem komið er til hans með, fyrir gull og silfur. Það er mikil fávizka að vita eigi þetta.

Í öðru lagi gefur franski bankinn að eins út stóra seðla. Hinir minnstu seðlar hljóða upp á 50 franka, en vanalega hljóða þeir upp á 100, 500 eða 1000 franka. En það vita allir, sem til þekkja, að miklu minni hætta er, þó stórir seðlar sjeu óinnleysanlegir, heldur en að smáir væru það.

Franski bankinn er einhver hinn stærsti banki í heimi, og hljóp jafnvel undir bagga með enska bankanum árið 1847 og 1857.

Frá Frakklandi fer h. þm. Snæf. (P. Br.) með oss til Rússlands, og fræðir oss á, að seðlar bankans þar sjeu óinnleysanlegir. Þetta er alveg rjett hermt.

Það er þá meining h. þm., að vjer eigum að taka rússnesku bankana okkur til fyrirmyndar; önnur getur hún eigi verið. Jeg get eigi annað skilið, en h. þm. hafi fróðleik sinn frá einhverjum »nihilista».

Fyrst h. þm. (P. Br.) hefir ferðast til Rússlands, veit hann líklega, að þar eru tvenns konar rúblur, silfur-rúblur og pappírs-rúblur. Ákvæðisverð þeirra er jafnhátt, en þó getur maður fengið 7 pappírsrúblur fyrir 2 silfur-rúblur. Þetta mun vera eptirbreytnisvert!

Rússneskir víxlar eru mjög illa sjeðir í Hamborg, og diskonto á þeim 6%, þótt víxilcoursinn á frönskum og enskum víxlum sje eigi nema $1^1/_2$% eða $2^0/_0$.

Ef h. þm. (P. Br.) eigi vill trúa mjer, get jeg sýnt honum þetta í bókum. (*Páll Briem:* Þær eru úreltar, jeg skal sýna h. þm. (Gr. Th.) aðrar nýrri bækur). Honum veitir eigi af að glöggva sig á þessu.

Svona er nú fróðleikur h. þm. Snæf. (P. Br.) áreiðanlegur! (*Páll Briem*: Misskilningur). Og er það því háskalegra, sem þessi þm. er flokksforingi hjer á þingi, og menn því geta búizt við, að margir muni í trausti til þekkingar hans fara að orðum hans.

H. þm. Snæf. (P. Br.) gat þess um daginn, að leiðinlegt væri, að menn út um landið skyldu geta sjeð af þingtíðindunum, hversu lítið vit sumir þm. hafi á sumum málum, er þeir tala í. (*Páll Briem:* Alveg satt). Jeg er þessu alveg samdóma, því, er þeir lesa ræður hans um þetta mál í þingtíðindunum, munu þeir falla í forundrun yfir því, sem svo skrafinn þingm. (P. Br.) ber á borð fyrir þing og þjóð.

H. þm. (P. Br.) fræddi oss á því um daginn við 2. umr. þessa máls, að danskir, norskir og sænskir seðlar gengju eigi nema með afföllum manna á milli, þannig, að t. a. m. norskir og danskir seðlar væru eigi teknir með ákvæðisverði í Danmörku og danskir seðlar eigi í Noregi eða Svíþjóð. Jeg hef nýlega lesið norskt verðlaunarit, og í því er staðhæft, að hið gagnstæða eigi sjer stað.

Jeg skal loks geta þess, að h. þm. hefir allt af gert ráð fyrir því, að hagur landssjóðs mundi batna og hann geta losazt úr skuldum við ríkissjóðinn. En ef svo fer, að skuldin eykst, og hún hlýtur að aukast með póstávísanafyrirkomulaginu, nema hagur landsins stórum batni, þá gæti svo farið, að ríkissjóður segði: »Hingað og ekki lengra. Borgið fyrst skuld þá, er þið eruð í við mig, áður en jeg leyfi ykkur að bæta við». Hvernig fer þá? Jeg segi eigi, að ríkissjóðurinn muni gera þetta, og jeg óska og vona, að hann geri það ekki; en slíkt gæti þó komið fyrir.

Jeg ætla nú eigi að halda lengra út í þetta mál. Við 2. umr. fjell önnur breyt.-till. vor flutningsmanna, sem fór í þá stefnu, að gefa bankanum undirbúningstíma til þess að gangast undir innlausnarskylduna; erum við því eigi alls kostar ánægðir með frv., eins og það nú liggur fyrir, og tökum það því hjer með aptur.

Frumv. til laga um tekjur og umsjón kirkna (C. 157, 306, 363); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vona, að h. deild sje nú búin að svala sjer á blóði prestatekjufrv., og að hún fari eigi út í neinn frekari niðurskurð.

Jeg vona, að öllum sje ljóst, að í þessu frv. er eigi farið fram á að auka tekjur

neinnar stjettar, heldur að eins fram á það, að koma fjárhag kirknanna í betra horf.

Hvað hinum fyrri kafla frv., sem hljóðar um gjaldstofninn, viðvíkur, þá ræður meiri hluti nefndarinnar deildinni frá, að samþykkja hann; og mjer fyrir mitt leyti er eigi eins hughaldið um, að hann verði að lögum, eins og síðari kaflinn, jafnvel þótt jeg álíti það mikla rjettarbót, að hann yrði að lögum. Og þótt bændur eigi hafi borið sig upp undan gjaldstofni kirkjugjaldanna, held jeg þó, að þeim muni þykja ástæða til þess að breyta um hann, þegar þeir hugsa málið rækilegar og það er skýrt fyrir þeim.

Jeg ætla að leyfa mjer að taka dæmi, sem jeg held að allir muni skilja.

Ef bóndi ætlar að koma upp fjárhúsi, verður hann að hafa það því stærra, því fleiri kindur sem hann ætlar að hafa í því, og því stærra sem það er, því dýrara verður það. Ef nú þetta dæmi er heimfært upp á kirkjuna, vona jeg, að öllum bændum skiljist brátt, að hún þarf að vera stærri og þar af leiðandi dýrari í fjölmennum söknum en í hinum fámennu, og að það því sje eðlilegt, að tekjur kirknanna fari eptir íbúafjölda sóknanna.

Hvað hinum einstöku gjaldstofnum viðvíkur, eru þeir sumir hinir sömu og þá er um tekjur presta er að ræða, og vil jeg eigi taka upp aptur það, er jeg sagði í umræðunum um prestatekjufrv. Jeg skal að eins geta þess, að hinn eini gjaldstofn, sem er annar, sem hjer er um að ræða, nefnilega ljóstollurinn, er engu rjettlátari eða vafaminni en hinir aðrir. Jafnvel hjer í höfuðstað landsins hefir risið mál út af skyldunni til að greiða hann, og allir játa þörf á ljósari ákvörðun um hann.

Hvað þessum kafla frv. viðvíkur, læt jeg því deildina um, hvað hún vill gera við hann; en hvernig sem fer, segi jeg eins og maðurinn, sem sverja var látinn að jörðin stæði kyr, en sagði í hljóði við sjálfan sig: »Hún gengur samt».— Hann er rjettarbót.

Nú skal jeg snúa mjer að hinum öðrum ákvæðum frv., sem öll nefndin játar nauðsyn á að samþykkja, og sem eru miklu þýðingarmeiri.

Það hlýtur öllum að vera ljóst, hversu nauðsynlegt það er, að farið sje vel með eignir kirkna; en eins og nú stendur á, er meðferðin hvergi nærri alstaðar í góðu lagi; enda geta menn varla vænzt þess, þar sem að þeir, sem fara vel með kirkjur sínar og kosta til þeirra fje, tapa, en hinir, sem vanrækja þær og fara illa með þær, græða. Við höfum dæmi þess, að menn hafa grætt stórfje á kirkjum sínum.

Til þess að kippa þessu í lag, er þörf á nýjum lagaákvæðum, og að voru áliti á þeim, sem í frv. standa. Vona jeg, að flestir verði oss samdóma um þetta.

Jeg skal geta þess, að ef hinn fyrri kafli frv. verður samþykktur, munu tekjur margra kirkna vaxa. Jeg hefi greinilegar skýrslur um mismuninn í tveimur prófastsdæmum, og af þeim sjest, að það eru einkum tekjur kirknanna í sjávarplássum, sem vaxa; enda þurfa þær kirkjur að vera stærri en sveitakirkjur, því mannfjöldinn er þar vanalega meiri. En þær kirkjur skortir flestar fje. Kirkjur hjer á landi eru flestar fátækar; sumar þeirra eru í dágóðu standi, af því að umsjónarmenn þeirra hafa kostað miklu fje til þeirra. Þó vantar mikið á, að kirkjur almennt sjeu í þolandi standi, og menn stofna opt lífi sínu og heilsu í hættu með því að sitja í köldum kirkjum á vetrardegi. Allar kirkjur ættu að geta orðið hitaðar upp hjer á voru kalda landi, og væri það eigi um skör fram, þótt slíkt kæmist á.

Páll Ólafsson: Jeg skal eigi lengja umr. mikið. Nefndin var í mörgu tilliti

samdóma h. framsögum. (Þór. B.) um síðari hluta frv. En það voru sömu ástæðurnar, sem rjeðu úrslitum í nefndinni í þessu máli sem í málinu um tekjur presta, og þarf ekki að taka þær ástæður upp aptur. En jeg skal bæta einni við enn, og er hún sú, að ef eitthvað á að fara að hreyfa við þessum gjöldum, þá virðist mjer einna næst liggja, að hreyfa við verðlagsskránni, og þeim undirbúningi, sem hún verður til af, því að mínu áliti er hann allt annað en áreiðanlegur, og jeg tel það því hálfverknað, að vera að breyta gjaldstofninum, en miða gjaldið við verðlagsskrá eptir sem áður.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. forseta, hvort hann eigi vill bera breyt.till. (nr. 363) upp í tvennu lagi. Á seinni hluta hennar hafa sumir nefndarmenn eigi áttað sig fullkomlega.

Eiríkur Briem: Jeg er hlynntur stefnu þeirri, sem þetta frv. fer í; en jeg hefi eigi fyr en nú nýlega farið að skoða þetta mál, eins og það hjer liggur fyrir, og getur því verið, að athugasemdir þær, sem jeg ætla mjer að gera, sjeu byggðar á misskilningi.

Mjer finnast breyt.till. nefndarinnar við 10. og 11. gr. frv. eiga miður við. Jeg ímynda mjer, að nefndin hafi eigi hugsað út í, að sumar kirkjur eru svo skuldugar, að tekjur þeirra hrökkva eigi til þess að borga með vexti af skuldinni, hvað þá heldur að nokkur afgangur verði. Afleiðingin af þessu yrði, að skuld slíkrar kirkju færi sívaxandi, og sjóð gæti hún aldrei eignazt. Jeg veit t. a. m., að þingeyrarkirkja er svo skuldug, að tekjur hennar eru eigi nærri nógar til þess að borga vextina.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) þakklátur fyrir bendingar hans, og mun nefndin taka þær til yfirvegunar og koma fram með nauðsynlegar breyt.till. við 3. umr. En jeg vona, að þetta verði því eigi til fyrirstöðu, að frv. verði nú samþykkt, eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Að 1.—5. gr. frv. (C. 157) falli burtu var samþ. með 14 atkv. gegn 1.; 6. gr. (nú 1. gr.) samþ. með 15 atkv.; viðbót nefnd. (C. 307) við 7. gr. samþ. með 15 atkv.; 7. gr. (nú 2. gr.) með áorðinni breytingu samþ. með 15 atkv.; 8. gr. (nú 3. gr.) þannig breytt samþ. með 15 samhljóða atkv.; breyt. við 9. gr. (nú 4. gr.) samþ. með 16 atkv. gegn 1; viðbót við 10. gr. (nú 5. gr.) samþ. með 12 samhljóða atkv; fyrri málsgrein viðaukatill. 301 (C. 363) samþ. með 17 atkv.; síðari málsgrein sömu viðaukatill. felld með 12 atkv. gegn 4.; 10. gr. (nú 5. gr.) með áorðnum breytingum samþ. með 12 atkv.; breyt.till. við 11. gr. samþykktar, hin fyrri með 13 atkv., hin síðari með 17 atkv.; 11. gr. (nú 6. gr.) með áorðnum breytingum samþ. með 16 atkv.; 12. gr. felld með 16 atkv. gegn 5, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Jón Þórarinsson.	Árni Jónsson.
Sig. Stefánsson.	Eiríkur Briem.
Sveinn Eiríksson.	Grímur Thomsen.
Þórarinn Böðvarsson.	Gunnar Halldórsson.
	Jón Jónsson.
	Jón Jónsson.
	Jónas Jónassen.
	Ólafur Briem.
	Páll Briem.
	Þorl. Guðmundsson.
	Þorleifur Jónsson.
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Að 13. gr. falli burt, var samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. við fyrirsögnina samþ. með 19 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Á í Kleifahreppi (C. 77, 285, 333, 360); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Breyt.till. nefndarinnar (C. 333) við þetta frumv. (C. 285) snerta að eins formið, og vona jeg að h. deild samþykki þær.

Frá einstökum þm. hafa einnig komið breyt.till. og skal jeg fyrst leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. á þingskjali 291 (C. 360). Ef þessi breyt.till. á að geta komizt að, verður hún að vera öðruvísi orðuð. Sá sem falast eptir jörðinni Stóra-Langadal og býðst til að kaupa hjáleiguna Klettakot með, heitir Magnús Márusson og á heima á Reykjum á Skógarströnd. Hann býr því á hvorugri jörðinni, og verður því þing og stjórn að víkja frá þeirri meginreglu, sem hingað til hefir fylgt verið við sölu þjóðjarða, nefnilega að selja eigi jarðirnar öðrum en ábúendum. Breyt.till. fellir sig því sjálf.

Hvað breyt.till. á þingskjali 293 (C. 360) viðvíkur, vantar nefndina upplýsingar. Fyrir þinginu liggur aðeins vottorð frá sýslumanni um að jörðin hafi verið föluð og sýslunefndinni þótt þetta verð, nefnilega 1700 kr, sanngjart. Nefndin var í vafa um, hvort hún ætti að leggja til, að jörð þessi væri seld, þar eð sá er falar eigi er ábúandi, en vildi láta deildina skera úr því.

Viðvíkjandi jörðinni Hrútsholt, sem er eyðijörð, er þess að geta, að nefndin álítur hana jafnvel meira virði en farið er fram á, en er hún tók tillit til þess, að það mundi kosta landssjóð talsvert að byggja hana upp, rjeð hún af að setja þetta verð á hana, þótt það ef til vill hefði mátt vera hærra.

Sigurður Jensson: Jeg hef komið fram með þá breyt.till. um jörðina Feigsdal (C. 360), að hún skuli seld á 1600 kr., en ekki á 1700 kr. Jeg hef gjört þetta til þess, að gefa h. þingd. kost á að skera úr, hvort hún álíti þetta ekki sanngjarnara en tillögu nefndarinnar. Skal jeg leyfa mjer að skýra í stuttu máli frá málavöxtum hjer.

Ábúandinn hefir farið þess á leit, að sjer yrði seld jörðin, og fekk eg áskorun frá fundi, sem haldinn var í Dalahreppi um þingmál, að bera þetta mál fram fyrir þingið, og var mælt fram með ábúandanum fyrir það, að hann væri dugnaðarmaður og líklegur til að bæta jörðina, ef hann fengi hana til eignar. Jeg heimtaði að málið væri fyrst undirbúið á venjulegan hátt, og látið ganga fyrir sýslunefnd; var mjer þá sagt, að það hefði þegar verið gjört, og að álit hennar hefði verið sent hingað til Reykjavíkur. Sýslunefnd hefir eptir vottorði hlutaðeigandi sýslumanns álitið jörðina hæfilega metna á 1500 kr. en amtmaður telur hana 1600 kr. virði.

Nú stendur svo á með þessa jörð, að þingmenn geta sjálfir sjeð, hvert eptirgjald hennar er, því að það er tilfært í landsreikningunum. Árið 1886 var það 54 kr., en árið 1887 var það 58 kr. Ef frumv. það um sölu þjóðjarða, sem hjer var fyrir í deildinni. hefði orðið að lögum, þá hefði, miðað við þetta eptirgjald. átt að selja jörðina fyrir 1450 kr.; þessvegna sýnist mjer 1600 kr. vera fullhátt verð fyrir hana. Og það er því síður ástæða til að ákveða lægsta verð hærra en 1600 kr., þar sem það gildir hið sama um þessa jörð eins og aðrar þjóðjarðir, eptir lögum frá 8. nóv. 1883, að áður en endileg sala fer fram á henni, verða dómkvaddir menn að hafa metið hana. Jeg verð að ætla, að ef það er alvara þessarar deildar, að gefa þjóðjarðir falar fyrir ábúendur, þá sje það ekki meiningin, að setja hærra verð á þær en líkindi eru fyrir að ábúandinn geti gengið að að kaupa þær fyrir.

Þorlákur Guðmundsson: H. fram-

sögum. (Þ. Böðv.) tók fram hin einstöku atriði í máli þessu; hann gat þess, að skýrslur þær, sem fyrir lágu um Feigsdal, hefðu engan veginn verið fullkomnar. Á þeim var meðal annars ekki gott að sjá, hvort það væri í raun og veru ábúandinn, sem vildi kaupa jörðina. Jeg er að vísu hlynntur þjóðjarðasölu, en ófús er jeg á að vikið sje frá skilyrðum þeim, sem sett hafa verið fyrir henni. Viðvíkjandi Hrútsholti er þess að geta, að undirbúningur er þar að vísu lögmætur, en eptir upplýsingum þeim, sem jeg hef fengið um þá jörð, mun verð hennar sett of lágt; að vísu er hún nú í eyði, en henni heyrir til gott engi, sem getur orðið stór hagnaður fyrir kaupanda að eignast, þegar hann getur notað það frá ábúðarjörð sinni, og þótt landssjóður hafi nú sem stendur ekki hag af því, að halda henni í eigu sinni, þá er alls ekki óhugsandi að jörðin kynni að byggjast upp, þegar batnaði í ári, og þá mundi hún verða stórum meira virði fyrir landssjóð en nú er boðið í hana. Jeg mundi fyrir mitt leyti vera fús á að færa verð hennar upp um þriðjung.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Að því er Feigsdal snertir, var nefndin í vafa um, hvort hún ætti að taka til greina beiðnina um hann; það er ekki laust við að jeg hafi heyrt því kastað fram, að annar maður en hinn núverandi ábúandi hafi falað jörðina. En þar sem h. þm. Barð. (S. J.) segir, að það sje ábúandinn, þá dettur mjer ekki í hug að rengja það, og jeg skal játa það, að jeg var sá af nefndarmönnum, sem mest mælti fram með að gefinn væri kostur á kaupi á honum; en jeg verð að geta þess að þær einu upplýsingar, sem hjer liggja fyrir um jörðina, er vottorð frá Fischer sýslumanni Barðstrendinga, og skal jeg með leyfi h. forseta lesa það upp. Vottorðið er þannig:

«Hjer með vottast, að spursmálið um sölu á þjóðjörðinni Feigsdal hefir fyrir 1 eða 2 árum síðan verið lagt fyrir sýslunefnd Barðastrandarsýslu, sem þá áleit, að jörð þessi væri hæfilega seld fyrir kaupverð 1500 kr».

Skrifstofu Barðastrandarsýslu 23. júlí 1889.

A. L. E. Fischer
sýslumaður.

Reyndar er hjer að vísu annað skjal líka, sem er meira vert en þetta vottorð, því það finnst mjer í sannleika lítils virði. Það er brjef amtmannsins í Vesturamtinu, sem skýrir frá, að afgjaldið sje 120 álnir, og að eptir þeim skýrslum, sem liggi við amtið, muni jörðin hæfilega metin á 1600 kr. Þetta er hið helzta eða öllu heldur hið eina, sem nefndin hafði á að byggja um söluverðið. En jeg verð að geta þess, að ef þetta er tekið fullgilt, þá er vikið frá auglýsingu 17. nóv. 1879; því að hjer liggur engin skýrsla frá umboðsmanninum fyrir. (*Sig. J.:* Sýslumaðurinn er sjálfur umboðsmaður).

Páll Briem: Jeg hef leyft mjer að koma fram með þá viðaukatillögu (C. 360), að jörðin Stóri-Langidaldur með hjáleigunni Klettakoti í Skógastrandarhreppi sje heimiluð til sölu fyrir 1600 kr. Um þessa jörð hefir verið beðið, og þegar athuguð eru skjöl þau, sem á lestrarsalnum liggja, þá sýnist með öllu óhætt að selja hana fyrir 1600 kr. Sýslunefnd hefir metið hana að eins á 1400 kr., og lýsing óvilhallra manna á henni er alls ekki glæsileg. Amtmaður hefir lagt til, að færa söluverðið upp í 1600, kr. og finnst mjer vel mega sætta sig, við að fá það verð fyrir hana. Mjer sýnist það gott fyrir landssjóð, að losa sig við hana þannig. Jeg skal jafnvel geta þess, að jeg álít að verðið sje sett of hátt.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að það er ekki verðsins

vegna, að nefndin hefir ekki viljað ráða til að jarðir þessar væru seldar, heldur hins, að hjer er ekki um það að ræða, að selja ábúanda þær, heldur allt öðrum manni. Mjer sýndist rjettast fyrir h. þm. Snæf. (P. Br.), að taka viðaukatillögu sína aptur að þessu sinni, en koma með hana aptur til 3. umr. þannig orðaða, að stjórninni veitist heimild til að selja Magnúsi Márussyni þjóðjörðina Stóra-Langadal með hjáleigunni Klettakoti.

Sigurður Jensson: Út af orðum h. framsögumanns (Þ. Böðv.) skal jeg geta þess, að jeg get ekki játað, að svo áfátt sje með upplýsingar um Feigsdal, eins og hann ljet í veðri vaka; hjer liggur þó fyrir álit amtmanns og vottorð frá sýslumanni, og að því er umboðsmanninn snertir, þá verður h. framsögumaður (Þ. Böðv.) að gæta þess, að sýslumaðurinn sjálfur er umboðsmaður jarðarinnar, og þar sem h. þingmenn geta sjálfir kynnt sjer afgjaldshæðina í landsreikningunum, þá sje jeg ekki, að svo litlar upplýsingar sjeu fyrir hendi. Hvað það snertir, að annar maður en ábúandi standi á bak við með jarðarkaupin, þá lýsi eg því yfir, að mjer er alveg ókunnugt um það; eg veit ekki annað en að það sje ábúandinn, sem vill fá jörðina til kaups.

Páll Briem: Viðvíkjandi orðum h. framsögumanns (Þ. Böðv.), þá skal jeg geta þess, að mjer dettur ekki annað í hug, en að sá maður, sem ætlar að kaupa jörð þá, sem hjer ræðir um, verði að fullnægja þeim ákvæðum, sem sett eru um sölu þjóðjarða; hann verður að sjálfsögðu að taka jörðina til ábúðar á einhvern hátt, og það mundi hann þegar gjöra, er honum gæfist kostur á að kaupa jörðina; því sje jeg formsins enga ástæða til að taka viðaukatill. mína aptur, og ef menn fella hana af sömu ástæðum og h. framsögum. (Þ. Böðv.) mælir gegn henni, er það komið af misskilningi.

Ólafur Pálsson: Meðnefndarmenn mínir hafa þegar farið orðum um Stóra-Langadal; en um Klettakot er þess að geta, að þar sem ábúandinn hefir fastan ábúðarrjett á því, þá álít jeg líka, að hann hafi rjett til að kaupa það. Það er metið meir en Stóri-Langidalur, og alveg vantar yfirlýsing ábúanda um það, hvort hann vilji kaupa jörðina eða ekki. Amtmaður hefir að vísa sagt mjer, að ábúandinn sje svo fátækur að hann gæti nú ekki keypt jörðina, þótt hann vildi; en þó sýnist mjer ekki rjett að breyta út af þeirri meginreglu, sem fylgt hefir verið með þjóðjarðasölu; auk þess gæti það komið fyrir, að ábúandinn sæi sjer fært að kaupa jörðina að ári, þótt hann sjái það ekki nú fært. Að því er Feigsdal snertir, þá getur vel verið, að verð hans sje sett nokkuð hátt, því að ekki liggja ljósar skýrslur fyrir um hann; en vjer vildum heldur setja þetta verð á hann, en að láta hann alls ekki falan, og þegar alinin er 55 aurar, þá yrði afgjaldið 66 kr. (*S. J.*: Umboðslaunin), og þá er munurinn ekki orðinn mikill, því það samsvarar 4% leigu af 1650 kr. Hvað mig áhrærir, þá get jeg ekki gefið atkvæði með, að breytt sje út af þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir þjóðjarðasölu.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Að því er snertir Feigsdal, þá er það að vísu rjett, að sýslumaðurinn er einnig umboðsmaður jarðarinnar, en það er hann, sem gefur þessa ómerkilegu skýrslu, þar sem varazt er að láta nokkuð í ljósi um verð jarðarinnar sem umboðsmaður. Jeg efast ekki um, að það sje Guðmundur Jónsson, sem ætli að kaupa jörðina, þótt jeg hafi heyrt annað um það.

Viðvíkjandi Klettakoti, vil jeg ráða h. þm. Snæf. (P. Br.), að taka aptur tillögu sína, ef honum er annt um hana, og koma aptur með hana í öðru formi til 3. umr.; því að það mundi hált, að ganga inn á þá reglu, að selja þjóðjarðir öðrum en ábúendum, þótt þeir segðust vera fúsir á

að flytja á þær, er þeir hefðu fengið þær keyptar, án þess þó að vissa sje fengin fyrir, að hægt sje að losa þær.

ATKVÆÐAGR.: Upphafið og 1.—2. tl. í breytingartill. nefnd. (C. 333) samþ. með 19 atkv.; 3. tl. í breyt. nefnd. samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Árni Jónsson
Sigurður Jensson	Eiríkur Briem
Grímur Thomsen	Gunnar Halldórsson
Jón Jóns. þm. N.-M.	Jón Jóns. þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson	Páll Briem
Jónas Jónassen	Sigurður Stefánsson
Olafur Briem	Þorleifur Jónsson
Olafur Pálsson	Þorsteinn Jónsson
Sveinn Eiríksson	Þorvarður Kjerúlf
Þórarinn Böðvarsson	
Þorlákur Guðmundsson	
Þorvaldur Bjarnarson.	

Breytingartill. nr. 293 (C. 360) við 4. lið felld með 12:6 atkv.

4. liður í breytingartill. nefnd. (C. 333) samþ. með 17 atkv.; 5. liður í sömu breyt. till. samþ. með 19 atkv.

Viðaukatillaga nr. 291 (C. 360) felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Árni Jónsson
Jón Jóns. þm. N.-M.	Grímur Thomsen
Ólafur Briem	Gunnar Halldórsson
Páll Briem	Jón Jóns þm. N.-Þ.
Þorleifur Jónsson	Jón Þórarinsson
Þorsteinn Jónsson	Jónas Jónassen
Þorvaldur Bjarnars.	Ólafur Pálsson
Þorvarður Kjerúlf	Sigurður Stefánsson
	Sveinn Eiríksson
	Þórarinn Böðvarsson
	Þorlákur Guðmunds.

1. gr. frumv. (C. 77) fallin við undangengna atkvæðagr.

2. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.

3. — — — — 19 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum (C. 287); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Frumv. þessu var svo vel tekið við 1. umr., að þar sem engar breytingartill. hafa komið fram við það síðan, sje jeg ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um það, til þess að mæla með því. Jeg hygg, að öllum h. þingdeildarm. muni vera það ljóst, að frv. getur verið mörgum til gagns, en engum til skaða, og vona jeg því, að h. deild samþykki það, eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 287) samþ. með 12:9 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*;
Páll Olafsson	Árni Jónsson
Sigurður Jensson	Eiríkur Briem
Jón Þórarinsson	Grímur Thomsen
Jónas Jónassen	Gunnar Halldórsson
Olafur Briem	Jón Jóns. þm. N.-M.
Sigurður Stefánsson	Ólafur Pálsson
Sveinn Eiríksson	Páll Briem
Þórarinn Böðvarsson	Þorleifur Jónsson
Þorlákur Guðmunds.	Þorvarður Kjerúlf
Þorsteinn Jónsson	
Þorvaldur Bjarnarson.	

Jón Jónsson, þm. N.-Þing., greiddi ekki atkvæði, og var talinn með meiri hlutanum.

2. gr. samþ með 11 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. með 11:1 atkv.; 4.—7. gr. samþ. með 11 samhlj atkv. hver.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 9, að við höfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*;
Páll Ólafsson	Árni Jónsson
Sigurður Jensson	Eiríkur Briem
Jón Þórarinsson	Grímur Thomsen
Jónas Jónassen	Gunnar Halldórsson

já;	*nei:*
Ólafur Briem	Jón Jóns. þm. N.-M.
Sigurður Stefánsson	Ólafur Pálsson
Sveinn Eiríksson	Páll Briem
Þórarinn Böðvarsson	Þorleifur Jónsson
Þorlákur Guðmunds.	Þorvarður Kjerúlf
Þorsteinn Jónsson	
Þorvaldur Bjarnarson.	

Jón Jónsson, þm. N.-Þing., greiddi ekki atkv., og var talinn með meiri hlutanum.

Tuttugasti og níundi fundur, mánudag 5. ágúst kl. 12 á hd. — Allir á fundi.

Forseti gat þess, að sjer hefði verið tilkynnt, að í nefndinni í málinu um lögreglusamþykktir í kaupstöðum væri kosinn formaður Sigurður Stefánsson og skrifari Þorleifur Jónsson.

Tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir 1886 og 1887 (C. 253); fyrri umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Tillögur nefndar þeirrar, sem kosin var í þetta mál, fara í flestum greinum hjer um bil í sömu átt og álit yfirskoðunarmanna, og þótt tillögur nefndarinnar í einstöku atriðum eigi fari alveg eptir áliti yfirskoðunarmanna, þá eru þær samt byggðar á bendingum þeim, sem þar hafa komið fram.

Að því er snertir 1. gr., þá er það reyndar sýnilegt, að tekjueptirstöðvarnar fara minnkandi, og má búast við, að svo verði framvegis; en samt sem áður virðist þó nefndinni ástæða til, að tekið væri fram, hvar helzt eptirstöðvarnar stæðu, og hverjar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að innheimta þær, hvort sem þær stæðu inni hjá gjaldþegnum eða hjá innheimtumönnum.

Viðvíkjandi 2. tillögunni skal þess getið, að á alþingi 1885 kom fram tillaga, lík þessari, sem endaði með rökstuddri dagskrá; en með því að hæstv. landsh. hefir látið í ljósi, að hann eigi áliti sjer heimilt, að framkvæma tjeða tillögu, nema hún kæmi fram í ályktunarformi, þá hefir nú nefndin komið fram með þessa tillögu til ályktunar, að skuld Reykjavíkurkirkju til viðlagasjóðs verði færð niður um þær 966 kr. 85 a., sem talið er að kirkjan eigi inni í jarðabókarsjóði.

Hvað 3. tillögunni við víkur, þá fer hún nokkuð í aðra átt en tillaga yfirskoðunarmanna; munurinn er einungis sá, að tillaga nefndarinnar er víðtækari, þar sem hún fer fram á, að öllum landssjóðslánum verði breytt í afborgunarlán; en yfirskoðunarmennirnir gerðu eigi ráð fyrir, að reglan næði nema til lána gegn húsveði; þó hefir nefndin ekki viljað fara frekar í þetta en svo, að landstjórnin sætti lagi, að koma þessu smámsaman á, og vakti það sjerstaklega fyrir nefndinni, að hagfeldast væri að koma slíkri breytingu á við hin einstöku lán, þegar eigandaskipti yrðu á veðunum, með því að allar snöggar breytingar í þessum efnum gætu valdið talsverðum erfiðleikum fyrir þá menn, er hlut ættu að máli. Það sem nefndinni einkum gekk til að koma með þessa tillögu, var það, að hún áleit, að lán móti afborgun um lengri tíma kæmi sjer betur bæði fyrir landssjóð og lántakendur. Reyndar hafa yfirskoðunarmenn sjerstaklega tekið fram, að húsveðin gengju af sjer, og gætu þannig orðið miður tryggileg fyrir landssjóð; en, eins og menn vita, er það líka alltítt, að jarðir gangi úr sjer, svo að hugsanlegt er, að landssjóður gæti eigi fengið sitt upp úr sumum þeirra, ef þær yrðu seldar. Önnur ástæða, sem nefndin hafði fyrir sig að bera, að með þessu móti fengi viðlagasjóður meira fje í veltu, hvort sem því yrði varið til einhverra fyrirtækja, er landssjóður rjeðist í, eða til að styrkja framkvæmdir einstakra manna.

En að því er lántakendur snertir, þá álítum vjer betra fyrir þá, að höggva smátt og smátt skarð í skuld sína til landssjóðs, en að eiga hana alla yfir höfði sjer; enda er líklegt, að með þessu fyrirkomulagi mundu margir verja til afborgunar á þessum lánum því fje, sem annars mundi ganga í eyðslueyri, ef þeir eigi þyrftu að greiða neinar afborganir. Þess ber og að gæta, að þar sem landssjóðslán upp á 4% eru vægari en nokkur önnur lán, þá virðist einnig rjett, að sem flestir geti átt kost á að njóta þeirra. Og sjerstaklega má telja afborguninni það til gildis, að hún gæti komið í veg fyrir, að landssjóður neyddist til að segja upp lánum með hálfs árs fyrirvara, sem vel gæti fyrir komið, og sem mundi stofna einstökum mönnum, einkum ef að því ræki, að selja þyrfti veðin, í hin mestu vandræði, og gæti það jafnvel orðið hættulegt fyrir landssjóðinn sjálfan, þegar margar jarðir yrðu í boði um sama mund; því þá gæti auðveldlega svo farið, að eigi fengist nægilegt boð í sumar þeirra.

Um 3. tillöguna er það að segja, að hún er alveg samhljóða áliti yfirskoðunarmanna, og áleit nefndin tilhlýðilegt, að þegar ræða væri um styrk til einstakra manna, til að framkvæma eitthvert verk, er gert væri að skilyrði fyrir fjárveitingunni, þá væri rjett að heimta styrkinn endurborgaðan, ef ekki yrði af verkinu.

Viðvíkjandi nefndarálitinu að öðru leyti skal jeg geta þess, að bending sú, sem stendur við landsreikninginn 1886 18,6 um lán til þilskipakaupa, er óþörf, sökum þess, að það hefir ekki átt sjer stað, að lánað hafi verið fje til þeirra, nema gegn fullu veði; og sama er að segja um athugasemdina við 30, 2, er ræðir um 1321 kr. 03 a., er sjeu afborgaðar upp í póstávísanir, að hún er óþörf, þar sem búið er að gera grein fyrir þessari upphæð í landsreikningnum 1887.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær tillögur, sem h. nefnd hefir komið hjer fram með.

Að því er snertir hina fyrstu tillögu, þá hef jeg ekkert á móti því, að tekið sje fram í fylgiskjölum við landsreikningana, hvar eptirstöðvarnar standi, hvort heldur hjá gjaldheimtumönnum eða gjaldendum, en jeg skal þó geta þess, að stundum er eigi tekið fram í reikningunum, hjá hverjum eptirstöðvarnar standi, og þá finnst mjer landsstjórnin hafa heimild til að skoða þær sem útistandandi hjá reikningshaldaranum; því að hann hefir viðurkennt þær sem standandi upp á sig, með því að taka þær upp í reikninginn, án þess að taka fram, að þær standi úti hjá gjaldendum. En reyndar kemur það mjög sjaldan fyrir, að reikningur gjaldheimtumanna sjeu ekki «salderaðir», þ. e. allar hinar tilfærðu tekjur borgaðar; því standi nokkur upphæð inni ógoldin, þá er hlutaðeigandi innheimtumanni, sje hann sýslumaður, jafnan skrifað þegar í stað og tilkynnt, að borgi hann eigi tafarlaust, þá verði haldið eptir af launum hans því, sem eptirstöðvunum nemi; aptur á móti hefir þetta komið fyrir í fáeinum umboðum, það er að segja í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs — Arnarstapa og Strandasýslu- umboðum; í þessum umboðum hafa leiguliðar um undanfarin ár verið svo aðþrengdir, að eigi hefir þótt tiltækilegt að umboðsmennirnir gengju mjög hart að þeim, með því að það mundi hafa þær afleiðingar, að leiguliðarnir flosnuðu upp og jarðirnar legðust í eyði, og landssjóður þannig yrði fyrir enn meiri skaða; þessvegna hefir umboðsstjórnin álitið rjettast, að hafa biðlund og reyna með lempni að ná því, sem auðið yrði.

Jeg sje á athugasemdinni við 1. tölul. í landsreikningnum fyrir árið 1886, að eptirstöðvarnar í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboði hafa gefið tilefni til þessarar tillögu; en jeg álít skylt að geta

þess, að umboðsmaður þessa klausturs hefir gert sjálfan sig að skuldunaut landssjóðs fyrir leiguliðana, sem óneitanlega er hagur fyrir landssjóð, en sem umboðsmaðurinn ekki er skyldugur til að gera.

Það hefir verið tekið fram í áliti yfirskoðunarmanna, að þessar ógreiddu eptirstöðvar gætu orðið hættulegar fyrir landssjóð, af því að þær gætu leitt til þess, að umboðsmaðurinn færi að greiða gjöld hins fyrirfarandi árs með næsta árs tekjum; en jeg get fullvissað h. deild um, að í þessu tilliti er ekkert að óttast, enn þá að minnsta kosti; því umboðsmaðurinn hefir ætíð greitt það, sem eptir stóð frá fyrra ári, áður en eptirfarandi árs tekjur voru komnar í gjalddaga, og 1889 var hann búinn fyrir fardaga að greiða allar eptirstöðvar frá árinu 1888. Jeg tek þetta fram til þess, að sá umboðsmaður, sem hjer á hlut að máli, verði eigi fyrir getsökum í þessu efni, enda er það miklum erfiðleikum bundið fyrir hann að ná inn gjöldunum, og til þess, að fá eitthvað upp í þær, hefir hann neyðzt til, að taka ýmislegt upp í landsskuldirnar, sem honum ekki var skylt að taka, og sem hann svo hefir orðið að koma í peninga; og yfir höfuð hefir hann sýnt af sjer mikinn og lofsverðan dugnað í því, að forða landssjóði frá að verða fyrir tapi. En eins og jeg sagði áður, þá er jeg ekkert mótfallinn þessari tillögu, og hef ekkert á móti, að framvegis verði tekið fram á fylgiskjölunum, hvort skuldirnar sjeu útistandandi hjá innheimtumönnum eða gjaldendum, eins og jeg líka ætla mjer að fylgja tillögu yfirskoðunarmannanna um, að tekið verði fram, hvort það sem eptir stendur, er borgað með ávísun eða ei; því opt stendur svo á, að það sem stendur sem eptirstöðvar í landsreikningunum, er í raun og veru borgað, áður en landsreikningarnir eru samdir.

Að því er snertir 2. tillöguna, þá hef jeg ekkert á móti því, að þær kr. 966.85, sem talið er, að Reykjavíkurkirkja eigi inni í jarðabókarsjóði, verði dregnar frá skuld þeirri, sem hún stendur í við viðlagasjóðinn, þó jeg sje enn þá á þeirri sömu skoðun og jeg hef áður haft, að Reykjavíkurkirkja eigi alls eigi neitt fje innistandandi í jarðabókarsjóði, og þar af leiðandi sje þetta fje og hafi ávallt verið eign landssjóðs; en sama er líka að segja um þær 15 þús. kr., er kostað hefir verið til viðgerðar á kirkjunni, að það hefir mjög litla þýðingu að telja þann tilkostnað sem skuld, þegar öll gjöld hennar renna til landssjóðs.

Um 3. tillöguna, að uppsagnarlánum viðlagasjóðsins skuli breytt í afborgunarlán, er það að segja, að mjer finnst hún nokkuð óákveðin, því orðin «smám saman eptir atvikum» draga svo mikið úr, að tillagan í raun og veru verður þýðingarlítil.

Ef því h. deild eigi álítur það of mikið óhagræði fyrir einstaka menn, að uppsagnarlánunum verði skilyrðislaust, eins og komið hefir fram í einni breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið, breytt í afborgunarlán, þá hef jeg reyndar ekkert á móti þeirri breytingu, því að þá væri hægt að framkvæma slíkt án manngreinarálits; en jeg skal þó geta þess, að sú tilhögun gæti komið mörgum illa, því að margir hafa reitt sig á, að lánin fengi að standa; sumir hafa t. d. keypt hús eða jörð í trausti til þess, að þeir fengju að halda því láni óuppsögðu, er þau standa í veði fyrir, og hlyti því að koma það mjög illa, ef breyting væri ger á þessum lánum allt í einu; menn verða líka að gæta þess, að harðæri því sem um undanfarin ár hefir gengið yfir landið, er enn eigi af ljett svo fullkomlega, að mörgum geti ekki veitt örðugt að fara nú þegar að borga 6% af þeim lánum, sem þeir hingað til hafa haft upp á 4%. Jeg hefði

því heldur óskað, að þessari breytingu væri frestað um eitt fjárhagstímabil, því þótt jeg reyndar sje á þeirri skoðun, að rjett sje að breyta öllum uppsagnarlánum landssjóðs í afborgunarlán, þá er jeg samt í efa um, hvort heppilegt sje að gera það nú þegar, og álít rjettara, að bíða um stund og vita, hvort hið góða árferði helzt; því haldist það við, þá er engin hætta að ráðast í breytinguna, einkum þegar viðkomendur eru búnir að sjá, að þingið vilji fá landssjóðslánunum breytt í afborgunarlán.

Þá er 4. tillaga nefndarinnar, sem fer fram á, að brunabótagjald af húsum embættismanna utan Reykjavíkur, sem veðsett eru landssjóði, verði til tryggingar greitt af embættislaunum þeirra. Orsökin til þess, að eigi hefir verið haldið inni þessu gjaldi af launum embættismanna, á sama hátt og t. d. því sem þeir eiga að greiða lífsábyrgðarstofnuninni, er sú, að þessi hús eru tryggð í ýmsum fjelögum í Danmörku og Englandi, og þess vegna er eigi svo auðvelt, að gera landfógetanum að skyldu, að halda inni af launum og borga þau út til hinna einstöku fjelaga, sumpart til Danmerkur og sumpart til Englands. En engu síður vil jeg þó gjarnan bera mig saman við landfógetann um þetta atriði, og sje það ekki allt of miklum erfiðleikum bundið, þá er jeg fús á að sjá um, að það verði framkvæmt.

Viðvíkjandi 5. tillögu skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt, að farið er að prenta kirkjurjett Jóns Pjeturssonar háyfirdómara, svo að vonandi er, að það verði búið innan langs tíma, og þess vegna ímynda jeg mjer, að ef hlutaðeigandi höfundi væri settur hæfilegur frestur, þá mundi hann geta lokið verkinu áður en sá tími væri útrunninn og þannig losast við að endurgjalda styrkinn.

Við sjálfar athugasemdir nefndarinnar hef jeg eigi margt að athuga, sjerstaklega þar sem h. framsögum. (Ól. Br.) hefir tekið aptur þær 2 athugasemdir, sem óþarfar voru í nefndarálitinu: en að því er snertir 2. aths. við landsreikninginn 1886, skal jeg taka það fram, að það hefir æfinlega verið regla, þegar gjaldheimtumaðurinn eigi hefir gert grein fyrir öllum borguðum tekjum, þá hefir hlutaðeigandi amtmaður lagt fyrir hann, að borga tafarlaust það sem eptir hefir staðið, og sömu aðferð hefir landshöfðinginn haft. En þegar eptirstöðvar frá f. á. eigi koma inn fyr en seint á næsta ári, þá er það af sjerstökum ástæðum, t. d. af því að ávísanir, sem kaupmenn hafa gefið, eigi hafa verið borgaðar út af hlutaðeigandi og þannig orðið dráttur á að fjeð komi inn fram eptir árinu, þar sem ávísanirnar hafa verið sendar aptur hingað til landsins og gjaldheimtumanni skipað að greiða upphæðina í peningum. Svo getur einnig fyrir komið, að ávísanirnar og peningar misfarist, enda hefir stundum sú raun á orðið, að sett hefir verið í reikninga, að peningar hafi verið sendir á ákveðnum degi, sem eigi hafa komið fram. Að öðru leyti hefir það verið mjög sjaldgæft að eptirstöðvar hafi eigi verið borgaðar í byrjun næsta árs.

Út af aths. við 15. 12 skal jeg gefa þá upplýsingu, að reynt hefir verið að fá námurnar seldar á leigu, en það hefir eigi tekizt.

Í 2. aths. við reikninginn 1887 eru taldar upp ýmsar eptirstöðvar, en þær hafa allar verið borgaðar árið 1888, nema eptirstöðvarnar undir liðnum *a* (úr Dalasýslu), sem eigi eru enn goldnar að fullu, en borgast með afborgun á hverjum manuði; og lítið eitt af töluliðnum *g*. því að það hefir verið mjög miklum erfiðleikum bundið að ná tekjum af umboðsjörðum Strandasýslu um undanfarin ár.

Að öðru leyti hef jeg eigi fleira að athuga við athugasemdir yfirskoðunarmannanna og nefndarinnar, en vil að endingu

geta þess, að mjer hefir verið mikil ánægja að því, hve yfirskoðunarmennirnir og nefndin hafa verið velviljaðir og mannúðlegir í athugasemdum sínum og tillögum.

Páll Briem: Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir, hve vel hann hefir tekið undir tillögur yfirskoðunarmanna, bæði í landsreikningunum og svo hjer í deildinni. Jeg vil taka það fram, að viðvíkjandi eptirstöðvunum hjá umboðsmanni Kirkjubæjarklausturs var dálítill ágreiningur milli yfirskoðunarmanna. Yfirskoðunarmaður efri deildar vildi ganga lengra en jeg. Meining mín var alls eigi að gera umboðsmanninn tortryggilegan, heldur að eins sú, að vekja eptirtekt á málinu.

Viðvíkjandi breytingu landssjóðslána í afborgunarlán er jeg hæstv. landshöfðingja samdóma um það, að það mundi geta komið mörgum illa, ef breytt væri allt í einu, enda var það eigi meiningin með athugasemdunum og tillögunni; heldur að eins sú, að við breytinguna í afborgunarlán væri farið eptir samkomulagi við skuldunauta, t. a. m. þegar eigandaskipti verða og ný lán eru tekin.

Að því er snertir lán þau, sem tryggð eru með húsaveði hjer í Reykjavík, þá er mjer kunnugt um, að flest þeirra standa hjá mönnum, sem eru efnaðir og fullir borgunarmenn fyrir þeim. En komið getur fyrir, að þessir menn selji hús sín öðrum, er minni efnum sjeu búnir og landssjóður við það átt nokkuð á hættu.

Með þingsályktunarforminu hefir þingið að vísu eigi fulla tryggingu fyrir því, að vilja þess verði framgengt, en eptir orð hæstv. landshöfðingja sje jeg enga ástæðu til þess að efa, að gert verði hið bezta í þessu efni. Þessari tillögu gef jeg atkv. mitt, en með því gæti jeg alls eigi greitt atkvæði, að breytingin skyldi þegar í stað drifin í gegn án samkomulags við lántakendur.

Ólafur Pálsson: Jeg skal eigi vera langorður um þetta mál, enda eru það eigi nema fáar greinir í nefndarálitinu, sem snerta mig sem umboðsmann. Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir orð hans um mig. Við frv. eitt, sem var til umræðu hjer í deildinni um daginn, og sem því miður var fellt, nefnil. frv. um mat þjóðjarða, ljet jeg að nokkru leyti í ljósi skoðun mína á þessu máli. Mjer er spurn á, hvernig umboðsmenn eiga að geta staðið í skilum í rjettan gjalddaga, þegar bændur ekki geta greitt gjöld sín. Hið helzta er hjá mörgum, þegar þeir geta selt tryppi í júlímánuði, en þá er gjalddagi um garð genginn, og á honum er því ekkert til nema sandur hjá flestum. Þá kemur Mikaelsmessa og ekkert smjör er til hjá mörgum og yfir höfuð að tala. Á haustin er sauðkindin hið eina, er bændur geta látið af hendi rakna, og er þá eptir að koma henni suður til Reykjavíkur. Jeg vil eigi beinlínis lasta nefndina eða þingið fyrir aðgjörðir þeirra í þessu máli, en að eins geta þess, að það er hægra fyrir þá umboðsmenn, sem eru í grend við Reykjavík eður kaupstaði, að standa í skilum, heldur en umboðsmanninn í Skaptafellssýslum.

Í lögunum er fyrirskipað, að fjárnám skuli vera gert, til þess að ná inn gjöldum af landssjóðsjörðum; en jeg fyrir mitt leyti álít, að það sje betra fyrir landssjóð að bíða um stund eptir jarðarafgjöldum sínum, en að þau sjeu tekiu lögtaki, því að ef því er beitt, flosna bændur upp og jarðirnar leggjast í eyði.

Jeg hef að jafnaði eigi sent skýrslur til landssjóðs um það, hve mikið leigulíðar ættu ógoldið, heldur fært mjer það til skuldar, og álít jeg það betra fyrir landssjóð, að eiga aðganginn að mjer, meðan upphæðin eigi yfirstígur veð það, er jeg hef sett, heldur en að eiga aðganginn að bændum, sem ekkert eiga.

Gjörðir þingsins í þessu efni eru eðlilegar; en eitt verð jeg að segja, og það er

það, að jeg sendi eigi skýrslur eða stend í skilum í fyrsta gjalddaga, því mjer er það með öllu ómögulegt með því ástandi sem nú er í sýslunni.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það var hvorki meining mín eða nefndarinnar, að meiða eða gjöra h. þm. V.-Skaptfell. (Ól. Pálsson) tortryggilegan; þvert á móti getur hún tekið undir með hæstv. landshöfðingja, og efast alls ekki um, að þm. eigi fullkomlega skilið það lofsorð, sem hann fjekk fyrir aðgjörðir sínar sem umboðsmaður.

Það var hin 3. tillaga, sem nefndin lagði mesta áherzlu á; verður hún ef til vill þýðingarlítil sakir formsins, en þó held jeg að húni muni hafa þá þýðingu, að vekja eptirtekt manna á, að þessi regla muni verða tekin upp, og þeir verði fremur viðbúnir, að taka þeirri breytingu, sem þar er farið fram á. Og þótt jeg geti eigi sjeð, að það væri þungbært fyrir lántakendur, að lánunum yrði breytt á þessa leið, þar sem afborgunin er lág og frestur inn langur, tel jeg það þó hinn helzta kost hennar, og hún getur verið nokkurs konar fyrirvari til að búa menn undir, að þetta muni verða tekið upp sem regla eptirleiðis.

ATKVÆÐAGR.: 1. tillaga samþ. með 19 atkv.

2. tillaga samþ. með 20 atkv.

3.—5. tillaga samþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til síðari umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C. 276, 363); fyrri umr.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Nefndinni í alþýðumenntunarmálinu þótti heppilegra, að setja lög aðeins um heimamenntunina, eða heimiliskennsluna, en aptur sjerstök skilyrði fyrir styrkveitingu til barnaskóla og umgangskennara; áður hefir styrkurinn verið veittur án þess, að hann væri skilyrðum bundinn; en mjer finnst það vera óforsvaranlegt af þinginu, að binda þennan styrk engum skilyrðum, að tryggja alls ekki með neinu, að fjárveitingarnar komi að tilætluðum notum. Hjer eru engin lög um skólahald yfir höfuð. Eptirlit með skólunum er svo sem ekkert; ætti það að vera nokkurs virði, þyrfti til þess sjerstaka menn, sem hefðu laun fyrir það. Þeir ættu að segja álit sitt um, í hverju skólunum væri ábótavant og gefa skýrslur um alla þá skóla, sem þeir rannsökuðu. En þetta sá nefndin sjer ekki fært að leggja til vegna kostnaðar, sem af því mundi leiða.

Að því er snertir hið fyrsta skilyrði, þá var nefndinni ljóst, að í því er raunar ekki mikil trygging, en prófföstunum er þó til þess trúandi, að sjá um, að ekki sjeu alls ófærir menn ráðnir fyrir kennara; en prófastarnir eiga opt úr vöndu að ráða og milli fárra að velja, og getur komið fyrir að þeir verði að segja: «Jeg vil heldur þennan heldur en ekki neitt». En þessir örðugleikar verða auðvitað svo lengi, sem kennurunum er ekki gefinn kostur á að afla sjer þeirrar menntunar, er þeir nauðsynlega þurfa til að vera gagnlegir kennarar, og meðan kjör þeirra eru ekki svo viðunanleg, að nýtir menn bjóðist til að kenna.

Viðvíkjandi öðrum lið, höfum vjer bætt við skilyrðinu um að kenna skuli helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar. Einn h. þm. (Þorst. Jónsson) hefir komið með breyt.till. við þann lið (C. 363), og vil jeg skjóta því til h. þm., hvort hann ekki vildi taka hana aptur. Það hefir aldrei verið meining nefndarinnar að kenna nein ósköp í náttúrufræði, heldur að eins, að börnin læri svo lítið um náttúruna í kring um sig, fyrst og fremst að þekkja byggingu sjálfra sín, byggingu líkama mannsins, hin ýmsu líffæri, blóðrás, andardrátt o. s. frv. Ennfremur að börnin læri að þekkja það, sem vjer lifum og hrærumst í,

loptið. Sömuleiðis um jarðarhnöttinn, að hann er ekki flatur eða ferhyrndur; ennfremur lítið eitt um afstöðu tungls og sólar við jörðina. Nefndin hefir ekki meint annað en hinar almennu hugmyndir náttúrufræðinnar, án þess að það sje náttúrusögukennsla eða kennsla í jurtafræði, dýrafræði eða steinafræði o. s. frv. Reyndar er það, sem hjer er nefnt, ekki meira en hvert barn lærir á góðum heimilum; en þar sem heimilin eru svo, að það er ekki hægt, þá er nauðsynlegt að í skólunum og hjá umgangskennurunum sjeu opnuð augu þeirra fyrir slíku, sem skólar eru, eða umgangskennarar. Mjer þykir það óhæfilegt, að landssjóður kosti skóla, sem börnin aptur koma frá verri en kálfar. Vona jeg því, að þm. (Þorst. Jónsson) taki breyt.till. aptur.

Að því er snertir þriðja lið, þótti oss rjett, að ákveða ekki styttri tíma en 6 mánuði; en hvort heldur verða 12 eða 15 nemendur, það legg jeg minni áherzlu á. Það er ekki sennilegt að skóli sje styrktur, sem hefir færri en 15 nemendur; en sem sagt legg jeg ekki svo mikla áherzlu á þetta; gagn skólanna er ekki eingöngu komið undir nemendafjölda.

Fjórði liður fylgir af sjálfu sjer, það er það sama, sem hefir verið praktíserað, nema það er betri trygging, að óviðkomandi maður sje prófdómari með sóknarprestinum.

Í fimmta lið er ákveðið, að skólinn njóti jafnmikils styrks annarstaðar frá, og þess, er honum veitist úr landssjóði.

Sjötta lið er óþarft að tala mikið um. Hæstv. landsh. hefir vanalega krafizt skýrslu um skólana, áður en hann hefir veitt þeim fje úr landssjóði, og er það ekki nema sjálfsagt. Hvað áhrærir hinn síðari part tillögunnar, er það að segja, að nefndin hefir ekki farið lengra en að leggja það á prestsins vald, eða láta hann hafa hönd í bagga með að dæma um, hvort sveitakennarinn sje hæfur.

Í öðrum lið segir, að hreppsnefnd eða sóknarnefnd skuli taka þátt í að ráða kennarann; en í þriðja lið er prentvilla, sem hinir h. þingdeildarmenn sjá, og er hægt að leiðrjetta hana síðar. Hjer er bætt við vottorði hlutaðeigandi prests. Eins og það með lögum þessum er lagt á prestsins vald, að skera úr, hvort kennarinn sje hæfur, eins er honum gjört að skyldu að kynna sjer áhrif kennslunnar. Þegar maður lítur yfir þessi ákvæði þá má sjá, að hjer er ekki farið langt, og er vonandi að þetta nái samþykki deildarinnar; en eptir því sem á stendur nú, er ekki fært að fara lengra.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get verið nefndinni þakklátur fyrir, hve hæfilega langt hún hefir farið í krófum sínum; því eptir núverandi kringumstæðum er naumast hægt að fara lengra; en jeg efa ekki, að þingsályktanir þessar, í sambandi við frumv. það, sem áður er samþykkt hjer í deildinni, verði til mikilla bóta. Við flestar tillögurnar get jeg vel fellt mig; það er að eins við II. 1., að mjer virðist nokkuð varhugavert, hvort nefndin ætlast til, að þetta sje svo ríkt, að kennaralaust verði, ef hlutaðeigandi prófastur neitar þeim kennara eða kennurum, sem til boða standa; mjer virðist vanta ákvæði um það, hvernig fara skuli að, ef ágreiningur verður milli skólanefndar og prófasts; það er þó víst ekki meiningin, að gera skólann ómögulegan. En í öllum meginatriðum felli jeg mig vel við ályktanirnar, og álít það verði til bóta, ef þær verða samþykktar, að undanskildum fyrsta tölulið.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur fyrir, að þingið hefir í hyggju, að taka fram þau skilyrði, er það vill binda styrkveiting úr landssjóði til barnakennslu í bæjum og sveitum; hingað til hefir verið mjög erfitt að ráða fram úr því, hverjum barnaskóla skyldi styrk veita og hverjum ekki; en þau vandkvæði hverfa, þegar fastar reglur eru settar um það.

Viðvíkjandi I. kafla 1. lið, þá kann jeg ekki vel við, að prófastar hafi eins mikil ráð og þar er gert ráð fyrir, og það af sömu ástæðum og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram; það getur opt lent í þjarki milli skólanefndar og prófasts um kennara, en á hinn bóginn ekki svo mikil trygging fyrir góðum kennurum, þó prófastar hafi hönd í bagga. Jeg get líka vel hugsað, að kennara væri veitt sýslan um fleiri ár; en það gæti þó aldrei gilt nema meðan sá prófastur væri, er veitti; mjer virðist full trygging sett með því, að ef hlutaðeigandi prestur er ekki í skólanefnd, að hann þá sje í ráðum með skólanefndinni.

Viðvíkjandi breytingartillögunni við I. 2., þá þykir mjer, þvert á móti h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), vænt um, að hún kom fram, þó ekki væri til annars en að fá að vita, hvað nefndin meinti með orðunum: «helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar», því eptir því, sem þau orð hljóða, er ekki gott að sjá, hvað meint er með þeim; en nefndin hefir nú skýrt frá, hvað hefir vakað fyrir henni með þeim, en það væri þó ástæða til að taka þetta skýrar fram til seinni umræðu.

Jeg er heldur ekki fullkomlega samdóma nefndinni um það, sem stendur í þessum 2. tölulið; því mjer virðist ýmislegt annað en þar, sem þar er heimtað sem skilyrði fyrir fermingu, vera fullt eins nauðsynlegt, svo sem rjettritun og málmyndalýsing móðurmálsins; sömuleiðis gæti verið spurning um helztu atriði úr sögu föðurlandsins; álít jeg því rjettast, annaðhvort að sleppa þessum tölulið alveg eða taka hann til yfirvegunar, og orða hann nákvæmar. Væri þessum tölulið haldið, þá ætti einnig í II. kafla að setja líkar reglur fyrir sveitakennslu, og til taka, hvað kenna skyldi, til þess að styrkur gæti fengizt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er þakklátur h. nefnd fyrir það, að hún hefir gert það að verkum, að útlit er fyrir, að regluleg reglugjörð fáist á þessu þingi, og tillögur þær, er hjer liggja fyrir, álít jeg til mikilla bóta; því eins og h. framsögumaður (J. Þ.) tók fram, hefir þingið allt of lengi veitt og landsstjórnin úthlutað til barnaskóla fyrir litla eða enga kennslu, náttúrlega í góðri meiningu; en skýrslur þær, sem komið hafa, hafa optast verið að meira eða minna leyti óáreiðanlegar og óljósar.

Þegar um það er að ræða, hvort landssjóður eigi að kosta barnakennslu, þá er jeg, eins og fyr, á því, að hann eigi ekki að kosta hana nema fyrst um sinn, meðan fætur eru að komast undir hana í landinu.

Yfir höfuð álít jeg ályktanirnar til bóta, og get gefið öllum hinum einstöku ákvæðum atkvæði mitt. Jeg álít að menn í þessu máli verði að halda sjer til prestastjettarinnar, hvernig svo sem hún er; og hvað prófastana snertir verð jeg að halda því fram, að það sje formrjett, að þeir hafi úrskurðaratkvæði í þessu máli, úr því eigi mun gjörlegt, að skjóta því til stiptsyfirvaldanna. Jeg verð að álíta að prófastar muni taka tillit til álits hlutaðeigandi prests, og honum er vorkunnarlaust að vita, hvernig kennari sá er, sem um er að ræða. Jeg verð að álíta, að niðurstaðan mundi verða sú, að kennari yrði ekki svo fastur, að ekki væri hægt að taka annan, og jeg verð að ímynda mjer, að það mundi gert að fastri reglu, að taka kennara að eins til eins árs, sem er mjög hagkvæmt, því reynist hann illa, en reynist hann vel, er hægt að halda honum áfram.

Hvað snertir 2. tölulið, þá hygg jeg rjettara að kynna sjer það, sem svo að segja dagsdaglega ber fyrir augun, en það sem liðið er fyrir mörgum öldum.

Hvað snertir 3. tölulið, um nemendafjöldann, hvort það eru 15, 12 eða 20, þá legg jeg minni áherzlu á það, heldur á

hitt, að eitthvað sje fast ákveðið; þetta hefir eigi verið áður, heldur hefir hvervetna verið kallaður skóli, þar sem 1—2 eða 3 börn hafa notið kennslu.

Viðvíkjandi öðrum töluliðnum hefi jeg lítið að segja; það er sjerstaklega viðvíkjandi II. kafla, að hann er nokkuð óljós í því, hvort kennarinn ætti að fá styrk úr landssjóði, ef hann kenndi það eitt, sem foreldrar eiga að kenna, svo sem lestur og kver, eða líka skript og reikning o. s. frv.; mjer virðist hann ætti að kenna hið sama og heimtað er í kaupstöðum og sjávarþorpum, og enn fremur virðist mjer, að ætti að heimta af sveitakennurum, að halda próf, og virðist það alls eigi ströng krafa, þegar von á að vera um styrk úr landssjóði. Jeg held það sje ljóst, að sumir sveitakennarar hafi lítið gagn gert; eða svo er það í mínu prófastsdæmi, að sveitakennarar hafa lítið gert, er verðskuldaði landssjóðsstyrk.

Jeg hefi vakið þessar athugasemdir, til þess að h. nefnd gefist kostur á að taka þær til yfirvegunar, og gef tillögunum óhikað atkv. mitt.

Þorsteinn Jónsson: Jeg get verið samdóma h. nefnd í mörgum atriðum, en það er þó eitt atriði, sem jeg ekki get fellt mig við, nefnilega, að kennarinn sje ráðinn með samþykki prófasts; jeg veit, að t. d. í mínu kjördæmi gæti opt orðið erfitt að ná til prófastsins til að fá samþykki hans.

Svo er þessi breytingartill. mín við I. kafla 2. lið; mjer virtust orðin eins og þau standa í tillögunum mjög óákveðin, því náttúrufræði er yfirgripsmikið orð, og innibindur margar greinar, svo sem dýrafræði, steinafræði, grasafræði, jarðfræði, eðlisfræði o. s. frv., og mjer var ekki með öllu ljóst, hvað meint væri með þessu; því að kenna grundvallaratriði úr mörgum vísindagreinum mundi verða allt og ekkert, og vart nema nafnið eitt; jeg verð líka að efast um, að þorri kennara, sem vjer eigum kost á, sje fær um slíkt; enn fremur er það, að oss vantar algerlega bók, sem inniheldur stutt ágrip af grundvallaratriðum náttúrufræðinnar, og sem hæf er skilningi barna, og kennarar okkar munu ekki færir um, að kenna upp úr sjer; jeg get því ekki tekið breytingartill. aptur fyr en nefndin hefir sýnt mjer þvílíka bók; aptur hefir mjer dottið í hug, að í staðinn fyrir þetta skilyrði væri heppilegra að setja rjettritun og málmyndalýsing í móðurmálinu, eins og hæstv. landsh. benti til, og sem tíðkanlegt mun vera í Danmörku; sömuleiðis gæti verið spurning um ágrip af sögu Íslands og almennri sögu; það er til lítið ágrip af almennri sögu, sem þó er betra en ekkert, og jeg hefi orðið svo frægur, að kenna eptir því, og verð að telja það mikið betra en ekki neitt.

Viðvíkjandi breytingartill. við 3. lið, þá er mjer það ekkert kappsmál, hvort tala nemenda er ákveðin 15 eða 12; en jeg verð þó að ætla, að til sjeu þau sjávarþorp, þar sem ekki fleiri en börn nytu kennslu, og væri hún góð, mætti það virðast ósanngjarnt að svipta slíkan skóla landssjóðsstyrk einungis fyrir sakir fæðar nemenda.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg felli mig að mörgu leyti vel við athugasemdir h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), og þar á meðal það, að kennararnir sjeu ekki ráðnir nema til árs í senn; það kemur líka heim við þá hugsun mína, að betra væri að veita ekki embætti yfir höfuð æfilangt, heldur hafa veitinguna takmarkaða og tímabundna, svo að hægra væri að losast við ljelegu embættismennina en nú er, enda mundu prestar hafa þá og enn ekki fundið um megn skyldu sinnar, að mennta börn undir fermingu, og mundi þá nú enginn finna til hins mikla kostnaðar og erfiðleika, sem hlýtur að hvíla á því almenna við not hinna fyrirhuguðu kennara. Eins þyrfti heldur ekki að ofþyngja landinu með ónýtri embættismanna mergð, hvað hart sem er í ári. Jeg held menn og prestar

fyrir löngu hafi gert og haldið það fyrir skyldu sína, sem nú á að láta þessa nýju kennara gera, jeg meina það, að kenna börnum það sem nauðsynlegt er; og svo hef jeg líka allt af haldið, að prestarnir ættu að vera hjálplegir í því. Mjer þykir það óeðlilegt, að samþykkja, að prófastar skuli þurfa að samþykkja kennarana; jeg gæti fellt mig við það, ef þeir hefðu það, sem þeir ættu að hafa, ábyrgð á kennslunni; en fyrst þeir hafa það ekki, set jeg mig á móti því.

Sama er um afskipti prestsins með kennarakosningu að segja; jeg sje það hvorki eðlilegt nje hagkvæmt, að hann skuli hafa þar um nokkuð að segja, þegar þeir þurfa ekki heldur að bera ábyrgð á kennslunni. Það væri gott, ef kennarinn gerði allt, sem gera þarf, en eptir lögunum, sem hjer voru samþykkt, kemur það niður á börnunum, en ekki á kennaranum, ef þau hafa ekki lært það, sem þau eiga að kenna: því að þá fá þau ekki fermingu.

Jeg er á sama máli um námsgreinarnar, sem h. þm. Vestm. (Þ. J.); mjer sýnist það ofætlun að heimta af börnum, að þau læri náttúrufræði, og í tillögunum er það svo miklum vafa bundið um það, að hætt er við, að einn mundi segja að ætti að fara svona langt, en annar segði aptur það of langt, og svo verði allt í óvissu og ósamkvæmni, vafa og sundrung.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Jeg get verið þakklátur fyrir nefndarinnar hönd fyrir undirtektir þær, sem tillögur hennar hafa fengið hjer í deildinni.

Jeg skal geta þess, að nefndin fann annmarka á því, að haga kennaraskipuninni við skóla eins og hún þó fer fram á; en hún fann ekki annan og líklegri veg til þess en þann, sem hún valdi. Einhver verður að hafa seinasta úrskurðarvaldið, og þá fannst henni bezt við eiga, að láta prófastinn hafa það; hann á að hafa umsjón með fræðslu barna í prófastsdæmi sínu, og því má gera ráð fyrir, að hann sje þar allkunnugur, en töluvert hægra að ná til hans en stiptsyfirvaldanna; það eru líka annmarkar á því, að fela prestinum á hendur að skera úr, hver kennari skuli verða; að minnsta kosti getur hann haft meiri freisting til að vera hlutdrægur en prófasturinn. Jeg ætla, að það muni varla koma fyrir, að prófastur muni setja sig á móti skólanefnd með að ráða kennara til skóla, ef nokkurn veginn hæfur maður býðst til þess starfa; jeg er hræddari við hitt, að þar sem um svo fáa duglega kennara er að gera, þá mundi hann verða helzt til linur í kröfum sínum.

Hæstv. landsh. tók það fram, að þessi ákvæði gætu komið óþægilega við, þegar prófastaskipti yrðu; en það hefir líka verið tekið fram hjer í deildinni, að kennarar mundu venjulega ekki ráðnir nema til eins árs í senn, og þegar svo er, þá þurfa engin vandkvæði af að leiða, því að þá hefir nýi prófasturinn frjálsar hendur að samþykkja, að kennari sá haldi áfram kennslustörfum, sem fyrirrnennari hans samþykkti, ef hann álítur hann starfi sínu vaxinn, en auðvitað líka leyfi til að hafna honum, ef hann hefir reynzt miður en skyldi. En þetta var ekki aðalatriðið í athugasemdum hæstv. landsh., heldur hitt, hvað kenna skyldi. Þar tók hæstv. landsh. fram, að nær mundi liggja að kenna móðurmálið, en sumt, sem nefndin hefir tekið fram; jeg og nefndin í heild sinni mun honum fullkomlega samdóma um þetta, að þekking á móðurmálinu liggi nær en flest annað; en nefndin áleit, að ekki heyrði til að taka ákvæði um þá þekking upp í frv. þetta, af því, að nú rjett nýlega hefir hjer í deildinni verið samþykkt frv., þar sem rjettritun er gerð að fermingarskilyrði. Rjettritun er þar með gerð að skilyrði. Það kom til tals í nefndinni, að gera Íslandssögu að einni af námsgreinunum í barnaskólunum; en henni þótti þó varúðarvert að gera það, til þess

að hrúga ekki saman allt of mörgum námsgreinum, því að það er almennt viðurkennt, hve skaðlegt slíkt er, og það var álit nefndarinnar, að sá skóli, sem kenndi vel þær greinir, sem hún leggur til, að kenndar sjeu á skólum, væri þess vel verður að fá styrk af landsfje, og ef kennarinn er vel að sjer og kennir vel, þá gefast honum mörg tækifæri til að minnast á helztu atriði í sögu ættjarðarinnar, bæði um leið og hann kennir landafræðina, móðurmálið og náttúrufræðina.

Hæstv. landsh. og 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) hreyfðu því báðir, að þeim þættu krófurnar til sveitakennaranna heldur lágar. Það er satt, að nefndin hefir gert minni krófur til þeirra, en við skólana; og það gerði hún af því, að kennarar við skóla hafa þó hóti hærri laun, en sveitakennarar; en af því leiðir aptur, að búast má við, að duglegri menn fáist til skólakennslu en til sveitakennslu. Á meðan sveitakennarar hafa þessi sárlitlu laun fyrir starfa sinn—jeg hefi heyrt að það væri ekki svo fágætt, að þau væru einar 2 kr. um vikuna — á meðan svo er, þá er ekki við að búast nje heimtandi, að þeir hafi menntun til að geta kennt öllu meira en það, sem til fermingar er heimtað; en ef þeir geta kennt það vel, má þó telja mikið gagn að kennslu þeirra.

H. 1. þm. G.-K. (þ. Böðv.) tók það og fram, að vel mundi og eiga við, að halda árspróf yfir þeim börnum, sem sveitakennarar hefðu kennt. Um þetta var og rætt í nefndinni; en nefndarmönnum kom saman um, að eigi mundi brýna nauðsyn bera til þess, að taka það fram; því að henni kom saman um, að presturinn gæti ekki öðruvísi gefið vottorð um framfarir nemendanna, en með því að kynna sjer þær sjálfur, og varla á annan hátt, en með því að halda próf yfir börnunum.

H. þm. Vestm. (Þorst. J.) vildi að svo stöddu ekki taka aptur breyt.till. sína, en honum mun það þó óhætt, því að nefndin mun að svo miklu leyti, sem hún getur, taka til greina bendingar hæstv.landsh. og h. þm. (þ. J.). Jeg er viss um, að honum muni þykja þær krófur, sem jeg drap á um kennslu í náttúrufræði, hóglegar.

H. þm.(Þorst. J.) drap á eitt merkilegt atriði, það atriði, að oss vantaði kennslubók í náttúrufræði handa barnaskólum. Í Danmörku og Noregi eru slík ágrip, eigi lengri en 10—20 bls., höfð við náttúrufræðiskennslu, en þar eru kennararnir svo vel að sjer, að þeir geta bætt við frá eigin brjósti ýmsu, sem eigi stendur í ágripunum; en því mun þó mega fullireysta, að verði tillagan samþykkt, þá muni kennslubókarskorturinn ekki lengi verða þröskuldur í vegi.

Fleiri sjerlegar útásetningar við tillögur nefndarinnar hafa ekki komið, og mun hún fús á að taka þær til greina, að svo miklu leyti sem hún sjer sjer það fært.

Að endingu læt jeg þá von í ljósi, að h. deild samþykki tillögur nefndarinnar.

Páll Briem: Jeg skal leyfa mjer að gera stutta athugasemd við 1. tölul. í þingsályktuninni; þar er farið fram á, að kennari til skóla sje ráðinn með samþykki prófasts. Mjer finnst, að svo miklar tryggingar sjeu settar að öðru leyti, viðvíkjandi styrkveitingunni til barnaskólanna, að þetta ákvæði sje óþarft. Enn fremur finnst mjer, að í einstöku tilfellum, t. d. ef misklíð er milli prófasts og hlutaðeigandi hreppsnefndar, þá muni það alls ekki verða til góðs. Þetta ákvæði er heldur ekki nauðsynlegt til að halda uppi veg og sóma prófastanna á landi voru, því að þótt þetta ákvæði sje ekki sett, þá mun prófastur eigi að síður geta haft hönd í bagga með kennaraskipan, ef hann hefir áhuga fyrir menntun almennings og hann er góður maður og rjettsýnn. Sama er

um sveitakennara að segja; mjer finnst þýðingarlítið, að prestur gefi honum vottorð um hæfilegleika hans; mjer finnst í 3. tölul. vera fullnæg trygging fyrir því, að ekki verði óhæfur maður tekinn til þess starfa, þar sem bæði á að gefa nákvæma skýrslu um kennsluna, hlutaðeigandi prestur gefa vottorð um framfarir nemendanna og sýslunefnd á að gefa meðmæli sín til styrkveitingar við kennsluna. Þetta sýnist mjer vera nóg trygging. Prestar eru að sjálfsögðu breyzkir eins og aðrir menn, og gæti svo farið, að ef þeir væri ósammála við hreppsnefnd, þá kynnu þeir að vanbrúka vald sitt, en ef þeir eru henni sammála, þá er ákvæðið þýðingarlítið, því að þeir munu þá geta haft mjög mikil áhrif á, hver kennari er tekinn.

Þorsteinn Jónsson: Eptir skýringum þeim, sem h. framsögum. (J. Þ.) hefir gefið og í trausti til þess, að liðurinn eptir loforði flutningsmanna verði lagfærður til annarar umræðu, get jeg, þar sem það alls eigi er tilgangur minn að vilja spilla fyrir málinu, tekið fyrra lið breyt.till. minnar aptur, þar sem breyt.till, með því að vekja umræður um hana, hefir náð tilgangi sínum.

ATKVÆÐAGR.: Tillaga I. 1. liður felldur með 13 gegn 7 atkv.

Tillaga I. 2. liður samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við tillögu I. 3. lið felld með 11 gegn 10 atkv.

Var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Grímur Thomsen.	Árni Jónsson.
Jónas Jónassen.	Eiríkur Briem.
Ólafur Briem.	Gunnar Halldórsson.
Ólafur Pálsson.	Jón Jónss. þm.N.-M.
Páll Briem.	Jón Jónss. þm.N.-Þ.
Þorleifur Jónsson.	Jón Þórarinsson.
Þorsteinn Jónsson.	Sigurður Stefánsson.
Þorv. Bjarnarson.	Sveinn Eiríksson.
Þorvarður Kjerúlf.	Þór. Böðvarsson.
	Þorl. Guðmundsson.

Till. I. 3. lið. samþ. með 16 atkv.

— I. 4. — — — 18 —

— I. 5.—6. lið. samþ. með 19 atkv. hvor.

Till. II. 1. liður felldur með 12 atkv. gegn 9.

Var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Árni Jónsson.	Gunnar Halldórsson.
Eiríkur Briem.	Jón Jónss. þm.N.-M.
Grímur Thomsen.	Jón Jónss. þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson.	Ólafur Briem.
Jónas Jónassen.	Páll Briem.
Ólafur Pálsson.	Sveinn Eiríksson.
Sigurður Stefánsson.	Þorl. Guðmundsson.
Þórarinn Böðvarss.	Þorleifur Jónsson.
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.
	Þorv. Kjerúlf.

Tillaga II. 2 lið. samþ. með 19 atkv.

— II. 3. — — — 20 —

Málinu vísað til síðari umræðu með 20 atkv.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 1, 334, 368); 2. umr.

Forseti kvaðst láta frv. þetta koma til umræðu og atkvæðagreiðslu í þremur köflum:

1) Tekjukaflinn . 1.—6. gr.
2) Útgjaldakaflinn 7.—12. —
3) Útgjaldakaflinn 13.—18. —

Var því fyrst tekinn fyrir:

Tekjukaflinn (1.—6 gr.).

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Að því er snertir tekjukaflann, fann nefndin ekki ástæðu til að gera verulegar breytingar á stjórnarfrv.

Við 2. gr. hefir nefndin, eins og h. þingdm. sjá, einungis gert þá breytingu, að færa 1. tölul., skattinn á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, *dálítið upp.* Ástæður nefndarinnar fyrir þessari breytingu má sjá af nefndarálitinu. Nefndin ræður til að hækka skattinn, sumpart

vegna hækkandi verðlags, er muni hafa áhrif á verðlagsskrána, að minnsta kosti næsta ár, og sumpart af því, að telja megi víst, að lausafjárhundruðin fjölgi nokkuð í haust, vegna hins góða árferðis og hinna ágætu skepnuhalda næstliðið ár.

Við 3. gr. hefir nefndin ekkert að athuga.

Við 4. gr. hefir nefndin ekkert að athuga að því er snertir tekjurnar af viðlagasjóðnum, sem í stjórnarfrv. eru áætlaðar 62.000 kr. En eins og h. þingdm. sjá, hefir nefndin stungið upp á breytingum við athugasemdirnar í þessari grein. Í fyrri athugasemdinni stendur: »Af láni til Staðarbyggðarmýra greiðist að eins 4% á ári í leigu af hinni upphaflegu upphæð«. En nefndin vill bæta inn á eptir orðinu »leigu« orðunum: »og afborgun». Það hefir orðið ágreiningur út af þessu atriði milli hæstv. landsh. og yfirskoðunarmanna landsreikninganna. En þegar tillögur fjárlaganefndar neðri deildar voru samþykktar 1885, þá var tilætlazt, að 4% af hinni upphaflegu upphæð af láninu til Staðarbyggðarmýra yrði tekin bæði upp í leigur og afborgun. Í frumv. stjórnarinnar 1887 vitnaði hún í fjárlögin fyrir 1886 og 1887, að því er hjer um rætt atriði snertir, og það er því hægt að sjá, að það hefir eigi verið tilætlun stjórnarinnar, að gera breytingu frá því, sem áður hafði verið og sem nefndin nú stingur upp á, en orðin »og afborgun» hafa sjálfsagt fallið úr stjórnarfrumvarpinu af vangá. Nefndin leggur þess vegna til, að þessi breyting verði gjörð til þess að koma frumv. í samkvæmni við það, sem upphaflega var tilætlað í þessu efni. En það er samt ekki mikilvægt atriði, sem hjer er um að gera.

Síðari athugasemdina í 4. gr. leggur nefndin til að fella úr frumv. af þeim ástæðum, sem nefndar eru í nefndarálitinu. Nefndin álítur sem sje ekki nauðsynlegt að gefa eptir rentur af þessu 2000 kr láni til Holtsprestakalls. Þar á móti álítur hún, að koma megi greiðslu lánsins með öllum vöxtum svo fyrir, að hún verði ekki örðug fyrir hlutaðeigandi prestakall. Eins og sjest af ástæðum stjórnarfrumv., á Holtsprestakall að borga 1890 í vexti og afborgun af hinu fyrra láni 144 kr., er fer minnkandi á ári um 4 kr. 80, a. þangað til 1895, að til þess kemur að borga vexti og afborgun af hinu síðara láni, sem þá er 180 kr., og því láni verði svo lokið 1914. Í stað þessa bendir nefndin á annað fyrirkomulag á borgun þessara lána. Nefndin álítur að gefa mætti þessu prestakalli kost á, að bæði lánin sjeu lögð saman, og að borgað verði árlega í 28 ár 6% á ári upp í vexti og afborgun frá 5. maí þessa árs. Þannig verða það að eins 12 kr., sem prestakallið þarf að borga meira næsta ár, en eptir því fyrirkomulagi, sem nefnt er í stjórnarfrumv., og 1895 jafnvel 24 kr. minna. Með þessu fyrirkomulagi dregst afborgun lánsins um 3 ár, en kjörin eru að öðru leyti engu erfiðari fyrir hlutaðeigandi prestakall en sú tilhögun, sem nefnd er í stjórnarfrumv.

Þá hefir nefndin lagt það til, að nýrri athugasemd verði bætt inn í greinina. Eins og menn muna, var rætt hjer á þingi 1887 um hallærislán til Húnavatnssýslu. Sýslunefndin í Húnavatnssýslu fjekk þetta lán, en ekki með sömu kjörum eins og þess konar lán höfðu áður verið veitt, heldur með talsvert harðari kjörum. Henni voru nefnilega ekki gefnar eptir neinar rentur eins og öðrum. Hallærið hefir auk þess lagzt þungt á þessa sýslu undanfarin ár, þar sem lausafjártíund hefir minnkað þar meira en um helming. Batinn, sem nú er kominn, er mest fólginn í því, að meira heyjast, en heyið er þó auðvitað ekki strax orðinn gjaldeyrir, og mönnum verður tilfinnanlegt, að skerða hinn litla bústofn, þeg-

ar húast má við, að nóg fóður verður fyrir hann. Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, hefir sýslunefndin í Húnavatnssýslu beðið um frest á afborgun lánsins um nokkur ár. Enda þótt hjer sje ekki farið fram á hina minnstu fjárveiting úr landssjóði, þá getur nefndin þó ekki lagt það til, að þessi beiðni verði tekin til greina í heild sinni. En nefndin vill á hinn bóginn leggja það til, að árið 1890 verði veittur frestur á afborgun af þessu hallærisláni.

Frekari athugasemdir viðvíkjandi tekjunum hefir nefndin ekki fundið ástæðu til að gjöra.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögum. (E. Br.) tók fram, hefir h. nefnd ekki gert neinar verulegar breytingar á tekjukafla frumv.

Nefndin hefir stungið upp á þeirri einni breytingu á 2. gr. frumv., að færa skattinn á ábúð og afnotnm jarða og á lausafje upp um 3 00 kr. Þetta er sjálfsagt áætlun, og er vonandi að afraksturinn nemi þessari upphæð, sem nefndin stingur upp á.

Eiginlega efnisbreytingu hefir nefndin gert við fyrri athugasemdina í 4. gr. um lánið til Staðarbyggðarmýrar. Jeg get ekki verið fullkomlega sampykkur h. nefnd um, að það sje meiningin, að 4% af láni til Staðarbyggðarmýra teljist sumpart sem leiga og sumpart sem afborgun af nefndu láni. Því eins og kunnugt er, hefir mestum hlutanum af láni þessu verið snúið upp í hækkuð jarðarafgjöld. Þessi hækkun er gerð fyrir fullt og allt, en ekki tiltekin ár. Þannig eru þessir 4% skoðaðir sem fast ævarandi gjald, en ekki sem afborgun. Þess vegna er heldur ekki ástæða til að fara öðru vísi með jörðina Munkaþverá, en aðrar jarðir; því jeg tel sjálfsagt, að hækkað verði afgjald af henni þegar ábúendaskipti verða. Þá er ein jörð, jörðin Kristsnes, sem er eign legats Jóns Sigurðssonar. Ef þessi 4%, sem greiðast á ári af þessari jörð, eiga að skoðast sem leiga og afborgun, þá fellur allt gjald af þessari jörð niður eptir tiltekinn áratíma, og þá verða lánskjörin öðruvísi fyrir hana, en fyrir hinar jarðirnar. Það er þó auðvitað, að ef h. þingd. fellst á þessa skoðun h. nefndar, þá er ekki um neitt að tala; en jeg get með engu móti fallizt á, að þessi skoðun sje rjett.

Að því er snertir seinni athugasemdina í 4. gr. stjórnarfrumv., um lánið til Holtsprestakalls, þá get jeg verið samdóma h. nefnd um það, að kostir þeir, sem hún stingur upp á viðvíkjaadi endurborgun þessa láns, sjeu ekki lakari en þeir, sem stjórnarfrumv. stingur upp á, og má þess vegna una við þessa uppástunga nefndarinnar, einkum þar sem það sjest, að nefndin hefir ekki viljað taka til greina aðra beiðni frá sama prestakalli.

Þá hefir h. nefnd stungið upp á nýrri athugasemd við þessa sömu grein. Sú athugasemd er um það, að 1890 skuli Húnavatnssýslu veitast frestur á afborgun af hallærisláni; þessi uppástunga virðist mjer ekki koma vel við. Jeg sje ekki, hvaða ástæða er til, að veita þennan frest fyrir árið 1890 eitt. Húnvetningar eiga þá að greiða afborgun upp í lánið 1888 og 1889, sleppa svo við afborgun 1890, en borga svo aptur 1891 o. s. frv. Jeg held, að eins rjett hefði verið að veita frestinn fyrir 1888 og 1889; því þeim hlýtur að vera erfiðara að borga fyrir fyrstu árin. Ef þessvegna ætti að vera spurning um að veita þessari sýslu nokkurn frest með afborgun, þá ætti það að mínu áliti helzt að vera fyrir fyrstu árin.

Grímur Thomsen: Jeg á breytingartill. við 4. gr. tekjukaflans. Reyndar er svo, að efni þessara breytingartill. er að nokkru leyti sampykkt af h. þingd. með tillögum reikningslaganefndarinnar, sem sampykktar voru rjett áðan. En eins og

hæstv. landsh. tók fram, er sú tillaga reikningslaganefndarinnar, er snertir þetta efni, nokkuð óákveðin. Tillaga reikningslaganefndarinnar fer fram á, að öllum landssjóðslánum til einstakra manna verði smámsaman eptir atvikum breytt í afborgunarlán, og að engin slík lán verði framvegis veitt úr viðlagasjóði, nema gegn árlegri borgun, í lengsta lagi til 28 ára. En í breytingartillögu minni er það lagt til, að skuldabrjefum viðlagasjóðs með hálfs árs uppsagnarfresti skuli upp segja, en breyta í skuldabrjef með 6% vöxtum og afborgun í 28 ár, ef lántakendur æskja þess. Þessi mín tillaga er ákveðnari, og afborgun með 6% er mjög hæg fyrir lántakendur. Upphæð þessara lána, sem hjer ræðir um, er meiri en allra annara lána, sem viðlagasjóður á úti standandi. Hún nemur nú nokkru meira en 350,000 kr. Ef nú breytingartill. mín fær framgang, þá verður afleiðingin sú, að rúmar 7000 kr. koma inn árlega fram yfir það, sem áætlað er. Í staðinn fyrir 14000 kr. kæmu þá t. d. inni 21,000 kr. Þetta fje er samt ekki að skoða sem eyðslufje, heldur ætti landssjóður að hafa það til að lána það öðrum. Því það er sanngjarnt að það fari til sem flestra. Jeg skal játa það, að þessi upphæð er ekki stór, en nokkur hjálp gæti orðið að henni á hverju ári, ef breytingartill. mín yrði samþ. En eins og ekki er óhagur af þessu fyrir viðlagasjóðinn, þá er hagur af því fyrir landsbúa sjálfa. En að láta lánin standa lengur, án þess að borgað sje af þeim, getur verið mjög hættulegt fyrir lántakendur og erfingja þeirra, því að með því fyrirkomulagi, sem er, eiga þeir á hættu, að lánunum verði sagt upp eptir hálft ár, og geta við það komizt í mestu vandræði. Jeg þarf ekki að taka nein dæmi til að sanna þetta. Það er auðskilið. Það er ærið miklu hagkvæmara fyrir lántakanda, að greiða litla afborgun af láninu á hverju ári, heldur en að borga lága vexti, en eiga það svo á hættu, að honum eða hans verði sagt upp láninu og þeir svo neyddir til að borga það allt út, hvernig sem á stæði fyrir þeim. Jeg vona þess vegna að h. þingd. samþykki þessa breytingartillögu, því í rauninni er hún samþ. með tillögum h. reikningslaganefndar. En það er vissara að gefa út lög; en tillögur og athugasemdir á fjárlögum eru lög. Þess vegna er vissara að samþykkja þessa athugasemd við 4. gr., sem jeg nú sting upp á, en að láta sjer nægja tillögu h. reikningslaganefndar.

Þá vil jeg minnast á annað atriði, sem snertir mig persónulega sem þingmann; það er frestur sá á afborgun, af hallærisláni Húnavatnssýslu, sem h. nefnd stingur upp á. Flestir h. þingdm. munu muna eptir umræðunum um veiting þess hallærisláns til Húnavatnssýslu á þinginu 1887. Þeir munu þá líka muna, með hvaða ákafa h. 1. þm. Húnv. (E. Briem) barðist móti nefndinni; þá fjellu orð af munni h. þm., sem voru þung fyrir mig. En nú er það fram komið, sem bendir til, að jeg hafi þá sjeð eins vel fram í veginn eins og hann. Þá komst þessi h. þm. svo að orði: «Þá verð jeg í kröptugasta máta að mótmæla því, að nokkur óskilsemi hafi átt sjer stað í greiðslu hallærislána úr Húnavatnssýslu». «Það er því mjög illa gjört», sagði hann ennfremur, «að sveigja því að Húnvetningum, að þeir muni sýna nokkra óskilsemi, hvað hallærislánin snertir». Nú geta verið misjafnar skoðanir á því, hvað er skilsemi og hvað ekki; þó get jeg ekki kallað það fullkomna skilsvísi, að biðja nú um 5 ára frest á afborgun þessa láns, sem þeir hafa nýlega fengið. Hjer við bætist og það, að ef ástæða er til fyrir sýslunefnd Húnavatnssýslu að biðja um þennan frest, þá er eins ástæða fyrir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að biðja um hið sama. En sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir, þó hún hafi ekki eins mikið úr að spila eins og hin,

borgað upp í topp það, sem hún hefir átt að borga til þessa. Það á að vera sýslunefndinni í Húnavatnsýslu til meðmælingar í þessu efni, að fellirinn hafi gjört hana ófæra til að standa í skilum, og þó tíðin sje nú farin að batna og meira verði sett á, þá eigi sýslubúar illt með að skerða hinn litla bústofn sinn. Þessar sömu ástæður gat Skagafjarðarsýsla haft. En munurinn er sá, að Skagafjarðarsýsla er skilvís, þar sem Húnavatnssýsla er óskilvís. En jeg geng að því vísu, að h. framsögum. og skrifari fjárlaganefndarinnar (E. Briem) hafi verið í minni hluta í nefndinni í þessu máli, og að hinir nefndarmennirnir hafi neytt hann til að vera með þessu. Hann hefir sjálfsagt viljað láta Húnvetninga borga skilvíslega, en þeir hafa látið traust hans á skilvísi þeirra til skammar verða. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þennan kafla frumv.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Út af orðum bæstv. landsh. um fyrri athugasemdina, þá er það, að mínu áliti, rjett, sem hann tók fram. Það er ekki verulegur munur gjörandi á neinum jörðum landssjóðs og þessari einu jörð, þar sem leigur og afborgun eru greiddar sjerstakar, án þess að vera fólgnar í hækkuðu eptirgjaldi. En þó er munur á þessari jörð, Múnkaþverá, og þeirri jörðinni, sem landssjóður ekki á, Kristnesi, og veit jeg ekki hvort eigandi hennar finnur sjer skylt að borga meira en um var samið. En viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði um frestun á afborgun hallærisláns Húnavatnssýslu um árið 1890, þá er það alveg rjett, að það hefði verið Húnvetningum betra að fá frestinn fyrir fyrstu árin. En þar sem nefndin hafði til meðferðar fjárlagafrumv. fyrir árin 1890 og 1891, þá gat ekki verið þar að tala um svolátandi athugasemd, að Húnavatnssýslu veittist frestur á afborgun hallærisláns fyrir 1888—1889.

Viðvíkjandi hinni nýju athugasemd um lán úr viðlagasjóði, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) vill láta bæta inn í fjárlögin, þá hefur þetta sama efni verið rætt hjer á fundinum í dag út af tillögum landsreikningslaganefndarinnar. Hæstv. landsh. sagði þá, að betra mundi að láta þetta mál bíða næsta fjárhagstímabil, og nefndin getur heldur ekki gjört sjer vel grein fyrir, hvernig þetta ákvæði mundi koma niður á hina einstöku. Í einstöku tilfellum kann ráðstöfun sú, sem hjer ræðir um, að koma miður vel við og almenn ákvæði því viðvíkjandi geta að svo stöddu verið viðsjál. En eptir því sem hæstv. landshöfðingi tók í tillögu reikningslaganefndarinnar um þetta efni, sem samþ. var á fundinum í dag, þá virðist ekki nauðsynlegt að knýja það fram nú með bindandi laga-ákvæði.

Orðum þeim, sem h. þm. vjek að mjer sjerstaklega, ætla jeg að leiða hjá mjer að svara; þau eru ekki þess verð. Jeg skal að eins benda þm. á, að það er sitt hvað, óskilvísi og að spyrja um, hvort fje megi ávaxtast hjá sjer einu ári lengur en upphaflega var ákveðið.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. nefndarinnar við 2. gr. samþ., tölul. 1. a. með 20 atkv., 1. b. með 19 atkv.; 2.—13. tölul. 2. gr. frumv. samþ. í einu hljóði; 2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. h.; 3. gr. tölul. 1 ásamt fyrirsögn grein. samþ. í e. h.; 2. tölul. 3. greinar samþ. í einu hljóði; 3. gr. frumv. í heild sinni samþ. í e. h.; 4. gr. frumv. aptur að athugasemd samþ. í e. h.; ný athugasemd frá þingm. Borgf. felld með 15 : 2 atkv.; viðbót nefndarinnar við fyrri athugasemd frumv. samþ. með 18 : 3 atkv.; um þessa athugasemd var viðhaft nafnakall, og sögðu:

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Grímur Thomsen.
Sigurður Jensson.	Þórarinn Böðvarsson.
Árni Jónsson.	Þorsteinn Jónsson.

Eiríkur Briem.
Gunnar Halldórsson.
J. Jónss. 1. þm. N.-M.
J. Jónss. þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson.
Jónas Jónassen.
Ólafur Briem.
Ólafur Pálsson.
Páll Briem.
Sig. Stefánsson.
Sveinn Eiríksson.
Þorl. Guðmundsson.
Þorleifur Jónsson.
Þorv. Bjarnarson.
Þorvarður Kjerúlf.

Fyrri athugasemd í 4. gr. með viðbót samþ. í e. h.; tillaga nefndarinnar við síðari athugasemd frumv. samþ. með 16 atkv.; ný athugasemd frá nefndinni samþ. með 13 : 8; um þessa athugasemd var viðhaft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Árni Jónsson	Grímur Thomsen
Eiríkur Briem	Gunnar Halldórsson
J. Jónss. þm. N.-Þ.	J. Jónss. 1. þm. N.-M.
Jónas Jónassen	Jón Þórarinsson
Ólafur Briem	Ólafur Pálsson
Páll Briem	Sigurður Stefánsson
Sveinn Eiríksson	Þorvaldur Bjarnarson.
Þórarinn Böðvarsson	
Þorlákur Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson	
Þorsteinn Jónsson	
Þorvarður Kjerúlf.	

4. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 20 samhlj. atkv.; 5. gr. frv. ásamt fyrirsögn samþ. í e. hlj.; 6. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 1. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 19 samhlj. atkv.

Þrítugasti fundur, mánudag 5. ágúst kl. 6 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 1, 334, 368); framh. 2. umr.

Annar kafli, 7.—12. gr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Við 1. umr. þessa máls vakti hæstv. landsh. athygli deildarinnar á því, að ef breytingar þær, sem nefndin stingur upp á, ná fram að ganga, vaxi tekjuhallinn eigi svo lítið. Þetta er mikið alvörumál, og full ástæða til þess að veita því nákvæma eptirtekt. En þegar rjett er álitið, verður nefndin eigi átalin fyrir, að útgjöldin vaxi mikið. Hjer um bil helmingur af mismuninum liggur nefnilega í því, að nefndin ræður til að taka ýms lögákveðin gjöld upp á fjárlögin með þeirri upphæð, sem gjöra má ráð fyrir, að þau í raun og veru muni verða, en sem í frv. stjórnarinnar eru langt of lítið áætluð, og skal jeg minnast á þau við hinar einstöku greinar, sem þau eru tilfærð undir. Þegar þessi gjöld eru ekki tekin upp í fjárlögin með nægilegri upphæð, svíkur maður eiginlega sjálfan sig, þar sem þau þó koma til útgjalda og eru þá sett á fjáraukalög o. s. frv. Nefndin stingur og upp á, að tillagið til gufuskipaferða sje aukið um meir en helming, og munar eigi lítið um það. Þegar þessar tvær upphæðir eru dregnar frá, er mismunurinn svo lítill, að hann hefir engin áhrif á fjárhag landsins.

Við 8. og 9. grein hefir nefndin ekkert að athuga.

Við 10. gr. A. 3. er þess að geta, að til fjárlaganefndarinnar hefir komið bænarská frá hinum umboðslega endurskoðanda, þess efnis, að honum væri veitt 600 kr. árleg launaviðbót, vegna þess, hve mjög störf hans aukast, þegar kaffi, og sykurtollslögin komast á; gjörir hann ráð fyrir, að það muni þurfa 2 mánuði til þess að rannsaka þá reikninga. Nefndin fann sanngjarnt, að tekið væri tillit til þess, hvað

störf endurskoðanda þannig aukast; en þar eð eigi kemur til að endurskoða kaffi- og sykurtollsreikninga fyrr en 1891, leggur hún til, að fje verði veitt að eins fyrir seinna ár fjárhagstímabilsins, og eins það, að það sje eigi veitt endurskoðanda sem launaviðbót, heldur til þess, að ljett verði undir með honum við endurskoðun sjerstakra reikninga.

Við 10. gr. B. 4. e. er þess að gæta, að kostnaðurinn við sakamál hefir undanfarin ár orðið miklu meiri en áætlað hafði verið, nefnilega 2598 kr. árið 1887 og 3621 kr. 1888; þykir því nefndinni ástæða til að ætla, að hann eigi muni verða minni en 1500 kr. næstu ár.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa lagt til, að andvirði Stjórnartíðindanna verði flutt til 2. gr. 13 í fjárlögunum frá 10. gr. C. I; og virðist nefndinni það eiga vel við; leggur hún því til, að þessi tekjugrein falli burt á þessum stað. Aptur á móti sá nefndin eigi ástæðu til, að breyta tölupphæð 13. gr af þessum orsökum. Þetta breytir tölupphæð fjárlaganna, en eigi hag landssjóðs um einn einasta eyrir.

Nefndinni virtist hagkvæmt, að stjórnartíðindin verði höfð á boðstólum hjá einhverjum bókasölumanni, þegar hver árgangur væri fullprentaður.

Nefndin fellst á þá upphæð, sem í stjórnarfrumv. er farið fram á til búnaðarskóla (10. gr. C. 4.), en vill taka inn í sjálft frumv. upphæð þá, er hver skóli skal fá, og gefst þá þm. kostur á, að greiða atkvæði um þær sjerstakar.

Sömuleiðis fellst nefndin á upphæðir þær, sem Hólaskóla og skólanum í Ólafsdal eru ætlaðar í athugasemdunum við stjórnarfrumv., en getur eigi verið á því, að gera þann mun á Eiðaskólanum og Hvanneyrarskólanum, sem þar er farið fram á. Þykir henni eigi ástæða til þess, að skoða styrk þann, sem Eiðaskólinn fær úr styrktarsjóði þeirra, er bíða tjón af jarðeldi, sem veittan af landssjóði.

Hvanneyrarskólinn er enn lítið á legg kominn, og virðist því eigi ástæða til þess, að veita honum meira en helmingi meiri styrk úr landssjóði, en hinir skólarnir hafa fengið fyrstu árin, en það fengi hann, ef honum væru veittar 2500 kr. af þessum 4000 kr., sem báðum skólunum eru ætlaðar. Nefndin leggur þá til, að þessari upphæð sje skipt til helminga milli Eiðaskólans og Hvanneyrarskólans.

Nefndin hefir fallizt á, að sleppa fje því til eflingar búnaði, sem sýslunefndirnar hafa haft til ráðstöfunar, og sömuleiðis á það, að styrkurinn til búnaðarfjelaga væri færður upp í 8000 kr., er áður var ásamt fjárveiting til Eiðaskólans 6000 kr. Þetta er allmikil upphæð, og getur nefndin eigi fallizt á breytingartill. nokkurra þm., sem vilja hækka hann enn upp í 10,000 kr.

Mikil stökk eru viðsjárverð hjer sem annarsstaðar. H. þm. gera ráð fyrir, að búnaðarfjelögunum muni fjölga; en þau eru þó ekki enn þá til. Ef styrkurinn nú þegar væri settur svo hár, að engin líkindi væru til, að hann gæti hækkað, og búnaðarfjelögin svo fjölguðu, yrði það til þess, að menn neyddust til að minnka styrkinn til hinna eldri, þegar hin nýjn kæmust á fót.

Nefndin leggur til, að stafliðurinn C. 4. c. verði öðruvísi orðaður, bæði til þess, að tímaritið verði eigi einskorðað við að flytja landbúnaðarritgjörðir, heldur og megi inni halda ritgerðir um sjávarútveg o. s. frv., og svo til þess, að nafn útgefanda verði tilgreint.

Nefndinni hafa borizt 2 bænarskrár, er hún leggur til, að tillit verði tekið til við þennan tölulið. Önnur þeirra er frá Edilon Grímssyni, um 300 kr. styrk til þess, að kaupa fyrir verkfæri. Þessi maður er,

eptir því sem nefndin bezt til veit, duglegur, en fátækur. Hann hefir fengizt við þilskipasmíði fyrir norðan, áður en hann kom hingað til Reykjavíkur. Hann sigldi í vetur, til þess að verða fullnuma í skipasmíði, og hefir því sjálfsagt meiri kunnáttu en aðrir Íslendingar í þeim efnum; væri það meinlegt, ef hann gæti eigi neytt hennar sakir verkfæraleysis. Nefndin leggur þá til, að bæn hans sje tekin til greina, einkum þar sem um svo litla fjárupphæð er að ræða.

Hin bænarskráin er frá sjera Oddi V. Gíslasyni, um 1000 kr. styrk til þess að ferðast um og leiðbeina í ýmsu, er að sjósóknum lýtur, og finnst nefndinni ástæða til þess, að styrkja slíkt af almannafje. Vill hún því leggja til, að honum verði veittar 500 kr. árlega í þessu skyni, og treystir því, að amtsráðin og búnaðarfjelögin muni veita honum samtals eigi minni styrk en hann fær úr landssjóði. Amtsráð Suðuramtsins hefir þegar byrjað að styrkja hann í þessu skyni.

10. gr. C. 5. Eins og deildinni er kunnugt, fellst nefndin á uppástungur stjórnarfrumv. um útgjöldin undir þessum tölulið; að eins vill hún láta nægja að gera við einstakar torfærur á Grímstungnaheiði, en ekki kosta miklu fje til framhalds vegagerðar þar. Svo vill hún vekja athygli á því, hversu nauðsynlegt það væri, að vissir menn hefðu eptirlit með vegunum. Mætti opt spara mikið fje, ef gert væri við smágalla í tíma. Það eru margir vegir, sem landssjóður þarf að láta gera, og vita allir, hve nauðsynlegt það er, að þeir kunni að verkinu, sem það gera. En nú eru eigi innlendir menn til, er kunna að vegagerð; verður því allt af að fá útlendinga, þegar vegi þarf að leggja, og er það miklu dýrara en ef innlendir menn fengist; því þótt þeir tækju sama kaup, þarf að borga útlendingnum ferðakostnað og kaup meðan hann er á leiðinni. Hafa menn dæmi þess, að það borgar sig, að láta innlenda menn læra, þótt nokkru þyrfti að kosta til. Jeg veit t. a. m. til þess, að Geir kaupmaður Zoëga hafði fyrst útlenda menn fyrir skipstjóra á skipum sínum; en seinna fjekk hann menn til að nema stýrimannafræði á sinn kostnað, og verða síðan skipstjórar á skipum sínum, og hefir það borgað sig prýðisvel fyrir hann. Nefndin leggur því til, að Erlendur nokkur Zakaríasson á Bergi sje styrktur til þess að fara utan og nema vegagerð. Erlendur þessi hefir fengizt við vegagjörð síðan 1886, að Hovdenak kom hingað; er hann því æfður og líklegur til þess, að geta lært meira en aðrir menn óæfðir. En til þess að eiga sem minnst á hættu, leggur hún til, að styrkurinn fyrra árið verði honum eigi útborgaður fyrri, en hann er kominn til Noregs og byrjaður á náminu, og styrkurinn fyrir síðara árið eigi fyrr en hann kemur aptur og er ráðinn til vegagjörðar hjer á landi. Virðist þetta eigi mikil áhætta, og jafnvel minni en að leggja fje til skóla, til þess að styrkja unga menn til náms, því tvísýnt er, hvert gagn fyrir landið verður af hverjum þeirra.

Breytingartill. nefndarinnar við töluliðinn *C. 6* eru mjög þýðingarmiklar. Eins og mönnum er kunnugt, var upphæðin til gufuskipaferða færð niður um helming 1887, og afleiðingin þar af var, eins og eðlilegt er, að ferðirnar fækkuðu. Ástæðan til þeirrar niðurfærslu var hinn bágborni hagur landssjóðs, er þá var svo slæmur, að nauðsynlegt var að takmarka útgjöldin sem allra mest. Nokkrir þm. hjeldu því þó fram þá, að eigi mætti færa niður upphæðina sakir þess, hve ómetanlegt gagn greiðar samgöngur væru fyrir landið, en öðrum þm. þótti nauðsynlegt, að færa hana niður sakir þess, hvernig á stóð; en allir töldu það neyðarkosti. Síðan hafa heyrzt margar raddir í ritum og ræðum

um, að nauðsyn bæri til þess, að fjölga ferðunum aptur. Nefndin er því alveg samdóma, og leggur því til, að færa upphæðina upp um helming, svo hún verði hin sama og áður var. Þetta þó því að eins, að gufuskipaferðirnar aukist sem því svarar og verði hagkvæmari.

Hvað árferðinu viðvíkur, þá er náttúrlega óvíst, hvernig það muni verða eptirleiðis; en opt hefir viljað svo til, að nokkur harðindaár hafa farið saman og hins vegar góðviðris- og hagsældarárin. Geta menn því búizt við, að íslítið muni verða á næstu árum; en það er skilyrðið fyrir, að strandferðirnar komi að fullum notum.

Að því er tilhögunina snertir, hefir nefndin eigi treyst sjer til, að búa til reglulega áætlun um ferðirnar, en að eins tekið fram í nefndarálitinu, að ferðirnar norðan um land mættu eigi vera færri en 5; og svo þykir nefndinni það miklu skipta, að hin síðasta þeirra verði svo seint, að menn að norðan geti sent með henni afurðina af sláturfjenu hingað suður, ef þeir æskja þess. Sömuleiðis, að ferðirnar byrji fyr en áður, ef ís eigi hindrar; enda er ísinn stundum minni í apríl en í maí og júní. Nefndin leggur enn fremur til, að Ísfirðingum verði veittur 3000 kr. styrkur til gufubáts við Ísafjarðardjúp. Álítur hún, að þetta geti orðið til mikilla nota í sjálfu sjer, og svo til leiðbeiningar um, hvernig slíkar tilraunir mundu heppnast annarsstaðar. Bænarskrá Ísfirðinga fór fram á, að fá 4000 kr.; en nefndin sjer sjer eigi fært að leggja til, að meira verði veitt en 3000 kr.

Jeg tek fyrst eptir því nú, að upphæðin til Prestsbakkakirkju á að koma til útgjalda við 13. gr. en eigi 10., eins og nefndin ætlaðist til og eðlilegast er, en þetta má laga síðar.

Viðvíkjandi 11. gr. skal jeg geta þess, að nefndin leggur til, að nýtt aukalæknishjerað verði stofnað í 4 nyrztu hreppum Norður-Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá. Hvergi annarsstaðar á landinu er nú jafn víðlent og fjölmennt svæði, sem á eins langan og erfiðan veg að vitja læknis.

Sömuleiðis leggur nefndin til, að styrkurinn til náms yfirsetukvenna sje færður upp í 2000 kr. Það eru lögákveðin útgjöld, en upphæðin verið sett of lág, því um næstliðin 3 ár hefir hún að meðaltali verið 2465 kr.

Til fjárlaganefndarinnar hefir komið umkvörtun frá 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) yfir því, að aukalæknirinn í Dyrhólahreppi sitji á óhentugum stað; fara þeir fram á, að það sje gert að skilyrði fyrir útborgun styrksins, að þetta verði lagfært. Nefndin er h. þm. samdóma um, að það sje næsta áríðandi, að læknar sitji á hagkvæmum stað, en þar eð hún treystir því, að hæstv. landshöfðingi muni vera henni samdóma um þetta, og hlutast til um, að breyting verði á gerð, ræður hún frá að skilyrði viðvíkjandi þessu verði tekið upp á fjárlögin, því það er þá óþarft.

Viðvíkjandi 12. gr. stingur nefndin upp á, að 150 kr. sje bætt við upphæð þá, er brjefhirðingarmönnum er ætluð. Hvað póstflutninga snertir, leggur nefndin til, að 1000 kr. sje bætt við fje það, sem til þeirra er ætlað. Til hennar hafa komið margar bænarskrár um auknar póstferðir, og ætlar hún, að sumar þeirra hafi við full rök að styðjast; leggur hún því til, að þeim sje fjölgað, en brestur kunnugleika til þess að koma fram með ákveðnar tillögur í því efni, öðruvísi en gert er í nefndarálitinu.

Viðvíkjandi bögglsendingum, sem kosta landssjóð mjög mikið fje, liggja nú lög fyrir þinginu þess efnis, að burðargjald undir þær á vetrum verði hækkað.

Er líklegt, að við það minnki kostnaður landssjóðs með því móti, að minna verði sent af bögglum en áður, og þurfi minna fje að kosta til.

Skal jeg svo eigi fara fleiri orðum um þennan kafla að sinni.

Landshöfðingi: Nefndin hefir ekki farið fram á neinar verulegar breytingar við þennan kafla frumvarpsins, og er jeg henni þakklátur fyrir það; hún hefir stungið upp á að hækka 2 liði, nefnilega kostnað við sakamál og lögreglumál, og til náms yfirsetukvenna, og er það á rökum byggt.

Aðra litla breytingu hefir h. nefnd gert við 10. gr. C. 1., viðvíkjandi stjórnartíðindunum, sem fólgin er í því, að borgun fyrir seld eintök, sem þar er dregin frá kostnaðinum, verði felld í burtu og færð inn í 2. gr. undir tekjum; jeg hefi ekkert á móti þessari breytingu; en ef nefndin hefði viljað vera sjálfri sjer samkvæm, þá hefði hún líka átt að nema burtu úr gjaldlið 10. gr. B. 3., arðinn af verkum fanganna í hegningarhúsinu, og flytja hann yfir í tekjubálkinn. Jeg tek þetta að eins fram samkvæmninnar vegna, en ekki af því, að jeg leggi áherzlu á það. Þar sem í nefndarálitinu er gefin bending um, að semja við einhvern bóksala um útsölu stjórnartíðindanna, þá skal jeg geta þess, að ekki er hægt að búast við, að tíðindin seljist að nokkrum mun, þar sem svo mörgum expl. er útbýtt gefins, svo sem til allra embættismanna, umboðsmanna, hreppstjóra, hreppsnefnda, presta og póstafgreiðslumanna o. s. frv., svo að meðaltali munu koma 3 expl. í hvern hrepp á landinu; aðalatriðið er ekki sala þeirra, heldur útsending, og því þýðingarlítið að semja við bóksölumenn um útsöluna eina.

Enn er lítil breyt.till., sem nefndin fer fram á, að lækka tillagið til Hvanneyrarskólans um 500 kr., og bæta þeim við Eiðaskólann; jeg skal ekkert hafa á móti því; en 1887 hafði Eiðaskólinn ekki góðan byr, og því hefir stjórnin ekki stungið upp á hærri styrk; en ef fengin er vissa fyrir, að hann sje kominn í betra horf, þá er rjett að hækka styrkinn.

Enn fremur hefir nefndin gert orðabreytingar við 10.gr. C.4.c., um styrkinn til útgáfu búnaðarrits. Það sem stjórninni gekk til að tilnefna ekki sjerstakan mann, var það, að Hermann Jónasarson er kominn í fasta stöðu, sem mun hafa mikil störf í för með sjer, og jeg hafði þar að auki heyrt, að hann ætlaði að hætta við útgáfu tímaritsins; en það getur farið á milli mála; en úr því maðurinn er tilgreindur, verður styrkurinn eigi veittur til búnaðarrits, nema Hermann gefi það út.

Það var ekki meining stjórnarinnar, að lagður yrði reglulegur vegur yfir Grímstungnaheiði, heldur að gerður væri þolanlegur sá hluti vegarins, sem ekkert hefir enn verið gert við, og helztu torfærur greiddar; það kæmi sjer sjálfsagt vel, að bæta þann kaflann, sem eptir er, því þó það sje eigi á öllum tímum árs, sem vegurinn er farinn, þá er hann þó töluvert fjölfarinn á sumrum, einkum þegar vel vorar.

Nefndin hefir stungið upp á ýmsum nýjum fjárveitingum, og geta verið ýmsar meiningar um þær, hve nauðsynlegar þær sjeu; jeg skal ekki hafa neitt sjerlega á móti þeim; en það er ein fjárbæn, á fylgiskjali 281, sem nefndin hefir ekki viljað taka til greina, og sem hefði átt að komast í 10. gr. C. 4. Það er fjárbæn frá landlækni Schierbeck um 400 kr. styrk á ári handa aðstoðarmanni við garðyrkju; jeg álít, að æskilegt hefði verið, að taka þessa fjárbæn til greina, því það er alkunnugt, hvern áhuga landlæknir Schierbeck hefir á því, að útbreiða þekkingu á garðyrkju, sem hefir, eins og menn játa, mikla þýðingu fyrir hvern búandi mann, því að garðávextir eru einn hinn bezti búbætir. Með þeirri aðferð, sem landlæknirinn hefir stungið upp á, álítur hann

að ekkert sumar verði svo hart hjer á landi, að ekki sje hægt að framleiða með vermireitum nóga garðávexti; ef þetta er rjett, sem jeg efast ekki um, þá er það mikilsvert, að hann geti haldið áfram tilraunum sínum og útbreitt þekkingu á garðyrkjunni, og jeg er viss um, að þá bæru þessar 400 kr. góðan arð; enda eru þær ekki einu sinni nógar handa aðstoðarmanni; sjálfur mundi hann ekkert á því græða.

Jeg er samþykkur fjárveitingu þeirri, sem nefndin leggur til að veitt sje til aukinna gufuskipaferða, og skal, að því er í mínu valdi stendur, styðja að því, að þeim verði eins hagað og nefndin bendir til. Þar sem nefndin leggur til, að veittar sjeu 3000 kr. á ári til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum, þá skil jeg þessa fjárveiting svo, að fjeð falli því að eins til útborgunar, að gufubátsferðirnar sjeu komnar á; jeg geng út frá því, að það hafi verið meining nefndarinnar, sem jeg einnig álít rjett.

Nefndin stingur enn fremur upp á því, að stofna nýtt aukalæknishjerað í 4 nyrztu hreppum Norður-Þingeyjarsýslu; það mun vera alveg rjett hjá h. nefnd, að óvíða sje eins fjölmennt hjerað, sem á eins erfitt með að sækja lækni; en hins vegar yrði 13. læknishjeraðið, sem nú nær yfir tvö prestaköll í Norður-Múlasýslu, næsta lítið, þar sem það næði að eins yfir Skeggjastaða og Hofs prestaköll, þegar aukalæknishjeraðið væri stofnað, en þó er það fastalæknishjerað með konunglegri veitingu. Fjárlaganefndinni hafa borizt ýmsar bænir um styrk til aukalækna, þar á meðal úr Snæfellsnessýslu um aukalækni í Ólafsvík; mjer dettur ekki í hug að efast um, að þörf sje á aukalækni í Norður-Þingeyjarsýslu; en jeg hygg þó, að hún sje engu minni í Ólafsvík, ekki svo mjög vegna víðáttu eða fólksfjölda, heldur vegna þess, hve vont er yfirferðar; einnig er það fjölsótt fiskiver og margir tómthúsmenn; væri mjög æskilegt, að heibrigðisástand þar yrði betra; hefði því að minni hyggju verið allt eins rjett, að taka þá bænarskrá til greina, eins og úr Norður-Þingeyjarsýslu, vegna þess, að svo mjög verður sneitt upp á umdæmi læknisins í 13. læknishjeraðinn.

Mig furðar á, að kvörtun hefur komið til fjárlaganefndarinnar um, að einn aukalækni sitji á óhentugum stað, þar sem jeg hafði aldrei heyrt eitt orð um það áður, og jeg sá það á bænarskránni til þingsins, að læknirinn var fluttur þaðan sem hann bjó síðasta fardagaár; hefðu hlutaðeigendur snúið sjer til landsstjórnarinnar, áður en læknirinn flutti, þá hefðu þeir að líkindum getað fengið því áorkað, að hann hefði aldrei flutt sig; og auðvitað verður honum skipað að flytja sig á hentugan stað, undir eins og umkvörtun kemur til landstjórnarinnar.

Viðvíkjandi 12. gr., þá mun verða rannsakað, hverjar aukapóstferðir sjeu nauðsynlegastar, en í fljótu bragði sje jeg ekki betur en að þær sjeu hinar helztu, er fjárlaganefndin hefir bent til.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Mjer þótti yfir höfuð vænt um að heyra undirtektir hæstv. landsh. undir aðgjörðir nefndarinnar. Hann minntist á, að ekki mundi verða hægt að selja mikið af Stjórnartíðindunum, þótt þau væru látin í bókaverzlun til sölu. Nefndin var að vísu á sömu skoðun; en þó áleit hún, að á þann hátt yrði greiðari aðgangur fyrir menn að ná til þeirra, og þar af leiðandi mundi nokkuru fleiri kaupa þau. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að nefndin hefir að eins borið þetta undir landstjórnina, og hefir hún frjálsar hendur til að gera það sem henni sýnist bezt henta í því efni. Að því er snertir 10. gr. B. 3. b., arðinn af verkum unnum í hegningarhúsinu, þá þótti hæstv. landsh. rjettara, að hann væri talinn með tekjunum, eigi síður en andvirði seldra Stjórnartíðinda; en þar hagar

þó ekki alveg eins til, því að þar mun koma í sama skjali reikningur yfir arðinn og kostnað til vinnunnar; en því er ekki að gegna með Stjórnartíðindin.

Athugasemd hæstv.landsh.um Eiðaskóla er alveg rjett. Fyrir þinginu 1887 lágu engar ákveðnar upplýsingar eða fullnægjandi skýrslur, er gæfu ástæðu til að veita honum nokkra ákveðna fjárupphæð, og því gat það og af stjórnarinnar hálfu verið tilefni til að ætla honum ekki meira fje en til er tekið í fjárlagafrv.; en eptir þeim upplýsingum, sem nú eru komnar fram um hann, sýnist ekki ástæðu til að ætla honum minni styrk en nefndin leggur til.

Að því er snertir 10. gr. C. 4. c., um styrkinn til útgáfu búnaðarrits, þá gekk nefndin út frá því sem sjálfsögðu, að Hermann Jónasson mundi halda útgáfunni áfram. Að vísu var það á orði, að hann mundi ekki gefa ritið út í sumar, en nefndinni var ekki kunnugt um, að nokkur annar mundi ráðast í það.

Viðvíkjandi veginum yfir Grímstungnaheiði er þess að geta, að eptir orðum stjórnarfrumv. skoðaði nefndin svo, að til þess væri ætlazt, að veginum væri haldið áfram í sama horfi og hefir verið á honum, að hann yrði víða hafður upphleyptur; þetta þótti nefndinni að mundi hafa ofmikinn kostnað í för með sjer; en af því vegurinn er þó nokkuð fjölfarinn, gæti verið ástæða til að leggja dálítið fje til viðgjörða á verstu köflunum, t. d. til að ryðja Þorvaldsháls, og til að gera við vaðið á Leggjabrjót, og svo víðar.

Hæstv. landsh. þótti það óheppilegt, að ekki var tekin til greina styrkbeiðni Schierbecks landlæknis. Það er sjálfsagt, að það getur allt af verið álitamál um það, hvað nefndin hefir verið heppin að taka til greina einstök atriði, en sleppa aptur öðrum. En hvað þetta atriði snertir, þá sýndist henni árangurinn nokkuð tvísýnn; hinn sami maður hefir áður fengið 400 kr. styrk til þess að rannsaka bráðapestina, og leita ráða gegn henni, en eigi veit jeg til hvers sú rannsókn hefir leitt.

Viðvíkjandi gufubátsferðum um Ísafjarðardjúp var það alveg rjett athugað hjá hæstv. landsh., að til þess er ætlazt, að styrkurinn, er á að veitast, gengi til þess að halda uppi gufubátsferðum um Ísafjarðardjúp, og verður því ekki borgaður út fyr en þær eru komnar á.

Að því er hið nýja aukalæknisembætti snertir, sem nefndin leggur til að stofnað sje, þá var hún öll samdóma um, að hvergi mundi eins langt að ná til læknis og í Norður-Þingeyjarsýslu, en jafnframt sá hún líka, að 13. læknishjeraðið mundi verða fremur lítið, en hjá því verður varla komizt. Þótt vel geti verið nokkur þörf á lækni í Ólafsvík, þá er þó ekki eins langt að ná til læknis þaðan, eins og sumstaðar úr Norður-Þingeyjarsýslu. Auk þess mundi læknishjerað læknisins í Stykkishólmi verða enn minna en 13. læknishjeraðið, ef aukalækni yrði settur í Ólafsvík, enda hefir þegar verið ákveðið, að setja einn aukalæknir í umdæmi læknisins í Stykkishólmi, það er að segja aukalæknirinn í Dalasýslu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um fjárlögin og álit nefndarinnar. Jeg hefði búizt við, að hún mundi hafa haft allan sparnað, eigi síður en fjárlaganefndin 1887; þó vil jeg ekki ámæla henni fyrir eyðslusemi, enda eru sumar tillögur hennar ekki beinlínis henni að kenna, heldur leiða þær af þeirri stefnu, sem nú er orðin ríkjandi. Sá kafli fjárlaganna, sem nú ræðir um, snertir einmitt þær gjaldagreinir, sem varið er til eflingar búnaði og samgöngum, og þetta hvorttveggja er nú orðin venja að styðja drjúgum með landsfje.

Af þessu skiptir ekki minnstu styrkur sá, sem ætlaður er búnaðarskólunum. Að vísu hefir nefndin hvorki hækkað hann nje lækkað; en eigi að síður þykir mjer

það nokkuð mikil upphæð, að veita 10,000 kr. til búnaðarkennslu í landi, þar sem búa einar 70,000 manna. Nú er svo komið, að vjer höfum fengið 4 búnaðarskóla, alla líklega hjer um bil jafnsnjalla. Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið til, hve mikið fje skuli veita hverjum þessara skóla fyrir sig.

Skal jeg svo leyfa mjer að minnast lítið eitt á hvern þessara 4 skóla. Er þá Ólafsdalsskólinn fyrstur í röðinni; við þann skóla er nokkuð sjerstaklegt; hann er privateign, sem landssjóður er allt af að keppa við að auka og efla; þó skal jeg játa það, að nokkuð gagn muni að honum fyrir landið, því að jeg hef heyrt, að þaðan hafi komið nokkrir dugandi menn. Jeg þekki sjálfur fáeina menn þaðan í mínu kjördæmi; en ekki veit jeg til enn þá, að þeir taki mikið öðrum fram. Það, sem jeg hef sjerstaklega á móti, að þessi skóli sje styrktur, eins og gert hefir verið, er, að hann er eign einstaks manns. Þá kemur Hólaskóli næstur í röðinni. Það mun hafa verið tilætlun fjárlaganefndarinnar 1887, að veita þeim skóla þá ríflegan heimanmund, til þess að koma fótum undir hann, og gera hann sæmilega úr garði, svo að hann gæti ekki barið við fjárskorti; mun það hafa verið tilætlunin um þennan ríflega heimanmund, eins og venja er með heimanmund, að hann væri veittur svo ríflega að eins í eitt skipti; en fjárlaganefndin í ár virðist þó ekki hafa verið á þeirri skoðun. Jeg get ekki annað en minnzt á það, að þótt þessi skóli sje ekki kominn á sveitina, þá er hann þó að komast upp á sýslufjelögin, og mjer sýnist ekki heppilegt, að sami skóli lifi á stórfje bæði úr landssjóði og sýslusjóðum.

Eiðaskólann þekki jeg lítið; hann er svo langt í burt frá mjer; en hið seinasta, sem jeg hefi heyrt um hann, var, að það lægi undir dómi, hvort þar hefði orðið horfellir eða ekki. Yngstur þessara skóla er Hvanneyrarskólinn. Um hann vil jeg taka mjer í munn hin heppilegu orð h. fjárlaganefndar, að hann sje enn «óráðin gáta». Að vísu má svo segja um alla skóla, en þó sjerstaklega um hann. Þessi skóli hefir fengið eina hina beztu jörð, og því sýnist hann ekki þurfa stórfje að auki, og því síður, sem sumar sýslur Suðuramtsins hafa lofað honum árlegum styrk svo sem hin stóra og öfluga Árnessýsla. Að vísu var Gullbringu- og Kjósarsýsla svo naum, að hún vildi ekki binda sig slíkum loforðum. Jeg vildi helzt rýra styrkinn við alla þessa skóla, en ekki svipta þá honum með öllu. Jeg vildi óska að ef einhver af þessum skólum væri öðrum fremri, að honum væri þá veittur mestur styrkurinn og hann gerður að vísindalegum búnaðarskóla, þar sem ýmsar tilraunir væru gerðar. Meðal annars þætti mjer það eiga mjög vel við í landi eins og Íslandi, að reyna að koma þar upp skógarrækt. Ekki er mjer kunnugt um, að nokkur búnaðarskólinn hafi heldur lagt stund á matjurtarækt á sama hátt og Schierbeck landlæknir; þess vildi jeg þó óska, að ef þarf að leggja þeim stórfje úr landssjóði, að þeir bættu þessu hvorutveggju við störf sín. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þessa búnaðarskóla, því jeg býst við litlum árangri af því, nema ef einhverjir h. þingm. vilja koma með breyt.till. um þá til 3. umr.

Hvað önnur fjárframlög snertir, þá er jeg mörgum þeirra alveg samþykkur. Sjerstaklega skal jeg nefna tölulið 12. d. í 10. gr. C.; henni er jeg fullkomlega samþykkur, því að það er næsta nauðsynlegt, að fá einhvern mann, er kunni að stórskipasmíði. Það stoðar lítið að eiga skip, ef enginn kann að gera við það, þegar það bilar.

Að því er snertir 13. e. í 10. gr. C., þá á embættisbróðir minn þar hlut að máli, og vildi jeg gjarna tala sem minnst um þann lið; en eins og hann er orðaður,

get jeg ekki gefið honum atkvæði mitt. Jeg get ekki gefið atkvæði með því, að presti sje veittur styrkur til að vera á ferðum fyrir utan prestakall sitt, nema hann um leið afsali sjer þjónustu þess. Jeg skal engan dóm leggja á tilraunirnar sjálfar, nema þann einn, að jeg veit að presturinn hefir mjög mikinn áhuga á tilraunum sínum og einlægan vilja, að koma þeim fram; en jeg er ekki bær að dæma um, hve skynsamlega þær eru stofnaðar, þótt jeg einu sinni væri að eins ljelegur sjómaður, en hef nú fyrir löngu lagt alla sjósókn niður; en heyrt hef jeg reynda sjómenn efast um, að hve miklu liði þær mundu koma. En ef styrkurinn handa honum væri ætlaður til að gefa út leiðbeinandi rit um sjómennsku, þá mundi jeg engan veginn verða á móti því, því að sízt vil jeg segja að sjómenn og sjómennska sje hjer svo fullkomin, að það geti ekki tekið bótum og fullkomnun.

Jeg þekki að vísu ekki þann mann, sem lagt er til að styrktur sje til vegagjörðar; en ef hann er efnilegur, og ef auðið er að verða fullnuma í vegagjörð á jafnstuttum tíma og hjer er til ætlazt, þá sýnist mjer hyggilega gert, að styrkja innlendan mann til námsins; það mun jafnan verða dýrara að fá útlendan mann til að standa fyrir vegagjörðum hjer. Að vísu getur það haft sína kosti í för með sjer, að fá útlending, en það eru líka miklir kostir því samfara, að hafa innlendan verkfræðing; að minnsta kosti ætti hann betur en útlendingur að þekkja það, hver áhrif vetrarveðurátt hefir á vegina. En það er fleira í þeirri grein, sem jeg vildi veita fje til; jeg vildi að líka væri, veitt fje til verkfærakaupa við vegagjörð, því að slíkt er engu síður ómissandi.

Þá fer nefndin fram á að auka styrkinn vil strandferða. Það getur að vísu verið gott, eins og annað, sem til skemmtana er varið, ef vel gengur; en fremur verð jeg að skoða strandferðirnar til skemmtunar en gagns, til þess að koma brjefum til kunningjanna, og til þess að geta ferðast skemmtiferðir með skipunum; 9000 kr. á ári er ekki lítið fje, og ekki kastandi út nema eitthvað verulegt sje að hafa í aðra hönd. Jeg segi þetta af því, að það mun hafa verið meiningin á síðasta þingi, að spara þetta fje á meðan fjárhagur landsins væri eins erfiður og hann er, og jeg óttast að hann muni fyrst um sinn halda áfram að verða það, þrátt fyrir kaffi- og sykurtollinn mikla, sem þingið hefir lagt á; því að óvíst er hvort hann gefur landssjóði eins miklar tekjur og búizt er við af ýmsum. Jeg játa það, að æskilegt sje að veita Ísfirðingum styrk til gufubátsferða; en ef styrkur verður veittur Ísfirðingum til gufubátsferða, þá er ekki minni ástæða til að veita styrk til þeirra um Faxaflóa, ef þær komast þar á. Jeg segi þetta engan veginn til þess að spilla fyrir Ísfirðingum, heldur af því, að málið mun vera komið líkt á veg hjá báðum, og þá finnst mjer sanngirni mæla með því, að báðum sje heitið sama styrk. Hef jeg svo ekki að svo stöddu fleira að segja viðvíkjandi þessum kafla fjárlaganna.

Sveinn Eiríksson: Það gladdi mig mikið að heyra h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) taka til máls. Einkum gladdist jeg þó, þegar jeg sannfærðist af orðum hans um, að hann gæti eig verið með því fyrirkomulagi, sem nú er á hinum svokölluðu búnaðarskólum á Íslandi. Það ætti engin, alls engin fjárveiting að eiga sjer stað úr landssjóði til þessara búnaðarskóla. Því þessir búnaðarskólar, bæði fyrir vestan, norðan og austan, eru, mjer liggur við að segja, með öllu al-ónýtir. Sá, sem gengið hefir á hinn skársta af þessum búnaðarskólum — jeg meina Ólafsdalsskólann, sem hefir útskrifað marga ágæta drengi — hann er sjálfur vankunn-

andi þegar hann á að fara að kenna okkur búnað á Austurlandi. Þeir hafa sem eðlilegt er yfir höfuð að tala varla hugmynd um búnaðaraðferð þar, fyr en þeir fara að venjast við hana af reynslunni. Þar á móti hefði nefndin átt að veita miklu meira fje til búnaðarkennslustofnana víðsvegar á Íslandi.

H. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) er svo mikill búmaður, að hann veit, að búnaðurinn þarf að byrja á hvers manns heimili. Búnaðinn geta menn ekki lært eingöngu á bókina, heldur einkum og sjer í lagi verklega. Mjer liggur við að segja, að búnaðurinn þurfi að byrja verklega og vísindalega. Þess vegna væri vel gjörlegt, að efla landsmenn með fjárstyrk, segjum 10 til 20,000 kr., til að efla búnað sinn og stofna fyrirmyndarbú, helzt í hverri sýslu. Það mætti jafnvel mikið gera styrklaust af landssjóði, ef sýslunefndirnar færu ekki eins með vald sitt, eins og þær gera, sem gera margar fyrirskipanir þvert á móti vilja allra sýslubúa, sem utan sýslunefndar eru. Jeg gæti tekið lifandi dæmi þessu til sönnunar. En, eins og sagt er stundum: «Nomina sunt odiosa«, þá sleppi jeg því. Með þessu fyrirkomulagi, sem nú ríkir, er ómögulegt að búnaður verði yfir höfuð að tala í góðu lagi, eða þrífist í landi voru.

Páll Briem: H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) minntist á sparnaðinn 1887; það var mikið fallegt af honum, að minnast á það orð, sem svo opt hefir verið minnzt á hjer í deildinni, en minna hefir orðið í framkvæmdinni. Eptir öllu útliti með fjárhag landsins 1887 vildi fjárlaganefndin þá á þinginu spara allan óþarfakostnað, aftaka nokkra bitlinga og draga af útgjöldunum sem mest, og það jafnvel svo, að sumir báru kvíðboga fyrir, að þessi sparnaður mundi hafa ill áhrif. Hinn þýðingarmesti sparnaður kom fram í því, að minnka um helming styrkinn til gufuskipsferðanna. Aptur var ýmislegt borið upp á því þingi af öðrum, sem hafði töluverðan kostnað í för með sjer. Var sumt af því drifið inn í fjárlögin móti vilja fjárlaganefndarinnar, og ýmsar af sparnaðaruppástungum hennar felldar.

Það eru hinir sömu þingmenn nú á þingi eins og 1887, þegar þetta var stefna h. deildar.

Þegar hin núverandi fjárlaganefnd hafði þetta fyrir augum, og þegar búið var enn fremur að samþykkja hjer í deildinni í samar með miklum atkvæðamun frumv. um talsverðar launabætur til embættismanna, þá þótti nefndinni ekki fært að höggva nú í sama farið sem 1887, og ekki heldur þörf á að skera útgjöldin eins við neglur sjer eptir útlitinu með fjárhag landsins næsta fjárhagstímabil. Þó vona jeg að enginn geti borið nefndinni á brýn, að hún hafi viljað ausa út fje landsins. Stærsta upphæðin, sem nefndin stingur upp á nú, er fjeð til gufuskipsferðanna, sjerstaklega til strandferðanna, sem nefndin vill að verði eins og fyrir 1887 eða jafnvel meiri. Því eins og tekið er fram í nefndarálitinu, álítur nefndin alveg nauðsynlegt, að fá ferð kringum landið í aprílmánuði. Þessi ferð er alveg nauðsynleg fyrir kaupmenn hjer og hvar kringum land, sem eins þurfa að fá vörur utan lands frá um þetta leyti eins og þeir kaupmenn, sem hafa efni á að hlaða seglskip. Einnig vill nefndin fá ferð kringum landið í októbermánuði, því það er mjög nauðsynlegt fyrir kaupmenn, að geta fengið ferð til útlanda eptir haustkauptíðina. Með þessu fæst annað og meira en áður, þótt sama fjárhæð sje veitt.

H. 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu (Þ. Böðv.) minntist á búnaðarskólana, og kom mjer undarlega fyrir skoðun hans á þeim. Hann sagði, að það væri ærið fje, sem nefndin vildi leggja til svokallaðra búnaðarskóla. Þetta er undarleg skoðun, segi jeg, þegar menn hugsa til þess, að

sami h. þm. vildi fleygja 1887 40,000 kr. fyrir búnaðarkennslu alveg út í bláinn. Það fje, sem hjer ræðir um, er þó veitt til ákveðinna skóla. Þó menn vildu hafa skólana færri og vísindalegri, þá verður nú ekki við það ráðið; það verður að gjöra við því, sem er. Það eru nú til 4 búnaðarskólar á landinu, og frá þeim koma og geta komið margir nýtir menn. En til þess að þessir skólar geti gjört nokkuð verulegt gagn, þarf að leggja þeim talsvert fje; og þó jeg ekki vilji fleygja út of fjár til búnaðarkennslu, þá verð jeg samt að segja, að fje það, sem þessum búnaðarskólum er ætlað, sje af skornum skammti. Það er hinn bágborni efnahagur landsins, sem gjörir, að ekki er hægt að styrkja þessa skóla eins og rjett væri og þörf er á.

Hæstv. landshöfðingi minntist á, að fjárlaganefndin hefði ekki tekið til greina beiðni landlæknisins um styrk til garðyrkju. Jeg skal geta þess, að það, sem einna helzt fældi mig frá að gefa þessari beiðni atkv. mitt, var það, að upplýsingar þær, sem fjárlaganefndin fjekk um þetta mál frá landlæknínum, voru mjög svo ófullnægjandi. Þetta geta allir sjeð, sem lesa bænaskrána á lestrarsalnum.

H. 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu (Þ. Böðv.) minntist á styrkinn til síra Odds Gíslasonar, og virtist helzt hafa það á móti honum, að sá, sem ætti að njóta hans, væri prestur. En eptir því, sem til hagar hjer á landi, verða flestir prestar að taka fleira að sjer en kirkjustörf. Þannig stundar h. þm. sjálfur búskap engu síður en beztu bændur, og sjálfur er hann eins og reyndar fleiri þingmenn að starfa að landsmálum hjer á þingi, og hygg jeg þingmennskuna taka meiri tíma frá prestlegum störfum, heldur en þótt sjera Oddur ferðaðist um land til að leiðbeina mönnum í fiskimálum. Það sem sjerstaklega mælir með þessum styrk er það, sem allir kannast við, að landbúnaðurinn hefir hingað til notið talsvert meira fjár en sjávarútvegurinn. Um þetta er talað iðulega í blöðunum. Sá maður, sem hjer ræðir um, er fyrsti maðurinn, sem hefir sýnt mikinn áhuga á málefnum sjómanna, og sótt til þingsins um styrk til að vinna nokkurn veginn ákveðið verk. Hann hefir vakið áhuga sjómanna og leiðbeint þeim í mörgu, er lýtur að sjómennsku, og gefur þetta mörgum hvöt til að íhuga, hversu nauðsynlegt er að bæta sjávarútveginn, og hvað nauðsynlegt er að gjöra til að tryggja sig fyrir sjávarháska.

Svo skal jeg ekki fara fleiri orðum um þennan kafla frumv., en að eins minnast með fáum orðum á breytingartill. nefndarinnar við 10. gr. A 3, um 500 kr. árið 1891 til aðstoðarmanns við hina umboðslegu endurskoðun. Síðan jeg varð yfirskoðunarmaður landsreikninganna hefi jeg sjeð, að hin umboðslega endurskoðun er mikið verk og ábyrgðarmikið. Ef leysa á verk þetta vel af hendi, þá er það mjög mikið erfiði; það er auðvitað, að sá, sem hefir þetta verk á hendi, getur afkastað því, þótt tollreikningarnir yfir aðflutt kaffi og sykur bætist við. En ef einhverjar misfellur koma fyrir, eins og t. a. m. með Fensmark og Arnarstapaumboð, þá held jeg að tími endurskoðunarmannsins sje svo á settur, að hann alls ekki geti gefið sig við að ganga í gegnum reikningana eins nákvæmlega og þörf er á. Þar sem svo mikið er að ganga í gegnum, er mikið varið í, að hafa nægan tíma til þess. Nefndin hefir þess vegna ekki lagt það til, að þessum manni verði veitt skrifstofufje, eins og hann hefir beðið um, heldur að honum verði 1891 settur aðstoðarmaður með 500 kr. þóknun. Það er á valdi deildarinnar, hvað hún vill gjöra í þessu efni. Það er þó meiri trygging fyrir því, að endurskoðunin verði vel af hendi leyst, ef tveir fást við hana.

heldur en ef einn gjörir það. Jeg fyrir mitt leyti held þessu ekki mikið fram. Það verður að sýna sig síðar, hvort menn geta verið ánægðir með þá endurskoðun óbreytta, sem er, eptir að kaffi- og sykurtollurinn er kominn á.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil minnast á fáein atriði í áliti h. nefndar. Það er þá fyrst við 10. gr. A. 3., að nefndin hefur, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.) minntist á, lagt það til, að veittar yrðu 500 kr. til aðstoðarmanns við hina umboðslegu endurskoðun á síðara ári fjárhagstímabilsins, sökum hinna auknu starfa, er kaffi- og sykurtollurinn hefir í för með sjer fyrir endurskoðandann, þegar eitt ár er liðið frá því hann er kominn á. Það hafa nú lengi verið mjög deildar meiningar manna um þetta starf, þegar um launin hefir verið að ræða hjer á þingi, og sumir hafa álitið það mjög umfangsmikið og erfitt; jeg skal reyndar játa, að það sje talsvert örðugt að gegna því fyrir ókunnugan mann; en menn verða líka að gæta að því, að launin við þetta embætti hafa verið hækkuð hvað eptir annað, og þar sem nú hjer er farið fram á 500 kr. viðbót til að launa með aðstoðarmann, þá álít jeg það mjög ísjárvert, því þar með er fyrsta sporið stigið til að stofna nýtt embætti; og þótt nú sje eigi farið fram á meira en 500 kr., þá má maður eiga nokkurn veginn víst, að verði þær nú samþykktar, munu menn hækka sig upp í 1000 kr. á næsta fjárhagstímabili. En jeg vil þar að auki benda h. deild á, að fleiri embættismenn en hinn umboðslegi endurskoðandi fá aukin störf sín við ný lög, án þess að mönnum þó detti í hug að auka laun þeirra; jeg skal sjerstaklega taka til dæmis sýslumennina; verði þannig lögin um frest á tollgreiðslu samþykkt, þá bætist þar ei lítið starf við sýslumennina, og einkanlega við bæjarfógetann í Reykjavík, sem þó hefir ærið að starfa fyrir. Enn fremur mætti tilgreina lögin um styrktarsjóði handa alþýðufólki, sem einnig hafa aukin störf fyrir bæjarfógetann í för með sjer. Svona má tilgreina hvert dæmið af öðru, og gæti það lengi gengið, ef einlægt skyldi stofna nýtt embætti, þegar einhver ný lög kæmu út, sem ykju byrðarnar á embættismönnum, og menn verða líka vel að gæta þess, að fjárhagurinn er ekkert glæsilegur, og að hann stendur nú eins og þegar þingið byrjaði; menn verða því að vera varkárir með að stofna ný embætti; auðvitað er þörfin til þeirra stundum brýn, en þar sem hjá þeim verður komizt ætti líka að forðast þau í lengstu lög. En hvað nú þessu embætti sjerstaklega viðvíkur, þá hefir það engan aukakostnað í för með sjer, og heldur ekki neina peninga-ábyrgð, sem jeg tel mjög mikils virði. Auðvitað þarf pappír; en eigi verður við það miðað, hve pappírarnir og skjölin eru mikil fyrirferðar; það er engin áreiðanlegur mælikvarði fyrir því, hve mikið er unnið. Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um þetta atriði, heldur einungis geta þess, að beri maður þetta embætti saman við bæjarfógeta embættið, sem er líkt launað, þegar skrifstofukostnaðurinn er frá dreginn, sem vart mun gjöra hetur en að hrökkva, þá verð jeg að álíta, að það embætti sje mun vandasamara og erfiðara en embætti hins umboðslega endurskoðara. Um búnaðarskólana skal jeg taka það fram, að jeg álít mjög óheppilegt, að eigi skuli koma greinilegar skýrslur frá þeim til þingsins, um það er gjört hefir verið í búnaðarlegu tilliti, það er að segja frá þeim skólum, er staðið hafa um nokkurn tíma. Og það má ómögulega líta svo smáum augum á þingið, að ætlast til, að það veiti miklar fjárupphæðir alveg út í bláinn, án þess að það fái nokkrar skýrslur um framfarir skólanna og framkvæmdir, hvað starfað hafi verið að jarðabótum, kynbótum o. fl., og hvernig hagur búsins standi. En jeg skal eigi fara langt út í þetta, heldur

ætla jeg að eins að taka það fram, að jeg álít, að aðalskilyrðið fyrir því, að skólarnir geti að gagni orðið, sje það, að lögð sje aðaláherzlan á það verulega í þeim; en þar af leiðir aptur, að nauðsynlegt er að setja viss skilyrði um það, hvernig þeir menn sjeu að sjer í því bóklega, er á skólann koma. Um Hvanneyrarskólann skal jeg sjerstaklega taka það fram, að eigi er við því að búast, að skýrslur hafi getað komið þaðan, því hann er að eins nýbyrjaður, og hefir eigi haft nema einn nemanda. Um styrkinn til búnaðarfjelaga er það að segja, að jeg og nokkrir aðrir h. þm. höfum stungið upp á, að hækka hann upp í 10 þús. kr.; og hvað því viðvíkur, sem h. framsögum. (E. Br.) sagði, að varhugavert væri að stökkva eigi allt í einu of langt í þessari fjárveitingu, þá er það að vísu satt; en það er líka aðgætandi, að styrkurinn til sýslufjelaga er burt numinn, og þau geta því eigi eins og að undanförnu ráðið búfræðinga, sem þó hefir talsverða þýðingu; en það sem okkur sjerstaklega gekk til að auka þenna styrk, var það. að vjer vildum hvetja menn til að stofna sem víðast búnaðarfjelög, en jafnframt viljum vjer að styrkurinn sje bundin því skilyrði, að fullkomin vissa fáist fyrir, að unnið hafi verið í þeim. Hjer stendur einnig nokkuð líkt á og með það fje, sem veitt er til skólanna og umgangskennara, að þingið verður að fá vissu fyrir, að því fje, sem veitt er til fjelaganna, eigi sje fleygt út til einskis, og þess vegna er nauðsynlegt, að ákveða ýmsar algildar reglur, t. d. hvað lagt skuli í dagsverk um land allt o. s. frv., sem bæði gæti orðið til leiðbeiningar fyrir landsstjórnina við útbýtingu styrksins, og til aðhalds fyrir fjelögin. Annars vil jeg taka það fram, að jeg gjöri það að engu kappsmáli, hvort þessi styrkur er hækkaður eða látinn standa við sama, sem nefndin hefir ákveðið.

Um aðrar styrkveitingar skal jeg verða fáorður.

Styrknum til Edilons Grímssonar er jeg mjög meðmæltur, en aptur á móti er jeg nokkuð efablandinn um þann styrk, er h. nefnd stingur upp á, að veita síra Oddi V. Gíslasyni. og kemur það að nokkru leyti til af því, að hann er prestur, eins og h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) tók fram, og þarf að rækja embætti sitt. Jeg get heldur ekki betur sjeð, en að sjómenn gætu haft eins mikið gagn af velsamdri ritgjörð eptir hann, eins og þótt hann ferðaðist um og hjeldi fyrirlestra; því geti þeir eigi hagnýtt sjer og skilið vel samda bók um þetta efni á móðurmáli sínu, þá mundu þeir eigi heldur hafa mikið gagn af að heyra haldna fyrirlestra um það; bók þessa mætti svo leggja undir góðra manna dóm, og veita verðlaun fyrir hana, ef hún væri þess verð; um skoðanir þessa manns skal jeg ekki tala; jeg álít sumar uppástungur hans nýtilegar, en sumar ekki.

Að því er snertir styrkinn til Erlendar Zakkaríassonar, þá er jeg honum meðmæltur, því jeg álít nauðsynlegt, að innlendir menn geti fullkomnað sig í vegagjörðum; og hvað skilyrðin snertir, sem nefndin hefir sett fyrir útborgun á þessu fje, þá eru þau mjög tryggileg.

Þá kem jeg að hinu nýja læknishjeraði, sem nefndin hefir ráðið til að setja. Jeg skal nú reyndar játa, að læknahjeruðin verða að vera gífurlega mörg, í samanburði við fólksfjöldann hjer á landi, og þótt jeg yfir höfuð sje á móti fjölgun embættismannanna, þá getur þó svo á staðið, að það sje nauðsynlegt sökum strjálbyggðar landsins, og nauðsyn brýtur jafnvel lög, eins og menn vita. Vjer höfum nú 20 lækna fasta með lögskipaðri veitingu, og þegar vjer lítum á allan þenna aragrúa af embættismönnum, sem komizt geta á eptirlaun, þá geta hinar fjárhagslegu afleiðingar orðið mjög varhugaverðar,

og aðgætandi er, að þær eru eigi enn komnar fyllilega í ljós, enda þarf langan tíma til þess að þær geti sýnt sig eins og þær geta frekastar orðið. Jeg hefði því álitið heppilegast, að lagt væri kapp á að efla þekkingu hinna praktíserandi lækna, því að það gæti komið mörgum að notum, og væri mun ódýrara en að hrúga upp mörgum læknahjeruðum að nýju, og eins ætti að kenna yfirsetukonum meira en gert er. Þetta ímynda jeg mjer sje sú rjetta aðferð, og miklu rjettari en að setja hvern launaðan manninn ofan í og innan í annars verkahring, því læknarnir halda engu síður launum sínum, þótt embættin minnki; verkahringurinn minnkar um meira en helming eða meir.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Þeir h. þm., 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) og 1. þm. Árn. (Þ. Guðm.) hafa farið nokkrum orðum um þenna kafla, og ekki haft mjög ólíkar skoðanir þeim, er nefndin hefir.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) þótti búnaðarskólatillagið of mikið; en það er óhugsandi, að búnaðarskóli geti staðið á sínum eigin fótum sem bú; hann þarf að gera ýmsar tilraunir, til þess að vita, hvernig þær reynast, svo að lærisveinarnir geti fengið hugmynd um þær, og er alls ekki víst, að þessar tilraunir borgi sig. Lærisveinana verður auk bóknámsins að venja við ýms störf, sem veita þeim þekkingu og æfingu, þótt önnur störf væri arðmeiri fyrir skólabúið.

Ólafsdalsskólinn er prívat eign, og er honum minna ætlað en skólanum á Hólum. Torfi í Ólafsdal á miklar þakkir skilið, bæði að því leyti sem hann kom fyrst búnaðarskóla á fót, og svo hefir hann fyrstur manna innleitt hina nýju ljái, sem hafa orðið mönnum til ómetanlegs hagnaðar.

Búnaðarskólinn á Hólum fjekk fjárveitingu í hitt eð fyrra, sem h. þm. kallaði heimanmund, en þó ekki svo mikla, sem nefndin ætlaðist til og sem h. þm. (Þór. Böðv.) var fylgjandi að. Í orðinu heimanmundur ætti og að liggja, að um svo mikla fjárupphæð væri að ræða, að hún dygði til að setja á fót bú við hæfi jarðarinnar; en því fer fjarri, að fullstórt bú á slíka jörð sem Hólar eru, gæti fengizt fyrir upphæð þá, sem hann átti við.

Skógarplöntun getur ekki komið til greina fyr en skólar eru búnir að standa lengi.

Viðvíkjandi styrkinum til síra Odds gerðu þessir báðir h. þm. (Þór. Böðv. og Þorl. Guðm.) athugasemdir við tillögu nefndarinnar. H. 1. þm. G.-K (Þ. Böðv.) sagði, að stafliðurinn væri óheppilega orðaður, og getur vel verið, að svo sje.

En viðvíkjandi því, að gjalda prestum laun til þess að vera í ferðalögum, þá vil jeg geta þess, að það eru margir prestar á þingi, og eru í burtu 2 mánuði og þaðan af lengur, og þegar presturinn sjer um, að embætti hans sje á meðan forsvaranlega þjónað, getur ekkert sjerlegt verið á móti því. Þegar síra Oddur var á ferðalögum síðastl. vetur, fjekk hann annan prest til þess að þjóna fyrir sig, eptir því sem mjer hefir verið sagt.

H. 1. þm. G.-K- (Þór. Böðv.) minntist líka á styrkinn, sem ætlaður er Ísfirðingum til gufubátsferða, og ljet í ljósi, að eigi mundi síður vera heimting á að fá styrk til gufubátsferða um Faxaflóa; jeg þekki ekki, að við Faxaflóa hafi verið annar eins undirbúningur undir þetta mál eins og á Ísafirði. Gufuskipahreifingin hjer í vor var miklu víðtækari, og þyrfti miklu meira fje til þess. Í annan stað er það í mínum angum meira vert, að reyna á einum stað í smærri stýl; við það fær maður reynslu og leggur ekki eins blint í sjóinn við síðari tilraunir.

H. 1. þm. Árn. (Þ. Guðm.) talaði um viðbótina við hinn umboðslega endurskoðara, og var athugasemd hans alveg rjett;

það þarf alla varkárni við að hafa við slíkar fjárveitingar; en á hinn bóginn gat nefndin eigi neitað því, að ef full tveggja mánaða vinna bættist við störf hans, þá væri full ástæða til að ljetta undir með honum.

Að því er snertir athugasemd h. sama þm. (Þorl. Guðm.) um búnaðarskóla, þá var hann samdóma nefndinni; hann óskaði eptir skýrslum; en prentaðar skýrslur kosta fje. Fjárlaganefndin hafði skrifaðar skýrslur. Skýrslur frá Hólaskóla eru nú teknar til prentunar. Annars hafði nefndin skýrslur frá landshöfðingja, en þær hafa ekki verið lagðar fram á lestrarsalinn. Það hefir auðvitað við full rök að styðjast, að heimta, að skólarnir gefi skýrslur.

Viðvíkjandi styrknum til búnaðarfjelaga, þá er þess að geta, að svo mikil hækkun, sem farið er fram í frumvarpinu, sýnist nægileg hvöt til að fjölga þeim, og er varlegt að fara lengra í þá átt.

Að því er snertir skilyrði fyrir styrkveitingunni, þá urðu um það allmiklar í umræður í fjárlaganefndinni; en hún treystist ekki til að gera uppástungu í þá átt, en vill skjóta því til landsstjórnarinnar, að styrkveitingin fari eptir því, sem afkastað væri; eru lítil líkindi til, að það verði tími til þess á þessu þingi, að gefa þessar reglur.

Viðvíkjandi aukalæknum vakti h. þm. (Þorl. Guðm.) athygli á því, að varlegt væri að fjölga þeim mjög, og er jeg honum samdóma um það; en þess ber að gæta, að aukalæknarnir hafa engan rjett til eptirlauna, og því geta þau eigi beinlínis verið mótbára á móti þeim. Jeg vil gjarnan geta þess, að frumv. um að gera læknishjeruðin 26 kom fram á þinginu 1885, og var samþykkt í efri deild; en í neðri deild þótti nóg að fjölga aukalæknum, og verða nú aukalæknishjeruðin 6, og þá er talan full orðin. Sá annmarki er á þessu, að aukalæknarnir koma inn í hjeruð hinna; það væri heppilegt, að taka allt landið fyrir, og skipta því sundur í jafnari læknaumdæmi, en þetta atriði liggur hjer eigi fyrir.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg stend upp til þess að afbiðja mjer gjöf h. þm. Snæf. (P. Br), sem hann gaf mjer, að jeg vildi kasta út í bláinn 40,000 kr. H. þm. (P. Br.) verður líklega ekki svo gamall, að hann geti sannað, að því væri kastað út í bláinn. Hann meinar líklega, að jeg einhvern tíma hafi sagt, að bezt væri, að stofna einn duglegan vísindalegan skóla, og svo fyrirmyndarbú í hjeruðum, og þetta er mín ætlun enn. Jeg gæti sannað, að það væri ekki út í bláinn; en það er ekki tími til að tala um það nú. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram, að þessir 4 búnaðarskólar væru allir jafnsnjallir; þetta sjest, þegar skýrslurnar koma frá þeim, og verður þá gaman að lifa og sjá skýrslur þessar, einkum frá Hólaskóla, hvað mikið hann hefir afrekað fyrir um 40,000 kr., sem honum hafa verið veittar.

Jeg vil ekki gjöra að kappsmáli um síra Odd V. Gíslason, og ekki hindra, að hann fái þessar 500 kr.; en jeg get þó ekki fellt mig við, að gefa embættismönnum fje til að ferðast frá embætti sínu. Framsögumaður tók það fram, að hann gæti fengið sjer aðstoðarprest, og getur það verið gott; vitaskuld er, að hjer eru prestar á þingi, og láta nágrannapresta sína þjóna brauðum sínum á meðan, og sumir þjóna sjálfir sínu prestakalli allt að einu.

H. framsögum. tók fram viðvíkjandi styrk til gufubátsferða, að bezt væri að reyna í einum stað fyrst, og taldi, að heppilegast væri að gjöra tilraunina á Ísafirði. Honum er þó kunnugt, að það var rætt um það í sumar, að koma á strandferðum hjer um Faxaflóa. Þótt nú þetta fyrirtæki heppnaðist vel á Ísafirði, þá er ekki víst að það heppnaðist hjer, og þó

eru miklar líkur til þess, þar sem hjer er fjölmennara við Faxaflóa. Jeg vil alls ekki spilla fyrir Vestfjörðum; en þar töluverð hreyfing var komin á þetta mál hjer rjett fyrir þing, þá get jeg ímyndað mjer, að við þingmenn úr þessu hjeraði fengjum ámæli, ef við ekki hjeldum því fram.

Ólafur Briem: Út af því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) tók fram um styrk til búnaðarskóla, þá furðaði jeg mig á því, þar sem hann er svo hlynntur menntunarmálinu, að hann skyldi taka því illa, að lagðar væru 10 þúsund kr. til búnaðarskólanna; það eru þó ekki nema 14 aurar á mann á landinu.

Mig hefði furðað minna á þessu, meðan ekki var neitt útlit fyrir, að stýrimannaskóli yrði settur á stofn; en nú er komið vel á veg með að stofna stýrimannaskóla, og ættu menn þá ekki að vera á móti því, að leggja einnig ríflegan fjárstyrk til búnaðarskólanna, svo að jöfnuður sje sem beztur milli sjávarmanna og sveitamanna.

Hvað viðvíkur því, að stofna einn búnaðarháskóla, þá er það slæmt, að h. þm. (Þór. Böðv.) ekki skyldi koma fram með það fyr, meðan málið var í undirbúningi. Það voru samin lög um búnaðarskóla 1871; þá var beinlínis gjört ráð fyrir, að stofnaður væri einn skóli í hverju amti, og það hefir einmitt viljað svo vel til, að skólarnir hafa verið stofnaðir þannig, að sinn skóli er í hverju amti. Hvor aðferðin sje heppilegri, um það getur verið ágreiningur. En mjer finnst það eðlilegt, að áhuginn á, að afla sjer praktiskrar þekkingar í hverju því, er að búnaði lýtur, og sem sjerhver bóndi getur haft gagn af, hljóti að vera almennari en eptir hinum æðri búnaðarvísindum, sem færri geta fært sjer í nyt; en það væri auðvitað gott, að þetta væri hvort öðru samhliða. Að því er snertir ósk h. þm. (Þór. Böðv.) um að sjá skýrslur frá búnaðarskólunum, þá er þess að geta, að fyrir fjárlaganefndinni lá skýrsla um búnaðarskólann á Hólum; en af því skólaskýrslan er í prentun, getur henni ekki orðið útbýtt meðal þingmanna fyr en að 1 eða 2 dögum liðnum.

Jeg vil um leið minnast á styrkinn til búnaðarfjelaga; jeg er á því, að hækka hann, og get því ekki verið samdóma h. framsögumanni (Eir. Briem), enda álít jeg, að það hafi eigi verið tilgangurinn að minnka þennan styrk, en það er þó óbeinlínis gjört. Þeim búnaðarstyrk, sem sýslunefndirnar hafa haft umráð yfir, hefir sumpart verið varið beinlínis til útbýtingar milli búnaðarfjelaga, og sumpart til annara fyrirtækja, sem búnaðarfjelögin eptirleiðis verða að taka að sjer; því þegsýslufjelögin hafa ekkert slíkt fje til umráða, t. d. til að launa ferðabúfræðingum, þá lendir allt á búnaðarfjelögunum; það vakti fyrir okkur, sem komum með breyt.-till., að ekki væri fært að minnka þennan styrk yfir höfuð, allra sízt að svo stöddu, eða að minnsta kosti ekki fyr en máske seinna, þegar búnaðarfjelögin eru almennt komin á fastan fót. Því það hefir sýnt sig, að styrkur þessi hvetur menn til að stofna ný búnaðarfjelög, er jeg verð að álíta að miði til mikilla framfara í landinu.

Viðvíkjandi breytingartillögu fjárlaganefndarinn um aukinn styrk til gufuskipsferða, þá heyri jeg, að það taka margir í sama strenginn, og gleður það mig, að ekki sje of mjög sparað í því tilliti, svo að það mál komist aptur í betra horf en á yfirstandandi fjárhagstímabili.

ATKVÆÐAGR. (Frv. C. 1; atkvæðaskrá C. 368).

8. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.
9. gr. — — með 20 atkv.
10. gr. — A. 1. samþ. í einu hlj.
10. gr. — A. 2. — - — —
10. gr. — A. 3. a. samþ. með 19 atkv.

10. gr. frumv. A. 3. b. samþ. með 15 atkv.

Viðbót nefndarinnar við 10. gr. A. 3. (c.) felld með 13 atkv. gegn 6.

10. gr. frumv. B. 1. samþ. í einu hlj.

10. gr. — B. 2. — - — —

10. gr. — B. 3. — - — —

10. gr. — B. 4, a, b, c, d, samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. B. 4. e. samþ. með 20 atkv.

10. gr. frumv. B. með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 1. samþ. með 18 atkv.

10. gr. C. 1. með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.

10. gr. C. 2. samþ. með 20 atkv.

10. gr. C. 3. — í einu hljóði.

1. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. samþ. með 16 atkv.

2. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. samþ. með 15 atkv.

3. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. samþ. með 14 atkv. gegn 1.

4. breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. a. samþ. með 12 atkv. gegn 1.

Breyt.till. Ól. Briem o. fl. við 10. gr. C. 4. b. felld með 12 atkv. gegn 8.

10. gr. C. 4. b. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 4. c. samþ. með 16 atkv.

Viðbót nefnd. við 10. gr. C. 4. (d.) samþ. með 20 atkv.

Viðbót nefnd. við 10. gr. C. 4. (e.) felld með 11 atkv. gegn 9.

Viðbót nefnd. við 10. gr. C. 5. (d.) samþ. með 15 atkv.

10. gr. C. 5. a. samþ. með 18 atkv.

10. gr. C. 5. b. c. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. *a.* við 10. gr. C. 6. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. b. við 10. gr. C. 6. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. c. við 10 gr. C. 6. samþ. með 16 atkv.

10. gr. C. 7. samþ. í einu hljóði.

10. gr. C. 8. — með 19 atkv.

10. gr. C. 9. — — 19 —

10 gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með öllum atkv.

11. gr. frumv. 1. tölul. samþ. með 20 atkv.

Nýr stafliður (f.) aptan við 11. gr. 2. e. samþ. með 15 atkv.

11. gr. frumv. 2. tölul. með breytingu samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 11. gr. 3. tölul. d. samþ. með 19 atkv.

11. gr. 3. tölul. með áorðinni breytingu samþ. með 18 atkv.

11. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. í einu hljóði.

Breyt.till nefnd. við 12. gr. 1. c. samþ. með 18 atkv.

12. gr. frumv. 1. tölul. með breytingu samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. nefnd við 12. gr. 2. tölul. samþ. með 20 atkv.

12. gr. frumv. 3. tölul. samþ. í einu hljóði.

12. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. 20 atkv.

Þrítugasti og fyrsti fundur, þriðjudag 6. ágúst kl. 11. f. h. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C .1. 334, 368); frh. 2. umr.

Þriðji kafli, 13.—18. gr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Við þennan kafla fjárlaganna (13.—18. gr.) hefir nefndin komið fram með ýmsar uppástungur, sem yfir höfuð eru viðaukatillögur. En þótt þær sjeu allmargar, þá eru upphæðirnar sem þær eiga við eigi

svo háar, að þær hafi verulega þýðing fyrir fjárhag landssjóðs. Auk þessa hafa komið fram allmargar breytinga- og viðaukatillögur frá h. þm., og get jeg ekki leitt hjá mjer að láta í ljós, að mjer þykja sumar þeirra nokkuð fljótlega hugsaðar.

Ein tillagan fer fram á að fella burt úr fjárlögunum upphæð, sem byggist á konungsúrskurði, og sem því eigi getur komið til mála; auk þess eru 2 upphæðir sem jeg veit ekki betur en að einn eða tveir af þeim, sem nú vilja fella þær burtu, væru með að koma inn á fjárlögin á síðasta þingi; og það á móti tillögum hinnar þáverandi fjárlaganefndar.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnar, sem hjer kemur til greina, er sú, að í 13. gr. A. a, leggur nefndin til að felldar sjeu burt þær 800 kr., sem goldnar hafa verið til Reykjavíkurprestakalls, því að eptir prestakallalögunum eiga þær að sjálfsögðu að hverfa burt nú, þegar brauðið hefir losnað og nýr prestur kemur til þess.

Þá hefir nefndin gjört breyting á A, b. 4, og er sú breyting fólgin í tvennu, sumpart í því, að hækka uppbótina á Gufudalsprestakalli um 100 kr. hvort árið, og sumpart í því, að í staðinn fyrir að launaviðbótin hefir verið ætluð prestinum, þá leggur nefndin það til, að henni sje varið til þess að auka opinbera eign, það er að segja til þess að byggja upp staðarhúsin. Nokkrir h. þm. hafa stungið upp á, að fella þessa fjárveiting alveg burt; henni var bætt inn í fjárlögin 1887, og fjeð veitt með því skilyrði, að einhver sækti um brauðið; en enginn hefir gjört það, og því hefir þessi fjárveiting ekki heldur verið notuð, og þá sýnist enn síður ástæða til að fella þessa fjárveiting burt nú, fyrst fjárveitingin 1887 hefir aldrei komið til útborgunar.

Enn fremur er veitt bráðabirgðaruppbót á Kvíabekk; þetta er nýtt gjald, og er farið fram á það í stjórnarfrumv.; enda áleit nefndin töluverða ástæðu að taka það til greina. Jeg held að hvergi annarstaðar á landinu, þar sem prestlaust er, sje eins erfitt að ná til prestsþjónustu, eins og í Ólafsfirði. Á aðra hönd er Svarfaðardalur, og er næsta torfært þaðan til Ólafsfjarðar; jeg hef verið þar á ferð í ágústmánuði og var þá sumstaðar yfir jökul að fara. Hinumegin er Lágheiði yfir í Fljótin. Nú er niður lagt það brauðið, sem næst var, Knappstaðir, og síðustu árin hefir presturinn í Siglufirði verið fenginn til þess að þjóna Kvíabekk, og hefir hann þó yfir tvo fjallvegi að fara, og auk þess eptir öllum Fjótunum; mjög er og erfitt að komast þangað sjóveg. Nýlega hefir verið samþykkt hjer á þingi, að skipa sjerstakan prest í Klippstaðarprestakalli, og þótt það muni vera erfitt að þjóna því prestakalli, eins og nú er, þá er þó án efa erfiðara að þjóna Kvíabekk frá öðrum brauðum.

Þá er að minnast á uppbótina til prestsins á Hólmum. Fram hefir komið tillaga, að fella þann lið burt. Það er um hið sama tillag að ræða og farið er fram á í fjáraukalögunum. Það er lítið efamál, að hlutaðeigandi prestur mundi fá þá upphæð, sem hjer ræðir um, mestalla með dómsúrskurði, ef hann höfðaði mál, eins og við má búast að hann gjöri, og ef svo yrði, þá færi uppástunga h. þm. ekki fram á annað en að baka landssjóði óþarfan kostnað; þar að auki mælir öll sanngirni með því, að þegar embættismanni er veitt embætti skilyrðislaust, en sumir af gjaldendum embættislaunanna síðan með sjerstökum lögum leystir undan að greiða nokkurn hluta gjaldsins, að embættismanninum sje þá bættur upp halli sá, sem hann bíður við það. Þó skal jeg geta þess, að nefndin var ekki fullkomlega á sama máli og stjórnin um upphæð þá, sem greiða bæri, eins og hún hefir gjört grein fyrir í athugasemdunum við fjáraukalögin fyrir 1888 og 1889.

Þá er aðgerðin á Prestbakkakirkju, og hefir sú gjaldgrein slæðzt hjer inn, en tilgangurinn var, að hún stæði í 10. gr., enda má laga það til 3. umræðu. Nefndin fer fram á, að veittar sjeu 200 kr. til þessarar aðgerðar; en í bænarskrá, sem hjer liggur fyrir þinginu, er beðið um 1000 kr. Nefndinni var óskiljanlegt, hvernig stæði á því, að svo mikið efni og vinna þyrfti, sem gert er ráð fyrir í þar að lútandi áætlun, því að í vísitazíuskýrslu segir, að kirkjan sje í dágóðu standi; að eins sjeu nokkrir listar farnir að fúna og ýmislegt annað smávegis, sem þurfi viðgerð. En svo kemur fram áætlun, að vísu frá lærðum smiðum, um það, hve mikið þurfi til viðgerðarinnar. Er þar meðal annars gert ráð fyrir, að til hennar gangi 12—15 hestar af viði, og eptir því mikilli vinnu. Nefndinni var með öllu óskiljanlegt, hvernig svo mikið efni og vinna þyrfti að ganga til þessa. Það var tekið fram í vísitazíunni, að æskilegt væri að kirkjan væri máluð innan; en áætlunin um kostnaðinn til þess var svo há, að nefndinni þótti öll ástæða til að bíða með það til betri tíma. Til þeirrar aðgerðar, sem vísitazían gefur tilefni til að ætla, að þurfi, virðist nefndinni að 200 kr. mundu nægja.

Við 13. gr. B. I. hefir engin breyting komið fram; en við 13. gr. B. II. 7 fer nefndin fram á að lækka það fje, sem í stjórnarfrumv. er ætlað til ókeypis «klinikur», úr 200 kr. niður í 100 kr.; þær 100 kr., sem veittar voru á ári á síðustu fjárlögum til þessa, hafa haft þann árangur, að töluverð aðsókn hefir orðið að klinikinni, og meiningin var aldrei önnur en sú, að veita læknaefnum tækifæri til að kynna sjer sjúkdóma og meðferð þeirra meira en verið hefir, og fyrst þeim tilgangi hefir orðið náð með þessum 100 kr., þá sýnist ekki ástæða til að leggja meira fje fram til þess.

Að því er snertir 13. gr. B. III. c., þá fer nefndin þar ekki fram á nokkra breyting frá stjórnarfrumv. á fjárveiting, heldur það, að henni sýnist vel eiga við, að uppástungur um ölmusuveitingar til pilta við latínuskólann sjeu bornar undir kennarafund, og honum gefinn kostur á að láta álit sitt í ljósi um þær.

Þá er komin fram breytingartill. frá nokkrum h. þm. um, að nema burt úr 13. gr. B. III. c. 8. tölulið, en með því sú upphæð, sem þar ræðir um, byggist á konungsúrskurði, þá er ekki hægt að taka hana þegjandi út af fjárlögunum, heldur þarf til þess sjerstakt lagaboð, og vona jeg því, að, er h. flutningsm. gæta þess, þá taki þeir breytingartill. sína aptur.

Þá kemur styrkurinn til vísindalegrar ritgjörðar, er fylgi skólaskýrslunni, sem nú hefir verið farið fram á að nema burt. Þessi styrkveiting var samþykkt hjer í deild, með sömu upphæð sem nú, 1887; þá áleit fjárlaganefndin, að 200 kr. mundu nægja, en aðrir færðu það upp í 300 kr., og jeg má fullyrða, að sumir af þeim mönnum, sem nú vilja nema styrkinn af, hafi 1887 verið með því að hækka hann. Þetta virðist mjer lítt skiljanleg ósamkvæmni.

Í 13. gr. B. V. a. hefir nefndin farið fram á að auka styrkinn til kvennaskólanna um 300 kr. til hvers; þeir hafa allir óskað eptir auknum styrk, og stendur það í sambandi við það, að aðsóknin að þeim hefir vaxið nú seinustu árin svo, að þar hafa ekki komizt fleiri að. Hvað kvennaskólann í Reykjavík snertir, þá hefði orðið að vísa stúlkum þar frá síðasta haust, ef það ráð hefði ekki verið tekið, að bæta þar við nýjum bekk, en við það uxu útgjöld hans um töluvert á 5. hundrað krónur. Í bænaskrá, er hjer liggur fyrir, um fjestyrk handa kvennaskólanum á Ytri-Ey, er þess getið, að þar sjeu 3 kennslukonur, er hafi allar að eins 700 kr. í laun; það verða

allir að játa, að þetta er mjög af skornum skammti; sama er að segja um laun kennara við kvennaskólann í Reykjavík. Að konur hafa fengizt til þessa starfs fyrir svo lítil laun, kemur til af því einu, hve kvennfólk er lítilþægt með kaup fyrir starfa sinn.

Að því er snertir fjestyrk til barnaskóla, hefir nefndin ráðið til, að styrkurinn skuli veittur eptir tillögum sýslunefnda, en þótti ekki ástæða til, að fella það skilyrði burt, eins og gert er í stjórnarfrumv. Að vísu hafa í gær verið samþykktar hjer í deildinni nákvæmari tillögur um, eptir hverju fara skuli við þær styrkveitingar, og ef sú þingsályktun kæmist gegnum þingið, þá mætti fella þessa athugasemd burt úr fjárlögunum.

Þá leggur nefndin það til, að styrkur til sveitakennara sje aukinn um 500 kr. fram yfir það, sem stjórnarfrumv. fer fram á. 1887 kom það fram, að mörgum þótti of lítið veitt til sveitakennslu, og samkvæmt því hækkaði stjórnin þá fjárveiting upp í 2000 kr., en nefndin hefir gengið lengra, og lagt til, að jafnmikið yrði veitt til hennar og til barnaskóla.

Nefndin leggur til, að ekkert fje sje veitt til skólans í Hljeskógum, sem sagt er að sje hættur, og samkvæmt því fannst henni ástæða til þess, að orða þenna staflið öðruvísi.

Þá hefir komið fram breytingartill. um að bæta við 200 kr. í eitt skipti til heimavistar í skólanum í Flensborg. Jeg skal ekki segja, hverjar sjerstakar ástæður kunna að vera til þessa, en eins og breytingartill. nú liggur fyrir, hefir nefndin ekki sjeð ástæðu til að taka hana til greina, og hún hefir enga bænarskrá þar að lútandi haft til meðferðar.

Í 13. gr. C. 1. d, eru í stjórnarfrv. veittar 1200 kr. til landsbókasafnsins. Næstliðið ár var prentuð ritaukaskrá safnsins, og var kostnaður við það hjer um bil 100 kr. En safnið hefir ekki fje til slíks aukakostnaðar, að minnsta kosti ekki það árið, sem hann samkvæmt stofnskrá sinni þarf að auka við höfuðstól sinn. En ritaukaskráin er þó ómissandi, því ef henni er haldið áfram, þá gerir hún miklu greiðari aðgang að safninu fyrir þá, sem vilja nota það. Líka eykst safnið árlega að gjöfum, einkum frá útlöndum, og er þá leiðinlegt, að gefendur fái ekki opinbera viðurkenning um, að gjafir þeirra hafi komið til safnsins. Að vísu mætti gera það skriflega; en hitt er þó tilkomumeira, að senda gefendunum prentaða skrá yfir ritauka safnsins, og getur orðið hvöt til þess, að safninu bætist gjafir; þess vegna hefir nefndin farið fram á, að styrkurinn til landsbókasafnsins yrði færður upp í 1300 kr.

Við 13. gr. C. 2. er komin fram breytingartill. um, að færa styrkinn til amtsbókasafnanna úr 400 kr. niður í 200 kr. Jeg veit ekki, hvort flytjendur tillögunnar hafa athugað, hvernig á stendur með söfn þessi. Eptir nýlegum lögum er bókaútgefendum og blaða hjer á landi gert að skyldu, að senda eitt eintak af öllu, sem prentað er, til hvors af söfnum þessum fyrir sig; og mun það ekki einungis gert til þess, að hlynna að söfnunum sjálfum, heldur meðfram til þess, að meiri trygging sje fyrir að ritið geymist á einum stað, þótt það kunni að farast annarsstaðar. Með tilliti til þessa virðast 200 kr. handa hverju safninu ekki vera mikil upphæð, einkum þegar þess er gætt, að nokkuð af þessu fje fer fyrir umsjón með safninu, bókband o. fl., og þá fæ jeg varla sjeð, hvort safnið komist af með 100 kr. á ári.

Viðvíkjandi bókmenntafjelaginu hafa komið fram tvær breytingartill.; önnur er frá h. þm. Borgf. (G. Th.), og fer fram á, að styrkveitingin orðist þannig: Til hins íslenzka bókmenntafjelags. Jeg veit að svo stöddu, meðan h. þm. (G. Th.)

hefir ekki fært ástæður fyrir breyting sinni, á hverju hann byggir hana. Frá því fyrsta, að fjárveiting þessi kom til, hefir hún verið orðuð eins og nú er, *(Gr. Th.*: Nei), að minnsta kosti hefir hún verið orðuð þannig síðan 1881; en h. þm. (G. Th.) mun síðar gera grein fyrir breyt. till. sinni.

En hjer liggur og fyrir önnur breyt till., sem er þýðingarmeiri; hún fer fram á, að færa styrkinn niður um helming. Nefndin er ekki á því, að þetta sje á rökum byggt. Áður var styrkurinn 1500 kr., en 1887 var hann færður niður í 1000 kr., en hjer er farið fram á, að færa hann niður í 500 kr.; en þar virðist mjer of langt farið, því að þess er að gæta, að fjelag, eins og bókmenntafjelagið, getur ekki einungis haft fyrir augum, að gefa út þær bækur, sem líkindi eru til að útgengilegastar sjeu, heldur verður það líka að taka tillit til, hverja þýðingu þær hafa fyrir bókmenntirnar, þótt aðrar gróðavænlegri bækur sjeu fyrir hendi. En þó er það opt nauðsynlegt, að þær bækur sjeu gefnar út, sem ekki geta átt von á mörgum kaupendum.

Þá leggur nefndin til, að hjóðvinafjelaginu sjeu veittar 400 kr. á ári. Það hefir notið styrks að undanförnu, en á síðasta fjárhagstímabili fjell hann niður, sjerstaklega fyrir það, að fyrir síðasta þing komu svo seint upplýsingar um, að það þyrfti styrks við; þó voru margir því fylgjandi þá, svo að vonandi er, að nú verði ekki mótstaða gegn styrkveitingunni.

Við 13. gr. C. 4. c. hefir nefndin komið með dálitla breyting, en af því að þar er um lítið annað að ræða en orðabreyting, mun það varla mæta mikilli mótspyrnu.

En næst þar á eptir hefir nefndin bætt inn í nýjum lið, styrk til náttúrufræðisfjelags, 400 kr. á ári. Nefndin áleit að þar væri um fyrirtæki að ræða, sem í sannleika væri vert að styrkja til þess að komast á fót; hún áleit það að tvennu leyti svo mikils vert, að það ætti styrk skilinn, bæði af því, hve menntandi það gæti verið fyrir alþýðu, og af því, að ef fágætir náttúrugripir fyndust hjer á landi þá væri mjög æskilegt að safn væri til, sem tæki á móti slíkum gripum og geymdi þá, jafnframt því, sem slíkt hlyti einmitt að verða hvöt fyrir menn að safna gripum.

Þá er komin fram viðaukatill. um, að veita hinu íslenzku kennarafjelagi styrk til að gefa út tímarit. Bænarskrá þess efnis hafði fjárlaganefndin undir höndum, en hún sá sjer ekki fært að verða við þeirri beiðni.

Enn fremur er komin fram tillaga um það, að fella burt þær 1000 kr., sem veittar hafa verið Þorvaldi kennara Thoroddsen til jarðfræðisrannsókna. Nú um nokkur ár hefur þessum manni verið veittur þessi styrkur til þess að ferðast um landið og gera jarðfræðislegar rannsóknir, en nú er farið fram á að hætta þessu. Mjer er að vísu ekki svo kunnugt, sem skyldi, hvað rannsóknum þessum líður, en þó mun jeg mega fullyrða, að það sje óhentugur tími að hætta styrkveitingunni einmitt nú. Hann mun eiga eptir að rannsaka Skaptafellssýslu, sem þó hefir mikla þýðing í jarðfræðislegu tilliti. Nú í sumar er hann farinn að nálgast hana, þar sem hann mun vera að kanna Fiskivötn, Landmannaafrjett og Skaptárjökul; en þá á hann eptir suðurhlið Vatnajökuls, sem hefir mjög mikla þýðing, vegna skriðjökla þeirra, sem þar eru. Menn tala um, að þessar rannsóknir sjeu ekki til verulegs gagns, en þar kemur þó ýmislegt til skoðunar. Þótt vjer sjeum fámennir, viljum vjer eigi að síður láta telja oss til menntaþjóðanna, en rjettindunum fylgja jafnan skyldur; á oss hvílir sú skylda, að leggja vorn skerf, þótt lítill sje, til framfara mannkynsins, og styðja að framsókn þess til meiri þekkingar og meiri menningar.

Til þessa heyrir það, að vjer fáum þekkingu á jarðfræði vors eigin lands og landslagi, og að því vinnur Thoroddsen fyrir styrk þann, sem hjer ræðir um. Jeg skal geta þess, að í byrjun þessarar aldar kom fram maður hjer á landi, sem athugaði jöklana og samdi ritgjörð um þær athuganir. Ef þær skoðanir, sem hann ljet í ljósi, hefðu þá komizt fyrir almenningssjónir, þá hefði það sýnt sig, að þessi maður var á undan sínum tíma, því að það er fyrst miklu síðar, að fræðimenn erlendis hafa komizt á sömu skoðun og hann hafði. Þessi maður var Sveinn læknir Pálsson, og hefði það verið næsta skemmtilegt fyrir Íslendinga, að eitthvert fje hefði verið þá veitt til að styrkja hann til að halda fram rannsóknum sínum og koma riti sínu út, og fá þannig þá viðurkenning fyrir merkilega uppgötvun, sem nú verður öðrum eignuð, af því að hún duldist í óprentuðu riti, en komst ekki út manna á meðal.

Hjer á þingbekkjunum situr maður, sem ber nafn þess manns, sem jeg hef getið um, og er dóttursonur hans, og þætti mjer fara vel, að sá maður yrði ekki með því að fella niður styrk þann, sem á að veita til jarðfræðislegra rannsókna.

Eitt af því, sem nefndin hefir lagt til að styrkt yrði, er »Sjálfsfræðarinn»; hún áleit, að slíkt rit, þegar það er selt eins ódýrt og hjer er sett sem skilyrði fyrir styrknum, gæti orðið mikilvægt menntunarmeðal fyrir alþýðu, með því að líkindi væru til, að það gæti fengið útbreiðslu, þegar mönnum væri gert svo hægt fyrir með að kaupa það. Söluverðið, 10 aurar fyrir örkina, er mjög lágt sett, einkum þegar tekið er tillit til þess, að útgáfan hefir töluverðan sjerstakan kostnað í för með sjer við prentun á myndum.

Í 15. gr. hefir nefndin lagt það til, að hin áætlaða upphæð væri færð úr 70,000 kr. upp í 90,000 kr., því að áætlunin í stjórnarfrumv. er allt of lág. Í öðru lagi hefir hún farið fram á, að fella þaðan burt eptirlaunastyrk handa manni, sem nú er dáinn, og í þriðja lagi hefir hún fært eptirlaunastyrk Katrínar Þorvaldsdóttur úr 300 kr. niður í 200 kr. Þetta þótti henni hæfilegt. En aptur á móti fannst henni ekki full ástæða til, eins og farið hefir verið fram á, að fella hann burt með öllu. Sú ekkja, sem hjer ræðir um, er ekkja eptir mann, sem um 40 ár hafði opinberan starfa á hendi fyrir óvenjulega lág laun. Hann var undir 40 ár bókavörður við landsbókasafnið, og hafði einar 100 kr. um árið fyrir það starf. Auk þess hefir hann gert landinu sóma með ritstörfum sínum og aflað því orðstírs í útlöndum.

Viðvíkjandi 17. gr. fara upphæðir þær, sem þar eru nefndar, að sjálfsögðu eptir því, sem samþykkt verður hjer á þingi.

Landshöfðingi: H. nefnd hefir eigi stungið upp á neinum mikilvægum breytingum við stjórnarfrumv. í þeim greinum, sem hjer er um að ræða; breytingar þær, sem stungið er upp á, stafa sumar beinlínis af því, að kringumstæðurnar eru orðnar aðrar en þegar stjórnarfrv. var samið; þannig ganga t. d. 800 kr. samkvæmt prestakallalögunum frá Reykjavíkurbrauði nú við prestaskiptin, og sama máli er að gegna um þær 100 kr. til síra Árna Böðvarssonar, er standa í 15. gr., að sá styrkur fellur burt, af því hann er dáinn.

Þegar þá kemur til niðurfærslu þeirrar, sem nefndin stingur upp á við 13. B. II. b. 7., skal jeg taka það fram, viðvíðjandi þeim 200 kr., er standa í stjórnarfrumv., ætlaðar til ókeypis »klinikur», að orsökin til þess, að sá gjaldliður var hækkaður úr 100 kr. upp í 200 kr., var sú, að forstöðumaður klinikurinnar, landlæknir Schierbeck, hafði farið þessa á leit, sökum þess að aðsóknin hafði aukizt svo mjög, að fjárveitingin hrökk ekki til að útvega ýms nauðsynleg áhöld og umbúðir; nefnd-

in segir í áliti sínu, að styrkur þessi hafi upphaflega verið veittur til þess, að lærisveinum gæfist kostur á að kynnast sjúkdómunum, og það hefir auðvitað líka verið meining stjórnarinnar; en þar sem hún svo bætir því við, að það hafi eigi verið tilgangurinn að veita almenningi í Reykjavík ókeypis umbúðir og meðöl, þá skal jeg geta þess, að aðsóknin að þessari klinik er eigi einungis úr Reykjavík, heldur sækja hana tiltölulega allt eins margir úr sveitunum. En sökum þess, að veitingin hefir verið af skornum skammti, þá sækja klinikina færri en ella mundi verða, og því færri sjúkdómstilfelli fá læknarnir að sjá. Jeg skoða þannig styrkinn veittan í sama tilgangi og h. nefnd, að gefa lærisveinum kost á að kynna sjer sem flest sjúkdómstilfelli; en verði að eins veittar 100 kr., eins og á núgildandi fjárlögum, þá hlýtur það að hafa þá afleiðingu, að ýmsum verði vísað frá, sem annars hefðu notið læknishjálpar. Jeg verð því að álíta, að eigi sje vert að klípa af þessari litlu upphæð, sem stjórnin hefir farið fram á að veita, því hún mun gera eins mikið gagn og margt annað, sem veitt er fje til á fjárlögum, og menn geta ómögulega búizt við, að landlæknirinn fari að borga úr sínum eigin vasa það, sem upp á vantar.

Annað atriði, sem nefndin hefir breytt, er upphæðin til ekkju Jóns sál. Árnasonar bókavarðar, sem nefndin hefir lagt til, að færa niður í 200 kr. úr. 300 kr., og skal jeg eigi þrátta um, hvort taka skuli hið meira eða minna, heldur einungis láta þá von mína í ljósi, að þessar 200 kr. verði þó að minnsta kosti samþykktar, af þeim ástæðum, sem h. framsögum. (E. Br.) hefir þegar tekið fram.

Uppfærslan á eptirlaunum og styrktarfje er rökstudd af nefndinni, og vil jeg því eigi fara um það fleiri orðum.

Að því er snertir 13. gr. A. b. 4., þá hefi jeg engu við að bæta það, sem tekið er fram í nefndarálitinu, en vona, að deildin samþykki bráðabyrgðaruppbótina bæði til Gufudals- og Kvíabekkjarprestakalla, því hún hlýtur að sjá, að sá styrkur er nauðsynlegur til þess, að brauðin geti fengið prestsþjónustu, og sje uppbótin til Gufudalsbrauðsins nauðsynleg, þá er hún það engu síður til Kvíabekkjar.

Viðvíkjandi 13. gr. A, b. 8, skal jeg skýrskota til orða h. framsögum. (E. Br.); en um leið vil jeg geta þess, að stjórnin er á þeirri skoðun, að prófasturinn á Hólmum hafi rjett til að fá þá uppbót, sem hjer er um að ræða, og að landssjóður muni hvort sem er verða að svara út þessu fje, ef í mál færi, því það var tekið fram á þingi, þegar fríkirkjumálið var til umræðu, að það væri ekki meiningin, að prestar skyldu neins í missa af þeim tekjum, sem þeim bæru að lögum, þótt frv. um rjettindi utanþjóðkirkjumanna yrði að lögum, heldur var skoðað sem sjálfsagt, að þeir fengju þá uppbót, er næmi tekjurýrnuninni, og þess vegna tók stjórnin líka vel í málið og ekki einasta samþykkti lögin, heldur staðfesti kosningu utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólmaprestakalli á presti þeim, sem þeir höfðu ráðið til sín. En hefði stjórnina grunað, að rekistefna mundi verða út úr þessu síðar meir, þá hefði hún aldrei tekið í mál að staðfesta kosningu áminnzts utanþjóðkirkjuprests, og ímynda jeg mjer, að þingið hefði því illa unað, eptir þeim áhuga að dæma, sem þingmenn þá höfðu á þessu máli, sem vitanlega eingöngu var sprottið af sundrungunni í Hólmasöfnuði. En jeg segi það aptur, að hefði stjórnina þá grunað, að svo mundi fara, að hinn þjónandi prestur á Hólmum yrði neyddur til að fara í mál til að reka rjettar síns, þá hefði hún alls eigi staðfest kosningu utanþjóðkirkjuprestsins.

Þá hefir h. nefnd stungið upp á talsverðri hækkun (300 kr.) til hvers af hinum þremur kvennaskólum; eins og kunn-

ugt er hafa útgjöldin til þeirra farið vaxandi ár frá ári; árin 1884—85 voru þau 1 þús. kr. til hvers þeirra eða 3000 kr. alls, 1886 - 87 stigu þau upp í 1200 kr. eða 3600 kr. alls; í núgildandi fjárlögum eru þau 4300 kr. til þeirra allra, og nú eru þeim að síðustu ætlaðar 5200 kr. Jeg skal reyndar ekki sýta það, þótt skólunum væri veittur svona mikill styrkur, ef jeg hefði trygging fyrir, að það yrði til þess að kennslan á þeim yrði betri eða viðtækari, en jeg hef hingað til eigi orðið þess var af skýrslum frá þessum skólum, að hin aukna fjárveiting hafi orðið til þess að bæta kennsluna á þeim. Jeg skal nú játa, að jeg er eigi svo kunnugur kvennaskólunum á Ytri-Ey og Laugalandi, að jeg geti skýrt nákvæmlega frá högum þeirra; en um kvennaskólann hjer í Reykjavík veit jeg, að hann hefir lagt upp 1600 kr. síðan 1884, og get jeg ekki sjeð, hvaða ástæða er til að veita skólum fje til að leggja það upp. Sje því varið til að auka kennsluna, þá er það vel komið, en að leggja það í landsbankann, álít jeg eigi heppilega meðferð á því. Reyndar gat h. framsögum. (E. Br.) um, að skólanefndin hefði í hyggju að auka við einum bekk; en jeg efast um, að til þess þurfi sjerstaka fjárveitingu, ef skólinn að eins hættir að leggja upp fje, því þá ímynda jeg mjer að tekjur hans muni hrökkva fyrir hinum auknu útgjöldum. Aptur á móti heyrði jeg ekki h. framsögumann minnast á neina fyrirhugaða útvíkkun á skólunum fyrir norðan, heldur færði hann það eitt til um skólann á Ytri-Ey, að þar hefðu 3 kennslukonur samtals að eins 700 kr. laun; en jeg skil eigi hvers vegna þessar kennslukonur eigi geta fengið meiri laun, því úr landssjóði fær sá skóli 1150 kr., og gæti jeg ímyndað mjer, að öll sú upphæð gæti ef til vill gengið til að launa kennsluna, þótt jeg reyndar þekki eigi svo vel til, að jeg geti sagt neitt um það með vissu; en þar sem tvö sýslufjelög hafa tekið að sjer skólann, þá virðist svo sem þau hljóti að leggja eitthvað til þarfa hans í viðbót, við það sem veitt er úr landssjóði. Sama máli er að gegna með Laugalandsskólann, að hann er einnig studdur af sýslufje; en að því er þenna skóla snertir, þá hef jeg heyrt, að hann standi talsvert á baki skólanum á Ytri-Ey, og jeg er þess vegna í mjög miklum efa um, hvort rjett sje að auka styrkinn til hans.

Viðvíkjandi styrknum til sveitakennara skal jeg geta þess, að það er opt talsverðum vandkvæðum bundið fyrir landsstjórnina, að útbýta þeim styrk, því opt getur svo á staðið, að í einum hrepp sjeu tveir, þrír eða fjórir sveitakennarar, en í öðrum ekki nema einn, og virðist mjer þá ekki eðlilegt, að þessir sveitakennarar, sem eru margir í sama hreppi, fái hver um sig jafnmikinn styrk og sá, sem einungis er einn í hrepp; mjer hefir því komið til hugar, að rjettast mundi að orða þetta þannig, að í stað orðanna «til sveitakennara» kæmi «til sveitakennslu», og jafnframt yrði tekið fram, að eigi mætti veita nema einhverja ákveðna upphæð, til hvers hrepps, án þess að styrkurinn væri bundinn við kennaratöluna, og vildi jeg óska, að h. nefnd vildi hugleiða þetta atriði, til næstu umræðu.

Að því er snertir viðaukatillögur nefndarinnar undir 13. gr. C. 4. c., þá getur verið álitamál, að hve miklu leyti þær sjeu nauðsynlegar, og skal jeg ekkert um það segja, heldur einungis geta þess, að jeg er þeim eigi mjög mótfallinn, en aptur á móti mundi jeg eigi harma það, þótt sumar þeirra fjellu.

Jón Þórarinsson: Jeg vil taka það fram, að jeg get víðast hvar fylgzt með h. nefnd í tillögum hennar, en þó ekki alstaðar, og vil jeg því gjöra grein fyrir, hvar jeg get ekki orðið henni samferða.

Jeg skal þá fyrst taka kvennaskólana; eins og hæstv. landsh. tók fram, þá eru

að minnsta kosti sumir þeirra svo vel staddir í efnalegu tilliti, að eigi virðist ástæða til að hækka styrkinn til þeirra. Hann gat þess, að skólinn í Reykjavík hefði á seinustu 4 árum safnað 1600 kr. í sjóð, og jeg er viss um, að það er einstök undantekning, að skólar hjer á landi standi sig svo vel. Aptur á móti hefir fjárlaganefndin tekið það fram, sem ástæðu fyrir hækkuninni til þessa skóla, að fyrirhugað sje að stofna þar nýjan bekk, sem jeg skal fúslega játa, að getur orðið til mikils hagnaðar; en jeg get eigi betur sjeð, en að hann hafi nóg efni til þess sjálfur; þyki samt sem áður ótiltækilegt að minnka sjóð skólans, og tillagið úr landssjóði verði eigi nægilegt, fyrir þeim útgjöldum, sem þessi nýi bekkur hefir í för með sjer, þá er lafhægt að gjöra þessa breytingu á annan hátt, skólanum alveg að kostnaðarlausu, því að eins og jeg gat um hjer á síðasta þingi, þá höfum vjer engin efni á og heldur ekki neinar ástæður til, að borga forstöðukonu skólans 600 kr. á ári, að eins fyrir umsjónina eina, en hún hefir, eins og menn vita, að eins umsjón skólans á hendi, en tekur engan þátt í kennslunni. Jeg segi þetta alls eigi af þeirri ástæðu, að þessi heiðurskona, sem hjer á hlut að máli, eigi ekki mikið lof skilið fyrir þann áhuga, sem hún hefir haft á skólanum, og þess vegna vildi jeg líka, að henni væri borguð umsjónin með t. d. 300 kr., sem jeg álít að hún væri full sæmd af, hversu góð sem umsjónin kann að vera; en þá má líka fyrir þær 300 kr., sem afgangs verða, kaupa tímakennslu í hinum fyrirhugaða bekk. Að því er snertir hina skólana, þá skal jeg játa, að jeg þekki þá eigi svo vel, að jeg geti dæmt um verðugleika þeirra; en mjer sýnist að ekki eigi, þegar um viðbætur til skólanna er að ræða eingöngu, að líta á það, hve mikinn dugnað einn skóli sýni í samanburði við annan, heldur eigi jafnframt að láta þörfina ráða, það er að segja: að þeir skólar, sem geta haldið áfram starfi sínu án viðbótar, eigi enga viðbót að fá. Jeg vil reyndar sízt verða valdur að því, að skólar eigi geti gengið sinn gang og unnið gagn; en þegar fje er veitt, þá vil jeg líka að eitthvert eptirlit sje haft með, að þessu fje sje vel varið; og þar sem nýlega hafa verið samþykkt hjer í deildinni viss skilyrði fyrir útborgun á styrk til barnakennslu, þá get jeg eigi betur sjeð, en að hjer eigi einnig við að setja einhver skilyrði til tryggingar því, að það fje, sem þingið veitir til kvennaskóla, komi að tilætluðum notum; og jeg skal eigi neita, að sögur þær, sem borizt hafa hingað suður af kvennaskólanum á Laugalandi, virðast benda á, að þetta sje nauðsynlegt, því þær sýna, að því fje, sem til þessa skóla gengur, er eigi vel varið, ef þær eru sannar.

Jeg hef leyft mjer, að koma fram með viðaukauppástungu við V. c., þess efnis, að veitt sje í eitt skipti 200 kr. til kostnaðar við heimavist lærisveina í Flensborgarskólanum, og skal jeg játa, að það er satt, sem h. framsögum. (E. Br.) sagði, að það er ekki von á, eins og uppástungan er hjer komin fram, að menn viti, hvort hún er á rökum byggð eða ei; jeg vil því í stuttu máli gera grein fyrir þessari tillögu.

Fjárhag skólans er svo varið, að hann stendur í 1100 kr. skuld á síðasta ári: en hjer við bætist, að þar sem áður var siður, að piltar ekki byggju í skólanum, þá hefir nú verið tekið upp að veita þeim ókeypis heimavist í skólanum; þetta hafði aptur þær afleiðingar, að skólastjórnin neyddist til að kaupa rúm fyrir 100 kr.; borð og bekkir voru lánaðir, og ýmisleg eldhúsgögn; þetta hefir valdið skólanum talsverðs aukakostnaðar, og þar sem árstillag skólans eigi er svo mikið, að neitt verði afgangs

nema það, sem varið er til, að höggva skarð í þá skuld, sem skólinn stendur í, þá hef jeg komið fram með þessa fjárbón til þess, að skólinn geti staðizt þann kostnað, er leiðir af þessu nýja fyrirkomulagi, og vona jeg að hún sje á rökum byggð, svo framarlega sem menn viðurkenna, að gott sje fyrir pilta, sem koma úr sveitum, að eiga kost á, að búa saman við kennara sína, og jeg verð fyrir mitt leyti beinlínis að álíta það lífsskilyrði fyrir svona lagaða skóla, að piltarnir hafi bústað í skólahúsinu sjálfu. Hjer er ekki heldur um mikla fjárveitingu að ræða, því húsnæðið er nóg, og fáist styrkurinn, verður auðvelt, að heita fleirum móttöku en hingað til.

Þá vil jeg minnast á þá breyt.till. frá einum h. þm. (Gr. Th.) við C. 3, að í staðinn fyrir «til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík» komi «til hins íslenzku bókmenntafjelaga»; þessi breytingartillaga vona jeg að ekki verði samþykkt, því að, eins og kunnugt er, hefir að undanförnu verið talsverður metnaður og rígur milli beggja deilda bókmenntafjelagsins, og get jeg ekki betur sjeð, en að þessi tillaga miði einungis til, að vekja alla þessa úlfúð upp aptur, og vildi jeg sízt, að deildin yrði til að kveikja aptur í glóðunum.

Þá hef jeg leyft mjer, að taka upp aptur fjárbónina frá hinu íslenzka kennarfjelagi, án þess að mjer væri það mjög mikið kappsmál, heldur gekk mjer það eitt til, að taka hana upp aptur, eptir að nefndin var búin að synja henni, að jeg vildi láta deildina skera úr, hvort hún áliti sanngjarnt, að veita svo og svo mikinn styrk til búnaðarrita, sem enginn hefir beðið um styrk fyrir, en neita um styrk, sem beðið er um í því skyni að halda út riti til að leiðbeina mönnum í því, að ala upp og fræða börn.

Þá hefir h. nefnd farið fram á, að lækka styrkinn til Katrínar Þorvaldsdóttur, og álít jeg hana hafa þar farið svo langt, að eigi sje vert að fara lengra; jeg verð því að vera með nefndinni, en eigi þeim sem vilja afnema þann styrk, reyndar ekki af því, að jeg álíti, að hún geti ekki lifað án styrksins, heldur af því, að ýmsar aðrar konur njóta styrks úr landssjóði, sem ættu eins hægt og hægra með að komast af án hans, og væri því hart, að svipta hana styrknum, þegar tekið er tillit til annara, sem eiga við betri kjör að búa.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal geta þess, út af orðum hæstv. landsh. um styrkinn til klinikurinnar, að þar sem aðsóknin að henni hefir verið svo mikil að undanförnu, þá virðist nefndinni eigi ástæða til, að hækka styrkinn, með því, að tilganginum var náð með að eins 100 kr. fjárveitingu. En að því er snertir kvennaskólana og styrkinn til þeirra á undanfarandi þingum, þá skal jeg taka það fram, að öll sú viðbót, sem skólarnir fengu á þinginn 1887, átti einungis að ganga í ölmusur handa námsmeyjum, svo að engu af því, sem skólarnir þá fengu, hefir verið varið til þeirra eigin þarfa, og hvað skólunum á Laugalandi og Ytri-Ey viðvíkur, þá hefir styrkurinn til þeirra sjálfra jafnvel minnkað, en eigi vaxið, þar sem þeim var báðum til samans veitt 400 kr. viðbót, en jafnfram ákveðið, að 500 kr. skyldu ganga í ölmusur. Skólinn í Reykjavík hafði því sömu upphæð sjálfur og áður; en aptur á móti varð styrkurinn til hinna skólanna í raun og veru 50 kr. minni til hvors um sig, en að undanförnu. Það er reyndar satt, að Reykjavíkurskólinn hefir lagt upp nokkurt fje, en þar með er alls ekki sagt, að hann þurfi engrar uppbótar, því menn verða vel að gæta þess, að tekjur hans eru mjög hvikular; og skal jeg máli mínu til sönnunar geta þess, að árið 1882 voru honum í fjárlögunum veittar 1000 kr., en þó einungis með því skilyrði, að hann fengi jafnmik-

inn styrk annarsstaðar frá, en þar eð honum þá ekki hlotnaðist meira en 200 kr. annarsstaðar frá, þá varð styrkur sá, sem hann fjekk eigi nema 400 kr. alls, og varð hann því að taka af stofnfje sínu. Eptir þeirri skýrslu, sem amtmanninum yfir Suðuramtinu var gefin í fyrra um ástand skólans, þá telst svo til, að hann hefði að meðaltali lagt upp 118 kr. á ári í 10 ár; en jeg efast mjög mikið um, að hægt sje, eins og hæstv. landsh. komst að orði, að útvega betri eða víðtækari kennslu fyrir einar 118 kr. En þar sem jeg sagði, að aðsóknin að skólanum hefði aukizt svo mjög á síðustu árum, að nauðsynlegt væri, að bæta við nýjum bekk, ef komast ætti hjá, að vísa ýmsum þeim frá, er vildu ná inngöngu í skólann, þá stendur það sjálfsagt í sambandi við þann ölmusustyrk, sem jeg hef getið um, að veittur var á síðasta þingi, en skilyrðið fyrir því, að skólinn geti árlega tekið í móti jafnmörgum stúlkum, er það, að styrkurinn til hans sje hinn sami, en ekki á sífelldu reiki. Jeg skal taka til dæmis upp á, hve hvikull þessi styrkur er, að þar sem Vallöstift hefir áður fyr lagt skóla þessum talsvert fje, þá hefir honum nú um næstliðin 3 ár enginn styrkur komið þaðan. — Að því er snertir reikningana, skal jeg taka það fram, að þeir hafa verið prentaðir og frá Ytri-Ey hefir komið rækileg skýrsla, þar sem tekið er fram, að skólinn eigi hafi getað staðizt nema með því að selja námsmeyjunum fæðið dýrara en það í raun og veru var, en slíkt ætti þó eiginlega ekki að þurfa, heldur ætti að veita skólanum svo mikinn styrk, að hann ekki þyrfti, að selja fæðið dýrara en það virkilega kostar. Um kvennaskólann á Laugalandi hafa ekki komið eins glöggar upplýsingar, en þar sem amtsráðið hefir umsjón yfir honum, þá mun hægt að afla sjer nauðsynlegrar upplýsingar honum viðvíkjandi.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) minntist á, að meiri sparnað mætti við hafa við skólann hjer í Reykjavík en gert hefir verið hingað til, að því er snertir laun forstöðukonunnar; en jeg verð að vekja athygli hans á því, að laun þessi eru byggð á meira en 10 ára gömlum samningi, sem örðugt mun að ripta; en hvað því viðvíkur, sem hann sagði um eptirlitið á þessum skólum, er honum þótti vanta, og hann bar saman við það eptirlit er krafizt væri með barnaskólum, þá er það einungis sprottið af misskilningi; því kvennaskólarnir standa undir eptirliti amtsráðanna, og þeim eru árlega sendar skýrslur um kennsluna og annað, sem skólana snertir.

Þar sem hinn sami h. þm. (J. Þ.) minntist á breytingartillögu sína um styrkinn til hins íslenzka kennarafjelags, þá skal jeg geta þess, að málinu var hreift í nefndinni; en hún fann eigi ástæðu til, að verða við fjárbóninni; því bæði mætti búast við svo mörgum kaupendum að riti því, sem hjer er farið fram á að stofna, að það mundi borga sig, og svo stendur hjer líka nokkuð öðruvísi á en með styrkinn til búnaðarritsins, því þess konar ritgjörðir, sem eru búfræðislegs efnis, gátu eigi komizt að, og eiga eiginlega ekki heima í Þjóðvina- eða Bókmenntafjelagsritum; aptur á móti er hægt að koma ritgjörðum þeim, sem ætlazt er til, að verði í þessu fyrirhugaða riti, annarsstaðar að, ef ekki yrði af útgáfu ritsins. Þessi samanburður er því ekki alls kostar rjettur.

Landshöfðingi: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætla að gera út af orðum h. framsögum. (E. Br.) um kvennaskólana. Mjer getur eigi skilizt, að þörf sje á að hækka tillagið til kvennaskólans í Reykjavík, þar sem þessi skóli hefir lagt rúmar 1600 kr. upp á 4 árum, eða 118 kr. á ári að meðaltali. Skólinn beið

að vísu nokkuð tap árið 1882 við það, að hann þá eigi fjekk neinn styrk úr jafnaðarsjóði, en síðan hefir hann lagt upp árlega. Ef því þarf að auka kennsluna, má gera það fyrir það fje, sem skólinn á inni í landsbankanum meðan það hrekkur.

Hvað hinum kvennaskólunum viðvíkur, getur vel verið, að þeir sjeu í þröng fyrir styrkviðbót; en það kemur til af því, að sýslufjelögin, sem stofnað hafa skólana, leggja þeim eigi til eins mikið fje og skylda þeirra væri að gera; ef þau gerðu það, þyrfti eigi árlega að vera að hækka tillagið til þeirra; en þegar sýslufjelögin eru búin að koma skólunum á laggirnar, hugsa þau eigi um annað en demba þeim upp á landssjóð. Jeg verð því að vera mótfallinn því, að styrkurinn sje færður upp, meðan jeg eigi fæ vissu fyrir því, að honum verði varið til þess, að auka kennsluna.

Grímur Thomsen: Þótt jeg sje orðinn áskynja um, að sumir h. þm. sjeu farnir að verða syfjaðir, ætla jeg þó að tala nokkur orð.

Stjórnin hefir í frumv. sínu sýnt alvarlega löngun til þess að spara og jafnframt uppfyllt skyldu sína með því, að leggja fyrir þingið frv., er ganga í þá stefnu að auka tekjur landssjóðs. Þar sem nú báðar deildir þingsins hafa sýnt þá sjálfsafneitun, að samþykkja lög, sem leggja þungar álögur á landsbúa, og með því sjálfsagt bakað sjer óvinsæld, þá er það skylda þingsins og jafnframt hyggilegt, að auka tekjurnar og spara sem frekast er unnt öll útgjöld.

Jeg efast eigi um, að h. nefnd hafi haft fullan vilja á að spara; en þegar bænarskrárnar streymdu að henni, hefir andinn máske verið reiðubúinn en holdið veikt, ef svo má að orði komast; enda virðast mjer sumar af fjártillögum hennar eigi einu sinni þarfar, hvað þá heldur nauðsynlegar. Ef tillögur nefndarinnar ná fram að gangna, eykst tekjuhalli landssjóðs um 60.000 kr. Þar frá ganga að vísu 20,000 kr., sem eru lögákveðin útgjöld, og 24.000 kr. til gufuskipaferðanna, sem jeg skal eigi hafa á móti, en eptir verða samt hjer um 15,000 kr., sem nefndin ætlar að úthluta í smábitlingum, en þegar það kemur saman, er það tilfinnanlegt fyrir landssjóð. Það er víst, að ef tekjuhalli landssjóðs með fjáraukalögunum verður 49,000 kr. í viðbót við þær 90,000 kr., sem stjórnarfrumvarpið gjörir ráð fyrir, gengur sá tekjuauki, sem tollalögin hafa í för með sjer, til þess að jafna hann, að minnsta kosti tekjuaukinn fyrir annað árið. Verður þá eigi nema helmingur hans eptir til þess að höggva skarð í skuld landssjóðs. Það er því augljóst, að nauðsyn ber til að spara sem frekast má verða.

Jeg skal nú leyfa mjer að benda á sumt, sem h. nefnd hefði getað sparað að mínu áliti.

Við tillögur nefndarinn við 13. gr. hef jeg ekkert að athuga; að eins skal jeg geta þess, að mjer finnst nefndin nokkuð. jeg vil ekki segja smásmugleg en smáleg, þegar hún fer að spara. Þegar við nú lítum á, hvað hún vill spara, er það þetta; 100 kr. til kliníkurinnar, 800 kr. á Reykjavíkurbrauðinu, 500 kr. á Hljeskógaskólanum, 100 kr. til síra Árna Böðvarssonar, sem er dáinn, 100 kr. til ekkju Jóns heitins Árnasonar.

Hvað kvennaskólana snertir, get jeg eigi, þótt jeg sje þeim mjög hlynntur, sjeð, að full ástæða sje til þess að fara nú að hækka tillögin til þeirra á þessu fjárhagstímabili; en ísjárvert er, að láta það fje, sem með uokkru móti má spara, koma til útgjalda. Hinsvegar sje jeg eigi ástæðu til þess að stryka styrkinn til Hljeskógaskólans út; ef þessum skóla verður eigi haldið áfram, verður styrkurinn eigi útborgaður, en ef hann skyldi reisa sig við aptur, er ósanngjarnt að vera

búinn að stryka hann út. Skóli þessi er til orðinn fyrir sjerstakan dugnað eins manns, er og hefir haldið honum við, en hið síðasta ár hafa fáir sótt hann sakir harðindanna.

Þá eru og aðrar fjárveitingar, er mjer finnst mega missa sig; og er þar fyrst að nefna til styrkinn til Þjóðvinafjelagsins. Einkenni á fjelagi þessu er það, að það hefir aldrei hreina reikninga. Einu sinni sótti það um 1000 kr. styrk til landssjóðs; komst það þá upp, að fjelagið hafði enga reikninga, og 1887, þegar það sótti aptur um styrk, stóð eins á; þegar þar verður skortur á fje, er hlaupið til landssjóðs, en mjer finnst eigi að minna verði krafizt en að fjelög þau, sem biðja um styrk, láti hreina reikninga fyrlgja fjárbæninni. Jeg verð því að vera því mótfallinn, að fjelag þetta fái þær 400 kr., sem nefndin stingur upp á.

Þá stingur nefndin upp á, að Náttúrufræðisfjelaginu sjeu veittar 400 kr. á ári. Eins og mönnum er kunnugt, var fjelag þetta stofnað rjett fyrir þing. Minnir það mig á, hvernig búnaðarfjelögin runnu upp, þegar jeg var í amtsráðinu, frá þeim tíma að farið var að styrkja búnaðarskóla. Jeg vil láta fjelag þetta komast á laggirnar og sýna hvað það getur af sjálfsdáðum; ef þá lítur út fyrir, að það verði að tilætluðum notum, skal jeg eigi hafa á móti, að því sje veittur styrkur. Mjer finnst of snemmt, að fara að styrkja það nú þegar, og vil láta það sæta sömu kjörum og forngripasafnið, er fyrst var farið að styrkja eptir að það var komið á fót, og auðsætt var, að það mundi verða að gagni

Það hefir komið tillaga frá nokkrum h. þm. um það, að láta falla burtu upphæð þá, sem Þorvaldi Thoroddsen er ætluð til þess að ferðast fyrir um landið. Þessi gáfaði og duglegi maður hefir nú í nokkur ár ferðazt um landið og haft til þess styrk úr landssjóði. Verð jeg að vera h. þm. samdóma um, að rjett sje að láta hann hvíla sig eitt fjárhagstímabil. Ef hagur landsins fer batnandi, má veita honum styrkinn aptur á næsta þingi, ef hann æskir þess. Frá þessum manni hefir engin bænaskrá komið þess efnis, að styrkurinn verði veittur framvegis, heldur hefir það verið tekið upp í stjórnarfrumv. Er því engin sönnun fyrir, að honum sje ljúft að takast þessar erfiðu ferðir á hendur.

Þá kemur sú tillaga nefndarinnar, er mig furðar mest á af þeim öllum; en það er tillagan um að veita Sigfúsi Eymundssyni styrk til þess að gefa út Sjálfsfræðarann. Væri hagur landsins glæsilegur, gæti komið til tals að veita þennan styrk. En að fara nú að verja fje til þess, að styrkja einhvern ríkasta mann á landinu í iðn sinni, finnst mjer eigi ástæða til, einkum þar sem þetta rit hlýtur að borga sig; og eigi er hætt við, að við útgáfuna verði hætt af efnaleysi, því útgefandinn hefir svo margar stoðir undir búi sínu.

Þá kem jeg nú til eins sparnaðar nefndarinnar, þar sem hún vill láta taka 100 kr. af fje því, sem ekkju Jóns sál. Árnasonar er ætlað í stjórnarfrumv. Þessum manni var af þinginu 1887 veitt sómalaun fyrir það, hversu mikið hann hefði gjört til þess að breiða út þekkingu á Íslandi. Frá nokkrum h. þm. hefir komið tillaga um að fella þennan styrk alveg í burtu, og get jeg heldur gefið henni atkv. mitt en farið að klípa af þessum 300 kr., sem stjórnin leggur til að veittar verði, og vonast jeg eptir, að þingið gjöri sig eigi sekt í slíkum mjer lá nærri við að segja smásálarskap.

Að endingu skal jeg geta þess, að í viðbót við þann tekjuhalla, sem leiðir af stjórnarfrumv. með breytingum nefndarinnar, koma tvær upphæðir í fjáraukalögunum, sem jeg þykist viss um, að allur

þorri þm. muni samþykkja og sem til samans nema allt að 2000 kr. Verður tekjuhallinn þá næstum 150,000 kr.

Ef öðruvísi væri ástatt, gæti jeg gefið mörgum af tillögum nefndarinnar atkv. mitt. En þegar tollur er lagður á 3 vörur, sem mikið er keypt af, til þess að auka tekjur landsins, þá lítur það illa út, að samþykkja jafnframt óþörf útgjöld, og á þjóðin heimtingu á, að allt, sem eigi er með öllu nauðsynlegt, verði sparað.

Ólafur Pálsson: Jeg ætla eigi að standa upp til þess að álasa nefndinni, heldur til þess að minnast lítið eitt á styrkinn til Prestsbakkakirkju, sem snertir mig nokkuð sem umboðsmann hennar. Nefndin áleit áætlun um viðgjörð hennar eigi góða nje heldur vísitazíu prófasts. Jeg hefi nú leitað mjer upplýsinga hjá manni, nefnilega snikkaranum, sem smíðaði hana, sem hjer er í bænum, og skal leyfa mjer að reyna að skýra það mál betur en gert hefir verið.

Hið eina, sem eigi er rjett í áætluninni er það, að 80 potta þurfi af fernisolíu; þetta er misskript, og á að vera 40 pottar eptir áliti snikkarans og annars snikkara með.

H. framsögum. (E. Br.) sagði, að í vísitazíunni stæði, að fáeinir listar á þakinu væru fúnir. Þetta er ekki rjett hermt, því þar stendur: að »allmargir listar sjeu fúnir», og er það allt annað, og eigi er ólíklegt, að þeir hafi fjölgað síðan 1886, að vísitazían fór fram. Jeg kom eigi með neina breyt.till. við þessa umræðu, af því að jeg var eigi búinn að fá álit snikkara um, hversu mikið þurfa mundi, en mun koma með hana til 3. umr. Mig tekur sárt til kirkjunnar landssjóðsins vegna, og vil eigi, að hún þurfi að falla fyrir aðgjörðaleysi. En fyrir þessar 200 kr. ímynda jeg mjer að eigi sje hægt að gera mikið af því, sem gera þarf; það verður aldrei annað en kák, þar sem stórgallar eru á kirkjunni. Jeg held að betra væri, að setja járnþak á kirkjuna, áður en bindingurinn og hvelfingin fer að fúna, en að vera að lappa upp á þetta gamla þak, það borgar sig ekki fyrir landssjóð. Ætti jeg kirkjuna og hefði nóg fje, mundi jeg eigi hika mjer við að gera það. Járnþak mundi kosta hjer um bil 700 kr. Að kirkjunni er ýmislegt annað en það, sem h. framsögum. tók fram; þannig er turnloptið bilað. Mundi það, eins og jeg gat um, eigi verða annað en kák, ef við væri farið að gera fyrir einar 200 kr. Málverkið tel jeg alveg nauðsynlegt; kirkjan hefir eigi verið máluð síðan hún var byggð, nema lítils háttar eptir 3 eða 4 ár, og geta menn ímyndað sjer, hvernig hún muni líta út. Hefði fje verið til, hefði jeg fyrir löngu verið farinn að láta gera við hana, en yfir því hefi jeg ekki ráð; jeg skrifaði yfirboðurum mínum snemma á árinu 1888, og sótti um fje til aðgjörðar kirkjunni, en fje lá þá ekki fyrir, sem gefur að skilja, þar sem ekki var sótt um það 1887; allir vita, að jeg á ekki kirkjuna, en af því jeg á að sjá um hana, fellur mjer illa, ef hún skal hrörna svo, að landssjóður hafi skaða, og jeg skapraun, og ekki síður fyrir það, að jeg þykist vita, að kirkjan á talsverða peninga í landssjóði.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að fara fám orðum um breyt.-till. þær, sem jeg ásamt nokkrum öðrum h. þm. hef skrifað undir. Hefir h. framsögum. (E. Br.) þegar minnzt á nokkrar þeirra, eins og eðlilegt er.

Er þá fyrst að minnast á breyt.till. við 13. gr. A. b. 4., sem er þess efnis, að sú 200 kr. uppbót á Gufudalsprestakalli, sem þar er lagt til að veitt sje, falli burtu. Fjárlaganefndin stingur upp á, að færa þennan lið upp um 100 kr. með því skilyrði, að því fje sje varið til húsabygginga á staðnum. Þetta er nú ekki mikið fje og að minni ætlun ekki nóg eptir því,

hvernig prestssetrið er komið. Í febrúarmán. í vetur stóð grein í »Ísafold» (mig minnir í nr. 11); var í henni lýst ástandi þessa prestakalls, og er mjög líklegt, að sú lýsing sje sönn. Eptir henni er bújörðin fjarskalega niðurnídd, bæði að því er snertir hús, tún og engjar. Prestur einn, er var þar fyrir 50 árum, tók upp á þeim búhnykk, að flytja bæinn út fyrir tún; afleiðingin af þessu er orðin sú, að nú fæst naumlega taða handa einni kú, þar sem þó áður fengust 4—5 kýrfóður af túninu í meðalári; enda er það einskis skussa meðfæri, að ætla sjer að fara að græða út tún. Prestur sá, er þjónar þar nú, kvað hafa boðizt til að gefa eptir tíundir og dagsverk af sókninni til þess að staðurinn verði byggður upp fyrir þau. Það er því ætlun mín, að þetta fje eigi mundi koma að tilætluðum notum, þótt veitt væri. En nauðsynlegt er að íhuga málið og undirbúa það betur. Það getur verið spurning um það, hvort byggja eigi upp bæinn þar, sem hann stendur nú eða þar sem hann áður var. Þessi meðferð prestanna á prestssetrunum er nokkurs konar blífandi hugvekja fyrir þjóðina um það, að eptirlit þyrfti að hafa með þeim, og mætti með þeim spara mikið fje úr landssjóði, sem varið er til prestakallauppbóta.

Auðvitað á söfnuðurinn rjett og heimtingu á því að fá prest; en hjer er eigi gott viðgjörðar, þar sem enginn vill sækja um brauðið sakir hinna dæmafáu meðferðar fyrverandi presta á bújörðinni.

Hvað það prestakall snertir, sem talað er um í 13. gr. A. b. tölul. 5., nefnil. Kvíabekk í Ólafsfirði, þá er mjer eigi fullkunnugt um ástandið þar; er mjer þó nær að halda, að um það megi segja sama og um Gufudalinn.

Prestar þeir, er þar hafa verið undanfarin ár, hafa verið lítilfjörlegir menn. Sá seinasti lafði þar við í 1½ ár, og flæktist svo burtu eða »labbaði sig burtu frá brauðinu», án þess þó að hafa fengið nokkurt annað kall. Nú heyri jeg sagt, að hann sje búinn að fá brauð; en þegar hann fór, átti hann ekkert víst. Brauðið er í landkostaplássi, og því eitthvað undarlegt, að enginn skuli vilja sækja um það.

Aðaltilgangur vor uppástungumanna var, að vekja athygli þingsins á þessu, og liggur okkur í ljettu rúmi, hvort breyt.till. ná fram að ganga eða ekki; enda kemur þetta fje eigi til útborgunar, ef enginn sækir um brauðin.

Viðvíkjandi tillaginu til Hólmaprestakalls 13. gr. A. b. tölul. 8., þá hefir fjárlaganefndin í nefndarálitinu tekið fram, að eptir hennar skilningi komi tekjur fyrir aukaverk eigi til greina; jeg skal nú ekki tala um það, en legg til, að liðurinn verði felldur burt.

Viðvíkjandi 13. gr. B. III. c. tölul. 8., þá skal jeg geta þess, að hjer er eigi um stóra upphæð að ræða; en mjer finnst eðlilegt, að þessi og aðrir þvílíkir úreltir smábitlingar verði úr lögum numdir; er það því aðaltilgangur vor með breyt.till. um þetta, að vekja athygli þingsins á þessu.

Viðvíkjandi hinni vísindalegu ritgjörð, sem fylgir latínuskólaskýrslunum, þá veit jeg eigi, hve þörf hún kann að vera.

Framsögum. (E. Br.) minnti á, að þessi styrkur til hennar var hækkaður á síðasta þingi; nokkuð er það, að þessi styrkur hefir verið veittur nokkur ár, án þess þó að jeg geti álitið hann nauðsynlegan.

Viðvíkjandi amtsbókasöfnunum skal jeg geta þess, að engin skýrsla frá þeim liggur fyrir þinginu, sem þó hefði átt að vera. Framsögum. gat þess, að mikið gengi til bókbands af styrknum, en mjer er eigi kunnugt um, hvort þar eru bundnar nokkrar bækur.

Hvað Bókmenntafjelaginu viðvíkur, finnst mjer full ástæða til þess að færa styrk

þann, er það fær, niður um helming. Sumar af bókum þeim, sem það gefur út, eru miður þarfar, t. a. m. Frjettir frá Íslandi, sem jeg sje enga ástæðu til, að gefnar sjeu út nú, þar sem allar frjettir áður eru komnar í blöðunum, og á því má vel byggja, þegar að skrifuð er saga landsins síðar meir; munu því engin vankvæði verða eptirleiðis, þótt þeirra missti við, þar sem blöðin eru eins fullkomin og ýtarleg og þar eru; ætla jeg þeim peningum betur varið til annars. Þar að auki er fjelagið ríkt, og deildin hjer eigi fullkomlega náð þeim tökum yfir fje þess, sem hún ætti að hafa.

Viðvíkjandi styrknum til Þorvalds Thoroddsen get jeg fullkomlega fallizt á það, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, og hef þar engu við að bæta.

H. framsögum. (E. Br.) gaf ýmsar upplýsingar viðvíkjandi árangrinum af ferðum hans; en það finnst mjer að Thoroddsen hefði átt að gera sjálfur. Enda liggur ekkert fyrir þinginu, er sýni, að hann sje fús til þess að taka þetta starf að sjer framvegis. Og þar sem nú að allir sjá, að það þarf að spara fje landssjóðs, finnst mjer full ástæða til þess að láta hann hvíla sig þetta fjárhagstímabil, og sjá, hverju fram vindur.

Heldur eigi get jeg verið með því, að veita Sigfúsi Eymundssyni styrk til þess að gefa út Sjálfsfræðarann. Það getur vel verið, að bók þessi sje góð í sjálfu sjer, og eigi heldur fælir það mig frá því, að maðurinn er efnaður; en mjer finnst eigi kominn tími til þess, að styrkja bókina, fyr en það hefir sýnt sig, að hún er að gagni; og svo virðist mjer annað eiga betur við, og það er það, að Bókmenntafjelagið kaupi hana handa meðlimum sínum, ef því þykir hún þess verð. Stjórnin hefir á 2 stöðum í ástæðunum fyrir stjórnarfrv. minnzt á, að sparnaður sje nauðsynlegur nú, og hún hefir útvegað styrk til til þess að gefa út vandaða útgáfu af Jónsbók annarstaðar frá. Finnst mjer það því vera skylda þingsins, að spara, og veita eigi fje til neins fyrirtækis, nema það sje bráðnauðsynlegt.

Þá höfum við komið fram með litla breyt.-till. við 15. gr., sem sumum kann að virðast nokkuð smáleg; en það er tillagan um, að styrkurinn til Katrínar Þorvaldsdóttur falli burtu. Meiningin með henni var sú, að vekja athygli þingsins á því, hvort ekki mætti fella fleira burt úr þessari grein, svo að hún, er fram líða stundir, gæti horfið úr fjárlögunum. Mjer er kunnugt um, að sumar af þeim ekkjufrúm, sem þar eru nefndar, eru vel staddar í efnalegu tilliti; jeg vil t. a. m. nefna frú Valgerði ekkju Halldórs sál. á Hofi, og frú Guðjohnsen, sem, þótt hún eigi sje sjálf efnum búin, á efnuð börn, sem mundu sjá um, að hún ætti góða daga. Þótt þessi styrkur hafi einu sinni veittur verið, mætti taka hann af nú. En viðsjárvert er, ef þessum ekkjum fjölgar eða þeim persónum, sem veitt eru ólögboðin eptirlaun, þegar litið er til eptirlaunalaganna í heild sinni.

Jón Jónsson (þm. N.-Þ.): Það er fátt eitt, sem jeg ætlaði að minnast á. Það er þá fyrst breytingartillaga frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) um, að hinu íslenzka kennarafjelagi sje veittur 500 kr. styrkur á ári, til að gefa út tímarit um uppeldi og menntamál. Beiðni um þetta lá fyrir fjárlaganefndinni, en það sem rjeð úrslitum í nefndinni, að minnsta kosti að því er mig snertir, var það, að í fyrra rjeðust 3 menn í að gefa út sams konar rit styrklaust; jeg veit nú ekki vel, hvernig því fyrirtæki hefir reitt af; en eptir líkum að ráða hefir það tekizt vel, þar sem þeir hafa lagt út í að gefa það út þetta árið. Þetta álít jeg mjög lofsvert, og er jeg þess fullviss, að æ fleiri og fleiri kaupi það, ef það heldur áfram að koma út þess vegna fannst nefndinni ekki ástæða til, að veita fjelaginu styrk, þar sem það

mun færara að standast kostnaðinn og hefir meiri krapt fjár og þekkingar, en þessir 3 menn einir saman; hún vissi heldur ekki nema þetta rit fjelagsins yrði samhliða hinu og til að rýra það og draga úr útbreiðslu þess, og til þess vildi hún ekki stuðla. En jeg þykist nú sjá, að þar sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), sem er einn af útgefendum tímaritsins, gerist flutningsmaður þessarar breytingartillögu, þá muni svo til ætlað, að ritið verði að eins eitt.

Það sem mestum umræðum hefir valdið og mestar mótbárur fengið, er styrkurinn til kvennaskólanna, sem nefndin hefir lagt til að hækka. Hæstv. landsh. hefir tvisvar tekið til máls, og í hvorttveggja skiptið bent til, að þetta væri ástæðulaust; h. framsögum. (E. Br.) hefir nú skýrt frá, að styrkurinn, sem veittur var 1887, hafi ekki orðið til þess, að skólarnir fengi meira en áður, heldur þvert á móti tölu-vert minna.

Hæstv. landsh. sagði um skólann á Ytri-Ey, að þar sem 2 sýslufjelög hefðu stofn-að hann, — og líkt á sjer stað um Laugalands-skólann, sýslufjelagið er þar að vísu ekki nema eitt, — þá yrðu þau að bera ábyrgðina á honum; þeg veit ekki hvað h. landsh. hefir meint með þessum orð-um, en eptir því sem mjer finnst liggja í þeim, þá skildist mjer sem hann áliti sýslufjelögin einkis góðs makleg fyrir að hafa stofnað hann: en jeg verð að álíta, að það hafi ekki verið meiningin hjá hæstv. landsh., því það liggur svo fjarri mjer, að hafa slíka skoðun, að jeg get ekki ætlað öðrum að hafa hana. Hæstv. landsh. kom með það móti styrk til kvennaskólans í Reykjavík, að skólinn hefði safnað fje, og ályktaði þar af, að hann þyrfti ekki fje; það er að vísu satt, að, frá vissu sjónarmiði skoðað, þarf sá ekki fje, sem safnar fje. En ef maður áttar sig betur á, hvernig á þessu stend-ur, að hann getur staðizt með svona litl-um tekjum í samanburði við aðra skóla, þá er orsökin til þess sú, að á kvenna-skólanum er unnið mikið fyrir lítil laun, og ekki kvartað eða beðið um meiri laun, af því að það eru konur, sem vinna. Það var stór þyrnir í auga h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), þessar 600 kr., sem forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík hefir fyrir um-sjón með skólanum; þessi skoðun hans hlýtur að vera byggð á því, að ekki sjeu saman berandi verk karla og kvenna, hvað borgun snertir; því sje litið til sams konar verka karla, þá er borgun fyrir þau miklu —miklu hærri; það fjekk beinlínis á mig, að heyra þm. halda þessa ræðu, því fyrst og fremst er þessi borgun ekki mikil, og svo er hjer um konu að ræða, sem mest og bezt hefir starfað að þessu mikilsverða máli. Samih. þm. ljet í ljósi þá grundvallarskoðun, að ekki ætti að miða fjárveitinguna við það, hve skól-arnir væru duglegir, heldur hvað þeir þyrftu. En hvað þurfa kvennaskólarnir? Jeg skal ekki segja um, hvað þeir þurfa, en það er víst, að þeir fá miklu minna, en allir aðrir skólar, og verð jeg þó að ætla, að þeir hefðu eins mikla þörf fyrir fje eins og sumir aðrir skólar. Það er nú eins og fyr, að kvennaskólinn á Lauga-landi á hjer «formælendur fá» á þingi; h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) kvað þennan skóla ómaklegan landssjóðsstyrk, og að því fje mundi ekki vera vel varið, sem til hans færi; byggði hann þessa skoðun sína á sögum, sem hann hefði heyrt um skólann. Hverj-ar eru þessar sögur? Áliti þm. það áreið-anlegt, þó einhver norður í Eyjafirði segði um skólann í Flensborg, að hann væri ekki á marga fiska, og ekki mundi vera vert að styrkja hann af landsins fje? Jeg get gefið h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) dæ̈r upplýsingar, að fjárhags-ástand skólans á Laugalandi er ekki betra en skólans á Ytri-ey; þar hefir orðið að setja náms-meyjunum kostinn hærra en hann er

verður, til þess að borga ljós og eldivið og annað því um líkt; frá þessum h. þm. liggur fyrir breytingartillaga um styrk til Flensborgarskólans til að borga heimavist pilta; jeg sje ekki, hvernig þm. fær komið með þessa tillögu, þegar hann er á móti styrkhækkun til kvennaskólanna. Þegar gætt er að þessari upphæð, sem fjárlaganefndin leggur til, að lögð sje til kvennaskólanna, þá sjest það, að til allra kvennaskólanna gengur ekki nema tæpur helmingur á við það fje, sem lagt er til gagnfræðaskólanna á Möðruvöllum og í Flensborg; á þessum skólum hafa þó ekki verið mjög margir hin síðustu ár, en á kvennaskólunum hafa verið 60—70 námsmeyjar á ári. (*P. Br.*: Undir 90). Því betra. Á Þingvallafundinum í fyrra, er vjer berum ávallt fyrir oss sem rödd þjóðarinnar, var sett nefnd til að íhuga rjett kvenna, og eptir tillögum hennar var í einu hljóði samþykkt ályktun, sem gekk út á það, að skora á alþingi að rýmka rjett kvenna, og endaði hún á þessum orðum:

«3. lagi með því að gjöra konum sem auðveldast að afla sjer menntunar».

Það eru ekki nema örfáar ályktanir Þingvallafundarins, sem ekki hafa komið fram á þinginu í einhverju formi; þessi hefir orðið út undan, og lítur út fyrir, að þinginu liggi mál þetta í ljettu rúmi; það lítur svo út, að fulltrúar þjóðarinnar á Þingvallafundi í fyrra hafi verið lengra komnir áleiðis í þessu máli en þeir, sem hafa þá æru að sitja hjer sem þingmenn þjóðarinnar. Jeg held það sje hvervetna álitið eitt af hinum helztu framfaramálum, að rýmka rjett kvenna og veita þeim þau skilyrði, sem útheimtast til þess, að þær sem einstaklingar geti náð sem mestum andlegum þroska og orðið sem nýtastar í mannfjelaginu; mjer sýnist því ekki minna mega vera en að þetta litla spor sje stigið, sem fjárlaganefndin fer fram á, og mjer þótti mjög sorglega fara, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) skyldi gera sig sekan móti einu hinu fyrsta og helzta boðorði nútímans, því boðorði, að styðja rjett kvenna. Hann brýtur það boðorð með því, að hindra framgang þessa máls.

Þórarinn Böðvarsson: Hjer liggur þá sá kafli fjárlaganna fyrir, sem vant er að úthella hjarta sínu yfir; en jeg ætla að þessu sinni ekki að úthella mínu hjarta, en að eins minnast á fátt, sem mjer virðist nauðsyn bera til að minnast á.

Við A. b. 4 liggur fyrir sú undarlega tillaga, að sá liður falli burtu; h. deild mun það kunnugt, að það prestakall, sem hjer ræðir um, hefir í mörg ár verið óveitt, og að það er prestakall, sem litla prestsþjónustu hefir haft um mörg ár, og að það er prestakall, sem mjög er eyðilagt, af því það hefir lengi engan prest haft, og erfitt er að vernda þau prestsetur fyrir eyðileggingu, sem enginn prestur situr á; svo framarlega sem þingið vill gæta þeirrar skyldu, sem stjórnarskráin leggur því á herðar, að vernda hina lútersku kirkju, þá er skylda þess, að hlaupa undir bagga með þessu prestakalli; hvað snertir tillag það, sem nefndin hefir sett, þá er það hóflega sett 300 kr., ef prestssetrið á að verða aðgengilegt til að reisa þar bú; jeg vildi að eins vekja athygli á því, að greinina ætti að orða svo, að hún setti það skilyrði fyrir útborgun á þessum 300 kr., að prestur kæmi í prestakallið (*P. Br.*: Það er sjálfsagt); jeg ímynda mjer, að það sje meiningin, og gef greininni atkvæði mitt með þeim fyrirvara. Það er líku máli að skipta með Kvíabekk; það er skylda þingsins að hlaupa þar undir bagga, og væri líklegt að tækist að fá prest í brauðið, þar sem nú er svo mikið af prestaefnum; þetta eru auðvitað fjárútlát fyrir landssjóð; en jeg held þó, að þingið geti ekki komizt hjá þeim að óslepptum sóma sínum.

Viðvíkjandi A. b. 8, þá er tillaga komin um, að sá liður falli burt. Jeg

játa það satt, sem hæstv. landsh. sagði, að meiningin með lögunum, þegar þau voru samin, var, að presturinn í Hólmaprestakalli fengi uppbót fyrir þann tekjumissi, sem hann varð fyrir vegna þess, að fríkirkjusöfnuðurinn leystist úr söfnuði hans; bæði er þetta rjettsýnt, og prestinum mundi innan handar að ná þessu fje með málssókn; þeirri reglu hefir líka verið fylgt, að veita fje, þegar svona hefir staðið á.

Viðvíkjandi ókeypis «klinik», þá álít jeg æskilegt, að eigi væru veittar 100 kr., heldur 200 kr., því 100 kr. hafa reynzt ónógar; álít jeg það mjög nauðsynlegt, því auk þess, sem það gefur lærisveinum læknaskólans færi á að kynnast ýmsum sjúkdómum, þá koma þangað einnig margir til að fá bót meina sinna.

Viðvíkjandi B. III. c. 8. er komin breytingartillaga um, að sá liður falli burt; jeg hefi ekkert á móti því, að þessi liður væri burt numinn, en það verður að gerast með lagafrumv., og eigi nokkurn tíma að gera það, þá væri einmitt heppilegur tími til þess nú, þar sem prestaskiptin verða; þó reyndar sje hætt við, að lögin nái ekki samþykki fyr en brauðið er veitt, þá kæmist það þó í kring við næstu prestaskipti.

Þá er ráðið til að fella B. III. c. 8, um styrk til vísindalegrar ritgjörðar fylgjandi með skýrslu latínuskólans. Það er gamall vani, að gefa út vísindalega ritgjörð með skólaskýrslunni; þar hafa komið út hinar merkustu ritgerðir, sem við eigum á voru máli; hjer er þar að auki að ræða um þann mann, sem er sómi lands síns, og ritgjörðir hans eru honum og landinu til sóma; hjer er um þann mann að ræða, sem mjer er óhætt að fullyrða, að er manna bezt að sjer í íslenzkri málfræði, að minnsta kosti allra manna fjöllesnast ur í því efni, þeirra manna sem nú lifa í heiminum.

Jeg hefi orðið þess nýlega áskynja, að það er bezt að tala varlega um kvennaskólana; jeg vil nauðugur baka mjer skriptir hjá h. þm. N.-Þ. (J. J.); jeg hefi heldur ekki svo sterka hvöt til þess. Sjerstaklega álít jeg, að nauðsyn beri að styrkja skólana Norðanlands, þar sem barnaskólarnir eru fáir, því þar er mjög nauðsynlegt að hafa slíka skóla; en jeg verð þó að álíta, að sýslufjelögunum, sem eru hið næsta tilefni þessara skóla, standi nær að styrkja þá en landssjóði, og bið jeg flytjendur þessa máls að senda þeim þá kveðju mína. Öðru máli er að gegna um kvennaskólann í Reykjavík; hjer þyrftu ungar stúlkur ekki að vera menntunarlausar, þótt skólinn væri ekki, þar sem hjer er duglegur barnaskóli, og hjer hafa margar stúlkur tekið að sjer að kenna fyrir lítið kaup. Það geta verið deildar meiningar um það, hvort 300 kr. eða 600 kr. sjeu mátuleg borgun fyrir umsjón með skólanum; margur embættismaður mundi þykjast vel haldinn, ef hann fengi slíka upphæð fyrir umsjón sína; jeg álít vel gert að styrkja skólana, en ekki er mjer um að ausa svo í þá, að þeir geti ekki torgað.

Um styrk til sveitakennslu er torvelt að setja ákvæði, svo landsstjórnin verði ekki opt í vanda stödd, þegar hún á úr að skera, hverjum veita skuli, til þess að öllum verði gert jafn hátt undir höfði.

Þá hefir h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) komið með viðaukatillögu um, að til hins íslenzka kennarfjelags sjeu veittar 200 kr. á ári, til að standast kostnað við útgáfu tímarits um uppeldi og menntamál; af því að hann var ekki inni áðan, skal jeg geta þess, að sem sjerstök ástæða gegn þessu var tekið fram, að ritið væri gefið út af heilu fjelagi; en fjelagið treystir ekki á, að það muni borga sig; en frek-

ari skýrslu mun h. flutningsm. (J. Þór.) gefa.

Jeg get ekki annað en minnzt á 15. gr., um styrkinn til ekkju Jóns sál. Árnasonar bókavarðar; jeg mun manna sízt fallast á, að allur sá styrkur verði burtu numinn. H. framsögum. (E. Br.) skýrði rjett og skýrt frá verðleikum þessa látna manns, og hvað snertir tillögu nefndarinnar um að taka af honum 100 kr., þá mun jeg greiða atkvæði með upphæðinni, er stjórnarfrv. fer fram á.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir fundið ýmislegt til að áfella nefndina fyrir, og þar á meðal fyrst og fremst, hve lítið hún hefði sparað af þeim útgjöldum, sem í stjórnarfrumv. stæðu; en h. þm. (Gr. Th.) verður vel að gæta þess, að slíkt er mjög eðlilegt; því að bæði er í stjórnarfrumv. einmitt sparnaðurinn hafður fyrir augum, og svo eru líka útgjaldagreinir þess byggðar á þeim vilja, sem lýsti sjer á þinginu 1887, og þar sem nú síðan eigi hafa fram farið nýar kosningar og þar af leiðandi sitja nú á þingi hinir sömu menn, sem þá áttu þar sæti, þá er ekkert eðlilegra en að útgjöldin verði hjer um bil hin sömu og þá voru. Jeg er honum samdóma um, að varlega sje í það farandi, að auka útgjöld landsins, en á hinn bóginn virðist mjer hann hafa gjört of mikið úr aukning nefndarinnar.

Hin eina verulega útgjaldahækkun, sem nefndin fór fram á, var sú, að styrkurinn til gufuskipsferðanna skyldi aukinn um 19 þús. kr.; en hún var samþykkt hjer í deildinni í gær með miklum atkvæðafjölda og jafnvel þingmaðurinn sjálfur greiddi atkvæði með henni, svo að hann getur ómögulega álasað nefndinni fyrir þá tillögu.

En það voru ýmsar aðrar fjárveitingar, sem h. þm. þóttu varhugaverðar, og gat hann þess, að nefndin hefði lagt til að samþykkja svo margar smáar fjárveitingar, að þær til samans mundu nema 15 þús. kr.; en jeg vil nú benda honum á, að í þessum 15 þús. kr. eru viðbætur við áætlun, um ýms lögákveðin gjöld, svo sem útgjöldin til náms yfirsetukvenna, til sakamála og lögreglumála, til útgáfu stjórnartíðanna o. s. frv.; og þegar þetta er tekið til greina, þá verður upphæðin eigi svo mikil, að hún hafi nokkra sjerlega þýðingu fyrir hag landssjóðs; en hitt skal jeg fyllilega játa, að það hefir mjög mikla þýðingu, að menn á hinum einstöku liðum gæti þess vandlega, að það gagn, sem ætlazt er til að landinu verði að fjárveitingunum, svari til útgjaldanna.

Viðvíkjandi hinum einstöku atriðum, þar sem honum þótti nefndin hafa orðið of ör, þá vil jeg sjerstaklega taka það fram, út af orðum hans um reikninga Þjóðvinafjelagsins, að jeg veit eigi betur en að reikningar þessa fjelaga sjeu yfir höfuð í svo góðu standi, að vel megi við una, og eru þeir nú hjá yfirskoðunarmönnum; enda eru það að jeg held ekki aðrir reikningar en þeir, sem snerta viðskipti fjelagsins við einstaka útsölumenn út um landið, sem eigi er enn þá fullkomlega viðurkennt, hvort rjettir sjeu eða ekki.

Að því er snertir styrkinn til hins fyrirhuga náttúrugripasafns, þá viðurkenndi h. þm. (Gr. Th.) reyndar, að æskilegt væri, að safnið kæmist á fót; en þótti samt of snemmt, að veita nú þegar styrk til þess; en ef honum þykir æskilegt að það komist á stofn, þá virðist mjer, að hann ætti einnig að vilja stuðla til að koma því á stofn.

Hvað styrkinn til skólakennara Þorvaldar Thoroddsem snertir, þá hefir bæði þessi sami h. þm. og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) lagt áherzlu á, að engin bænarskrá væri komin hingað til þingsins frá hlutaðeiganda; en ef jeg man rjett, þá kom ekki heldur nein bænarskrá frá honum til þingsins 1887, og get jeg fullvissað h. deild um, að hann óskar að fá

þetta fje og mun nota það, ef fjárveitingin verður samþykkt; en þar sem hann nú er á vísindalegri rannsóknarferð, þá getur hann auðvitað ekki sjálfur gjört grein fyrir þessum vilja sínum; en jeg skal geta þess, að jeg átti tal við hann, áður en hann fór, um þetta atriði; og ljet hann þá í ljósi að hann ætti sjerstaklega eptir að rannsaka jöklana í Skaptafellssýslu, og með því að þeir væru mjög merkilegir, þá þætti sjer áríðandi að hann gæti átt kost á því. En þar sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir lagt svo mikla áherzlu á, að bænarskrá væri eigi fram komin um þetta atriði, þá virðist mjer að hann hefði þá einnig átt að láta þær sömu ástæður gilda í tillögum sínum um Hljeskógaskólann, því þaðan hefir heldur engin fjárbón komið, sem ekki er heldur við að búast, þar sem sá skóli er lagztur niður og lítil líkindi svo mjer sje kunnugt til, að hann rakni við aptur; en í stað þess hefir hann látið í ljósi óánægju sína yfir því að nefndin eigi skuli hafa ætlað þessum skóla neitt fje, ef ske kynni, að hann yrði reistur við.

Út af orðum h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), um styrkinn til Sigfúsar bóksala Eymundssonar til að gefa úr «Sjálfsfræðarann», skal jeg taka það fram, að hjer kemur eigi til skoðunar, hvort forleggjarinn er ríkur eða fátækur, heldur er hjer einungis um það að ræða, hvort ástæða sje til að styrkja þetta fyrirtæki af opinberu fje, til þess að Sjálfsfræðarinn geti komið út og orðið svo ódýr, að alþýða manna eigi hægt með að kaupa hann; en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að rjett mundi vera að styrkja þetta fyrirtæki, til þess að almenningi gæfist kostur á að kynnast alþýðlegum fræðiritum.

H. þm. Vest.-Sk. (Ól. P.) minntist á styrkinn til Prestbakkakirkju, og þótti mjög efasamt, hvort hin áætlaða upphæð væri of há, þótt nefndin, sem væri ókunnug þar eystra, hefði komizt að þeirri niðurstöðu; en hjer er ekki neinum ókunnugleik til að dreifa, því að vísitazían sýnir sig, og eptir henni hefir nefndin farið. Það getur vel verið skynsamlegt, að setja járnþak á kirkjuna; en nefndin hefir eigi haft það til íhugunar; það getur verið talsvert efamál, hvort eigi sje ódýrara járnþak en að flytja rekavið utan af söndum, þegar landssjóður kostar sögunina; fyrir hinu þorum vjer eigi ráð að gjöra, að bændur fari að flytja kaupstaðarvið langar leiðir að, þótt það væri auðvitað kostnaðarminna fyrir landssjóð að smíða úr honum.

Þar sem h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði um Gufudalinn og sagði, að það væri athugavert, að prestssetrið væri ei látið níðast niður, þá er jeg honum samdóma um það; en þar sem hann einnig ljet í ljósi, að æskilegt væri að prestur kæmi til þessa brauðs, þá get jeg eigi skilið, hvers vegna hann hefir komið með breyt.till. sína; því hún virðist eigi miða til þess; aptur á móti liggja hjer fyrir tvær tillögur, önnur frá stjórninni um 200 kr. styrk, en hin frá nefndinni um 300 kr. til húsabygginga á staðnum, og miða þær báðar til að gjöra þetta brauð aðgengilegra fyrir presta.

Um amtsbókasöfnin á Akureyri og Stykkishólmi hefir það verið tekið fram, að skýrslur um þau væru ófullkomnar, reyndar er til prentuð bókaskrá frá 1887 yfir bækur amtbókasafnsins á Stykkishólmi; en um hitt veit jeg eigi.

Landshöfðingi: Jeg vil einungis gjöra stutta athugasemd út af styrknum til adj. Þorvaldar Thoroddsens; því að jeg get skýrt h. þingdeild frá, að þessi embættismaður kom til mín í vetur áður en jeg byrjaði að undirbúa fjárlagafrumvarpið, og spurði mig, hvort nauðsynlegt væri fyrir sig, að sækja eða ekki um ferðastyrkinn; en jeg kvað enga þörf á því, þar sem hann mundi tekinn upp á stjórnarfrumv.

án umsóknar. Í þessu finnst mjer liggja næg sönnun fyrir, að hann hefir óskað að fá styrkinn, en auk þess ljet hann einnig hið sama í ljósi við mig og h. framsögum. (Eir. Br.), að það væri mjög gott fyrir sig, að fá þennan styrk eitt fjárhagstímabil enn, til þess, að geta lokið við rannsóknarferðir sínar um Skaptafellssýslu og Snæfellsnes; og þegar þeim væri lokið, þá mundi hann fara að raða niður söfnum sínum og rannsaka þau vísindalega.

Sigurður Jensson: Það er einungis ein athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra viðvíkjandi breytingartillögu h. 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) og fleiri h. þingdm. við 13. gr. A. b. 4. um bráðabirgðaruppbótina til Gufudalsprestakalls. Mig furðaði á því, að þessi h. þingdm. skyldi leggja það til, að þessi 200 kr. uppbót fjelli burtu. Jeg hugsaði fyrst, að þessi h. þingdm. vildu ekki eiga það á hættu, að láta þessa uppbót standa lengur, ef ske kynni, að prestur kæmi til brauðsins og landssjóður þá missti upphæðina. En nú gleður það mig, að heyra formælanda (Þ. Guðm.) þessarar breytingartill. gefa í skyn, að hún sje ekki sprottin af því, að uppbótin þyki of há, heldur af því, að menn eru hræddir um, að hún sje ekki nógu há. Jeg er samdóma h. þm. um það, að það sje mjög efasamt, hvort þessi uppbót er nógu mikil til þess, að nokkur fáist til að sækja um brauðið. En jeg skal gefa þá upplýsingu, að auk þessa fjár er nokkurt ofanálag á staðinn, og jeg hefi góða von um, að sóknarmenn, sem, eins og eðlilegt er, hafa mikinn áhuga á, að fá prest, muni hjálpa nokkuð til, að byggja upp staðinn. Að minnsta kosti hafa þeir lofað því. Það gleður mig þess vegna, að h. þm. vill láta þingið veita þessu prestakalli meira fje en ákveðið er í stjórnarfrumv. og eptir uppástungu nefndarinnar. En meðan jeg veit ekki, hvað langt þingmaðurinn vill ganga, þá óska jeg þess, að h. þingd. samþykki uppástungu nefndarinnar. Það væri undarlegt, að fella nú hvorutveggja upphæðina, stjórnarfrumv. og nefndarinnar, og láta svo ekki uppi fyr en á eptir, hvað mikið prestakallið skyldi fá. Meðan engin önnur upphæð liggur fyrir, vona jeg að h. deild samþykki tillögu nefndarinnar.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Það er ekki margt, sem jeg ætla að gjöra að umtalsefni. Jeg vildi fyrst minnast lítið eitt á styrkinn til kvennaskólanna, og get jeg þá að mestu leyti skírskotað til þess, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram þeim viðvíkjandi. Jeg vona, að öllum sje ljóst, hvílík nauðsyn það er, að kvennfólkið hjer á landi geti fengið góða og holla menntun. Það hefir mörgum og mikilvægum skyldum að gegna í mannfjelaginu, engu síður en karlmennirnir. Sjerstaklega vil jeg minnast á eina skyldu, sem konurnar hafa að gæta; það er sú skylda, að upp ala börnin og gjöra þau að menntuðum og dugandi borgurum í þjóðfjelaginu. Það er þess vegna einkar þýðingarmikið fyrir þjóðfjelagið, að hafa menntaðar mæður; það hefir miklu meiri þýðingu og áhrif á tilfinningarlíf og lífstefnu mannsins alla hans æfi, sem móðirin innrætir honum í æskunni, heldur en það, sem allir kennarar og prestar innræta honum. En þó jeg sje nú svona hlynntur því, að konur fái meiri menntun, get jeg samt ekki verið með því, að hækka styrkinn til kvennaskólans í Reykjavík, eptir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið um það, hvernig styrknum hefir verið varið að undanförnu, þar sem það er upplýst, að nokkuð af styrknum hefir verið lagt í sparisjóð. Á hinn bóginn tók h. þm. N.-Þing. (J. J.) það fram, að orsökin til þess, að þessi sjóður hefði safnazt, væri sú, að kennslukonurnar við þennan skóla hefðu lagt sjer þá byrði á herðar, að vinna fyrir lítið kaup, eins og kvennfólk gjörði almennt hjer á landi. En jeg er nú ekki skólanum meðmæltur

fyrir það, ef skólastjórnin brúkar styrkinn til hans til að leggja hann í sjóð, en lætur kennslukonurnar vinna fyrir lítið kaup; er það ekki í mínum augum nein meðmæling með skólanum. Ef styrkurinn hefði átt að vera til þess, að bæta kjör kvenna þeirra, sem kennsluna hafa á hendi, svo laun þeirra hefði orðið dálítið í líking við laun þau, sem karlmenn hafa, þeir er kennslu stunda, þá hefði jeg getað verið með honum. En með hækkandi styrk til að safna sjóði get jeg ekki verið, meðan við getum ekki styrkt hina skólana, svo þeir geti almennilega þrifizt.

Að því er snertir viðaukatillögu h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) um 200 kr. styrk til hins íslenzka kennarafjelags til að gefa út tímarit um uppeldi og menntamál, þá er jeg henni fallkomlega meðmæltur, og mun gefa henni atkv. mitt. Jeg held að það komi daglega í ljós hjer, ekki einungis í sveitunum út um landið, heldur einnig hjer í þingdeildinni, hversu skoðanir manna eru á reiki um þessi mikilsverðu mál, uppeldi og menntun. Það er því sannarlega vert að styrkja gott rit um þessi mál, ef það kynni að geta stuðlað til þess, að menn fengju skynsamlegri skoðanir á slíkum málum.

Jeg greiði sömuleiðis atkvæði með 2. lið í breyt.till. h. sama þm. um 200 kr. styrk eitt skipti fyrir öll til skólans í Flensborg til kostnaðar við heimavist lærisveina. H. flutningsm. færði svo sennilegar ástæður fyrir þessari fjárbeiðni, að eptir því sem styrkveitingum er tekið hjer á þingi, sýnist mjer full ástæða til að samþykkja hana.

Þá álít jeg rjett að styrkja Þjóðvinafjelagið, og mun gefa hinum hærra styrk til þess atkvæði mitt, þrátt fyrir mótmæli h. 1. þm. Árnes. (Þ. Guðm.) og þm. Borgf. (Gr. Th.). Þjóðvinafjelagið hefir gefið út hinar nýtustu og beztu bækur, sem eru sjerlega vel lagaðar til að beina hugsunarhætti unglinga í rjetta stefnu. Slíkar bækur eru mjög nauðsynlegar fyrir hina uppvaxandi kynslóð. Því, hvað er það, sem margir unglingar, er langar til að menntast, hafa einkum lesið? Það er »rómanar», sem opt eru siðum spillandi, og lestur þeirra hefir að eins þau áhrif á unglingana, og drepur tímann fyrir þeim, og má ske vekur þær tilfinningar í brjóstum þeirra, sem betur hefðu aldrei vaknað. Af sömu ástæðu er jeg með því, að styrkja bóksala Sigfús Eymundsson til að gefa út Sjálfsfræðarann.

Jeg mun gefa uppástungu nefndarinnar um þennan styrk atkvæði mitt, þrátt fyrir hina snjöllu ræðu þm. Borgf. (Gr. Th.). Þetta rit hefir sjálfsagt ekki mikla þýðingu fyrir hann, sem er svo lærður maður, og máske heldur ekki fyrir kjósendur hans, sem búa svo nálægt höfuðstaðnum, þar sem sagt er að hin meiri og betri upplýsing uppljómi fólk. En slík rit hafa mikla þýðingu fyrir okkur, sem búum á útkjálkum landsins, og getum enga menntun fengið, nema þá, sem vjer getum aflað oss sjálfir af bókum. H. þm. Borgf. hafði það á móti, að styrkja þennan mann til að gefa ritið út, að hann væri »einn af ríkustu mönnum landsins». Jeg get ekki sjeð, að þetta geti verið ástæða á móti styrknum, heldur þvert á móti meðmæling.

Væri kannske rjettara, að veita styrkinn fátækum manni og slóða, sem aldrei kæmi ritinu út? Þessi upphæð, sem hjer ræðir um, er heldur ekki svo stór árlega; þegar verið er að ræða um laun eða launabætur handa embættismönnum, þá taka menn ekki nærri sjer, þó landssjóður þurfi að fleygja út svo þúsundum kr. skiptir á ári. En nú, þegar er að ræða um að styðja menntun alþýðu, þá blöskrar mönnum þessi 600 kr. upphæð árlega, og það er eptirtektaverð stefna, að það eru einmitt margir af menntuðustu mönnunum hjer í deildinni, sem eru móti þessum bókastyrk. Það hlýtur að vera af því, að

þeir gæta þess ekki nógu vel, setja sig eigi nógu vel inn í, hve mikilsverðar alþýðlegar fræðibækur eru fyrir okkur alþýðumennina, af því þeir hafa sjálfir haft nógar bækur, kennara og skóla á námsárunum. Þessi stefna þeirra er nú máske skiljanleg. En mig furðar meira á því, að h. þm. Árn. (Þ.-G.) skuli ekki sjá nauðsyn á slíkum bókum, því jeg hjelt að hann hefði, eins jeg og fleiri, gengið í gegnum þann eld, að vilja læra, en hafa hvorki skóla, kennara, nje bækur til hjálpar við lærdóminn.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en vona, að fleiri h. þingdm. verði á mínu máli um þessi atriði, sem jeg hefi nú minnzt á.

Jón Þórarinsson: Jeg hefi nú lítið erindi að standa upp í þetta sinn. En af því að h. þm. N.-Þing. (J. J.) hneykslaðist á ummælum mínum um styrkinn til kvennaskólanna, þá vil jeg taka það fram, að orð hans voru alveg byggð á misskilningi á því, sem jeg sagði. Jeg tók það fram, að það væri mín skoðun, að það ætti að vera aðalregla, að veita ekki styrk úr landssjóði nema til þeirra stofnana, sem þyrftu styrks með. Þar á móti vil jeg ekki veita styrk úr landssjóði til þess, að ein stofnun geti lagt 200 kr. meira í sjóð þetta árið, heldur en árið á undan. Aptur gat jeg um það, að jeg vildi veita meiri styrk til kvennaskólanna fyrir norðan, ef eptirlit væri haft með því, að fjenu væri vel varið. Þar á móti hefi jeg aldrei sagt, að jeg vildi ekki styrkja þá. Yfir höfuð voru öll hin stóru orð þessa h. þm. um »princip»-brot, sem jeg hefði framið á alþýðumenntunarmálinu, byggð á tómum misskilningi.

H. framsögum. (E. Br.) sagði, að ekki væri gott að breyta 10 ára gömlum samningi, sem gerður væri milli kvennaskólastjórnarinnar í Reykjavík og forstöðukonunnar. Jeg verð þó að álíta, að þessi samningur sje svo gjörður, að honum megi segja upp með hálfs árs uppsagnarfresti, bæði af hálfu forstöðukonunnar og skólanefndarinnar. Mitt álit er, að kvennaskólinn í Reykjavík eigi allra sízt að fá meiri styrk en skólarnir fyrir norðan, því að tímakennsla er ódýrari en kennsla, sem verður að ráða fasta kennara til; en í Reykjavík er völ á góðum kröptum til tímakennslu.

Jeg hefi heldur ekki heyrt þær ástæður hjer í deildinni, sem tali fyrir því, að hækka styrkinn til kvennaskólans í Reykjavík, heldur þvert á móti, þó ástæða geti virzt til þess, að hækka styrkinn til hinna skólanna. Ef bæta þarf nýjum bekk við kvennaskólann í Reykjavík, þá er það líka hægt með því, að borga forstöðukonunni minna fyrir umsjónina en 600 kr., sem er mikils til of há borgun, þó umsjónin kunni að þykja góð.

Jeg segi, að þessi borgun sje of mikil. Aðrir segja aptur, að hún sje ekki of mikil. Það er því ekki til neins að vera að prátta um þetta. Jeg verð líka að segja, að ef forstöðukonunni er áhugamál að fá einum bekk bætt við, þá er henni ekki vorkennandi að leggja á sig að kenna 2 eða 3 tíma á dag. Eitthvað getur hún þó að líkindum kennt af því, sem kenna þarf á skólanum. Samanburður sama h. þm. á kvennaskólum og karlaskólum var of þungskilinn fyrir mig. En jeg tek það upp aptur, að jeg skal vera seinasti maður til að leggja á móti styrk af opinberu fje til góðra kvennaskóla, sem þurfa styrks með; en jeg vil ekki styrkja neinn skóla fram yfir þörf.

Viðvíkjandi sögum þeim, sem jeg gat um áðan, að færu af skólanum af Laugalandi, skal jeg geta þess, að það er sitt hvað, að byggja á almenningsáliti um einhverja stofnun, eða herma einhverjar lausar sögur, sem fáir leggja trúnað á. H. þm. lagði fyrir mig það samvizkuspursmál, hvað jeg mundi leggja til um Flensborgarskólann, ef einhverjar sögur færu

af því, að allt færi þar ekki sem bezt fram. Jeg skal svara þessu svo, að jeg skyldi ekki hafa neitt á móti því, að sá skóli yrði lagður niður, ef það yrði almannarómur, að hann væri ónýtur. Jeg hefi aldrei heyrt annað en gott sagt af skólanum á Ytri-Ey; og hvernig stendur á því, að sami orðrómur liggur ekki á skólanum á Laugalandi? Jeg hefi talsverða sönnun fyrir því, að þessir tveir skólar sjeu misjafnir.

Jeg held það sje svo ekki fleira, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) bar á mig viðvíkjandi kvennaskólunum.

Jeg vona, að h. þm. hafi nú sannfærzt um það, að jeg er ekki á móti því, að styrkja þá eins og nauðsyn krefur.

Páll Briem: Það hefir orðið deila um ýmsar tillögur, sem hjer hafa komið fram. En það er einkennilegt, að margar þeirra hafa snúizt í eina átt, eins og við er að búast.

En h. þm. Borgf. (Gr. Th.) fór í aðra átt, en jeg gat búizt við. Hann var áður að tala mjög fagurlega um menntun bænda um daginn, og því kemur mjer undarlega fyrir, að hann skuli nú vera á móti því, að efla slíka menntun. Hann talaði einnig næsta mikið um sparnað, og er það fallegt af honum, gömlum fjárlagamanni; en einkennilegt er það, ekki síður en hitt, að hann benti sjálfur ekki á neitt, sem spara mætti af því, sem farið er fram á að veita í stjórnarfrv.; en allt sem nefndin benti á að spara í því, það vildi hann ekki, og lítur því út fyrir, að sparnaður hans muni nú, eins og fyrri, vera meiri í orði en á borði.

En svo að jeg snúi mjer að því, er jeg gat um áðan, að þessi þingmaður, sem um daginn kvaðst vera sá einstakasti vinur bændamenntunar, er nú mótfallinn menntun þeirra, þá er það svo að skilja, að þar vill hann nú láta sparnaðinn koma fram. Jeg hefði búizt við, að maður, sem sjálfur hefir fengið styrk af annara fje, og er í góðum efnum, mundi ekki hneigzla nefndinni um, að veita styrk til að gefa út rit, sem eflir menntun bænda; jeg veit ekki, hvort hann hefir athugað »Sjálfsfræðarann» sjálfur; en þeir, sem stýra ritinu, gefa tryggingu fyrir því, að ritið sje vel úr garði gert.

Að því er snertir kvennaskólana, þá skal jeg geta þess, að það var sagt hjer í deildinni um daginn, þegar launalögin voru til umræðu, að maður, sem ekki hefði 2,400 eða 2,800 kr., stæði sig svo illa, að hann gæti varla lifað. Nú er að ræða ekki um góðan vin, heldur að eins stofnun, og heyrist mjer vera komið annað hljóð í strokkinn. Nú vilja sumir, að heil stofnun hafi miklu minna en einn maður, og þó eru það margir, sem hafa þar aðalstarf sitt, og þurfa líka að lifa, enda þótt kvennmenn sjeu. Kvennaskólinn á Ytri-ey fær 1800 kr. í styrk á ári, og við hann kenna þó 3 kvennmenn, sem þurfa líka að lifa, eins og kennarar þurfa að lifa við lærða skólann í Reykjavík. Skólinn í Flensborg fær 2500 kr., en hefir miklu færri nemendur

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) vildi ekki veita til annars en þess sem þörf væri á; en jeg er hræddur um, að hann hafi ekki hugsað um kvennaskólana eins og skólann í Flensborg.

Á þinginu 1887 var minnkaður styrkur til kvennaskóla; nefndin vill nú veita nokkuð til að nálgast þá upphæð, sem veitt er karlmannaskólunum. Það eru stúlkur í kvennaskólanum í Reykjavík, en piltar í skólanum í Flensborg, og þar sem það er sönn rjettlætiskrafa, þá skal jeg halda, að kvennaskólum og karlmannaskólum ætti að gera jafnt undir höfði.

Þótt sýslufjelag fyrst stofni skóla, þá er jöfn skylda fyrir landssjóð, að styrkja skólann.

Grímur Thomsen: Hafi h. framsögum. (E. Br.) skilið orð mín svo, sem jeg vildi álasa nefndinni, þá er það misskilningur; en jeg sagði, að ef ástæður landssjóðs væru góðar, þá mundi jeg vera með flestum ef ekki öllum tillögunum; en eins og ástandið er, verður að fara varlega með ýmisleg aukin útgjöld.

H. framsögum. vildi gera lítið úr því, sem jeg sagði að væri ekki nauðsynlegt; mjer þykir viðbótin við laun hins umboðslega endurskoðara ekki vera nauðsynleg, ekki heldur styrkurinn handa Edilon Grímssyni, ekki viðbótin við kvennaskólana, ekki styrkurinn til náttúrugripasafnsins, ekki styrkurinn handa Þorvaldi Thoroddsen og jafnvel ekki handa Gröndal.

Þar á móti þykir mjer nauðsynlegt það sem ætlað er til póstflutninga og hækkunin á eptirlaununum, og þarfleg viðbótin við strandferðir. Jeg tek þetta fram, svo ekki virðist svo, sem jeg hafi viljað álasa nefndinni.

H. 1. þm. Norð.-Múl. (J. J.) álasaði mjer fyrir það, að jeg væri á móti því, að veita styrk til þess, að gefa út «Sjálfsfræðarann». Jeg er ekki á móti því, að «Sjálfsfræðarinn» komi út, en vil ekki að hann komi út á landsins kostnað.

Jeg vil gefa h. þm. gott ráð.

Hann skal kaupa «Sjálfsfræðarann», safna áskrifendum, og útbreiða hann, þegar hann kemur heim í sitt hjerað. En að veita styrk úr landssjóði til útgáfu hans er allt annað; vjer höfum ábyrgð á hverri krónu, sem vjer tökum úr vasa landssjóðs.

Að því er snertir kvennaskólana, þá geta þeir beðið til hentugri tíma. Jeg á hjer sjálfur breytingartill. viðvíkjandi Bókmenntafjelaginu; það er miklu fremur orða breyting. Þegar jeg les Skýrslur og reikninga hins íslenzka Bókmenntafjelags, sje jeg, að deildin í Kaupmannahöfn er fullt eins þjóðleg og deildin á Íslandi, og hjer eru síðusta ár gefnar út 30 arkir, en þar 42. Það sumt, sem gefið er út í Kaupmannahöfn, ber fremur á sjer íslenzkt þjóðerniseinkenni, t. d. gátur, þulur o. s. frv. Jeg vildi óska, að sem flest væri gefið út af safni Jóns sál. Árnasonar; rit hans hafa veitt landinu sóma, og gefið útlendum meiri þekking um landið og þjóðerni þess.

Annars er mjer þessi breytingartill. ekki kappsmál, og stendur nærri á sama, hvort hún nær fram að ganga eða ekki.

Ólafur Pálsson: Það var einungis viðvíkjandi því, sem jeg stakk upp á áðan, að setja járnþak á Prestsbakkakirkju, að það yrði ekki mikill kostnaður á því að flytja járnið. Það mætti láta það koma í Víkina, og þá er ekki mjög langur vegur að flytja. Við 3. umr. mun jeg koma með breytingartill., um að fje verði veitt til þessa, og vona, að hin heiðraða deild verði þá búin að átta sig á því, að jeg fari ekki fram á ranglæti; því ekki á jeg kirkjuna, þó jeg eigi að sjá um hana.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Barðstr. (Sig. Jensson) talaði um, að nauðsynlegt væri að byggja upp staðarhúsin, sem tilheyra Gufudalsprestakalli, og er jeg með honum í því; en hvort sem það verða veitt 200 eða 300 kr., þá þarf að vera trygging fyrir því, að því verði varið til húsabygginga, og mætti koma með viðaukatill. þar að lútandi við 3. umr. H. 1. þm. N.-Múl. (J. Jónss.) misskildi mig. Jeg minntist ekki á Þjóðvinafjelagið. Það má ekki eigna mjer fleiri syndir en jeg á; þær eru nógu margar. Að því er snertir «Sjálfsfræðarann», þá gaf þm. Borgf. (Gr. Th.) honum gott ráð, og er honum bezt að nota það. En þá vil jeg koma með annað ráð, sem jeg vildi hafa bent á. Útgefandinn gæti boðið Bókmentafjelaginu, að kaupa svo mörg exemplör, sem það þyrfti til þess að láta sína fjelagsmenn fá, og á þann hátt gæti ritið útbreiðzt og útgefandinn líka fengið styrk til að halda úti ritinu.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): H. 2. þm. G.-K. (Jón Þór.) sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að það væri eðlilegt, að stúlkur á kvennaskólunum borguðu fyrir mat sinn. Jeg veit þá eigi, hvers vegna hann kom með viðaukatillögu um heimavist í Flensborgarskóla, því mjer sýnist eins eðlilegt, að piltar borgi fyrir rúm sín. Hann sagði enn fremur, að hann hefði bak við eyrað ýmsar sögur um kvennaskólann á Laugalandi, og það væri almanna orð. Jeg þekki ekki þessar sögur, og sit jeg þó eins nærri frjettum frá Laugalandi og hann, og ekki heyrast þær fyrir norðan; það getur verið að þær gangi suður við Faxaflóa; en það hefir mjög litla þýðingu, því skólinn verður líklega ekki sóttur hjeðan fyrst um sinn. Annars eru slíkar dylgjur ekki svaraverðar, og mótmæli jeg þeim öllum, sem hreinni markleysu.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gaf mjer ráð, sem jeg ætla að fylgja, og vona jeg hann geri slíkt hið sama, og jeg skal enda keppa við hann um það, hvor okkar komi með fleiri áskrifendur að Sjálfsfræðaranum; en h. þm. verður að gæta þess, að því ódýrara sem ritið er, því fleiri verða til að kaupa það. H. þm. hefir ekki ætíð verið því svona mótfallinn, að veita styrk úr landssjóði til að gefa út rit; hann hefir, ef mig minnir rjett, sjálfur fengið styrk til að gefa út rit Hallgríms Pjeturssonar, og er það þó bók, sem hver maður á Íslandi, sem lesandi, er vill eiga, og því líkindi til, að sú útgáfa hefði borgað sig styrklaust.

Það getur vel verið, að jeg hafi misskilið 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) og vona jeg hann fyrirgefi það.

Jónas Jónassen: Jeg vildi að eins fara fáeinum orðum um viðbótina við styrkinn til kvennaskólanna.

Þegar jeg sá nefndarálitið, og sá að nefndin hafði bætt 300 kr. við Reykjavíkur kvennaskólann, þá datt mjer í hug að þetta hlyti að koma til af því, að nefndin hefði viljað hlynna að skólunum fyrir norðan, en hefði eigi þorað að koma með norðanskólana nema því að eins, að taka Reykjavíkurskólann með; mig furðaði á þessu, þar sem þó einn í fjárlaganefndinni er þó svo kunnugur högum kvennaskólans í Reykjavík. Er nokkur orsök til að bæta við þennan skóla, sem árlega leggur fje upp?

Kvennaskólarnir á Ytri-Ey og Laugalandi hafa lítið fje, og eiga skilið að fá aukinn styrk, en síður kvennaskólinn í Reykjavík. Kvennaskólarnir á Ytri-Ey og Laugalandi gera án efa mikið gagn; þeir hafa miklu praktiskari stefnu en skólinn í Reykjavík; fyrirkomulag mun vera betra á skólunum fyrir norðan; námsmeyjarnar læra þar að búa til mat og læra þar ýmsa innanhúsvinnu; hvorugt þetta á sjer stað á Reykjavíkurskólanum, en það er einmitt þetta, sem er miklu nauðsynlegra fyrir hinar ungu stúlkur heldur en að eyða tímanum í eintómt fítl.

Jeg álít því, að styrkurinn, sem skólarnir á Ytri-Ey og Laugalandi hafa, sje í rauninni allt of lítill; þegar á það er litið, að kvennaskólinn í Reykjavík leggur upp fje, þá er of mikill munur á fjárveitingunni til þessara kvennaskóla.

Að því er snertir Þjóðvinafjelagið, þá finnst mjer, að nefndin hafi gert rjett í því, að styrkja þetta fjelag. Bókmenntafjelagið er ríkt fjelag; það á margar þúsundir króna, en Þjóðvinafjelagið á ekkert til; það er mín skoðun, að Þjóðvinafjelagið geri miklu meira gagn; það útbreiðir mjög nytsamar bækur fyrir landsmenn, og jeg held að þjóðinni yfir höfuð sje hlýrra til Þjóðvinafjelagsins en Bókmenntafjelagsins.

Jeg er með breytingartill. við 13. gr. C. 6. í stjórnarfrv., um að fella burt í

þetta skipti ferðastyrkinn til Þorv. Thoroddsen.

Eins og fjárhagurinn er nú sem stendur, verð jeg að verða þeirrar skoðunar, að rjettast sje að fella þann lið í fjárlögum þeim, sem nú liggja fyrir; þetta er þó stórfje, sem nú hefir verið veitt í mörg ár, og mjer hefir virzt að vjer eigi höfum fengið sem því samsvarar í aðra hönd. Jeg efast eigi um, að þessi maður, sem hjer er um að ræða, hafi þegar safnað miklu; en hvernig færi nú ef hann t. a. m. fjelli frá, hver væri þá til þess, að koma þessu í eina heild.? Mjer finnst því væri bezt, að gefa honum tíma til að fara að koma því saman, sem hann þegar hefir rannsakað: látum hann því hvíla sig eitt fjárhagstímabil.

Viðvíkjandi styrknum handa ókeypis «klinik», álít jeg að 100 kr. muni ef til vill nægja, ef vel er áhaldið; annars held jeg að það hafi litla þýðing hvað aðsóknina snertir, hvort veittar eru 100 eða 200 kr. Eitt er, sem jeg kann illa við af h. nefnd, sem mjer annars hefir fallið vel við, og það er að taka 100 kr. af styrknum til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju Jóns Árnasonar; vjer viðurkennum, að hann var «meriteraður» maður, og þó ekkja hans eigi góða ættingja að, þá er hagur hennar þó eigi góður, og sýnist mjer ekki vera vert að vera að klípa utan úr þessum 300 kr. sem henni voru ætlaðar.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) og þm. Rvík. (J. Jónassen) sögðu, að kvennaskólinn í Reykjavík þyrfti enga viðbót; en þetta er misskilningur hjá þessum h. þm. Skólinn þarf þetta fje, ef honum á að halda áfram í sama formi sem næstliðinn vetur. Fyrir síðasta skóla-ár voru tekjurnar ekki nægar til þess, að standast kostnaðinn. Þótt í tíu ár væru 118 kr. að meðaltali, sem skólinn hefði lagt upp, þá varð stundum að taka af höfuðstólnum, eða því, sem afgangs hafði verið önnur ár. Tímakennslan er þó ekki borguð mörgum af kennurunum hærra en 35 aurar yfir tímann, og eru víst ekki aðrir en kvennmenn, sem gera sig ánægða með svo lítið kaup.

Jeg skil annars ekki, hvernig h. þm. Rvík. (J. Jónassen) fer að tala svo, sem hann talaði um styrk til að ferðast, til að rannsaka landið, að ekkert komi við það í aðra hönd; það hafa þó komið út eptir þennan mann ýmsar fróðlegar ritgjörðir, bæði á íslenzku og í útlendum tímaritum, sem sýna, hvað hann hefir ferðazt, og hverjar rannsóknir hann hefir gert.

ATKVÆÐAGR. (Atkvæðaskrá C. 368):

Breytingartill. N. við 13. gr. A. a. samþ. með 19 atkv.

13. gr. A. b. 1.—3. samþ. með 19 atkvæðum.

Breytingartill. Þ. G. o. fl. við 13. gr. A. b. 4 felld með 12:6 atkv.

Breytingartill. N. við 13. gr. A. b. 4 samþ með 12 atkv.

Breytingartill. Þ. G. o. fl. A. b. 5. 13. gr. felld 11:6 atkv.

13. gr. A. b. 4–5 samþ. með 12 atkv.
— — A. b 6–7 — — 19 —

Breytingartill. Þ. G. o. fl. við 13. gr. A. b. 8 felld með 12:7 atkv.

13. gr. A. b. 8. samþ. með 12 atkv.

Nýr töluliður frá nefndinni samþ. með 16 atkv.

13. gr. B. I. samþ. í e. hlj.
— — B. II. a. samþ. með 13 atkv
— — — — b. 1—6 samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. við 13. gr. B. II. b. 7 samþ. með 16:1 atkv.

13. gr. B. II. b. 8 samþ. í e. hlj.
— — — III a. og b. samþ. í e. hlj.
— — — — c. 1—7. samþ. í e. hlj.
— — — — c. 8 samþ. með 13 atkvæðum.

Breytingartill. Þ. G. o. fl. við þennan lið felld með 12:2 atkv.

13. gr. B. III. c. 9. samþ. með 19 atkvæðum.

Breytingartill. þ. G. o. fl. við 13. gr. B. III. c. 10. felld með 12:3 atkv.

13. gr. B. III. c. 10 samþ. án atkvgr.

13. gr. B. IV. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefndarinnar við 13. gr. B V. a. 1. felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Árni Jónsson	Grímur Thomsen
Eiríkur Briem	Gunnar Halldórsson
J. Jónss. þm. N.-Þ.	J. Jónss. 1. þm. N.-M.
Ólafur Briem	Jón Þórarinsson
Páll Briem	Jónas Jónassen
Sigurður Stefánsson	Ólafur Pálsson
Þorleifur Jónsson	Sveinn Eiríksson
	Þórarinn Böðvarsson
	Þorlákur Guðmundss.
	Þorsteinn Jónsson
	Þorvaldur Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

13. gr. B. V. a. 1. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefndarinnar við 13. gr.B V. a. 3. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. V. a. 2. samþ. með 17:2 atkv.

13. gr. B. V. a. 4. samþ. með 18 atkv.

Breytingartill. nefndarinnar við 13. gr. B. V. b. 1. samþ. með 20 atkv.

13. gr. B. V. b. 1. breytt samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 13. B. V. b. 2. samþ. með 19 atkv.

Athugasemd nefnd. við 13. B. V. b. 2. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefndarinnar við 13. gr. B. V. c. samþ. með 19 atkv.

Viðbót J. Þ. við 13. gr. B. V. c. felld með 14:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Gunnar Halldórsson.	Árni Jónsson.
J. Jónss. þm. (N.-M.)	Eiríkur Briem.
Jón Þórarinsson.	Grímur Thomsen.
Jónas Jónassen.	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Þórarinn Böðvarsson.	Ólafur Briem.
Þorsteinn Jónsson.	Ólafur Pálsson.
	Páll Briem.
	Sig. Stefánsson.
	Sveinn Eiríksson.
	Þorl. Guðmundsson.
	Þorleifur Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

13. gr. B. V. d. og e. samþ. í e. hlj.

— — C. 1 a.—c. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. 13. gr. C. 1. d. felld með 11:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Árni Jónsson	Gunnar Halldórsson
Eiríkur Briem	Jón Jóns. þm. N.-M.
Grímur Thomsen	Jón Þórarinsson
Jón Jóns. þm. N.-Þ.	Ólafur Briem
Jónas Jónassen	Ólafur Pálsson
Páll Briem	Sveinn Eiríksson
Sigurður Stefánsson	Þórarinn Böðvarsson
Þorleifur Jónsson	Þorlákur Guðmunds.
Þorsteinn Jónsson	Þorvaldur Bjarnars.
	Þorvarður Kjerúlf

13. gr. C. 1. d. samþ. í e. hlj.

— — C. 1. e. og f. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. þ. G. o. fl. við 13. gr. C. 2. samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Sigurður Jensson
Grímur Thomsen	Árni Jónsson
Gunnar Halldórsson	Eiríkur Briem
Jón Jóns. þm. N.-M.	Jón Jóns. þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson	Jónas Jónassen
Ólafur Briem	Páll Briem
Ólafur Pálsson	Sigurður Stefánsson
Sveinn Eiríksson	Þorleifur Jónsson
Þórarinn Böðvarsson	Þorsteinn Jónsson
Þorlákur Guðmundsson	
Þorvaldur Bjarnarson.	
Þorvarður Kjerúlf	

Breytingartill. Gríms Thomsens við 13. gr. C. 3. felld með 17:1 atkv.

Breytingartill. Þorl. G. o. fl. við 13. gr. C. 3. felld með 11:9 atkv.

Viðbót nefndarinnar við 13. gr. C. 3 samþ. með 13 atkv. Liðurinn með viðbót samþ. með 12 atkv.

13. gr. C. 4. a og b samþ. með 19 atkv. Orðabreyting við C. 4. c. samþ. með 18 atkv.

13. gr. C. 5 samþ. með 12 atkv.

Fyrri viðbót nefnd. við 13. gr. C. 5. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Seinni viðbót J. Þ. við 13. gr. C. 5 felld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Jón Jóns. þm. N.-M.	Árni Jónsson
Jón Þórarinsson	Eiríkur Briem
Jónas Jónassen	Grímur Thomsen
Þórarinn Böðvarsson	Gunnar Halldórsson
Þorsteinn Jónsson	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
	Ólafur Briem
	Ólafur Pálsson
	Páll Briem
	Sigurður Stefánsson
	Sveinn Eiríksson
	Þorlákur Guðmunds.
	Þorleifur Jónsson
	Þorvaldur Bjarnars.
	Þorvarður Kjerúlf

Breytingartill. Þ. G. o. fl. við 13. gr. C. 6 felld með 11:8 atkv.

13. gr. C. 6 samþ. með 11 atkv.
— — C. 7 — — 20 —
— — — 8 — — 16 —

Viðbót nefndarinnar við 13. gr. C. felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Árni Jónsson	Grímur Thomsen
Eiríkur Briem	Gunnar Halldórsson
Jón Jóns. þm. N.-M.	Jón Þórarinsson
J. Jónsson þm. N.-Þ.	Jónas Jónassen
Páll Briem	Ólafur Briem
Sigurður Stefánsson	Ólafur Pálsson
Þorleifur Jónsson	Sveinn Eiríksson
Þorsteinn Jónsson	Þórarinn Böðvarsson
	Þorlákur Guðmunds.
	Þorvaldur Bjarnarson
	Þorvarður Kjerúlf.

13. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

14. gr. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. nefnd. við byrjun 15. gr. samþ. með 19 atkv.

Úrfelling, 100 kr. til Árna Böðvarssonar, samþ. án atkvæðagr.

Úrfelling, 300 kr. til Katrínar Þorvaldsdóttur, felld með 12:8 atkv.

Breytingartill. við sama atriði samþ. með 12:2 atkv.

15. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

16. gr. samþ. í e. hlj.

17. — með breyttum tölum samþ. í e. hlj.

Ný grein eptir 17. gr. samþ. í e. hlj.

18. gr. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á reglugjörð fyrir landsbankann 5. júní 1886 (C. 277); fyrri umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Það er ekki eiginlega svo að skilja, að jeg sje beinlínis forgöngumaður þessarar tillögu, en þó vil jeg fara um hana nokkrum orðum.

Í fyrstu gr. laga um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 stendur: «Tilgangur *hans* (o: bankans) er að greiða fyrir peningaviðskiptum í landinu, og styðja að framförum atvinnuveganna».

Jeg skal manna sízt neita, að bankinn hafi mikið gert í þessa átt, en á ýmsu gæti þó farið betur milli bankans og viðskiptamanna hans.

Að bankanum gangi allt til góðs, og hann eigi hvervetna vinsældum að fagna, er efalaust affarasælast bæði fyrir bankann og landsmenn; en til þess útheimtist,

að um leið og hugsað er, um að hafa bankann sem tryggastan, sje líka hugsað um, að viðskipti hans við landsmenn fari sem bezt úr hendi, hann sje sem liprastur, og greiði sem bezt úr viðskiptaþörfinni, og hann styðji að framförum atvinnuveganna, eins og hann er skyldur til.

Um þetta efni hafa ýmsar ritgjörðir komið og mismunandi skoðanir, og þó að þær sjeu eigi allar á rökum byggðar, þá sýnist þó ýmislegt vera að bankanum, sem æskilegt sje að kippa í betra horf, og því höfum við leyft oss, að koma með þessar tillögur.

Það er þá 1. tillagan, að sjálfskuldarábyrgðarmenn þurfi ekki að vera búsettir í Reykjavík. Það getur vel verið, að þeir, sem láns leita í bankanum, hafi ekki menn hjer, sem sjeu þeim svo kunnugir, að þeir vilji gerast sjálfsskuldarábyrgðarmenn þeirra, en að þeir hafi þó menn í fjarlægum hjeruðum, sem væru fúsir á að takast það á hendur, og sem bankastjórninni þætti fulltryggilegt að væru sjálfskuldarábyrgðarmenn, og sýnist því nauðsynlegt, að breyta þessu þannig, að bankastjórnin hafi óbundnari hendur.

Viðvíkjandi 2. tölulið, um, að 17. gr. falli burt, þá getur verið, að gott sje að bankinn geti stöku sinnum tekið vexti fyrir fram; en nú mun reglugjörðinni þannig beitt, að vextir eru ætíð heimtaðir fyrir fram, þó það sje að eins heimilað; þetta getur verið mjög óþægilegt. Það getur verið að lántakanda bráðliggi á t. d. 1000 kr., en veðið hrökkvi ekki fyrir meiru; verður hann svo að sætta sig við, að bankinn taki 50 kr. af þessum 1000 kr., af því bankinn heimtar renturnar fyrir fram, hugsar bara um sjálfan sig og sinn gróða, en ekki um þörf eða ástæður þiggjandans. Getur slíkt verið mjög svo óþægilegt.

Sama er að segja um 3. lið. Það er mjög leitt, að sá, sem borgar skuld sína fyrir gjalddaga, skuli ekki fá fyrir fram goldna vexti endurborgaða; það er ekki sanngjarnt, að láta hann ekki njóta skilsemi sinnar, þó ekki væri nema með því, að endurgjalda honum vexti eins og sparisjóðurinn gefur.

Um 4. lið getur verið skoðunarmál, hversu heppilegt sje, að binda fje bankans um langan tíma, heldur sje það látið vera sem mest í viðskiptum, og ganga mann frá manni; — jeg, fyrir mitt leyti, geri þennan lið að engu kappsmáli.

Í 5. tölulið hefur misprentazt «veðbrjef» í staðinn fyrir «verðbrjef», en það má laga til síðari umræðu.

Viðvíkjandi 6. tölulið, að sem allra fyrst skuli með samþykki landshöfðingja fullnægja 9. gr. bankalaganna, þá er það ósk margra, að þessari ákvörðun gæti orðið fullnægt sem fyrst, og jeg efast ekki um, að hæstv. landsh. mundi fyrir sitt leyti gefa samþykki sitt til þess, undir eins og hann sjer það framkvæmanlegt fyrir bankann, enda mundi slíkt verða til góðs, bæði fyrir bankann og viðskiptamenn hans.

Það er æskilegt að fá að heyra, hvort þessu mundi ekki geta orðið framgengt, sem fyrst.

Landshöfðingi: Þar sem þessar tillögur fara fram á, að skora á landshöfðingjann, að hlutast til um, að þær breytingar, sem hjer eru tilgreindar, verði gjörðar á reglugjörð bankans, þá skal jeg benda á, að landshöfðinginn hefur ekki myndugleika til að breyta reglugjörðinni; myndugleiki hans nær ekki lengra en svo, að hann getur samþykkt breytingar þær á reglugjörðinni, er bankastjórnin stingur upp á, en þá er að eins á það að líta, hvort landshöfðinginn mundi geta samþykkt slíkar breytingar, ef bankastjórnin færi fram á þær.

Þá skal jeg í því efni geta þess, viðvíkjandi 1. tölulið, að jeg sje ekkert á móti því, að bankastjórnin geti tekið

sjálfsskuldarábyrgðarmenn gilda utan Reykjavíkur, því það er á valdi hennar, hverja hún tekur gilda, og þá getur hún tekið tillit til, hversu nálægir og kunnugir þeir eru henni. Bankastjórnin verður ekki einungis að þekkja efnahag þeirra manna, sem hún tekur gilda sem ábyrgðarmenn, heldur verður hún að hafa gætur á, að trygging sú, sem ábyrgðin veitir, rýrni ekki eða hverfi, að ábyrgðarmennirnir fari ekki af landi burt, nje selji eða veðsetji eigur sínar.

Viðvíkjandi því, að 17. gr. reglugjörðarinnar falli burt, þá er það alveg þýðingarlaust, hvort hún er felld burtu eða ekki, því það er vitaskuld, að bankastjórnin þarf enga heimild í reglugjörðinni til að taka vexti fyrir fram. Tillagan þyrfti þá að fara fram á beinlínis bann gegn því, að taka vexti fyrir fram, ef hún ætti ekki að vera með öllu þýðingarlaus.

Viðvíkjandi 3. tölulið skal jeg geta þess, að það mun sjaldgæft hjá bönkum, að borga vexti til baka, þó lán sje borgað fyrir gjalddaga, enda er það eðlilegt, að peningastofnun, sem hefur þá atvinnu, að lána fje gegn vöxtum, sje ekki þjent með að fá lánið endurborgað fyrir gjalddaga, því þá á hún á hættu að fá enga vexti af því þann tímann. Eina úrræðið fyrir þá, sem borga fyrir gjalddaga, er, að setja fjeð á vöxtu í sparisjóðsdeildina; þó þeir fái 1 kr. 40 aur. minna af hverjum 100 kr. en bankinn tekur í rentu, þá er það þó vel viðunanlegt.

Viðvíkjandi 4. tölulið skal jeg leiða athygli að því, að bankastjórnin hefur farið þess á leit, og fengið leyfi til þess með landshöfðingjabrjefi 28. júní 1888, að lengja afborgunarfrestinn á lánum úr bankanum. Þetta gildir að eins um 2 ár, en vilji bankastjórnin fá þetta fram lengt, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að það verði veitt.

Viðvíkjandi tillögunni undir 5. tölulið er aðgætandi, að veðbrjef eru sjaldan svo handhæg, að hægt sje að koma þeim í peninga með stuttum fresti; sama er að segja um önnur verðbrjef,—ef orðið »veðbrjef« er prentvilla fyrir »verðbrjef«, eins og jeg gæti ímyndað mjer—að það munu vera næsta fá verðbrjef, er tíðkast hjer á landi, sem komið verður í peninga á stuttum tíma, önnur en konungleg ríkisskuldabrjef.

Viðvíkjandi 6. tölulið skal jeg taka það fram, að það er ekki á valdi landshöfðingjans, að skipa fyrir um, að stofnuð skuli útibú; það þarf að eins hans samþykki til þess; en flestir munu játa, að stofnun útibúa eða aukabanka hljóti að hafa mikla erfiðleika og kostnað í för með sjer, bæði að því er snertir peningasendingar milli bankans og þeirra, og annað. Enn fremur mundi torvelt fyrir bankstjórnina að fá á þeim kaupstöðum, þar sem ætti að stofna útibúin, hæfa menn til að veita þeim forstöðu, menn sem hún gæti trúað eins vel og sjálfri sjer. Auk þess eru margir aðrir agnúar á því, sem mjer virðist liggja svo í augum uppi, að ekki þurfi að fara fleiri orðum um það.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er þakklátur h. þm. Mýr. (Á. J.) fyrir tillögu þessa, sem mun vera um bankann, sömu veruna, sem hann fyrir skemmstu hafði fundið lífsmark með, og væri merkjandi að maður væri meðal hinna stærstu, mestu, alltsvo fullkomnustu stjettarbræðra sinna, sem væru hinir beztu fastakaupmenn Íslands, sem sje kaupmenn. Hann hefir þannig endurgetið til lifandi vonar fullkomlegleika nauðsynarinnar þá veru, er jeg hugði ekki hafa andardrátt, enda mundi það engum öðrum vera fært en einhverjum þeim, sem meira hefði notið andans, en almennt gjörist, og held jeg tillagan, sem hjer liggur fyrir, sje naumlega deildarinnar meðfæri, þar það ekki mun vera verðslegum mönnum fært að gefa boðorð þessum unglingi, og mundi því bezt henta að fallast á, að hann hlíti því boðorði,

sem h. þm. (Á. J.) hefir gefið honum, eptir að hann, samkvæmt stöðu skyldunnar, hafði fundið köllun sína að gefa honum nafn, og eptir að hafa veitt honum fyrri einkunn til hins æðsta sáttmála mannfjelagsins, til þess hann gæti orðið mannúðlegur og samverkað vilja og þörfum—ekki einungis stjettarbræðra sinna, heldur einnig allra þeirra, er stynja undir þunga örbirgðar og peningaleysis, og mun jeg því óhikað gefa þessum boðorðum atkvæði mitt, eins og jeg vona að deildin gjöri, í von um að þau til fermingaraldurs verði búin að leiða hann í allan sannleika, enda vona jeg að h. þm. (Á. J.) hafi ekki samið þessi boðorð svo úti á þekju, að hann finni ástæðu til að apturkalla þau, eins og hefir komið fyrir með þennan sama ungling áður en hann hlaut nafnið maður og persónufíseraðist.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg heyrði, að margir voru ekki alls kostar ánægðir með reglugjörð landsbankans, þegar hún kom fyrst út, og að hún þótti allhörð; meðal annars var það að henni fundið, að lánsfresturinn væri of stuttur; jeg held líka að ekki hafi verið þörf á að einskorða hann, eins og gert er í reglugjörðinni. Að vísu er það gott, að sem flestir geti fengið lán úr bankanum; en þar sem reynslan hefir sýnt það, að til þessa dags hefir verið meira en nóg fje fyrir hendi í honum til að lána út, þá virðist ástæða til að gera breyting á ákvæðum reglugjörðarinnar um lánstímann.

Mjer virðist þingsályktunartillagan ekki vera heppilega orðuð, þar sem hún hefði átt að snúa mjer meir til bankastjórnarinnar sjálfrar, en til landsh., því að til hans kasta kemur einungis að samþykkja þá reglugjörð, sem bankastjórnin semur.

Mjer þykir það ísjárvert, að gera bankastjórninni að skyldu að taka gilda sjálfsábyrgðarmenn langt frá Reykjavík; henni er full vorkunn, þótt hún taki ekki þá menn gilda, sem ekki eru henni fullkunnir. Að vísu mun það ekki meiningin, að leggja skyldu á herðar bankastjórnarinnar í þessu efni; en það liggur þó nærri, að ætla það, þegar farið er fram á, að það falli burt, að bankastjórnin hafi rjett til að heimta, að ábyrgðarmennirnir sjeu búsettir í Reykjavík. Auðvitað er það, að þeir menn eru til út um land, sem bankastjórnin hefir ástæðu til að taka gilda sem ábyrgðarmenn, enda mun það hafa komið fyrir, að hún hafi gert það.

Aptur verð jeg að segja það, að mjer þykir það óeðlilegt, að bankinn taki fyrirfram vexti af fje því, sem hann lánar út. Jeg get ekki einu sinni álitið það rjett, hvort sem það er banki eða hver annar, sem það er, að hann taki vexti af fje sínu um leið og hann lætur það af hendi; því vil jeg skora á bankastjórnina, að hún láti af þeirri venju. Jeg ætla, að hún megi vel við una, þótt bankinn græði hóti minna fyrir það; því að mjer finnst hún hljóti að hafa þá meðvitund, að þessir vextir sjeu ekki allsendis rjett fengið fje.

Um 3. tillöguna ætla jeg ekki að fara orðum.

Viðvíkjandi 4. tillögunni lýsti hæstv. landsh. því yfir, að hann hefði þegar um stundarsakir gefið samþykki sitt til þess, að lánsfresturinn væri lengdur. Jeg fyrir mitt leyti álít, að það eigi að nokkru leyti að vera bankastjórninni frjálst, hve langan lánsfrest hún vill gefa hverjum lántakanda.

Að því er 5. atriðið snertir, þá skal jeg játa það, að það væri æskilegt, að hver króna, sem bankinn á, gæti verið í landinu sjálfu. En hitt sýnist mjer mjög vafasamt, hvort hægt sje að koma eignum hans í þau innlend verðbrjef, sem hægt sje að grípa til á hverri stund, sem vera skal. Svo mikil ástæða, sem kann að vera til þess, sem farið er fram á í 6. tölul., þá vil jeg þó ekki fylgja því fram, að

skylda bankastjórnina til að stofna útibú fyrir bankann; slíkt hefir töluverða hættu og kostnað í för með sjer, og því öll von, að bankastjórnin vilji fara varlega í því efni. Það mundi varla hægt að hafa eins nákvæmt eptirlit með útibúum þessum eins og með bankanum í Reykjavík. Vitaskuld er það, að það er erfiðleikum bundið að ná í lán fyrir þá, sem búa í fjarlægð við bankann; en þó held jeg, að menn gerðu rjettast í að sætta sig fyrst um sinn við það fyrirkomulag, sem nú er.

En fyrst farið var að hreyfa bankamálinu á annað borð, þá furðar mig á því, að einu atriði skuli ekki hafa verið hreyft, sem óumtalað er, og það er um innlagsvexti bankans. Í viðaukareglugjörð bankans frá 10. marz 1887 er gert ráð fyrir að greiða í vexti 3 kr. 60 a. um árið af hverjum 100 kr., sem inn í bankann eru lagðar. Þessi ákvörðun er að vísu ekki nema til bráðabirgða um þessa lágu vexti, og vona jeg, að sá tími sje nú þegar liðinn, sem hún á að ná til, og jeg held að því fremur sje ástæða til þess, ef þau lög komast í gildi, er hjer í deild hafa verið samþykkt, og heimila mönnum að taka allt að 6% af fje sínu, þótt gegn fasteignarveði sje; því jeg óttast, að menn muni hætta að leggja fje sitt inn í bankann, þar sem þeir fá ekki meira en 3 kr. 60 a. af hundraði, þegar þeir eiga kost á að fá á öðrum tryggum stöðum 6%. Íslendingar munu eiga fje í Danmörku á vöxtum svo mörgum hundraða þúsunda skiptir, og skil jeg ekki í öðru en þeir mundu kjósa að láta bankann fá það, ef hann færði upp vexti sína, þótt ekki væri meir en í 4%; því að þá fengju þeir þó ½% meir af því en nú fá þeir í Danmörku, svo að ekki er óliklegt, að gengi bankans yxi mjög við þessa breyting, og getur vel verið, að gróði hans yxi líka, því að þótt hann græddi að vísu ekki eins mikið á hverjum 100 kr., sem inn í hann eru lagðar, þá mundi að líkindum svo miklu meira fje verða lagt inn í hann, ef hann hækkaði innlagsvextina, en nú er, að gróði hans yrði að öllu samtöldu eins mikill eða meiri en nú er hann.

Þorleifur Jónsson: Jeg var með að skrifa undir þessa þingsályktunartillögu, sem hjer ræðir um, fremur af því jeg áleit nauðsynlegt að þingið tæki þetta mál til umræðu og reyndi að bæta úr því, sem menn út um landið eru óánægðastir með viðvíkjandi landsbankanum, en af því, að jeg áliti þessar tillögur svo lagaðar, að þær gætu bætt verulega úr því, sem einkum hefir verið fundið að bankanum.

Það, sem menn eru óánægðastir með að því er snertir bankann, er það, að ekki er hægt að fá lán úr honum lengur en til 10 ára. Þessi óánægja er líka mjög eðlileg. Það eru fáir bændur, sem hafa þau bú, er gefi af sjer þann arð, sem til þess þarf að geta greitt afborgun og vexti af stóru láni, sem veitt er að eins til 10 ára, auk annara útgjalda, sem hvíla á búinu. Þessu er ómögulegt að neita; þess vegna ímynda jeg mjer líka, að bændur til sveita taki lán í bankanum að eins af neyð, til að borga með skuldir eða því um líkt, en ekki til þess að bæta með því bújarðir sínar, eða byggja upp hús sín. Því jarðabætur gefa ekki svo fljótan arð, að hægt sje að borga með honum kostnað við jarðabæturnar og vexti af fjenu, sem til þeirra gengur; þetta, að geta eigi fengið lán til langs tíma, er það, sem bændur finna hvað mest til. En þó hjer sje farið fram á, að bankastjórninni sje heimilt eptirleiðis að lengja lánsfrestinn allt að 20 árum, þá er ekki bætt úr vandkvæðunum með því. Bankastjórninni er að eins gefin *heimild* til, að lengja frestinn. Gæti þá svo farið, að einstöku mönnum væri veitt lán um svo langan tíma, og mundu þá hinir, sem ekki fá lán til jafnlangs tíma, þykjast vera settir hjá. Óánægjan mundi þannig

halda áfram eptir sem áður. En ef bankastjórnin yrði aptur á móti *skylduð* til að veita lánin til 20 ára, þá yrði afleiðingin sú, að vinnufje bankans yrði fest eða bundið, svo að eptir nokkurn tíma hefði bankinn ekkert eða lítið fje til útlána, og gæti því ekki sinnt nýjum bænum. Með þessu ráði er þá heldur ekki bætt úr þeirri þörf, að fá lán úr bankanum til langs tíma. Úr þessu mun alls ekki hægt að bæta, nema með því að stofna lánsfjelög. Með því móti gætu menn fengið lán með þeim kostum, að afborga þau á 20, 30, 40 og 50 árum eptir óskum; þessum stofnunum má sjálfsagt koma fyrir á margan hátt, sem mjer fróðari menn geta lýst betur en jeg. En ein aðferðin er sú, að við landsbankann væri stofnuð veðbankadeild, sem stæði í sambandi við lánsfjelög út um land; veðbankadeildin ætti að gefa út skuldabrjef, sem hún seldi mönnum, sem hefðu peninga aflögu og lánaði svo út það fje, sem fengist fyrir skuldabrjefin, gegn fasteignarveði til langs tíma. Tryggingin fyrir skuldabrjefunum, sem veðbankadeildin gæfi út, yrði þá veðbrjef lántakanda. En þetta mundi nú ekki þykja næg trygging, og mætti þá haga því svo til, að lántakendur fengju lánið gegn um lánsfjelög út um landið. En lánsfjelögin mynduðust á þann hátt, að þeir, sem lán þurfa að fá, slá sjer saman og mynda lánsfjelagið og ábyrgjast sameiginlega, ef einhver þeirra getur ekki staðið í skilum með endurborgun láns þess, sem hann hefir fengið, eða ef eitthvað veðið reynist svo ótryggt, að eigi fæst upp úr því lánsupphæðin, ef til vanskila kemur. Þegar lánsfjelög eru komin, þarf lánbeiðandi ekki annað en snúa sjer til þeirra, og fá þau þá lánið frá veðbankanum. Með öðrum orðum: lántakandinn fengi lánið gegn um lánsfjelagið hjá veðbankadeildinni. Tryggingin fyrir skuldabrjefum veðbankadeildarinnar yrði þá veðbrjef lántakanda og sameiginleg ábyrgð allra hluttakenda í lánsfjelögunum. Tryggingin er því alveg óyggjandi.

Menn kunna þó að segja, að skuldabrjef veðbankadeildarinnar gengi ekki út; en það mun engin hætta á því; því ýmsir eru, sem hafa peninga aflögu, og eiga þá í konunglegum skuldabrjefum; auk þess eiga ýmsir sjóðir allmikið fje í konunglegum skuldabrjefum, svo að ef allir, sem eiga konungleg skuldabrjef hjer á landi, seldu þau og keyptu skuldabrjef veðbankans, þyrfti ekki að kvíða fyrir, að þau gengju ekki út. Ef þetta fyrirkomulag eða líkt kæmist á, þá ímynda jeg mjer, að öllum eða mörgum landssjóðslánum yrði innan skamms breytt í þesskonar veðbankalán, sem jeg nú hefi lýst. Og á þann hátt mætti koma miklum hluta viðlagasjóðsins í skuldabrjef veðbankadeildarinnar. En ef nú samt sem áður ekki fengist nógu margir kaupendur að skuldabrjefunum hjer á landi, þá er ekkert að óttast fyrir það; því eptir því, sem fróður maður hefir sagt mjer, mundu þau auðveldlega seljast á peningamörkuðum í útlöndum. Með þessum eða öðrum líkum ráðum má ráða bót á þeirri þörf, sem á því er, einkum fyrir bændur, að fá lán um lengri tíma, og jafnframt fengju þeir, sem hafa fje aflögum, tryggan leigustað fyrir peninga sína, með því að kaupa skuldabrjefin. Með öðrum orðum; þetta fyrirkomulag væri einkarhentugt bæði fyrir lánþurfa og þá, er hafa fje til að setja á vöxtu. Þess vegna hefi jeg hugsað mjer, með öðrum h. þingdm., sem mjer eru samdóma, að koma með þingsályktunartillögu um, að skora á landsstjórnina, að undirbúa til næsta þings og leggja fyrir það þing lagafrumv. um stofnun lánsfjelaga og veðbankadeildar við

landsbankann. Þetta held jeg væri það þarflegasta og helzta, sem þingið gæti gjört í þessu máli í þetta sinn.

Annar helzti annmarkinn á fyrirkomulagi landsbankans er sá, að bankinn stendur ekki í viðskiptasambandi við útlenda banka. Það getur orðið margs konar hagnaður að því, að geta fengið víxla og ávísanir til útlanda, í staðinn fyrir að senda þangað peninga, og hins vegar eins að þeir, sem hingað þyrftu að senda peninga, gætu sent þá í víxlum og ávísunum. En þessu má sjálfsagt kippa í lag, og þess vegna hefi jeg og fleiri h. þingdm. hugsað oss að koma fram með viðaukatill. í þessa átt til síðari umr. þessa máls. Það er annars ekki gott að vita, hversvegna landsbankinn enn ekki stendur í neinu viðskiptasambandi við útlenda banka. Að hann hafi ekki fullkomið traust, er ólíklegt. Jeg hef skýrslu um það frá sannorðum manni, að bankar í útlöndum sjeu ódeigir í að skipta, ekki að eins við aðra banka, heldur jafnvel við prívatmenn í öðrum löndum. En jeg ímynda mjer, að bankastjórnin hafi enn ekki gjört mikla tilraun í þessa átt, enda er hægt að skilja, að sú bankastjórn, sem við höfum, sje ekki svo vel inni í þessum störfum. Í bankastjórninni eru, eins og menn vita, menn, sem hafa mörg önnur áríðandi störf á hendi. Þeir hafa lært að gegna allt öðrum störfum en bankastörfum. Sjerstaklega er það framkvæmdarstjórinn sjálfur, sem hefir á hendi annað mjög vandasamt embætti, og sem er því til fyrirstöðu, að hann geti sinnt bankastörfunum eins og vera ætti. Þess vegna væri vel til fallið, að koma einnig með viðaukatillögu til síðari umr. málsins, í þá átt, að skora á landshöfðingja, að hlutast til um, að skipaður verði framkvæmdarstjóri við landsbankann maður, sem ekki hafi aðra sýslan eða embætti á hendi en þá einu. Þætti mjer miklu skipta að heyra, hverjar undirtektir hæstv. landshöfðingi mundi gefa slíkri tillögu, og eins hinni tillögunni, sem jeg nefndi, um stofnun lánsfjelaga og veðbankadeildar við landsbankann. Það getur verið, að jeg hafi ekki rjett fyrir mjer í tilgátu minni um orsakirnar til þess, að landsbankinn ekki hefir komizt í viðskipti við útlenda banka. Hafi jeg ekki rjett fyrir mjer, má leiðrjetta mig og bæta úr miskilningnum; því við erum svo heppnir, að hafa hjer í deildinni mann, sem einmitt situr í bankastjórninni, og getur komið með nákvæmar upplýsingar í þessu.

Þessi tvö atriði, að bankinn veiti lán móti afborgun á löngum tíma, og hitt, að hann geti komizt sem fljótast í samband við útlenda banka, eru eptir mínum skilningi hin þýðingarmestu atriði. Jeg legg miklu minni áherzlu á hinar tillögurnar á þingskjali 218. Jeg er með sumum þeirra, en legg enga áherzlu á sumar.

1. tillagan fer fram á, að úr 13. gr. bankareglugjörðarinnar verði fellt ákvæðið um, að sjálfskuldarábyrgðarmenn sjeu búsettir í Reykjavík eða þar í grennd. Jeg skoða þessa ákvörðun í reglugjörð bankans alveg óþarfa, þar sem bankastjórnin getur sjálf ákveðið, hvort menn eru hæfir til að vera sjálfskuldarábyrgðarmenn eða ekki, hvort sem þeir eru búsettir í Reykjavík eða ekki. Fyrir norðan og austan og vestan geta líka verið fullt eins áreiðanlegir og hæfir sjálfsskuldarábyrgðarmenn eins og í Reykjavík. Mig minnir, að hæstv. landsh. tæki það fram, að það væri erfitt að ná til manna, sem byggju í öðrum landsfjórðungum, ef vanskil yrðu á láni af hendi lántakanda. En bankastjórnin á hægt með að koma í veg fyrir þessa erfiðleika með því t. d. að ákveða, að sjálfskuldarábyrgðarmenn skuli skyldir að mæta fyrir gestarjetti í Reykjavík, hvar sem lögheimili þeirra annars er. Þetta er hvort sem er á valdi bankastjórnarinnar.

3. tillagan fer fram á, að fyrirfram greiddir vextir verði endurgoldnir þeim, sem borga skuld sína fyrir gjalddaga. Engin krafa getur verið sanngjarnari en þessi; en það mun annars koma fremur sjaldan fyrir, að menn borgi skuld sína fyrir tímann.

H. 1. þm. Gullbr.- og Kjós. (Þ. Böðv.) þótti það undarlegt, að ekki hefði komið fram tillaga um, að hækka vextina af innlögum í sparisjóðsdeild landsbankans. Jeg er alveg samdóma h. þm. í þessu tilliti; enda hefi jeg hugsað mjer, að aldrei ætti að vera meira en 1% munur á innlagavöxtum og vöxtum af útlánum.

Viðvíkjandi 6. tillögunni skal jeg geta þess, að margt mælir með því, að útibú verði sett á stofn af landsbankanum. Jeg skil heldur ekki annað en að það fyrirkomulag mundi borga sig fyrir bankann. Það kemur opt fyrir, að mönnum til sveita liggur á dálitlu láni, en geta ekki fengið það. af því að peningar eru ekki til nærlendis. En ef þeir ættu að fara til Reykjavíkur og biðja um lán í bankanum, þá er það ákaflega kostnaðarsamt fyrir litlar upphæðir, enda getur vel komið fyrir. að viðkomandi hafi ekki lengur þörf fyrir lánið, þegar hann loksins getur fengið það úr bankanum hjer í Reykjavík. Þessi útibú ættu líka að hafa á hendi sparisjóðstörf, því þá gætu þeir, sem ættu peninga afgangs kringum útibúin, komið þeim þar á vöxtu með hægu móti. Þetta væri mjög hagkvæmt og gott fyrirkomulag, því jeg er alveg viss um, að það er margur skildingur til sveita, sem liggur ávaxtarlaus í kistuhandraðanum einmitt af því, að honum verður ekki komið á vöxtu með hægu móti

Hæstv. landsh. taldi tormerki á því fyrir sig, að breyta reglugjörð landsbankans, þar sem það væri bankastjórnin, sem semdi reglugjörðina, en landsh. staðfesti hana. En því er varla að kvíða, að landsh. geti ekki komið breytingunni fram, ef þingið samþykkir hana eindregið, og jeg treysti því, að gæzlustjórarnir, sem valdir eru af þinginu, ekki mundu mótfallnir þeim breytingum, sem þingið fer fram á. Það er enginn efi á því, að landsh. getur, ef hann vill, komið breytingunni í gegn. Ef hæstv. landsh. þætti einhver breyting þýðingarmikil, en gæti ekki fengið framkvæmdarstjóra til að samþykkja hana, þá er það á hans valdi, að víkja framkvæmdarstjóra frá. En jeg þykist viss um, að til þessa þurfi aldrei að koma, því framkvæmdarstjóri muni breyta reglugjörðinni, ef hann sjer, að það er vilji þingsins, og landsh. er breytingunni meðmæltur.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa, að mjer komu nokkuð undarlega fyrir svör hæstv. landsh. upp á þessar tillögur, sjerstaklega þegar jeg minnist þess, að hæstv. landsh. sagði nýlega, að landsbankinn og landssjóður væru svo náskyldir. Eptir því nána sambandi, sem er milli bankans og landssjóðs, er, að mínu áliti, beinasta leiðin að snúa sjer til landsh. um breytingar á reglugjörð bankans. Jeg verð þess vegna að álíta, að við höfum gert alveg rjett í því, að beina þessum tillögum að hæstv.landsh., og ef hæstv. landsh. vildi hafa einhverja breytingu á bankanum fram, þá væri honum það í lófa lagið. Það gæti, ef til vill, verið óheppilegt, að bíða með endurbætur á fyrirkomulagi bankans, þangað til stjórn hans gerði það. Ef bankastjórnin væri værukær, og vildi helzt lifa í ró og næði, þá mundi hún í síðustu lög hreyfa sig að fyrra bragði til endurbóta. Það gæti hugsazt sú bankastjórn, sem jafnvel neitaði að breyta fyrirkomulagi bankans, þó landsh. vildi hafa breytinguna fram, og þá vil jeg spyrja: Hvernig ætti þingið þá að fara að? Ef landsh. hefði ekkert að segja í þessu efni, þá gæti bankastjórnin staðið sem þröskuldur í vegi fyrir öllum endurbótum á bankanum, og landsh. væri þá að skoða sem nr. núll gagnvart

bankastjórninni. En jeg þykist viss um, að bankastjórnin mun taka fegins hendi móti bendingum frá landsh. um, að breyta reglugjörð bankans eptir óskum landsmanna.

Að því, er snertir tillögur þær, sem hjer liggja fyrir, skal jeg geta þess, að mjer eru sumar þeirra ekkert kappsmál, en sumar þeirra er mjer aptur annt um.

1. tillagan fer fram á, að nema burtu ákvæði bankareglugjörðarinnar um, að sjálfsábyrgðarmenn sjeu búsettir í Reykjavík eða þar í grennd. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sagði, að ef þessi tillaga yrði samþykkt, þá væri bankinn skyldur til að taka gilda sjálfsábyrgðarmenn hvar sem væri á landinu. Þetta er ekki rjettur skilningur. Það er einungis lagt til, að það verði numið burt, að þeir einir sjeu gildir sjálfsábyrgðarmenn, sem búa í Reykjavík eða í nánd við hana. Því að eptir því fyrirkomulagi, sem er, getur bankastjórnin ekki tekið gilda ábyrgðarmenn utan Reykjavíkur, nema með því að brjóta lögin. En hún er þrátt fyrir þessa breytingu ekki bundin við að taka sjálfsábyrgðarmenn utan Reykjavíkur, nema hún álíti þá fullgilda, en því fer betur, að það eru víðar til góðir og áreiðanlegir menn í skuldaskiptum en í Reykjavík.

2. tillagan, sem fer fram á að fella burtu 17. gr. úr reglugjörðinni, er ekki þýðingarmikil; jeg er hæstv. landsh. samdóma um, að sú grein sje þýðingarlaus og megi þess vegna missa sig úr reglugjörðinni.

3. tillagan, um að fyrirframgreiddir vextir verði endurgoldnir þeim, sem borga skuld sína fyrir gjalddaga, er að mínu áliti þýðingarmikil. H. 2. þm. Húnv.(Þorl. J.) sagði, að það kæmi sjaldan fyrir, að menn borguðu skuld sína fyrirfram. En að slíkt kemur svo sjaldan fyrir, ímynda jeg mjer að sje hinni núverandi tilhögun að kenna. Þó menn geti borgað skuld sína fyrir gjalddaga, þá hliðra menn sjer hjá því, af því að menn fá ekkert endurgoldið af fyrirfram greiddum vöxtum. Með öðrum orðum þetta fyrirkomulag, sem er, gerir það opt og tíðum að verkum, að menn hliðra sjer hjá því að vera skilvísir. Það er óneitanlega hart fyrir mann, sem tekur fleiri þúsund kr. lán til langs tíma, og borgar lánið aptur eptir viku, að fá engan eyri endurgoldinn af vöxtum, sem hann hefir borgað fyrirfram fyrir lengri tíma. Prívatmann, sem hegðaði sjer þannig gagnvart skuldunaut sínum, mundu menn kalla okurkarl.

Viðvíkjandi 6. till. um, að bankinn sem allra fyrst stofni útibú samkvæmt 9. gr. bankalaganna, tók hæstv.landsh. það fram, að miklir erfiðleikar væru á, að stofna útibúin. Það er satt. Erfiðleikar eru sjálfsagt á því nokkrir; en það dugar ekki að horfa í þá, heldur verður að líta á þann mikla hag, sem af þessu mundi leiða fyrir menn úti um landið, og þess vegna hafa þessi ákvæði sjálfsagt verið sett í bankalögin, að þau komi fyr eða síðar til framkvæmda, og þar sem bankinn nú er búinn að raka saman miklu fje, þá er tími til þess kominn að stofna útibúin. En það skal jeg játa, að ef útibú verða sett á stofn og allt á að fara í reglu, þá getur ekki embættismaður í Reykjavík gegnt störfum framkvæmdarstjóra. Það yrði að vera maður í þeirri stöðu, sem gæti gefið sig allan og óskiptan við bankastörfunum, gefið sig við þeim með lífi og sál. Með þeirri bankastjórn, sem nú er, játa jeg fullkomlega, að erfiðleikar sjeu á, að koma útibúum á stofn. Jeg skal geta þess, að jeg er persónulega kunnugur stjórn sparisjóðsins á Ísafirði. Hún hefir talað við mig um, að hún væri mjög fús á, að komast í viðskiptasamband við bankann, og væri sannarlega búbætir fyrir bankann, að fá sparisjóðinn á Ísafirði inn í sig, og um leið reynda menn í sparisjóðsstörfum til að taka að sjer störf útibúsins.

Það dugar ekki að líta eingöngu á það, að bankinn græði stórfje á hverju ári eða að stjórn hans geti lifað í ró og næði, heldur verður að líta á þann tilgang, sem bankinn var stofnaður í, sem var sá, að gera peningaviðskipti sem greiðust milli allra landsmanna. En þetta hefir ekki verið gert hingað til. Það er þó vonandi, að hæstv. landsh. fái því framgengt við bankastjórnina, sem horfir til gagns og góða fyrir land og lýð. Jeg álít það heldur ekki formlegt, að snúa sjer til annars en landsh. með þetta mál, hvað sem hæstv. landsh. segir.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg er yfir höfuð þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans undir tillögurnar.

Mjer þykir 3 fyrstu tillögurnar þýðingarmestar. Hafi það komið fyrir, að bankinn hafi ekki nákvæmlega fylgt því, að sjálfsábyrgðarmenn skyldu vera búsettir í Reykjavík, þá hefir hann ekki getað það nema með því að ganga út fyrir þau takmörk, sem honum hafa verið sett.

Þótt menn hafi verið fegnir að flýja til bankans vegna þeirra vandræða, sem hafa verið á Íslandi um undanfarin ár, þá gæti svo farið, ef árferði batnaði, að menn reyndu að bjarga sjer á annan hátt, ef bankinn reynist ekki liprari og greiðari í viðskiptum framvegis, en hann hefir verið sumum hingað til. Það mun eigi, að jeg held, algild venja annarstaðar, að heimta vexti fyrirfram, en greiða þá ekki aptur, ef skuldin er borguð fyrir gjalddaga.

Það er betra að borga hærri vexti, og eiga það víst, að fá þá endurborgaða, ef lánið er eigi notað allan þanu tiltekna tíma.

Hæstv. landsh. tók það fram, að það væri ekki almennt, að skila aptur vöxtunum; en jeg man eigi betur, en bankar í Ameríku geri það.

Jeg vona, að þessar tillögur verði teknar til greina; menn mundu sætta sig við að sumu leyti, þótt vextir væri greiddir fyrirfram, ef ákvæðinu um endurborgunina væri breytt, svo þeir fengi þá að fullu endurborgaða af því er þeir greiða af skuld sinni fyrir gjalddaga.

Landshöfðingi: H. 2. þm. Húnv. (Þorl. Jónsson) talaði um aðra tilhögun á lánveitingum úr bankanum, og skildist mjer svo, sem það væri meining hans, að hið eina ráð til að fullnægja þörfum landsmanna á peningalánum væri að stofna lánsfjelög; en jeg get ekki skilið, að þetta geti komizt á nema með því, að umsteypa gjörsamlega bankalögunum og öllu fyrirkomulagi bankans, þó hann sje ekki enn búinn að standa í 3 ár.

Árið 1881 bar stjórnin upp frumvarp til laga um stofnun lánsfjelaga, og var það ýtarlega rætt bæði á þinginu það ár og eins á næsta þingi; en þá vildu menn ekki sinna því máli, og ekki heyra talað um annað en banka; því þykir mjer það undarlegt tímanna teikn, að nú skuli einmitt koma fram uppástunga um hið sama úrræði til að bæta úr peningaeklu landsmanna, sem stjórnin áður fyrri áleit tiltækilegast, en sem þingið vildi þá með engu móti aðhyllast, og jeg get ekki ímyndað mjer, að þinginu hafi snúizt svo hugur á ekki lengri tíma, að það mundi nú aðhyllast það, sem það hafnaði þá.

Mjer skildist enn fremur svo, sem h. þm. (Þorl. J.) vildi láta setja framkvæmdarstjórann af, og óskaði yfirlýsingar frá mjer um, hvort jeg mundi ekki vera fáanlegur til þess. Jeg skal í því tilliti geta þess, að mjer er ekki kunnugt um, að framkvæmdarstjórinn hafi neinar þær sakir, að hann eigi skilið að vera settur frá sýslan sinni; ekki heldur er jeg svo kunnugur, að jeg hafi á reiðum höndum annan mann, sem jeg treysti betur. Jeg þekki engan mann hjer á landi utan bankans, sem nokkuð hefir vanizt bankastörfum og er að öðru leyti þeim kostum búinn, sem útheimtast til þess, að hann geti tekizt forstöðu

bankans á hendur. Að vísu koma margir fram, sem þykjast vera kunnugir bankamálum, en þeir hafa þá annað starf á hendi. Þegar bankalögin voru samin, voru laun framkvæmdarstjóra ekki sett svo há, að hann gæti lifað af þeim einum saman. Sjerstaklega vil jeg geta þess, að yrðu aukabankar stofnaðir, þá mundi það auka störf framkvæmdarstjórans, ekki eingöngu í brjefaviðskiptum við stjórnendur aukabankanna; til þess að hafa nauðsynlegt eptirlit þyrfti hann opt að vera á ferðum, til að skoða hjá aukabankastjórunum. En það er agnúinn á, að á flestum tíma ársins er svo erfitt að ferðast á Íslandi, að því yrði varla komið við. Hvernig ætti þá bankastjórnin að fara að, ef hún þættist verða þess vör, að ólag væri komið á, á einhverju útibúinu, annaðhvort á Ísafirði, Akureyri eða Seyðisfirði? Ef þetta uppgötvaðist um hávetur, ætti framkvæmdarstjórinn þá að leggja á stað t. a. m. austur á Seyðisfjörð, og vera í þeirri ferð kannske svo mánuðum skipti? Og hver ætti svo að annast störf hans við sjálfan bankann á meðan? Þess konar er auðvelt þar sem eru járnbrautir og telegrafar, en hjer álít jeg mjög erfitt að koma aukabönkum upp í fjarlægum landsfjórðungum.

Eins og jeg tók fram áður, get jeg ekki aðhyllzt 3., 5. nje 6. tillöguna, en jeg mun bera mig saman við bankastjórnina um 1., 2. og 4. tillöguna.

Páll Briem: Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi sagði um lánsfjelögin, þá er það að athuga, að það stóð öðruvísi á þá, þegar um þau var að ræða hjer á þingi; þá hafði þingið að eins kost á að velja á milli lánsfjelaga og banka, og var eðlilegt, að þingið tæki bankann; nú er bankinn kominn á fót, og þá er eðlilegt að menn vilji stíga sporinu lengra og fá lánsfjelag við hliðina á bankanum eða í sambandi við hann.

Viðvíkjandi afstöðu neðri deildar við lánsfjelögin, verð jeg þá að geta þess, að ef jeg man rjett, þá var meiri hluti manna í neðri deild, sem vildi lánsfjelögin, og samþykkti um það frumvarp. Það er áríðandi, að bankinn ljetti undir með mönnum; en eptir því sem jeg þekki bankann í viðskiptum við menn, þá er hann mjög óþægilegur við menn og fráfælandi; enda veit jeg til þess, að flestir hliðra sjer hjá viðskiptum við bankana, ef þeir geta, og margir sem neyðast til að taka lán hjá honum, yrðu þeirri stundu fegnastir, er þeir gætu losað sig við hann.

Þetta er ekki heppilegt fyrir bankann og enn þá verra fyrir landsmenn. Mjer dettur ekki í hug, að finna að því, þótt bankinn heimti fulla skilvísi af mönnum; en það er mikið komið undir því, að koma þá fram með lipurð og nærgætni; en það er þetta, sem vantar hjá bankanum, og get jeg vel skilið, af hverju það er; það er af því að framkvæmdarstjóri verður að hafa bankastjórnina í hjáverkum. En einmitt fyrir þetta fannst mjer það undarlegt hjá hæstv. landshöfðingja, að hann vissi ekki völ á neinum manni, sem gæti tekið að sjer framkvæmdarstjórn við bankann, nema hinum núverandi framkvæmdarstjóra; það er mikill munur á, hvort maður gegnir þessu starfi eingöngu, eða með öðru embætti, og er jeg viss um, að bankastjórnin yrði miklu betri, ef framkvæmdarstjórinn gæti eindregið gefið sig við henni. En þar sem hinn núverandi framkvæmdarstjóri vill tæplega sleppa embætti sínu, þá er eina ráðið að skipa annan í hans stað, sem þarf ekki að hafa þessi störf í hjáverkum.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að bankanum væri engin þægð í að fá vöxtu borgaða fyrir fram. En bankanum er einmitt þægð í því; því að ef svo væri ekki, þá gæti maður eins sagt, að honum væri engin þægð í að fá fje í sparisjóð.

Jeg vildi óska þess, að þó hæstv. landshöfðingi ekki gæti sinnt þessum tillögum

öllum, þá reyndi hann þó að velja mann, sem gæti gefið sig alveg við bankanum, og að hann gerði sitt til, að bankinn gæti orðið að sem mestum og beztum notum.

Sigurður Stefánsson: Það er leiðinlegt, að hæstv. landshöfðingi skuli eigi vilja sinna 6. tillögunni, sem jeg fyrir mitt leyti tel lang þýðingarmesta. Ef það er í veginum, að bankastjórinn hefir eigi nóg laun til þess að standast kostnað af ferðum sínum og öðru, er til þarf, þá er hægt fyrir bankann, að borga honum hærri laun; við það stenzt hann sannarlega. Þar sem beinlínis er gert ráð fyrir því í 9. gr. bankalaganna, að útibú skuli stofna, er þeim eigi fullnægt nema það verði gjört.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að það væri eigi siður hjer á landi, að borga aptur vexti, þótt lán væri endurgoldið fyrir gjalddaga, skal jeg geta þess, að það hefir aldrei verið siður hjer á Íslandi, að taka vexti fyrir fram, og því eigi getað komið til tals að borga þá aptur. Prívatmenn taka víst sjaldan eða aldrei vexti fyrirfram; sú regla kom fyrst með bankanum. *(Landshöfðingi:* Sparisjóðir!). Sparisjóðirnir taka hálfs árs vexti fyrirfram, og er það mikill munur.

Hvað það snertir, að leggja fje það, sem maður ætlar að borga inn í bankann fyrir gjalddaga, í sparisjóðsdeild hans, þá er það lítill hagnaður, því veðið stendur fast þangað til skuldinni til bankans er lokið.

Að bankinn stofni útibú álít jeg hið bezta meðal til þess að gjöra hann vinsælan.

Bankastjórnin má eigi að eins taka tillit til þess, sem henni er hægast, heldur einnig til þess, sem er landsmönnum fyrir beztu, og sem miðar til þess, að bankinn nái tilgangi sínum. Hún er því skyldug að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að erfiðleikarnir að nota bankann hverfi sem bráðast fyrir landsmönnum, þótt erfiði hennar kunni að vaxa við það. Landslagið getur eigi valdið því, að þetta sje ómögulegt, og samgöngurnar eru engu verri nú, en þegar landsbankalögin voru samin og þetta ákvæði sett.

Af öllum tillögunum álít jeg, eins og jeg tók fram, hina 6. þá þýðingarmestu, og jeg er viss um, að ef útibúin kæmust á, mundu þau borga sig.

Þorleifur Jónsson: Jeg held að hæstv. landshöfðingi hafi ekki tekið eptir því, sem jeg sagði um lánsfjelögin. Hann benti mjer á, að eigi gæti komizt á nein breyting í þá átt með þingsályktun, heldur þyrfti til þess lög. Það er alveg rjett; enda talaði jeg um það, og meining mín var sú, að þingið ætti nú í þingsályktun að skora á stjórnina, að undirbúa til næsta þings og leggja þá fyrir þingið lagafrv. um stofnun lánsfjelaga hjer á landi.

Hæstv. landshöfðingi minntist á, að lánsfjelagafrumv. stjórnarinnar hefði verið fellt á þinginu 1881, og því væri undarlegt, að fara nú að tala um að fá lánsfjelög. Frumv. um lánsfjelag var samþykkt í neðri deild þingsins 1881 með 13 atkv. gegn 10; á meðal þeirra, sem voru með frumv., voru margir merkir þingmenn, t. d. hinn núverandi gæzlustjóri landsbankans, sem neðri deild hefir kosið. Og hin helzta ástæða til þess, að það var fellt í Ed., var sú, að eigi var þá neinn banki til.

H. þm. Snæf. (P. Br.) hefir annars svarað flestum mótbárum hæstv. landshöfðingja, svo að jeg get verið stuttorðari.

Hæstv. landshöfðingi sagðist ekki vita þær sakir um framkvæmdarstjórann, sem gæfu ástæðu til þess að víkja honum frá. Jeg hefi aldrei sagt, að hann hafi drýgt nokkrar sakir, heldur hitt, að bæði mundi

hann ekki vera nægilega bankafróður maður, til þess að landsbankinn gæti komizt í viðskipti við erlenda banka, og hefði hins vegar vandasamt embætti á hendi, auk framkvæmdarstjórnarinnar. Jeg segi það honum alls eigi til lasts, þótt jeg segi, að hann sje eigi inni í þeim störfum, sem eru samfara viðskiptum bankans við útlenda banka. Það er ekki hægt að vonast eptir slíku af honum, þar sem hann hefir ekki lært það. Jeg get eigi trúað því, að enginn gæti fengizt, sem hæfur er til þess, að vera framkvæmdarstjóri landsbankans. Embættti þetta var veitt í kyrþey, og mönnum því eigi gefinn kostur á að sækja um það. Ef það væri auglýst, er jeg viss um að margir mundu gefa sig fram, sem eru vel færir um, að standa í þessari stöðu, hvort heldur litið er til manna hjer á landi eða jafnvel Íslendinga erlendis. Jeg hefi t. d. heyrt, að Íslendingur einn sje við stóra peningastofnan í útlöndum, sem væri einhver hinn færasti maður til að vera framkvæmdarstjóri við bankann. En skyldi sú reynslan verða á, að enginn hæfur maður byðist, er það skylda þingsins, að veita einhverjum styrk til þess, að kynna sjer bankastörf í útlöndum; væri stór misskilningur að sjá í það fje.

Hæstv. landshöfðingi fann það til, að laun framkvæmdarstjórans væru of lág, og að upphaflega hafi verið svo til ætlazt, að framkvæmdarstjórinn hefði bankastjórnina sem aukaverk. Ef svo hefir verið, þá tel jeg það mikla yfirsjón af þinginu, sem hægt er að kippa í lag. Jeg fyrir mitt leyti væri fús til þess að vera með, að hækka launin um helming eða meira, ef það er nauðsynlegt, og er jeg þó enginn launahækkunarmaður, eins og kunnugt er.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Það er mjög leiðinlegt, að hæstv. landshöfðingi skuli eigi geta fallizt á 3. tillöguna. Til þess að reyna að miðla málum, mundi jeg þó heldur vilja koma með breytingartill. þess efnis, að þeir, sem borga fyrir gjalddaga, fái sömu vexti útborgaða og þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu lagt fje inn í sparisjóðsdeild bankans. Þótt svo kynni að vera, að þetta bakaði bankastjórninni nokkra fyrirhöfn, treysti jeg því, að hún muni meta það meir, að láta menn njóta skilvísi sinnar, og gera þeim ljett fyrir, heldur en hitt, að hún sjálf þurfi sem minnst að gera.

Kæmist þessi breyting á, vona jeg, að hæstv. landshöfðingi geti verið tillögunni meðmæltur.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. tölul. samþ. með 18 samhljóða atkv. hver; 4. tölul. samþ. með 16 atkv.; 5. tölul. samþ. með 14 atkv.; 6. tölul. samþykktur með 16 atkvæðum.

Málinu vísað til síðari umr. með 19 atkv.

Þrítugasti og annar fundur, miðvikudag 7. ág. á hád.

Allir á fundi.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir 1888 og 1889 (C. 62, 288, 327, 363); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Sú eina grein, sem stendur í stjórnarfrv., er samkvæm því, sem deildin hefir fallizt á í gær. Nefndin áleit, að ef það er ekki fullkomin rjettarkrafa, þá sje það þó fullkomin sanngirniskrafa; en hún er ekki samdóma stjórninni um, að fulla upphæð beri að veita; því hlutaðeigandi prestur losnar við dálítinn kostnað með því að losast við þjónustuna; borgun fyrir aukaverk verður heldur ekki talin með föstum tekjum, þar sem ýmisleg atvik geta valdið því, að prestar fái ekki borgun fyrir þau, svo sem fyrir hjónavígslu, þegar leyfisbrjef er fengið, eða þegar maður hefir kosið sjer legstað utan prestakalls.

Þá hefir nefndin komið með viðaukatillögur við frumv. 1. að til yfirsetukonu Þorbjargar Sveinsdóttur sjeu goldnar 24 kr. á ári fyrir seinni helming ársins 1884 og árin 1885, 1886 og 1887, sem henni bera sem yfirsetukonu í Reykjavík. Það virðist, að enginn ágreiningur geti verið um, að beri að greiða henni fyrir þann tíma, sem hún hefir verið starfandi yfirsetukona hjer í bænum; aptur gæti verið spurning um, hvort henni bæri það fyrir þann tíma, sem hún dvaldi í Kaupmannahöfn sjer til heilsubótar; en það er þvílíkt lítilræði, að nefndin gat ekki farið að draga það af.

Nefndin leggur það einnig til, að uppbót sú, sem ákveðin er í prestakallalögunum að ganga skuli til Gufudals, verði veitt þeim presti, sem nú þjónar brauðinu, fyrir þann tíma, sem hann hefir þjónað. Það gæti verið ástæða til að ætla, að hjer væri um rjettarkröfu að ræða; en það vill nefndin ekki dæma um; en hvað snertir þenna mann persónulega, þá lá hjer fyrir frumv. 1887 um það efni, að gefa eptir $^1/_2$ árgjald af Stað á Reykjanesi, og voru þær ástæður bornar fyrir, að jörðinni hefði farið aptur, varpið rýrnað o. s. frv., og sjer í lagi það, að það hefði aldrei verið meiningin, að leggja svona mikið árgjald á Stað, nema með tilliti til þess, að Garpsdalur yrði sameinaður honum; en þar sem hann hafði sótt um brauðið, þó það væri þessum kjörum háð, þá þótti bæði mjer og öðrum, sem voru með að fella frumv., ekki ástæða til að gefa árgjaldið eptir; jeg bendi að eins á þetta, því jeg þykist vita, að þeim, sem voru þessu máli sinnandi 1887, muni nú sýnast ástæða til að ívilna honum, og að veita honum þetta fje, sem að öðru leyti eru svo miklar ástæður til; hefði einhver fengið veitingu fyrir Gufudal, og síðan afsalað sjer henni eða fengið annað brauð, þá hefði þetta litla atvik orðið því valdandi, að hann að sjálfsögðu hefði fengið uppbótina frá þeirri stundu.

Eins og í mínum augum var full ástæða til að neita um uppgjöf á árgjaldinu, þá er í mínum augum allt öðru máli að gegna um þetta; erfiðleikarnir á þjónustunni eru mjög miklir, og presturinn vildi helzt vera laus við hana, en þar sem ekki er öðrum á að skipa, þá getur hann ekki komizt hjá því.

Þá hefir nefndin enn komið með viðaukatillögu, að til Octavíusar Hansens skuli borgaðar 1000 kr. fyrir aðstoð hans í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis; en jeg álít svo fulla ástæðu til þeirrar fjárveitingar, að um hana þurfi engum orðum að fara, og vona, að allir verði nefndinni samdóma um, að gefa þeirri tillögu atkvæði sitt.

Enn fremur er hjer komin fram viðaukatillaga á þingskj. 268 (C. 327), sem fer fram á, að veita ekkju Jóns sál. Sigurðssonar frá Gautlöndum 1000 kr. styrk í eitt skipti fyrir öll; lík fjárveiting hefir áður átt sjer stað, og ímynda jeg mjer, að h. þingd. þyki ástæða til, að gera það í þessu tilfelli, og gefur fjárlaganefndin því sín beztu meðmæli.

Þá er komin fram tillaga frá h. þm. V.-Sk. (Ó. P.) um styrk til að veita burtu Hafursá í Dyrhólahreppi af þjóðjörðunum Ketilsstöðum, Hryggjum o. fl.; af misgáningi hefir ritazt, að hún sje við 15. gr., en mun eiga að vera 16. gr. Það hefir áður verið til umræðu á þinginu fjárveiting í þessu skyni; en bæði er það, að tvísýnt mun vera um árangurinn af þessu, og eins og tillagan kemur fram, hefir fjárlaganefndin ekki getað kynnt sjer hinar einstöku ástæður fyrir henni; en ef nauðsyn og ástæður mæla með þessu, þá er líklegt að styrks mætti vænta af einhverju búnaðarfjelagi nú, þegar fjárveitingin til þeirra verður eflaust aukin. Annað mál er það, að tillagan er eflaust

sprottin af umhyggju fyrir jörðum landssjóðs hjá h. þm. V.-Skaptf. (Ól. Pálss.).

Ólafur Pálsson: Jeg skal játa, að ritvilla hefir orðið á breytingartillögu minni, nefnilega 15. gr. staðinn fyrir 16. gr., en jeg vona, að hún verði ekki ónýt gerð fyrir það.

Þetta er langt mál, ef skýra skyldi frá því til hlítar.

H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) sagði, að um árið hefði verið veitt fje til hins sama: þetta er satt; en það nam ekki 1/3 af kostnaðinum, en hafði þó góðan árangur. Það er stórt svæði, sem áin rennur um á aurum, og í vatnavöxtum brýtur hún garða og allt hvað fyrir verður, og kemur svo fram sitt á hverjum staðnum. Hjer um árið lagðist hún í nýjan stokk, en í fyrra vetur fór jeg að tala um þetta við ábúendurna, og herti að þeim, í von um landssjóðsstyrk, en grjót er ekki að fá þar í grenndinni nema svo smátt, og var það ekki að fá fyr en upp til fjalls, og grjótið þar tekið, og ekið á ís um veturin að ánni, og hlaðinn garðurinn vorið 1888. Þetta bar góðan árangur, og garðurinn stóð í allt fyrra sumar; en í vetur braut hún aptur skarð í garðinn; og þó nokkuð væri hlaðið í vor, þá er það ekki nóg, ef til vill. Jeg get, því miður, ekki lagt fram skýrslu um þetta; en þá var það verkið tekið út, eptir bón hlutaðeigandi manna; jeg sendi skýrsluna suður annaðhvort seint í janúar eða snemma í febrúar, en hún hefir ekki komið fram, hið eina, sem jeg get, til að sanna mál mitt, er, að skírskota til hæstv. landshöfðingja, sem jeg sýndi skýrsluna á ferðum hans eystra í fyrra sumar, því jeg get ekki búizt við, að h. deild trúi mjer einum; eptir því, sem mig minnir, voru það 136 dagsverk, og þykist jeg því ekki stinga upp á stóru fje; en ef þetta fengist, þá yrði það þeim stór hugnun, enda þótt það borgi lítið af tilkostnaðinum, því það, að fá viðurkenningu fyrir starfa sinn, upp örvar menn ætíð, eins og það á hinn bóginn dregur niður í mönnum, þegar þeim er ekki sýndur annað en helber mótþrói.

Þórarinn Böðvarsson: Það eru 2 atriði, sem jeg vildi tala fáein orð um.

Það er fyrst um tölulið 3. hjá nefndinni, og verð jeg að vera á því, að nauðugur sje einn kostur, að samþykkja hann, því þar sem tekjurnar hafa minnkað við að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn var stofnaður, og hins vegar stendur, að embættismenn skuli einskis í missa af tekjum sínum, þá hlýtur presturinn að fá uppbót á tekjum sínum; reyndar verð jeg að álíta, að presturinn eigi einhverja sök í, þegar svo fer, svo að því leyti hefði jeg tilhneigingu til að minnka tillagið. Þar sem nefndin fer fram á, að sleppa aukatekjum, þá verð jeg að vera samdóma nefndinni um það, því borgun fyrir aukaverk er þóknun, en ekki laun alloptast.

Hvað snertir 4. tölulið um Gufudalinn, þá get jeg ekki betur skilið en að brauðinu hafi um undanfarin 5 ár heyrt til þessar 200 kr. á ári, samkvæmt þeirri grein prestakallalaganna, sem hjer ræðir um; þar er ekki sagt að tillagið skuli greiða þegar nýr prestur kemur í bæði brauðin, heldur þegar brauðið «losnar»; í lögunum stendur skýrt, þegar brauðið losnar; getur vel verið, að löggjafarvaldið hafi haft í huga: þegar brauðið losnar og verður veitt, en jeg verð að halda mjer til orðanna, eins og þau standa. Brauðið losnaði 1882, og presturinn, sem þá tók við að þjóna því, dó eptir tvö ár; honum fannst hann eiga rjett til uppbótar, en hann fjekk þau svör, að það yrði að berast undir þingið; þessi prestur, sem nú þjónar því, hefir gjört það í 5 ár og enga uppbót fengið, en mjer finnst, að rjettur hafi verið til, að fá uppbót á brauðinu, síðan það losnaði. Eins og h. 1. þm. Húnv. (E .Br.) tók fram, hefði að eins lítil breyting getað orðið því valdandi, að

uppbótin hefði vafalaust fengizt, nefnilega sú, að prestur hefði fengið veitingu fyrir því, og horfið brátt frá því aptur; en jeg verð að halda mjer til laganna, sem kveða á um, að uppbótin skuli leggjast þegar brauðið losnar, en ekki er kveðið á um, að veitingu fyrir brauðinu þurfi til þess. Brauð þetta er mjög tekjulítið, og það langverulegasta af tekjunum eru þessar 200 kr.; þjónusta brauðsins frá Stað á Reykjanesi er mjög erfið, en ómögulegt frá öðrum stöðum; reyndar er ekki svo mjög erfitt að komast á kirkjuna, en að fara um sóknina er aptur mjög miklum erfiðleikum bundið, þar sem mikill hluti hennar liggur fyrir handan örðugan og erfiðan háls. Þó maður sleppi því, að þetta er rjettarkrafa, mælir þó öll sanngirni með þessu; presturinn, sem hjer ræðir um, geldur í rauninni meira ágjald af brauði sínu en löggjafarvaldið ætlast til. Jeg efast um, að það hefði nokkuð orðið, nema af því að sameina átti Garpsdal við Stað; en þegar breytingartillagan um, að skilja Garpsdalinn frá, kom fram við síðustu umræðu, að mig minnir, þá varð það fyrir vangá, að árgjaldið af Stað stóð óbreytt. Auðvitað átti presturinn að vita, hvaða árgjald var goldið af brauðinu, og hann gat látið vera, að sækja um það; en hann mun þó hafa haft það fyrir augum, að árgjaldið mundi ekki lengi hærra en löggjafarvaldið ætlaðist til. En aðalábendingin verð jeg að leggja á það, að eptir prestakallalögunum er þessi uppbót regluleg eign prestakallsins frá þeirri stundu að það losnaði.

Landshöfðingi: H. fjárlaganefnd hefir að mestu leyti fallizt á þetta litla frumv. frá stjórninni til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889, og breyting sú, sem hún hefir stungið upp á, að uppbótin til prestsins að Hólmum verði færð niður í 300 kr. 41 e. úr 332 kr. 28 a., sökum þess, að eigi beri að telja borgun fyrir aukaverk með í tekjumissi prestsins, er í sjálfu sjer eigi þýðingarmikil, enda get jeg vel verið henni samþykkur; því að í raun og veru er það rjett, að borgun fyrir aukaverk, sem ekki eru framkvæmd af hlutaðeigandi presti, heldur utankirkjuprestinum, sjeu ekki talin sem tekjumissir fyrir þjóðkirkjuprestinn. Eptir því sem umræður fjellu í gær um þetta mál, þá þykist jeg mega vona, að frumv. verði samþykkt með þessari breytingu nefndarinnar hjer í deildinni, og jeg skal endurtaka það, sem jeg sagði í gær, að lögin um utanþjóðkirkjumenn voru samþykkt af stjórninni í trausti til þess, að hinn þjónandi prestur í Hólmabrauði fengi endurgoldinn þann tekjumissi, sem hlyti að leiða af því, ef prestur utanþjóðkirkjumanna væri löggiltur af stjórninni. En jafnframt var tekin sú ákvörðun, að í öllum veitingarbrjefum, er prestar fengju frá því að lög þessi öðlast gildi, skyldi tekið fram, að hlutaðeigendur yrðu að sætta sig við þá rýrnun í tekjum, er leiða kynni af lögum þessum; þessari reglu hefir jafnan verið fylgt síðan, svo að h. deild þarf ekki að óttast, að það dragi neinn dilk eptir sjer, þótt hún samþykki frumv.; stjórnin mun líka fara varlega í, að staðfesta kosning utanþjóðkirkjupresta; en hjer hafði hún sjerstaka ástæðu til staðfestingarinnar, því henni var kunngt um, að lögin voru einmitt tilbúin með tilliti til þessa prestakalls.

Þá hefir nefndin lagt það til, að framan við frumv. bætist ný grein, sem fer fram á að veita yfirsetukonu Þorbjörgu Sveinsdóttur 84 kr. fyrir seinni helming árins 1884 og árin 1885—1887; jeg hef ekkert á móti þessari fjárveitingu; en það er ekki svo að skilja, að jeg álíti, að yfirsetukona þessi í raun og veru hafi rjettarkröfu til þessarar fjárupphæðar, heldur get jeg verið henni meðmæltur af því, að hún á það æfinlega skilið, að henni sje viðurkenning sýnd, sökum hjálpfýsi hennar og góðsemi við fátæklinga.

Viðvíkjandi uppbótinni til Gufudalsprestakalls skal jeg geta þess, að jeg er fullkomlega sampykkur því, sem h. framsögum. (E. Br.) færði til, þeirri uppástungu til stuðnings; enda hef jeg allt af persónulega verið á þeirri skoðun, að prestaköll þau, sem uppbót er ætluð í prestakallalögunum, fengju rjett til hennar jafnótt og þau losnuðu, beint eptir fyrirmælum 5. greinar; en stjórnin hefir verið á öðru máli og fylgt þeirri reglu, að veita eigi uppbótina fyr en brauðið er veitt. Jeg verð þess vegna að vera á því, að prestur sá, sem hjer er um að ræða, hafi rjett til uppbótarinnar; en þar að auki hefir hann og talsverða sanngirniskröfu til að fá hana, því jeg er fullkomlega viss um, að hann hefir eigi haft hag, heldur mikla fremur beðið tjón af því, að þjóna þessu brauði um undanfarin ár, og hann hefði sjálfsagt skorazt undan því, ef tiltök hefðu verið að þjóna því frá öðru brauði en hans; þetta, ásamt því, hvernig árgjaldið af Stað á Reykjanesi er til komið, virðist mjer mæla með því, að deildin sampykki uppbótina, og verði hún nú veitt, þá álít jeg, að þar í liggi einnig viðurkenning þess, að hlutaðeigandi prestur skuli halda uppbótinni framvegis, meðan hann þjónar Gufudalsbrauði.

Að því er snertir þær 1000 kr., sem nefndin stingur upp á, að borgaðar verði hæstarjettarmálfærslumanni Octavíus Hansen fyrir aðstoð í Fensmarksmálinu í þarfir alþingis, þá gefur sú fjárveiting mjer tilefni til að beina þeirri spurningu að h. framsögum. (E. Br.), hvort von sje á fleiri útgjöldum af Fensmarksmálinu, eða hvort þingið hafi af ráðið að hætta við það.

Þá eru framkomin tvö ný breytingaratkvæði frá 2 h. þm.

Að því er snertir breytingartillöguna á þingskj. nr. 268, þá er jeg meðmæltur þeim styrk, sem þar er farið fram á, að veita ekkju alþingismanns Jóns sál. Sigurðssonar; því jeg álít rjett, að þingið sýni einhverja viðurkenning þess, hve vel og röggsamlega þessi maður kom fram í stöðu sinni sem alþingismaður, þar sem hann var einhver meðal hinna helztu þingmanna allan þann langa tíma, sem hann sat á þingi, og sannkallaður forustumaður allra bænda á þingi í sinni tíð.

Og hvað uppástungunni á þingsk. 303 viðvíkur, þá vil jeg einnig mæla með henni; því jeg skoða hana sem nokkurs konar viðurkenning til leiguliðanna á þeim þjóðjörðum, sem þar er um að ræða, fyrir þá miklu atorku og dugnað, sem þeir hafa sýnt í að verja ábúðarjarðir sínar þeim mikla árgangi af Hafursá, sem þær eru undirorpnar á hverju ári. Þessir leiguliðar hafa um mörg undanfarin ár sýnt af sjer mikinn dugnað í þessu tilliti, og hafa einu sinni áður fengið litla viðurkenningu fyrir þann starfa sinn, af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði, og verð jeg því að álíta rjett, að þingið sýni þeim nú einnig viðurkenning fyrir störf þeirra síðan. En aptur á móti skal þess getið, að jeg fæ ekki skilið, að rjett sje að vísa þessari fjárveitingu til 10. gr. C. 4. í fjárlögunum; því eins og fjárveitingin er orðuð, þá get jeg ekki skilið, hvernig landstjórninni væri heimilt að veita þeim styrk, sem ætlaður er til að varna ágangi af Hafursá, af því fje, sem búnaðarfjelögunum er ætlað, þar sem það mundi hafa sjerstaklega háa styrkveitingu til eins búnaðarfjelags, þ. e. í Dyrhólahreppi, í för með sjer, og þannig reka sig á þær reglur, sem fylgt er við fjárúthlutun til þeirra, enda mun það varla hafa verið meining þingsins, að skerða styrkinn til búnaðarfjelaganna með slíkri fjárveitingu.

Árni Jónsson: Mjer er yfir höfuð eigi vel við fjárreiður fram yfir það, sem lögskipað er, nema sjerstakar ástæður mæli með því, eða það á einhvern hátt snerti

sóma þings og þjóðar. Hjer liggur nú það efni fyrir, er jeg hygg að sje þannig vaxið; því jeg vona það sje og verði jafnan talið rjett og sæmilegt og skylt fyrir þjóð vora, að vera þakklátir við þá af sonum sínum, sem á einn eða annan hátt standa öðrum framar, og vinna henni vel og trúlega alla æfi sína.

Jeg vona, að tillaga sú, sem jeg hefi leyft mjer að koma með (C. 327), sje þannig löguð, að hún minni h. þingm. á hinn fyrverandi forseta sinn, forseta þessarar deildar, og á skyldu þeirra og þjóðarinnar við minningu hans. Jeg ætla því það þurfi ekki að leita langt til liðinna tíða, eða leita langt út fyrir þennan sal, að orsökunum til þess, hvaðan það sje runnið, að jeg muni mæla máli flestra fulltrúa, sem hjer sitja, og meginþorra kjósenda þeirra, sem hafa hvatt þá til þings, þá er jeg segi, að það muni vera ósk og vilji, og eigin innri hvöt allra hinna betri manna, að minnast, áður þessu þingi lýkur, á langa, dygga og drengilega þjónustu þess manns, sem um næstliðin 30 ár allajafna, bæði innan þings og utan, var einna fremstur og fyrirmannlegastur í flokki hinna fjölmörgu bænda,— að minnast hans þannig, þegar hann hverfur þinginu og þjóðinni, að það sjeu eigi að eins orðin ein og harmakvein, sem berast yfir fjöll og firnindi, og úr fjarlægum sveitum á meðan hjer:

„er hafið og helgað þing
og hringt er til máls í sölum“

þangað sem:

„hann er til baka borinn í kring,
og byrgður á þegjandi fjölum“

heldur sje því lýst, og það lagt fram á einhvern þann hátt, er sje augljós vottur þess, að hans sje minnzt að meiru og lengur en þann daginn, svo að það sje honum til virðingar og veglegs eptirmælis.

Jeg ímynda mjer jeg þurfi ekki að taka fram um störf hans og stöðu á þessum 16 síðustu þingum, sem hann sat öllum á; jeg þarf ekki að benda á sætið, þar sem hann sat á síðustu þingum, eða á það, að hann varð fyrstur af bændum fyrir þeim sóma, að vera forseti á þingi, og jeg þarf heldur ekki að beina huganum í aðra átt, á heiðina, þar sem hann fjell á þessari síðustu þingreið, fjell svo skjótlega, sviplega, þegar einkis var ótta von. Jeg efast eigi um, að h. þm. minnist þessa alls eins vel og jeg, og um leið og þeir hugsa til hans og hins síðasta þings, þá finni þeir til þess, hversu hjer og heima fyrir er stórt skarð fyrir skildi orðið. Og jeg efast svo eigi heldur um hitt, að þeir finni það skyldu sína, fyrir þjóðarinnar hönd, að láta í ljósi virðingu sína fyrir minningu þessa manns, forseta þessarar deildar á fyrri þingum, sem þannig er á brottu borinn.

Það kunna að vera misskiptar skoðanir um það, hvernig þetta komi bezt fram.

Skaðinn verður ekki bættur, skarðið ekki fyllt, og það eru ekki peningarnir, sem jeg met í þessu efni, hvort þeir eru fleiri eða færri, eða í hvaða formi þeir eru fram lagðir, heldur er það hitt, að það er ekki, eins og hjer stendur á, hægt fyrir þingið að koma á annan hátt fram þeirri virðingu og viðurkenningu, er það mundi vilja sýna minningu þessa manns, þegar hans mikla og margbreytta dagsverki er lokið. En eptir því sem jeg þekkti hann og þekki til, þá held jeg það komi bezt heim, sem þessi tillaga fer fram á. Það mundi verða ekkjunni hans og börnunum kærkomnast; það mundi verða þeim kærkomnara, að fá þennan vott frá þinginu fyrir þeirri virðingu, er það bæri fyrir minningu framliðins föður, heldur en peningarnir sjálfir.

Að endingu þætti mjer æskilegt, og jeg vona, að tillagan verði samþykkt í einu hljóði.

Grímur Thomsen: Jeg stend upp til þess, að mæla með tillögu h. þm. V.-Sk.

(Ól. P.); því að jeg hefi sjálfur farið með honum um það pláss, sem hjer er um að ræða, og hann hefir sýnt mjer, hve háskaleg Hafursá er fyrir þjóðjarðir þær, sem að henni liggja, og jeg hefi sjálfur sjeð, hve miklum skemmdum hún veldur, og jeg hefi líka sjeð, hvað leiguliðarnir hafa gert til að varna ágangi af henni, enda er oss einnig kunnugt af blöðunum, hve miklum skemmdum þessi á veldur, og hve mikið leiguliðarnir leggja í sölurnar til að verjast henni. Jeg verð því að ætla, að það sje skylda landssjóðs að bæta leiguliðunum upp að nokkru þann kostnað og þá fyrirhöfn, sem þeir hafa af að verja jarðir hans, og vil enda með þeirri ósk og von, að h. fjárlaganefnd slaki til í þessu atriði.

Páll Briem: Jeg ætla einungis að geta þess, út af orðum hæstv. landsh. um 5. breytingartillögu nefndarinnar viðvíkjandi Fensmarksmálinu, að, eins og hann veit, þá hefir þingið ekki enn tekið neina endilega ákvörðun í þessu máli, og með því að þessu er þannig varið, þá getur nefndin heldur ekki sagt neitt með vissu um, hvort þessi fjárveiting sje að eins upphaf útgjalda þeirra, er verða kunni af þessu máli, eða að þeim sje hjer með lokið. En þetta eru útgjöld, sem nefndin veit um, og þess vegna hefir hún komið fram með þau. Eins og sjá má af reikningum þeim, sem hlutaðeigandi málafærslumaður hefir gefið, er þessi upphæð beinlínis borgun fyrir unnið verk, sem jeg vona að þingið telji sjer skylt að greiða, og sem jeg ætla að það jafnvel sje skyldugt til að greiða.

Jeg skal svo eigi tala hjer um frekar, heldur einungis geta þess, að hæstv. landsh. mun vonandi, áður þingi lýkur, fá að sjá, hvað það gerir í þessu máli.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Mjer þótti vænt að heyra tillögur hæstv. landsh., sjerstaklega við 4. tölulið, og hann skýrði frá, að það væri sín persónulega sannfæring, að sá prestur, sem þjónað hefir Gufudalsprestakalli, ætti að lögum rjett til þeirrar uppbótar, sem nefndin hefir farið fram á að veita honum.

Um 5. tölul. skal jeg ekki tala, þar sem h. þm. Snæf. (Páll Br.) hefir svarað spurningu hæstv. landshöfðingja þar að lútandi.

En að því er snertir breytingartillöguna á þingsk. nr. 303 um styrkinn til að varna ágangi af Hafursá, þá er mjög óþægilegt fyrir fjárlaganefndina, að láta í ljósi skoðun sína um þetta atriði; jeg fyrir mitt leyti verð að lýsa því yfir, að jeg hafði eigi hugmynd um, að þessu væri svo varið, sem h. flutningsm. tillögunnar (Ól. P.) hefir sýnt fram á, að hjer væri um það verk að ræða, sem þegar væri búið að vinna, enda var ekki hægt að sjá það af breytingartillögunni. Þar sem jeg benti til þess, að hlutaðeigendur gætu snúið sjer til búnaðarfjelaganna, þá var það einungis sakir ókunnugleika á því; því hitt var aldrei meining mín, að veita búnaðarfjelögunum styrk til að borga þau verk, sem áður væri búið að vinna

Fjárlaganefndin getur því sem slík enga hugmynd haft um þetta mál að sinni, en mun taka það til greina áður en frumv. kemur til 3. umr.

Ólafur Briem: Því hefir verið haldið fast fram hjer við umræðurnar, viðvíkjandi uppbótinni til prestsins að Hólmum, að hann ætti lagatilkall til þessarar uppbótar; en jeg get reyndar ekki sjeð, að sá rjettur sje svo skýlaus, sem sumir vilja láta hann vera, og þar sem h. 1. þm G.-K. (Þór. B.) sagði, að það hefði verið meiningin, þegar lögin um utanþjóðkirkjumenn voru samin, að prestar skyldu einskis í missa, þá get jeg ekki skilið að svo sje, þar sem það er ekki beinlínis tekið fram í lögunum, því það er vandi að taka slíkt fram með berum orðum. Þegar svo er ástatt, að lög eru samin, er skerða tekjur einhverra embættismanna, og ekki

er svo til ætlazt, að þau hafi áhrif á þær. Nefndin kallar þetta reyndar sjerstök lög, en mjer virðast þau vera almenn og ná til allra brauða í landinu, og um þess konar almenn lög, sem hafa áhrif á tekjur presta, veit jeg dæmi til, að slík uppbót hefir eigi átt sjer stað. Þannig má tilgreina tíundarlögin, sem höfðu áhrif á tekjur allra presta á landinu, og sömuleiðis lögin um lækkun á jarðamatinu, sem einnig hafa áhrif á tekjur presta. En að því er sanngirnina snertir, þá er bæði mjög mikið álitamál, hvort veruleg sanngirni mælir með þessari uppbót, og ef svo er, þá virðist mjer, að það dragi þó talsvert úr henni, að hjer er um eitt af beztu brauðum landsins að ræða. Það hefir einnig verið tekið fram viðvíkjandi Gufudalsprestakalli, að hjer væri um hreina og beina lagaskyldu að ræða, og á það verið lögð talsverð áherzla; en mjer virðist, að þar sem ráðgjafinn leggur þann skilning í lögin, að uppbótin eigi byrji fyr en brauðið er veitt, þá sje eigi ástæða til fyrir þingið að leggja annan skilning í þau. Menn hafa einnig komið fram með ýmsar ástæður fyrir þessari fjárveitingu, svo sem að árgjaldið af Stað væri of hátt; en bæði er það, að hlutaðeigandi prestur vissi vel, að hverju hann gekk, þegar hann sótti um brauðið, og svo er það atriði þessu algjörlega óskylt mál; en hvað því viðvíkur, að litlu hafi munað, hvort uppbót þessi yrði löglega veitt eða eigi, sem sje það atvik, að brauðið hefði einu sinni verið veitt og losnað aptur, þá má segja hið sama um allar veitingar, að það getur lítið atvik ráðið úrslitum þeirra. En þar sem verið er að tala um, hve miklum erfiðleikum það sje bundið fyrir prestinn, að þjóna þessu brauði, þá virðist mjer einnig hefði verið ástæða til að upplýsa menn um, hve rækileg þessi þjónusta hefði verið, og hvort erfiðleikarnir eigi hefðu haft þá verkun, að presturinn ekki hefði sinnt þessu brauði eins mikið og við hefði mátt búast. Mjer virðist þannig, að sanngirniskröfunni hefði verið fullnægt með því, að láta uppbótina einungis ná til prestsþjónustunnar hjer á eptir; en hitt finnst mjer ekki rjett, að fara að borga út mikla fjárupphæð fyrir mörg undanfarin ár, og vil jeg í því tilliti benda til orða h. þm. Borgf. (Gr. Th.) í gær, að þingmönnum stæði nær að fara í sinn eiginn vasa til að borga það fje, sem gæti verið álitamál, hvort rjett væri að gjalda eður eigi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að minnast með nokkrum orðum á viðaukatill. nefndarinnar við frv.

Viðvíkjandi því, að þessar 84 kr. sjeu veittar ljósmóður Þorbjörgu Sveinsdóttur, þá er jeg með því, að hún fái þær; það er sanngjarnt, þó að það sje ekki fullkomin lagarjettindi; hún á það skilið, enda er hjer um lítilfjörlega upphæð að ræða.

Viðvíkjandi 4. tölulið, þá get jeg eigi verið nefndinni samdóma um uppbótina til prestsins á Stað, sem hefir þjónað Gufudalsprestakalli. Það er eðlilegt, þó hjer sjeu deildar skoðanir hjá okkur þm. um þetta, þegar ráðgjafinn og landsh.skilja 5. gr. í prestakallalögunum sinn á hvorn veg. Ráðgjafinn skilur svo, að þegar búið er að veita brauðið, þá komi uppbótin fyrst til útborgunar, og álít jeg það rjett. Það getur ekki hafa verið meiningin, þegar lög þessi voru samin, að uppbótin væri miðuð við selstöðuþjónustu. Presturinn getur ekki fullnægt þjónustu brauðsins, nema sem partur úr presti, og er ekki rjett, að hann hafi fullar tekjur fyrir part úr prestsþjónustu. Presturinn á nú að messa 3. hvern sunnudag; en svo getur farið, og svo mun það hafa gengið, að það verði ekki nema 6. og 9. o. s. frv. Það er langur vegur, 8 mílur landveg, og stundum ófært svo mánuðum skiptir á

vetrum bæði á sjó og landi; það er ætíð hart og óeðlilegt, að allar preststekjurnar gangi burt úr prestakallinu fyrir þá prestsþjónustu, sem alls ekki í neinu tilliti getur fullnægt krófum og rjetti safnaðanna og skyldu þjóðkirkjunnar við söfnuðinn.

Það getur ekki verið meiningin, að bæta brauðin upp fyrir aðkomuprest. Það er líka varúðarvert að slá þessu föstu; það getur haft afleiðingar framvegis, og mjer finnst nokkuð viðurhlutamikið fyrir mig að samþykkja þetta; það getur haft áhrif á önnur mál. Þó presturinn verði að láta árgjaldið, þá er það allt annað mál, og getur ekki komið til greina nú; því hjer er um allt annað mál að ræða, og sem því ekki kemur þessu við.

Ástandið í Gufudalsprestakalli er svo ljelegt, að enginn prestur fæst þangað, og þetta er prestunum, sem verið hafa í Gufudal, og yfirumsjónarleysi þeirra að kenna.

Þórarinn Böðvarsson: Við 1. umr. þessa máls gekk jeg fram hjá 2. tölulið; jeg áleit engin meðmæli þurfa, þegar um slíkt lítilræði var að ræða, og að það mundi verða samþykkt umræðulaust.

En um 3. tölulið er ekki því sama að fagna; h. varaforseti (Ó. Briem) hafði þar margt að tala um.

Jeg sagði, að þegar lögin um utanþjóðkirkjumenn voru samin, þá hefði verið komið með tillögu um það, hvernig bæta skyldi tekjuhallann, sem af því leiddi, að söfnuður tæki sig út úr og gengi úr þjóðkirkjunni.

Eptir mínum skilningi er ekki verið að koma þessu inn í lögin, heldur er það afleiðing af lögunum, því það er algengt að bæta upp tekjumissi.

Þar sem h. varaforseti (Ól. Briem.) talar um uppbótina til prestsins á Stað, er þjónað hefir Gufudalsprestakalli, þá vona jeg, að orð hans ekki snúi huga þingmanna, eða verði til þess að leiða veika í freistni. Hann talaði mest um, að sanngirni mælti með þessu, en jeg legg mesta áherzlu á rjettinn. Það er rjettarkrafa á þessum 1000 kr.; þessar 200 kr. ári, sem ekki eru greiddar, eru rjettar tekjur prestakallsins.

H. 1. þm. Árn. (Þ. Guðm.) vildi ekkert veita þeim, sem þjónar brauðinu. Orðin í lögunum eru skýr um þetta atriði, að þegar brauð losna, sem uppbót er ætluð, þá veitist hún þeim, sem þjónar brauðinu.

Gufudalur hefir nú verið laus í 7 ár.

Þar sem hann talar um niðurlæging, þá er hún ómótmælanleg, en hún er ástæðunum að kenna; mjer skildist svo sem hann meinti, að sá, sem væri í brauðinu, þyrfti fremur viðbótina en hinn, sem þjónar því annarstaðar að. Jeg skil það ekki, að sá, sem þjónar Gufudal, í harðindaplássi, frá öðru prestakalli, og fer á mis við þau hlunnindi, sem prestssetrinu fylgja, eigi ekki tilkall til þeirrar uppbótar, sem brauðinu er ætluð. Jeg veit með vissu, að sá þjónandi prestur hefir sárlega lítið fengið fyrir þau aðalgæði brauðsins, sem hann hefir orðið að vera án.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að deildin snúi sjer ekki, en samþykki þetta.

Jón Þórarinsson: H. þm. Snæf. (Páll Br.) svaraði hæstv. landsh., og ljet í veðri vaka, að það stæði eitthvað stórt til enn í Fensmarksmálinu.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg greiði atkvæði með því atriði í fjáraukalögunum, sem þar að lýtur, í þeirri von, að það verði seinasti dilkurinn, sem það mál dregur eptir sig.

Gunnar Halldórsson: Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gera við 4. lið.

H. fjárlaganefnd hefir fundið ástæðu til, eins og nefndarálitið ber með sjer, að taka til greina bænarskrá frá prestinum á Stað á Reykjanesi, þar sem hann fer því fram, að ef hann ekki fái uppgjöf á árgjaldinu af Staðarprestakalli, að honum

þá verði veittar 1000 kr., sem eptir prestakallalögunum 27. febr. 1880 voru lagðar Gufudalsprestakalli. Það er 200 kr. fyrir hvort ár af 5, sem nefndur prestur hefir þjónað Gufudalsprestakalli.

Það er sannast að segja, að mjer getur ekki annað fundizt en að prestakallalögin sjeu vandræðagripur!

Jeg hafði nefnilega skilið svo, að þegar prestakallalögin voru samin, þá væri prestaköllunum svoleiðis niðurskipað, að þau með uppbótinni ættu að geta borið sig sem sjerstakt brauð. En eptir því sem nú er að heyra á ræðum sumra hinna h. deildarmanna, þá skilja þeir nefnd lög svo, að brauðin eða sá prestur, sem þjónar þeim frá öðrum, jafnvel góðum brauðum, eigi ekki einungis heimtingu á að fá allar fastar og lausar tekjur brauðanna, heldur einnig líka uppbótina úr landssjóði. Þessu get jeg ekki verið samþykkur, og held, að þá væri rjettara að sameina brauðin algjörlega. Það flýtir heldur ekki fyrir að fá prest til brauðsins, þessi tilhögun, sem jeg þó verð að álíta að væri nauðsynlegt, og hefði þess vegna heldur getað verið með, að þeim presti, sem hefði fengizt til að taka brauðið, hefði verið tilstaðin einhver upphæð af hinni eðlilega eptir mínum skilningi óeyddu uppbót á Gufudal. Helztu ástæður nefndarinnar fyrir þessari fjárveitingu eru það, að prestsþjónustan sje svo erfið. Fyrst hún er það, þá býst jeg við að hún verði að vera tiltölulega minni, og að þess vegna mætti nægja sem borgun fyrir hana allar fastar og lausar tekjur brauðsins, að frádregnu tillaginu úr landssjóði.

Það, að presturinn hafi orðið að fara á mis við allt eptirgjald af prestssetrinu Gufudal, tel jeg eigi með kostum prestsins. Jeg held það sje ekki vel á haldið, ef að búið er að fara svo með Gufudal, að hann verði ekki byggður fyrir neitt eptirgjald, og mjer dettur í hug að fara að taka að mjer Gufudalinn, ef jeg fengi hann fyrir ekkert eða mjög lítið eptirgjald; þar hefir þó ekki alls fyrir löngu verið allvel búið, og jörðin talin heldur í betra lagi, og jeg skil ekki í h. Nd., ef hún fer að samþykkja þessa uppbót.

Ólafur Briem: H. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) álítur, að það sje skýlaus lagaheimild til að borga prestinum, sem hefir þjónað Gufudalsprestakalli, þessa uppbót. Af þessum skilningi leiðir, að þetta verða almennar veitingar, en ekki sjerstök uppbót, og þegar líkt stendur á, þá koma menn fram með sömu kröfu. Fardagaárið 1883 84 var Gufudal þjónað af öðrum, og væri þá eins lagaskylda til að borga uppbótina fyrir það ár, eins og þessi 5 ár, sem síðan eru liðin. Þar sem nú þetta er svo óljóst, og sumir álíta það lagaskyldu, en sumir sanngirniskröfu, að borga uppbótina, þá álít jeg það væri einfaldast og rjettast, að láta dómstólana skera úr þessu.

Ólafur Pálsson: Jeg er hæstv. landshöfðinga þakklátur fyrir það, hversu vel hann tók undir breyt.till. mína. Jeg gleymdi að taka það fram, að jeg ætlaði að leggja fram á lestrarsalinn skýrslu um skoðunargjörð, sem gerð var 1888.

Árið 1883 voru veittar 2500 kr. með því móti, að ábúendurnir skyldu leggja til helminginn, en þeir þorðu ekki að gangast undir það, því búfræðingar gerðu áætlun um verkið og var það miklu meira fje en 5000 kr.

Þeir sem þekkja jökulvötn þekkja að það er ómögulegt, að girða fyrir á á þessu breiða svæði, til að vera viss um að dugi. Þó nú sjeu taldar til þessar 300 kr., sem veittar voru 1887, og þó nú væri veitt 400 kr., þá er það ekki sama sem hitt.

Þá er jörðin Steig, sem ekki er umboðsjörð, og sem jeg vil taka til dæmis, að ábúendurnir hafi fengið mikla linun hjá

sínum húsbændum. Þar á ofan eru ábúendurnir á þjóðjörðunum flestir fátækir, og urðu að fá sjer mannhjálp úr sveitinni, og búnir sjálfir að borga sumum.

Jeg vona að h. þingdeild ekki felli breyt.till., enda mun jeg koma með breytingartillögu til 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg sannfærist betur og betur um það af umræðunum, að það getur verið efasamt, hvort það sje lagaskylda, að borga prestinum á Stað þessa uppbót. Það getur ekki verið meiningin í 5. gr. prestakallalaganna, að það standi á sama, hvort það sje enginn prestur, eða annar prestur, sem þjónar einungis af nafninu til. Prestþjónustan getur aldrei verið jafngóð, þegar presturinn á heima í öðru prestakalli. Mjer heyrðist, að h. 1. þm. G.-Kjós. (Þór. Böðv.), sem allt af vill styðja prestana, sem eðlilegt er, virðist skilja málið svo, að fremur ætti að borga vegna fjarlægðarinnar. Jeg held samt, að hvorugur okkar, ef við ættum fjárgeymslumann, sem kæmi til hjarðarinnar 6. eða 7. hvern dag, eða þá sjaldnar, og væri búsettur í margra mílna fjarlægð, vildum borga honum eins mikið og ef hann væri hjá hjörðinni á hverjum degi.

Jeg verð að álíta, að sóknin eigi heimtingu á að fá sjerstakan prest, og söfnuðurinn þurfi og eigi heimtingu á að fá prest fyrir sig, til þess að sjá um barnauppfræðingu og annað þess konar, svo að ekki sje verið að borga fje úr landssjóði fyrir það, sem er einskisvert og aldrei er unnið fyrir, og það er skylda löggjafarvaldsins að taka í taumana og halda í þá svo vel sje.

Sigurður Stefánsson: Það hafa komið fram ýmsar skoðanir um það, hvort þessi uppbót væri rjettarkrafa eða sanngirniskrafa. Frá mínu sjónarmiði er það rjettarkrafa. Það hefir verið algild regla, ekki einungis um hinar föstu tekjur, heldur einnig um uppbætur, að prestur sá er þjónaði hlutaðeigandi prestakalli, fengi þær.

Þar sem því svo stendur á, að brauð hefir losnað, þá fær sá prestur, sem þjónar, uppbótina; prestakallinu ber eptir mínum skilningi á 5. gr. prestakallalaganna uppbótin frá því augnabliki, að það losnar. Það styrkir þessa skoðun mína, sem hæstv. landshöfðingi sagði; hann skilur þetta öðruvísi en ráðgjafinn. Þótt ráðgjafinn kunni að hafa skilið þessi ákvæði laganna öðruvísi, þá er það kunnugt, að hann er ekki lengi að breyta skoðun sinni eða skilningi á prestakallalögunum; hann beygði sig í hitt eð fyrra fyrir skilningi landshöfðingja á 4. gr. prestakallalaganna, þótt hann áður hefði skilið hana allt öðruvísi. Jeg ætla þá að halda mjer við skilning landshöfðingja, að þessu sinni, en legg skilning ráðgjafans á hylluna.

ATKVÆÐAGR.: 2. breyt.till. nefnd. (C. 289) samþ. með 20 atkv.; 3. breyt.-till. nefnd. samþ., fyrri liður málsgreinar án atkvgr., síðari atriðið með 19 atkv. 4. breyt.till. nefnd. felld með 10 atkv. gegn 10, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Eiríkur Briem	Árni Jónsson
Grímur Thomsen	Gunnar Halldórsson
Jón Jóns. þm. N.-M.	Jón Jóns. þm. N.-Þ.
Jónas Jónassen	Ólafur Briem
Páll Briem	Ólafur Pálsson
Sigurður Stefánsson	Sveinn Eiríksson
Þórarinn Böðvarsson	Þorlákur Guðmundss.
Þorleifur Jónsson	Þorvaldur Bjarnarson.
Þorsteinn Jónsson	Þorvarður Kjerúlf

2. þm. K.-G. (J. Þór.) greiddi eigi atkvæði.

Frumvarpsgreinin (C. 62) með áorðinni breyt. samþ. með 15 atkv.

5. breyt.till. nefnd. (C. 289) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. Árna Jónssonar (C. 327) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. Ólafs Pálssonar (C. 263) felld með 11 atkv. gegn 8.

1. breyt.till. nefnd. (C. 289) samþ. með 18 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum (C. 245, 321); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg álít, að jeg hafi fátt um nefndarálitið að tala að þessu sinni, þar sem þetta er framhald 1. umr. Jeg skal að eins stuttlega geta þess, að nefndin hafði þann tilgang, að fara sem vægilegast með frv., og gekk jafnvel fyrir þá sök fram hjá einstökum atriðum, sem hún þó hafði tilhneigingu til að breyta, að orðfæri, en ekki að efni. Aðalætlunarverk nefndarinnar hefir verið að orða 3. gr. öðruvísi en hún var í frv., en lítið hefir hún breytt efni greinarinnar. Hin eina verulega efnisbreyting, sem nefndin hefir gert, er, að hún hefir lagt til, að úr 4. gr. falli orðin: «Er hún hefir ráðstafað eptir sinn dag», því henni fannst ekki nauðsynlegt, að þau stæðu þar. Skal jeg svo ekki fara frekara út í málið, meðan jeg heyri ekki mótmæli gegn því.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur h. nefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið í mál þetta, og að hún hefir ekki gjört neinar efnisbreytingar frá því, sem var í stjórnarfrumv., heldur fært frv. Ed. til baka í það horf, sem stjórnarfrumv. var í.

En það er einungis eitt atriði, sem jeg skal leyfa mjer að benda á, og það er, hvort ekki mundi heppilegra, að fella burt 3. málsgrein í 4. gr. frv. Hingað til hefir það verið álitið rjett, að lofa móður óskilgetins barns að hafa það hjá sjer, eins eptir 7 ára aldurinn sem fyrir hann, en leyfa ekki föðurnum að taka það til sín, ef það er móti vilja móðurinnar, enda sýnist þessi rjettur móðurinnar næsta eðlilegur. Mjer virðist rjettara, að fara í þessu eptir ákvæðum stjórnarfrv. Menn vita það um þessa svo kölluðu feður óskilgetinna barna, að það er alls ekki sannað, að þeir sjeu svo í raun og veru, en þeim, sem barn er kennt og synjar ekki fyrir faðernið með eiði, leggst að eins á herðar skyldan, að greiða meðlag með barninu, en þeirri skyldu fylgir eigi föðurrjetturinn, að ala barnið upp.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg lýsi því yfir fyrir mína hönd, og jeg held mjer sje óhætt að segja, fyrir hönd allrar nefndar, að vjer munum fúsir að taka bendingar hæstv. landsh. til íhugunar að nýju. Nefndin hefir þegar íhugað þetta atriði, sem hæstv. landsh. benti á, en komst þó til þeirrar niðurstöðu, að láta frv. þar óbreytt, mest af því, að hún vildi sem allra minnst hagga frv. efri deildar; nefndinni þóttu lögin mjög góð, en veit, að í efri deild eru hnífar beittir, ef h. deild sinnast, og hjelt nefndin, að einhver mundi sá vera í efri deild, sem legði áherzlu á þetta atriði. Jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að frv. sje eins gott, þótt því sje breytt; þó get jeg að svo stöddu ekki lofað, að nefndin gjöri þessa breyting. Það, sem kom nefndinni til að halda ákvæðinu, var það, að hún sá það, að fyrir gæti komið ræktarsamur faðir, er vildi veita barni sínu betra uppeldi, en það ætti kost á hjá móðurinni, og þá vildi hún ekki gjöra honum það ómögulegt, og spilla fyrir barninu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er á skoðun hæstv. landsh., að rjett sje að fella burt ákvæðið í 4. gr. um rjett föðurins til að taka barn sitt, þegar það er orðið 7 ára.

Að vísu getur það komið fyrir, eins og h. framsögumaður (Þ. Böðv.) sagði, að ræktarsamur faðir vilji taka barn sitt, til þess að veita því betra uppeldi en það mundi fá hjá móðurinni. En ef honum er þröngvað til að meðganga barnið og

greiða forlagseyri með því, þá eru lítil líkindi til, að hann muni taka það af ræktarsemi og til þess að veita því betra uppeldi en móðirin, heldur einmitt til að þurfa minna til þess að kosta.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal leyfa mjer að bæta því við það, sem jeg sagði áðan, að ef hæstv. landsh. er svo umhugað um, að breyting sú fái framgang, er hann hefir talað um, að hann muni ekki að öðrum kosti mæla fram með frv. við stjórnina, þá mun jeg fús, að mínu leyti, að fallast á hana.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að mjer dettur ekki í hug, að leggja það kapp á þetta atriði, að jeg muni fyrir þá sök ekki mæla með staðfesting frv., ef það verður samþykkt af þinginu óbreytt eins og það er nú. Jeg tók þetta að eins fram til þess, að vekja athygli nefndarinnar á því, en ekki af því, að jeg álíti það nokkurn stórgalla á frv., eða frv. óaðgengilegt fyrir það.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum (C. 324); 1. umr.

Landshöfðingi: Frumvarp í líka stefnu og þetta hefir áður verið fyrir hjer á þinginu; var það þá samþykkt í neðri deild með miklum atkvæðamun, en efri deild felldi það. Stjórninni fannst nauðsynlegt, að taka það upp aptur, en þó nokkuð ýtarlegra en hið fyrra frv. var. Nú hefir þetta frv. verið rætt og samþykkt í efri deild, og þar bætt því inn í, að það skyldi ekki að eins ná til hinna löggiltu kauptúna, heldur og til kauptaðanna Ísafjarðar og Akureyrar, því að þar stendur svo á, að einstakir menn eiga meiri lóðir en þeir þurfa til þess að reka atvinnu sína; en hjer í Reykjavík er öðru máli að gegna, þar sem bærinn á mestallar lóðirnar. Önnur breyting, sem h. efri deild gjörði, var sú, að ekki megi leggja þá kvöð á lóðir, að ekki megi brúka þær til verzlunar, og er sú ákvörðun sprottin af því, að kaupmenn hafa opt viljað bola öðrum frá samkeppni við sig, eptir því sem þeir hafa getað; hafa þeir því keypt hús og lóðir í verzlunarstöðum, og selt aptur með því skilyrði, að eigi mætti nota þær til verzlunar. Þetta þótti deildinni óeðlileg höpt, sem hún vildi koma í veg fyrir, að á menn væru lögð. Líka hefir verið bætt inn í frv. ýtarlegri og skýrari ákvæðum um forrjettindi þeirra, er skipsfestar eiga í löggiltum kauptúnum, til að nota þær fram yfir aðra. Að öðru leyti er stjórnarfrv. óbreytt að öðru en orðfæri.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg álít að stjórnin hafi gert vel, að koma með frv. þetta, og er henni þakklátur fyrir það. Jeg álít, að í því felist allmikil rjettarbót. Það er kunnugt, að eigi sjaldan hafa hafizt deilur og jafnvel málaferli, af því, að ákvæði hefir vantað um þetta efni, og að af því hefir hlotizt tjón og atvinnumissir. Á þessu vona jeg að verði endir, ef frv. þetta verður samþykkt á þingi og staðfest af stjórninni.

H. efri deild hefir að vísu breytt frv. dálítið, en þær breytingar fara flestar í sömu átt sem frv. stjórnarinnar, og miða að eins til þess að gera frv. fullkomnara; það er að eins eitt atriði, sem mjer hefði þótt mega betur fara, ef því hefði verið öðruvísi skipað. Í frv. er ákveðið, að lögreglustjóri skuli kveðja með sjer 2 kunnuga og óvilhalla menn til að taka til með þeim lóð þá, sem um er beðið í hvert skipti. Jeg álít þetta að vísu ekki óhafandi fyrirmæli, en betur þætti mjer þó fara, að fastir menn væru teknir til þessa starfa, t. d. hreppstjóri og úttektarmenn með honum. Þó dettur mjer ekki í hug að koma með breyting í þessa stefnu til 2. umr., því að mjer þykir þetta ekki svo mikilsvert, að jeg vilji tefja fyrir málinu

eða eyða því fyrir þessa sök; þvert á móti legg jeg það til, að það fái sem greiðastan framgang hjer í deild óbreytt, svo að trygging sje fyrir því, að það komist gegn um þingið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 346, 372); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Eins og h. þingdm. sjá, hefir nefndin lagt til, að breyting yrði gjörð á frv. því, sem hjer ræðir um.

Oss er það kunnugt, að mjög mörgum hjer í deild líkaði ekki frv., eins og það var, þegar það kom frá h. Ed. En af því af nefndin áleit það þó mjög gott, að fá lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, þá hefir nefndin komið með þessar breyt.till. (C. 372) til þess að málið fái framgang hjer í deild.

Jeg skal ekki að þessu sinni fara út í, í hverju breytingarnar eru fólgnar, en óska að eins, að málið fái að ganga til 2. umræðu.

Landshöfðingi: Af því þetta er frh. 1. umræðu, skal jeg ekki fara nákvæmlega út í breytingar h. nefndar, en skal þó geta þess, að mjer þykja þær ekki aðgengilegar. Mjer virðist það ekki eiga vel við eða vera tryggilegt, að borgarafundur skuli með atkvæðagreiðslu eiga að gera út um, hverjar reglur skuli settar til að tryggja reglusemi og velsæmi, hreinlæti og gott heilbrigðisástand í bænum. Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að ef þessar breytingar nefndarinnar eru nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að frv. komist gegn um h. deild, þá mun eins mikil vissa fyrir því, að þótt það verði samþykkt þannig breytt af þinginu, þá mun það ekki verða að lögum.

Stjórninni er ekkert kappsmál að fá lagaheimild fyrir, að semja megi lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, og jeg vil ekki heldur fullyrða, að mjög bráð nauðsyn sje á slíkum ákvæðum; en bæjarstjórnin í Reykjavík hefir óskað eptir, að gerð yrði lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðinn, og verður hún þá að fara á mis við það, ef málið ræðst eins og nefndin leggur til.

Framsögumaður (Páll Briem): Nefndinni er það ekki sjerlegt kappsmál, að breytingar hennar verði samþykktar, en hins vegar skal jeg geta þess, að ef þær fá ekki framgang, þá eru lítil líkindi til, að málið komist gegn um deildina. En fyrst nú einu sinni hefir verið farið fram á að fá rjett til að gera lögreglusamþykktir, þá sýnist mjer þó rjettara fyrir deildina, að gera það sem henni sýnist rjettast í því efni, en fella málið með öllu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frv. til viðaukalaga um tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (C. 282); 1. umr.

Páll Briem: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, miðar til þess að vernda og tryggja mjög þýðingarmikinn atvinnuveg á Íslandi. Jeg vildi óska að það fengi framgang, en vil ekki lengja umræður um það í dag, því að jeg tel víst, að öllum, sem í þessari deild sitja, sje það ljóst, að hjer er um þýðingarmikið mál að ræða.

Landshöfðingi: Jeg er samþykkur h. þm. Snæf. (P. Br.), að frv. þetta, eða áð minnsta kosti flest í því, sje mjög nauðsynlegt, og muni verða til mikils gagns þeim atvinnuvegi, sem það á að vernda. En þó er eitt atriði, sem fyr hefir komið til umræðu hjer á þingi og ágreiningur orðið um, og sem jeg get ekki fellt mig við; það er eggjasölubannið. Auðvitað er það, að þar sem líkindi eru til, að varp geti blómgazt, þar er áríðandi, að eggjunum sje hlíft; en þar sem ekki er útlit fyrir, að reglulegt æðarvarp geti komizt á,

þar er hart að banna mönnum að taka nokkurt egg til þess að selja það, enda mun verða erfitt að framfylgja því banni, að enginn megi selja eða kaupa æðaregg, og er næsta hætt við, að farið yrði í kring um það.

Sigurður Stefánsson: Jeg er því samdóma, að betri lög þurfi um friðun æðarfugla en nú eru, en þó get jeg ekki verið samdóma öllu í þessu frv. Jeg er á sama máli og hæstv. lands. um eggjatökuna; einnig get jeg ekki fallizt á það, að enginn megi hirða eða hagnýta dauða æðarfugla. Það er hart, að mega ekki hirða svo mikið sem fiður af dauðum æðarfugli. Eins og kunnugir menn vita, deyr opt ekki svo lítið af æðarfuglum í varplöndum, og þá er það hart, að þurfa að láta þá liggja með öllu óhirta. Þá held jeg að það sje illmögulegt að sjá um, að því ákvæði verði fylgt, að egg verði ekki seld; slíkt verða menn að eiga undir varpeigendum sjálfum, og því, að þeir hafi vit á, að gæta svo eigin hagsmuna, að þeir reiti ekki varplöndin um of af eggjum. Jeg held að menn eigi ofur hægt með að láta egg burtu eptir sem áður; þeir þurfa ekki annað en segjast gefa þau, þótt þeir í raun og veru selji þau. En þó sýnist mjer ákvæðið um sektirnar fyrir æðarfugladráp svo mikilsvert, að jeg vil gjarna að það fái framgang.

Páll Briem: Jeg er samdóma hæstv. landsh. og h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að því er æðareggin snertir, en aptur á móti er jeg á öðru máli en h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að því er snertir hagnýting dauðra æðarfugla. Slíkt er svo lítilvægt, að ekki sýnist ástæða til að gefa mönnum leyfi til þess; því að það er aðalatriðið, þegar um það er að ræða, að hindra dráp æðarfugla, að banna mönnum að hagnýta sjer þá dauða. Það er illmögulegt að festa hendur á æðarfuglabönum, þó þeir gangi með fulla poka af æðarfuglum; þeir geta sagt, að þeir hafi fundið þá dauða, en ekki drepið þá. Það er líka að því leyti mjög þýðingarlítið að gefa mönnum leyfi til að hirða dauða æðarfugla, að það kemur sjaldan fyrir, að það hittist nokkuð að mun af þeim.

Sigurður Stefánsson: Ákvæðin í frv. reka sig dálítið óþægilega á, þegar betur er athugað. Eptir frv. má uppljóstrarmaðurinn alls ekki hirða æðarfugl, en þó getur það opt verið allsendis nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hann geti komið því upp, að fuglinn hafi verið drepinn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frv. til laga um lögaldur (C. 327); ein umr.

Páll Briem: Frumv. þetta hefir áður verið hjer fyrir í deildinni, og samþykkt með 18 samhljóða atkvæðum. Í h. Ed. hefir það ekki tekið neinum efnisbreytingum, heldur að eins nokkrum orðabreytingum, sem eru til bóta. Vona jeg þess vegna, að frv. verði nú samþykkt aptur hjer í deildinni engu síður en áður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis (C. 364); ein umr.

Páll Briem: Það er sama að segja um þetta frumv. og frumv. það, sem samþykkt var nú síðast. Það hefir verið lagfært dálítið í h. Ed., og þar sem það var samþykkt áður hjer í deildinni, þá vona jeg að það nái einnig nú samþykki h. þingdeildar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt með 18 samhlj. atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 364); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að mjer virtist frv. þetta að ýmsu leyti viðsjárvert. Þegar 2. umr. fór fram, var jeg ekki viðlátinn að vera hjer inni í deildinni. Vil jeg þess vegna leyfa mjer að bæta því við það, sem jeg hefi áður sagt, að mjer virðist viðsjárvert að gefa út lög, sem er erfitt, ef ekki ómögulegt, að framfylgja. Ef þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi mjög erfitt að framfylgja þeim. En það er ekki til annars en að rýra virðinguna fyrir lögunum, þegar ekki er hægt að girða fyrir, að farið verði í kring um þau; eða þau verða þýðingarlítil í framkvæmdinni. Jeg skal líka taka það fram, að frumv. þetta leggur óeðlilegt bann og höft á kaupmenn, þar sem þeim er ekki leyft að velja sjer bústað þar, sem þeim þykir hentugast. Og ef það er satt, sem kaupmenn almennt segja, að það sje heppilegt fyrir atvinnu þeirra að þeir hafi bústað sinn erlendis, hvort heldur þeir eru íslenzkir eða útlendir, með því þeir geti miklu fremur komizt að góðum kaupum, ef þeir eru búsettir erlendis, þá hlýtur þessi hagnaður að koma fram í verzluninni og viðskiptum þeirra við landsmenn; þeir hljóta þá að geta gefið meira fyrir íslenzka vöru og selt útlenda vöru vægara verði, en þeir, sem búa í landinu sjálfu. Jeg verð þess vegna að álíta, að frumv. þetta sje ekki vel til þess fallið, að verða samþykkt af þinginu, og ekki hægt að breyta með lagaákvæðum einum því fyrirkomulagi, sem staðið hefir í 100 ár. Til þess að fyrirkomulaginu verði breytt þarf allur hugsunarháttur manna að breytast.

Flutningsmaður (*Sigurður Stefánsson*): Hæstv. landshöfðingi sagði, að lög eins og þau, sem hjer er farið fram á, mundu verða erfið í framkvæmdinni. Jeg held ekki að þessi lög yrðu fremur erfið í framkvæmdinni nú en áður. Jeg held ekki að risið hafi nokkru sinni ágreiningur út af búsetuskilyrðinu. Þetta frumv. raskar heldur ekki í neinu rjettindum þeirra, sem nú eru búsettir erlendis, en reka verzlun hjer á landi. Hinsvegar álít jeg fulla ástæðu fyrir þingið, að reyna að gjöra eitthvað til þess, að mest af verzlunararðinum lendi í landinu sjálfu, einkum þegar menn sjá, að þeir, sem búsettir eru hjer á landi, reka eins góða verzlun og þeir, sem búsettir eru erlendis. Það er satt, það væri viðsjárvert að banna kaupmönnum að vera búsettir erlendis, ef hagur væri að því fyrir viðskiptamenn þeirra hjer á landi. En það er fjarri því að svo sje, að hagurinn við búsetuna erlendis komi fram í verzluninni. Það mun fremur vera í orði en á borði, að verzlun þeirra, sem búsettir eru erlendis, sje hagkvæmari fyrir landsmenn, en verzlun hinna, sem hjer eru búsettir. Það er auðvitað gott fyrir kaupmenn að geta komizt að góðum kaupum. En verzlunin er ekki betri fyrir landsmenn, ef hagur kaupmanna kemur ekki fram í viðskiptum við þá. Þeim arði, sem kaupmenn hafa af því, að þeir komast að góðum kjörum, munu þeir optast stinga í sinn eiginn vasa, og hvaða hagur er þá að því fyrir landsmenn? Annars sje jeg ekkert það í þessu frumv., sem leggi bönd á frelsi kaupmanna. Hinir uppbyggilegustu kaupmenn og beztu borgarar landsins eru og hafa verið búsettir í landinu sjálfu. Að hugsunarhátturinn þurfi að breytast til þess að frumv. eins og þetta geti orðið að lögum, fæ jeg ekki skilið, nema ef vera skyldi hugsunarháttur kaupmanna sjálfra. Hvað það snertir, að kaupmenn geti farið í kringum lögin, þá get jeg ekki vel skilið það, nema þeir afsali sjer öllum eignarrjetti yfir verzluninni í hendur faktorunum. En kaup-

menn munu varla leggja út í það, þar sem þeir gætu átt það á hættu, að faktorarnir tæki frá þeim verzlunina, segðu einn góðan veðurdag, að þeir ættu allt saman.

Að öðru leyti veit jeg að mál þetta hefir ekki átt upp á háborðið hjá h. stjórn, enda munu kaupmenn, sem búsettir eru í Kaupmannahöfn, hafa eins mikið að segja hjá dönsku stjórninni eins og löggjafarþing Íslendinga.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 : 1 atkv., og sent til forseta Ed.

Frumv. til laga um heimild stjórnarinnar til að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum og koma á fót gagnfræðakennslu í Reykjavík (C. 346); 2. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Þegar frumv. þetta var hjer fyrir þingd. til 1. umr. þá fannst mjer þeir, sem töluðu á móti málinu, ekki gjöra sjer ljóst, hvað hjer er um að ræða. Sumir voru á móti allri breytingu á Möðruvallaskólanum, en nokkrir vildu breyta honum öðruvísi en hjer er stungið upp á. En mál þetta hefir nú verið rætt svo mikið bæði á þingi og utan þings, auk þess, sem talað hefir verið um það í blöðunum, og þess vegna álít jeg ekki þörf að halda langar ræður um það nú.

Viðvíkjandi forminu á frumv. skal jeg geta þess, að það var upphaflega mín skoðun, að það ætti að vera í því formi, sem þeir hafa bent á, er mælt hafa móti frumv. Með öðrum orðum, jeg vil orða 1. gr. svo: «Leggja skal niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum» o. s. frv. En við nákvæmari yfirvegun og eptir samráði við þá, er allmikinn hlut eiga að máli, fjell jeg frá þessu formi, enda álít jeg nú það form, sem er á frumv. betra, en hitt. Jeg talaði líka sjerstaklega um þetta við þann þm., sem hjer á mestan hlut að máli, og leizt honum betra að hafa frumv. eins og það er nú. En ef h. þingdm. vilja heldur hafa annað form á frumv., þá skal jeg ekki vera á móti því eða gjöra það að neinu kappsmáli, hvort formið sje rjettara. Jeg held að frumv. geti orðið til góðs, hvort heldur er haft þetta form eða hitt.

Jón Þórarinsson: Þegar mál þetta var seinast til umræðu hjer í deildinni, gat jeg þess, að svo stuttur tími hefði liðið milli 1. og 2. umr., að mjer hefði ekki verið hægt að íhuga það eins nákvæmlega og jeg hefði viljað. En nú er lengri tími liðinn síðan, enda hefi jeg reynt að nota hann til þess, að íhuga málið frá svo mörgum hliðum, sem mjer hefir verið unnt.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að hjer er að ræða um heimildarlög, og í því tilliti er frumv. meinlaust og gagnslaust, því stjórnin getur þá látið vera að gjöra það, sem flutningsm. og hans fylgjendur óska eptir. En jeg vil ekki ganga út frá því, heldur að stjórnin lesi hjer «*skal*» en ekki «heimilt er» að leggja niður gangfræðaskólann á Möðruvöllum. Jeg skal þá taka það fram, að h. framsögum. (P. Br.) sagði, að því er mjer heyrðist, að ef Norðlendingar vildu fá skóla hjá sjer í staðinn fyrir Möðruvallaskólann, þá væri sjálfsagt að stofna hann. Þetta var svar hans til mín, þegar jeg sagði, að það væri ekki rjett að svipta Norðlendinga þessum eina skóla, er þeir hefðu sókzt svo mikið eptir. En þetta frumv. segir einungis að kenndar skuli í þessum nýja skóla hinar sömu kennslugreinar, sem kenndar eru nú á Möðruvöllum. En jeg og h. framsögum. erum þó á einu máli um það, að þessi skóli fullnægi ekki þeim kröfum, sem gjörðar eru til realskóla erlendis, og sje því einungis unglingaskóli. Sje nú svo, þá skil jeg ekki, hversvegna á að svipta Norðlendinga þessum skóla, sem er unglingaskóli, og setja svo á stofn annan unglingaskóla á Norðurlandi. Jeg

skil ekki, hver meining er í þessu, nema ef hún er sú, að bæta einum unglingaskóla við í Reykjavík; þegar bornir eru saman karlaskólar og kvennaskólar, þá get jeg ekki betur sjeð, en að sömu ástæður sjeu til að flytja kvennaskólana af Norðurlandi hingað suður í Reykjavík, eins og eru til að flytja karlmannaskólann frá Möðruvöllum og hingað suður, því ef það er nauðsynlegt að bændaefni komi hingað til þess að læra að verða góðir bændur, þá er sjálfsagt eins nauðsynlegt, að kvennfólkið komi hingað suður til þess að læra að verða góðar húsmæður í sveit.

Jeg gat þess líka seinast, að mjer væri ekki kunnugt, að nein ósk hefði komið fram að norðan um þessa breytingu. En það er kunnugt, að Norðlendingar tóku fegins hendi á móti þessum skóla. Þeir reyndu hann um tíma, en fóru svo að slá slöku við að sækja hann, en aðalorsökin til þess mun vera hallærið, eins og margir hafa tekið fram. En það er vonandi, að með batnandi ári verði vaxandi aðsókn að skólanum. Þess vegna álít jeg ekki fulla ástæðu til að svipta Norðlendinga skólanum nú þegar. Það er líka svo langt frá því, að komið hafi bón frá Norðlendingum um flutning á skólanum, að öllu fremur hafa komið tilmæli úr þremur sýslum, Húnavatssýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, um að gagnfræðaskólinn verði ekki fluttur að norðan. Norðanblöðin, sjerstaklega «Norðurljósið», hafa líka látið á sjer heyra, að það væri óheppilegt, að flytja gagnfræðaskólann af Norðurlandi. Jeg get þess vegna ómögulega sjeð, hvaða knýjandi ástæður eru til að fara nú að gjöra þessa breytingu, þetta rót.

H. flutningsm. (P. Br.) nefndi á dögunum, að af þessum flutningi hlyti að leiða mikinn sparnað fyrir landssjóð, þó að hann legði reyndar ekki mikla áherzlu á *þá* ástæðu. En af öllum hans ástæðum fyrir þessu máli stendur þó engin á veikari fótum en sparnaðarástæðan. Hann gjörði ráð fyrir að unglingaskóli yrði stofnaður á Akureyri í staðinn fyrir gagnfræðaskólann. Sá kostnaður, sem af stofnun þessa skóla flyti fyrir landssjóð, hlyti að nema á ári hverju að minnsta kosti 3000 kr. Og þar sem skólahúsið á Möðruvöllum á að afhendast til kvennaskólanna fyrir norðan, þá hlýtur breyting á húsinu í þessu skyni að hafa talsverðan kostnað í för með sjer, auk þess sem nýtt hús þarf þá handa hinum fyrirhugaða unglingaskóla á Norðurlandi. Þá kemur launaviðbót handa skólastjóra 400 kr. og aðrar 400 kr. handa 3. kennaranum, sem nú ekki hefir nema 1600 kr.; sú hækkun hlyti eðlilega að leiða af launalögunum, sem þingið er nýlega búið að samþykkja. Það var þá viðurkennt, að enginn kennari gæti komizt hjer af með lægri laun en 2000 kr. Það er ekki tóm tilgáta; því að það kom fram í einu blaði nýlega, að þessi launalög mundu draga þann dilk eptir sjer, að aðrir, sem gegndu samskonar sýslunum, sem kennararnir við latínuskólann, þættust hafa tilkall til sömu launa og þeir. Jeg þykist vita, að h. framsögumaður hafi gjört ráð fyrir öllu þessu.

En eitt aðalatriðið er þó eptir, sem er stórvægilegast af öllu. Það er ómögulegt, að koma gagnfræðaskóla á fót í latínuskólanum, nema með því að byggja þar út um leið 40 heimasveinum, eins og frv. þetta einnig gjörir ráð fyrir. Við, sem höfum reynsluna fyrir okkur í því, hvað það kostar að lifa í Reykjavík, vitum vel, hvílíkt hagræði það er fyrir pilta að geta fengið ókeypis húsnæði í skólahúsinu. Húsnæði hjer í Reykjavík fyrir skólapilta, kostar 30 til 50 kr. Ef við reiknum það 50 kr., þá eru skólapiltar eða foreldrar þeirra sviptir 40+50 kr. styrk eða 2000 kr. á ári. Þessi flutningur á gagnfræða-

skólanum hefir þannig alls í för með sjer 5–6000 kr. aukinn kostnað á ári. Að öllum þessum ástæðum athuguðum, verð jeg enn á ný að lýsa því yfir, að jeg get ekki samþykkt þessa breytingu að sinni.

H. flutningsmaður (P. Br.) sagði á síðasta þingi, um annað stórmál, þessu ekki óskylt, menntamál alþýðu, að það kæmi öfugt við, og væri ekki í rjettan tíma upp borið. Þetta má ekki síður segja um þetta mál. Alþýðumenntunarmálið er ekki komið í fast horf, en skólarnir eru á leiðinni að föstu takmarki, og reyna með öllu móti að ná því. En meðan svo er, þá er ekki rjett að breyta þessum skóla svona stórkostlega og allt í einu. Alþýðuskólarnir eru að leitast við, að falla betur og betur í smekk landsmanna, fullnægja betur og betur þörfum og kröfum þeirra, og um leið vona jeg að landsmenn fari að nota skóla vora betur og betur, og hafi sem mest gagn af þeim.

Yfir höfuð verð jeg að segja, að allar þessar uppástungur um breyting á Möðruvallaskólanum sjeu gripnar úr lausu lopti, enda allar sameiginlega stuttlega og lauslega rökstuddar. Hjer dugar ekki nema reynslan. Það er bezt að láta þá skóla, sem komnir eru á fót, standa, þangað til reynslan er búin að sýna, hverju verður að breyta. Jeg vona að h. framsögumaður reiðist mjer ekki, þó jeg hafi þessa skoðun, og sjái, að jeg vil ekki koma í veg fyrir heppilega skipun alþýðumenntunarmálsins, heldur þvert á móti styðja að því, að málið komist í fast og gott horf.

Jeg vona líka, að h. flutningsm. (P. Br.) viðurkenni, að jeg hafi reynt að komast að fastri niðurstöðu í málinu, og að þó jeg hafi komizt að *þessari* niðurstöðu, þá hafi jeg ekki gert það af hlutdrægni, heldur af því, að jeg hafi ekki *getað* komizt að annari niðurstöðu eptir minni beztu vitund.

Grímur Thomsen: Við 1. umr. talaði jeg um mál þetta almennt. Sýndi jeg þá fram á, að engin ósk eða beiðni um að leggja Möðruvallaskólann niður væri komin frá þeim af landsmönnum, sem mestan rjett höfðu til að fá þennan skóla stofnaðan, sem mest hefðu stutt að því, að koma skóla þessum á stofn, og sem mest ættu að hafa að segja í máli þessu. Jeg sýndi sömuleiðis fram á það, að óviðkunnanlegt væri, að fara að leggja niður stofnun, sem eigi hefir staðið meira en 9 ár, og er því enn þá eigi fullreynd. Tala lærisveina hefir verið hæst rúmir 50, en lægst 8 veturinn 1887–88; í fyrra vetur voru lærisveinar þó 9, svo tala þeirra hefir þó ekki farið lækkandi þetta síðasta ár.

Jeg skal nú leyfa mjer að fara fám orðum um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Í 1. gr. stendur: «Stjórninni veitist heimild til þess, að leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum» o. s. frv. Þetta eru þá heimildarlög. Ef nú einhverjar tálmanir koma fyrir, svo að eigi er hægt að fullnægja öllum skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir flutning skólans, má stjórnin ekki flytja hann. Setjum nú svo, að kennararnir á Möðruvöllum neyti rjettar síns samkvæmt 4. gr. stjórnarskrárinnar og neiti að kenna í Reykjavík, getur ekkert orðið af flutningnum. Með öðrum orðum: ef kennararnir á Möðruvöllum neyta rjettar síns, og segja af sjer með biðlaunum, er allt frumv. fallið.

Eðlilegra virtist það vera, að viðhafa annað form, og jafnframt gefa stjórninni heimild til að haga kennslunni eins og henni þætti bezt við eiga, og nota kennarana við latínuskólann, sem til þess eru hæfir, að taka að sjer gagnfræðakennslu, og einn kennari við latínuskólann hefir einmitt verið kennari við Möðruvallaskólann.

Í sömu gr. stendur, að kennslan *skuli* fara fram í húsi hins lærða skóla. Hjer hefði jeg kunnað betur við að staðið hefði að kennslan *mætti* fara fram í húsi hins lærða skóla; því hvernig á að fara að, ef yfirstjórn latínuskólans eigi vill ganga að þessu? H. flutningsmaður getur verið viss um, að stjórnin mundi ráðfæra sig við hana, og ef stjórn skólans eigi vildi afnema heimavistina eða ljá húsrúm, væri frumv. fallið.

Síðast í greininni stendur: «Landshöfðingi semur reglugjörð um gagnfræðakennsluna»; jeg veit nú ekki betur, en að reglugjörð sje til fyrir Möðruvallaskólann, og þar sem eigi má breyta tilhögun á kennslunni, virðist engin þörf á nýrri. Hjer hefði jeg því kunnað betur við, að staðið hefði «má semja» í staðinn fyrir «semur», með öðrum orðum, að veitt hefði verið heimild en eigi lögð á skylda.

Í 2. gr. stendur, að allan kostnað við þessa breytingu skuli greiða úr landssjóði. Jeg hefði gaman af að heyra áætlun h. flutningsmanns (P. Br.) um kostnaðinn; jeg get eigi betur skilið, en að hann muni verða mikill. Þingm. þurfa að vita, að hverju þeir ganga, áður en þeir leggja skólann niður.

Þá kemur nú 3. gr. Í henni stendur, að stjórninni veitist heimild til, að afhenda skólahúsið á Möðruvöllum til kvennaskóla. Hverjum á að afhenda? Er það nýr kvennaskóli, sem á að stofna, eða skólinn á Ytri-Ey eða skólinn á Laugalandi, eða þeim báðum? Ef stofna á nýjan kvennaskóla, væri æskilegt að h. flutningsm. (P. Br.) vildi gefa skýringu á, hvernig fyrirkomulag hans á að vera o. s. frv. Ef það er annarhvor af hinum áður nefndu skólum, sem afhenda á skólahúsið, væri æskilegt að hann vildi benda á, hvor þeirra það er. Það yrði dýrt húsnæði fyrir einn kvennaskóla; því ef jeg man rjett, er 5—600 kr. varið á ári fyrir ljós og hita á Möðruvöllum.

Ef svo er til ætlazt, að báðir skólarnir flytjist að Möðruvöllum, ímynda jeg mjer að forstöðukonunum mundi detta í hug málsháttur inn: Enginn lofar einbýlið eins og vert er. Er það tilgáta mín, að önnur hvor forstöðukonan yrði að fara, svo að þar mundi brátt verða einn skóli og ein forstöðukona. Jeg þekki þær báðar, og þykir sárt að missa hvora þeirra sem er.

H. flutningsm. (P. Br.) mun sjá, að mál þetta er of snemma upp borið, og verð jeg að vera h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) samdóma um, að bezt sje að bíða eitt fjárhagstímabil og sjá hverju fram vindur, og hvort lærisveinarnir fjölga eigi.

Ef að á að fara breyta, þarf að gera það þannig, að skólinn aukist, verksvið hans stækki, svo að hann t. d. geti orðið undirbúningsskóli undir latínuskólann.

Eitt er jeg viss um, að h. flutningsmanni (P. Br.) mun ofbjóða, og það er, hve mikið skólinn hefir kostað landið; jeg ætla, að það muni vera rúm 106,000 kr. (*P. Br.*: 110,000 kr). Allur þessi kostnaður hefir að vísu eigi verið til einkis, því þeir sem sótt hafa skólann, hafa fengið eins mikla menntun og þeir gátu tekið á móti, og breitt hana út frá sjer. Húsið sjálft mun hafa kostað 27,564 kr., og búsgögn, áhöld o. s. frv. hjer um bil 17,000 kr., alls um 44,000 kr.; þykir mjer sárt, ef hús þetta á sömu forlög fyrir hendi og Lauganeshúsið, nefnilega að fúna upp, og það einungis sakir breytingargirni og —jeg bið alla að fyrirgefa mjer orðið— brutls h. flutningsmanns (P. Br.).

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en geymi mjer rjett til þess að svara h. flutningsmanni (P. Br.) þegar hann hefir svarað mjer.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg merki ávallt á orðum h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að hann heldur að jeg sje flokksforingi hjer í deildinni; honum, sem er

gamall forustusauður, sviður það, að ungir menn skuli sækja framarlega í flokkinn; hann er því allt af að reka í þá hornin og berjast við að koma þeim aptur fyrir sig; virði jeg honum þetta til vorkunar; það er svo mannlegt; en hann á þá að láta það koma beint niður á mjer, en ekki á málefni því, sem hjer er um að ræða.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir beitt hinni miklu skarpskygni sinni til þess að finna margt að frumv. þessu, en jeg vona að mjer takist að sanna, að aðfinningar hans eru eigi á rökum byggðar, heldur sprottnar af gremju.

Þar sem hann minntist á, að kennararnir á Möðruvöllum mundu eigi vilja fara til Reykjavíkur, skal jeg geta þess, að jeg hefi talað persónulega við þá alla, og ef það er vilji fulltrúa þjóðarinnar, munu þeir eigi hafa á móti því, að skólinn verði fluttur. Þessi mótbára h. þm. Borgf. (Gr. Th.) er því fallin, og hann þarf því ekki að ásaka mig fyrir hvatskeytni hvað þetta snertir.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) vildi, að afnám heimavistar í latínuskólanum hefði verið gert að skilyrði fyrir því, að flytja mætti gagnfræðakennsluna til Reykjavíkur, en að minni ætlun var það vel hugsað, að brúka heimildarformið; því setjum nú svo, að gagnfræðanemendur verði eigi fleiri en 7, er engin þörf á því, að heimavistin sje afnumin. Er þannig þessi mótbára fallin.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) spurði enn fremur, hverjum ætti að afhenda skólahúsið á Möðruvöllum. Það er auðvitað forstöðunefnd annars kvennaskólans á Norðurlandi, eða þær báðar, ef þær vilja sameina kvennaskólana í einn skóla fyrir Norðurland.

Mjer finnst engin ástæða til þess að efast um, að kvennaskólarnir muni taka fegins hendi á móti húsinu, og sjá um, að einhver verði til þesss að taka á móti því fyrir þeirra hönd.

Orðum h. þm. um það, að misklíð muni koma upp milli forstöðukvennanna ætla jeg ekki að svara; jeg þekki þær báðar of vel til þess, að telja slíkt svaravert, og mjer finnst það enginn sómi, að vera með dylgjur um þetta, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Ekki vinnur h. þm. því mikið með spurningu sinni og dylgjum.

H. þm. var að tala um breytingarlöngun og brutl hjá mjer. Það er einkennilegt, að gamlir menn álíta allt það, sem ungir menn koma fram með, sprottið af breytingargirni. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir sjálfur breytt mörgu, og breyting er náttúrunnar gangur; engin dagurinn er öðrum líkur. Það eru öll frumv., sem miða til einhverra breytinga. Þingmenn sjálfir eru hjer á þingi, ekki til að halda öllu blýföstu í sama horfi, heldur til að breyta einhverju hjer á landi til batnaðar. Jeg vona, að ef þessi breyting kemst á með gagnfræðakennsluna í þá stefnu, sem jeg vil, muni hún verða til gagns og blessunar fyrir land og lýð.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) sagði, að óskir hefðu komið frá Þingeyingum, Eyfirðingum og Skagfirðingum um, að fá að halda Möðruvallaskólanum; þetta er ósatt. Eyfirðingar vilja flytja skólann inn á Akureyri, en Þingeyingar og Húnvetningar að honum sje komið í hagfeldara horf og settur í samband við latínuskólann, en það tel jeg verði á beztan hátt með því, að skólinn sje fluttur hingað. Skagfirðingar hafa ekkert látið í ljósi á undirbúningsfundum til alþingis í vor. Enn fremur verður að meta einhvers vilja fulltrúanna úr þessum sýslum, sem komu fram á Þingvallafundinum í fyrra, og svo vilja þingmanna úr þessum sýslum, og það mun sýna sig áður lýkur, hvort þing menn úr Norður- og Austurlandi eru frv. þessu mótfallnir.

Sami h. þm. (J. Þ.) sagði, að það væri hart að taka af Norðlendingum hina einu menntunarstofnun fyrir bændur, sem þeir hefðu, og koma á fót kvennaskóla í staðinn. Þetta er eigi heldur rjett hermt. Skólinn á Hólum er einmitt fyrir bændur, og þann skóla vilja Norðlendingar styrkja og efla sem mest. Á hinn bóginn er enginn skóli til beinlínis fyrir húsmæður, eins og Hólaskólinn er fyrir bændur. Ef kvennaskóli kemst á á Möðruvöllum, væri ástæða til þess, að hugsa eptir þessu, og setja kvennaskóla á Möðruvöllum í líkt horf fyrir húsmæðraefni, eins og búnaðarskólarnir eru fyrir bændaefni; og jeg get því fremur hugsað til þessa, sem drepið er á líka hugmynd í bænarskrá frá forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey. Auk þess má geta þess, að Möðruvellir eru einkar heppileg jörð fyrir slíkan kvennaskóla. Þar er stórt og fagurt tún og hægar engjar, og getur þar því verið mikið kúabú, og kvennfólk þannig meðal annars lært mjólkurmeðferð.

H. þm. Kjós.-og Gullbr. (J. Þor.) kvaðst ekkert sjá unnið við flutning Möðruvallaskólans, úr því að jeg hefði verið því samþykkur að fje yrði veitt til unglingaskóla á Akureyri. En þar sem jeg beint tók fram, að unglingaskóli sá þyrfti að mínu áliti eigi meiri styrk en skólinn í Flensborg, þá þætti mjer h. þm. sljóskygn, ef hann gæti ekki sjeð neinn mun á 2500 kr. og 8000 kr. Viðvíkjandi kostnaðinum, er sá minn reikningur, að ef menntunarástandið er ekki beinlínis bætt, eða kennsla aukin, þá verði sparnaðurinn um 8000 kr. á ári.

Í fyrsta lagi sparast við að heimavistin verður lögð niður í latínuskólanum um 2500 kr. árlega. Til Möðruvallaskólans gengur á ári frá 1400—1900 kr. og þó er eigi þar með talið það sem þarf til aðal- aðgjörðar, og því tel jeg, að í þessu muni sparast að minnsta kosti um 15000 kr. á ári. Enn fremur sparast tillagið til skólans í Flensborg 2500 kr. á ári. Ennfremur sje jeg ekki betur en að kennaralaun, eða að minnsta kosti um 1500 kr. geti sparast við það, að kennararnir við latínuskólann og þeir, sem gagnfræðakennsluna hafa á hendi í húsi hins lærðaskóla, geti kennt nemendum af báðum deildum sameiginlega. Jeg hef íhugað kostnaðaratriðið all-nákvæmlega og jeg hygg, að þessi reikningur sje mjög nærri sanni. Hinsvegar er það eigi sparnaðurinn, sem jeg legg aðaláherzluna á, því jeg vil nota það fje, sem sparast, til þess að efla og bæta menntun í landinu fram yfir það sem nú er.

Sigurður Stefánsson: Jeg greiddi atkv. með frv. þessu um daginn, að það fengi að ganga til 2. umr., því jeg áleit málefnið svo mikils varðandi, að rjett væri að ræða það sem bezt, þó jeg væri eigi að öðru leyti h. flutningsm. (P. Br.) samdóma. Þar sem jeg hef eigi komið fram með neina breyt.till. við frv., þá er það eigi af því. að mjer finnist það eigi þurfa breytinga við, jafnvel að forminu til, heldur af því, að jeg er algjörlega mótfallinn því, að hreifa við skólanum á næsta fjárhagstímabili, og get jeg enga ósamkvæmni fundið í því, þó jeg nú vilji fella málið frá 3. umr.

Jeg verð að álíta þessa breytingu mjög ísjárverða, og held engum hefði komið til hugar, að fara fram á slíkt, ef skólinn hefði verið eins vel settur eins og fyrstu árin; og þó aðsóknin hafi minnkað nú seinni árin, finnst mjer viðurhlutamikið, að fara að flytja hann hingað til Reykjavíkur, án þess að sje hin minnsta trygging fyrir og jeg vil segja líkindi til, að hann verði betur sóttur fyrir það, auk þess hafa Norðlingar ei látið í ljósi þá skoðun, að þeir vilji að skólinn sje fluttur hingað. Ef aðsóknin vex eigi með batnandi árferði, þá vildi jeg heldur að skólinn sje lagður niður, en að vera með nokkurt gagnfræðaskólakák hjer í Reykja-

vík. Jeg er eigi samdóma h. þm. Snæf. (P. B.) um það, að menntun sú, sem bændur geta fengið á Möðruvallaskólanum, sje allsendis ónóg, og jeg efast stórlega um, hvort bændur fengju nokkuð betri menntun, þó skólinn væri hjer. Jeg held annars að alþýða sje eigi eins menntafús eins og menn halda; hún hugsar meir um, að hafa eitthvað til fæðis og klæðis, heldur en um öll þessi ósköp af skólum og menntastofnunum, sem sumir þm. eru einlægt að prjedika um. Það hefir annars verið talað um, að búnaðarskólarnir og þá helzt búnaðarskólinn á Hólum hafi dregið úr aðsókninni að Möðruvallaskólanum; en mjer sýnist aðsóknin að þeim skóla eigi vera svo stór-eptir skýrslu sem jeg hef hjer í höndum, að hún geti orðið Möðruvallaskólanum að falli, eða svo stór, að það geti verið á, stæða til að flytja hann úr Norðurlandi. H. flutningsmaður sagðist hafa talað við kennara Möðruvallaskólans um þennan flutning; og skal jeg eigi rengja það; en jeg hef líka talað við einn af þeim og sem jeg ætti að þekkja eins vel, og skal jeg tilfæra samtal okkar.

Jeg sagði á þá leið: Nú leggjum við Möðruvallaskólann niður í sumar; og hann svaraði: Gjörið þið það, jeg skal eigi vera á móti; en jeg álít heppilegra að bíða og reyna hann til fulls og jeg álít líka betra að hafa hann á Möðruvöllum heldur en í Reykjavík, ef nokkur vegur er til þess að hann geti þrifizt á Möðruvöllum. Þetta eru hans orð, og vona jeg, að hann muni standa við þau. Jeg hef einnig talað við aðra kennara, án þess að jeg gefi um að hafa orð þeirra eptir. Mjer þykir annars undarlegt, að kvennaskólarnir skuli vera í afhaldi, og þeir eru það í þessari h. deild þó þeir sjeu sveit, og meir að segja h. þm. Rvík. (J. J.) taldi kvennaskólann í Reykjavík *ópraktiskan*, af því hann væri hjer, og sagði að stúlkurnar lærðu þar eigi annað en fínheit og fítl. Þegar maður heyrir þennan dóm, neyðist maður til að segja; ætli verði eigi eitthvað líkt með okkar bænda- og alþýðumentun, ef aðalkennslan yrði í Reykjavík. Jeg er því á móti, að hafa Möðrnvallaskólann hjer, en vil heldur gera hann aðgengilegri. Mjer ris hugur við að leggja skólann niður nú þegar, en enn þá meir við að flytja hann til Reykjavíkur, því jeg læt aldrei sannfærast um, að alþýðumenntun verði ódýrari og hentugri hjer en á Möðruvöllum; þessvegna get jeg ei verið með frumv., fyrir utan að mjer finnst formið óhafandi; en um það skal jeg eigi fara fleirum orðum þar sem líka h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir þar tekið af mjer ómakið. Jeg vil sem sagt lofa skóla þessum að standa eitt árið enn, ef ske mætti að hann bæri ávöxt; ef það ekki verður, þá þá vil jeg heldur uppræta hann alveg, en fara þá leið, sem þetta frumv. bendir á, og það af þeim ástæðum, sem jeg hef þegar tekið fram.

Ólafur Pálsson: Jeg skal eigi verða langorður. Jeg greiddi atkv. með frv. þessu við 1. umr. eða með því að því yrði vísað til 2. umr. enda hafði verið skorað á mig á þingmálafundi að vera með að afnema skólann með öllu; en þegar jeg sje, eptir þeim skýringum, sem fram hafa komið hjer í deildinni, að það mundi enginn fjársparnaður verða að því fyrir landssjóð, sem fram á er farið, þá ætla jeg mjer að greiða atkv. móti frv.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal eigi lengja umr. mikið, en jeg stend upp til þess, að láta í ljósi þá skoðun mína, að jeg er frv. þessu meðmæltur og ætla að greiða atkv. með því. Jeg álít að vjer höfum fengið nóga reynslu fyrir því, að skólinn getur eigi þrifizt á Möðruvöllum, og sje enga ástæðu til að bíða, enda er óeðlilegt að hann sje í sveit, því í skólanum er ekkert kennt, sem útheimti það; það dugir eigi að bera hann saman við kvennaskóla; því þar er einmitt margt kennt

sem þarf að kennast í sveit, svo sem matartilbúningur, innanhússstjórn á sveitaheimilum og fleira. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) fannst það ósamkvæmni, að vilja flytja gagnfræðaskólann úr sveit, en halda kvennaskólunum þar; það er öðru nær en svo sje, því eins og jeg hef bent á, er það þvert á móti nauðsynlegt fyrir kvennaskólana að vera í sveit, en ástæðulaust fyrir gagnfræðaskólana, og þar sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) finnst ósamkvæmni í því að vilja flytja gagnfræðaskólann til Reykjavíkur, en ekki kvennaskólana, þá get jeg eins sagt við hann, að fyrst hann vill hafa gagnfræðaskóla upp í sveit, þá ætti hann, til þess að vera sjálfum sjer samkvæmur, að vilja flytja latínuskólann, prestaskólann og læknaskólann upp í sveit, en það mun hann aldrei vilja. Það hefir verið lögð áherzla á það, að Norðlendingar vilji engan flutning á skólanum, og hafa t. d. sumir vísað í fundargjörð úr Húnavatnssýslu, en viðvíkjandi því vil jeg geta þess, að það komu einmitt fram raddir þar um að flytja skólann. Jeg vil ennfremur benda mönnum á, að þessi skóli er og á að vera fyrir allt landið, svo að vilja alls þorra landsmanna, en ekki Norðlendinga einna, á að hafa fyrir augum í þessu efni, og þegar miðað er við allt landið er enginn staður hentugri fyrir gagnfræðaskóla, en Reykjavík; þar eru bezt söfn, bæði bókasöfn og náttúrugripasafn, sem er nauðsynlegt við náttúrufræðiskennslu. Kennslan getur hvergi orðið eins góð og þar, og ferðir hægastar þangað, því að allar samgöngur þangað eru greiðari en til annara staða á landinu. Jeg skal svo ei tala frekar um þetta mál, því að nóg hefir þegar verið um það talað, en vil að endingu að eins leggja þá spurningu fyrir mótmælendur þessa frv., að ef enginn Möðruvallaskóli eða realskóli væri til, hvort nokkrum mundi þá detta í hug að setja hann á stofn á Möðruvöllum eða ef húsið brynni þar, mundi þá nokkur vilja byggja það upp á Möðruvöllum handa skólanum? Jeg er nærri viss um, að enginn mundi vilja það. En ef menn hvorki vildu stofna hann þar eða endurreisa, þá held jeg sje lítil ástæða til, að vera frumv. þessu mótfallinn.

Grímur Thomsen: Þar sem jeg sagði áður, að vel gæti komið fyrir, að kennararnir við Möðruvallaskólann vildu eigi taka við kennslu í Rvík, þá held jeg að h. flutningsmaður verði að játa, að það sje satt; því eptir gildandi eptirlaunalögum hefir hver sá, sem er fluttur í embætti eða hvers embætti er lagt niður, rjett til biðlauna í 5 ár og eptirlauna þar á eptir. Kennararnir á Möðruvöllum eru eigi skyldir til að taka að sjer kennsluna í Rvík, og ef þeir höfnuðu því, þá vona jeg að bæði h. flutningsmanni og h. deild sje ljóst, að það mundi verða eigi lítill kostnaðarauki, að láta þessa 3 kennara hafa $^2/_3$ launa sinna í 5 ár og þar á eptir eptirlaun, og svo þar á ofan að launa þremur nýjum kennurum við gagnfræðakennsluna í Reykjavík. H. flutningsmaður sagði, að Hólaskólinn hefði verið betur sóttur en Möðruvallaskólinn, og álít jeg að það væri næsta eðlilegt, af því það er ódýrara fyrir lærisveinana að vera á Hólum; þar geta þeir verið alveg frítt, en á Möðruvöllum verða þeir að kosta sig. En hver er munurinn? Á Hólaskóla eru 10 lærisveinar, en á Möðruvöllum 9; það munar allt svo að eins 1, og það þó lærisveinarnir verði að borga á öðrum staðnum, en hafi það frítt á hinum; svo jeg verð að telja þessa ályktun eða ástæðu fyrir flutningi skólans veika. Jeg get nú eigi verið að ræða frumv. lengur í einstökum greinum, en jeg trúi eigi öðru, en ef h. flutningsm. (P. Br.) vildi glöggva sig á frv., að hann mundi hika við að halda því svo fast fram, og jeg er sannfærður um, að þó hann fengi því marið

gegn um báðar deildir, þannig orðuðu og þannig úr garði gjörðu, þá mundi sá tími koma, að hann helzt vildi óska, að sitt nafn hefði aldrei verið við það riðið. Jeg segi þetta eigi til að stanga hann af gremju eins og gamall forustusauður, því ef gamla sauðnum gremdist nokkuð, þá væri það það, að sjá ungan og efnilegan gemsa hlaupa af sjer öll hold með rás um misjafnt hagkvisti.

Flutningsmaður (Páll Briem): Mjer komu eigi á óvart orð h. þm. Borgf. (G. Th.), því allir hafa sína bresti og þm. Borgf. líka. En hvað formið á frv. snertir, sem h. þm. hefir andæft svo mjög, að stjórninni á aðra hliðina er veitt heimild, en á hina sett skylda, þá er þetta form alveg hið sama eins og á mörgum öðrum lagafrumvörpum, þar sem stjórninni eru sett skilyrði fyrir, hvernig hún eigi að framfylgja lögunum, ef hún notar heimildina. Þar sem h. þm. minntist á, að í Hólaskóla þyrftu lærisveinar ekkert að borga, en yrðu að kosta sig að öllu á Möðruvallaskólanum, þá er þess að gæta, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir eigi varað sig á, að lærisveinar á Hólaskóla eru þar allt árið, bæði vetur, sumar, vor og haust, en á Möðruvöllum að eins nokkurn tíma af árinu; þeir hafa því allt vorið og sumarið, og jeg er viss um, að vor- og sumarkaupið — ef það væru duglegir menn — mundi slaga hátt upp í fæðispeninga á Möðrnvöllum. Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Ísf. (S. S.) hafði eptir þm. Rvík (J. J.) um kennsluna á kvennaskólanum í Reykjavík, þá held jeg það sje byggt á misskilningi; orð hans áttu eigi við hina bóklegu kennslu, því hún er í góðu lagi. Aptur á móti var það rjett, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að Möðruvallaskólinn hefði upphaflega verið búnaðarskóli og eðlilegur skóli fyrir bændur; en nú er hann eigi lengur búnaðarskóli, heldur hefir Hólaskólinn þar leyst hann af hólmi, svo hinn upphaflegi tilgangur Möðruvallaskólans, sem h. þm. talaði um, er eigi lengur til. Viðvíkjandi skoðun 2. kennarans við Möðruvallaskólann, sem h. þm. Ísf. (S. St.) talaði um, þá sagði hann við mig alveg gagnstætt því, sem þm. hermir eptir honum. Hann hafði að vísu margar efasemdir með flutninginn á skólanum hingað, en hann taldi það allra verst, að *bíða* með skólann, enda ástæðulaust, að halda mönnum þannig í óvissu. Þar sem h. þm. Ísf. (S. St.) hjelt, að kennslan í Rvík yrði *kák*, þá þykir mjer það næsta undarlegt, þar sem bæði eru bókasöfnin við hendina og kostur á kennsluföngum miklu betri, og jeg er viss um, að kennslan þar yrði fullt eins góð eða betri en annarsstaðar.

Mjer þóttu undarleg orð h. þm. V.-Skaptf. (Ó. P.); þar sem hann sagði að hann hefði fengið þá skýring á málinu hjer í deildinni og hjá mjer, að það yrði enginn sparnaður við flutninginn, þá mótmæli jeg því algjörlega, en hitt er mín skoðun, að eigi ætti að taka þá peninga, sem spöruðust, sem sparnað fyrir landssjóð, heldur ætti að nota þá til þess að bæta og auka menntun á annan hátt, og í þessu efni geng jeg í sömu átt og Þingvallafundur. Hann vildi leggja skólann niður, eigi til sparnaðar fyrir landssjóð, heldur vildi láta verja því fje, sem nú gengi árlega til Möðruvallaskólans, til þess að bæta kennslu á annan hátt. En hvort sem Möðruvallaskólinn yrði fluttur eða eigi, álít jeg brýna nauðsyn til þess, að mynda kennaraskóla annaðhvort hjer í Reykjavík eða í Flensborg, þar sem þeir, er ætluðu sjer að verða alþýðukennarar, gætu fengið tilsögn í kennslufræði og tekið próf í þeirri grein. Auðvitað yrðu slíkir menn að hafa fengið góða undirstöðumenntun, annaðhvort í heimahúsum eða í öðrum skólum, og því held jeg þyrfti eigi að hafa nema einn kennara við þann skóla, svo hann þyrfti eigi að verða mjög kostnaðarsamur. Slíkan skóla vildi jeg

styrkja sem bezt, og álít hann gæti orðið að miklu gagni. Jeg veit að líkt á sjer stað sumstaðar annarsstaðar, t. d. við fröken Zahles skóla í Kaupmannahöfn, þar sem er »kursus« í kennslufræði fyrir kvennmenn og gefst vel. Jeg ímynda mjer, að til slíks skóla og gagnfræðakennslu hjer í Rvík þyrfti eigi að ganga meira en gengur til Möðruvallaskólans nú.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að játa það, að þegar jeg lít á þetta frv., gat mjer eigi komið til hugar, að það mundi valda svona miklum umræðum, því mjer finnst það fella sig sjálft.

Jeg vildi ekki vera eins harðorður eins og h. þm. Snæf. (P. Br.), að segja að hann hefði komið fram með frv. út í bláinn. H. flutningsmaður hefir reynt að mæla því bót; en jeg hefði óskað, að hann hefði aldrei komið fram með þetta frv. Jeg verð að leyfa mjer að spyrja: hvaða sjerlegar ástæður eru á móti því, að skólinn sje á Möðruvöllum? Jeg þekki þær ekki. Eða er það einmitt ástæða til að flytja skólann, að hann er á Möðruvöllum? Jeg verð að neita því. Frv. þetta er enn fremur einstaklegs eðlis, þar sem stjórninni í öðru orðinu er gefin heimild til að skipa fyrir um menntamál, um mál, sem eru mjög þýðingarmikil fyrir bændastjettina; í öðru orðinu er sagt við stjórnina: «*þú mátt*», en hinu: «*þú skalt*». Fyrst og fremst þekki jeg ekki ástæðu til að flytja skólann frá Möðruvöllum, en sje ástæða til þess, þá þekki jeg ekki ástæðu til að flytja hann til Reykjavíkur. Mjer sýnist slíkur skóli sem þessi eiga að vera til þess, að mennta bændastjettina; hann á að vera til þess, að mennta alþýðuna, og jeg held að þeim, sem þetta er ljóst, muni eigi blandast hugur um, að betra er að hafa slíkan skóla í sveit en í Reykjavík. En ef svo væri, að skólinn yrði fluttur til Reykjavíkur, þá áliti jeg mjög óheppilegt, að hver bóndi yrði að fara til Reykjavíkur til að menntast; þá væri illa komið fyrir landsmönnum. Hvað er á hinn bóginn unnið með því að flytja skólann? Það eru einnig mikil útgjöld fyrir landssjóð, og enn fremur er það unnið, að stjórnin fær heimild til að eyða fje landsins takmarkalaust. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki hægt að reikna með tölum þau útgjöld, sem flutningurinn getur haft í för með sjer; jeg get líka ímyndað mjer, að kennararnir kæri sig ekkert um að flytja til Reykjavíkur, og þá gætu þeir orðið dýrir á kostunum. Enn fremur hlýtur hverjum manni að vera það ljóst, að húsnæði það í Reykjavík, sem tiltekið er í frv., getur að eins verið til bráðabirgða.

Ef jeg nú ætti að svara þeirri spurningu, hvaða ástæða sje til að koma fram með frv. eins og þetta, þá gæti jeg það ekki. Jeg ímynda mjer, að h. flutningsm. (P. Br.) hafi þá ánægju af frv., að geta látið í ljósi skoðanir sínar um þetta efni, en þá átti hann ekki að fela stjórninni á hendur framkvæmdina í öllum greinum. H. þm. hafa farið nóg út í einstakar greinar frv., og nóg hefir verið um það rætt, til þess að sýna, að það getur ómögulega náð samþykki manna eins og það er nú. Eitt gladdi mig, er h. flutningsm. (P. Br.) sagði við 1. umr., að hann skyldi eigi optar koma með sams konar frv.; en þá vildi jeg biðja hann, til þess að fullkomna góðvild sína, að taka þetta frv. aptur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að játa það, að þegar jeg heyrði því farið á flot á Þingvallafundinum 1888 að afnema Möðruvallaskólann, þá þótti mjer það fljótráðið, og án þess að málið væri þar rætt; og jeg skal játa það, að mjer þykir svo enn; en á hinn bóginn finnst mjer mikil ástæða til, að málið sje rætt; það

er ekki nein ástæða til þess, að láta málið liggja niðri, þó það hafi verið tekið fyrir á Þingvallafundi, því nú mun almennt vera haft orð á því, hve skólinn er dýr og lítt sóttur; sjerstaklega hafa menn fært sem ástæðu fyrir því hallæri og óáran, sem hjer hefir gengið; mun þetta sjálfsagt eiga nokkurn þátt í aðsókninni að skólanum; mjer dettur ekki í hug að skella hjer skuldinni á kennarana; en menn hafa líka fært fram sem ástæðu hina nýju skóla í Ólafsdal og á Hólum, og kennt þeim um, að hafa dregið úr aðsókninni; þetta mun vera satt; því líkindi eru til að ef skólinn í Ólafsdal og á Hólum og Eiðum hefðu ekki verið til, þá mundu sumir þeirra, sem sótt hafa þessa skóla, hafa sótt á skólann á Möðruvöllum; en fyrst nú lýtur út fyrir að aðsóknin að þessum skólum vari vaxandi, þá er líklegt, að aðsóknin að Möðruvallaskólanum fari minnkandi. Það er ekki hugsanlegt að allir bændur læri gagnfræði, enda er jeg samdóma þeim, sem segja, að ofmikil áherzla sje lögð á bóklega þekkingu; jeg er á því, að hún hafi ekki eins mikla þýðingu, eins og gert er úr henni; mjer finnst menn sleppa sjer alt of langt út í tómt glamur og hjegóma, en þegar gagnið á að hafa af kunnáttunni, þá verður ekkert úr því. Ef hinar menntuðustu þjóðir, sem eru margfalt ríkari en vjer, og hafa hin beztu lönd undir, ekki geta þrifizt nema með einstökum dugnaði og iðjusemi, þá er ekki von að vjer getum þrifizt af tómu bókviti; jeg held málshátturinn gamli hverfi hjer aldrei: að ekki verður bókvitið látið í askana; forfeður vorir hafa ekki sagt þetta út í bláinn; þeir hafa fundið að svona er það. Það dugir ekki að taka þetta blátt áfram, menn sjá að þó einhver sje sprenglærður verður houm ekki gagn af bókviti sínu, nema það geti aflað honum daglegt brauð og alls sem undir það orð heyrir; eptir minni ætlun eru þessir menn verst farnir, sem hafa eytt fje feðra sinna frænda, eða annara og landsins fje, en verður svo ekkert úr kunnáttunni. sem þeir hafa fyrir fjeð keypt; þeir hafa líka um leið afvanizt allri vinnu og áreynslu, svo ekkert gagn verður í þeim til eins nje neins, ef þeir ná ekki embættum; þess vegna mun vera hyggilegast að hætta sjer ekki of langt og sameina þekkinguna við hyggindin.

Jeg hef heyrt það fært sem ástæðu, að ef Möðruvallaskólinn væri fluttur til Reykjavíkur, mundu lærisveinarnir anda í sig of miklu af Reykjavíkurloptinu; þetta get jeg eigi haldið að verði frekar þó skólinn sje fluttur, því andinn getur borizt í loptinu langar leiðir. Svo langt sem Ísland liggur frá öðrum löndum, þá berst þó andinn frá suðlægu löndunum hingað norður; sama er að segja um það, þó skólinn sje á Möðruvöllum, þá getur eins borizt Reykjavíkur loptið þangað; enn er það, að jeg ímynda mjer að fullt eins hægt sje fyrir nemendur að fá sjer vinnu í sveit á sumrin, hvort sem skólinn er í Reykjavík eða á Möðruvöllum. Jeg held ekki sje hægt að bera saman kvennaskólann í Reykjavík og gagnfræðaskólann á Möðruvöllum; jeg get eigi verið samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) um það, að ekki sje nein ástæða til að flytja Möðruvallaskólann til Reykjavíkur, en kvennaskólana af Norðurlandi; og jeg vona að við stígum aldrei svo langt spor aptur á bak, að flytja tvo kvennaskóla hingað, ofan á þann eina, sem nú er hjer, heldur vona jeg, að ef þeir eiga nokkra framtíð fyrir höndum, þá muni þeir eflast. Kvennaskólinn í Reykjavík getur í rauninni aldrei orðið annað en skóli fyrir hina fínni heimsmenntur, en eptir minni meiningu getur kvennaskóli eigi þrifizt, nema þar sje kennt það, er orðið getur að verulegu gagni í búskapnum. Menn verða að gá að því, að mörgum hlýtur þá að missýnast, ef það er ekki rjett, sem nú er álitið,

að skólastefnan sje ekki heppileg; jeg hef líka heyrt marga kvarta undan því, að skólakennslan sje ekki eins og þeir hefðu æskt, þar sje ekki kennd nema bókfræði; meir að segja hef jeg sjálfur heyrt mann hinnar heiðruðu umsjónarkonu kvennaskólans í Reykjavík segja, að menn kvörtuðu undan því, að stúlkurnar væru of fínar og vildu ekki vinna alla vinnu þegar þær kæmu úr skólanum. Jeg svaraði honum því; — því jeg hef sjálfur átt dóttir á skólanum, — að þetta dygði eigi á mínu heimili; ef hún þykist of fín til þess að fara í fjósið, og gera hvað sem að hendi kemur og henni ekki er of vaxið, þá segi jeg við hana: þú getur farið út í heiminn og reynt að lifa á fínheitunum; leitaðu gæfunnar þar, ef þú þykist of fín til að hafa ofan af fyrir þjer hjer. Þetta verður að skilja orðrjett. Samt þó svona sje, gef jeg frumv. atkv. mitt til 3. umr.; jeg undrast ekki, að þetta mál hefir komið inn á þingið, því mjer finnst það vera þess vert; jeg hefði óskað að sett væri nefnd í það, til þess málið yrði vandlega íhugað; en úr því það getur eigi orðið, þá vil jeg samt gefa því atkv. til 3. umr., og þó það þá falli, þá hygg jeg, að þessar umr. gætu orðið undirbúningur undir málið á næsta þingi; því vaxi ekki aðsóknin að skólanum, og taki hann eigi þrifum, þá mun það koma einhvern tíma fyrir, að hann verður lagður niður.

Þetta mun sannast að þjóð og þing getur ekki liðið það til lengar, að halda svo dýran skóla sem þennan, ef hann ekki verður betur sóttur en nú hefir verið um hríð.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir um mál þetta. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) talaði svo skynsamlega um málið frá almennu sjónarmiði, að jeg hef ekki nú nýlega heyrt viturlegri orðum farið um allt þetta skólamoldviðri.

Jeg er honum samdóma um það, að ekki sje allt komið undir bókviti alþýðunnar, eins og svo mikið er talað um nú á dögum. Hann sagði, að búnaðarskólarnir mundu draga úr aðsókninni að Möðruvallaskólanum. Þetta getur vel verið; en ef búnaðarskólarnir á Eiðum, Hólum og í Ólafsdal hafa dregið úr aðsókninni að Möðruvallaskólanum, þá er mjer spurn, hvort þeir muni þá ekki eins geta dregið úr aðsókninni að þessum reykvíkska gagnfræðaskóla, einkum þegar hinn voldugi Hvanneyrar búnaðarskóli kemur þeim til liðs.

Mjer liggur við að sundla að heyra tal h. þm. Snæf. (P. Br.) um kennaraskóla, þegar þessir fáu alþýðuskólar, sem við höfum, standa nær því tómir, og vjer vitum, að lítið og auðmjúkt frv. um uppfræðing hjer frá deildinni liggur fyrir dauðans porti í h. Ed. Vjer skulum halda okkur við jörðina, en svífa ekki fyrir ofan skýin í tómu hugmyndaflugi, sem hvergi getur komizt nærri alþýðumenntuninni, eins og hún er og hlýtur að vera hjá oss.

Við erum að bollaleggja að flytja Möðruvallaskóla til Reykjavíkur, og þó er annar gagnfræðaskóli við hendina. Hvað á að gera við hann? Á að slengja honum saman við gagnfræðaskólann í Reykjavík? eða hvað? Og svo á líklega að læra á þeim stóra skóla »tóm fínindi», eins og h. þm. Árnes. (Þ. G.) að orði komst.

Jeg er alveg samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að vjer höfum ekki þörf á realkennslu; það dugar ekki að bera okkur saman við lönd miklu stærri og auðugri en Ísland, og þar sem þær stjettir, sem beinlínis geta haft praktisk not af realkennslu, eru þúsund sinnum fjölmennari en öll þjóðin á Íslandi. Það er því alls engin sönnun fyrir því, að þörf sje á þessari æðri real-kennslu á Íslandi, og að hún þrífist þar, þótt svo sje í Danmörku, Þýzkalandi, Frakklandi og víðar. Jeg kæri mig alls eigi um að reisa upp skóla

handa verzlunarmönnum, sjerstaklega á meðan verzlunin er mestöll í höndum útlendinga; á meðan eru þeir ekki of góðir að mennta verzlunarþjóna sína.

Flutningsmaður (Páll Briem): Þar sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) talaði um, að sjer lægi við að svima, þá verð jeg að segja, að mjer lá við að kafna í moðreyk hans. Mjer finnst engin ástæða til að fárast svo mjög yfir því, þótt talað sje um að verja fje til menntunar á nokkuð annan hátt en gert hefir verið. Ræða h. þm. (S. St.) var svo einkennileg, að jeg er viss um, að ef hún verður rjett skrifuð, mun hún lengi í minnum höfð. *(Sigurður Stefánsson:* Jeg er ekki vanur að breyta mikið ræðum mínum).

H. þm. (S. St.) þótti furðanlegt, að flytja skyldi gagnfræðaskólann til Reykjavíkur, þar sem annar gagnfræðaskóli væri rjett við hliðina á honum; en mín meining var sú, að þann gagnfræðaskóla ætti að leggja niður, en koma upp einum duglegum gagnfræðaskóla fyrir allt landið. Jeg álít ekkert á móti, að þeir, sem nú ganga á báða gagnfræðaskólana, gengju á þennan eina skóla í Reykjavík; þeir yrðu ekki of margir fyrir því.

H. þm. (S. St.) minntist á, að menn mundu læra að eins »fínindi» hjer í Reykjavík; en jeg sje ekki þörf á, að þeir læri þau fremur hjer en í sveit. Eins og h. þm. (S. S.) veit, þá er það svo, að þegar menn eru í skóla, þá gengur tími þeirra til námsins, og jeg held að líkt sje um fínindin á skólabekkjunum í Reykjavík og á Möðruvöllum; en sá er munurinn, að hjer í Reykjavík er betri kostur á að kenna námsgreinar vel en á Möðruvöllum. Eins og hjer hagar til, stunda menn námið um vetrartímann, en sumrinu munu flestir verja til að vinna sveitavinnu, svo að lítil hætta sýnist á, að þeir mundu verða fráhverfir sveitalífinu, þótt þeir væru fáa vetrartíma hjer í Reykjavík. Það vissi jeg, að þegar jeg var í skóla, var það almennt, að piltar gengju að allri sveitavinnu á sumrum. Það getur að sjálfsögðu verið, að letingjar hafi hitzt meðal þeirra, sem ekki vildu vinna, en vjer þurfum ekki að leita í flokk nemenda eða skólagenginna manna til að hitta letingja. Vjer höfum allt of mörg sorgleg dæmi þess, að menn sjeu letingjar, þótt þeir hafi ekki verið settir til náms. Mín skoðun er sú, að einmitt námið hefji menn á hærra stig og veki hjá þeim rjettari skoðun á mannlífinu og skyldum sínum í mannfjelaginu; jeg held að menntunin geri menn ekki latari, heldur að við hana læri menn betur að nota krapta sína. Það getur verið, að í upphafi hafi menn þótzt of góðir til að vinna eða jafnvel þykist það; en þótt sá galli kunni að fylgja menntuninni á meðan hún er fyrst að ryðja sjer braut, og á meðan menn hafa máske ekki almennt full-ljósa hugmynd um tilgang hennar, þá má ekki einblína á það; jeg ætla að það sje eitt hið fyrsta og helzta af ætlunarverkum skólanna, að koma hugsunarhætti nemendanna í rjetta stefnu, bæði í þessu og öðru.

Landshöfðingi: Það hefir komið fram í mörgum ræðum h. flutningsm. (P. Br.), að hann hefir hugsað og undirbúið mál þetta rækilega. Hann hefir fengið að vita hjá kennurunum á Möðruvöllum, að þeir muni ganga að því, að flytja til Reykjavíkur. Hann hefir fengið trygging fyrir því hjá forstöðunefndum og forstöðukonum kvennaskólanna á Norðurlandi, að þær mundu vera fúsar að taka að sjer kvennaskóla á Möðruvöllum. En eitt er þó ógert hjá honum; hann hefði átt að bera sig saman við stjórnina og fá að vita, hvort hún mundi vilja nota sjer heimild þá, sem á að gefa henni til að flytja Möðruvallaskólann til Reykjavíkur. Jeg veit ekki hvort hún mundi gera það. Ef h. flutningsm. (P. Br.) ekki hefir neina tryggingu fyrir, að stjórnin mundi nota

slíka heimild, þá þykir mjer það æðitilgangslítið, að eyða tíma og kröptum þingsins til að berja slíku frv. gegnum 3 umræður í neðri deild og 3 umræður í efri deild, og fá svo á eptir ekki annað upp úr því, en að veita heimild, sem, ef til vill, aldrei yrði notuð. Jeg veit ekki, hver hugsun er í þessu; en það gæti gefið þann grun, að hjer ætti að varpa öllum vandanum og ábyrgðinni á stjórnina. Ef þessu þætti síðar meir vanráðið, þá mætti segja, að stjórnin hefði hrapað að málinu; henni hefði að eins verið veitt heimild til að leggja niður skólann, en hún hefði átt að vera svo hyggin, að nota ekki þá heimild.

H. flutningsm. (P. Br.) tók það fram, að það væri ekki óvanalegt í lögum, að gefa stjórninni heimild til einhvers, og nefndi hann til dæmis lög um þjóðjarðasölu. Jeg skil ekki í, að h. þm. (P. Br.) hafi verið alvara með að bera þetta tvennt saman; því að það liggur í augum uppi, að það væri meiningarlaust að skylda stjórnina til að selja þessa og þessa jörð fyrir það og það verð, hvort sem nokkur kaupandi fæst eða ekki. En þegar um það er að ræða, að leggja niður skóla, sem mikill áhugi var á að koma upp, og ekki hefir staðið nema fá ár, þá verður þingið að segja afdráttarlaust, hvort það vill leggja skólann niður eða ekki; það er ekki nóg að gefa stjórninni að eins heimild til þess, og kasta þannig ábyrgðinni af sjer yfir á hana.

Árni Jónsson: H. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að sjer virtist næg reynsla komin fyrir því, að skóli þrifizt ekki á Möðruvöllum, og hina sömu skoðun munu h. flutningsm. (P. Br.) og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hafa.

H. 2. þm. Húnv. (Þ. Jónss.) endaði ræðu sína með því, að ekki væri við það unandi, að hafa skólann þannig; en það tók hann ekki fram, hvers vegna skólinn gæti ekki þrifizt, eða hvers vegna ekki væri við það unandi. Formælendur frv. hafa skýrt tekið fram, að ekki væri það kennslunni að kenna, enda kveður frv. svo á, að henni skuli haldið fram á sama hátt og áður, þótt skólinn sje fluttur. Jeg sje ekki, hvað ætti að gera meiri aðsókn að gagnfræðaskóla í Reykjavík en á Möðruvöllum, nema ef Reykjavíkurloptið skyldi draga menn að sjer, en h.1.þm.Árn.(Þ. G.) sagði, að það mundi ekki svo hollt fyrir bændaefni vor, að miklu væri kostandi til að koma þeim í það. Það hefir verið tekið fram, að aðsóknninni að Möðruvallaskóla hafi meðfram verið svo lítil vegna harðærisins, og því hefir ekki verið mótmælt. Mig furðar á því, að h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) skuli ekki hafa tekið tillit til þessa; hann veit þó nú fullvel, hvernig harðindin hafa þrengt að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Okkur er það báðum kunnugt, hve margir piltar úr Húnavatnssýslu voru í latínuskólanum á okkar skólaárum. En eru þeir margir þaðan í skólanum nú? Jeg held þeir sjeu mun færri. Og mun ekki þessi mikla fækkun, að minnsta kosti meðfram, stafa af harðindunum; en hafi þau haft áhrif á aðsókn pilta þaðan, og víðar úr Norðurlandi, að latínuskólanum, þá mun erfitt að neita því, að þau hafi ekki líka haft áhrif á aðsóknina á Möðruvallaskólanum.

H. þm. (Þorl. J.) sagði, að komið hefðu fram raddir á undirbúningsfundinum undir þing í vor í Húnavatnssýslu um, að flytja Möðruvallaskólann til Reykjavíkur. Svo kann að hafa verið, en ekki ber fundarskýrslan það með sjer. Í henni stendur um þetta mál það eitt: »samþykkt með miklum meiri hluta, að Möðruvallaskólinn verði settur í samband við latínuskólann, og að nemendur á Möðruvöllum fái nokkurn ölmusustyrk». Ef hann vill bera fyrir sig vilja kjósenda sinna, þá lægi næst fyrir hann að flytja þetta hjer á þingi. Lík skoðun hefir komið fram í Eyjafjarð-

arsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Hjá þeim er ekki meiningin, þegar þeir óska, að skólinn sje settur í samband við latínuskólann, að flytja skólann til Reykjavíkur, heldur að eins setja samband á milli kennslunnar í þessum skólum. Jeg ímynda mjer líka, að þeir, sem íhuga skólamál vor fyrir alvöru, og fleiri en eitt einstakt atriði í þeim, muni álíta það æskilegast, að eitthvert samband gæti komizt á milli hinna æðri og lægri skóla. Mig furðar, að h. formælendur frv. þessa hafa ekki heldur tekið fyrir, að reyna að koma á einhverri ákveðinni stefnu í öllum skólamálum vorum, en að grípa þetta eitt til að koma fram breytingu, en tvísýnum umbótum.

Viðvíkjandi frumv. sjálfu er það að segja, að mjer þykir það þýðingarmikið atriði í því, þar sem gert er ráð fyrir að afnema heimavistir í latínuskólanum. Mjer þykir það viðurhlutamikið, að kippa í burt þessu athvarfi umkomulausra sveitapilta, að eiga þó vís húsakynni, þegar þeir koma hingað til Reykjavíkur, er opt mundu að öðrum kosti naumast vita hvar þeir ættu höfði að að halla. Mjer sýnist þetta svo viðurhlutamikið, að jeg skil ekki í, að bændur, sem hjer sitja á þingi og vita, hvílíkt athvarf og styrkur heimavistin hefir verið fátækum bóndasonum, greiði atkvæði með því, að nema hana af. Heimavistarinnar hefir allur þorri fátækra nemenda fengið að njóta, en um hitt hafa verið nokkuð skiptar skoðanir, hve haganlega ölmusum væri útbýtt. Mjer finnst það hefði átt að liðka þetta mál, og búa það betur undir, en gert hefir verið: reyna að búa svo um það, að það bakaði ekki landinu kostnað, án þess þó að líkindi sjeu til, að það komi menntamálunum í betra og eðlilegra horf. Jeg efast ekki um, að formælendum málsins muni það kunnugt að við hliðina á Möðruvallaskólanum hefir verið að undanförnu Hljeskógaskólinn, sem víst einn vetur voru á um 20 piltar. Unglingaskóli hefir líka verið á Akureyri. Báðir þessir skólar hafa hlotið að draga úr aðsókninni að Möðruvöllum; en nú mun hvorugur þessara skóla standa Möðruvallaskóla lengur fyrir þrifum, því nú er kippt úr fjárlögunum þeim litla styrk, sem Hljeskógaskólinn hefir áður haft. Þannig mætti finna fleiri eðlilegar orsakir til þess, að Möðruvallaskóli hefir verið miður sóttur síðustu árin en áður. Jeg vona að h. þingmenn hjeðan af Suðurlandi, sem við betra árferði hafa átt að búa en Norðlendingar, líti til norðurs og athugi árferðið þar, sjerstaklega í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, og þykir mjer þá ekki ólíklegt, að þeim muni þykja sennilegt, að efni og ástæður muni naumast hafa leyft mörgum bændum að senda sonu sína á skóla, þótt þeir hefðu haft fullan vilja á því.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg skal leyfa mjer að svara hæstv. landsh. því, að ef hann, með því að bera sig saman við stjórnina, meinar það, að jeg hefði átt að leita ráðgjafans fyrir Ísland, þá væri það nokkuð langt, að fara til hans. En að því er snertir fulltrúa stjórnarinnar hjer á þingi, þá er leitað álits hans á málinu um leið og það er borið hjer upp, og virðist mjer nóg að það sje gert hjer á þinginu, þótt þess sje ekki fyrir fram leitað.

Að því er formið á frumv. snertir, þá er jeg ekki á móti því, að því sje breytt. Jeg sagði þegar við 1. umr., að með heimildarlögum þessum væri það í raun og veru tilgangurinn, að stjórnin flytti skólann hið fyrsta hún sæi sjer fært, og enginn hefir mótmælt þeim skilningi. Þetta er því ekki að kasta nokkurri ábyrgð upp á stjórnina; þvert á móti tel jeg það víst, að ef hún staðfesti lög þessi, þá mundi hún framfylgja heimildarlögum þessum alveg eins og þó í þeim hefði staðið: Stjórnin skal leggja niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og koma á

fót gagnfræðakennslu í Reykjavík, það er að segja, svo framarlega sem kennararnir við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum vildu taka að sjer gagnfræðakennslu í Reykjavík. Það yrði að vera fullkomið skilyrði fyrir því, og eins og jeg hefi áður sagt, er engin ástæða til að efast um, að þeir mundu gera það.

Jón Þórarinsson: H. þm. Snæf. (P. Br.) er nú fallinn frá sparnaðarástæðu sinni. *(Páll Briem:* Nei). Jú; því þm. hefir sagt það sjálfur; það er ómögulegt að skilja orð hans öðruvísi. Og hvaða ástæða er þá eptir? Sú, að Reykjavík sje hentugri staður fyrir gagnfræðaskóla, á því reki sem þessi skóli er, en Möðruvellir; en þetta getur því að eins verið, að hjer sje betri staður fyrir skólann bæði að því er kennslukraptana snertir, og að því er námssveinana snertir. En nú mun enginn geta neitað því, að það er ómögulegt fyrir pilta að komast hjer af með eins lítið fje og á Möðruvöllum; og hvað hinu atriðinu um kennslukraptana viðvíkur, þá er það alveg burt fallið, með því að h. flutningsm. (P. Br.) ætlast til, að hinir sömu kennslukraptar vinni við þenna fyrirhugaða skóla, sem nú eru á Möðruvöllum.

H. 2. þm. Húnv (Þorl. J.) lagði áðan spurningu fyrir mig, sem mjer kom nokkuð óvænt, enda er það lítill vandi, að koma með svo heimskulegar spurningar, að torvelt sje að svara; hann spurði mig, hvers vegna jeg legði ekki til, að allir skólar í Reykjavík væru fluttir upp í sveit, og þóttist geta dregið þá ályktun út úr orðum mínum, að jeg hlyti að verða með því; en þetta er sprottið af helberum misskilningi á orðum mínum; jeg hefi aldrei sagt annað en það, að þar sem karlmannaskólar hefðu sama ætlunarverk fyrir karlþjóðina, eins og kvennaskólar fyrir kvennþjóðina, þá gæti jeg ekki skilið, hvers vegna væri nauðsynlegt að flytja karlaskólann til Reykjavíkur, en láta kvennaskólana vera fyrir norðan; því væri það, að ef ástæða væri til að flytja karlmannaskólann til Reykjavíkur, þá hlyti sú ástæða einnig að ná til kvennaskólanna.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hjelt langa ræðu í þessu máli, sem jeg vildi óska, að honum hefði aldrei komið í hug; hann lagði mikið út af því, hve vítavert það væri, að efla bóklega menntun hjá þjóðinni. *(Þorlákur G.:* Nei, það hefi jeg aldrei talað). Það er virkilega mjög merkilegt, að 3 h. þm., sem talað hafa í þessu máli, neita allir orðum sínum, enda munu þeir hafa fulla ástæðu til að iðrast þeirra.

Að menntunin hafi þau áhrif, að gera menn of «fína» og lata, því mótmæli jeg algerlega; því að það er almennt viðurkennt um allan heim, að holl menntun skapi þrautseiga menn, ekki einungis í andlegum, heldur einnig líkamlegum efnum, og mjer þykir mjög undarlegt, að bóndi skuli verða til að mótmæla því hjer á þingi, að mönnum gefist kostur á að afla sjer þekkingar, og afbiðja menntun; en jeg get samt skilið það, og h. þm er vorkunn, því að það þarf visst stig af menntun til að skilja, að menntun sje nokkurs virði; þessi «fínheit», sem hann var að tala um að menntunin hefði í för með sjer, skil jeg ekki, nema ef hann vill kalla það «fínheit», að viðhafa hreinlæti, ganga þokkalega til fara og lifa yfir höfuð eins og mannlegri veru er samboðið; því þær afleiðingar skal jeg glaður játa, að menntunin hefir í för með sjer. Jeg verð annars að játa, að jeg hefi staðið nauðugur upp, til að svara h. þm. Árn. (Þorl. G.); en sökum þess, að mjer þótti mjög illt að ræða hans stæði ómótmælt í alþingistíðindunum, þá hefi jeg neyðzt til að andmæla henni, þótt jeg reyndar á hinn bóginn, með því að svara henni,

veki meira athygli á orðum hans en þau eiga skilið.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leyfa mjer að segja h. flutningsm (P. Br.) þessa frv., að hefði hann eigi verið svo ungur og efnilegur hjer á þingi sem hann er, þá mundi hann eigi hafa komið fram með það; því ef hann hefði setið á þingi þegar samþykkt var að stofna þennan skóla, og heyrt þann áhuga, sem þá var í Norðlendingum að fá þennan skóla, ef hann hefði heyrt á hinar snjöllu ræður formælanda þessa máls, sem nú er kominn upp í efri deild, og heyrt með hve snilldarlegum orðum hann lýsti því, hvílíkur söknuður Norðlendingum væri, að hafa engan skóla fyrir norðan, þá mundi honum naumast hafa dottið í hug, að koma með þetta frv. Og jeg verð að segja, að Norðlendingum er stór órjettur gjör, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem sviptir þá þeirri einu menntastofnun, sem þeir eiga fyrir karla, og það hlýtur að vera óskemmtileg tilhugsun fyrir þá, að þurfa að neyðast til að senda drengi sína eigi skemmri veg en suður til Reykjavíkur til að menntast, og verða að kosta jeg vil segja tvöföldu fje við það, sem þeir nú þurfa að leggja í sölurnar til menningar börnum sínum. En jeg vil líka bæta því við, að það er til annar áhugi í þessu máli en þeirra, sem eiga að nota skólann, og það er áhugi kennaranna, sem við skólann eru. H. flutningsm. (P. Br.) segist hafa talað við þá um flutninginn; en jeg hef einnig átt tal við suma þeirra um málið, og það einmitt sjálfan skólastjórann, og hann segir mjer, að hann sje mikillega móti því, að afráðið verði að flytja skólann hingað á þessu þingi, og þessa meiningu hans vona jeg h. þingd. taki til greina, því hann hefir mjög sterkan áhuga á, að koma skólanum upp úr þeirri niðurlægingu, sem hann nú er í, og álítur, að nemendafæðin stafi eingöngu af því, hve hart hefir verið í ári að undanförnu. Hið sama hefir annar skólakennari frá þessum skóla sagt, ekki mjer, heldur öðrum heiðursmanni, sem jeg hef enga ástæðu til að rengja. Báðir þessir menn eru þannig á móti nokkurri breytingu á skólanum á þessu þingi, og samhuga álit þessara manna, samanborið við greinar þær, sem staðið hafa í norðanblöðunum, sjerstaklega Norðurljósinu, gefur mjer ástæðu til að vera móti öllum breytingum á fyrirkomulagi skólans að þessu sinni. Mjer verður heldur eigi ljóst á frv., hvernig h. flutningsm. (P. Br.) hefir hugsað sjer, að þessu skuli haga; því þar er allt svo óljóst.

En þar sem hæstv. landsh. spurði flutningsm. (P. Br.), hvort hann hefði ráðfært sig við stjórnina um þetta frv., þá hefir hann svarað þeirri spurningu á þá leið, að hann hafi eigi getað náð til hennar sjálfrar, heldur að eins til fulltrúa hennar, og svör hans mundu nægja; en eptir því sem svör hans hafa fallið í þessu máli, þá get jeg ekki sjeð, að frv. þetta nái fram að ganga, og árangur þess muni því eigi verða annar en sá, að vekja deilur í þinginu, og þann árangur er það þegar búið að hafa hjer á þingi.

Hvað því viðvíkur, sem h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, þá hefir því verið svarað af h. samþingismanni mínum til fullnustu, svo að jeg skal eigi orðlengja um það, heldur einungis taka það fram, að menn mega heldur ekki gjöra of lítið úr bókvitinu, enda er það mín sannfæring, að veruleg menntun gjörir manninn hæfari og færari til allrar vinnu, hvort heldur hún er andleg eða líkamleg, og gjöri hún það ekki, þá er það engin menntun, því það er satt, sem hið gamla góða skáld segir: «Vísindin efla alla dáð».

Þorleifur Jónsson: Jeg ætla að eins að leiðrjetta ranghermi h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) á orðum mínum. Jeg lagði enga spurningu fyrir hann um latínuskól-

ann eða hina skólana í Reykjavík, heldur vildi jeg leiðrjetta misskilning hans um kvennaskólana. Hann sagði í ræðu í dag, að hann gæti ekki skilið í því, hvernig menn gætu verið því meðmæltir, að flytja Möðruvallaskólann suður, en hafa þó kvennaskólana fyrir norðan; honum fannst þetta ósamkvæmni. En jeg tilfærði ástæður fyrir þessu, og sýndi fram á, að þessi ályktun hjá honum væri röng, með því að beita sams konar ályktun gegn honum, og sagði, að úr því h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) vildi hafa gagnfræðaskóla upp í sveit til að kenna að eins bókleg fræði, þá ætti hann, til þess að vera sjálfum sjer samkvæmur, að vilja flytja upp í sveit latínuskólann, prestaskólann og læknaskólann. Jeg vona, að hann hafi nú skilið mig.

H. þm. Mýr. (Á. J.) þótti það undarlegt, að jeg skyldi ekki minnast á harðærið sem orsök til þess, að Möðruvallaskólinn hefði verið illa sóttur síðustu árin. Þegar jeg talaði, var ekki ástæða til að nefna þessa orsök, sem þá var komin fram í umræðunum, enda er jeg ekki á því, að hallærið sje eina orsökin til þess, að skólinn hefir verið illa sóttur. Til þess liggja ýmsar aðrar ástæður, sem þm. sjálfum eru fullkunnar margar hverjar. Það er víst, að það eru mjög deildar meiningar um skólann fyrir norðan. Jeg gat um það áðan, að jeg hefði heyrt raddir í Húnavatnssýslu, sem vildu afnema skólann, og Eyfirðingar sjálfir vilja jafnvel ekki hafa skólann á Möðruvöllum, en þeir vilja hafa skóla á Akureyri.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg neyddist til að biðja um orðið út af hinni snjöllu ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.). Jeg held að hann hafi tekið orð mín nokkuð strangt og komizt í of mikinn hita út af því, sem jeg sagði. Jeg talaði alls ekki svo, að jeg vildi ekki hafa neina menntun. Þvert á móti sagðist jeg vilja holla og sanna menntun. Og það er annað, sönn vísindi og holl menntun, en þetta menntunar-gutl, sem gerir menn montna og ekki annað. Jeg er ekki hræddur við, að láta þetta álit mitt hjer í ljósi, og jeg þori óhræddur að bjóða honum að prenta ræðu mína á minn kostnað, strax í kvöld; og ef hann vill prenta sitt stóra frumv. um menntamálið, sem hann bar upp hjer á þinginu 1887, þá skulum við senda hvorttveggja út landshornanna á milli, og skjóta því undir dóm þjóðarinnar. Þetta þori jeg óhræddur; en reyndar er þetta stóra frumv. hans komið út til þjóðarinnar.

Sveinn Eiríksson: Þá jeg var á Þingvöllum í fyrra, var jeg, með sjálfum mjer, sampykkur atkvæði meiri hluta fundarins: að leggja með öllu niður gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, ef það yrði borið upp á þinginu 1889. En nú, þegar jeg sje, að ekki á beinlínis að leggja hann niður, heldur gefa stjórninni heimild til að flytja hann hingað til Reykjavíkur, þá er jeg alveg fallinn frá mínu fyrra áformi. Í sambandi við þetta minnist jeg hinna gullvægu orða h. þm. Reykvíkinga (J. Jónassens) um kvennaskólann hjer í Reykjavík, þar sem hann sagði, að stúlkur, sem á honum lærðu, lærðu mest af tepruskap og fitli. Það hafa, því miður, ef til vill margar stúlkur komið frá þeim skóla, sem ekki hafa haft hugmynd um, hvað til góðs búskapar heyrir upp til sveita, og væri betra að það væri ekki með reynslunni dagsanna, að þaðan hefðu komið stúlkur, sem ekki hafa t. d. vitað, hvort þyrfti meiri suðu, kjöt af gamalá eða lambi, eða hvort láta skyldi graut á djúpan disk eða grunnan! (Hlátur). Ef svo skyldi vera, að þær væru svo illa að sjer, þá yrðu þær að neyðast til að fá kvennmenn af sveitaheimilum til að kenna sjer búskap og búskaparreglur; og væri það sorglegt, eptir að þær eru búnar að ganga

á slíka menntastofnun. Ef nú á að fara, að koma sams konar stofnun á fót í Reykjavík, fyrir karla, þá gef jeg ekki mikið fyrir aðgjörðir þingsins í því efni. Jeg hefi ekki eingöngu í kostnaðinn við slíka stofnun, en get ekki sjeð, að gagnfræðaskólinn verði hæfari en hingað til, að mennta karlmennina, þó honum verði tildrað eða holað inn í latínuskólann.

Jeg sje ekki að skólinn geti fengið betri kennslukrapta, þó hann flytji til Reykjavíkur, en hann nú hefir, og ef skólinn á Möðruvöllum verður fluttur til Reykjavíkur, þá mun það hafa ærinn kostnað í för með sjer, meðal annars af því, að eptir nokkur ár mundi ekki veita af heilli «legion» af politíþjónum út um land allt til að berja vitleysuna og tepruskapinn úr þjóðinni, þ. e. þessari nýju kynslóð.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Jeg sje, að h. þm. er farið að þykja mál að umræðum sje hætt, enda skal jeg ei halda langa ræðu; mjer heyrist líka að menntamennirnir hjer í þingd. álíti okkur bændunum bezt að þegja í þessu máli. Það er þó eitt atriði í því, sem fram hefir komið undir umræðunum, sem jeg vil leyfa mjer að minnast á. Mig minnir það væri *einkum* h. 1. þm. G.-K. (Þ Böðv.), sem tók það fram, að Norðlendingum væri gjört rangt til með því, að flytja skólann að norðan og suður í Reykjavík.

Jeg get nú ekki sjeð, að Möðruvallaskólinn sje fremur fyrir Norðlendinga en aðra hluta landsins. Jeg skil heldur ekki, að Norðlendingar hafi meiri hæfilegleika fyrir gagnfræðakennslu, en aðrir landsmenn, og ef gufuskipaferðirnar kæmust í betra lag, en að undanförnu, þá yrði held jeg nokkurn veginn eins hægt fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga að sækja gagnfræðaskóla í Reykjavík eins og á Möðruvöllum. Jeg held heldur ekki að Norðlendingar hafi kostað meiru fje til þessa skóla, en aðrir landsmenn. Hann er kostaður af almannafje, og Norðlendingar borga ekki tiltölulega meira í landssjóð en vjer í hinum landsfjórðungunum. Jeg efast mjög um, að Norðlendingar vildu vinna það til, að hafa Möðruvallaskóla, að borga tiltölulega meira til hans en aðrir. Þeir kveina undan útgjöldum ekki síður en aðrir. Að minnsta kosti undan ábúðar- og lausafjárskattinum; því það er einmitt menn úr Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum, sem hafa fylgt því optast fram á undanförnum þingum, og eins nú, að fá eptirgjöf á skatti af ábúð og lausafje, og helzt viljað afnema hann alveg. Viðvíkjandi vilja Norðlendinga í þessu máli, þá vil jeg benda á það, að það var Norðlendingur, sem bar þetta mál upp á Þingvallafundi, í fyrra sumar, þar sem meiri hluti fundarmanna var með því, að afnema skólann, og ef jeg man rjett (jeg hef ei Þingvallafundartíðindin við höndina nú sem stendur), þá greiddi meiri hluti fulltrúanna úr Norðurlandi atkvæði með því, að leggja skólann niður. H. þm. Mýr. (Á. J.) sagði, að það væri ekki vilji Norðlendinga, að minnsta kosti í Þingeyjarsýslu. En mig minnir þó ekki betur, en að báðir fulltrúarnir úr Þingeyjarsýslu greiddu atkvæði með tillögunni um afnám Möðruvallaskólansá Þingvallafundinum í fyrra. Jeg skal játa það, að jeg þekki ekki fulltrúann úr Norður-Þingeyjarsýslu, en fulltrúann úr Suður-Þingeyjars. þekki jeg svo mikið, að jeg veit, að hann hefir ekki greitt sitt atkvæði út í bláinn.

H. þm. Austur-Skapt. (Sv. Eir.) fór eitthvað út í þetta mál áðan, og byrjaði ræðu sína á því, að tilkynna mönnum það, að hann hefði verið með sjálfum sjer á Þingvallafundinum í fyrra; það þótti mjer merkilegt, að þm. skyldi finna ástæðu til að lýsa þessu yfir. En jeg held að hann sje nú líka með sjálfum sjer í dag. Það var haldinn fundur um þetta mál utan-þings, og þá var hann því svo einlæglega

meðmæltur, að leggja niður Möðruvallaskólann. Þetta er nú ekkert nýtt fyrir hinum h. þm. Jeg hef optar orðið þess var, að hann er einlæglega meðmæltur málum utanþings, en einlæglega móti þeim þegar á þing kemur, og því sje jeg, að þm. er sjálfum sjer samkvæmur, og með sjálfum sjer í dag, eins og hann sagðist hafa verið á Þingvöllum í fyrra.

Ólafur Pálsson: Jeg skal nú ekki vera margorður. Það var einungis af því, að h. þm. Snæfell. (P. Br.) fór að mótmæla orðum mínum, að jeg stóð upp. Mjer er nú eigi fullkomlega ljóst, hverjum af orðum mínum hann var að mótmæla, nema ef það skyldi vera það, að jeg sje engan sparnað við flutning Möðruvallaskólans til Reykjavíkur. Ef það skyldu vera þessi mín orð, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) er að mótmæla, þá mótmæli eg hans orðum aptur, og held því fastlega fram, að jeg eigi sje neinn sparnað við þennan flutning, sem síðar mun sýna sig, ef frumv. verður að lögum, sem jeg vona að ekki verði.

Jónas Jónassen: Jeg er einn af þeim fáu, sem álíta, að h. flutningsm. (P. Br.) þessa máls eigi miklar þakkir skilið fyrir að hafa borið það upp hjer á þinginu; og þótt forlög þessa frumv. sjeu augljós, ætla jeg þó að láta í ljósi álit mitt á því. Jeg verð að vera á þeirri skoðun, að skólinn á Möðruvöllum sje illa settur, og allir verða að viðurkenna, að það er óskynsamlegt, að tvístra kennslukröptum landsins. Ef við viljum hafa realkennslu, verður hún að vera hjer í Reykjavík. Reykjavík hlýtur að verða «centrum» fyrir alla menntun í landinu. Eitt þykir mjer skrítið, og það er það, að allt af er verið að segja, að real-skólar sjeu eingöngu fyrir bændur. Realkennsla er sannarlega ekki eingöngu fyrir bændur, heldur einnig fyrir marga, sem aldrei ætla sjer að verða bændur, t. a. m. handiðnamenn, verzlunarmenn og fleiri. Þessir menn eru nú útilokaðir frá þessari kennslu, því enginn getur búizt við, að þeir fari að fara norður að Möðruvöllum og sækja hana þangað. Það er alveg satt, sem h. þm. N.-Múl. (J. Jónsson) tók fram, að eptir því sem öllum samgöngum nú er háttað, er það hægra fyrir bændur utan af landinu, að senda sonu sína til Reykjavíkur til þess að menntast, heldur en norður að Möðruvöllum.

Það er undarlegt, þegar skólagengnir menn eru að breiða þá heimsku og misskilning út, að andrúmsloptið hjer í Reykjavík sje óheilnæmt og óþjóðlegt; þetta er skoðun ýmsra, er hefir komið í ljós bæði í ræðum og ritum. Þetta get jeg alls eigi skilið, enda sje jeg engin dæmi þess. Jeg tek til dæmis h. 1. þm. Ísf. (Sig. S.), sem hefir dvalið hjer í Reykjavík í allmörg ár; ekki held jeg að andrúmsloptið hafi verkað neitt illa á hann.

Allur hinn mikli áhugi, sem Norðlendingar höfðu á Möðruvallaskólanum 1878, er nú dofnaður, og kalla má að skólinn sje dauður, því jeg get varla kallað það skóla, þegar eigi nema 7 eða 8 hræður taka þátt í náminu. Ekki getur því verið um að kenna, að kennararnir við skólann sjeu eigi góðir, því jeg er viss um, að þeir eru ágætir. Það er heldur eigi árferðinu um að kenna, að skólinn er eigi betur sóttur, heldur hljóta að liggja til þess aðrar orsakir.

Jeg skal nú eigi lengja umr. meira; því það er þýðingarlaust; jeg skal að eins geta þess, að mjer hefir þótt vera farið óvægilega með h. flutningsm. (P. Br.); því jeg er viss um, að honum hefir gengið gott eitt til og að hugmyndir hans eru alveg rjettar.

Ef realkennsla á sjer nokkra framtíð fyrir höndum hjer á landi, verður hún að vera í Reykjavík og standa í sambandi við latínuskólann.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Þing): Jeg

hafði ásett mjer, að taka eigi til máls í þessu máli, en orð h. 1. þm. N.-Múl. (J. Jónss.) neyða mig til þess. Hann sagði, að skólinn væri ekki fremur fyrir Norðlendinga, en aðra hluta landsins. Þetta er ekki rjett, því að annar gagnfræðaskóli er á Suðurlandi, skólinn í Flensborg, og þann skóla nota auðvitað Sunnlendingar fremur en Norðlendingar, og Norðlendingar aptur Möðruvallaskóla meir en Sunnlendingar.

Hvað því viðvíkur, að Norðlendingar hafi eigi meiri rjett til þess, að hafa skólann hjá sjer, en aðrir landsmenn, þá skil jeg eigi, hvernig h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) fer að segja það; því þeir hafa þó að minnsta kosti laganna rjett til þess að hafa hann hjá sjer; eptir þeim lögum, sem gilda, á skólinn að vera í Norðurlandi, en ekki annarsstaðar.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. Jónss.) sagði ennfremur, að það mundi vera vilji Norðlendinga, að flytja skólann til Reykjavíkur; jeg verð algjörlega að mótmæla því. Eins og allir vita, eiga Þingeyingar og Eyfirðingar að eins eitt atkvæði á þinginu nú í sumar, og er það mitt; ef þeir hefðu átt fleiri atkvæði, efast jeg eigi um, að fleiri hefðu mótmælt þessari kenningu hans.

H. þm. N.-Múl. (J. Jónss.) gat þess ennfremur, að meiri hluti Þingvallafundarmanna hefðu verið með tillögu þeirri, er þar kom fram. En jeg verð að benda h. þm. á, að tillagan, sem samþykkt var á Þingvallafundinum, gekk út á allt annað en þetta frv., er hjer liggur fyrir. Mjer er óhætt að fullyrða, að fáir Norðlendingar eru með því, að leggja skólann niður, en enginn að minnsta kosti í Þingeyjarsýslu og varla heldur í Eyjafjarðarsýslu með því, að flytja hann til Reykjavíkur.

H. þm. Rvík. (J. J.) sagði, að nauðsynlegt væri að stofna realkennslu í Reykjavík handa verzlunarmönnum og iðnaðarmönnum, er nú væri fyrirmunað að njóta hennar. En jeg vil leyfa mjer að spyrja h. þm. að, hvort það er verra eða óhollara fyrir bæjarbúa, að fara upp í sveit til þess að nema, en fyrir sveitarbúa að fara til Reykjavíkur í sama tilgangi. H. sami þm. gat þess, að áhugi Norðlendinga á Möðruvallaskólanum hefði minnkað síðan 1878, og væri sorglegt, ef svo væri; en þetta er ósatt; áhugi Norðlendinga til að menntast er eigi minni nú en 1880, nema meiri sje. Það hefir verið rifizt mikið um það í dag, hvaða þýðingu bókleg menntun hefði; mín skoðun er sú, að maður því að eins geti búizt við verulegum, verklegum framförum, að mikil bókleg kunnátta sje áður fengin.

Jeg verð að vera því mótfallinn, að farið sje að gjöra breytingu á Möðruvallaskólanum að sinni, en er h. flutningsmanni þakklátur fyrir, að hafa vakið máls á þessu máli; því umr. og íhuganir þær, er þær hafa vakið, tel jeg mjög gagnlegar, og ímynda mjer, að ef til vill sjái menn sjer fært að gjöra eitthvað í þessu máli á næsta þingi. Verið getur, að reynslan verði þá búin að sýna, að einhverja breytingu þurfi að gjöra. Að öðru leyti vildi jeg óska, að umr. yrði nú hætt, þar eð jeg býst eigi við, að þær muni upplýsa málið frekara, og að frumv. svo yrði fellt frá 3. umr.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Jeg ætla að eins að víkja nokkrum orðum að h. þm. N.-Þing. (J. Jónss.). Hann sagði, að jeg hefði ekki haft rjett fyrir mjer, er jeg hefði sagt, að Norðlendingar hefðu ei rjett til, að hafa gagnfræðaskóla hjá sjer, fremur en íbúar annara hluta landsins, því að Norðlendingar hefðu þó lagalegan rjett til að hafa skólann. Þetta er að eins útúrsnúningur h. þm. úr orðum mínum, sem *honum* er naumast samboðið að beita, því það er öllum ljóst, að hjer var að ræða um eðlilegan og náttúrlegan rjett, en ekki lagalegan.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að það

væri gagnfræðaskóli á Suðurlandi, þá vil jeg geta þess, að það er ekki fastur skóli, heldur er veitt fje til hans fyrir hvert fjárhagstímabil. Jeg held, að mjer sje eins kunnugt um álit Þingvallafundarins á þessu máli eins og honum, því að jeg var á fundinum og greiddi atkvæði með því, að skólinn væri lagður niður, og þekki því vona jeg eins vel og hann, af hvaða ástæðum það var gjört, að sampykkja þessa ályktun Þingvallafundarins. En það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg vil leyfa mjer að benda á, og það er, að þó Þingvallafundurinn skoraði á alþingi, að leggja niður Möðruvallaskólann, þá gjörði hann enga tillögu um það, á hvern hátt væri varið fje því, sem við það sparaðist, að eins því væri varið til alþýðumenntunar, svo það verður ekki hægt að segja, að Þingvallafundur hafi haft á móti því, að skólinn væri fluttur til Reykjavíkur.

Það er annars eptirtektavert, hvað sumir þm. gjöra lítið úr áskorun Þingvallafundarins í þessu máli, en halda dauðahaldi í tillögur hans í öllum öðrum málum. Þess hefir verið getið, að Hljeskógaskólinn hefði verið stofnaður til að draga frá Möðruvallaskólanum. Jeg vil því leyfa mjer, að vekja athygli á því, til sönnunar því, hve hlynntir Norðlendingar hafi verið Möðruvallaskóla, að fjárlaganefndin 1887 lagði það til, ef mig minnir rjett, að veita Hljeskógaskólanum styrk. Í fjárlaganefnd voru þó víst einhverjir Norðlendingar, og það sýnir, að þeir hafa þá ekki verið svo mjög áfram um, að hlynna að Möðruvallaskóla.

Sveinn Eiríksson: Jeg stend að eins upp til þess að gefa h. þm. N.-Múl. (J. Jónss.) það til vitundar, að jeg sje á öllu, að hann er nú með sjálfum sjer, að hann er fullkomlega sjálfum sjer samkvæmur og furðanlega taumþægur, að hann skuli enn ekki vera búinn að slíta sig lausan. Hann minnist á það, að jeg hafi á »prívat«-fundi sagt, að jeg væri með því að afnema Möðruvallaskólann, og er það alveg satt; en að jeg hafi verið með því, að flytja hann suður í Reykjavík, það leyfi jeg mjer að lýsa helber ósannindi; og ef þm. vogar sjer að gefa kost á sjer til að bera á borð slík ósannindi fyrir mig eða aðra þingm. hjer á þingbekkjunum, þá fer jeg að sannfærast um, að hann er ekki lausbeizlaður.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing): Viðvíkjandi því, sem þm. N.-Múl. (J. Jónss.) sagði, þá skal jeg geta þess, að þegar fulltrúinn úr Suður-Þingeyjarsýslu var kosinn til Þingvallafundarins, þá kom ekki neitt til orða um að afnema Möðruvallaskólann, og því sannar atkvæði hans í því máli ekkert um vilja kjósenda hans. Að því er snertir Hljeskógaskólann, þá veit jeg ekki, hvaðan þm. kemur fróðleikur um atkvæðagreiðslu í fjárlaganefndinni. Jeg man nú ekki vel atkvæðagreiðsluna, en jeg þykist mega fullyrða, að jeg greiddi ekki atkvæði með styrk til hans um daginn.

Flutningsmaður (*Páll Briem*): Það eru nú orðnar töluvert langar umræður um þetta mál, og held jeg að nú megi sjá forlög þess, af því hvað h. þm. A.-Skapt. (Sv. Eir.) er meinlega með sjálfum sjer í dag.

Það eru deildar skoðanir manna um það, hvað gjöra skuli af skólanum. Sumir vilja flytja hann til Akureyrar, sumir til Reykjavíkur og sumir leggja hann við Flensborgarskólann.

Mótstöðumenn þessa frumvarps fá engu fram komið sjálfir, og þótt þeir sjeu ósampykkir sjálfir, þá geta þeir þó sameinað sig um, að hindra þá breytingu, sem mest útlit hafði til þess að ganga í gegn.

H. þm. A.-Skaptf. (Sv. Eir.) var eindregið með þessu frv. í byrjun, og sama er að segja um þm. V.-Skaptf. (Ól. P.); en nú eru þeir orðnir eindregið á móti. Þegar þannig má hræra í þingmönnum, er ekki

von að vel fari; en ekki er mótstöðumönnum frv. of gott að sigra á þennan hátt.

Árni Jónsson: Jeg skil ekki í h. þm. Snæf. (P. Br.). Hann talaði fyrst um, að menn skyldu ekki tala af kappi um málið. En síðasta ræða hans virðist þó benda til þess, og eigi bæta fyrir því, er beinzt er að þeim þm., er eigi eiga kost á að taka til máls aptur.

Þar sem h. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) kom aptur með raddirnar úr Húnavatnssýslu, þá tók jeg fram áðan, hvað stæði í fundargjörð þeirra, þar sem þm. (Þ. J.) var sjálfur viðstaddur, og mun því hafa heyrt þar fleiri og meiri raddir líka. Þar sem hann kvað liggja ýmsar aðrar ástæður en harðærið til þess, að skólinn væri illa sóttur, og mjer væri þær fullkunnar, þá veit jeg eigi, á hverju hann byggir það. Jeg þekki engar þess konar ástæður, sem þetta frv. bæti úr. Jeg tel það ekki ástæðu, þótt einhverjum kynni að þykja það meira í munni, að ganga á gagnfræðaskóla í Reykjavík, heldur en á Möðruvöllum.

Þar sem h. 1. þm. Norðmýlinga (J. Jónss.) var að tala um Þingvallafund í þessu máli, og atkvæði einstakra manna þar, þá virðist mjer hæpið að leggja eins mikið upp úr því og hann gerði. Málið horfir allt öðruvísi við eptir þessu frumv., en á Þingvallafundi, og jeg þekki þeim mun betur til en hann, að sumir þeirra norðanmanna, er greiddu atkvæði með því á Þingvelli, að »leggja Möðruvallaskólann niður», þeir mundu aldrei greiða atkvæði með þessu frv., eins og það liggur nú fyrir. Jeg ætla ekki að fara að þrátta við hann um rjettindi Norðlendinga til skólans, en þó hefir þess verið minnzt af mörgum, bæði fyr og síðar, að Hólastóll átti einu sinni miklar eignir, sem eru seldar, og landssjóður nýtur nú ávaxtanna af. Hefir því sumum bæði sökum þessa og svo fyrir Hólaskóla forna, sem stóð um margar aldir, ekki þótt ósanngjarnt, að einhver almenn menntastofnun stæði á Norðurlandi.

En jeg vil leyfa mjer að spyrja h. þm. Norðmýlinga (J. Jónss.) að því, hvernig honum hefði þótt fara, ef síðasta þing hefði ekki veitt Eiðaskólanum neitt fje, en skipað að leggja hann niður, og flytja kennsluna vestur að Hólum. Þá bárust engar glæsilegar sögur af Eiðaskóla, og jeg veit þm. (J. J.) er fullkunnugt um, að þær voru ekki allar órökstuddar. Þá sýndist ekki efnilegt að leggja honum fje, og ekki ástæða til að halda honum við. H. þm. (J. J.) hefir reyndar eigi skýrt frá því, hvort skólinn væri risinn af horleggjunum enn, en ætla má að svo sje, því annars vonast jeg eptir, að h. þm. (J. J.) hefði komið með frv. um, að leggja skólann niður eða færa hann suður eða vestur. Jeg hefði verið honum þakklátur, ef hann hefði komið með frv. um það, og mjer hefði þótt eðlilegra og nær, að hann hefði fylgt því máli, sem hann er svo gagnkunnugur, fram með kappi, heldur en þessu, sem jeg verð að álíta, að hann sje engan veginn eins kunnugur, og jeg held það sjeu ekki nærri eins miklar ástæður, að fara þannig með Möðruvallaskólann nú, eins og þær hafa opt verið að breyta eitthvað til með Eiðaskólann. Jeg vona að h. þm. beri þetta saman í tómi.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Eiríkur Briem.	Árni Jónsson.
Jón Jónss. 1. þm. N.-M.	Grímur Thomsen.
Jónas Jónassen.	Gunnar Halldórsson.
Ólafur Briem.	Jón Jónss. þm. N. Þ.
Páll Briem.	Jón Þórarinsson.
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Pálsson.
Þorleifur Jónsson.	Sigurður Stefánsson.

já:	*nei:*
Þorsteinn Jónsson.	Sveinn Eiríksson.
Þorv. Bjarnarson.	Þór. Böðvarsson.
Þorvarður Kjerúlf.	

2. gr. frv. felld með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Eiríkur Briem.	Árni Jónsson.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Grímur Thomsen.
Jónas Jónassen.	Gunnar Halldórsson.
Ólafur Briem.	Jón Jónss.þm.N.-Þ.
Páll Briem.	Jón Þórarinsson.
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Pálsson.
Þorleifur Jónsson.	Sigurður Stefánsson.
Þorsteinn Jónsson.	Sveinn Eiríksson.
Þorvarður Kjerúlf.	Þórarinn Böðvarss.
	Þorv. Bjarnarson.

3. gr. frv. samþ. með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Eiríkur Briem.	Árni Jónsson.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Grímur Thomsen.
Jónas Jónassen.	Gunnar Halldórsson.
Ólafur Briem.	Jón Jónss.þm.N.-Þ.
Páll Briem.	Jón Þórarinsson.
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Pálsson.
Þorleifur Jónsson.	Sigurður Stefánsson.
Þorsteinn Jónsson.	Sveinn Eiríksson.
Þorv. Bjarnarson.	Þór. Böðvarsson.
Þorv. Kjerúlf.	

Málinu vísað til 3. umr. með 11 atkv. gegn 8.

Frv. til laga um vínverzlunarsamþykktir (C. 325); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Þetta mál er þess eðlis, að jeg vona, að það þurfi ekki mikilla meðmæla; frv., sem hafa gengið í sömu stefnu, nefnilega að stemma stigu fyrir ofdrykkjunni, hefir verið hjer vel tekið; því hefir verið hreyft, hvort ekki mundi gjörlegt að banna algjörlega innflutning áfengra drykkja, og því verður ekki neitað, að enga vansælu mundi það hafa í för með sjer, þó slíkt væri bannað. Hjer er þó ekki farið fram á bann gegn innflutningi, heldur að eins takmörkun á sölu áfengra drykkja, og það því að eins, að yfirgnæfandi meiri hluti manna í heilu hjeraði sje á því máli; þetta frv. leggur hvorki hönd á einstaklinginn nje skerðir atvinnufrelsið, þar sem hægt væri í samþykktum þessum að undantaka veitingamenn, sem að meiru eður minnu leyti hafa atvinnu af verzlun með áfenga drykki.

Getur verið að menn segi, að óþarfi sje að gera slíkar samþykktir, því víða sje svo lítið um drykkjuskap; getur vel verið að svo sje víða, enda mundi þá afleiðingin sú, að í þeim hjeruðum kæmust slíkar samþykktir ekki á; en þó þær kæmist ekki á, þá mundi það þó fjölga þeim, sem berjast fyrir bindindi; því það eflir áhugann, þegar menn geta átt sigurs von í baráttunni fyrir góðu máli. Þetta frv. er einnig í samræmi við skoðanir þeirra, sem vilja efla hjeraðafrelsið, og vona jeg því, að þeir sjeu málinu hlynntir.

Landshöfðingi: Jeg ætla að láta þá skoðun mína í ljósi, að þetta frv. sje með öllu þýðingarlaust, því þar sem nýlega eru í gildi gengin lög, sem takmarka veiting og sölu áfengra drykkja, þá álít jeg alla frekari takmörkun óþarfa. Jeg álít einnig allan þann rekspöl, sem frv. fyrirskipar, til að koma á slíkum samþykktum, svo margbrotinn og flókinn, að það sje að eins til að fá lög, sem aldrei koma til framkvæmdar, að gera frv. að lögum; verð jeg því að vera frv. mótfallinn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 11 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Jón Jónss. þm.N.-Þ.	Árni Jónsson.
Jón Jónss. þm.N.-M.	Grímur Thomsen.

já:	*nei:*
Ólafur Briem.	Gunnar Halldórsson.
Páll Briem.	Jón Þórarinsson.
Sig. Stefánsson.	Jónas Jónassen.
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Pálsson.
Þorleifur Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.
	Þorv. Kjerúlf.

Eiríkur Briem og Þórarinn Böðvarsson voru eigi viðstaddir.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 331); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hygg jeg þurfi ekki að vera langorður, því þetta er sama frv., sem dagaði hjer uppi í nefnd 1887, og er því rækilega íhugað. Jeg leyfi mjer að óska, að málið gangi til 2. umr.

Jón Jónsson (þm N.-Þ.): Jeg verð að segja, að mjer þótti fjarskalega leiðinlegt að mál þetta skyldi koma nú inn á þing og ekki fyr, þar sem ógrynni af málum er á undan farið, og mörg ekki komin á dagskrá, en sem þó er fyrir alllöngu búið að útbýta. En jeg álít, að með frv. í þessa stefnu beri mjög að vanda sig, þar sem það snertir mikilsverðan og arðbæran atvinnuveg, og reynslan hefir sýnt, að vandasamt er að gefa lög um þetta efni, þar sem opt er búið að káka við laxalögin, en þó eru þau næsta óvinsæl; þriggja daga friðun á viku er mjög óvinsæl; sömuleiðis ákvæðin, sem banna að veiða með krók, en veiði með stöng heimiluð; það var áður á þingi haft það á móti veiði með krók, að hún væri svo «barbarjísk», þar sem opt kæmi fyrir að fiskurinn slyppi særður af króknum; en slíkt á sjer engu síður stað með stöngina, þegar laxinn sleppur, eftir að hann hefir gleypt öngulinn. Ennfremur eru ákvæðin um samveiði mjög viðsjál, þar sem rjetti einstakra manna gæti orðið tilfinnanlega hallað eptir þeim.

Eg hefi kynnt mjer þetta mál nokkuð, og í sumar hefi jeg talaði við fleiri en einn merkra manna, er þekkja vel til laxveiða; hefir þeim komið saman um, að rjettast sje að láta breyting á laxalögunum bíða enn um stund, og safna meiri reynslu.

Frumv. það, er hjer liggur fyrir, hefir ýmsar breytingar frá lögunum, en þó enga þeirra, sem lagfæri það, sem helzt er að þeim; álít jeg því, þar sem tíminn er svo naumur, að bezt sje að láta málið ekki ganga lengra að þessu sinni, í von um að flutningsm. vinnist tími til næsta þings til að safna skýrslum og upplýsingum hvervetna um land, um þetta mál. Jeg vona, að jeg misbjóði engum hjer í deildinni, þó jeg segi, að mjög fáir h. þingdeildarmanna muni, eins og nú á stendur, vera færir um, að setja föst lagaákvæði um þetta efni.

Jón Þórarinsson: Af því jeg er samdóma h. þm. N.-Þing. (J. J.) um, að þetta er vandamikið og mikilsvert mál, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan um nefnd felld með 11 atkv. gegn 5.

Sigurður Stefánsson: Þar sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) hefir viðurkennt, að laxalögin frá 19. febr. 1886 væru óhagkvæm, þá virðist mjer það ástæða með en ekki móti því að íhuga þau; en þar sem á honum var að heyra, að hann hefði sett sig inn í þetta mál, þá er líklegt, að hann komi með breytingar þær er, hann álítur hentugar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 5.

Þrítugasti og þriðji fundur, fimmtudag 8. ág., kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje (C. 365, 424); 3. umr.

Þorvaldur Bjarnarson: Mjer virðist frumv. þetta kom of nærri rjettindum kirkjueigandans. Jeg hefi ávallt skilið svo, sem kirkjueigandi hefði ábyrgð á því, að kirkjan væri í góðu standi. En eins og jeg hefi skilið svo, að kirkjueigendur hefðu þessa skyldu, eins hefi jeg og ætíð skilið svo, að þeir hefði rjettindi, rjettindi til að hafa fje kirkjunnar undir sinni hendi, en þurfi ekki að fleygja því á vöxtu hingað og þangað. Þegar lögin skylda eigandann til að hafa kirkjuna í góðu standi, þá skil jeg ekki, að þingið hafi heimild til, að svipta eigandann því fje, sem þarf til þess að halda kirkjunni í standi; þegkirkjubóndinn hefir eignarskyldu til að halda kirkjunni við, þá hlýtur hann og eptir mínum skilningi að hafa eignarhelgi að tekjum kirkjunnar. Jeg þekki því ekki, að þing eða stjórn hafi nokkra heimild til að svipta hann ávöxtunum af kirkjufjenu. Það er líka víðast svo, að kirkjan á meira eða minna í heimalandi staðarins og er það óslítanlegt frá eign bóndans sjálfs og er þannig næg trygging fyrir fje því, sem er í vörzlum kirkjubóndans. Jeg skil ekki, að h. stjórn geti fellt sig við, að gengið sje svona hroðalega nærri eignarrjettinum.

Þetta álít jeg nóg til að sýna, að þetta frumv. sje ómögulegt. Það væri næsta hart, ef þingið gjörði kirkjueigandanum að skyldu, að hafa allt viðvíkjandi kirkjunni í góðu standi, en meinaði honum þó að hafa yfirhönd yfir fjenu. Jeg held það sje nóg, þegar prestar, prófastar og biskup hafa yfirumsjón með fje kirkjunnar og segja til, hvort kirkjan er í góðu standi. Reyndar hafa þessir hjer, að minni meiningu, allt of mikið vald, því það ætti að vera á valdi safnaðarins, sem nýtur kirkjunnar og sækir hana og borgar til hennar, að segja til, hvort hann er ánægður með ástand hennar eða ekki. En að gjöra það ómögulegt, sem mögulegt á að vera, og rangt, sem rjett á að vera, það sje jeg ekki að þingið geti sóma síns vegna. Jeg vona, að h. þingd. sjái, að jeg hefi rjett að mæla í því, sem jeg nú hefi sagt. Hver getur afleiðingin orðið, ef þingið fer að hegða sjer svona? Það getur farið svo á endanum, að það ekki einungis fari í vasa einstaklinganna, heldur taki jafnvel vasann með.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, þar sem h. þingd. samþykkti það, sem hjer liggur fyrir af hinu upphaflega frumv.

Nefndin hefir leyft sjer, að koma með litla viðaukatill (C. 424) við frumv., eptir bendingu, sem kom fram við 2. umr. málsins. Það stendur svo á, að einstöku bændur hafa kostað svo miklu fje til kirkna sinna, að ef greiða ætti alla vexti af skuld þeirra kirkna, þá hrykki sjóðurinn ekki til þess. Þess vegna höfum við nefndarmenn komið með breytingartillögu um, að þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, er hver kirkja hefir afgangs árlegum útgjöldur sínum, skuli falla niður. Með þessu ætla jeg að öll gjöld kirkjunnar geti orðið greidd svo, að með tímanum geti safnazt sjóður einnig fyrir þessar kirkjur.

Að öðru leyti skal jeg ekki tala um frumv.

Jeg gat búizt við þeirri spurningu, hvort þessi lög ættu einnig að ná yfir bændakirkjur. Jeg held, að öllum hljóti að vera ljóst, að frumv. ætlist til þess, að bændakirkjur heyri einnig undir lögin. Jeg álít nú reyndar, að það hefði verið rjettarbót að frumv., þó það hefði ekki náð yfir bændakirkjur, en jeg get ekkert sjeð á móti því, að þær komist inn í lögin líka.

H. þm. Rangv. (Þ. Bj.) þótti of nærri gengið rjettindum kirkjueigandans í þessu frumv. Hann kemur mjer aldrei í skiln-

um, að svo sje. Því að tekjur, sem söfnuðurinn hefir lagt til kirkju, eru í rauninni aldrei og geta aldrei verið kirkjubóndans eign; þær eru eign safnaðarins í raun og veru. H. þm. vill láta kirkjubóndann nota tekjurnar eins og hingað til. En hver hefur afleiðingin orðið? Hjá all-flestum sú, að bændurnir hafa notað tekjurnar til að borða þær, og söfnuðirnir hafa haft kirkjur, sem voru alveg óbrúkandi. H. þm. vill halda fram hinum sömu rangindum gagnvart söfnuðunum, sem átt hafa sjer stað að undanförnu. Hann sagði, að flestar kirkjur ættu meira eða minna í heimalandi staðarins, og væri það næg trygging fyrir fje hennar. En jeg vil spyrja: hvernig fer, ef kirkjubóndinn jetur upp ekki aðeins allar tekjur kirkjunnar, heldur jetur líka út heimalandið? Hvað er þá til tryggingar? Hann sagði, að bóndinn ætti að halda kirkjunni í góðu standi. Það er rjett. En með hverju getur hann gjört það, þegar hann er búinn að jeta upp tekjur hennar? Og þó kirkjubóndinn eigi að sjá um, að kirkjan sje í standi, þá er ekki þar með rjett, að hann ráði yfir fje hennar. Skoðað frá kirkjubóndans hlið er hann í rauninni ekki sviptur fjenu, þótt það sje lagt í sjóð. Jeg verð að segja, að h. þm. Rangv. breyti ranglega gagnvart söfnuðunum, sem of lengi hafa mátt þola þennan ójöfnuð, ef hann greiðir atkv. móti þessu frumv. Jeg álít það alveg nauðsynlegt, að lögin nái líka yfir bændakirkjur, og jeg sje heldur ekki hið minnsta því til fyrirstöðu. Jeg skal einnig leyfa mjer að taka fram, að ákvæði frumv. þessa er engin ný bóla; en það er alveg nýtt, sem þm. fer fram á. 6. maí 1684 kom út konungsbrjef um það, að allir kirkjueigendur skyldu gjöra biskupi og fógeta konungs reikningsskil fyrir tekjum kirknanna. Konungur hefir því litið svo á, sem kirkjubændurnir ættu ekki þetta fje, heldur væri það opinbert fje. 6. maí 1740 kom út konungsbrjef um sama efni. Sá, sem þá rjeð mestu í kirkjulegum málum hjer á landi, mag. Jón Árnason, sagði, að gjald, sem bændur greiddu til kirkna sinna, heyrði undir yfirumsjón kirknanna sem eign safnaðarins. Hið sama er í kgsbrj. 1747, sem nú er farið eptir í þeim málum, og bændur, sem kirkjur eiga, gjöra reikningsskil árlega. Eptir þessum skilningi á kirkjubóndinn ekki tekjur kirkjunnar, og á þess vegna að gjöra full reikningsskil fyrir þeim, til þess að það sjáist, að hann eyði þeim ekki í sínar þarfir. Þau ákvæði í þessu frumv., sem lúta að þessu, eru því engin nýmæli. Vona jeg nú, að allir skilji, að það sje nauðsynlegt, að sömu ákvæði gildi um kirkjur, sem eru bændaeignir, eins og um aðrar kirkjur, einmitt til þess, að kirkjubóndinn eyði ekki fje kirkjunnar, sem hann á að halda í standi, já sómasamlegu standi. Það er hægt að segja ljótar sögur af því, hvernig fje kirkna hefir verið sóað, þangað til engin ráð hafa verið til að byggja þær upp eða halda þeim í góðu standi.

Landshöfðingi: Jeg verð í flestu að vera samdóma h. þm. Rangv. (Þ. Bj.), að því er snertir eigendur bændakirknanna, sem frumv. fer fram á að svipta öllum umráðum yfir fje kirknanna. Ef jeg hefði ekki verið sannfærður um, að frumv. mundi falla við 2. umr., þá hefði jeg vakið máls á þessu áður. Jeg get ekki fallizt á þá skoðun h. framsögum. (Þ. Böðv.), að það sje sama máli að gegna með tekjur bændakirkna og annara kirkna, og að kirkjueigendur hafi ekki meira vald yfir sjóð kirkna sinna, en beneficiarii yfir benficærkirknafje, álít jeg ekki rjetta skoðun. H. framsögum. sagði enn fremur, að bændakirkja væri eins illa komin, ef sjóði hennar væri eytt, eins og beneficærkirkjan. Jeg get heldur ekki fallizt á það. Hann sagði, að einasta tryggingin fyrir viðhaldi og uppbyggingu bændakirknanna væri sú, að þær ættu part í heimaland-

inu. Þetta er heldur ekki rjett, því að lögum má aldrei að skilja kirkjuhlutann og bændahlutann af heimalandinu, og þar af leiðir, þegar kirkjubóndinn ekki hefir getað staðið í skilum eða borgað aðgerð á kirkju, þá er öll eignin seld, til að fullnægja skyldu hans, og kirkjan heldur sinni eign óskertri, eptir sem áður, gagnvart hinum nýja kirkjubónda. Það er auðvitað, að sá, sem kaupir jörðina með þeirri kvöð, að byggja kirkjuna, gefur minna fyrir hana en hún er verð í sjálfri sjer, en sá skaði lendir eingöngu á hinum fyrri eiganda, sem ekki stóð í skilum við kirkjuna. Trygging kirkjunnar verður hin sama eptir sem áður, þar sem öll eignin stendur aptur fyrir því fje, sem hinn nýi kirkjubóndi fær umráð yfir, eins eptir að hann er búinn að byggja kirkjuna upp eins og áður. Það getur þannig aldrei lent á söfnuðinum, að byggja upp kirkju, þó kirkjubóndinn hafi eytt fje hennar. Reyndar eru til ýmsir konungsúrskurðir, sem skipa kirkjueigandanum, að gera árlega reikningsskil fyrir fje kirkjunnar; en það hefir aldrei verið álitið, að hið opinbera hefði neinn rjett til að skylda kirkjueigandann til að hafa jafnan á reiðum höndum sjóð kirkjunnar. Þegar því frv. kveður svo á, að hver kirkjubóndi skuli greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ árlega af því fje kirkjunnar, sem hann hefir undir hendi, unz sjóðurinn er allur goldinn, þá er þetta alveg ný kvöð, sem er allsendis óheimil í gildandi lögum og rjettarvenju, og ósamrýmileg við þau eignarumráð, sem eigandi bændakirkju allt frá upphafi hefir haft yfir fje kirkjunnar. Þess vegna held jeg, að frv. þetta, eins og það nú er orðað, geti aldrei náð konunglegri staðfestingu. Ef frumv. hefði að eins náð til beneficærkirkna, þá hefði það að líkindum náð fram að ganga, en þetta frumv. gengur of nærri eignarrjetti bændakirkjueigendanna, til þess að það geti náð staðfestingu. Eins og h. framsögumaður veit, er til einn flokkur af bændakirkjum, sem nefndar eru landssjóðskirkjur, og landssjóður er sem eigandi þeirra alveg sömu kjörum undirorpinn, sem aðrir bændakirkjueigendur. Hvernig færi, ef landssjóður ætti að gera reikning fyrir fje kirkna hans, og borga $^1/_{15}$ árlega í hinn almenna kirkjusjóð af því, sem þær teljast eiga í sjóði, hann, sem hefir lagt fram stórfje til að byggja sínar kirkjur, án þess það sje nokkurn tíma talið kirkjunum til skuldar í portionsreikningum þeirra? Það er reglulega spaugilegt, að eptir reikningum þessara kirkna eiga þær stórfje í sjóði, t. d. Bjarnarneskirkja, sem telzt eiga 2000 kr. í sjóði, þó landssjóður hafi lagt fram árin 1885—87 yfir 4000 kr. henni til endurbyggingar.

Sama er að segja um dómkirkjuna í Reykjavík. Það er talið að hún eigi 966 kr. í sjóði; en allt það fje, sem landssjóður hefir kostað til aðgerðar á henni, kemur ekki til reiknings; það er skoðað eins og gjöf, af því að það er veitt í fjárlögum. Jeg verð þess vegna að halda því fast fram, að frumv. eigi ekki að ná til bændakirkna, heldur einungis til beneficær-kirkna.

Þá er breytingartillagan við frumv., sem jeg á heldur ekki gott með að skilja. Kirkja getur eptir frumv. fengið lán úr kirknasjóði. En eptir breytingartill. eiga þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, sem kirkjan hefir afgangs árlegum útgjöldum, að falla niður. Þannig getur svo farið, að kirknasjóðurinn missi vexti af fje, sem hann lánar út. Þessi breytingartill. miðar því alls ekki til bóta, en hún getur orðið aðhald fyrir stiptsyfirvöldin eða umsjónarmenn hins almenna kirkjusjóðs, að lána ekki þeim kirkjum mikið fje úr sjóðnum, sem fátækar eru, og því mest þurfandi fyrir lán. Jeg held það sje þess vegna hreinlegast, að láta frumv. þetta ganga sömu leiðina eins og frumv. um tekjur presta. Prest-

ar og kirkjur fylgjast ávallt svo mjög að, að bezt er að frumvörp um tekjur þeirra fylgi hvort öðru í lífi og dauða.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir það, að hann hefir svarað mótbárum h. flutningsmanns (Þ. Böðv.) og þannig gert mjer hægara fyrir. Frumv. það, sem liggur fyrir og ummæli h. flutningsmanns (Þ. Böðv.) eru, sem mjer virðist, ekki svo ljúf, að þau gefi tilefni til að vera rangsýnn og ganga fjarri sanni. Því þótt þetta kunni að sýnast meðal hinna hárfínu rjettartilfinninga, sem fást mun í rjetti þeim, sem í kirkjunni finnast kann, og ef hin sama rjettartilfinning ríkti bæði hjá stjórn og þingi, þá væri sannarlega enginn of-alinn á rjettarsmíði þeirri, sem þannig hlyti að gilda sem lög, bæði í og utan kirkju.

Sá, sem jeg á hjer orðastað við, jeg meina ekki hæstv. landshöfðingja, hefir sjálfur umsjón með kirknagóssi, og ætti því að geta skilið, að þegar kirkjan bíður tap, lendir það á söfnuðinum, að því leyti sem það ekki lendir á kirkjueiganda, en hvorki prófasti nje presti; er því eðlilegra, að söfnuðurinn hafi umsjónina, en þeir, hversu kirkjulegir sem þeir kunna að vera.

Kirkjan við kemur trú og guðlegri þjónustu, og þeir, sem eiga að njóta hennar, sem sje söfnuðurinn, eiga að dæma, hvort kirkjan er í því ástandi, að þjónustan megi vel, sómasamlega og lýtalaust fram fara, en eigi prófastur nje prestur, sem þjónustuna eiga að veita.

Prestarnir kenna, að maður eigi ekki að fara eptir bókstafnum, heldur eptir andanum; en stundum, þegar þeim finnst það betur við eiga, segja þeir: Nú skulum við fara eptir bókstafnum; hvort sem það nú kann að vera sprottið af misskilningi eða eigi; en mjer finnst það eðlilegra eptir skapaðri tilfinningu, að farið sje eptir andanum í öllum greinum.

Jeg vona nú, að þessi vangetningur og vansmíðingur, sem sje frumv., sem hjer liggur fyrir, eigi sjer ekki langan aldur, heldur leggist í gröfina á þessu stigi málsins.

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að munur væri á bændakirkjum og ljenskirkjum, þá er það satt, að það er nokkur munur á sambandi því, er þær standa í við hið opinbera. En þessi munur er ekki svo mikill að mínu áliti, að sagt verði, að gengið verði of nærri eignarrjetti manna, þótt ákvæði þau, sem í frumv. standa, einnig giltu um bændakirkjur. Löggjafarvaldið hefir áður álitizt hafa fullan rjett til þess að gefa ákvæði, sem hafa breytingu á tekjum þessara kirkna í för með sjer, án samþykkis kirkjueiganda, t. a. m. breytingar á tíundarlögunum. Sömuleiðis getur löggjafarvaldið og gefið reglur fyrir því, hvernig með tekjur bændakirkna skuli fara.

Hins vegar álít jeg það nauðsynlegt, að settar sjeu reglur fyrir meðferð á fje bændakirkna, eins og ljenskirkna, og gæti fellt mig við, að sú breyting yrði gerð á frumv., að það næði að eins til ljenskirkna; en þar sem málið nú liggur fyrir til 3. umr., er ekki hægt að breyta því, nema það verði gert, þegar það kemur til Ed., eða ef það væri tekið út af dagskrá í dag.

Hæstv. landshöfðingja þótti breytingartill. nefndarinnar eigi vera til neinna bóta; en mjer finnst hún vera með öllu nauðsynleg. Það er nauðsynlegt að tryggja það, að kirkjur geti eignazt sjóði, svo að þær geti byggt sig upp fyrir eigið fje, þegar þörf gerist. Sú hugmynd, að kirkjan taki lán, sem gangi yfir á eptirkomendurna, er tiltölulega ný. Það er víst eigi fyrr en um 1860, að menn hafa þess dæmi, að rentuskuld er lögð á kirkju, þannig að hún fylgi prestakallinu. Þetta getur haft það í för með sjer, að skuldin

verður svo mikil, að allar tekjurnar ganga til þess að borga hana, og enginn sjóður því geti myndast. Þegar svo þarf að byggja kirkjuna upp, verður að fá nýtt lán, sem einnig leggst á prestakallið, og verður svo sí-vaxandi byrði á því.

Breytingartill. fer fram á verulega breytingu á hinu núverandi ástandi til bóta; ef hún nær fram að ganga, getur kirkjan eigi tekið hærra lán en svo, að helmingur tekjanna nægi til þess að borga vextina með; má þá verja hinum helmingnum til þess að borga skuldina, og er þannig komið í veg fyrir, að kirkjur komist í svo mikla skuld, að tekjurnar hrökkvi ekki fyrir vöxtunum, og verði því ekkert borgað af henni, heldur flytjist hún yfir á eptirkomendurna. Þegar svo þarf að byggja kirkjuna upp, er ekkert til, heldur verður að taka nýtt lán, er einnig leggst á prestakallið. Það eitt finnst mjer geta komið til álita gegn frumv., sem fer í þá átt, að losa presta við ábyrgð á kirkjum og álagsgreiðslu, ef til kæmi, að menn mundu ef til vill verja meiru fje til kirkjubygginga, þegar þeir eigi taka það frá sjálfum sjer, heldur en nauðsyn er á, ef engin varnagli er hafður fyrir því, og líti eigi svo mjög á hag prestakallsins sem á hitt, að hafa kirkjuna sem veglegasta, einkum þar sem eptirlitið með byggingarreikningunum er ekki ætíð sem fullkomnast.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg hefði verið hæstv. landshöfðingja mjög þakklátur, ef hann hefði komið með mótbárur sínar við hinar fyrri umr. málsins; því á þessu stigi þess er eigi hægt að breyta því.

Hæstv. landshöfðingi tók fram, að munur væri á bændakirkjum og ljenskirkjum; en jeg verð að geta þess, að rjettur gjaldenda nær bæði til bændakirkna og ljenskirkna, og jeg verð að neita því, að tekjur kirknanna sjeu eign bænda.

Hæstv. landshöfðingi benti mjer á, að eigi mætti selja eign kirkna nema því að eins, að þær fylgdu með í kaupunum. Þetta vissi jeg vel áður en hann fræddi mig á því; en eigi finnst mjer næg trygging fyrir því, að vel sje farið með eignir þeirra, liggja í þessu. Jeg tek til dæmis, að sjóður einnar kirkju sje upp jetinn, jörðin og kirkjan svo seld, og kirkjusjóðsupphæðin dregin frá kaupverði jarðarinnar; hinn nýi eigandi á svo jörðina nokkurn tíma og eyðir tekjunum, selur hana svo aptur, og dregur enn kirkjusjóðinn frá jarðarverðinu; og svona gengur það koll af kolli, þangað til að það þarf að byggja upp kirkjuna; þá er ekkert til nema jarðarskrokkurinn, sem stendur að veði fyrir kirkjusjóðnum. Er þá eigi annað fyrir hendi en að kirkjan verði að falla, því eigi má selja jörðina undan kirkjunni.

Í frumv. þessu er eigi farið fram á, að kirkjubóndi skuli láta sjóðinn af hendi við nokkurn annan mann, heldur að eins greiða $^1/_{15}$ hluta hans á ári í hinn almenna kirkjusjóð, og á það að geymast þar, svo það glatist eigi. En jeg efa mikillega, að sjóður bændakirkna sje eign kirkjueigenda; en sje svo, þá á hann tiltölulegan hlut í hinum almenna kirkjusjóð.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi sagði um landssjóðskirkjur, skal jeg geta þess, að mjer þætti ekki óeðlilegt, að þær væru látnar gefa árlega reikning um hag sinn, alveg eins og aðrar kirkjur. Landssjóður yrði náttúrlega að halda þeim við framvegis, eins og hann hefir gjört hingað til; en reikninga þeirra væri fróðlegt að fá að sjá. Þessar tillögur fara í þá átt, að koma í veg fyrir, að eigum kirkna sje eytt, og að þær komi kirkjunum sjálfum til góða.

Aðfinningar hæstv. landshöfðingja geta því eigi komið mjer til þess að taka málið út af dagskrá eða hverfa frá því; en það er annað, sem kemur mjer til þess, að biðja h. forseta að taka málið út

af dagskrá í dag, og það er það, að hæstv. landshöfðingi lýsti yfir því, að það mundi eigi ná staðfestingu stjórnarinnar í því formi, sem það nú er í. Jeg bið því h. forseta að taka það út af dagskrá og mun gjöra á því þá breytingu, að það nái að eins til ljenskirkna; því þótt það nái að eins til þeirra, álít jeg það talsverða rjettarbót; en jeg verð að halda því fast fram, að engum hefði verið órjettur gjörður, þótt frumv. hefði orðið að lögum eins og það nú liggur fyrir. Hvað því viðvíkur, að þetta frumv. ætti að verða prestatekjufrumv. samferða í gröfina, þá get jeg eigi verið hæstv. landshöfðingja samdóma um það, því jeg álít þetta litla frumv., sem borið er upp af einum þm., eigi þess vert, að það verði lagt í sömu gröf og hið mikla stjórnarfrumv.

— Málið var því næst tekið út af dagskrá.

Frumv. til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 364); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Nefndin hefir ekkert frekara að segja um frumv. þetta; það hefir verið samþykkt við hinar fyrri umr. Ein breyttill. er komin fram, og skal jeg ekkert um hana tala, hvorki með eða móti. Það væri náttúrlega gott, ef meira fengist fyrir hina þar um ræddu jörð, en nefndin hefir farið fram á; en ef verðið er fært upp, er það tvísýnt, hvort hún verður keypt, og á landssjóður þá á hættu, að jörðin, sem nú liggur í eyði, skemmist, og tvísýnt að hún seljist síðan fyrir þetta verð.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. við frumv. þess efnis, að 3. töluliður falli burt.

Jeg hef leitað mjer upplýsinga um jörð þá, sem þar er talað um, og þótt þær sjeu eigi brjeflegar, ímynda jeg mjer þó, að þær sjeu sannar og áreiðanlegar. Svo er ástatt, að jörðin liggur nú í eyði og er notuð eins og nokkurs konar ítak af bóndanum á næsta bæ. Engjar jarðarinnar eru ágætar og mikils virði, enda eru þær aðalkostur jarðarinnar, og er eigi hætt við að þær eyðileggist, nema af náttúrunnar völdum. Þótt nú væri dregið að selja þessa jörð, gæti sami maðurinn haft afnot hennar eins og hingað til; en ef batnar í ári, er mjög líklegt að jörðin byggist og landssjóður geti fengið talsvert meira fyrir hana en farið er fram á í frumv. þessu. Ef sá sem nú vill kaupa jörðina hefir peninga á reiðum höndum, getur hann sett þá á vöxtu og haft jörðina til afnota framvegis, eins og hann hefir hingað til haft. Sá orðrómur liggur á, að meira mundi fást fyrir jörð þessa, ef hún væri seld við opinbert uppboð, heldur en farið er fram á í frumv.

Mjer sýnist því rjettast að bíða með að selja jörð þessa og sjá hverju fram vindur.

Ólafur Pálsson: Jeg hef nú enga upplýsingar fengið í þessu máli síðan við 2. umr. Jeg skal geta þess, að nefndin setti verð á þessa jörð eptir þeim skýrslum, sem lágu fyrir henni, og eptir hundraðatali jarðarinnar er hún of lítið seld. Getur vel verið, að það borgi sig samt, að fresta sölunni, þótt það sje mjög vafasamt, hvort nokkur vill gefa meira fyrir jörðina en farið er fram á í frumv., þótt slægjur kunni að vera þar dágóðar. Amtmanninum, sem þekkir til jarðarinnar, þykir og verðið hæfilegt, og eigi of lágt, og eptir því fór jeg að mestu leyti. Jeg verð því að vera með því, að jörðin sje seld fyrir áminnzt verð.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 6 þm. (C. 424) samþ. með 13 samhljóða atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 19 atkv., og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika yrkta lóð í kaupstöðum (C. 287); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Þetta meinlausa frumv. hefir verið samþykkt við hinar fyrri umræður, og vona jeg að eins fari nú. Frumv. þetta gefur hverjum þeim, sem á blett í kaupstöðum, rjett til þess að láta meta hann til dýrleika á sinn kostnað, og finnst mjer eigi eiga að neita mönnum um þenna rjett, sem getur komið sjer vel fyrir þá t. a. m. ef þeir ætla sjer að fá lán eða því um líkt. Þetta er almennur rjettur, sem gefinn er, og eigi um neina einstaka jörð að ræða; geta menn því eigi haft á móti frumv. af þeirri ástæðu, eins og menn af misskilningi gjörðu við 1. umræðu.

Jeg hef heyrt á einstöku þm., að þeir hafi haldið, að menn hefðu bak við eyrað að losast við gjöld af lóð sinni, með því að láta virða hana; en þetta er misskilningur; menn losast eigi við nein gjöld af þeirri ástæðu, og er fyrir því fallinn dómur hjer í Reykjavík. Eigi er það heldur nein mótbára gegn frumv., að fáir muni nota þennan rjett; jeg skal láta ósagt, hve margir þeir verða, er nota hann, en þeir um það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var samþykkt með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Árni Jónsson
Sigurður Jensson	Eiríkur Briem
Gunnar Halldórsson	Grímur Thomsen
Jón Þórarinsson	J. Jónss. (þm. N.-M.)
Jónas Jónassen	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
Sigurður Stefánsson	Ólafur Briem
Sveinn Eiríksson	Ólafur Pálsson
Þórarinn Böðvarsson	Páll Briem
Þorlákur Guðmunds.	Þorleifur Jónsson
Þorsteinn Jónsson.	Þorvarður Kjerúlf.
Þorvaldur Bjarnars.	

Frumv. til laga um breyting á 42. gr. tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 161, 317); frh. 1. umr.

Frumv. tekið aptur af flutningsmanni.

Frumv. til viðaukalaga við tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 318); 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Oss nefndarmönnum kom saman um það, að ekki væri tiltækilegt að þessu sinni, að breyta sveitarstjórnarlögunum í einstökum atriðum, en hins vegar þótti okkur ekki illa til fallið, að koma fram með viðauka við þau; það er auðvitað ekki mikið nýmæli sem hjer er farið fram á; en nefndin áleit að það mundi þó verða til þess, að gjöra sveitarstjórnirnar sjálfstæðari, og undir eins ötulli og árvakrari, og vekja hjá þeim ábyrgð fyrir skyldu sinni meiri en nú er. Eins og nú stendur eru hreppsnefndir og sýslunefndir eins og ómyndugar persónur undir forsjá þeirra háu amtsráða; auðvitað mundi nokkur bót á þessu ráðin, ef það kæmist í lög, að einn maður úr hverju sýslufjelagi sæti í amtsráði, en þar sem amtsráðin eru nú svo snubbótt og fámenn, þá álít jeg vel við eiga að gefa hreppsnefndum og sýslunefndum meira vald. Þar sem þetta er 1. umr. málsins skal jeg ekki orðlengja frekar um þetta, en óska að eins, að h. deild fari mjúkum höndum um frumv.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 354); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. með 16 samhlj. atkvæðum.

Frumvarp til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barða-

strandar prófastsdæmum (C. 160, 407); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Þetta mál, er eins og kunnugt er, komið frá h. Ed., og fer það fram á nokkra breyting á brauðaskipan í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum. Nefndin sem þessi h. deild setti í þetta mál, hefir ekki getað orðið sammála, þar sem einn nefndarmaðurinn ræður frá að samþykkja frv., af því það muni ekki vera vilji hlutaðeigandi sókna. Tekjur þessara brauða eru allvel við unandi, og sveitirnar allgóðar; oss virðist því eigi tiltök að bæta neitt þeirra upp, nema ef vera skyldi Hjarðarholt; en bæði er það í góðri sveit og bújörð ágæt, svo nefndinni hefir ekki heldur þótt ástæða til þess.

Ef þetta frv. verður samþykkt, þá græðir landssjóður, aldrei þessa vant; það eru 300 kr., sem samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 leggjast Garpsdal, því oss virðist óþarfi að bæta upp Saurbæjarþingin sameinuð Garpsdal.

Jeg hefi heyrt, að söfnuðirnir hafi frá upphafi verið óánægðir með þessa stórkostlegu breytingu; en nú er blaðran sprungin og söfnuðirnir vilja hafa breytinguna, meðfram af óánægju með prest eða presta, og er það máske ekki ástæðulaust; þessi núverandi brauðaskipun er orðin eptir ósk hlutaðeigandi hjeraðsfunda og safnaða; en úr því þeir nú vilja breyta því aptur, eins og jeg hefi fyrir satt, þar jeg hef það eptir nákunnugum manni, þá sá nefndin ekkert á móti, að samþykkja þann vilja þeirra.

Sigurður Jensson: Þegar jeg stakk upp á nefnd í þessu máli, þá gekk mjer það mest til, að jeg vildi geta kynnt mjer ýtarlega skjöl þessa máls, áður en jeg ætti að greiða atkvæði í því.

Nefndin hefir nú komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki þyrfti uppbót úr landssjóði handa neinu af brauðum þessum, og h. flutningsm. þessa máls í Ed. hefir gengið inn á það, að það væri ekki nauðsynlegt. Þegar jeg svo spurði hann að, hvort þetta frv. þannig lagað mundi fullnægja óskum hlutaðeigandi safnaða, þá kvaðst hann ætla það, og hann ræður fastlega til að láta málið fá framgang á þessu þingi. En jeg hefi nákvæmlega kynnt mjer skjöl þessa máls og get ekki verið eins sannfærður um, að söfnuðirnir verði ánægðir með þessar breytingar, og þar sem hjer er ekki um neitt fjárspursmál að ræða fyrir landssjóð, þá virðist rjettast að fela söfnuðunum sjálfum, að koma breytingunni á, eins og jeg ætla að hægt sje eptir 4. gr. prestakallalaganna með samþykki hjeraðsfundar, biskups og landshöfðingja. Jeg álít, að þingið eigi sem minnst að fást við þess konar breytingar á skipun sókna og brauða, heldur fela söfnuðunum með ráði hjeraðsfunda, og samþykki biskups og landshöfðingja, að ráða þeim málum til lykta; einungis þar sem um ný fjárframlög er að ræða, verður þingið að hafa með höndí bagga. Jeg álít það heppilegra fyrir mál lík þessu, að þau liggi undir úrskurð biskups, heldur en að alþingi skeri úr þeim; því að biskupinn ætti að geta haft grundaðri skoðun á þessu en margir þm., að þeim ólöstuðum, því að það er óhugsandi, að allir þingmenn geti haft tíma til að kynna sjer öll skjöl málsins, svo til hlítar sje.

Mín tillaga er því, að fella málið nú, og annaðhvort láta það bíða næsta þings, eða taka það til meðferðar eptir 4. gr. prestakallalaganna, eins og jeg hefi bent til.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg hefi enn ekki getað sannfærzt af ástæðum h. minni hluta. Aðalástæðan er sú, að málið sje ekki nægilega undirbúið, en jeg álít að mjög tvísýnt sje, hvort það fær nokkurn tíma betri undirbúning, og það er ljóst á öllu, sem fram hefir komið, að áhugi er á, að fá þessa breytingu, og þar sem áhugi er á málinu, þá

get jeg ekki fallizt á að fella málið nú; en að vísa málinu til safnaðanna og stjórnarinnar, þá get jeg ekki heldur fallizt á það, þar sem um svo stóra breytingu er að ræða, og hef jeg þó sama skilning á þessu atriði og 1887; jeg ímynda mjer, að landsstjórnin vilji ekki gjarnan taka uppbót af brauðum, sem þeim er ákveðin með lögum, og beina henni í landssjóð, eins og mundi eiga sjer stað með 300 kr. uppbót á Garpsdal í þessu tilfelli; því ef slíkt yrði að reglu er jeg viss um, að það mundi valda óánægju. Jeg álít því rjettast, að fallast á álit meiri hlutans í þessu máli, því bæði er það, að dráttur á þessu mun valda óánægju, og hins vegar mun tillaga h. minni hluta (Sig. J.) hljóta mótspyrnu hjá stjórninni; því jeg verð að efast um, að það sje rjettur skilningur á 4. gr., þó jeg álíti það rjett, að það þurfi ekki að koma til þingsins, þegar um ekkert fjárspursmál er að ræða. En þegar um fjárspursmál er að ræða, er jeg jafnmikið á móti því, að láta umboðsstjórnina taka tekjur frá brauðum og láta í landssjóð, og hinu, að leyfa henni að taka fje úr landssjóði og leggja til brauða.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C. 389, 408); síðari umr.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Nefndin hefir enn reynt að laga þessar tillögur, svo að þær falli deildinni betur í geð.

Þegar ákvæðið um, að prófastur rjeði kennarann, var fellt úr tillögunum, þá voru menn þó ekki á móti því, að einhver hefði það starf á hendi, að hlutast til um kennararáðninguna, og heyrðist mjer flestir, sem ljetu skoðun sína í ljósi, vera á því, að sóknarpresturinn hefði það á hendi; í þessu hefir nefndin látið eptir h. þingdeildarm., og sett inn í tillögurnar, »að kennarinn sje ráðinn með samþykki prests»; nefndin heldur fast við það álit, að einhver nýtasti maðurinn, sem kostur er á, ráði kennarann, ekki af því, að aðrir geti ekki verið eins heppilegir, heldur af því, að presturinn opt er eini embættismaðurinn, sem er í sveitinni, og opt ekki völ á öðrum, er hæfir sjeu til að ráða kennara. Ef um tvo kennara er að velja, þá getur verið, að sá, sem heldur skóla uppi, velji fremur þann, sem ódýrari er, enda þótt hinn sje betri; en slíkt kæmi síður fyrir um prestana. Af því það hefir verið upplýst hjer í deildinni, að frv. til laga um uppfræðing barna lægi fyrir dauðans porti í h. Ed., þá hefir nefndin bætt inn í 1. tölulið, sem nú verður 2. töluliður, þeim greinum, sem eptir því frv. voru heimilaðar til fermingar.

Við fyrri umræðu málsins kom fram tillaga um, að fella burtu orðin »helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar»; mjer skildist svo, sem h. flutningsm. breytingartill. (Þorst. J.) væri ánægður með, að sett væru ákvæði um þetta til að fyrirbyggja þann misskilning, að hjer væri meint »systematisk» vísindaleg náttúrufræði; því hefir nefndin sett upptalningu í sviga, sem án þess þó að vera tæmandi bendir í áttina, hver sje meiningin með þessum orðum, og vona jeg að h. þm. (Þ. J.) sætti sig við það.

Viðvíkjandi II. kafla er hið sama að segja og um I.; nefndin heldur fast við, að nauðsynlegt sje, að einhver hafi úrskurð í vali kennara, og þá sjer hún engan heppilegri til að fela þetta á hendur, en hlutaðeigandi sóknarprest, sem er því eðlilegra, sem presturinn á að hafa umsjón með uppfræðingunni, að hann taki sjer aðstoðarmann í þessu starfi, án þess jeg þó haldi því fram, að prestinum beri að kenna sjálfum.

Hæstv. landsh. tók fram við fyrri um-

ræðu, að sjer fyndist skorta að taka fram, hvaða námsgreinar umgangskennarar skyldu kenna; nefndin sá sjer ekki fært að fara lengra í kröfum sínum, heldur en taka það, sem heimtað er til fermingar, því hún getur ekki búizt við, að þeir kennarar, sem fást fyrir það kaup, sem sveitakennurum er boðið, hafi almennt getað aflað sjer meiri menntunar, en þeir sjeu færir að kenna þetta, ásamt með rjettritun, sem nefndinni hefir þótt sjálfsagt að láta fylgja með skriptinni, því það er lítilsvert, að kunna að mynda stafina, ef menn vita ekkert, hvernig þeir eiga að setjast saman í orð, svo í lagi fari; og það mun einnig títt að þetta sje nú kennt jafnframt skriptinni, eptir því sem föng eru á.

Jeg vona, að þegar litið er á breytingarnar, þá sjeu þær allar í þá átt, að gera þá, sem sett hafa út á tillögurnar, ánægðari með þær, og vona, að þessi h. deild samþykki þær; hvað svo verður um þær, hvort h. Ed. sker þær eða setur þær á, um það skal jeg engu spá; en hvernig sem um það fer, vona jeg þó, að hæstv. landsh. taki tillit til þeirra.

Þorsteinn Jónsson: Eins og h. framsögum. (J. Þ.) tók fram, þá kom jeg með breytingartill. við 1. umr. þessa máls, sem fór fram á, að fella burtu orðin »helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar», í 2. till.

Það, sem mjer gekk til að koma með þessa breytingartill., var eiginlega ekki það, að jeg vildi fella burt úr tillögunum þetta ákvæði, heldur til þess að vekja umræður um það, að skýrar yrði tekið fram, hvað meint væri með þessum orðum. Og þar sem tillagan hafði þann árangur, er jeg óskaði, þá tók jeg hana aptur, því jeg óttaðist, að yrði hún samþykkt, þá gæti það orðið til að spilla fyrir málinu, sem var gagnstætt tilgangi mínum.

Eptir því sem nefndin nú hefir breytt tillögunum í þessu atriði og útskýrt það nákvæmar, þá skal jeg lýsa því yfir, að jeg er fullkomlega samþykkur 1. tölulið, eins og hann nú er orðaður. Einungis vil jeg geta þess, að jeg treysti því, að þau ákvæði, sem tekin eru fram í þessum tillögum, eigi verði gerð að skilyrði fyrir styrknum, fyr en leiðarvísir í þessari kennslugrein er út kominn á íslenzku, og stipstyfirvöldin hafa samþykkt reglugjörð þar að lútandi, svo sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Að öðru leyti skal jeg láta það í ljósi, að jeg get frá mínu sjónarmiði fellt mig við hina einstöku liði tillögunnar, eptir því sem þeir nú liggja fyrir.

Páll Briem: Mig furðar á því, að h. nefnd skuli enn hafa komið með það ákvæði, að sóknarpresturinn skuli hafa neitunarvald gagnvart hreppsnefndum eða sóknarnefndum um að ráða kennara, þar sem deildin hafði ljóslega gefið til kynna álit sitt um þetta atriði við hina fyrri umræðu málsins; hún hafði fellt burt það ákvæði, að kennarar skyldu ráðnir með ráði prófasts, og var það ekki vegna þess, að hún áliti prófastinn lakari í þessu tilliti en sóknarprestinn, heldur mun álit hennar sjálfsagt hafa farið í gagnstæða átt; og þess vegna get jeg ekki sjeð, hvaða ástæðu nefndin hefir haft til að stíga niður á við til sóknarprestsins. Það, sem mjer og öðrum h. þm. gekk til að fella þetta ákvæði, er það, að vjer viljum eigi fela öll ráðin á hendur einum manni, og til þess getur margt borið, og margvíslega getur svo á staðið, að þetta komi sjer illa og verði eigi til annars en að vekja misklíð og óánægju í sveitunum. Sje presturinn hygginn maður og lipur, þá hefir hann náttúrlega hin mestu áhrif, eins á þetta mál sem önnur, en sje hann sjervitur og stirður, þá get jeg ekki sjeð ástæðu til að láta hann ráða vali kennarans; auk þess er sóknarpresturinn opt meðlimur hreppsnefndarinnar, og er því sem slíkur með í ráðum, hvort sem þetta ákvæði er haft eða ekki.

H. framsögum. (J. Þór.) sagði, að þetta væri gert til þess að koma í veg fyrir, að hreppsnefndir tækju þann til að kenna, er miður væri til þess fallinn, þegar tveir eða fleiri væru í boði; en jeg veit ekki, hvað hreppsnefndum ætti að ganga til að taka þá, sem miður væru hæfir, þegar aðrir betri kennarar byðust; aptur á móti get jeg ímyndað mjer, að neitunarvald prestsins gæti orðið til þess, að einstöku prestar, sem eigi kæmu sjer saman við nefndina, neituðu að gefa samþykki sitt og ljetu eigi undan, svo að jafnvel sá endir gæti á orðið, að hlutaðeigandi sveitir fengju engan kennara.

Þess ber og að gæta, að taki nefndir vonda kennara, þá er það á prestsins valdi, hvernig hann hagar því vottorði, sem hann á að gefa um framfarir nemendanna; og sjeu framfarirnar litlar, þá kemur það sveitinni í koll, hafi hún fengið ónýtan kennara; enn fremur eru með mæli hlutaðeigandi sýslunefndar nauðsynleg til að geta orðið styrksins aðnjótandi, svo að mjer virðast tryggingar nægilegar fyrir því, að hreppsnefndir leggi kapp á að fá sem bezta sveitakennara; og enn betri er tryggingin í tilliti til skólanna, því að þar hafa prófdómendurnir mjög mikið að segja; jeg get því ekki betur sjeð, en að þessi ótti h. þm. (J. Þór.) sje ástæðulaus, og að neitunarvald prestsins sje bæði óþarft og jafnvel óheppilegt. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vantreysti prestum yfir höfuð að tala í þessum efnum, heldur af því að jeg er hræddur um, að ákvæðið um, að þeir skuli ráða vali kennaranna, kynni sumstaðar að valda misklíð, ef það næði fram að ganga.

Sigurður Stefánsson: Það sem nefndinni gekk til að koma með þetta ákvæði um samþykki sóknarprestsins til að ráða kennarann, var ekki það, að hún í raun og veru treysti prestum betur en prófföstum í þessu efni, heldur hitt, að prestarnir eru sá milliliður milli löggjafarvaldsins og alþýðu í öllum uppfræðingarmálum, sem löggjafarvaldið verður enn sem komið er að fela á hendur aðalumsjón allrar uppfræðingar, enda hafa þeir enn í dag, eins og þeir hafa haft hingað til, aðalumsjónina með uppfræðingunni í sóknum sínum. Þess vegna hefir nefndin líka álitið sanngjarnt, að þeir hefðu einnig atkvæði með í þessu máli, og hvað því viðvíkur, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að prestar kynnu af sjervizku að verða hreppsnefndinni örðugir, þá ætla jeg að leyfa mjer að segja, með allri virðingu fyrir sýslunefndum, hreppsnefndum og sóknarnefndum, að sjervizka og þvergirðingur geti eins vel komið fyrir hjá þeim og prestunum; og jeg verð að bera það traust til þeirra, að þeir misbrúki ekki þetta vald. Sami þm. (P. Br.) tók líka fram, að þeir gætu ráðið talsverðu í þessu máli, þar sem þeir væru prófdómendur við skólana og ættu að gefa vottorð um framfarir nemendanna; en eins og þeim er trúandi fyrir þessu, eins ætti þeim líka að vera trúandi fyrir, að misbrúka ekki samþykktarvaldið; og hvað misklíðinni viðvíkur, er þetta kynni að valda, þá álít jeg, að það sje að gjöra prestunum getsakir, að ímynda sjer, að þeir muni nota samþykktarvald sitt til að vekja misklíð og óánægju í söfnuðum sínum; enda þykist jeg viss um, að þeir muni eigi nota þetta vald nema nauðsyn sje til, og jeg vil heldur engan kennara í sóknum mínum en bráðónýtan kennara, þótt hreppsnefnd kynni að vilja að ráða einhvern slíkan. Jeg álít enda betra, að prestar hafi þetta samþykktarvald en prófastar, sökum þess, að þeir hafa nánari afskipti af uppfræðingunni, hver í sínum sóknum, en prófastarnir geta haft, og vita þar af leiðandi betur um ástandið í þeim skólum, sem í sóknum þeirra eru; þeir eru enn sem stendur umsjónarmenn yfir uppfræðingu almennings, og meðan þingið ekki sjer sjer fært, að veita meira fje til uppfræð-

ingar alþýðu en raun hefir á orðið hingað til, þá eru og verða það prestarnir einir, sem hjer eiga mestan hlut að máli.

Landshöfðingi: Jeg skal bæta því við ræðu h. 1. þm. Ísfirð. (S. St.), að eptir 14. gr. sveitarstjórnarlaganna er ómögulegt að útiloka sóknarprestinn frá, að vera hjer með í málinu; því hann á eptir því, sem þar er tekið fram, að hafa tilsjón með uppfræðingu barna, og hreppsnefndin er skyldug, að taka uppástungur hans til greina, að minnsta kosti þangað til úrskurður sýslunefndarinnar fæst um ágreining þann, sem er milli prestsins og hreppsnefndarinnar.

Páll Briem: Það er rjett, sem hæstv landsh. tók fram um tilsjón presta; en hjer er sá munur, að þetta ákvæði, sem hjer er um að ræða, bindur hreppsnefndirnar til, að hlíta úrskurði sóknarpresta í vali kennaranna, þar sem aptur á móti sveitarstjórnartilskipunin lætur sýslunefndir hafa æðsta úrskurðarvald, þegar ágreiningur verður milli presta og hreppsnefnda.

H. þm. Ísfirð. (S. St.) talaði um, að prestum væri gjörðar hjer getsakir, því þeir væru samvizkusamari en svo, að þeir færu að vekja misklíð, þótt þeir fengju að ráða í þessu atriði, en hann verður líka að játa, að það eru til slæmir prestar, drykkfeldir og hirðulausir. (*Þórarinn Böðvarsson*: Nei!). H. þm. segir *nei;* mjer þykir það nokkuð undarlegt, að hann skuli neita því; eða heldur hann að prestar sjeu ekki brotlegir eins og aðrir menn, heldur flekklausir og hvítir sem englar? Jeg get fullvissað hann um, að það hafa prestar aldrei verið síðan þeir fyrst komu í heiminn. Nei, þeir eru brotlegir sem aðrir menn, og þess vegna vanrækja líka sumir þeirra þá skyldu, sem á þeim hvílir með uppfræðingu barna, og af þeirri ástæðu álít jeg gott, að hreppsnefndirnar sjeu að nokkru leyti óháðar prestunum, og eins vildi jeg, að kennararnir jafnvel gætu kvartað undan prestum, þegar þeir vanrækja sínar skyldur; en hitt verð jeg að segja, að er mjög hart, sem þetta ákvæði fer fram á, að prestar geti útilokað hvern þann mann frá að kenna, sem ekki er þeirra undirdánugur þegn. (*Sigurður Stefánsson:* En hreppsnefndin?). Þótt hreppsnefndir kunni að vera sjervitrar, eins og h. þm. segir, þá er þess að gæta, að þar ræður ekki einn maður í langan tíma, heldur eru þær skipaðar nokkrum mönnum og kosið um í þær; þar ræður því almenningsviljinn; en um prestinn er öðru máli að gegna, þar sem hann á að ráða málum, því hann hefir einn ráðin og jafnvel stundum um mjög langan tíma, þrjátíu ár eða lengur. Jeg hefði því helzt óskað, að kennarinn og presturinn hefðu eptirlit hvor með öðrum; og þótt þessu væri þannig hagað, þá þyrfti h. þm. Ísf. (S. St.) ekki að óttast, að hann ekki gæti haft áhrif á uppfræðinguna; því góðir og samvizkusamir prestar þurfa ekki að óttast slíkt, þótt þeir sjeu ekki látnir vera einráðir.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): H. þm. Snæf. (P. Br.) er farinn að fá talsverða æfingu í að verja linan málstað. En þótt vörnin sje góð, þá sjást allt af misfellur þær, sem í málstaðnum liggja. Hann álítur ótilhlýðilegt að ein persóna ráði eða hafi seinasta úrskurðarvald, þegar um kennaraskipun ræðir; en jeg hefi ekkert á móti að einn ráði í þessu tilliti, enda er jeg ekki eins «forlíbtur» í öllum þessum samþykktarlögum og h. þm.; það má misbrúka það frelsi ekki síður en annað. Í flestum tilfellum er það einungis presturinn einn, sem skotið verður undir svona löguðum málum; ef nú að eins um einn mann er að gera og sá maður er góður, þá getur enginn ágreiningur orðið; en sje um fleiri menn að gera, þá treysti jeg eigi öðrum betur en prestinum til að velja þann fyrir kennara, er hæfastur sje; og þótt hreppsnefndir eigi úr að

ráða, þá getur þar líka eins atkvæðis munur ráðið úrslitum.

Þá talaði h. sami þm. mikið um þá misklíð, sem þetta mundi valda í sveitunum. En hvað er það sem eigi getur orðið misklíðarefni? Jeg held það mætti lengi telja tormerki á nýjum lögum, ef menn vildu nota aðrar eins mótbárur og þessa: því misklíð getur orðið út úr öllum hlutum.

Þá vildi hann, að kennarinn væri óháður prestinum; en hversu óháður sem hann er prestinum að lögum, þá verður ekki hjá því komizt, að hann sje prestinum persónulega háður, meðan kennarinn er lítt menntaður, eða ómenntaður maður, sem hlýtur að verða feginn að geta notið aðstoðar prestsins, enda á hann að vinna undir hans umsjón.

Það sem er einkar-áríðandi í þessu máli er það, að tryggilega sje búið um hnútana með ráðning á kennaranum, því að svo er um barnaskóla sem aðrar kennslustofnanir, að allt er þar komið undir að fá góða kennslukrapta, því skólarnir eru ekki annað en það sem kennararnir eru.

Sveinn Eiríksson: Það er búið að tala margt og mikið um þetta mál; meðal annars hefir þm. Snæf. (P. Br.) talað tvisvar, og sje jeg, að hann er samkvæmur sjálfum sjer; því hann er tvisvar sinnum búinn að komast í herfilega mótsögn við sjálfan sig. Eða veit hann ekki að prestar eru stundum í hreppsnefnd en stundum ei? En hvort sem er, þá ber þeim þó samkvæmt sveitarstjórnarlögunum að hafa aðalumsjón með uppeldi barna fyrir innan fermingu. Ef því presturinn ekki er nógu kunnugur hinu innra ástandi í sveitunum, svo að hann sje ekki fær um að dæma um kennarann, þá er víst mjög mikið spursmál, hvort hreppsnefnd eða prófastur eru hæfari til þess. Allt öðru máli væri að gegna, ef einn kennari væri ráðinn fyrir allt prófastsdæmið. Jeg skil ekki, hvað þingmaðurinn getur haft á móti prestinum; veit hann ekki að presturinn er allt af í sóknarnefnd, það er að segja, ef hann er lifandi. (Hlátur). Og sem sagt, hlýtur presturinn að vera nákunnugastur andlegu ástandi safnaðanna, og því helzt trúandi fyrir, að ráða sveitakennarann.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer skilst, að hjer sje komið í kappræðu um það, sem jeg hjelt að ekki mundi þurfa að valda kappræðum, það er að segja um það, hver eigi mestu að ráða í þessu máli. Jeg held, að það hljóti að vera öllum nokkurn veginn ljóst, að það sje presturinn, þar sem hann hefir aðalumsjón yfir uppfræðingu alþýðu á hendi. Jeg veit reyndar, að í öðrum löndum er þetta atriði, hvort prestar skuli ráða í þeim greinum, rætt af miklu kappi; en hjer get jeg ekki skilið, hvernig kapp fer að koma í menn af slíku, og það út úr hreinni þingsályktunartillögu. Öðru máli væri að gegna, ef hjer lægi fyrir lagafrumv. um að taka uppfræðinguna af prestunum, og fela hana hreppa- og sóknarnefndum, svo þingsályktunartillaga verður að vera samkvæm gildandi lögum, og þau gildandi lög segja, að presturinn hafi umsjónina á hendi og ábyrgð á uppfræðingunni.

Jeg hefði því alls ekki tekið til máls, þar sem jeg áleit málið nægilega skýrt af framsögum. (J. Þór.), ef h. þm. Snæf. (P. Br.) eigi hefði látið sjer þau orð um munn fara, er ollu því, að jeg gat ekki setið rólegur. Við fyrri umræðu gjörði hann prófastum þær getsakir, að þeim kynni að vera illa við kennarana og fyrir þá sök hafna þeim; en jeg verð að afbiðja mjer og stjettarbræðrum mínum þann áburð, að þeir láti slíkt ráða, þótt þeir ættu að ráða kennara í embættisnafni. Nú hefir þessu ákvæði verið breytt þannig, að prófastar eru útilokaðir, og þótt það í raun og veru hafi litla þýðingu, þá er það í sjálfu sjer «principrangt», því prófastarnir hafa samkvæmt erindisbrjefi

sínu aðalumsjón yfir uppfræðingunni hver í sínu prófastsdæmi. Í þeirra stað eru nú komnir prestar, og álít jeg það enga skaðlega breytingu, en að sóknarpresturinn einn ráði kennarann, álít jeg alveg sjálfsagt, nema því að eins, að öllum lögum um uppfræðinguna væri breytt; því hann hefir eptir núgildandi lögum alla ábyrgð á uppfræðslunni, en hann getur ómögulega borið ábyrgð á því, sem aðrir gera, og úr því hann hefir hina siðferðislegu ábyrgð, þá verður hann líka að hafa ráðin.

Og hvað er það sem á að kenna í þessum skólum? Jeg verð að álíta, að það sje mestmegnis bóklestur og kristindómur; en á uppfræðslu í þessum greinum bera prestarnir ábyrgð. Hjer er því, eins og hæstv. landsh. sagði, beinlínis farið á móti 14. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar, ef prestarnir eru útilokaðir, og í sömu grein er einnig fólgið, að prófastar eiga að ráða mestu um slík mál í hjeruðum.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók, jeg vil segja svo «nairt», *fram*, að betra væri að hreppsnefndirnar rjeðu kennarann; því þar væri ekki allt komið undir eins manns atkvæði; en jeg vil leyfa mjer að spyrja: er hann þá búinn að koma í veg fyrir, að eitt atkvæði ráði í hreppa- og sóknarnefndum? Það þarf hann fyrst að gjöra; því, eins og kunnugt er, eru þessar nefndir þannig skipaðar, að odda-atkvæði geta þar ráðið úrslitum mála; geti hann það ekki, þá er sú röksemdaleiðsla með öllu ástæðulaus.

Þá talaði sami h. þm. mikið um þá misklíð, sem það mundi af sjer leiða, ef prestar hefðu samlykktarvaldið; en jeg verð að ætla, að samlyndið milli prests og safnaðar hljóti að vera slæmt í sjálfu sjer, ef þetta atriði ætti að geta valdið mikilli misklíð; enda álít jeg það enga óhæfilega misklíð, þótt prestur setti sig beint á móti því, að hreppsnefndir rjeðu ónýta kennara til þess starfa, sem hjer er um að ræða.

Jeg vildi helzt afbiðja orðið «slæmir» prestar, án frekari útskýringar, og vildi óska að h. þm. tilgreindi, hverjir þessir slæmu prestar eru; jeg vil ekki eiga þar óskilið mál, og vildi óska, að hann hagaði betur orðum sínum, þegar hann talar um heila stjett.

Ein ástæða hans var sú, að eptir þessu ákvæði yrðu kennararnir undirdánugir þegnar prestsins; en jeg álít rjett að þeir verði sem flestir «undirdánugir þegnar» hans; því þeir eiga að vera meðhjálparar prestsins, en ekki yfirmenn hans, og væri því bezt að kennararnir gætu skoðað sig sem þegna þeirra og kenndu eins og þeir segðu þeim, meðan það er lögum samkvæmt að svo sje. Þar sem nú deildin einu sinni er búin að gjöra brot á því rjetta principi, með því að útiloka prófastana, þá vona jeg þó að minnsta kosti að hún ekki gjöri sig seka í lagabroti, með því að setja sóknarnefndir og hreppsnefndir yfir prestana í þessari grein.

Jeg verð líka að vera h. þm. A. Skaptf. (Sv. Eir.) samdóma um, að það eru til hreppsnefndir, þar sem prestar ekki hafa sæti, með því að þeir stundum eru búsettir utanhrepps og þar eiga þá hreppsnefndir að ráða kennslunni, en presturinn að bera ábyrgðina, ef h. þm. Snæf. (P. Br.) fær vilja sínum framgengt.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Það er nú kominn meiri hiti í umræðurnar um þetta mál en maður átti von á. Það sem hjer liggur undir, virðist vera það, að það sje verið að ræða um þá spurningu, hverju presturinn skuli ráða um alþýðukennslu þá, sem kostuð er af almannafje.

Allt til þessa hefir lítið fje verið lagt til alþýðumenntunar; en það er von um, að slíkt fari vaxandi, og því er eðlilegt, að þessi spurning komi upp og verði að

kappsmáli, hjer eins og annarstaðar í heimi. Jeg lýsi yfir því, að jeg er á sama máli og h. þm. Snæf. (P. Br.), að rjett sje, að prestarnir standi svo að vígi, sem aðrir menn, og hafi áhrif eptir því sem þeir eru duglegir og góðir menn. — Það hafa komið hjá ýmsum h. þm. í umræðu þessa máls setningar, sem jeg get ekki fallizt á.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) kom með þá setningu, að prestarnir hefðu rjett til að ráða, vegna þess að þeir *einir* hefðu haldið hinni almennu uppfræðingu á lopti; því get jeg ómögulega verið samþykkur; en það er undir því komið, hvað menn meina með almennri uppfræðingu. Þótt menn meini ekki annað með því en bóklestur og kristindóm, þá veit jeg ekki betur, en að prestar vinni þar fremur lítið að; það er að mestu leyti kenndur bóklestur og kristindómur í heimahúsum; prestarnir koma þar lítið að nema við konfirmazíónina, presturinn hlýðir börnunum yfir fáeinum sinnum, til þess að vita, hvort þau sje hæf til fermingar. Upplýsing í kristindómi og bóklestri mundi sumstaðar vera eins góð, þótt enginn prestur væri.

H. flutningsm. (J. Þór.) kom með aðra setningu. Hann sagði, að þm. Snæf. (P. Br.) hjeldi fram, að þetta mætti ekki vera komið undir eins manns úrskurði; en honum, h. þm. G.-K. (J. Þ.), virtist það mega vel fara, og ljet í ljósi, að hann hefði ekki miklar mætur á þeim ákvörðunum, er margra manna samþykki þarf til að gera. Þessi þingdeild hefir nú í mörgum málum lýst yfir því, að hún er mjög hneigð til að láta marga ráða, en aðhyllist ekki einveldi, og mun hún því varla verða samdóma h. flutningsm. (J. Þ.) um þetta.

Það var margt hjá h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.), sem jeg ekki kunni við; hann sagði t. a. m., að eitt atkv. gæti ráðið í hreppsnefnd eða sóknarnefnd. En það er alls ekki rjett, því sje t. a. m. 5 menn í nefnd, ráða 3 að minnsta kosti, en aldrei 1. — Samkvæmt þessari kenning h. þm. ætti það að vera sama, hvort meiri hluti einnar þjóðar ræður lögum og lofum, eða að einvaldur konungur ræður öllu einn. Jeg skil ekki, að þm. skuli óska þess, að talin sje upp nöfn á slæmum og óreglusömum prestum; það vita allir, að það eru því miður til margir slæmir prestar. (*Þór. Böðv.* Ekki í mínu prófastdæmi). Þetta er of leiðinlegt umtalsefni til þess, að jeg vilji fara lengra út í það.

Eitt atriði er það, sem sumir hafa komið fram með, að þingsályktunin komi í bága við lögin; þingsályktun getur ómögulega breytt lögum, eða ónýtt þau; og til hvers eru þeir þá að halda svona fast í þetta ákvæði?

H. þm. A.-Skaptf. (Sv. Eir.) hjelt þrumandi ræðu, og sagði, að þm. Snæf. (P. Br.) hefði komizt í mótsögn; það skil jeg ekki; en þm. komst sjálfur í mótsögn. Hann er að miklu leyti ein stór mótsögn við sjálfan sig, og skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar.

Þorvaldur Bjarnarson: Prestarnir hafa, ef þetta verður að lögum, rjett til að ráða kennara. Prestarnir álíta skyldu sína að kenna, og auðvitað er það, að sá, sem kennir, á rjett á að vera kennari, og sá, sem hefir kostnað og skyldu á að kenna, á rjett á að ráða kennara; það verða þá eptir því prestar. Það getur verið, að prestarnir hafi kennt undir fermingu, en þeir hafa þá, ef til vill, ekki verið eins hálærðir eins og þeir eru nú; en auðvitað er, að presturinn gjörir ekki það, sem hann ekki finnur samhæfi skyldu sinnar að gjöra. Það er æskilegt, að prestar sjeu samvizkusamir, og þegar það er fengið, þá dettur engum í hug, að hafa á móti því, að þeir vilji ráða heilt í, að

velja kennara; og mundu þeir þá ekki vilja gjöra það að einhverjum inntektarartíkula hjá sjer, að ráða kennara? Prestarnir hafa jafnvel viljað láta vera lögbundna trú og hugsun manna; en jeg skil ekki, að trúin eigi að vera bundin við bókstafinn, eða að menn eigi að trúa því, sem ræðir móti reynslu og skynsemi. Það er auðvitað, að kennslan og kennarinn verður ráðinn eptir ráði einhvers; en jeg tek það upp aptur, að jeg skil ekki, að trú og hugsun manna eigi að vera bundin við bókstafinn. Þannig er tillagan ekki heldur í rjettu hlutfalli við eðlilegan skilning málsins. Vona jeg því, að deildin taki af henni penna lítt hjarandi anda, sem hún hefir.

Gunnar Halldórsson: Það eru orðnar nokkuð langar umræður um breytingartillögurnar, og skal jeg ekki lengja þær mikið. En jeg vildi þó fara nokkrum orðum um þær.

Tillagan, eins og hún liggur fyrir, hljóðar um skilyrði til að fá styrk úr landssjóði til barnakennslu. Mjer finnst nú óþarft, að binda ráðninguna á kennaranum þeim skilyrðum, að hann sje ráðinn með samþykki hlutaðeigandi sóknarprests; því víðast mun það nú vera svoleiðis, að presturinn mun vera í hreppsnefnd, og ætíð í sóknarnefnd; og ef nú að hann er það ekki, þá sýnist mjer ekki þörf á, að láta hann vera einvaldan um það, hvort nokkur kennari er ráðinn eða enginn. Jeg get ímyndað mjer þær kringumstæður, að sóknarnefnd eða hreppsnefnd ráði kennara, en presturinn vilji ekki veita því samþykki sitt, og sóknarnefnd eða hreppsnefnd ráði kennarann samt. Nú verður presturinn, samkvæmt 2. tölulið í 2. kafla tillögunnar, að gefa vottorð um framfarir nemendanna, til þess að styrkurinn geti fengizt, og þá er líklegt, að hann ekki gefi það vottorð, nema því að eins, að kennslan hafi verið í góðu lagi, og þá er það hart, að fá samt ekki styrkinn, eingis af því, að presturinn ekki var látinn vera einráður um, hvort ráðinn væri nokkur kennari eða enginn.

Þórarinn Böðvarsson: Viðvíkjandi því sem h. þm. N.-Þing. (J. Jónsson) mælti, er hann var að verja þm. Snæf. (P. Br.), þá vil jeg biðja hann að athuga, um hvað verið er að ræða. Það er verið að ræða um barnakennslu í sveitum; enn fremur er verið að ræða um, hver beri ábyrgðina — það eru prestarnir. Hann vildi varna deildinni frá að koma með það, sem kæmi í bága við núgildandi lög. Þau lög, t. a. m. 14. gr. sveitarstjórnarlaganna, ákveða, að presturinn skuli ráða, hvað sem hreppsnefndin segir.

Hann bar enn fremur prestunum á brýn, að þeir kenndu eigi; en hjer er eigi um það að ræða, heldur um umsjónina yfir kennslunni.

Að því er snertir Þingeyjarsýslu, þá veit jeg eigi, hvaða reglu þar er fylgt; ekki heldur er mjer vel kunnugt um, hvaða andi er þar; en ýmsar sögur hafa borizt þaðan, sem jeg vildi óska og sem jeg vona að ekki sjeu sannar. Þar sem jeg þekki til, hefir hluttaka prestsins í kennslunni mikla þýðingu. Ef hann vildi vera við vísitazíur, þá gæti h. þm. sjeð, að af uppfræðingu ungmenna í sóknunum má ráða, hvernig presturinn er.

Af því, sem jeg sagði um oddamann í nefndum, að hann gæti ráðið einn úrslitum, vildi hann segja, að það væri hið sama, sem maður segði, að heil þjóð væri sama sem einvaldur konungur. Það þarf ekki lengra að fara en hjer í deildina. Seinast í dag rjeð hjer að eins eitt atkvæði úrslitum við atkvæðagreiðslu.

Flestar nefndir eru svo samsettar, að stendur á stöku; í hreppsnefndum eru opt 5 menn, í sóknarnefndum 3, og í mörgum hreppsnefndum 3. Að því er snertir konunga, þótt einvaldir sjeu, þá eru þeir ekki þeir einu, sem ráða, heldur margir með þeim.

Hvað það áhrærir, sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) sagði, þá vil jeg ekki svara honum mörgum orðum, en að eins afbiðja fyrir alla prestastjettina þá «inntektartartíkula», sem hann talaði um.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki vera langorður, en að eins lýsa því yfir, að jeg gef ekki breytingartillögunni atkvæði mitt. Mjer finnst það geti farið eptir samkomulagi milli sóknarnefndar og prestsins, og hreppsnefndin sje þar til að efla samkomulag, en ekki að kristna, því þessa 3 liði álít jeg nauðsynlega í hverju sveitarfjelagi. En að skafa prestinn burt, borgar sig ekki, því lög eru óupphafin, sem hjer eru ekki nefnd. Ef hreppsnefnd eða sóknarnefnd og prestur ekki koma sjer saman um að ráða kennarann, þá má skjóta því til prófasts.

Sveinn Eiríksson; Jeg vil að eins láta h. þm. N.-Þing. (Jón Jónsson) vita, að mjer er alveg ómögulegt að svara líkræðu hans, er hann ætlaði að halda yfir h. þm. Snæfell. (hinum dauða), en sem aldrei komst út af vörunum, þó jeg viti, að hún hefði hlotið að verða átakanleg; jeg ætla því að eins að benda honum á það, eða að minnsta kosti hefi jeg þá von, að hann muni innan lítils tíma upp aptur rísa, og finnist honum þá ástæða til, mun hann geta svarað fyrir sig sjálfur.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): H. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) vjek orðum til mín áðan, og lagði mikla áherzlu á ábyrgð þá, sem prestarnir hefðu á barnauppfræðingunni.

Jeg skil reyndar ekki, í hverju sú ábyrgð er fólgin. Hvaða ábyrgð hafa þeir t. d. á því, þó börnin læri ekki að lesa? Hvaða ábyrgð hafa þeir á því, þó börn ekki læri kristindóm? Mannaumginn, sem ekki nær fermingu fyrir vankunnáttu sakir, og missir því borgaralegra rjettinda, hann verður fyrir skaðanum, en ekki presturinn hans.

Hann hjelt því fram, að prestar og prófastar ættu að ráða, og vísaði til sveitarstjórnarlaganna. Þótt prófastar sitji í sýslunefnd, get jeg ekki skilið, að þeir gætu ónýtt atkvæði allra hinna. Ef svo væri, þá mundi jeg nauðugur gefa atkvæði mitt til fjárframlaga til barnakennslu.

Hann talaði um andann í Þingeyjarsýslu, og talaði um ýmsar sögur þaðan, sem hann óskaði, að ekki væru sannar. Jeg veit ekki, hverjar þær sögur eru. Það hafa nú sumir fyrir vana, að slá slíku út hjer í deildinni. Jeg hefi líka heyrt sögur úr hjeraðinu í grennd við hann, sem jeg vildi helzt að væru ósannar, og sem hann sjálfur hefir sannað um sumar þeirra, að þær væru ósannar.

Jeg verð að leiðrjetta það hjá h. þm., að eitt mál hafi gengið hjer fram í dag, þar sem eitt atkvæði rjeð úrslitum. Málið gekk hjer fram með 11 atkv., en ekki 1 atkvæði.

Hvað því viðvíkur, sem hann talaði um nefndir, þá vil jeg geta þess, að jeg hefi komizt svo nærri geistlegheitunum, að jeg hefi verið í sóknarnefnd, og veit því, að í sóknarnefnd eru að eins 3. Þegar 5 eru í nefnd, þá ráða þrír úrslitum, þegar 3 eru, ráða 2, og það er hvorttveggja meira en einn.

Jeg skal svo ekki segja fleira, en að eins lýsa yfir því, að það sem hann dró út úr orðum mínum um einveldi, er misskilningur.

H. þm. A.-Skaptf. (Sv. E) get jeg ekki verið að svara.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Ræða h. þm., sem síðast settist niður (J. J. N.-Þing.) kom málinu sáralítið við, og gaf engar nýjar upplýsingar um það, og finn jeg því ekki ástæðu til að snúa mjer að henni.

Af þeim, sem nú síðast hafa tekið til

máls, er það einkum h. 2. þm. Ísf. (G. H.), sem sneri sjer að málinu sjálfu; en jeg varð hissa að heyra hann í enda ræðu sinnar gefa í skyn, að hann mundi verða móti því, að samþykki prests þyrfti til að ráða kennara. Hann viðurkenndi þó, að prestar væru optast frumkvöðlar þess, að kennarar væru fengnir og skólum komið upp, og nálega ætíð væru þeir í ráðum með um það. En er það þá ekki líka eðlilegt, að þeir fái að hafa hönd í bagga með, hver sje ráðinn fyrir kennara? Jeg sje ekki að vjer getum eptir öllum atvikum fundið annað betra ráð, en að láta prestinn hafa úrskurðarvald um það, hver kennari skuli vera. Því hefir verið haldið fram, hve ósanngjarnt það væri, að láta prestinn einan ráða kennarakosningunni; en það er þó svo um allar embættaveitingar hjer, að síðustu úrslit þeirra eru komin undir einum manni, svo að því leyti er þetta ekkert nýmæli, þótt úrskurðarvaldið væri í höndum prestsins eins. Það hefir verið sagt, að ekki þyrfti að setja þetta skilyrði fyrir landssjóðsstyrk, að presturinn skipaði kennarann; tryggingin fyrir að hann gæti haft ráðin um það væri í 14. gr. sveitarstjórnarlaganna. En hvernig fer, ef einhver einstakur maður stofnar hjá sjer skóla fyrir eigin fje og ræður kennara til hans? Mjer sýnist sjálfsagt, að hann muni fá styrk úr landssjóði, ef hann fullnægir þeim kröfum, sem gerðar eru til annara skóla, og ef sýslunefnd mælir með honum, þrátt fyrir það, þótt prestur hafi ekki átt hlut að máli með kennarakosninguna.

Það var leiðinlegt að öll ræða h. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) var svo, að engu úr henni verður svarað.

Það hefir fyrir einhver atvik komið helzt til mikið kapp í umræðurnar, en jeg vona, að þegar menn íhuga málið rólega, þá sannfærist þeir um, að eptir því sem hagar til hjá oss, muni ekki annað heppilegra, en að einmitt presturinn ráði mestu um, hver til kennara sje tekinn.

Árni Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að tala fáein orð, fyrst jeg hefi or ðið fyrir því, að vera í þeirri nefnd, sem ekki hefir getað komið með liðlegri tillögu, en sú þykir vera, sem nú hafa mestar umræður verið um.

Mjer virðist töluverður misskilningur hafa komið fram hjá mótmælendum tillögunnar; sjer í lagi hjá h. sessunaut mínum (J. J. þm. N.-Þing.); það var alls eigi meining nefndarinnar, að vekja þá spurningu, sem honum sýndist hjer liggja fyrir, þá spurningu, hvað miklu prestur eigi að ráða um þá kennslu, er kostuð sje af almannafje. Þegar nefndin lagði það til, að prestarnir skyldu hafa samþykktarvald um það, hver kennari skyldi verða, þá var það alls ekki af því, að hún væri að hugsa um það, að «halda til þeirra» eða draga þá fram, heldur einungis af því, að hún sá ekki annað verulegra ráð til þess enn sem komið er, til þess að eptirlit væri með kennslunni meira en verið hefir. En nefndin telur eptirlitið svo áríðandi, að það þurfi að reyna að tryggja það sem bezt. Hjer var því ekki og er ekki frá nefndarinnar sjónarmiði um neitt prestavald eða prestastjett að ræða. Jeg er einnig viss um, að margir prestar yrðu því manna fegnastir, að losast við þann vanda, sem samfara er þessu valdi, sem svo mikið hefir verið úr gert, og fá það og alla uppfræðslu og eptirlit með henni —fyrir utan kristindóminn— í hendur sóknarnefndum eða hreppsnefndum, en jeg er ekki eins viss um hitt, að menntamálinu væri að borgnara fyrir það. Þegar jeg heyri úti í hornunum og á bak við mig hjer í þingsalnum, að þetta er kallað «jesúítiskt», sem nefndin kemur með í meinleysi, þá sje jeg, hvernig andinn er inni fyrir; þá sje jeg, að menn skilja ekki eða vilja ekki

skilja, hver meining nefndarinnar var, nefnilega, eins og jeg hefi áður sagt, að gera eptirlitið sem tryggilegast, að hún átti kost á.

Hæstv. landsh. tók það fram, að æskilegt væri, að fengizt gæti eptirlit með kennslu og skýrslur um hana, svo að landsstjórnin þyrfti ekki að veita fjárstyrk til kennslunnar svo mjög út í bláinn, heldur hefði eitthvað fast ákveðið til að fara eptir. Hið sama vakti fyrir nefndinni; en hún sá ekki annan veg heppilegri en þann, að fleiri en einn liður kæmi til greina, þegar kennara skyldi ráða, því að henni var það fullljóst, hve mikið það væri undir kennaranum komið, hver árangur yrði af kennslunni; henni þótti það hyggilegra, að skólastjórnin ræði kennarann í samráði við prestinn, en að hún gerði það ein. Á meðan kennarar taka hjer engin ákveðin próf, eins og annarstaðar er títt, þá er það því nauðsynlegra, að gott eptirlit sje haft með því, hverjir ráðnir sjeu fyrir kennara. Mjer þykir það að nokkru leyti undarlegt, að hinir sömu menn skuli setja sig með þessu ofurkappi á móti þeirri tillögu, að prestur sje í ráði með kennarakosning, sem hafa þó samþykkt, að vottorð prests þurfi um framfarir nemenda. Mjer þætti það lýsa meiri samkvæmni hjá þeim, sem bera vantraust til prestanna, að þeir næmu þetta einnig burt, því að það getur líka orðið vanbrúkað, og valdið sundurlyndi. Þar geta líka komið fram stirðir og stífir og þverúðarfullir prestar, sem þeir hafa vikið orðum að, að þeir væru svo hræddir við, að þeir þori ekki þess vegna, að láta presta ráða einu um það, hvaða kennari tekinn er.

Jeg verð annars að segja, að það sje leiðinlegt, að svo langar og harðar umræður hafa risið út af ekki meira efni en hjer er frá nefndarinnar sjónarmiði, og vona jeg, að þær styttist hjer eptir, eða að minnsta kosti, að minna kappi verði beitt í þeim en verið hefir.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg tók svo eptir, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) kvartaði yfir, að hann hefði ekki skilið ræðu mína; þess vegna skal jeg reyna að skýra hana svo lítið. Jeg hef ekki sagt, að prestur ætti að ráða kennarann; en það voru mín orð, að það væri eðlilegt, að hann gerði það, ef hann kostaði kennsluna og hefði ábyrgð á henni; en það finnst mjer ófært, að hann geri það, ef hann hefir einungis rjett til að finna að, án þess að vera bundinn nokkru skyldunnar bandi. Jeg álít það samkvæmt rjettum hugsunarreglum, að sá eigi að bera ábyrgðina, sem kostnaðurinn hvílir á; en nú mun presturinn ekki hafa lagaábyrgðina, þótt hann kunni að hafa þá siðferðislegu og kristilegu ábyrgð, nema ef hún er nú úr lögum numin, hvað jeg þó ekki segi að sje. Jeg óska, að það væri enn eins og það var í fyrndinni; þá væri presturinn enn kennari barnanna. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þetta. Jeg get ekki hugsað svo lágt um velþenkjandi menn, eins og prestarnir ættu að mega álítast að vera, að þeim sje ekki trúandi fyrir uppfræðing æskulýðsins, eins og verið hefir. Jeg hef heyrt talað um það, að ekki þætti hagkvæmt að þurfa að sækja út yfir hafið staðfesting á hverju lítilræðinu, og af þessu get jeg dregið þá ályktun, að betra sje, að hreppsnefndin geti sjálf ráðið kennarann, en að hún þurfi að knjekrjúpa honum. Jeg vil ekki láta með þessu gefa prestinum freistingu til að geta selt samþykki sitt. Mjer er ekki kunnugt um þessa verksmiðju, sem aldrei verður með orðum útsögð, hvað hún á að vinna eða hvað út frá henni muni geta gengið, hvort það muni verða góðar vörur eða tómur glysvarningur. Þessi kennaravjel ætlar að fara að verða svo stór, að jeg er hræddur

um, að mjer og mínum líkum verði hún óstjórnanleg.

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Jeg leyfi mjer að mótmæla því algjörlega, að nokkur hætta sje á því, að prestar muni selja samþykki sitt. Jeg vona, að h. forseti taki orð þm. (Þ. Bj.) til greina, og láti þau ekki ganga fram óvítt.

Forseti: Jeg tók ekki eptir, að þm. (Þ. Bj.) við hefði þau orð, sem h. framsögum. (J. Þ.) nefndi, en hafi það verið, þá er sjálfsagt, að jeg verð að biðja hann að við hafa þau ekki eptirleiðis.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt að hætta umr. eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingm.

Síðan var 1. breyt.till. nefndarinnar (C. 408) felld með 11 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Sigurður Stefánsson.
Jón Þórarinsson.	Grímur Thomsen.
Jónas Jónassen.	Gunnar Halldórsson.
Ólafur Briem.	Jón Jónss. 1. þm. N.-M.
Ólafur Pálsson.	Jón Jónss. þm. N.-Þ.
Sigurður Stefánsson.	Páll Briem.
Sveinn Eiríksson.	Þorl. Guðmundsson.
Þórarinn Böðvarsson.	Þorleifur Jónsson.
Þorsteinn Jónsson.	Þorv. Bjarnarson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Síðari breyt.till. nefnd. við I. samþ. með 20 gegn 1 atkv.; breyt. nefnd. við II. 1. felld með 11 gegn 10 atkv.; önnur breyt. nefnd. við II. samþ. með 20 samhlj. atkv.; þriðja breyt. nefnd. við II. samþ. án atkvæðagr.

Tillagan í heild sinni samþ. með 16 gegn 1 atkv., og síðan send Ed.

Tillaga til þingsályktunar í reikningamáli Arnarstapaumboðs (C. 362, 365); síðari umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að nefndin hefir leyft sjer að koma fram með tvær breyt.-till. í máli þessu, og eru þær báðar sprottnar af bendingum hæstv. landsh., og miða báðar í þá átt, að gefa landsstjórninni frjálsari hendur með tilliti til innheimtu á jarðaafgjöldum í Arnarstapaumboði.

Fyrri tillagan fer fram á, að lengja borgunarfrestinn á jarðarafgjöldunum, þar sem nauðsyn krefði, til næstkomandi vors.

Síðari tillagan kveður á, að eigi þurfi að höfða málssókn þar, sem fyrirsjáanlegt er, að hún muni verða árangurslaus.

Vona jeg, að þessar breytingar verði því ekki til fyrirstöðu, að þingsályktunin verði samþykkt, eins og hún nú liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. nefndarinnar samþ. með 18 atkv.

2. breyt.till. nefndarinnar samþ. með 19 atkv.

Tillagan í heild sinni samþykkt í einu hlj., og síðan send Ed.

Tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir 1886 og 1887 (C. 253); síðari umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. umræðulaust í einu hlj., og síðan send Ed.

Tillaga til þingsályktunar um ábyrgðargjald fyrir póstsendingar með tilgreindu verði (C. 319); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um það, að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi (C. 326); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykkt.

Þrítugasti og fjórði fundur, föstudag 9. ágúst kl. 11 f. hád.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 409, 428); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Nefndin hefir komið fram með breyt.till. við þetta frv., sem er líks efnis og sú breyt.-till., sem lá fyrir h. deild við 2. umr. þessa máls um styrk úr landssjóði til að varna skemmdum af Hafursá í Dyrhólahreppi. Að vísu hefir nefndin ekki fengið fullkomnar skýrslur um það starf, sem leiguliðarnir hafa unnið; en eptir þeim skýrslum, sem nefndin hefir fengið frá h. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.), sem hjer á hlut að máli, og er kunnugur ástæðunum, þá vill nefndin leggja til, að leiguliðunum verði veittar 200 kr. úr landssjóði. Eptir því sem þessi h. þm. segir frá, hafa verið unnin 136 dagsverk á þeim þjóðjörðum, sem hjer er um að ræða, til varnar mót ágangi af Hafursá, og auk þess hafa ábúendurnir líka lagt fram hey og skógarvið; og með því að þetta hefir haft talsverðan árangur, þá hefir nefndin komið fram með þessa tillögu um 200 kr. fjárveitingu til hlutaðeigandi bænda; en lengra hefir hún ekki treyst sjer að fara.

Ólafur Pálsson: Eptir því, sem fram hefir komið við 2. umr. þessa máls, þá gat jeg ekki búizt við betri undirtektum hjá h. nefnd, en raun hefir á orðið, og jeg skal lýsa því yfir, að þessi 200 kr. þóknun er betri en ekki neitt, þótt mjer raunar virðist þessi styrkur frá landssjóði til þeirra manna, sem mikið hafa lagt í sölurnar til að frelsa jarðir hans frá eyðileggingu, líkastur því, þegar maður rekur lítinn sykurmola upp í barn til að friða það; en samt sem áður er jeg þó þakklátur h. nefnd fyrir, að hún hefir sinnt þessari beiðni, enda er það að mínu áliti mjög áríðandi fyrir landssjóð, að jarðir þær, sem hjer er um að ræða, ekki eyðileggist; þær gefa af sjer í landsskuld 393 ál., og auk þess 200 pd. í smjöri; en allt þetta getur farið forgörðum, og vona jeg að allir geti sjeð, að slíkt væri mikill skaði fyrir landssjóð; reyndar er túnunum ekki hætta búin, en öll hagbeit er eyðileggingu undirorpin, ef ábúendurnir ekki kæmu í veg fyrir það og vörnuðu ánni frá jörðunum með görðum þeim, er þeir hafa hlaðið.

En jeg skal ekki fara lengra út í þetta mál nú á síðasta stigi þess, einkum þar sem jeg er svo óheppinn að geta ekki lagt fram skýrslur þar að lútandi, sem sendar voru eptir sýslufundinn 14. maí í vor hingað suður, og enn voru ekki komnar til amtmanns á laugardaginn var. Það er annars mjög leiðinlegt, þegar slíkar misfellur verða í póstferðum, því þær geta valdið mönnum stórskaða og opt orðið mjög óþægilegar fyrir þá, sem fyrir þeim verða.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir, heldur enda með að lýsa bæði þakklátsemi minni og ánægjusemi yfir afdrifum þessa máls.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. fjárlaganefndarinnar (C. 428) allar samþ., hin 1. með 20 samhlj. atkv., og hinar báðar án atkvæðagr.

Frv. í heild sinni samþ. í e. h., og afgreitt síðan til Ed.

Frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum (C. 245, 321); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal játa, að nefndin hefir að eins lauslega borið sig saman við forgöngumenn málsins í efri deild um 4. gr. frv., enda er nefndinni ekki kappsmál um það atriði, sem þar er um að ræða, og hún hefir hikað við að fella það burt úr frv., sökum þess, að það kynni að spilla fyrir málinu í efri deild. En jeg skal aptur taka það fram, sem jeg sagði við 1. umr., að nefndin muni taka til alvarlegrar íhugunar, hvort þessi málsgrein skuli felld eður eigi, áður en málið kemur til 3. umr. Að öðru leyti hef jeg ekkert við málið að athuga að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með samhlj. 20 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 3. gr. frv. samþ. með 20 samhlj. atkv.

3. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. nefnd. við 4. gr. frv. samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv.; 5. gr. samþ. með 20 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frv. til laga um að fá útmælda lóð í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum (C. 324, 409); 2. umr.

Eiríkur Briem: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. (sbr. þingskjal nr. 335), við 2. gr. þessa frv.

Í 2. gr. frv. er svo ákveðið, að eigendur lóða sjeu skyldir að láta þær af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi, ef lóðin ekki sje nauðsynleg »við rekstur verzlunar eða annarar atvinnu»; en í þessi orðatiltæki virðist mjer mega leggja svo víðtækan skilning, að frv. jafnvel geti orðið þýðingarlaust; það má til dæmis kalla sjávarútveg og sveitabúskap o. fl. atvinnu, og þar sem orðið er mjög víðtækt, þá er hætt við, að menn kunni að koma sjer undan ákvæðum frv. með því að segja, að lóð sín sje nauðsynleg við rekstur atvinnu sinnar, þótt ekki sje um annað að gera en t. d. mel, sem hafður er til að breiða fisk á, eða blett, sem hafður er til beitar, og hvað þá ef um kálgarð eða aðrar dýrari lóðir er að ræða. Jeg hef því álitið nauðsynlegt, að takmarka þetta betur, eins og líka var gert í hinu upphaflega frv. Því vel getur fyrir komið, að almennings nauðsyn krefji, að ný verzlun komist á fót á einhverjum stað, þar sem ekki væri annað til fyrirstöðu en að einhver lóðareigandi, t. d. verzlun, sem þar er fyrir, eigi vildi láta lóðina af hendi, og bæri fyrir sig þetta ákvæði frv. Breyt.till. þessi miðar þannig einungis til að gera orðin ákveðnari, svo eigi verði farið kring um meining og tilgang frv., og vona jeg því, að h. deild samþykki hana.

Sigurður Jensson: Í h. efri deild var kosin 5 manna nefnd í þetta mál; sú nefnd klofnaði reyndar í tvennt, en bæði meiri og minni hluti nefndarinnar urðu þó samdóma um, að stinga upp á, að bæta inn í nýrri grein, er yrði 1. gr. frv., sem fór í þá átt, að lögreglustjóri með 2 kunnugum og óvilhöllum mönnum skyldi ákveða ummerki svæðis þess, er kauptúnin mættu ná yfir. Þetta ákvæði hefir svo verið fellt burt úr frv. í efri deild; af hverjum ástæðum veit jeg ei, en jeg álít, að það sje nauðsynlegt eða hafi talsverða þýðingu. Það hefir mikla þýðingu að ákveðið sje, hvaða svæði verzlunarstaðurinn eða kauptúnið nær yfir, einkum af því, að ákvæði ýmsra laga ná ekki jafnt til þeirra, sem búa fyrir innan ummál verzlunarstaðarins, og hinna, sem búa fyrir utan. Þannig banna t. d. lögin um þurrabúðarmenn, að byggja þurrabúðir utan verzlunarstaðar, nema með vissum skilyrðum.

Einnig er með tilliti til húsaskattsins nauðsynlegt, að vita með vissu, hve langt verzlunarstaðir eða kauptún ná. Stundum stendur líka svo á, að jarðir eru umhverfis verzlunarstaðinn, og væri þá hart, að skylda eigendur þeirra til að afhenda lóðir úr túnum sínum til verzlunarlóðar, þegar lögreglustjóri og tveir tilkvaddir menn með honum heimtuðu þær og verða að sætta sig við það endurgjald. Jeg vildi því geta orðið samtaka öðrum h. þm. um, að koma með breytingaruppástungu hjer að lútandi til 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg er samþykkur h. 1. þm. Húnv. (E. Br.), og álít breytingartillögu hans vera til bóta, því orð þau í 2. gr. frv., sem hann vill breyta, hafa orðið víðtækari en til var ætlazt. En að því er snertir hina ráðgerðu breytingaruppástungu h. þm. Barðstr. (S. J.), þá

furðar mig á, að hann skuli ekki hafa komið með hana til þessarar umræðu, þar sem hann álítur hana svo mikils verða. En þar sem hann sagði, að hann ekki vissi, hvers vegna hún hefði verið felld í efri deild, eptir að nefndin þó var orðin samdóma um hana, þá get jeg frætt hann um, hvernig á því stóð. Ákvæði þetta fór nefnilega fram á, að lögreglustjóri skyldi ákveða víðáttu þess svæðis, er kauptún og verzlunarstaðir ættu yfir að ná, og kostnaður sá, sem það hefði í för með sjer, greiðast af landssjóði; en þegar svo deildin fór að íhuga, hve mikinn kostnað það mundi af sjer leiða, að mæla upp öll þau kauptún, sem löggilt hafa verið á þessari öld, þá þótti henni það ekki tilvinnandi, því kostnaðurinn mundi verða meiri en það, sem fengist í aðra hönd, og í öðru lagi gat henni ekki dulizt, að þótt löggildingar sífellt hafi viðgengizt án þess, að svæðið væri afmarkað, er kauptúnin skyldu ná yfir, þá hefir það ekki hingað til haft neinn annmarka í för með sjer. Reyndar getur komið fyrir, að sá sem á jörð við kauptún verði að láta af hendi það af henni, sem nauðsynlegt er til að geta hafið þar verzlun, en út á það gengur einmitt frumv. sjálft, að slíkt sje leyfilegt að gera, ef lögreglustjóri og tveir tilkvaddir menn álíta það nauðsynlegt; vilji menn því ekki hafa það ákvæði, þá er eins gott að fella frv. Jeg verð þannig að álíta uppástungu h. þm. Barðstr. (Sig. J.) óþarfa, og hygg, að það mundi ekki greiða fyrir frv. þótt þess konar ákvæði væri aptur sett inn í það, bæði sökum þess kostnaðar, sem það mundi af sjer leiða fyrir landssjóð, og af því, að hingað til hefir aldrei þurft á því að halda. Það sem vakti fyrir uppástungumönnunum í efri deild, og kom þeim til að setja þetta ákvæði inn í frumv., var það, að þegar verzlunin var gefin frjáls hjer á landi ári 1787, þá var tiltekið það svæði í hverju kauptúni, er mætti verzla á; en þá var allt öðru máli að gegna, þar sem konungur gaf eða keypti handa kauptúninu þá lóð, sem nauðsynleg var til verzlunarinnar, og þessvegna, af því að kauptúnið sjálft varð eigandi hinnar ákveðnu verzlunarlóðar, var nauðsynlegt, að tiltaka svæðið; en hjer er engu slíku til að dreifa; hjer er ekki ætlazt til, að kauptúnin eignist lóðina, heldur að hver, sem vill stofnsetja verzlun, geti fengið full umráð yfir þeirri lóð, sem hann þarf til verzlunarinnar, og því er nógur tíminn að tiltaka hana, þegar á að fara að nota hana. Auk þess getur vel komið fyrir, þegar nýbúið er að löggilda einhvert kauptún, að lögreglustjóri hugsi sjer, að þar muni aldrei verða mikil verzlun, og til taki því einungis lítið svæði; en svo gæti þetta kauptún eptir lengri eða skemmri tíma orðið stór verzlunarstaður, og þá þyrfti að mæla upp aptur, en það mundi hafa talsverðan kostnað í för með sjer.

Það er því tillaga mín, að frv. verði látið standa óbreytt, enda er ekki að vita, nema h. efri deild verði nú ófús, á að ganga að þessari breytingu, ef hún væri aptur upp tekin.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með samhlj. 20 atkv.

Breytingartill. við 2. gr. samþ. með samhlj. 19 atkv.

2. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. með samhlj. 19 atkv.

3. gr. frv. samþ. með samhlj. 19 atkv.
4. — — — — — 18 —
5. — — — — — 19 —
6. — — — — — 17 —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað tit 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 346, 372); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg gat þess við 1. umr., að jeg gæti ekki verið meðmæltur

breytingartillögu h. nefndar við þetta frv. Hún hefir tekið þessa breytingu eptir lögum 14. des. 1877 um fiskiveiðar á opnum skipum; en jeg vona, að engum geti dulizt, að þar stendur öðruvísi á en í þessu máli, því þar er um það að ræða, þegar margir reka atvinnu á sama stað, að setja reglur til þess, að þeir ekki spilli hverir fyrir öðrum, og með því að þar er um þá menn að gera, sem þekkja vel til, hvað þeim er fyrir beztu, þá er eðlilegt, að þeir fái að ráða samþykktum sínum; hjer er aptur á móti öðru máli að gegna, þar sem hjer er að ræða um ýmsar heilbrigðislegar ráðstafanir og hverjar reglur skuli vera gildandi í kausptöðunum um hirðusemi, velsæmi o. s. frv., bæði fyrir kaupstaðarbúa sjálfa og aðkomandi menn, innlenda sem útlenda. Það er því ekki við að búast, að allir þeir, sem kosningarrjett hafa til alþingis, viti, hvað bezt á við í þessum efnum, og þess vegna væri hætt við, að ýmsar reglur, er snerta heilbrigði, hreinlæti og annað því um líkt, og sem væru nauðsynlegar í sjálfu sjer, en sem sumum trössunum og sóðunum þættu óþarfar, yrðu felldar, ef þær væru bornar upp á almennum fundi.

Hjer er ekki heldur um neina takmörkun á atvinnuvegum að tala; því reglur þessar snerta eingöngu það, sem að heilbrigði, velsæmi eða hreinlæti lýtur, svo sem að þorskhausar og sundmagar ekki sjeu breiddir út á görðum og húsaþökum í miðjum bænum, eða að slori eða óhreinindum sje kastað í rennurnar eða á göturnar, og annað þessu líkt, sem ómögulega getur kallast takmörkun á atvinnufrelsinu.

Jeg sje því ekki, að neitt geti verið á móti, að gefa umboðsvaldinu leyfi til að setja þess konar reglur; enda hefir þingið nýlega gefið stjórninni leyfi til að gefa út bindandi varúðarreglur fyrir skipstjóra til að forðast ásiglingar, og líkt stendur á með þetta frumv., sem fer fram á að veita umboðsstjórninni vald til að setja reglur í þeim efnum, sem hjer er um að ræða, þó með þeim fyrirvara, að bæjarstjórnin hafi fullnaðaratkvæði viðvíkjandi öllum þeim ráðstöfunum, sem hafa útgjöld fyrir bæinn í för með sjer, svo að þeim er þannig gefinn mjög mikill þáttur í samþykktunum.

Eins og sjá má af 1. gr. frv., er hjer heldur alls ekki um það að tala, nje heldur er það meiningin, að neyða þess konar samþykktum upp á kaupstaðina, heldur einungis að veita 3 kaupstöðum landsins heimild til að fá þær lögreglusamþykktir, er æskilegar þættu, enda er frv. fram komið einmitt sökum þess, að bæjarstjórnin í Reykjavik hefir óskað að fá þessa heimild, og hún er fullkomlega ánægð með frumv. eins og það er; um vilja hinna kaupstaðanna, á Akureyri og Ísafirði, veit jeg ekki, en þykir líklegt, að bæjarstjórnirnar þar hafi sama vilja, og þær muni þora að eiga undir því, að amtmaður og landshöfðingi ekki fari að «oktroyera» upp á þær ákvörðunum, sem þeim væri mjög á móti skapi.

Hvað Reykjavík viðvíkur, þá álít jeg, að henni sje mikill óleikur gjör, ef hún ekki fær ósk sína uppfyllta í þessum efnum; en mjer virðist breytingartillaga nefndarinnar svo vaxin, að frumv. verði ekki að lögum, ef hún verður samþykkt, því að það á alls ekki við, að heimfæra upp á samþykktir um lögreglumálefni þau ákvæði, sem gilda um samþykktir um fiskiveiðar á opnum skipum. Jeg vona því að h. nefnd haldi ekki fast fram breytingaruppástungu sinni, með því að engum getur orðið órjettur gjör, þótt frumv. verði samþykkt eins og það nú er.

Framsögumaður (Páll Briem): Það er svo að mínu áliti, að mjer fyrir mitt leyti finnst töluvert varið í að fá heimild til lögreglusamþykkta. En annars vegar er ekki ástæða til að innleiða þær lög-

reglusamþykktir, sem þeir eru á móti, sem undir þeim eiga að búa. Ef í þessu efni væri misklíð milli þeirra og staðfestingarvaldsins, þá væri rjettara að samþykktin biði, þangað til málið væri nákvæmar athugað, ekki einungis af bæjarstjórninni, heldur einnig af bæjarbúum. Nefndinni er það að vísu ekkert kappsmál, að fá frumv. fram, en hún vildi þó, að það gæti orðið samþykkt. Ef efri deild þætti breytingar ganga í of frjálslega stefnu, þá gæti hún fellt málið, og biði það svo til næsta þings.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að ólíkt stæði á með fiskiveiðasamþykktirnar og lögreglusamþykktirnar. Talaði hann svo um, sem kaupstaðarbörgararnir ekki vissu hvað til síns friðar heyrði í þessu efni. Yfirvöldin yrðu því að hafa vit fyrir þeim. Þeir hefðu ekki einu sinni skynbragð á því, hvernig ætti að slátra kindum, svo að heilbrigði manna yrði borgið, og yfirvöldin yrðu að kenna þeim, að það væri ekki þrifalegt að breiða sundmaga á hús í miðjum bænum. En þetta finnst mjer ekki ná neinni átt; menn geta haft fullt skynbragð á því, hvað heppilegt er að gera, til þess að halda uppi hreinlæti og velsæmi í bæjum. Í flestum tilfellum mundu borgararnir fegnir að fá góðar lögreglusamþykktir, og jeg tel víst, að þær lögreglusamþykktir mundu verða affarasælli en einhverjar yfirvaldaskipanir, sem bæjarbúum væri þvert um geð.

Ef breytingartillagan nær fram að ganga, þá er að vísu gert töluvert erfiðara að fá lögreglusamþykktirnar fram, en með því er þessu máli komið í æskilegt og tryggilegt horf fyrir báða parta. Stjórnin getur hindrað, að skaðlegar lögreglusamþykktir komist að, og borgararnir geta líka aptrað því.

Mjer finnst, fyrir mitt leyti, að það væri rjett, að samþykkja breytingartillöguna hjer í deildinni, svo efri deild gæti sagt álit sitt um það. Jeg veit það að vísu vel, að lög um þetta efni eru öðruvísi í Danmörku, og fyrir því getur verið, að lögin þess vegna ekki næðu staðfestingu; en í þessum málum má ekki taka tillit til þess, hvað gildir í Danmörku, heldur til þess, hvað væri haganlegt hjer.

Landshöfðingi: Jeg vil einungis gjöra stutta athugasemd við niðurlagið á ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.). Mjer skildist ekki betur en hann segði, að í frumvarpinu væru sömu ákvæði sem í Danmörku; en það er alls ekki svo.

Í Danmörku er það þannig, *að* það er lögboðið að setja *skuli* lögreglusamþykktir fyrir alla kaupstaðina, *að* amtmennirnir búa til frumvörpin, *að* ministeríið gefur samþykktirnar út, og *að* bæjarstjórnirnar geta hafnað þeim ákvörðunum, sem hafa í för með sjer útgjöld fyrir kaupstaðarfjelagið. Bæjarstjórnin hefur þar ekkert atkvæði um annað en peningaútgjöld.

Jónas Jónassen: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, var rætt á bæjarstjórnarfundi hjer í Reykjavík, og er henni mikið umhugað um, að það nái fram að ganga. En jeg vildi óska, að h. deild ekki samþykkti breytingartillögu nefndarinnar, sem er þess eðlis, að ef hún væri samþykkt, þá mundi frumv. ekki fá samþykki stjórnarinnar, eins og hæstv. landsh. hefir lýst yfir. Mjer þykir breytingartillaga nefndarinnar undarlega orðuð, þar sem hún tekur til, að bera skuli frumvarp til lögreglusamþykkta undir samþykki almenns fundar. Það er undarlegt að bera það undir atkvæði allra þeirra, sem kosningarrjett hafa til alþingis. Það kann jeg ekki við. Eins og spyrja ætti bæjarbúa um: viljið þið hafa þetta? eða viljið þið hafa þetta? Það mundi ekki ávallt vera gott að fara eptir því, sem almenningi ef til vill kynni í svipinn að geðjast miður að. Mjer finnst því ótækt að bera undir al-

menning málefni, sem bæjarstjórninni ef til vill þætti alveg nauðsynlegt að koma fram.

Jeg ímynda mjer, að ef breyt.till. nær fram að ganga, þá mundi bæjarstjórninni í Reykjavík aldrei takast að fá lögreglusamþykktir, sem næðu samþykki. Þetta mál hefir ekki sjerlega þýðingu fyrir aðra en kaupstaðina, einkum Reykjavík, sem er orðinn fjölmennur bær. Jeg er líka viss um, að lögreglustjórinn á Ísafirði vildi gjarnan, að frumv., eins og það kemur frá h. efri deild, næði fram að ganga. Hann er duglegur lögreglustjóri, sem vill halda góðri reglu hjá sjer, og jeg er viss um, að honum þætti leitt, ef frumv. ekki næði samþykki óbreytt. Í efri deild eru líka svo margir lögfróðir menn, að jeg er viss um, að þeir hafa búið það svo út, að það megi samþykkja það.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að frumv. mætti bíða til næsta þings. Það er auðvitað, að við höfum lifað svo lengi án þess að hafa lög um lögreglusamþykktir, að við gætum eins beðið þenna tíma; en það er engin ástæða. Þetta mál kemur nú í annað sinn fyrir þingið, og væri leitt að þurfa að koma fram með það í 3. skiptið. Hann sagði ennfremur, að almenningur ætti að hafa gagn af lögreglusamþykktunum. Það er orð og það er satt. En almenningur á ekki að búa þær til. Jeg þykist sannfærður um, að engin bæjarstjórn býr til lögreglusamþykktir, sem fara fram á annað en það, sem almenningi er til gagns og góða.

Framsögumaður (*Páll Briem*): Eptir því, sem jeg sagði síðast, að ef breyt.till. næði fram að ganga, þá væri fyrirkomulagið nokkuð ólíkt því, er tíðkaðist í Danmörku, og það mundi líklega verða til þess, að frumv. næði ekki samþykki. Jeg vissi vel, að frumvarp það, sem lagt var fyrir þingið 1885, hafði sömu ákvæði og eiga sjer stað í Danmörku; en þetta frv., sem nú liggur fyrir, er breytt. Það var þessi athugasemd, sem jeg vildi gjöra við ræðu hæstv. landshöfðingja.

Sigurður Stefánsson: Mjer er það ekki kappsmál, hvort lögreglusamþykktirnar ná fram að ganga fyr eða síðar. Mjer er ekki kunnugt, að Reykjavík hafi beðið um lögreglusamþykktir.

Þar sem hæstv. landshöfðingi sagði, að það væri öðru máli að gegna um fiskiveiðarsamþykktir, þá er jeg honum að nokkru leyti samþykkur. Jeg hafði á móti því, að bæjarstjórnin hefði ekki síðasta orðið. Amtmennirnir geta gjört breytingar, (*J. Jónassen:* Þeir gjöra það ekki); bæjarstjórnin ætti að semja frumvörpin að öllu leyti, og amtmennirnir annaðhvort samþykkja eða vísa heim aptur. Það má bera þetta saman við fiskiveiðasamþykktir. Jeg held ekki svo fast við breyt.till., en jeg er ekki með því að amtmenn eða landshöfðingi hafi síðasta orðið. Úr því þeir ekki breyta, eins og h. þm. Rvík. (J. J.) fullyrðir, þá þarf heldur ekki að gefa þeim vald til þess, og er því þýðingarlaust að hafa þessi ákvæði í frumv.

Jónas Jónassen: Jeg held að þetta sje misskilningur hjá h. 1. þm. Ísfirð. (Sig. St.). Það stendur í 3. gr., að frumv. er sent til landshöfðingja; þar stendur hvergi að amtmaður breyti; það er allt annað »að gjöra athugasemdir» eða að breyta. Amtmaður breytir eigi, en gjörir að eins athugasemdir, og landshöfðingi samþykkir.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil spyrja h. þm. Rvík., hvað það eigi að þýða, að amtmaður og landsh. gjöri athugasemdir við frumv. bæjarstjórnarinnar, ef það er ekki meiningin með því, að þeir geti breytt frumv. hennar. Jeg hygg að það verði ekki fengið annað út úr þessum ákvæðum frumv., en að bæði amtmaður og landsh. megi breyta frumvarpi bæjarstjórnarinnar, en það vil jeg alls ekki; jeg vil ekki að þeir geti annað við frv. gjört, en annaðhvort synjað því staðfestingar, eða staðfest það.

Framsögumaður (Páll Briem): það er ljóst eptir 3. gr., að amtmaður og landshöfðingi geta breytt frumvarpinu þrátt fyrir mótmæli bæjarstjórnarinnar.

Landshöfðingi: það er rjett athugasemd hjá h. þm. Snæf. (P. Br), að landshöfðingi getur breytt frumv. því, sem bæjarstjórnin semur, og bætt inn í það nýjum ákvæðum, ef breytingarnar og viðaukarnir hafa ekki í för með sjer útgjöld fyrkaupstaðina. Bæjarstjórnin stingur upp á frumvarpinu, amtmaður gjörir við það atsemdir og landshöfðingi gefur frumv. út. Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er sú, að þessi málefni heyri undir umboðsstjórnina; þau eru lögreglumálefni en ekki sveitamálefni. það er gagnstætt rjettum grundvallarreglum, að gjöra lögreglumálefni að sveitamálefnum.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg vil að eins leyfa mjer að geta þess út af orðum hæstv. landshöfðingja, að takmörkin milli lögreglumála og sveitamála eru mjög á reyki. Sveitastjórnir skipta sjer af mörgu því, sem í frumv. þessu er kallað lögreglumál. Þótt sjálf löggæzlan sje hjá umboðsvaldinu, snerta málin þó sveitirnar, og eiga þær því eðlilega að hafa mikið að segja um þau.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samþykkur h. þm. Snæf. (P. Br.) og 1. þm. Ísf. (Sig. St.); en get þó eigi fellt mig við allt sem stendur í nefndarálitinu. Lögreglusamþykktir geta haft mikla þýðingu fyrir kaupstaðina, og er því áríðandi að þær sjeu vel samdar, og að bæjarstjórnirnar geti ráðið, hvað í þeim stendur. Fyrir því vildi jeg að fyrirkomulagið væri það, að amtmaðurinn gæti engu breytt í þeim eður þá landshöfðingi, en að hjer væri einungis um neitunarvald að ræða, til þess að neita þeim samþykkis síns, meðan honum fyndist bæjarstjórnirnar fara of langt eða að eitthvað skaðlegt vera í lögreglusamþykktunum. Sýslunefndirnar hafa nú líkt vald og þetta, sem hjer er um að ræða; þær hafa vald til að semja fjallskilareglugjörðir, amtmaður hefir vald til að neita um að staðfesta þær; samt hljóða reglugjörðirnar að nokkru um lögreglu við rjettarhaldið. Jeg gæti fyllilega verið með þessu frumv., ef fyrirkomulagið væri þannig; jeg tek það fram aptur, að það gæti eigi orðið hættulegt, þar sem neitunarvaldið alltaf er fyrir ofan. Eins og fyrirkomulagið nú er, finnst mjer gengið of nærri frelsi bæjarstjórnanna; fyrirkomulagið er líkt og meðan við höfðum ráðgjafarþing; þá gat stjórnin breytt öllu, sem þingið kom með, og gjört það að lögum, og þótti slíkt fyrirkomulag eigi gott þá.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þykir leiðinlegt að setja mig á móti frumv. þessu, þar sem jeg er hjer utanbæjarmaður, en það er bæjarstjórnin hjer í Reykjavík, sem um það hefir beðið og sem það snertir að mestu leyti. Ef jeg ætti að segja álit mitt um málið, þá verð jeg að vera samdóma bæjarstjórninni um, að ýmislegt sje, sem nauðsynlegt sje að hafa lögreglusamþykktir um hjer í bænum, þótt ekki væri annað en ýmislegt, sem snertir hreinlæti. Það er heldur ekkert í frumv., sem hneixlar mig. Hjer er gjört ráð fyrir, að bæjarstjórnirnar semji reglurnar, en amtmaður gjöri athugasemdir sínar við þær; lengra álít jeg hann fari ekki, en landshöfðingi samþykki síðan reglugjörðina eða neiti henni samþykkis síns; jeg sje engin líkindi til þess, að hann muni staðfesta hana breytta frá því, sem bæjarstjórnin samdi hana, eða búa til nýja reglugjörð. Það væri líka ósamkvæmt því, sem á sjer stað með allar aðrar samþykktir. Hið eina, sem gæti gefið tilefni til að ætla, að landsh. gæti staðfest samþykktina breytta, er það, að í frumv. stendur, að í samþykktina megi ekki setja nein ákvæði, er hafi í för með sjer útgjöld fyrir bæjarsjóðinn, ef bæjarstjórnin mótmælir. En jeg álít ekki fyrir það, að landsh. megi búa

til nýja samþykkt, þar sem það er gagnstætt allri reglu með samþykktir, þar sem landshöfðingi hefir staðfestingarvaldið.

Þorsteinn Jónsson: Mjer finnst máli þessu nálega komið í ónýtt efni, því að skoðanir manna hjer í deildinni eru næsta skiptar um það. En jeg ætla, að það sje ekki svo erfitt að leysa Gordionshnút þann, sem hjer er riðinn. Vandinn er ekki annar en að taka til greina bending h. 1. þm. Ísf. (S. St.).

Mjer finnst það sjálfsagt, að amtmaður megi breyta samþykkt, ef eitthvað lögum gagnstætt skyldi vera í henni. Jeg álít því rjettast, að fella breyt.tillögur nefndarinnar, en koma með breytingartillögu til 3. umr. um það, að amtmaður sendi bæjarstjórninni aptur samþykktina með athugasemdum sínum, ef hann vill ekki samþykkja hana óbreytta, og að landshöfðingi eigi megi staðfesta samþykktina fyrri en samkomulag er komið milli hans annars vegar og bæjarstjórnarinnar hins vegar. Með þessu móti virðist mjer mega bjarga frumvarpinu frá falli.

ATKVŒÐAGR.: 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við 3. gr. felld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Sigurður Jensson.
Gunnar Halldórsson.	Grímur Thomsen.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Jón Þórarinsson.
Jón Jónss.þm.N.-Þ.	Jónas Jónassen.
Ólafur Briem.	Ólafur Pálsson.
Páll Briem.	Sveinn Eiríksson.
Sigurður Stefánsson.	Þórarinn Böðvarss.
Þorleifur Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.
Þorvarður Kjerúlf.	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.

3. gr. óbreytt samþ. með 12 : 2 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 6. gr. samþ. með 12 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Frv. til viðaukalaga við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (C. 282); 2. umr.

Páll Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla sem bezt með frv. þessu, sem miðar til þess að vernda þann atvinnuveg, sem bæði er hinn arðsamasti og skemmtilegasti, og sem vonandi er að eigi mikla framtíð fyrir höndum, ef skynsamlega er með hann farið. Jeg vil ekki segja, að mjer líki frv. alls kostar; en mjer þykir 1. gr. þess svo mikilsverð, að hennar vegna mun jeg gefa frv. atkvæði mitt. 2. og 3. gr. líkar mjer ekki. Mjer finnst óeðlilegt band lagt á varpeiganda, að hann skuli ekki mega selja eitt einasta egg, þótt honum berist í einu jafnvel svo þúsundum skiptir af eggjum, bæði kaldeggjum og öðrum eggjum, sem nauðsynlegt er að taka. Jeg sje það, að eggjasölubannið sje sett inn í frv. til þess, að koma í veg fyrir, að egg sjeu tekin um of; en vandsettar munu reglur um það, því að það hagar svo misjafnt til í hverjum stað um það, hvort það er ráðlegt að taka egg eða ekki, og er hverjum skynsömum varpeiganda trúandi til að skera úr því sjálfur, hvað við á í hvert sinn.

Um 3. gr. er það að segja, að jeg sje ekki vel, hvernig hægt er að hafa eptirlit með því, að hún sje ekki brotin. Að vísu veit jeg, að ákvæði hennar muni eiga að miða til þess, að gera hægra fyrir að sjá til, að ekki verði brotið gegn 1. gr.; en til þess get jeg ekki álitið þessi ákvæði einhlít. Yfir höfuð verð jeg að álíta, að það sje hæpið að setja lög um það, hvernig menn skuli stunda atvinnuveg sinn, eins og hjer á að gera um eggjatökuna, og jafnvel æðarfugladrápið; eiginn hagur varpeiganda mun kenna honum bezt að haga sjer skynsamlega í því efni, og að

því er dráp æðarfugla snertir, þá getur það komið fyrir, og það er tekið fram af þeim manni, sem bezt hefir þekkt til æðarvarps hjer á landi, að það sje beinlínis nauðsynlegt fyrir varpeiganda, að drepa óþarfa æðarblika í varplandi sínu, einkum þar sem þröngt er um; því sjeu þeir of margir, spilla þeir þeirri ró í varplandinu, sem nauðsynleg er; en eptir að lög þessi öðlast gildi, munu menn þó naumast leika sjer að því, ef þeir eiga von á að fá 10—100 kr. sektir fyrir. Þó mjer líki nú ekki þessi ákvæði, þá mun jeg þó greiða atkvæði með frv. óbreyttu, því að jeg veit, hve margir snúningar hafa orðið fyrir því í h. Ed., og jeg er hræddur um, af því svo stutt er orðið eptir af þingtímanum, að svo gæti farið, að málinu yrði ekki lokið á þessu þingi, ef vjer förum að senda frv. aptur breytt upp í Ed.; en að svo fari, tel jeg skaða, því í aðalefninu er frv. til verulegra bóta.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er að flestu leyti samdóma h. þm. Strand. (P. Ó.); en jeg hlýt að komast að annari niðurstöðu, en hann komst.

Jeg er mjög meðmæltur 1. gr.; hún er allsendis nauðsynleg, því að gildandi lög um æðarfugladráp eru allt of væg, þar sem um verndun hins arðsamasta atvinnuvegs er að ræða.

En aptur á mót eru ákvæðin í 2. gr. þannig, að jeg get ekki gefið þeim atkvæði mitt, þar sem sagt er, að enginn megi selja eða kaupa æðaregg, og að slíkt varði 10—100 kr. sektum. Jeg veit ekki hvort hjer er meiningin, að bæði sá, sem kaupir og selur, skuli borga þessar sektir báðir í sameiningu, eða hvor fyrir sig; en líklega á hvor þeirra um sig að greiða þær. Eitt er þó ekki bannað í greininni, og það er, að varpeigandi megi ekki neyta sjálfur æðareggja eða gefa þau. En jeg veit, að það eru einmitt sumir varpeigendur, sem gefa stórmikið af æðareggjum, en selja ekki, og mun enda svo vera, að þetta sje hið venjulegasta. Jeg sje ekki heldur betur en hjer sje gengið nokkuð nærri eignarrjettinum, og það jafnvel svo, að naumast sje hægt að verja það með því, að hjer sje um svo mikið almenningsgagn að ræða. Ef egg eru tekin um of, þá er skaðinn mestur fyrir þann, sem það gerir; því að það segja varpfróðir menn, að æðarfuglinn leiti optast aptur til þeirra staða, sem hann er alinn upp á. Sýnist mjer sem löggjafarvaldið eigi að við hafa alla varfærni, er það fer að hlutast um, hvernig menn brúki efni sín, eða reki atvinnu sína. Jeg skil ekki heldur, að það sje rjett eða skynsamlegt, sem segir í 3. gr., að enginn megi selja, hirða eða hagnýta dauða æðarfugla eða hluti af þeim.

H. þm. Strand. (P. Ó.) tók það alveg rjettilega fram, að margir hinir fróðustu varpmenn telja nauðsynlegt, að drepa æðarblika, til þess að bæta varp sitt; því að það er fullsannað, að það eyðileggur varpið, að hafa þá of marga; en með þessum lögum væri komið í veg fyrir, að hægt yrði að bæta varp á þann hátt.

H. þm. (P. Ó.) tók það og rjettilega fram, að meiningarlaust væri að láta kaldegg liggja ónotuð; en nú vita það allir, hve opt það ber við, að æður yfirgefur hreiður sitt, og ef meir safnast fyrir af eggjum, sem ekki er gagn að hafa í varplandi, en bóndi getur notað handa sjer, þá er honum með lögum þessum bannað að gera sjer þau arðberandi með því að selja þau, sem þó getur komið fyrir að hann vilji gera.

Jeg vildi því fella 2. og 3. gr. frv. burt, en halda eptir 1. gr., 4. og 5. gr.

Jónas Jónassen: Mjer er það vel kunnugt, að víða er drepið mikið af æðarfugli, og að æðarfugladráp er á vissum stöðum beinlínis atvinnuvegur margra; því er jeg samdóma um, að hærri sektir beri að leggja við því.

Jeg efast ekki um, að h. sessunautur minn þekki það, að Álptnesingar hafi bú-

ið eða búi beinlínis til net til þess að veiða æðarfuglinn, og svo mun víðar vera. Það er að mörgu leyti von, að sjómönnum sje illa við æðarfuglinn, því hann eyðileggur mjög fyrir þeim beitu; jeg talaði nýlega við mann, sem kom ofan úr Hvalfirði; hafði hann lagt niður beitu sína; en að tveim dögum liðnum, þegar hann ætlaði að vitja hennar, var hún horfin; æðarfuglinn hafði jetið hana alla; þess vegna hata sjómenn æðarfuglinn, og þykir hart, að mega ekki skjóta hann.

Viðvíkjandi 3. gr., að ekki megi hagnýta dauða æðarfugla, þá skil jeg ekki, hvernig h. Ed. gat sampykkt það; jeg set sem dæmi, sem er algengt, að æðarfuglar koma í hrognkelsanet; þó að jeg fái fullt net af æðarfuglum, þá er jeg alveg saklaus í drápi þeirra, og þá finnst mjer óneitanlega hart, að mega ekki nota fiðrið, hvað þá jeta æðarfuglinn; getur verið, að Ed. hafi gengið það til, að reyna að fyrirbyggja dráp æðarfugla, en jeg get opt komizt yfir æðarfugl, án þess að hafa drepið hann sjálfur; þess vegna eru þetta óneitanlega hörð ákvæði, að gjalda fyrir það 10—100 kr. sekt.

Hvað snertir kaup og sölu æðareggja, þá er ekki alveg víst, hvað rjett er í því efni. Það er hart fyrir mig, ef jeg t. d. hefi mjög lítið varp, og með mínum beztu tilraunum ekki hef getað aukið það; þannig hafa til dæmis verið, þegar jeg byrjaði, 4 hreiður, og eptir að jeg hefi potað áfram í 10 ár, eru þau orðin 3; þá er hart fyrir mig, að mega ekki taka egg, því þó það sje lítið, munar það þó svangan. Jeg veit, að menn hjer á Suðurlandi selja heil ósköp af eggjum; þannig koma Mýramenn hingað til Reykjavíkur með heila skipsfarma; þetta er alveg rangt, því með þessu skemma þeir. (*Þórarinn Böðvarsson:* Fyrir sjer). Já, fyrir sjer og öðrum.

Sem sagt álít jeg aðalkost við frv., að sektin fyrir að drepa æðarfugla er mikið hækkuð, því mjer þykir líklegt, að menn hætti nú að leika sjer að því, að standa í klettum og hlunka þaðan á æðarfuglinn. En jeg óttast þó á hinn bóginn, að það muni ganga eins og það hefir gengið, meðan menn eru eins skeytingarlausir með að ljóstra því upp, þó þeir viti, að æðarfuglar sjeu drepnir, og óskandi væri, að frv. þetta, ef það verður að lögum, verði eigi tómt pappírsgagn.

Gunnar Halldórsson: Jeg vil gjöra allt, sem jeg get til þess, að frv. nái fram að ganga, sökum 1. greinar, sem jeg álít mjög nauðsynlega, og að með henni sje fengin góð rjettarbót, því á hana legg jeg aðaláherzluna. 2 gr., sem margir hafa fundið að, held jeg að ekki geti skaðað varpeigendur, og ekki get jeg heldur álitið, að hún innihaldi neina eggjafriðun, því þar sem bæði má gefa egg og jeta þau, þá er hægt að hagnýta kaldegg, og yfir höfuð að brúka svo mikla eggjatöku, sem hvern lystir. En þegar kemur til 3. gr., þá á jeg mjög bágt með að vera með, því þegar jeg ber hana saman við 4. gr., sem veitir uppljóstrarmanni mikil hlunnindi, eins og jeg álít rjett vera, þá finnst mjer honum þó vera gert erviðara að koma upp broti, og að fyrsta grein þar fyrir kunni að koma að minni notum en til er ætlazt, þar sem ekki má hirða eða á nokkurn hátt hagnýta dauða æðarfugla. Því þegar jeg veit, að einhver hefir skotið æðarfugl, þá er það hið bezta sönnunarmeðal, sem jeg get haft sem uppljóstrarmaður, að geta sýnt dauðan æðarfugl. Jeg mun samt gefa greininni atkvæði mitt við þessa umr., en reyna að samlaga mig til 2. umr. öðrum þm. með breytingu í þá átt, að þeir fuglar skuli undanskildir ákvæðum þessum, sem hafðir eru til að ljóstra upp broti.

Grímur Thomsen: Það er öllum kunnugt, að h. þm. Reykv. (J. J.) er fuglavinur mikil, hvort rjúpur eða aðrir fuglar eiga hlut að máli; en það er um hann eins og opt vill verða, að ástin eða vin-

áttan geri það, að menn sjá ofsjónir, hann vitnaði áðan til h. 1. þm G.-K.) (Þ. Böðv.) eða til mín; en jeg veit, að í mínu plássi voru viðhöfð fuglanet fyri 7—8 árum, en þá var hafin rannsókn, og síðan hygg jeg að ekki sje teljandi, hvað æðarfugl sje drepinn. Jeg er samdóma um það, að frv. sje kannske ekki sem bezt orðað; en jeg álít þó ísjárvert að fella úr því eða breyta því mikið og senda það þannig til Ed., því andi og tilgangur þess er góður; mæli jeg því með að það verði samþykkt óbreytt.

Jón Þórarinsson: Jeg er einn af þeim, sem er mjög meðmæltur þessu frv. Þar sem að tekið hefir verið fram, að 2. og 3. gr. væru óhafandi, þá eru þó ýms ákvæði í þeim, sem alveg eru nauðsynleg, svo sem um eggjatökuna og hirðingu dauðra æðarfugla, þó að bæði þessi ákvæði þurfi nákvæmari takmarkana. Því einmitt í því, að mega hagnýta dauða æðarfugla, liggur freistingin til að drepa þá. Jeg hefi heyrt sagt, að heil heimili lifðu á æðarfugli, borðuðu kjötið, en keyptu kaffi og sykur fyrir dúninn. Jeg var eitt sumar búsettur hjer í Reykjavík; voru mjer þá opt boðnir dauðir æðarfuglar, og voru þeir allir votir, og mjer sagt, að þeir hefðu drukknað í gráslepputunetum; síðan var mjer sagt, að það væri siður að selja æðarfugla helzt þeim, sem ókunnir væru; hinir kunnugu renna fremur grun í, hvern dauðdaga þessir sjóvotu æðarfuglar hafa hlotið; og einu sinni fann jeg hagl í drukknuðum æðarfugli, því að þeir, sem skjóta þá, dýfa þeim í sjó, til þess að gjöra sennilegt, að þeir hafi drukknað.

Jeg vona að þessi ákvæði verði nánari takmörkunum bundin til 3. umr., og vænti þess af h. Ed., að hún láti ekki þær breytingar standa í vegi fyrir samþykki sínu.

Árni Jónsson: Jeg tek í sama strenginn og þeir, sem hafa mælt með þessu frv.; hjer er um mikilsverðan atvinnuveg margra landsmanna að ræða, og þó einhverjir gallar kunni að vera á frv., þá er heppilegast að samþykkja það óbreytt við þessa umræðu, en lagfæra það heldur, sem ábótavant þykir, til 3. umr., því að 1. gr. frv. er eins og tekið hefir verið fram, svo mikilsverð, að hún ein gerir frv. þarflegt og þýðingarmikið.

Þar sem h. þm. Reykv. (J. J.) talaði um 2. gr., þá virtist hann vera á móti greininni í sjálfu sjer, en gat þess þó í því sambandi, að Mýramenn flyttu hingað til Reykjavíkur heila skipsfarma af æðareggjum. Jeg held hann hafi nú drepið þar heldur djúpt í árinni, eins og honum er tamt, þegar hann talar með eða móti einhverju máli. Það kann að vera, að helzt til mikið hafi stundum verið tekið af eggjum á Út-Mýrum; en vegna þess, að þetta mun því miður eiga sjer víða stað, þá vil jeg halda ákvæðunum um, að ekki megi selja eggin, og verð jeg því að mæla með, að 2. og 3. gr. verði samþykktar, því það verður erfiðara að koma þeim vel fyrir aftur, ef þær verða felldar nú.

ATKVÆÐAGR.: Allar greinir frv. samþykktar, hin 1. með 20 atkv. samhlj., 2. með 15, 3. með 14, 4.—5. með 19.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkvæðum.

Frumv. til laga um borgun á láni til brúargerðar á Skjálfandafljóti (C. 305); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Við tveir þingmenn, h. þm. Mýram. (Á. J.) og jeg, höfum leyft okkur að koma fram með þetta frumv. í því trausti, að h. þingd. veiti því góða viðtöku. Eins og menn sjá, er aðalefni frv. það, að nokkur hluti af láni því, sem veitt var til brúargerðar á Skjálfandafljóti með lögum 27. febrúar 1880, verði eptir-

gefinn hjeruðum þeim, sem lánið tóku frá, 1. jan. 1890. Að þessu leyti er frumv. sniðið eptir lögunum um brúargerð á Ölvesá, sem samþykkt voru á þinginu 1887 og síðan staðfest af konungi. Þegar rætt var um brúargerðina á Skjálfandafljóti 1879, ríkti önnur stefna á þinginu en sú, sem varð ofan á 1887, því þá var fje veitt til brúargerðar sem lán, er viðkomandi hjeruð skyldi endurborga að fullu og öllu.

Síðan 1879 hafa frumv. um brúargerðir verið fyrir hverju þingi, og hinar tvær stefnur barizt hvor á móti annari, hvort landssjóður skyldi kosta brýrnar eða þau hjeruð, sem sjerstaklega hefðu hag af fyrirtækinu.

Þegar frumv. um brúargerð á Ölvesá var fyrir þinginu 1887, var enn rætt um málið frá sjónarmiði þessara tveggja meginreglna. En þá varð sá skoðun ofan á með miklum atkvæðamun, að landssjóður ætti að kosta brúargerðina að meira leyti, en lítill partur af kostnaðinum skyldi koma frá sjóðum hjeraða þeirra, sem næst eru.

Á sama þingi voru líka samþykkt önnur lög, sem fóru í líka stefnu, það er að segja vegalögin. Í 3. gr. vegalaganna er svo ákveðið, að aðalpóstvegir skuli yfir höfuð kostaðir af landssjóði, og í 22. gr. sömu laga er svo ákveðið, að brýr skulu gerðar á ám og lækjum svo fljótt, sem kostur er á. Þegar jeg ber þessar greinar saman, þá sje jeg, að brúargerð á ám, þar sem aðalpóstvegur er, er það verk, sem landssjóði ber að kosta að mestu leyti.

Það hefir þannig verið töluvert rætt um þessar tvær meginreglur. En, eins og jeg tók fram áðan, varð sú reglan ofan á, að landssjóður skyldi bera mestan kostnaðinn. Þessi regla varð ofan á, þegar frumv. um brúargerð á Ölvesá var samþykkt með 16 atkv. gegn 5. Af umræðunum um málið sjest ljóslega, að það hefir verið meining margra merkra þingmanna, að þess konar verk ætti landssjóður eingöngu að vinna. Nokkrir voru á þeirri skoðun, að hjeruðin ættu að bera kostnaðinn að mestu leyti, en landssjóður skyldi styrkja þau eptir atvikum. Aptur aðrir álitu, að landssjóður ætti að bera meiri hlutann af kostnaðinum, en hjeruðin dálítinn hluta. Þessi síðasta stefna varð ríkjandi á þinginu og samþykkt með frumv.

Eins og nú horfir við í hjeruðum þeim, sem eiga að borga kostnaðinn af brúargerðinni á Skjálfandafljóti, hlýtur mestur hlutinn af sýslusjóðsgjaldi þeirra að ganga til afborgunar á láninu í 26 ár, og mikill hluti af sýsluvegagjaldi þessara hjeraða gengur til hins sama, svo lítið sem ekkert verður eptir til vegagerðar innanhjeraðs. En um sama leyti er veitt stórfje úr landssjóði til sams konar fyrirtækja í öðrum hjeruðum.

Þegar nú litið er til þeirrar meginreglu, sem varð ofan á á þinginu 1887, þá er eðlilegt, að sú ósk komi fram, að landssjóður endurborgi það fje, sem lagt hefir verið út til þeirra fyrirtækja, sem landssjóður hefir tekið að sjer að kosta. Jeg get fullvissað h. þingd. um, að ef þessi stefna ekki hefði orðið ofan á á þinginu 1887, þá hefði þingeyingum ekki dottið í hug að fara fram á þetta. Jeg var þeirra skoðunar 1887, að það væri viðsjárvert, að samþykkja þessa meginreglu, því hún hlyti að hafa þær afleiðingar, sem yrðu kostnaðarsamar fyrir landssjóð. En úr því að fór sem fór, þá vona jeg að h. þingd. sjái, að þetta frumv. er bein afleiðing af þeirri stefnu, sem jeg nefndi.

Að öðru leyti skal jeg að eins geta þess, að við munum fúslega taka öllum bendingum, sem snerta form frumvarpsins, og yfirvega það undir gangi málsins.

Grímur Thomsen: Jeg geng að því vísu, að h. flutningsmenn hafi reiknað ná-

kvæmlega út þá byrði, sem þeir leggja landssjóði á herðar með þessu frumv., um næsta fjárhagstímabil, sem margir hafa spáð að muni verða erfitt. Til Skjálfandafljótsbrúarinnar voru lánaðar 20,000 kr., en í lok þessa yfirstandandi árs verður lánið rúm 19,000 kr., ef það verður borgað, sem lögákveðið er. Nú geri jeg ráð fyrir, að hjeruðin taki að sjer $^1/_3$ af láninu, en þá eru það rúm 12,000 kr., er h. flutningsmenn ætlast til að landssjóður greiði á næsta fjárhagstímabili. Það vill nú svo til, að það eru einmitt þingmennirnir úr Þingeyjarsýslu, sem optast hafa gefið tilefni til þess, að lán hafa verið gefin eptir af landssjóði. Þeir komu því til leiðar, að ljett var á jafnaðarsjóðunum kostnaðinum til fangelsanna, og honum kastað yfir á landssjóð. Það var okkar góði framliðni Jón Sigurðsson, sem flutti það mál. Þá kom einu sinni til þingsins beiðni um lán til að kaupa part úr Skútustöðum til prestsseturs, en það lán var svo eptir gefið skömmu síðar. Það virðist eins og það sje siður h. Þingeyinga, fyrst að biðja landssjóð um lán, og síðan, er lánið er fengið, að fá það eptirgefið. En jeg veit, að h. flutningsmenn hafa gert sjer ljóst, hverjar verða muni afleiðingarnar, ef þetta frumv. verður samþykkt. Afleiðingarnar verða þær, að ekki einungis allar brýr á öllum póstvegum lenda á landssjóði, heldur sjálfir póstvegirnir líka. Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla hafa fengið lán til vegagerðar. Það er þá sjálfsagt, að þær verða að fá það lán eptirgefið. Til Elliðaárbrúnna hjer fyrir sunnan hefir líka verið veitt lán úr landssjóði; það lán verður sömuleiðis að gefa eptir, ef frumv. þetta verður að lögum. Yfir höfuð að tala er jeg hræddur um, að h. flutningsmenn hafi ekki íhugað hinar þungu byrðar, sem þeir geta lagt landssjóði á herðar með þessu frumv. Það er nokkuð öðru máli að gegna, þó landssjóður leggi mikið fje til að brúa stórar ár, sem sýslufjelögin, sem í grennd eru, með engu móti geta borið kostnaðinn við. En þar fyrir er engin ástæða til að brúa hverja sprænu á landinu á kostnað landssjóðs. Jeg vona, að h. þm. muni, að þó þeir sjeu þingmenn að norðan, þá eru þeir líka þingmenn Íslendinga, og að þeir vilji þess vegna ekki íþyngja landssjóði með kostnaði, sem þeir fyrir norðan eiga að bera. Jeg er líka sannfærður um, að þeir láti sýsluást sína víkja fyrir föðurlandsást sinni í þessu máli.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að vera á sama máli og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um þetta frumv. Jeg á ómögulegt með að gefa því atkvæði mitt. Þó það hafi verið samþykkt á þinginu 1887, að landssjóður skyldi kosta aðalpóstvegi, þá er svo með þau lög, eins og önnur lög, að þau hafa ekki tilbakaverkandi krapt. Jeg læt ósagt, hvað af þessu gæti leitt fyrir landssjóð; en víst er um það, að með þessu eru opnaðar víðar dyr fyrir sams konar fjárbænum til þingsins.

Auk þess, sem h. þm. Borgf. tók fram, gæti kannske hvert sýslufjelag komið og heimtað sjer endurgoldið það, sem það hefir lagt til þeirra vega, sem nú eru orðnir aðalpóstvegir innan sýslu. Jeg veit, að þessir h. þingmenn hefðu aldrei komið með þetta frumv., ef lögin um Ölvesárbrúna hefðu ekki verið komin út. Þó skil jeg ekki, hvernig h. þm. geta ályktað af þeim, að landssjóði beri að eptir gefa þetta lán.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Mótbárur þær, sem nú eru fram komnar við þetta frumv., komu mjer ekki óvart, sízt frá h. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem er alkunnur að því að vera ónotalegur, þegar eitthvað bakar landssjóði kostnað *á penna hátt*. Hann hjelt, að við flutningsmenn hefðum ekki gert okkur ljóst, hvað punga byrði vjð legðum á

landssjóð með þessu frumv. Já, jeg gerði mjer fullkomlega ljóst þegar á þinginu 1887, hvað leiða mundi af lögunum um brúargerð á Ölvesá. Jeg gerði mjer fullkomlega ljóst, að afleiðingarnar hlytu að verða þær, að landssjóður yrði að gefa eptir lánið til brúargerðarinnar á Skjálfandafljóti og fleiri lán til líkra fyrirtækja.

Viðvíkjandi því, að þingeyingar hefðu beðið um eptirgjöf á lánum til hegningarhúss og prestsseturs, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat um, þá skal jeg geta þess, að þetta voru opinberar byggingar, sem lánað var til, enda mundu þeir, sem fluttu þau mál, geta varið gjörðir sínar, ef þeir ættu kost á að vera hjer í salnum.

Mjer skildist á h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) að brýr og vegir ættu að sæta sömu kjörum. En það er munur á því, hvort eitt fjelag hefir varið fje og kröptum til einhvers fyrirtækis, eða tekið til þess lán upp á eptirkomendurna.

H. þm. Borgf. minntist á lán til Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, en mjer er ekkert kunnugt um það, enda kemur það ekki málinu við.

Eitt var sjerlega eptirtektavert hjá þessum sama h. þm. Hann var að tala um, að landssjóður ætti ekki að kosta brýr á hverja sprænu á landinu. Það er sannarlega engin spræna, sem hjer ræðir um, heldur er það ein af stærstu ám landsins.

H. sami þm. gat sparað sjer, að minna okkur á, að við værum þingmenn Íslendinga, því jeg benti á það á þingi 1887, hvaða annmarkar væru á því, að samþykkja frumv. á brúargerð á Ölvesá. Jeg benti á, að það hlyti að baka landssjóði kostnað, og jeg treysti því, að h. þingdm. finni, að þetta frumv. er fram komið beinlínis samkvæmt þeirri stefnu, sem þingið tók 1887, en jeg skal gjarna bæta því við, að hvorugur h. þingdm. (Gr. Th. og Sig. Stef.), er mælt hafa móti þessu frv., eru sjálfum sjer ósamkvæmir, þó þeir greiði atkv. móti þessu frumv., því þeir voru báðir á móti frumv. um brúargerð á Ölvesá 1887.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 11:5 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu (C. 304); 1. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg kem með þetta litla frumv. bæði eptir áskorun frá kjósendum mínum, og af því, að jeg álít rjett, að þingið lagi eigi síður það, sem áfátt er í yngri lögum, eins og að breyta hinum eldri, eða skipa fyrir um, þar sem þykir vanta lagaákvæði. Í lögum þeim, sem samþykkt voru á síðasta þingi um sveitarstyrk og fúlgu, er eitt orð, sem kemur hálfópægilega fyrir og annarar meiningar, en ætlazt mun hafa verið til. Í 7. gr. þessara laga segir, að sá, sem ætli af landi burt, skuli, ef þess verði krafizt, setja «*sveit sinni*» viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði ekki sveitarfjelaginu til þyngsla næstu 3 árin. Það er þetta «sveit *sinni*», þ. e. þeirri sveit, sem hann á, sem ekki er heppilegt í lögunum; því það er ekki víst, að vandamenn hans eigi einmitt sömu framfærslusveit og hann. Og þegar svo stæði á, að þessir vandamenn hans ættu aðra sveit, þá mætti ganga að því vísu, að hans eigin framfærslusveit mundi varla gera sjer mikið far um, að heimta af honum tryggingu fyrir því, að þeir yrði ekki sveitarfjelaginu til þyngsla, þótt hann skildi þá eptir.

Ef h. þingdm. sýnist rjett að breyta þessu, þá vona jeg, að þeir lofi frumv. að ganga greiðlega gegn um deildina. En ef þeim þykir ekki þörf á því, þá er bezt að fella frv. sem fyrst.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Frumvarp til laga um samþykktir um silungsveiði í ám og vötnum (C. 307); 1. umr.

Flutningsmaður (*Árni Jónsson*): Það, sem eiginlega gaf okkur flutningsm. hvöt að koma með þetta frumv. er bænarskrá úr þeim hreppi, sem liggur að mesta veiðivatni á landinu. Í bænarskrá þessari, sem liggur á lestrarsalnum, eru tilfærðar ástæðurnar til þess, að hlutaðeigendur snúa sjer til þingsins með þeirri ósk, að það leyfi þeim að setja reglur fyrir veiði í vatni þessu. Þeir, sem samið hafa bænarskrána, hafa reynt til að semja og setja reglur fyrir veiðinni sín í milli, til að koma betra skipulagi á hana, og hefir þetta haft nokkra þýðingu. En þá hefir brostið heimild til, að semja þær reglur, sem svo væru góðar, að full trygging væri fyrir því, að það næði fram að ganga, sem þeir óskuðu eptir. Þó ekki hafi komið fram nema þessi eina beiðni, þá hjelt jeg að víða mundi standa eins á, og menn mundu taka þakklátlega á móti almennum lögum, sem heimiluðu samþykktir um þetta efni. Jeg vona, að h. þingdm. sjái, að mál þetta getur haft mikla þýðingu, og að æskilegt sje, að það fái fram að ganga. Jeg skal loks geta þess, að ef einhverjum h. þingdm. þættu ákvarðanir frumv. ekki þannig, eins og þeir vildu óska, þá væri það vel gert, ef þeir annaðhvort vildu koma með breyt.till. til 2. umr., eða bera sig saman við okkur flutningsmenn.

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins leyfa mjer að biðjast útskýringar á því, þar sem í frv. stendur, að amtmaðurinn *skuli* staðfesta samþykktirnar; er það svo að skilja, að amtmaðurinn sje skyldugur til þess að staðfesta þær, hvort honum líka þær betur eða ver?

Páll Briem: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að ummæli þau, er hjer standa eru tekin upp úr lögum 19. febr. 1886 um friðun á laxi, og eru skilin þar svo og eiga að skiljast, að samþykktirnar skuli lagðar undir úrskurð amtmanns, en eigi svo, að hann sje skyldugur til þess að fallast á þær og staðfesta.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Frv. til laga um lausamenn (C. 320); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Mál þetta mun eigi ganga umræðulaust og nefndarlaust gegnum þingið, enda er nauðsynlegt að það verði vandlega íhugað. Þótt áliðið sje orðið á þingtímann, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. og þessir kosnir:

Þorlákur Guðmundsson með	15 atkv.
Eríkur Briem með	12 —
Páll Briem með	12 —
Jón Jónsson 1. þm. N.-Þ. með	10 —
Þorvarður Kjerúlf með	9 —

Frumvarp til laga um samþykktir í landbúnaðarmálum (C. 320); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): H. deild er mál þetta kunnugt að mörgu leyti; 1. gr. frv. var samþykkt hjer 1887 með 15 atkv.

Það sem menn þá höfðu helzt á móti er nú tekið burt. Tel jeg víst, að h. þm. þyki vel til fallið, að komið sje reglu á þessi mál með samþykktum; jeg leyfi mjer því að óska, að málið verði látið ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Frumvarp til laga um bann gegn því, að búa til áfengisdrykki (C. 327); 1. umræða.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Eins og sjá má, er tilgangur þessa frv. sá, að sporna við því, að landssjóður bíði tap við, að farið verði að búa til áfenga drykki í landinu. Verði farið til þess,

minnkar innflutningurinn og þar af leiðandi tollurinn. Menn munu ef til vill koma með þá mótbáru gegn frv., að langt sje síðan tolllögin voru gefin, og hafi þó enginn hingað til sýnt sig í því, að fara að búa til áfenga drykki; en þetta er eigi næg ástæða til þess að hafna frv., það getur verið tilviljun, að enginn er enn farinn að búa til áfenga drykki, og þar sem tollurinn er hár, er mjög hætt við, að einhver kunni að fara að finna upp á því. Menn kunna nú ef til vill að segja, að nægur tími sje til þess að fara að búa til lög um þetta efni, þegar byrjað væri að búa til áfenga drykki; en svo er ekki. Tilbúningurinn er skoðaður sem atvinna, og þeir sem byrjaðir væru kynnu ef til vill, að geta krafizt skaðabóta og væri slíkt miklu verra; einkum er það varhugavert, að láta þetta dragast lengur, af því, að svo langt er milli þinga. Ef til kæmi, mundi landsstjórnin að líkindum gefa út bráðabirgðalög, en eðlilegra er, að þingið setji lögin sjálft. Til þess að hindra það, að landssjóður bíði skaða af því, að áfengir drykkir sjeu búnir til, eru 2 vegir, annar sá, að banna það með öllu, en hinn sá, að leggja nógu háan skatt á þá, er kynnu að vilja stunda þá atvinnu. En bæði er það, að erfitt er að hafa eptirlit með því, að skatturinn komi rjett niður á menn eptir því hvað þeir búa mikið til, og svo hitt, að slíkt eptirlit mundi kosta talsvert fje; hef jeg því valið þann veginn, er jeg álít liggja beinna við, að leggja bann við tilbúningnum.

Jónas Jónassen: Jeg verð algjörlega að vera á móti þessu máli, og skil eigi í því, að h. flutningsmaður (Ól. Br.) skuli koma með slíkt frumv. inn á þingið og þetta er. Í því er bannað að búa til hjer á Íslandi þá vöru, sem í öllum löndum er búin til, og þykir mjer slíkt hart. Ef einhver stöndugur maður vill heldur búa þessa vöru til sjálfur en kaupa hana hjá kaupmönnunum og láta þá hafa allan hagnaðinn, er mjög óeðlilegt og hart, að banna honum slíkt. Eins og öldrykkjan hjer á landi er orðin mikil, hlýtur ölgerð í landinu að geta borgað sig, og mikil líkindi, til að einhver innan skamms setji hjer upp ölgerð. Eitt er það í frumv. sem breyta þyrfti, ef það ætti að verða að lögum. Í 1. gr. stendur «*bjór*,» og er það mjög óákveðið, því að t. a. m. hvítt öl, sem enginn spiritus er í, er og kallað bjór; þyrfti því að ákveða þetta nákvæmar; en jeg vona, að h. deild felli frumv. þetta sem fyrst. Jeg get eigi skilið, að frumv. þetta sje komið frá h. flutningsmanni (Ól. Br.) sjálfum, heldur mun einhver annar standa hjer bak við.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að spyrja h. flutningsm. (Ól. Br.), hvort hann veit til, að nokkur hafi í hyggju að koma á fót ölgerð hjer í landinu: væri fróðlegt að vita slíkt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 11 atkv. gegn 2.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna (C. 248, 373); frh. 1. umr.

Jón Jónsson (1. þm. N. Múl.): Jeg stend að eins upp til þess að lýsa yfir því, að við flutningsmennirnir tökum frv. þetta aptur af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í nefndarálitinu.

Frumv. til laga um breyting á 3. og 8. gr. tilskipunar 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 374); 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Nefnd sú, er sett var til þess að íhuga frumv. til stjórnarskipunarlaga um afnám fastra eptirlauna, sem áður var tekið aptur, hefir, eins og sjá má af nefndarálitinu, tekið aðra stefnu í þessu máli en það frv. gekk í. Frumv. það, er hjer liggur fyrir, gengur í þá átt, að færð sjeu yfir höfuð niður um helmingi eptirlaun þau, sem á-

kveðin eru í 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 og að ákveðin upphæð komi í stað þeirra eptirlauna, sem talað er um í 8. gr. tilskipunarinnar. Nái frumv. þetta fram að ganga, verður meiri jöfnuður á eptirlaunum annara embættismanna og presta, og eptirlaunabyrði sú, sem hvílir á landssjóði, minnkar um helming. Frv. þetta stendur í nánu sambandi við næsta mál á dagskrá, sem er frumv. til laga um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur, og fæst með því trygging fyrir því, að embættismenn hafi meira fje sjer til framfæris en eptirlaun þau, sem þeir hefðu að lögum úr landssjóði.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 375); 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Frv. þetta stendur í nánu sambandi við frumv. það, er var síðast til umræðu; það er þess eðlis, að eigi er hægt við 1. umr. að ganga nákvæmar inn á það; jeg leyfi mjer því að eins, að óska, að málið verði látið ganga til 2. umr.

Grímur Thomsen: Mjer finnst frumv. þetta mjög aðgengilegt. Nefndin hefir viljandi eða óviljandi sniðið það eptir lögum Englendinga um þetta efni; er embættismönnum þeirra gjört að skyldu að útvega sjer ellistyrk (superannuation); annars eru eptirlaun að eins veitt með sjerstökum lögum. Það er að eins eitt, sem mjer finnst vanta inn í frumv., og það er ákvæði um, hvernig fara skuli með ellistyrkinn, ef embættismaðurinn deyr fyrir sjötugsaldur; vil jeg skjóta því til h. flutningsmanns, hvort honum finnst eigi ástæða til að ákveða þetta nákvæmar.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg er h. þm. Borgf. (Gr. Th.) þakklátur fyrir þá upplýsingu, að sama fyrirkomulag og hjer er farið fram á á sjer stað á Englandi; það hafði hvorki nefndin fyrir sjer nje heldur hefir mjer verið það kunnugt. Það getur vel verið, að frekari ákvæði þyrfti um, hvað af ellistyrknum verður, ef embættismaðurinn deyr fyrir sjötugs aldur, en auðvitað er það meiningin, að ellistyrkurinn gangi í erfðir, eins og aðrir eptirlátnir munir.

Grímur Thomsen: Jeg vona, að h. flutningsmaður (E. Br.) sje mjer samdóma um það, að þetta gæti þó misskilizt. Englendingar kalla þetta fyrirkomulag «superannuation».

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Þrítugasti og fimmti fundur, laugardag 10. ágúst kl. 11. f. h. Allir á fundi, nema 1. þm. G.- K. (Þ. Böðv.), er hafði tilkynnt forföll sín.

Forseti beindi þeirri ósk til landshöfðingja, að honum mætti þóknast að lengja þingtímann um hálfan mánuð, þar eð hinn lögskipaði þingtími væri nú liðinn, en mörg mál óafgreidd lægju fyrir þinginu.

Landshöfðingi lýsti því yfir, að hann samkvæmt heimild þeirri, er sjer væri veitt í konungsbrjefi 24. maí þ. á., lengdi þingtímann um 14 daga.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 393, 432); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Nefndin hefir leyft sjer að koma fram með nokkrar breyt.till. á þingskjali 359 (C. 432). Fyrst er sú, að aptan við 10. gr. C. bætist nýr töluliður svo hljóðandi: «Til að leggja járnþak á Prestbakkakirkju 750 kr». Þessi breyting stendur í sambandi við þær upplýsingar, sem komu fram undir 2. umræðu fjárlaganna. Síðan hefir hlutaðeigandi umboðsmaður útvegað á-

ætlun þeirra manna hjer í bænum, sem vit hafa á, hve mikið það muni kosta að leggja járnþak á kirkjuna, og var sú áætlun 754 kr. Líka hefir nefndin fært þetta gjald til í 10. gr. C., þar sem vant hefir verið að setja slík útgjöld, en þar af leiðandi leggur hún til, að töluliður 9 í 13. gr. A. b. falli burt.

Þá hefir nefndin lagt það til, að staflið urinn d. í 13. gr. C. 1. orðist þannig: «Fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá». Tillaga nefndarinnar um að veita 100 kr. til að prenta fyrir ritaukaskrá var felld við 2. umr. hjer í deildinni; því hefir nefndin nú komið með þá tillögu, að kostnaðurinn við prentun á ritaukaskránni sje tekinn af þeim 1200 kr., sem landsbókasafninu eru ætlaðar á ári. Nefndin áleit skrá þessa mjög nauðsynlega, bæði fyrir þá sem nota vilja safnið, og sömuleiðis áleit hún það fullkomnari viðurkenning til gefendanna, að sjá nafn sitt þar, en þótt þeir fengju skriflega viðurkenning þess, að gjöf þeirra hefði borizt safninu. Þar sem ekki er um nein ný fjárútlát að ræða fyrir landssjóð, vonar nefndin að h. deild fallist á breyting þessa.

Aptan við 13. gr. C. leggur nefndin til, að bætt sje við nýjum tölulið, um það að veita styrk hinum fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann, 800 kr., til þess að búa sig erlendis undir stöðu sína. Í nefndarálitinu um stýrimannaskólann er gjört ráð fyrir, að þessa muni þurfa; þar sem nefndin hefir stungið upp á þessum 800 kr., þá hafði hún það fyrir augum, að hlutaðeigandi fengi greiddan kostnað sinn við utanferðina, og gjörir ekki ráð fyrir að hann leggi annað í sölurnar en atvinnumissi þann, sem hann bíður á meðan á förinni stendur. Þar sem laun kennarans eru ekki sett hærri en 1500 kr. á ári, þótti nefndinni ekki fært, að hann, sem búast má við að verði fátækur maður, þurfi að hleypa sjer í skuldir við utanförina. Þá hefir nefndin og lagt það til, að bætt yrði inn í 18. gr. frumvörpum, sem áhrif hafa á fjárlögin og samþykkt hafa verið síðan fjárlaganefndin lauk starfi sínu.

Jeg sje, að hjer er komin fram breyt.-till. frá 6 h. þm. (C. 432), um að nema burt athugasemdina við 4. gr. um að Húnavatnssýslu veitist frestur á afborgun af hallærisláni 1890; þessi sama tillaga kom líka fram við 2. umr., en var þá felld með 13 atkvæðum, og síðan veit jeg ekkert það hafa komið fram, sem áhrif hafi á þetta mál, og þótt 1 af þeim h. þm., sem þá greiddu atkvæði móti tillögunni, og sem sjálfsagt mundi eins gjöra það nú, sje ekki viðstaddur í dag, vona jeg að deildin hafi sömu skoðun nú sem þá, og felli hana, og það því fremur sem hjer er að eins um *lítilfjörlega* tilslökun að tala, en engin útgjöld fyrir landssjóð.

Ólafur Pálsson: Jeg er þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir veitinguna til Prestsbakkakirkju, þótt hún fari nokkuð í aðra átt en áætlað var og skoðunargjörðin og visitazian fer fram á. Nefndin hefir sjálfsagt orðið á því, að málverkið mundi ekki duga, ef þakið væri ónýtt, og því fyrst viljað bæta það. En með þessari fjárveiting er þó ekki hægt að gjöra við það annað, sem vísitazían segir að viðgjörðar þurfi, hvorki hurðina, graftólin, skrúðann nje þrepskjöldinn, sem allt kostar þó nokkurt fje. En ekki er þó óhugsandi, að lán fáist í bráðina til þess, þangað til hægt er að fá nýja fjárveiting 1891. En eitt skal jeg taka fram um þessar 84 kr., sem þeim eru ætlaðar, sem þakið leggur, að það er ekki nóg handa honum, nema ef til þess fengist maður þar fyrir austan, sem hjer hefir lært, en jeg hef enn þá ekki fengið mjer nægar upplýsingar um, hvað mikið hann hefir lært hjer eða hvað mörg hús hann muni hafa hellulagt; en ef á að fara, að fá mann hjer að sunnan, þá er það auðsætt, að þessar 84 kr.

mundu lítið hrökkva. Eigi að síður er jeg þakklátur nefndinni fyrir undirtektir sínar, þó mjer þyki lítið 750 kr.

Grímur Thomsen: Þótt jeg búist við að breyt.till. 356 (C. 432) sje þegar dæmd í flokkabók forlaganna, þá álít jeg eigi að síður að þörf sje á, að ýtarlega sje rætt um hallærislán Húnavatnssýslu, og það jafnvel skoðað í sambandi við hallærislán annara sýslna. H. framsögum. (E. Br.) sagði við 2. umr., að það gæti ekki heitið óskilvísi, þótt beðið væri um borgunarfrest á láni; jeg játa að það sje satt, ef þangað til hefir verið staðið í skilum. En hvernig hefir sýslunefnd Húnvetninga staðið í skilum með lánborganir sínar? Jeg nefni með vilja sýslunefndina, því að jeg veit, að Húnvetningar eru of ærukærir, og of stórir upp á sig — jeg segi það alls eigi til að lýta þá — til þess að þeir vilji láta skipa sjer í sveit með Eyrarsveitarmönnum, þeim í Neshreppi og öðrum orðlögðum eymdar- og óskilvísissveitum í Snæfellsnessýslu; hvernig hefir sýslunefndin, segi jeg, staðið í skilum við landssjóð?

Hinn 23. ágúst 1883 fjekk Húnavatnssýsla 6500 kr. hallærislán; af því var óborgað 31. des. 1888 4875 kr., og af því voru eptirstöðvar í vöxtum 206 kr. 60 a., í afborgun 812 kr. 50 a.; þetta eru vanskil.

Hinn 29. júlí 1884 fjekk hún 900 kr.; af þeim er enn ekkert greitt; og eru þar vanskil á 36 kr. í vöxtu, og 112 kr. 50 a. í afborgun.

Hinn 6. maí 1886 fjekk hún 400 kr. lán; ekkert greitt af því enn; þar ný vanskil á 32 kr. í vöxtu og 100 kr. í afborgun.

Enn kemur nýtt lán 1. nóv. 1887, 5000 kr.; það sömuleiðis að öllu ógoldið; þar standa eptir rentur 200 kr. og afborgun 500 kr.; vanskil eru það.

Hinn 20. marz 1888 fær sýslan 2,950 kr.; þær enn ógreiddar; standa eptir vextir og afborgun, sem átti að greiðast í marz 1889; vanskil eru það.

Hinn 30. júlí 1881 fjekk hún 4000 kr. vegabótalán, af þeim eru enn óborgaðar 2250 kr., og er þetta það eina lán, sem í skilum hefir verið staðið með.

Alls er skuldasúpa Húnavatnssýslu nú við landssjóð 16,375 kr., fyrir utan það, sem hún skuldar saman við Skagafjarðarsýslufjelagið til búnaðarskólans á Hólum.

Jeg geri ráð fyrir, að h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) hafi ekki vitað um þessi vanskil Húnavatnssýslu, jafnvel þótt honum hefðu átt að vera þau kunnug, sem framsögumanni fjárlaganefndarinnar; til hins vil jeg síður geta, að hann hafi vitað um þau, en ekki álitið hagfellt að geta þeirra, því að því trúi jeg ekki, að ef meðnefndarmenn hans hefðu vitað um þessi vanskil, að þeir hefðu þá verið ljúfir á að gefa þenna borgunarfrest. Jeg er hræddur um, að þessi skuld Húnvetninga fari bráðum að verða eins margbrotin og flókin, eins og skuld Snæfellinga varð fyrrum, þar sem allt var komið í þá bendu, að stjórnin gat ekki greitt úr henni.

Jeg skal því næst geta þess, að eins og það væri ekki hagkvæmt fyrir landssjóð, að þessi frestur sje veittur, eins er það skaðlegt fyrir sýslufjelagið sjálft, sem vanst á að standa eigi í skilum, í því trausti, að þingmenn þeirra sái og sæ útvegi þeim frest. Afleiðingin mundi framvegis verða sú, að Dalasýsla kæmi og bæði um frest á borgun á sínu 13000 kr. láni; Skagafjarðarsýsla á sínum 13000 kr., Reykjavík á sínum 21000 kr. o. s. frv. Mig furðar, að háttv. þm. (E. Br.) — jeg segi háttvirtur ekki að eins í orði kveðnu, heldur af því, að jeg virði hann mikils fyrir það, að hann hefir reynt að kenna löndum sínum sparnað og fyrirhyggju í peningasökum — mig furðar á, segi jeg, að hann

vilji koma þessari auðugu sýslu upp á, að vera óskilvís, með því að mæla fram með að hún fái frest á skuldaborgun, sem hún hefir gengizt undir. Jeg skil ekki í því, að sá maður, sem stofnað hefir Söfnunarsjóðinn, þenna sjóð, sem mun verða honum til sóma lífs og liðnum, að hann skuli nú vilja koma upp skuldasöfnunarsjóð fyrir Húnvetninga. Jeg sje ekki, að það geti verið haganlegt eða hyggilegt fyrir Húnvetninga, að fá borgunarfrest eitt einasta ár, og þurfa svo að greiða tvöfalda afborgun árið eptir. Setjum svo, að það ár yrði hart; þá ætti hún að vísu ekkert að borga eptir hugsunarreglum nefndarinnar, því þegar hart er í ári, er hún ekki fær um að borga, og þegar gott er í ári, er hún reyndar ekki heldur fær um það; því að þá þarf hún að rjetta sig við eptir harðærið.

H. fjárlaganefnd hefði því næst átt að breyta tölunum í fjárlagafrumvarpsins 4. grein, þar sem talið er upp, hvað afborgað verði af lánum 1890. Upp í lán verður borgað á árinu 1890 25,959 kr. 9 a., því að frá þeim dragast þær 2020 kr., sem Húnavatnssýsla á að greiða það ár, ef athugasemdin í 4. gr. verður samþykkt; að öðrum kosti fara fjárlögin með röngum tölum upp í h. Ed.

H. framsögum. (E. Br.) nefndi að eins breyt.till. vor 6 þm., en færði ekki aðrar ástæður gegn henni, en að hún hefði verið felld við 2. umr. með 13 atkv. gegn 8, og kvaðst hann vona, að enn mundi hún falla, þótt h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), sem atkvæði hefði greitt móti henni, væri fjarverandi. Það kann að vera praktiskt, að finna henni þetta eitt til foráðs, en lítið snertir sú ástæða efni hennar; það hljóta allir að sjá.

Páll Briem: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætla að gera. H deild hefir heyrt, hvílíkt kappsmál virðul. þm. Borgf. (Gr. Th.) er þetta, þó hjer sje að eins spurning um, að 1700 kr. fái að standa sem lán hjá Húnavatnssýslu einu ári lengur. Það er ekki hægt fyrir virðulegan þm. Borgf. (Gr. Th.), að brúka sparnaðarástæðuna hjer, eins og um daginn; en þá er annað: það er sómi þingsins. Um daginn var sama uppástungan á prjónunum hjá þm. Borgf., og var þá felld. Nú segir hann, að það sje sómi þingsins, að greiða atkvæði þvert á móti. Það á þá að vera sómi þingsins að greiða svona atkvæði annan daginn, svona hinn. (*Þorleifur Jónsson:* Heyr!). Það er mjög gaman og einkennilegt, að heyra hina hærri fjármála-pólitik h. þm. (Gr. Th.). Árið 1883 var talað um að lána út 100,000 kr. til þeirra, sem beðið hafa tjón af hallærinu; hann neitaði að vísu, að nokkurt hallæri væri þá, en hann gaf mönnum um leið undir fótinn, að ef um hallæri væri að ræða, þá ætti að gefa fjeð.

Í Alþ.tíð. 1883 B. d. 706 standa þessi merkilegu orð af munni hins virðulega þm. Borgf. (Gr. Th.):

»Svo vondur sem jeg kann að vera, þá segi jeg það, að sje eða verði virkilegt hallæri á ferðum, þá vil jeg ekki að eins lána, heldur gefa allan viðlagasjóðinn til að afstýra hallæri og manndauða, og alls ekki tala um vöxtu». (Hlátur).

Þar sem landsmenn nú fundu, að »virkilegt hallæri var á ferðum», þá hefir þetta vakið þá skoðun á hallærislánum, að eiginlega eigi þau að vera gjöf; 1887 var þessi skoðun farin að verka, en í stað þess að beina þeim á rjettan veg, kúfventi hinn virðulegi þm. Borgf. (Gr. Th.). Mjer finnst það hefði verið hyggilegra, þar sem um jafnþýðingarmikið atriði var að ræða, að taka höglega í málið, og sýna landsmönnum þá tilhliðrun, sem vel gat samrýmzt hag landssjóðs, sýna mönnum fram á, að hallærislánin yrðu að borgast, og snúa þannig almenningsálitinu og beina því í rjetta átt, heldur en að sýna landsmönnum það tilhliðrunarleysi, sem þessi tillaga er dreggjarnar af. Hjer er þó um sann-

arlega lítið að ræða, þar sem ekki er að tala um neina uppgjöf á vöxtum, heldur að eins um eins árs afborgunarfrest á 1700 kr.; jeg veit það vel, að Húnavatnssýsla getur eins vel borgað sínar skuldir, eins og sumir hinna virðul. þm. sínar, því Húnavatnssýsla hefir svo marga góða privatmenn, að það er vel kleyft fyrir hana að borga; en það er víst, að hallæri hefir gengið yfir Húnavatnssýslu, þar sem helmingurinn af lífsstofni manna fjell 1887, og hún á mjög erfitt með að borga, og sýnist mjer þá ekki rjett af þinginu, að brúka hörku og stífni.

Það getur ekki verið, að málið sjálft sje svo mikið kappsmál fyrir virðul. þm. Borgf. (Gr. Th.); hjer hlýtur að liggja eitthvað annað á bak við en fjárlagapólitik; en jeg verð að álíta, að sómi þingsins sje, að breyta ekki atkvæði sínu frá einum fundi til annars.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir nú haldið langa ræðu viðvíkjandi því, sem stæði upp á Húnavatnssýslu. Hann sagði, að jeg hefði annaðhvort vitað um það, og ekki hirt um að geta þess, eða þá ekki vitað það, sem mjer þó hefði verið skylt að kynna mjer, þar sem jeg hefði verið með í að koma fram með þessa tillögu. Jeg skal nú ekki rengja sögu h. þm. Borgf. (Gr. Th.); en hugsað gæti jeg, að hann tæki ekki öll atvik til greina. Jeg hafði ekkert tilefni til að rannsaka það, sem hann var nú að tala um, þar sem hjer var ekki nema um eins árs frest að ræða; annað mál var 1887. Því h. þm. Borgf. (Gr. Th.) gaf mjer þá tilefni til þess, að kynna mjer vandlega, hvernig sýslan hafði staðið í skilum við landssjóð. Það getur ekki dulizt, að hann framsetur þessar tölur þannig, að hann leitast við að gefa þeim þann blæ, sem haganlegastur væri hans málstað; þannig fer hann t. d. að blanda saman við hallærislánin láni til vegagjörðar, sem landssjóður nú kostar, og svo játar hann þó, að engin vanskil væru á þessu láni.

Hann lagði mikla áherzlu á, hvað Húnavatnssýsla væri auðug og velstandandi; en honum hlýtur þó að vera fullkunnugur hnekkir sá, er hún beið 1887, þegar lífsstofn manna fjell þar niður um helming. Eptir því, sem honum fórust orð, vildi hann gera skop að því, að menn tækju hallærislán í vondum árum, en gætu svo ekki borgað það í góðu árunum; en það er aðgætandi, að þó vel heyist, þá er það hey ekki orðið að peningum fyr en eptir 2—3 ár.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat þess, að tölurnar innan stryks í 4. gr. yrði of hátt settar; þó hlýtur hann að vita, að það er áætlun, sem ekki hefir neina verulega þýðingu að sje nákvæm, því þeir, sem skulda viðlagasjóði, geta borgað fyr en þeim ber eptir samningum, og móti því er eigi vant að hafa, og þar sem mikill hluti lánanna er með $^1/_2$ árs uppsagnarfresti, þá má segja þeim upp frá annari hvorri hálfu, og því hafa tölurnar mjög litla þýðingu, nema sem áætlun, og jeg veit ekki til, að vant sje að elta ólar við það.

Að jeg tók ekki fram ástæður móti breytingartillögunni í fyrri ræðu minni kom til af því, að mjer fundust ástæður þær, er færðar voru fyrir afborgunarfrestinum við 2. umr., standa óhaggaðar, þó breyt. till. kæmi fram.

Grímur Thomsen: Mjer virðist ein höfuðástæðan móti síðari athugasemdinni við 4. gr. vera sú, að ef Húnavatnssýslu verður gefin eptir afborgun af hallærisláninu fyrir árið 1890, þá hlýtur hún að borga tvær afborganir og tvenna vexti árið 1891. Jeg ímynda mjer, að sýslufjelaginu verði hægra að borga árlega af láninu, en að fá frest með afborgunina eitt ár, og verða svo að borga tvöfalt

næsta ár. En fyrst nú sýslufjelagið ekki hefir borgað neitt af láninu árin 1888 og 1889, þá getur afleiðingin orðið sú, að 1891 verður það að borga fjórar afborganir og vexti fyrir 4 ár. Nú á sýslan að borga 2020 kr. í afborgun á ári, og á annað þús. kr. í rentu, og eptir því árið 1891 í afborgun 8080 kr, og í vexti 2000 til 3000 kr. Jeg skil ekki, að h. framsögum. (E. Br.) geti álitið þetta hentugt fyrir sýslufjelagið, sjerstaklega þegar búið er að koma sýslunni upp á, að borga ekki það, sem henni ber að borga. Það er annars ekki gott að vita, hvað langt menn vilja fara í, að eptirgefa lán úr landssjóði, eða gefa frest með afborgun á þeim. Hver veit nema einhver frumvarpinn þingmaður taki upp á því, að koma með frumv. um. að veita skuli um styttri eða lengri tíma frest á afborgun og vaxtagreiðslu af öllum landsjóðslánum. Það er líka svo sem sjálfsagt, að önnur sýslufjelög, sem hafa tekið hallærislán, koma á eptir með beiðni um frest á afborgun sinna lána, svo sem Dalasýsla, Skagafjarðarsýsla o. fl.

H. þm. Snæf. (P. Br.), sem mun vera formaður í fjárlaganefndinni, fór nokkuð langt aptur í tímann, og brá mjer um þær 100,000 kr., sem jeg einu sinni stakk upp á að verja til að veita fátæklingum atvinnu, en sem h. stjórn þótti of mikið fje fyrir landssjóðinn. Þessa uppástungu hafa margir merkir menn álitið góða og holla, hvaða skoðun sem h. formaður fjárlaganefndarinnar hefir á henni. Jeg ætla nú ekki að fara svo langt til baka í tímanum.

Í athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikningsins 1886, bls. 91, má lesa þessa setningu: «Eptirstöðvarnar á þessari tekjugrein eru óhæfilega miklar, og einkum er það *ófært*, ef eigi hefir verið gerð alvarleg gangskör að því 1886, að innheimta eptirstöðvarnar frá 1885». Megnið af þeim eptirstöðvum, sem hjer ræðir um, voru einmitt eptirstöðvar af hallærislánum. Mjer virðist því, að h. þm. Snæf. (P. Br.), sem gert hefir þessa athugasemd sem yfirskoðunarmaður, hefði ekki átt að vera með í því, að leggja það til, að þessari sýslu, sem sýnt hefir svo mikil vanskil að undanförnu, verði nú veittur frestur á afborgun þessa hallærisláns.

Það er sagt, að þingmenn í öðrum löndum múti á stundum kjósendum sínum með fje úr eigin vasa, til að komast á þing, og dettur mjer í hug það, sem haft er eptir Gladstone gamla, að þó vítavert sje, þegar þingmenn múti kjósendunum af sínu eigin fje, þá væri það þó hálfu verra, þegar kjósendunum væri mútað með landsfje.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg veit ekki, hvort jeg hefi átt þá rúsínu, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) kom með í enda ræðu sinnar. Þessi þingmaður hefir svo opt minnzt á orð, sem jeg talaði til hans á síðasta þingi, þegar ræða var um hallærislánið til Húnavatnssýslu, að mjer getur ekki dulizt, að það mun vera sprottið af gremju við mig, hvernig hann kemur fram í þessu máli. En jeg vildi biðja þingmanninn að vera ekki að fara neina krókavegi og láta gremju sína til mín bitna á Húnvetningum, heldur snúa sjer til mín persónulega.

Viðvíkjandi því, að Húnavatnssýsla hljóti að greiða tvöfalda afborgun árið 1891, ef hún fær frest með afborgunina næsta ár, þá vil jeg geta þess, að þó ekki sje með berum orðum tekið fram neitt um það í fjárlagafrumv. nefndarinnar, þá lutu allar umræður að því í fjárlaganefndinni, og jeg gekk út frá því sem sjálfsögðu, að afborgunin drægist þeim mun lengur.

Þar sem h. sami þm. talaði um, að aðrar sýslur hefðu sama rjett og sama til-

kall til að fá frest á afborgunum á sínum hallærislánum, og mundu því koma á eptir með þessa beiðni, þá skal jeg geta þess, að það er talsvert öðru máli að gegna með lánin, sem veitt voru fyrir 1887, t. d. Gullbringusýslu og Dalasýslu, því þessum sýslum var einmitt veittur frestur á afborgun um 2 ár, og allir vextir eptir gefnir. Húnavatnssýslu var þar á móti enginn frestur gefinn og engir vextir eptir gefnir, og varð hún þannig harðara úti en hinar.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að jeg skil þessa athugasemd, um lánið til Húnavatnssýslu, svo, að fyrir árið 1890 eigi sýslan eigi að greiða neina afborgun, heldur að eins vexti, en árið 1891 ekki nema eina afborgun, þ. e., að borgun lánsins dragist um eitt ár. Þetta hefir verið skilið svona hingað til, þegar líkur frestur hefir verið veittur.

Páll Briem: Jeg skal leyfa mjer að gera eina stutta athugasemd, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) getur skilið.

Það er allt annað að veita frest á láni, þegar kurteislega er um það beðið, eða hitt, að finna að því, að lán er ekki borgað alveg óumtalað. Það er einmitt þetta, sem yfirskoðunarmenn landsreikningsins fundu að í athugasemdum sínum við þann reikning. En jeg er alveg viss um það, að þó breytingartillaga h. þm. Borgf. verði samþykkt, þá hjálpar hún ekki hið minnsta til þess, að eptirstöðvar af lánum verði minni hjer eptir. Þar á móti er það hjer um bil gefið, að ef þingið sýnir tilhliðrunarsemi, þá verða viðskiptin milli landssjóðs og landsmanna betri, og getur því farið svo, að yfirskoðunarmenn þurfi ekki síðar að gera athugasemd á þá leið, sem þm. Borgf. las upp. Jeg skal að endingu taka það upp aptur, að það er annað að gefa frest á afborgun af láni, þegar um það er beðið, eða að finna að því, að óskilvísi er sýnd með borgun lána.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer virðist þessi athugasemd, sem hjer ræðir um, vera orðin að kappsmáli.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefir hjer eins og optast nokkuð til síns máls, en þó mun nokkur misskilningur hjá honum í þessu efni. Það er nokkuð öðru máli að gegna með sveitasýslur og sjávarsýslur. Sjávarsýslurnar ná sjer fljótt, þegar fiskiár koma, og geta þá fljótt borgað lán, sem á þeim hvíla, en sveitasýslurnar hafa sig ekki eins fljótt upp aptur, þó batni í ári.

Annars er það allt annað mál, að biðja um frest á afborgun á láni, eða hitt, að standa ekki í skilum með lán. Að því er hið síðara snertir, er það gott, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna athugi það og finni að því.

Ef það er rjett, sem h. þm. Borgf. tók fram um vangreiðslu þessa sýslufjelags á fyrri lánum, þá vona jeg, að landsstjórnin sjái um, að það verði ekki liðið áfram, og að yfirskoðunarmennirnir gefi því gaum, ef þetta verður látið ganga svona, og í því trausti gef jeg síðari athugasemdinni við 4. gr. enn þá atkvæði mitt.

Forseti: Jeg ætla að leyfa h. þm. Borgf. (Gr. Th.) að gera stutta athugasemd, þó hann sje búinn að tala tvisvar í málinu, með því að jeg skoða hann sem framsögum. breytingartill. á þingskjali 356.

Grímur Thomsen: Þótt athugasemdina sje að skilja eins og hæstv. landshöfðingi skilur hana, og að sýslufjelaginu þannig sje veittur eins árs frestur með afborgunina, þá hlýtur sýslufjelagið þó árið 1891 að svara prefaldri afborgun og preföldum rentum, og þegar afborgunin er 2020 kr. á ári, þá á sýslan að borga 1891 6060 kr. afborgun og um 2000 kr. í rentu, og er það fullhart.

Árni Jónsson: Þó að mjer þyki skemmtilegt, að heyra til h. þm. Borgf. (Gr. Th.), þá vil jeg leyfa mjer að spyrja h. forseta, hvort það sje rjett, eptir þingsköpunum, að innleiða þá reglu, að svo kallaðir framsögumenn breytingartillagna megi tala svo opt sem þeir vilja, og vil jeg biðja h. forseta, að bera þetta spursmál undir atkvæði þingdeildarinnar.

Forseti: Það er skeð sem skeð er. Jeg hefi úrskurðað, að þm. Borgf. mætti gera þessa stuttu athugasemd, og þeim úrskurði verður ekki breytt hjeðan af, enda álít jeg skyldu mína, að þýða þingsköpin á sem vægilegastan hátt fyrir þingmenn. (Hringir).

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. 6 þm. við 4. gr. felld með 12 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Grímur Thomsen.	Árni Jónsson.
Gunnar Halldórsson.	Eiríkur Briem.
J. Jónss. þm. N.-M.	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson.	Jónas Jónassen.
Ólafur Pálsson.	Ólafur Briem.
Sig. Stefánsson.	Páll Briem.
Þorv. Bjarnarson.	Sveinn Eiríksson.
	Þorl. Guðmundsson.
	Þorleifur Jónsson
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Viðaukatill. við 10. gr. C. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. við 13. gr. A. b. samþ. með 18 atkv.

Breytingartill. við 13. gr. C, 1. d. samþ. með 19 atkv.

Viðaukatill. við 13. gr. C. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. við 18. gr. samþ. með 19 atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþ. í e. hlj., og sent til forseta Ed.

Frumv. til viðaukalaga við tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 317); 2. umr.

Framsögmaður (Sigurður Stefánsson): Mál þetta fjekk góðar undirtektir við 1. umr., svo ekki er þörf að fara mörgum orðum um það að sinni.

Málið hefir tekið töluverðum breytingum frá því, sem það var upphaflega, og margar nýjar ákvarðanir eru teknar inn í þetta frumv., þar sem hreppsnefndum og sýslunefndum er gefið töluvert meira vald, en þær hafa haft hingað til, og það er varla þörf að óttast, að þær muni misbrúka það vald, sem frumv. veitir, þar sem í hreppsnefnd sitja vanalega hinir beztu menn í hreppnum, og í sýslunefnd hinir beztu menn, sem völ er á í sýslunni.

Hvað greinar frumv. snertir, þá eru þær hver annari líkar. 1. og 2. gr. lýtur til hreppsnefndanna, en 3. og 4. gr. til sýslunefnda.

Landshöfðingi: Eins og jeg ljet í ljósi við 1. umr. þess frumv., sem þetta nýja frumv. hefir risið upp úr, eins og fuglinn Fönix, úr ösku þess, þá var jeg ekki samþykkur hinu upphaflega frumv., og sama er að segja um þetta nýja frumv., að jeg er ekkert hrifinn af því. Jeg álít að frv. fari fram á, að veita hreppsnefndum og sýslunefndum mjög ísjárvert vald til að leggja gjöld á menn til ýmsra ótiltekinna fyrirtækja, sem ekki eru sveitamál. Samkvæmt 1. gr. frumv. er heimilt að greiða úr sveitarsjóði fje til að efla menntun og búnað til lands og sjávar. Hjer er þannig rýmkað mjög mikið verksvið hreppsnefndanna, að því er snertir efling menntunar í sveitunum, því meiningin er sjálfsagt að ganga lengra en sveitarstjórnarlögin gjöra í þessu tilliti; en jeg finn eiginlega ekki ástæðu til þess. Eptir gildandi lögum heyrir uppfræðing barna undir hreppsnefndirnar og kostnaður afþví borgast af sveitasjóði, að svo miklu leyti sem

þeir, er að börnunum standa, ekki geta sjálfir staðið straum af þeim kostnaði, er hún hefir í för mjeð sjer. Lengra finnst mjer engin þörf að fara í þessu efni.

Að því er þar næst snertir það ákvæði, að hreppsnefndir geti veitt fje til að efla búnað til lands og sjávar, þá er það ákvæði alveg nýtt og orðatiltækin svo óákveðin og teygjanleg, að þar undir má koma öllu mögulegu, einkum þar sem því er bætt við, að fje megi greiða úr sveitarsjóði til «sjerhvers annars, er sveitarfjelaginu horfir til framfara». H. framsögum. (S. St.) bar mikið traust til hreppsnefndanna, og færði það til, að í þeim sætu jafnan hinir beztu menn hreppanna; en hjer get jeg ekki verið honum samdóma, því, eins og kunnugt er, hafa hreppsnefndir opt litlum vinsældum að fagna; starf þeirra er mjög vandasamt og erfitt, og afleiðingin er sú, að hinir beztu menn hreppanna fara úr hreppsnefndunum jafnskjótt og þeir geta og fást eigi til að taka móti endurkosningu. Þegar nú þannig er búið að nota hina skárstu krapta, þá er víða eigi mikið mannval eptir til að kjósa í hreppsnefndirnar.

Þá stendur í 2. grein frumv., að hreppsnefndin skuli leggja á vorin fyrir hreppaskilafund þá áætlun, sem hún skal gjöra á ári hverju um tekjur og gjöld hreppsins, og samþykki meiri hluti þeirra hreppsbúa, sem á fundi eru, áætlunina, þá megi hreppsnefndin greiða hin áætluðu gjöld úr sveitarsjóði. En hvernig fer nú, ef meiri hlutinn samþykkir ekki áætlun hreppsnefndarinnar? Þá má líklega nefndin ekkert greiða úr sveitarsjóði, og verða þá öll hreppsútgjöld að hætta að sinni, að sínu leyti eins og ef þingið skyldi neita fjárlögunum; eða máske það sje meining uppástungumanna, að hreppsnefndin búi þá til bráðabirgðaráætlun? Jeg held þetta sje ekki sem bezt hugsað, og sama er að segja um síðari málsgrein í 2. gr., sem heimilar nefndinni umframgreiðslu, ef hreppsfundur samþykki; því megi hreppsnefndir þannig greiða svo og svo mikið úr sveitarsjóði um fram áætlun, þá fer, held jeg, að minnka það eptirlit, sem sýslunefndirnar eiga að hafa eptir sveitarstjórnarlögunum með hreppasjóðunum, og yfir höfuð að tala held jeg verði erfitt að vita, hvað eptir stendur af sveitarstjórnarlögum, ef þessar breytingar verða að lögum, þótt þær sjeu að eins nefndar viðaukalög. Samkvæmt sveitastjórnartilsk. útheimtist samþykki sýslunefndar til þess, að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu 3 ár á undan; en hvernig þetta fer að samrýmast við hið nýja ákvæði, að hreppsnefndir megi gjöra áætlun yfir öll gjöld í sveitar þarfir, og borga þau út, hve mikil sem þau eru, ef að eins hreppsfundur samþykkir áætlunina, það get jeg ekki skilið.

Þá er 3. gr. frumv., um vald sýslunefnda; eptir henni skal heimilt að greiða fje úr sýslusjóði til eflingar menntun; en hvers konar menntun hjer er átt við, veit jeg ekki; víst getur það ekki verið barnauppfræðingin; því kostnaður til hennar á að greiðast úr hreppssjóði; hjer hlýtur því að vera átt við einhverja aðra menntun, svo sem gagnfræðamenntun eða annað því um líkt

Þá skil jeg ekki, hvað meint er um orðinu «samgöngur» í 3. gr., hvort það einungis á að ná yfir það, sem sýslunefndirnar nú hafa umsjón yfir samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, svo sem sýsluvegi o. s. frv., eða hvort á að skilja það í víðtækari merkingu þess, þannig, að þar undir heyri einnig póstgöngur, svo að t. d. kostnaður til aukapósta innan sýslu skuli einnig greiðast úr sýslusjóði.

Þá er 4. gr. frumv., sem mælir svo fyrir, að sýslunefndin skuli senda áætlun þá, sem hún skal semja á ári hverju yfir tekjur og útgjöld næsta ár á eptir, til allra

hreppsnefnda í sýslunni innan tveggja mánaða, og svo skulu aptur hreppsnefndirnar innan tveggja mánaða gjöra sínar athugasemdir og senda þær oddvita sýslunefndarinnar. En þótt nú meiri hluti allra hreppsnefnda í sýslunni láti í ljósi samhuga óánægju yfir einhverju í áætlun sýslunefndarinnar, þá þarf sýslunefndin ekkert tillit að taka til þeirra, ef einungis $^2/_3$ sýslunefndarinnar samþykkja áætlunina óbreytta, og verður þá lítið úr því eptirliti, sem þannig er ætlazt til, að hreppsnefndirnar hafi með því, hvernig sýslusjóðnum er varið, og þar sem áætlanir hreppsnefnda eru komnar undir samþykki hreppsbúa, þá eru aptur á móti sýslunefndir alls ekki bundnar viðþað, hvort hreppsnefndum líka áætlanir þeirra vel eða illa, ef einungis $^2/_3$ sýslunefndarmanna greiða að nýju atkvæði með áætluninni óbreyttri.

Þá er í síðustu málsgrein 4. gr. tekið fram, að umframgreiðslur sjeu óheimilar, nema $^2/_3$ sýslunefndarmanna samþykki þær; jeg skil ekki, hvernig stendur á þessu ákvæði; því vilji sýslunefndin greiða útgjöld úr sýslusjóði fram yfir áætlunina, þá er líklegt að einnig $^2/_3$ hlutur hennar á-vallt verði með að samþykkja heimildina.

Jeg skal svo ekki fara hjer um fleiri orðum, heldur einungis geta þess, að jeg álít frumv. þetta svo úr garði gjört, að efni og formi til, að jeg varla get ímyndað mjer, að það einu sinni nái fram að ganga á þinginu.

Framsögumaðnr (*Sigurður Stefánsson*): Þetta frumv. hefir fengið heldur harðan dóm hjá hæstv. landsh. Það er ekki, eins og hann vildi láta það vera, breyting á sveitarstjórnartilsk., heldur að eins viðauki við hana; og hvað því viðvíkur að hreppsnefndum sje með þessu frumv. gefið of mikið vald í hendur, þá er aðgætandi, að þetta vald er takmarkað og bundið við samþykki hreppsbúa; og þótt hinir beztu menn hreppanna stundum fari úr hreppsnefndum, þegar tími er út runninn, þá fara þeir ekki þar með burt úr hreppunum.

Hæstv. landsh. þóttist ekki skilja, hvað meint væri með orðunum «til að efla menntun og búnað til lands og sjávar»; en menntun nær yfir fleira en barnauppfræðing og gagnfræðaskóla; og það sem vakti fyrir nefndinni, var þetta, að t. d. einn eða fleiri hreppar kynnu að vilja koma upp hjá sjer unglingaskóla, og þá væri sanngjarnt, að fje mætti greiða til þeirra úr sveitarsjóði, og sama máli er að gegna um orðið «búnaður til lands og sjávar», að það getur verið ýmislegt þar að lútandi, sem hreppar vildu framkvæma, svo sem að búa til lendingu í einhverjum hrepp o. s. frv., og getum vjer þá ekkert sjeð á móti því, að heimila hreppum að leggja slík gjöld á sig, án þess að leita samþykkis hjá sýslunefndum eða amtsráðum.

Hann spurði ennfremur, hvernig fara ætti að, ef meiri hluti hreppsbúa eigi samþykkti áætlun hreppsnefndar; en það gefur að skilja, að hreppsnefndin hefir eptir sveitarstjórnartilskipuninni leyfi til að greiða hin lögboðnu gjöld, og að hjer er einungis um ný gjöld að ræða, sem verða að falla niður að sinni, ef meiri hluti hreppsbúa eigi samþykkir þau. Hitt hefir oss náttúrlega aldrei til hugar komið, að hreppsfundir skyldu hafa vald til að neita lögboðnum gjöldum, svo sem gjaldinu til sýslusjóðs, til sýsluvega o. s. frv.

Þá þótti hæstv. landsh. verða lítið úr eptirlitinu, þegar kæmi til 4. gr.; en jeg hygg þó að það sje talsvert, þegar öllu er á botninn hvolft. Við «samgöngur» í þessu sambandi gat oss náttúrlega aldrei komið til hugar að skilja aðalpóstvegi landsins. (*Landshöfðingi*: Jeg sagði það ekki; jeg nefndi aukapóstvegi). Til aukapóstleiða er hugsanlegt, að einhverjar sýslur kynnu að vilja eitthvað leggja, og

sama er að segja um samgöngur á sjó, að vel gæti fyrir komið, að sumar sýslur vildu leggja á sig nokkur fjárútlát til þess að koma á gufubátsferðum og annað því um líkt.

En hvað því viðvíkur, er snertir umframgreiðslu úr sýslusjóði, þá getur það opt komið fyrir, að ný útgjöld beri sýslusjóði að höndum, sem sýslunefndin ekki gat sjeð fyrir, þegar hún samdi áætlunina, og í þeim tilfellum áleit nefndin, að sýslunefndinni ætti þá að vera heimilt að greiða fje umfram áætlun úr sýslusjóði, ef $^2/_3$ sýslunefndarmanna samþykktu. Vjer vitum vel, að opt verður að greiða fje úr landssjóði um fram það, sem áætlað er á fjárlögunum, og þá er leitað samþykkis þingsins til aukafjárveitingarinnar. Það sem hjer er farið fram á í frumvarpinu viðvíkjandi þessum umframgreiðslum, er nokkuð svipað umframgreiðslunum úr landssjóði.

Það sem jeg ímynda mjer að hæstv. landsh. rísi helzt hugur við í þessu frv., er ekki svo mjög hin einstöku atriði, sem stefnan sjálf í frumv., og get jeg hugsað mjer að honum þyki hinni lægri hjeraðsstjórn hjer gefið of mikið vald með þessu nýmæli; en eptir því, sem jeg hugsa mjer afleiðingarnar, þá ímynda jeg mjer, að frumv. verði alls ekki til að íþyngja gjaldendunum með þungum álögum, heldur einungis til að gjöra framkvæmdirnar greiðari; jeg get ekki skilið, að frv. komi að nokkru leyti í bága við sveitarstjórnartilskipunina, heldur er þetta einungis viðauki við hana, sem miðar til að gjöra nefndunum hægra fyrir, þegar um ýms smá útgjöld er að ræða, svo að þær þurfi ekki að leita samþykkis hjá amtsráðunum, sem opt að eins tefur tímann og hefir opt einungis þýðingu að forminu til, þótt reyndar á hinn bóginn það verði ekki varið, að amtsráðin hafa opt notað vald sitt til að setja sig á móti skynsamlegum tillögum og góðum fyrirtækjum þeirra, er undir þeim hafa staðið.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 13 : 2 atkv.; 2.—4. gr. frumv. samþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 1 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 354, 425); 2. umr.

Árni Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með litla orðabreytingu við frumv. þetta, af því að mjer virðist orðið «undirgefin» eigi eiga vel við, eins og það stendur í frumv. Hef jeg svo eigi annað að segja um þessa breytingartillögu, en óska að eins að hún fái «laud» en ekki «haud» við atkvæðagreiðsluna.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 16 samhljóða atkvæðum.

Frumv. í heild sinni samþykkt með 18 samhljóða atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhljóða atkv.

Tillaga til þingsályktunar um ábyrgðargjald fyrir póstsendingar með tilgreindu verði (C. 319); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um, að einungis hinn íslenzki texti laganna verði staðfestur af konungi (C. 326) ein umr.

Flutningsm.(Sigurður Stefánsson): Eins og h. deild er kunnugt, kom jeg fram með alveg sams konar tillögu á þingi 1887 og þessi er; var hún samþ. með öllum þorra atkvæða í báðum deildum, og að því leyti vel úr garði gjör. En þar sem mjer er eigi kunnugt um, að h. stjórn hafi litið í náð niður á þá litlu tillögu, heldur beinlínis í ónáð, þar eð hún hefir eigi fundið

ástæðu til þess, að taka hið minnsta tillit til hennar, eða svara henni, finnst mjer vel eiga við, að koma með hana á ný. Jeg get eigi skilið í, hvað h. stjórn getur gengið til þess, að taka eigi til greina jafn hæverska og meinlausa krófu frá þinginu. Engum mundi finnast það óeðlilegt, þótt lög þau, er vjer semjum á móðurmáli voru, nytu þeirrar æru, að vera undirskrifuð af hans hátign konunginum fremur en danskar, opt mjög misjafnar útleggingar.

Stjórnin hefir sjálf viðurkennt, að vjer eigum fulla heimtingu á, að hinn íslenzki texti laganna sje staðfestur, og vonast jeg því eptir, að hæstv. landsh. færi betri ástæður fyrir því, hvers vegna þessi krafa hefir eigi verið tekin til greina, heldur en þær, er vjer höfum hingað til heyrt frá stjórninni.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. í einu hljóði, og send Ed.

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á reglugjörð fyrir landsbankann 5. júní 1886 (C. 277, 424); síðari umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Samkvæmt tillögum manna við fyrri umræðu þessa máls, og bendingum bæði frá hæstv. landsh. og ýmsum h. þm., höfum við komið með þær breyt.till., sem hjer liggja fyrir. Allir h. þm. munu vera einhuga um að óska þess, að landsbankinn geti komizt sem fyrst í viðskiptasamband við banka erlendis, og samkvæmt þessu er fyrsta breyt.till.

Þá er önnur breyt.till., við 4. tölul.; í tillögunum sjálfum höfum við ráðið til, að hann fjelli burt. Hæstv. landsh. gerði grein fyrir því við fyrri umr. þessa máls, að leyfi hefði verið veitt til, að lengja lánsfrestinn til 15 ára, og treystum við, að hæstv. landsh. muni veita leyfi til, að lánsfresturinn verði framvegis lengdur eptir því sem ástæður eru til.

Þriðja breyt.till. fer fram á það, sem h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) vakti máls á við fyrri umræðu, »að bankinn borgi af innlögum með sparisjóðskjörum eigi lægri vexti en 1% minna en hann tekur af fje því, er hann lánar út».

Þeir, sem óska þessu haldið fram, ætla, að bankinn fái með því meira vinnufje, og mundi því verða færari en ella, að greiða fyrir verzlunarviðskiptum og lána fje til ýmiss konar stórfyrirtækja.

Þar sem jeg gat þess við fyrri umræðu þessa máls, að jeg vildi þó heldur en ekkert, að bankinn endurgreiddi þeim, sem borguðu skuld sína fyrir gjalddaga, þá vexti, er hann hefði tekið fyrirfram, með sömu upphæð og hann borgaði vexti af sparisjóðsinnlögum, þá varð þó niðurstaðan sú, að láta tillöguna standa óbreytta. Jeg er viss um, að það mun verða bankanum til vinsælda, ef hann endurborgar fyrirframgreidda vexti af þeim lánum, sem hann fær innborguð fyrir gjalddaga, og á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að í því efni verði ekki um svo miklar fjárupphæðir að ræða, að bankinn geti beðið nokkurn verulegan halla við það.

Þar sem þessar tillögur fengu svo góðar undirtektir við hina fyrri umræðu, þá vona jeg að eins verði nú, og að breyt.till. verði samþykktar.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. (C. 424) samþykktar, 1. till. I. í e. hlj., II. með 18 atkv., III. með 14 atkv., 2. og 3. till. með 18 atkv. hvor, 4. till. án atkvæðagr., og sömuleiðis breyt. á fyrirsögninni.

Tillögurnar með áorðn. breyt. síðan samþykktar í einu hljóði, og afgreiddar til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Þrítugasti og sjötti fundur, mánudag 12. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að landsh. hefði til-

kynnt sjer, að hann gæti ekki mætt á þingi í dag. Enn fremur gat hann þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni í málinu »frv. til laga um lausamenn», væri kosinn formaður Þorlákur Guðmundsson, og skrifari Þorvarður Kjerúlf.

Frv. til laga um meðgjöf með óskilgetnum börnum (C. 430, 432); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Eins og h. deild sjer, hefir nefndin komið sjer saman um, að gera litla breytingartill. (C. 432); upphaflega vakti það fyrir nefndinni, að gera sem minnstar breytingar við frv., ef h. Ed. skyldi mislíka, og það skyldi verða málinu að falli, en nefndin hefir álitið frv. mjög gott í mörgu og mikill ljettir fyrir sveitarsjóði að því, ef það nær fram að ganga; eins og nú stendur hafa sveitirnar, einkum við sjávarsíðuna, mjög mikið ógagn af því, þegar feður óskilgetinna barna vanrækja framfærsluskyldu sína.

Í 3. gr. er móðurinni því að eins gefinn rjettur til að krefjast framfærslustyrks af vistarsveit föðurins, að faðirinn ekki greiði góðfúslega fúlguna og móðirin sje ekki einfær um að framfæra barnið; þetta finnst oss ekki verða samrýmt við 3. málsgr. 4. gr., sem veitir föðurnum heimild til að taka barnið, sje það fullra 7 ára, og yfirvaldið leyfi. Þess vegna hefir oss komið saman um, að 3. málsgrein 4. gr.: »En sje ekki móðirin á lífi, þá er barnsföðurnum því að eins rjett að fá barnið til framfærslu og uppeldis, að það sje fullra 7 vetra að aldri, og yfirvaldið leyfi, þar sem barnið er, enda standi þá faðirinn einn straum af barninu upp frá því«, falli burt. Jeg verð að ímynda mjer, að h. Ed. álíti þetta sjálfu sjer samkvæmara og rjett, að 3. málsgr. 4. gr. falli burt.

Reyndar lýsti hæstv. landsh. því yfir, að þetta ákvæði mundi ekki verða þess valdandi, að lögin næðu ekki staðfestingu, en áleit þó til bóta, að það fjelli burt.

Tilfellin, að faðirinn vildi taka barnið, mundu vart verða mörg, en jeg álít ekki við eiga að setja lög fyrir þau fáu tilfelli, þar sem misjafnlega getur staðið á, og þess vegna rjettast, að ákvæðið falli burt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 432) samþ. með 13 samhlj. atkv.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 18 samhlj. atkv., og síðan sent Ed.

Frv. til viðaukalaga við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 (C. 282); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 15 atkv. gegn 1, og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Frv. til viðaukalaga við tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 318); 3. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að tala langt erindi í þessu máli. Við 2. umr. hreyfði enginn mótmælum nema hæstv. landsh., sem nú er ekki viðstaddur, og vona jeg, að h. deild verði frv., eins og fyr, velviljuð.

Þorvaldur Bjarnarson: Þar sem h. framsögum. (S. St.) gat þess, að hæstv. landsh. hefði mælt móti frv., þá er það satt, og hann sagði, að því er mjer virtist, það, sem h. deild átti að segja; jeg er á móti frv., en nenni ekki að tala meira gegn því.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 14 atkv. gegn 2, og sent Ed.

Frv. til laga um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum (C. 444); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust með 19 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Frv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum (C. 230, 407); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Meiri hluti nefndarinnar verður að halda fast við sitt álit; hann álítur enn sem fyr málið nægilega undirbúið, og er það ljóst af öllum skjölum málsins, að hlutaðeigendur vilja fá þessa breytingu, en þeir hafa að eins látið hitt fljóta með, að þeir vildu hafa hana svona eða svona; og þegar þeir svo stinga upp á uppbót, þá gera þeir uppástungur frekar um hið meira, en hið minna; en það, sem söfnuðunum er kappsmál, er, að fá þessa breytingu, fá þetta gamla fyrirkomulag aptur: reyndar var þetta upphaflega gert eptir uppástungu þeirra; en þeir hafa nú sjeð, að þetta fyrirkomulag er ekki heppilegra. Verði þessi breyting nú gerð, þá græðir landssjóður þær 300 kr., sem lagðar hafa verið Garpsdal, því engin þörf virðist að leggja Garpsdalnum, þegar hann er sameinaður Saurbæjarþingunum, nokkra uppbót. Engin ástæða getur heldur verið til að bæta nokkur hinna brauðanna upp úr landssjóði; það gæti kannske í því efni helzt verið spurning um Hjarðarholt. En brauð þetta er mjög hægt, ekki nema ein kirkja; bújörðin er góð og sveitin hæg yfirferðar; tekjur eru 8—900 kr., og virðast þær nægilegar; þegar litið er á hægð brauðsins, og borið saman við önnur brauð, er það, þegar tekið er tillit til annars, ekki mjög litlar tekjur. En verði sú reyndin á, að Hjarðarholt gangi ekki út, þá koma dagar og þá koma ráð til að gera það útgengilegt og leggja úr landssjóði. Jeg verð að álíta brauðið útgengilegt og gott fyrir byrjendur að fá það, þar sem jörðin hefir, að minnsti kosti allt fram að síðustu tímum, verið vel setin. Nýlega veitti líka þingið 1000 kr. til bóta jörðinni, og verð jeg að ímynda mjer, að þeirra sjáist miklar menjar. Jeg verð því fyrir hönd meiri hlutans að halda því fast fram, að deildin eigi að samþykkja frv. þetta; jeg verð líka að álíta, að söknarmönnum standi á sama, þó brauðin fái ekki þá uppbót, sem þeir hafa stungið upp á, heldur sje aðalatriðið fyrir þeim. að fá breytinguna. Jeg er viss um, að þeir, sem vilja afla landssjóði tekna, hafa ekki á móti því, að þessar 300 kr. renni í landssjóð, þar sem það er öllum að skaðlausu. Prestum okkar er ekki vorkunn að sækja um brauðin, því þau eru öll fullgóð, og nálgast flest að vera meðalbrauð.

Sigurður Jensson: Jeg lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að eptir minni skoðun væri það ekki svo vel undirbúið frá söfnuðum og hjeraðsfundi, að jeg gæti talið ráðlegt af þinginu að þessu sinni, að gefa út lög um þessa breytingu á skipun prestakallanna. Jeg get í sannleika sagt, að fyrir mig er þetta mál ekkert kappsmál, og jeg skyldi með mestu ánægju gefa atkvæði mitt með þessu frv., ef jeg hefði nokkurn veginn vissu fyrir, að með því væri fullnægt vilja þeirra safnaða, sem í hlut eiga. En um það, hver vilji safnaðanna sje, verður ekki dæmt á annan hátt, heldur en af skjölum þeim, sem liggja fyrir, samþykktum safnaðarfunda og hjeraðsfundar. Það liggja fyrir fundargjörðir frá einum safnaðarfundi og yfirlýsingar frá sóknarfundum í 2 sóknum.

Sóknarnefndin í Hvammssveit biður um, að Staðarfells og Hvamms sóknir verði eitt prestakall eða að Hvamms sókn verði prestakall út af fyrir sig, «*en ef alþingi mót von vorri fellst á hvoruga þessa ósk vora, þá verðum vjer að haga oss eptir vorum geðþótta*». Þótt þetta sje ekki svo kurteislega orðað, sem æskilegt væri, þá er þó enginn efi á, hvað þessir söknarmenn vilja, og væru allar yfirlýsingar safnaðanna eins ljósar, þá væri hættulaust af þinginu að samþykkja frv. Söknarnefndin í Staðarfellssókn óskar helzt, að þeirra sókn verði sameinuð Dagverðarnes-

sókn, eins og er eptir lögunum 27. febr. 1880, eða með öðrum orðum helzt enga breytingu, en fái það ekki að haldast, vilja þeir heldur en að sóknin sje sameinuð við Skarðsókn, að hún falli undir Hvamm.

Safnaðarfundurinn í Garpsdal samþykkti með 8 atkvæðum gegn 4, að sóknin sje sameinuð við Saurbæjarþing, en *með þeim kostum*, að presturinn sje skyldur til að byggja ekki jarðir þær, sem liggja undir Garpsdalskirkju, nema með samþykki sveitarnefndar og sóknarnefndar. Hvað þetta skilyrði snertir, þá sýnist mjer presturinn ekki geta nje mega ganga að þessum kostum; þegar hann byggir jarðirnar verður hann fyrst og fremst að hugsa um, að fá duglega og áreiðanlega ábúendur, en getur ekki hagað sjer eptir vilja sveitarnefndar. Allir, sem kunnugir eru í sveitum, vita líka, að það eru ekki duglegustu mennirnir, sem sveitanefndirnar eru að hugsa um jarðnæði fyrir.

Þegar svo málið kemur fyrir hjeraðsfund, þá er það samþykkt, að sameina brauðin á þann hátt, sem frv. fer fram á; en þó er þess getið, að Hjarðarholtssóknarmenn hafi verið á því, að bezt væri að prestaköllunum sje skipað eins og nú er eptir lögum 27. febr. 1880, og niðurstaðan á hjeraðsfundinum verður sú, að gera það að skilyrði fyrir breytingunni, að brauðunum verði veitt jafnmikil uppbót hverju og Garpdals og Saurbæjarþing hafa, o: 300 kr., en það taldi fundurinn víst að mundi haldast.

Að endingu getur prófastur þess, að hann telji breyting þessa æskilega vegna óánægjunnar hjá Hvammssóknarmönnum yfir sameiningunni við Hjarðarholt; en sjálfur álítur hann hana ekki óhjákvæmlega nauðsynlega, og efast jafnvel um, að betur fari, þó breytt verði.

Ef nú þingið telur þetta nægar upplýsingar um, að það sje vilji allra safnaðanna, að fá þessa breytingu á brauðaskipuninni, þá er sjálfsagt, að samþykkja þetta frv. með eða án breytinga nefndarinnar. En ef h. þingd. gerir það, þá vil jeg vona, að þeir af h. þm., sem verða hjer á þingi eptirleiðis, verði eins liðugir og tilleiðanlegir til að breyta, ef á næsta eða næstu þingum kemur beiðni um, að breyta aptur til.

Ef t. d. þm. Barðstr. skyldi koma með beiðni um að gera Garpsdal aptur að sjerstöku prestakalli, með nokkurri uppbót úr landssjóði, þá vona jeg, að það fái góðar undirtektir. Ef þingm. þar á móti velja hitt heldur, að vera tregir til að breyta lögunum, að minnsta kosti meðan ekki er nægilega ljóst, að breytingin sje ósk hlutaðeigandi safnaðar, svo að ekki þurfi að vera breyta aptur og aptur, þá vil jeg ráða h. þingd. að láta ekki þetta frv. fara lengra. Þingd. gæti t. d. samþykkt breytingu nefndarinnar og fellt svo málið frá 3. umr. Söfnuðirnir gætu þá fengið þessa brauðaskipan, ef þeim er alvara að óska þess, gegnum biskup og landshöfðingja; en vilji landshöfðingi ekki útkljá málið eptir 4. gr. laga 27. febr. 1880, þá er þó einlægt hægt að fá þessu framgengt á næsta þingi, ef málið verður þá betur undirbúið.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Mjer virtist h. þm. Barðstrend. (Sig. J.) taka það of mjög fram, að málið væri ekki nægilega undirbúið.

Jeg verð þó að álíta, að aðalundirbúningur málsins sje hjeraðsfundur, því þar mæta menn úr öllum sóknum, sem hljóta að vita, hvað hjeraðinu er fyrir beztu. H. þm. tók fram 2 skilyrði, sem sett hefðu verið í Garpsdalssókn fyrir sameiningunni: að hið sameinaða brauð fengi að halda 300 kr. uppbót þeirri, er Garpsdalur hefir nú; jú, söfnuðurinn álítur það æskilegt, en allir munu mjer samdóma um, að það sje óþarfi, því brauðið verður að álítast gott, þó það sje ekki upp bætt.

Hvað hitt skilyrðið snertir, um að hreppsnefndin hefði hönd í bagga með byggingu kirkjujarða, þá játaði hann sjálfur, að ómögulegt væri að sinna því og þarf því ekki að fjölyrða um það; en hitt er víst og auðsjeð á þessu, að Garpsdalssóknarmenn hafa gengið inn á breytinguna, og þá finnst mjer engu skipta fyrir þá, hvort hinu sameinaða brauði verði lagðar 300 kr. eða ekki, úr því brauðið er álitið nægilega gott uppbótarlaust; ef góður prestur fæst í brauðið, þá ætti allt að vera fengið fyrir sóknarmenn, sem þeir óska í því efni.

Sama er að segja um Hjarðarholt; jeg verð að álíta Laxdælingum nóg að fá góðan prest, sem jeg efast ekki um að þeir mundu geta fengið, því eins og jeg minntist á áðan, er nýbúið að «depónera» þar 1000 kr., jeg geng út frá því sem vísu, að þær hafi mikinn arð borið. Jeg man svo langt, að jeg á mínum yngri árum vildi gjarnan fá Hjarðarholtið, og þar sem það hefir sjálfsagt batnað síðan, þá óttast jeg ekki fyrir, að það gangi ekki út.

Jeg verð því að álíta nægan undirbúning þessa máls, og vil ráða til að hafa enga bið. Því að ef á að bíða þangað til allar sóknirnar hafa látið samhljóða álit í ljósi, en ganga framhjá hjeraðsfundi, þá má lengi bíða; því það mun seint verða, að hlutaðeigandi sóknir verði svo sammála, að allar tillögur þeirra verði eins. Þar sem því hefir verið haldið fram, að skjóta mætti þessu máli til landshöfðingja, þá er það vitanlega ekki til neins, því landshöfðingi getur ekki ónýtt lögin frá 27. febr. 1880; því jeg hefi sama skilning á 4. gr. þessara laga og jeg hefi áður haft, að landsstjórnin geti því að eins gert út um slík mál, að eigi sje um nein fjárspursmál að ræða.

Þar sem h. þm. Barðstr. (Sig. J.) vildi gera það að skilyrði fyrir samþykki breytingarinnar, að menn væru fúsir til að breyta aptur, þá er það mjög erfitt fyrir aldraða menn, eins og mig; en jeg er þess fullviss, að eigi muni koma til, að söfnuðirnir æski breytinga á ný; þeir hafa unað því fyrirkomulagi lengi; en að nauðsyn er á breytingunni, og það fljótt, sýnir hin megna óánægja í sumum þessum sóknum, og sem hin mesta áherzla var lögð á af h. flutningsm. málsins í Ed.; og verð jeg því að álíta, að einnig þessi ástæða sje mikilsverð hjer, og ætti að ráða miklu til að afla málinu fylgis. Það er hjeraðsfundur, sem hefir mest að segja í þessu máli; hvað einstakar sóknarnefndir snertir, þá er atkvæði þeirra fremur út í bláinn og í lausu lopti; það ætti þá að vera almennur safnaðarfundur, ef nokkuð bæri á því að byggja; og þar sem hjeraðsfundur hefir gefið breytingunni meðmæli sín, þá virðist mjer full ástæða til, að samþykkja frv.

Sigurður Jensson: Eins og jeg sagði áður þá, er mjer þetta mál ekkert kappsmál, og ætla því ekki að svara h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) orði til orðs. Hann kvaðst enga áherzlu leggja á álit sóknarnefnda í þessu máli; en hið eina skjal, sem mælir hiklaust með breytingunni, er þó frá sóknarnefnd, en 2 sóknarnefndir vilja helzt ekki breytinguna, heldur að það fyrirkomulag haldist, sem nú er. Hvar þessi megna óánægja er, sem þm. talaði um, veit jeg ekki. Eptir því, sem komið hefir fram, er það ekki nema ein sókn, sem æskir sterklega breytingarinnar, og að ástæða sje til að umhverfa og breyta mörgum öðrum sóknum, fyrir það, þó óánægja sje í einni sókn, það álít jeg ekki rjett; að minnsta kosti er vert að hugsa sig vandlega um áður.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal gjöra sömu játningu og h. þm. Barðst. (Sig. J.), að mjer er þetta ekki kappsmál; jeg vil að eins reyna að koma á samkomulagi; því eptir því sem mjer er sagt af h. flutningsm. úr Ed. (J.

G.), þá mun ekki vanþörf á því, og það sem allra fyrst.

Nú eru töluverðar líkur til, að sum þessara prestakalla losni bráðlega, og að góðir prestar fáist í þau öll, og allir verði ánægðir.

H. þm. Barðst. (Sig. J.) sagði, að jeg legði litla áherzlu á álit sóknarnefnda; það er satt, í samanburði við allan söfnuðinn; en mesta áherzlu legg jeg á, hvað hjeraðsfundur segir, og hans skoðunum heldur meiri hluti nefndarinnar fram. Nefndin álítur, að þó að Garpsdalur verði sameinaður Dalaprófastsdæmi, þá komi eigi annað fram við það, en það sem víða á sjer stað, að prófastdæmi falla ekki saman við sýslur; þannig er t. d. með Gullbringu og Árnes sýslur.

Sjálfs mín vegna er mjer þetta ekki kappsmál, en hlutaðeigenda vegna er nokkurt kappsmál, að þetta verði samþykkt og það sem allra fyrst.

ATKVŒÐAGR.: Breyt.till. (C. 407) við 1. gr. báðar samþ., hin fyrri með 11 samhlj. atkv., hin síðari með 14; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 12 atkv.; breyt.till. við 2. gr. samþ. með 14 atkv., og 2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 11 atkv.; 3. gr. samþ. með 12 : 8 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Sigurður Jensson
Árni Jónsson	J. Jónss. (þm. N.-Þ.)
Eiríkur Briem	Jónas Jónassen
Grímur Thomsen	Ólafur Pálsson
Jón Þórarinsson	Sveinn Eiríksson
Ólafur Briem	Þorlákur Guðmunds.
Páll Briem	Þorvaldur Bjarnars.
Sigurður Stefánsson	Þorvarður Kjerúlf.
Þórarinn Böðvarsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorsteinn Jónsson.	

Gunnar Halldórsson var ekki viðstaddur; Jón Jónsson (þm. N.-M.) greiddi ekki atkvæði og var því talinn með meiri hluta anum. Breytingartill. við 4. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 4. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 12 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Frumv. til laga um borgun á láni til brúargjörðar á Skjálfandafljóti (C. 305); 2. umr.

Grímur Thomsen: Frumv. þetta er eitt af þeim, sem hvorki miða til að koma á fót nýjum stofnunum nje til að auka tekjur landssjóðs og hafa engin almenn ákvæði inni að halda til gagns og heilla; heldur er það eitt af þessum sjerstöku frumv., sem stundum koma hjer fram á þingi, til að ljetta byrði af hinum einstöku hjeruðum, en íþyngja landssjóði; slík frumv. segi jeg reyndar ekki að sjeu sprottin af hreppapólitík, en lík orð hafa þó stundum verið brúkuð, þegar um þess konar málefni hefir verið að ræða.

Við 1. umr. var það helzta ástæðan, sem kom fram fyrir frumv. þessu, að vegalögin, sem samþykkt voru hjer á þingi 1887, gerðu ráð fyrir, að landssjóður tæki að sjer eigi einungis vegi, heldur og allar brýr á aðalpóstleiðum landsins; en þessu er ekki þannig varið, því í 22. gr. stendur: »Brýr skal gjöra yfir ár og læki þar sem þörf er á, *þegar efni og kringumstæður leyfa*;» eins og sjá má af þessari grein, er þannig landssjóði ekki skilyrðislaust gjört að skyldu að brúa allar ár og læki á aðalpóstleiðunum; og það er gleði fyrir mig, að geta látið góðkunningja minn, h. þm. Snæf. (P. Br.), njóta þess sannmælis, að hann var einn af þeim, sem studdu að því, að þetta skilyrði kæmist inn í lögin, sökum þess, hve hættulegt það væri, að skuldbinda landssjóð til að brúa allar ár á póstleiðinni, hvernig sem hagur hans stæði, og þess vegna var það bundið við efni og kringumstæður landssjóðs. En nú hljóta h. flutningsm. þessa frumv., sem báðir eru meðlimir h. fjárlaganefndar, að vita eins vel og jeg, hvort

landssjóður hefir, eins og nú á stendur, efni til að missa 12 þús. kr. af höfuðstól, auk vaxta; en þeg skal ekki fara út í ástand viðlagasjóðs og landssjóðs, því það er öllum ljóst, hvernig hagur þeirra stendur nú á þessu fjárhagstímabili, og þess vegna er ólíklegt, að h. þm. finni ástæðu til að fleygja út allmiklu fje um þarfir fram, til að hlynna að sjerstökum hjeruðum og sjóðum, sem í þessu tilfelli eru sýslusjóður Suður-Þingeyjarsýslu, sýsluvegasjóður Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, og jafnaðarsjóður Norður- og Austuramtsins.

En jeg vil nú leyfa mjer að spyrja, hvort eindreginn vilji og skýrar óskir hafi komið fram um frumv. þetta frá hálfu Þingeyinga; jeg hef lesið með mestu athygli fundargjörðirnar, og sjeð, hve ótrauður annar h. flutningsm. (Jón Jónsson þm. N.-Þ.) hefir verið að halda fundi með kjósendum sínum þar norður frá; en á öllum þeim 6 fundum, sem hann hefir haldið í kjördæmi sínu, kemur hvergi fram, eptir fundargjörðunum að dæma, ósk um, að fá uppgjöf á því láni, sem hjer er um að ræða; en aptur á móti kemur frá 4 þeirra alvarleg áskorun til h. þm. um, að *viðhafa sem mestan sparnað á landssjóðs fje á komandi fjárhagstímabili;* og efast jeg því ekki um, að hann álíti sjer skylt, bæði í fjárlaganefndinni og einnig utan hennar, að framfylgja þessum óskum og áskorunum kjósenda sinni. En hitt er satt, að í Suður-Þingeyjarsýslu hefir komið fram á fundi ósk um uppgjöf á láninu; en jafnframt hefir verið beðið um, að spara sem mest landsfje að auðið sje, og hefir fundurinn þannig að mínu áliti orðið sjálfum sjer nokkuð ósamkvæmur.

Mig furðar samt eigi mjög mikið á því, að h. þm. N.-Þ. (Jón. J.) hefir gjörzt flutningsm. að þessu frumv.; hitt á jeg bágara með að skilja, að h. þm. Mýr. (Á. J.) skuli einnig vera flutningsmaður að frumv. þessu; því jeg get ómögulega sjeð, hvaða hagur Mýramönnum gæti að því orðið, þótt landssjóður gæfi Þingeyingum upp 12000 krónur; hefði hjer verið að ræða um fjárveitingu úr landssjóði til að þurka upp bleyturnar og hressa við prestagrenin á Mýrunum, þá hefði jeg skilið, að h. fulltrúi Mýr. (Á. J.) hefði verið með frv.; en þar sem hjer er farið fram á að ípyngja landssjóði með uppgjöf á láni til Þingeyinga, þá þykir mjer undarlegt, að sjá fulltrúa Mýramanna undir slíku frv; því Mýramenn hafa einungis byrði af þessu, en engan hag.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meir, enda vona jeg að h. flutningsmenn (Á. J. og J. J. N.-Þ) sæki þetta mál ekki fast, því þeir hljóta að sjá, að sparnaðarástæðan verður, eins og nú er ástatt, að vera yfirsterkari löngueinni til að hlynna að þessum 3 sjóðum.

Jeg skal einungis bæta því við, að dragi maður samlíkingu milli Ölvesárbrúarinnar og brúarinnar á Skjálfandafljóti, þá var höfuðástæðan fyrir því, að lögð var þung byrði á landssjóð til að brúa Ölvesá, einmitt sú, að Árnesingar og Rangæingar hafa engan hag af strandferðum, sem þó kosta landssjóð svo mikið fje, og til þess að bæta þeim þenna halla, þá vildi þingið stuðla til, að brú kæmist á eina af stórám landsins. En þetta á sjer eigi stað um Þingeyjarsýslu, sem nýtur hagsins af strandferðunum, heldur að eins um Rangárvalla Árness og Skaptafells sýslur.

Árni Jónsson: Þótt jeg reyndar sje vanur að heyra talsvert sundurleitar og misskiptar skoðanir frá h. þm. Borgf. (Gr. Th.), þá furðar mig samt að heyra, hversu hann nú kemur með allt aðrar ástæður í máli þessu en við 1. umr. Hinum kurteisu orðum hans um flóana og pestargrenin á Mýrum ætla jeg ekki að svara; enda hafa þau litla þýðingu fyrir þetta frumv.

Við fyrstu umræðu þessa máls áminnti hann okkur flutningsm. kröptuglega um,

það, að við værum ekki þingmenn einstaks kjördæmis, heldur alls landsins. Nú furðar hann sig aptur á því, og fjölyrðir um það, að jeg skuli vera flutningsm. að frumv., af því Mýramenn hafi engan hag af því. Þannig er hann kominn að gagnstæðri niðurstöðu við það, sem hann hjelt fram fyrir tveim dögum.

Án þess að jeg ætli mjer að fara að rekja þingferil hans, þá vil jeg leyfa mjer að segja honum, að hann hefir opt komið fram með óskir kjósenda sinna hjer á þingi, og barizt fyrir að þær fengju fram að ganga, þótt hann muni eigi hafa verið þeim að öllu samþykkur með sjálfum sjer.

En að því er framkomu mína snertir í þessu máli, þá hefi jeg skrifað undir frv. og verið því fylgjandi af sömu ástæðu og hinn flutningsm. þess, h. þm. N.-Þing. (J. J.), tók fram um daginn, sem sje þeirri, að jeg álít, að þeir, sem hafa tekið lán úr landssjóði, til að vinna stórvirki á þeim vegum, sem, eptir hinum nýju vegalögum, framvegis eiga að kostast af landssjóði, hafi fulla sanngirniskröfu til, að þingið láti þá eigi verða fyrir stórkostlegum halla fyrir dugnað sinn, heldur veiti þeim svo mikla ívilnun og þá rjettarkröfu, að þeir geti bætt vegi sína, og neyðist ekki til að verja öllu sínu vegagjaldi framvegis um mörg ár til að borga þær skuldir, sem þess konar stór fyrirtæki hafa hleypt þeim í.

Jeg get eigi látið vera að lýsa undrun minni á því, og mjer finnst til um það, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skyldi láta það vera sín fyrstu minningarorð hjer á þingi, um sinn forna vin og mág, Jón sál. Sigurðsson, eptir að hann er frá oss horfinn, að hann hefði flutt bænir um uppgjöf á lánum úr landssjóði hjer á þingi, einkum þar sem þau lán, sem þar var um að ræða, lánin til hegningarhússins á Húsavík og til Skútustaðaprestakalls, snertu eigi sýslufjelögin, heldur voru veitt til opinberra stofnana.

Það sem hinn sami h. þm. las upp úr vegalögunum, sannar ekki annað en það, sem allir vita, að ekki er hægt að brúa strax allar ár á aðalpóstvegum landsins, og þess vegna var að sjálfsögðu brúin bundin því skilyrði, að efni og kringumstæður leyfðu. Það er og merkilegt, sem hann sagði við 1. umr.: «Það er nokkuð öðru máli að gegna, þó landssjóður leggi mikið fje til að brúa stórar ár, sem sýslufjelögin, sem í grennd eru, með engu móti geta borið kostnaðinn við. En þar fyrir er engin ástæða til að brúa hverja sprænu á landinu á kostnað landssjóðs». Er þá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) svo óskynsamur, að hann haldi, að Skjálfandafljót sje spræna? Eða heldur hann, að hann geti talið nokkrum þingm. trú um, að svo sje? Jeg ímynda mjer, að þeim sje fullkunnugt um, að það er 24 mílur á lengd, og næst lengstu á á öllu landinu, og þess vegna verður ekki hægt að segja með sanni, að brú á það sje ónauðsynleg, eður hitt, að hún ætti ekki að kostast af landssjóði, þótt þm. Borgf. vilji kalla það *„sprænu“*.

Eins og tekið var fram um daginn, er frumv. þetta bein afleiðing bæði af vegalögunum og því frumv., sem samþykkt var hjer á síðasta þingi um brúargerð á Ölvesá; þetta vona jeg að allir h. þingm. sjái, hvort sem þeir eru úr þessu eða hinu kjördæminu, og jeg fyrir mitt leyti álít beiðni þessa svo sanngjarna, að jeg hlýt að vera henni fylgjandi, og hefði jafnvel álitið, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefði verið fullsæmdur af að koma sjálfur með þetta frv. inn á þingið.

Jeg hefði annars ekki mælt í þessu máli, ef þessi þingmaður hefði eigi beinzt svo persónulega að okkur flutningsmönnum frumv.; og þar sem hann lagði sjerstaklega áherzlu á, að við værum í fjárlaganefndinni, þá hefir það ekkert að þýða í þessu máli; enda vona jeg að h. þm., hvort sem þeir eru í fjárlaganefnd eða eigi, sjái, að hjer er um rjettlætis-

krõfu að ræða, því að landssjóður hefði orðið að kosta brúna að miklu meira leyti en hjer er farið fram á, ef hún hefði eigi verið komin á áður en vegalögin urðu til. Það er satt, sem h. þm. Borgf. sagði, að Þingeyingar vilja, að þingið sje spart á landsins fje, eins og fundargerðirnar líka bera með sjer; en jeg verð að vekja athygli hans á því, að sá sparnaður, sem tekinn er fram í fundargerðunum, fer í allt aðra átt, en hann vill vera láta, því það er almenn ósk manna nyrðra, að verja svo miklu fje til vegagjörða, og til að bæta samgöngur í landinu, sem hægt er; í fundargjörðunum er því átt við allt annan sparnað, sparnað í þeim greinum, sem h. þm. Borgf. hefir stundum sýnt sig ósparan á fje landssjóðs.

Jeg skal svo ekki fara hjer um fleiri orðum, nema bæta því við, að jeg álít heppilegra fyrir h. þm. Borgf. (Gr. Th.), úr því hann er nú farinn að gerast svo mikill sparnaðarmaður, að láta sparnaðinn fyrst sýna sig í öðru en því, að vera á móti eflingu á samgöngunum, sem þessu landi eru svo nauðsynlegar.

Grímur Thomsen: Það var einungis stutt athugasemd, sem jeg vildi gera.

Jeg hefi orðið þess var, að það eru fleiri en jeg, sem heyra illa; h. þm. Mýr. (Á. J.) sagði, að jeg hefði nefnt «pestargreni»; en þetta er ekki satt; jeg nefndi prestagreni, og hafði þá sjerstaklega í huga það greni, sem þingmaðurinn (Á. J.) bjó í fyrir einu eða tveimur árum síðan. Og jeg verð að halda því fram, sem jeg sagði áðan, að jeg get ekki skilið, að Mýramönnum og h. fulltrúa þeirra geti verið frumv. þetta kappsmál, svo ef hann finnur ástæðu til að verja það með sínum alkunna skarpleika og mælgi, —hvað jeg ætlaði mjer að segja— mælsku, þá er það vottur þess, að hann hefir ekki álitið frv. sjálfbjarga.

Páll Briem: Vjer höfum heyrt hjer í dag nokkrar kenningar um fjármál og það með, að einum eða tveimur h. þingm. hefir sjerstaklega verið borið það á brýn, að þeir bæru hjer fram mál, sem eigi snerti landið, heldur ætti skylt við hina svo nefndu hreppapólitík.

Það sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) helzt færði til móti frumv. þessu, var þessi gamla, velklingjandi sparnaðarástæða; en jeg held, að frumv. geri landssjóði eigi mjög mikið til; því peningaforði landssjóðs minnkar ekki að neinum mun, þótt það verði gefið upp af láninu, sem frv. fer fram á; að því er snertir krõggur landssjóðs, gerir þá frumv. þetta mjög lítið til; spurningin verður því einungis sú, hvort hjer sje um rjett mál að ræða eður eigi, og jeg verð þá að segja, að mjer getur eigi betur sýnzt, en að hjer sje einungis farið fram á það, sem er fullkomlega rjett og sanngjarnt. Spurningin er hjer að eins um það, hvort Þingeyingar eigi að njóta sömu kosta, eins og þeir hefðu orðið aðnjótandi, ef þeir hefðu legið á liði sínu. Menn hafa borið þetta saman við styrk þann, sem veittur hefir verið úr landssjóði til brúargerðar á Ölvesá, enda stendur hjer líkt á; sá er að eins munurinn, að Þingeyingar hafa fullgert sína brú áður en vegalögin voru samin, og virðist mjer að hvorki þeir nje nokkur önnur sýsla eigi að gjalda þess, þótt þeir hafi sýnt meiri dugnað og framtakssemi en Árnesingar, og þótt Árnesingar og Rangæingar hefðu verið búnir að koma brú yfir Ölvesá áður en vegalögin komust á, þá hefði alls eigi verið ástæða til að neita þeim um styrk til fyrirtækisins af þeim sökum. Hjer er heldur ekki að ræða um neina endurborgun á þeim peningum, er Þingeyingar hafa þegar lagt fram til brúargerðarinnar, heldur einungis um það, sem þeir eiga eptir að greiða til hennar; hjer er spurningin um það, hvort landssjóður eigi að leggja fram fje til eflingar samgöngum, því Þingeyjarsýsla hefir lagt fram peninga til brúar-

innar, og það sem eptir stendur af láni því, sem hún tók til að standast kostnaðinn við fyrirtækið, verður að borgast með vegabótapeningum sýslunnar, svo að sýslubúar geta ekki bætt vegi og samgöngur í sýslunni, meðan þeir eru að borga þetta lán; sýslan græðir þannig ekkert í peningalegu tilliti við frumv. þetta, heldur er afleiðing þess einungis sú, að hún þá getur varið sýsluvegapeningunum til að bæta samgöngurnar innan sýslu, og þetta er nóg ástæða fyrir mig til að vera með frumv., enda er það hættulaust, því hjer er um ekkert stórfje að ræða, og lítil líkindi til að aðrar sýslur geti komið á eptir og heimtað það sama; það skyldi þá vera helzt, að Gullbringu- og Kjósarsýsla gæti gert kröfu til einhvers lítilræðis, og sömuleiðis Húnavatnssýsla. Jeg get því ómögulega sjeð, að hjer sje um neina hreppapólitík að ræða, heldur gæti jeg eins vel skoðað það sem hreppapólitík, að neita Þingeyjarsýslu um þessa sanngirniskröfu; og eins og jeg með glöðu geði vil veita fje til að efla samgöngur í Ísafjarðarsýslu, eins er jeg fús á að stuðla til þess, að Þingeyingar geti eflt sínar samgöngur.

Árni Jónsson: Jeg vil einungis gera stutta athugasemd við ræðu h. þm. Borgf (Gr. Th.). Mjer heyrðist hann nefna pestargreni; hitt gat jeg ekki skilið, að hann væri að tala um prestagreni, og hefði betur getað ímyndað mjer, að hann hefði eitthvað viljað minnast á kirkjubændagreni, því honum mun vera persónulega kunnugt um eitt höfuðból hjer syðra, sem var fengið í skiptum hjá konungi fyrir tvö kot, og sem ekki hafa verið gerðar neinar sjerstakar umbætur á, líklega í því skyni, að skaði sá, sem landssjóður hefir beðið á skiptunum, yrði ekki augsýnilegur. En jeg skal ekki fara lengra út í þá sálma, enda hefðu viðræður okkar ekki orðið svona lagaðar, ef h. þingm. (Gr. Th.) hefði ekki neytt mig til að svara sjer á þenna hátt, því hann getur ekki með ellinni lagt af þann sið frá fyrri þingum, að steypa sjer yfir menn með persónulegum óþægindaorðum. *(Forseti:* Þingmaðurinn má ekki við hafa svona persónuleg orð). Jeg vil þá spyrja h. forseta, hvort hjer sje nær gengið velsæminu, en þegar h. þm. Borgf. í ræðu sinni um daginn móti einum h. þm. til færir orð eptir Gladstone, sem hamingjan má vita, hvort hann hefir nokkru sinni sagt, *(Forseti* hringir) . . . að «það væri verst, þegar þingmenn mútuðu kjósendum með landsins fje»; það ljet forseti ganga óátalið.

Sigurður Stefánsson: Jeg stend einungis upp af því, að mjer heyrðist h. þm. Snæf. (P. Br.) segja, að það væri hreppapólitik, að greiða atkvæði móti frv. þessu. Þessum orðum verð jeg fyrir mitt leyti að mótmæla; jeg greiði atkvæði á móti frv., ekki sökum þess, að Þingeyingar eigi hlut að máli, heldur vegna þess, að jeg álít frv. muni hafa illan dilk í för með sjer, ef það verður samþykkt, og að þar muni margar aðrar fjárbænir á eptir fylgja, því komist þingið einu sinni inn á þann rekspöl, að álíta lögin verka til baka í þessu tilliti, þá mun erfiðara að hverfa aptur síðar meir. Þm. Snæf. (P. Br.) vildi ekki kalla það uppgjöf, þótt Þingeyjarsýsla fengi þetta lán eptirgefið; en þá veit jeg ekki, hvað er uppgjöf á skuld, og hún mikil, ef þetta er það ekki. Það er auðvitað, að Þingeyingar fá ekki beinlínis 12 þús. í vasann; en þeir eru lesaðir við að greiða 12 þús. úr vasa sínum, og slíkt munu fleiri sýslufjelög fara fram á, ef þetta frv. nær fram að ganga. En jeg skal ekki orðlengja um þetta meir, heldur taka það upp aptur, að jeg greiði atkvæði móti frv., ekki af hreppapólitík, heldur af því, að jeg vil ekki opna dyrn-

ar fyrir öllum þeim fjárbónum, sem þetta frv. mundi af sjer leiða.

Páll Briem: Jeg skal geta þess út af orðum h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að þar sem jeg nefndi hreppa-pólitik, þá fjellu orð mín á þá leið, að gætu menn brigzlað meðmælendum frumv. um hreppa-pólitik, þá mætti með sama rjetti brigzla þeim um hreppa-pólitik, sem væru á móti frv. En hitt gat alls eigi verið meining mín, að við hafa þess konar orð um nokkurn h. þm. Hafi jeg sagt, að hjer væri ekki farið fram á neina uppgjöf á láni, þá hefir það verið mismæli, en hitt hef jeg sagt, að hjer stæði öðruvísi á en með þær vanalegu uppgjafir, svo sem á hallærislánum o. s. frv., þar sem sýslan að eins vinnur það við þetta frv., að hún getur bætt, vegi í sýslunni meira en annars er hægt, ef hún þarf árlega að greiða allt sýslugjaldið í landssjóð.

Þórarinn Böðvarsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætla að gera. Jeg skal játa það, að jeg var fyrst í vafa um, hvernig jeg ætti að greiða atkvæði í þessu máli; en jeg sje nú, að með því að samþykkja þetta mál, eru opnaðar svo víðar dyr, að jeg sje mjer eigi fært að vera með til þess.

Í sumar hefir verið vitnað í vegalögin, og skal jeg geta þess, að við þm. Kjósar- og Gullbringusýslu vorum flutningsmenn þessa frv., og jeg var formaður í þeirri nefnd, sem þingið kaus til þess að íhuga það mál. Var í frv. ekkert ákvæði um, hve nær brýr skyldi gera; en nefndin bætti orðunum: »þegar efni og kringumstæður leyfa» aptan við 22. gr.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók fram, að eigi mætti láta þau hjeruð gjalda framtakssemi sinnar, er ráðizt hefðu í stórfyrirtæki, og er þetta alveg rjett; en eigi væri það góð regla, ef sýslufjelögin færu að taka upp á því, að ráðast í ýms stórvirki, og ljetu svo kostnaðinn lenda á landssjóði. Kjördæmi mitt hefir ráðizt í það stórvirki, að brúa Elliðaárnar, og verði þetta frv. samþykkt, finn jeg það skyldu mína, að fara fram á, að þingið gefi upp það sem eptir er af skuld þeirri, er sýslufjelög Kjósar- og Gullbringusýslu er í við landssjóð, sakir brúargjörðanna, og finnst mjer alþingi eigi geta neitað um samþykki sitt til þess, ef það vill vera sjálfu sjer samkvæmt. Enginn getur neitað því, að mikla nauðsyn hafi borið til þess að brúa Elliðaárnar, þar sem allir aðalpóstarnir verða að fara yfir þær, eins og kunnugt er.

En jeg skal nú eigi fara lengra út í það. Það sem mjer finnst að þm. þurfi að gera sjer ljóst í þessu efni, er það, hvort landssjóður mundi vilja kosta 12,000 kr. til þess að brúa Skjálfandafljót nú, ef þar væri engin brú, eða ekki; því ef mönnum finnst, að landssjóður ætti að kosta svo miklu fje til þessa fyrirtækis, eiga þeir að greiða atkvæði með frv. þessu að mínu áliti; en ef hið gagnstæða verður ofan á, eiga þeir að fella frv.

Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að þingið mundi eigi veita svo mikið fje til þessa fyrirtækis, þar sem fellt hefir verið í báðum deildum, að veita fje til þess að brúa Þjórsá, sem er stór á og ill yfirferðar.

Jeg verð því að vera á móti frv. þessu, eigi af því, að jeg vilji spilla fyrir flutningsmönnum, heldur af því, að jeg er viss um, að ef engin brú væri á Skjálfandafljóti, mundi þingið eigi vilja kosta 12,000 kr. til þess að það yrði brúað; og sama er að segja, þótt það eigi verði nema 10,000 kr., sem landssjóður á að greiða eptir þessu principi, sem þingið ætlar að fara að innleiða — og sem jeg fyrir mitt leyti álít óbrúkanlegt — en Þingeyingar greiddu hitt.

Flutningsmaður (Jón Jónsson 1. þm. N.-Þing.): Eptir því hve litlar umræður urðu um þetta mál við 1.umr., bjóst jeg eigi við miklum umr. að þessu sinni, en þær

eru nú orðnar talsverðar og nokkurt kapp komið í þær. Virðul. þm. Borgf. (Gr. Th.) ætla jeg eigi að svara, því aðrir eru búnir að því; jeg vil að eins benda á, að þar sem hann sagði, að Rangvellingar og Skaptfellingar hefðu haft lítið gagn af strandferðunum, þá gildir hið sama að nokkru leyti um Þingeyinga. Það er t. a. m. mestur hluti Norður-Þingeyjarsýslu, sem ekkert gagn hefir af strandferðunum, því vegurinn, sem þeir verða að fara á hafnir þær, er skipin koma á, er langur og erfiður, yfir fjallgarða og stórár að fara.

Þegar h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) fór að tala á móti frv. þessu, datt mjer í hug málsháttur inn: »Svo bregðast krosstrje sem önnur trje». Hann sló á þann strenginn, sem fleiri hafa hreyft við, að ef frv. þetta væri samþykkt, væru opnaðar dyr að landssjóðnum; þessu skal jeg eigi mótmæla; en undarlegt þykir mjer, að hann skuli eigi hafa sjeð það fyr.

H. þm. tók fram, að hjeruðin ættu eigi að gjalda framtakssemi sinnar, og vona jeg, að allir sjeu á því; og verði því framfylgt hjer á þinginu, er jeg viss um, að frv. þetta nær fram að ganga, því Þingeyingar gjalda beinlínis framtakssemi sinnar, ef þeir fá eigi uppgjöf á skuld sinni við landssjóð. Ekkert stórt vatnsfall á Íslandi má brúa með jafnlitlum tilkostnaði, eins og Skjálfandafljót; jeg legg mikla áherzlu á þetta, og bið h. þm. að taka vel eptir því.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) spurði, hvort þingið mundi vilja gefa Gullbringu- og Kjósarsýslu upp það, sem eptir stendur óborgað af skuld þeirra við landssjóð, sakir brúargjörðanna á Elliðaánum, og get jeg sagt honum, að jeg mundi greiða atkv. með því.

Hvað það snertir, hvort vegalögin hafi til baka verkandi krapt, skal jeg geta þess, að ef svo væri, þyrfti frv. þessa eigi við. Frv. þetta er einmitt orðið til af því, að þeir, sem búnir eru að byggja brýr, hafa eigi sama rjett og þeir, sem eiga það eptir.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) tók fram, að menn ættu að gera sjer ljóst, hvort þingið hefði viljað leggja fje til brúar yfir Skjálfandafljót, ef þar nú væri engin brú, og er það alveg rjett; en jeg verð að vera á gagnstæðri skoðun og h. þm., því jeg er sannfærður um, að þingið mundi vilja það. Þá fór hann nokkrum orðum um princip það, er hjer lægi til grundvallar, og spáði, að það mundi eigi eiga sjer langan aldur; um það skal jeg nú eigi segja; en hitt er víst, að meðan það er til, verða menn að taka afleiðingarnar af því. Mjer þykir sárt, að sú skyldi verða niðurstaðan á, að h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) er á móti þessu frv., því jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að bæði hann og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) ætti að vera Þingeyingum þakklátir fyrir það, hversu hóflega þeir fara í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 12 gegn 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Sigurður Jensson.
Gunnar Halldórsson.	Grímur Thomsen.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Jón Þórarinsson.
Jón Jónss. þm.N.-Þ.	Ólafur Pálsson.
Jónas Jónassen.	Sigurður Stefánsson.
Ólafur Briem.	Sveinn Eiríksson.
Páll Briem.	Þorl. Guðmundsson.
Þorleifur Jónsson.	Þorsteinn Jónsson.
Þorvarður Kjerúlf.	

Þórarinn Böðvarsson og Þorvaldur Bjarnarson greiddu eigi atkvæði, og voru taldir með meiri hlutanum.

2. gr. samþ. með 11 gegn 2 atkv.

3. gr. felld með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Sigurður Jensson.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Grímur Thomsen.

já:	*nei:*
Jón Jónss. þm.N.-þ.	Gunnar Halldórsson.
Jónas Jónassen.	Jón Þórarinsson.
Ólafur Briem.	Ólafur Pálsson.
Páll Briem.	Sig. Stefánsson.
Þór. Böðvarsson.	Sveinn Eiríksson.
Þorleifur Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.
Þorv. Kjerúlf.	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.

4. gr. felld með 11 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Sigurður Jensson.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Grímur Thomsen.
Jón Jónss. þm.N.-þ.	Gunnar Halldórsson.
Jónas Jónassen.	Jón Þórarinsson.
Ólafur Briem.	Ólafur Pálsson.
Páll Briem.	Sig. Stefánsson.
Þór. Böðvarsson.	Sveinn Eiríksson.
Þorleifur Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.
Þorv. Kjerúlf.	Þorsteinn Jónsson.
	Þorv. Bjarnarson.

Málinu vísað til 3. umr. með 11 gegn 10 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson.	Páll Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Sigurður Jensson.
Gunnar Halldórsson.	Grímur Thomsen.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Jón Þórarinsson.
Jón Jónss. þm.N.-þ.	Ólafur Pálsson.
Jónas Jónassen.	Sig. Stefánsson.
Ólafur Briem.	Sveinn Eiríksson.
Páll Briem.	Þorl. Guðmundsson.
Þór. Böðvarsson.	Þorsteinn Jónsson.
Þorleifur Jónsson.	Þorv. Bjarnarson.
Þorv. Kjerúlf.	

Frumv. til laga um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu (C. 304); 2. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg sje eigi ástæðu til að mæla langt fyrir frumv. þessu; það hafa engar breyt.till. komið fram við það, og það er einfalt og óbrotið. Við 1. umr. skýrði jeg frá ástæðunum fyrir því, og bæti því enn við nú, að það fái að ganga greiðlega.

ATKVÆÐAGR.: Báðar frumvarpsgreinarnar samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um samþykktir um silungsveiði í ám og vötnum (C. 307); 2. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Við 1. umr. málsins skýrði jeg frá, að tilefnið til þess var bænarskrá, er liggur fyrir þinginu frá Mývetningum. Það er kunnugt, að Mývatn er mesta veiðivatn á Íslandi, og veiðin í því er mikilsverður atvinnuvegur, eigi að eins fyrir þá, sem búa við vatnið, heldur er það líka hagsbót fyrir nærliggjandi sveitir, þegar vel aflast í vatninu, því þá berst einnig björg til þeirra. Það hefir komið fyrir í ísaárum, þá er allar hafnir eru ísi luktar, að silungsveiðin í Mývatni hefir orðið mörgum sveitum bezti bjargvættur.

Í bænarskránni eru tekin fram tvö atriði.

Hið fyrra atriði er það, að reyna að friða silunginn um þann tíma, sem hann leitar gotstaða, eða þangað sem þar er kallað á «rið»; þá gengur silungurinn upp að löndunum, og þá tekur optast hver það, sem hann nær fyrir sínu landi. Þannig hindra menn það, að silungurinn geti tímgazt og fjölgað í vatninu, og spilla þannig bæði fyrir sjer og öðrum. Til stuðnings þessu skal jeg geta þess, að þegar Feddersen fór þar um, þá var hann spurður um, hvort ekki mundi vera æskilegt að fjölga silungnum með silungaklaki; en hann sagði, að það mundi bera lítinn árangur; en hitt væri heppilegast og nauðsynlegt, að friða hann meðan hann væri að æxlast. Annað atriði er það, að Mývatn er yfir höfuð grunnt. Einkum grynnkaði mikill hluti þess, «Ytri-Flóinn», þegar «nýja hraunið» hljóp fram úr Leirhnjúk,

fyrir aldamótin, og tók af bæinn í Reykjahlíð og eyddi 3 kirkjujörðum þar í grennd. Þegar því miklir hitar eru á sumrum, þá verður vatnið volgt og leirinn losnar upp frá botninum. Þetta á illa við silunginn, svo hann hleypur úr meginflóa vatnsins, og leitar upp til landanna, þar sem er kalt uppsprettuvatn fyrir. En þegar þangað er komið, þá er ekki friðurinn fenginn að heldur; því þá vill það verða svo, að þeir sem eignarrjettinn eiga, drepa silunginn unnvörpum, og líta eingöngu á þann stundarhag, sem þeir geta haft af því, að ná honum, þegar hann er svona illa kominn. En þetta hefir þung eptirköst, því það er reynsla fyrir því, að þegar þetta hefir komið fyrir — að eins og þar er kallað «hitasilungur» hefir gengið — þá hefir orðið mjög lítið um veiðiskap í næstu 5—7 ár.

Sumarið 1880 voru miklir hitar fyrir norðan; þá kom «hitasilungur» og var mikið veitt af honum. En síðan hefir líka verið þurrð á silungi í vatninu, þangað til í fyrra sumar, að hann virtist vera farinn að fjölga loksins aptur.

Sökum þessa óska hlutaðeigendur, að fá samþykktarvald til þess að friða silunginn á þeim tímum árs, sem reynslan hefir sýnt, að það er alveg nauðsynlegt, svo honum sje ekki eytt á stundum nær algjörlega með óskynsamlegri eptirsókn á stundarhagnum.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. getur frv. einnig náð víðar til, þar sem líkt stendur á, að menn vildu friða silunginn annaðhvort á vissum stöðum eða um vissan tíma. Jeg ímynda mjer, að svona löguð heimild um að gjöra samþykktir um silungsveiði og silungsfriðun verði víða vel þegin, og geti víða komið að gagni og góðum notum. Jeg vona þess vegna, að h. þm. líti á nauðsyn frumv. þessa, og gefi því atkvæði sitt.

Grímur Thomsen: Jeg vil enn leyfa mjer að gjöra fyrirspurn um hina síðustu málsgrein í þessu frumv. Þar stendur: «þessar reglugjörðir sýslunefndar skal amtmaður staðfesta, og gilda að öðru leyti um þær ákvæði þau, sem sett eru um reglugjörðir sýslunefnda í lögum 16. febr. 1886 um friðun á laxi». Það eru vandkvæði á að vísa til þessara laga, sem nú er verið að gjöra breytingu á. Þess vegna mælist jeg til þess, að h. flutningsm. (Á. J.) vildi einskorða eða ákveða skýrar, hvað hann meinar með þessu. En af því að frumv. er gott og þarflegt, þá greiði jeg atkvæði með því, að það gangi til 3. umr., í þeirri von, að málsgreinin verði þá skýrari.

Páll Briem: Jeg vil að eins gjöra stutta athugasemd til h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Þegar um samþykktir er að ræða, þá er mjög gott og aðgengilegt að vísa í lög; því þá er vissa fyrir því, að samkvæmni sje í löggjöfinni. Í stjórnarfrv. 1887 um bátfiski á fjörðum er vísað í lög um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. des. 1877. Eins og hjer stendur á, er fullkomlega rjett að vísa í lög um friðun á laxi.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að lög um friðun á laxi kynnu að verða numin úr lögum. Þó svo væri, þá hefir það engin áhrif á þessi lög; laxalögin mundu samt sem áður standa sem nauðsynleg «Forudsætning» við þessi lög, meðan þau eru í gildi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að mæla fram með frumvarpinu; ástæðurnar fyrir því eru á góðum rökum byggðar. Reynslan hefir sýnt það, að á Suðurlandi hefir silungur þorrið mjög á síðari árum í sumum veiðivötnum, sem að líkindum er því að kenna, að menn hafa brúkað smáriðnari og finni net, og þó einkum af því, að silungurinn hefir verið takmarkalaust veiddur á gotstöðunum, og væri þörf að gefa þessu gaum.

Grímur Thomsen: Það er alveg rjett, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að þetta

stendur í laxalögunum; en mjer líkar ekki það ákvæði, að amtmaður skuli staðfesta reglugjörðir sýslunefndarinnar. Jeg álít, að það sje betra að sleppa þessu ákvæði, þar sem það er obligatóriskt fyrir amtmann.

Páll Briem: Það er miskilningur hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Meiningin er sú, að staðfesting amtmanns sje skilyrði fyrir því, að samþykktir þessar geti orðið að lögum, en alls engin skylda fyrir amtmann, að staðfesta reglugjörðirnar, og eru þessi orð frumv. alveg samhljóða ákvæðum í hinum núgildandi laxalögum; það á eigi að skilja sams konar orð öðru vísi hjer heldur en þar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um bann gegn því, að búa til áfengisdrykki (C. 327); 2. umræða.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg vil að eins taka taka það fram, eins og jeg benti á við 1. umr., að tilgangurinn að koma fram með þetta frumv. er enginn annar en sá, að sporna við því, að landssjóður yrði fyrir tekjumissi, ef svo kynni að fara, að einhver tæki það fyrir, að fara að búa til áfenga drykki hjer á landi. Ef slíkt kæmi fyrir og engu væri breytt, frá því sem nú er, þá get jeg ekki skoðað öðruvísi en landssjóður beinlínis gæfi þeim mönnum, sem áfengisdrykkina byggju til, hjer um bil það sem tollinum næmi.

Það var tekið fram við 1. umr., að þetta frumv. miðaði að því. að skerða atvinnufrelsi manna. En mjer sýnist eigi svo vera að nokkrum mun, og að langt sje frá því að æskilegt sje, að tilbúningur áfengisdrykkja komist á hjer í landi. Það sýnist mjer svo ljóst, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það.

Aðra aðferð mætti að vísu einnig hafa, þá, að leggja svo háan skatt á tilbúning áfengisdrykkja, að landssjóður biði ekki tjón við hann; en afleiðingin af því yrði sú, að strangt eptirlit yrði að hafa með honum. Nú hefir það opt verið tekið fram, hve erfitt eptirlitið sje með aðflutningi á tollskyldum vörum; en erfiðara mundi þetta eptirlit þó verða.

Grímur Thomsen: Þótt frv. þetta sje sjálfsagt af góðum rótum runnið, og miði til þess, að efla bindindi og hófsemi hjer í landi, þá verð jeg þó að leyfa mjer að gera eina stutta athugasemd við það.

Hjer á landi er að vísu enginn maður, sem bruggar brennivín eða hinar áfengari öltegundir; en hjer er þó einn flokkur manna, sem lög þessi mundu koma hart niður á; það eru bakararnir, því að þeir brugga hvítt öl; þó gera þeir það ekki að atvinnu sinni, heldur er það einmitt nauðsynlegt fyrir þá, til þess að geta rekið bakaraiðn sína. Þeir gera það til þess að geta fengið «gjær», að jeg leyfi mjer að viðhafa útlent orð; þeir hafa sjer þetta ekki til ágóða, því að þeir munu ekki selja það að mun, heldur gera þeir það, eins og jeg nefndi, til að geta rekið iðn sína, og væri því hart fyrir þá, að verða annaðhvort að hætta, eða borga hina háu sekt, sem frv. fer fram á. Heppilegra hefði mjer þótt, ef h. flutningsm. (Ó. Br.) hefði komið fram með frumv. í þá átt, að leggja háan skatt á brennivíns- og ölgerð, eins og annarstaðar er siður, t. d. í Englandi og Danmörku; þar er slíkt mikil tekjugrein, og mundi landssjóði hjer ekki veita af, að geta orðið hennar njótandi. Jeg vildi óska, að h. flutningsm. (Ó. Br.) vildi breyta þessu frv., sem jeg veit að er af svo góðum rótum runnið, þannig, að eigi væri lagt í því bann á tilbúning áfengisdrykkja hjer á landi, heldur að eins skattur.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg leyfi mjer að mótmæla því, að aðaltilgang-

ur frumv. þessa sje sá, að hlynna að bindindi, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) kvað vera mundu. Tilgangurinn er sá að hlynna að öðru, sem h. þm. (Gr. Th.) mun vera enn annara um, og það er landssjóður.

H. þm. (Gr. Th.) benti á annan veg í þessu máli. Jeg skal játa það, að ekki sje ómögulegt að leggja skatt á tilbúning áfengisdrykkja, en jeg tók það áðan fram, og h. þm. (Gr. Th.) hrakti það ekki, að eptirlitið með honum mundi verða næsta torvelt og kostnaðarsamt.

Að því leyti, sem h. þm. (Gr. Th.) vitnaði til annara landa, skal jeg geta þess, að í útlöndum er sams konar bann, sem hjer er farið fram á, alls eigi óþekkt. Í Danmörku er brennivínsgerð að vísu leyfð, en mikil gangskör er gerð að því, nú í seinni tíð, að fækka brennivínsgjörðarstöðum, svo að eptirlitið geti orðið hægra. Í Englandi er tóbaksgjörð bönnuð, og er það gert í sama tilgangi, svo að ríkið missi ekki tolltekjur sínar af því.

Viðvíkjandi hvítu öli, þá er jeg ekki svo mjög á móti því, að svo miklu leyti sem það er óáfengt, að undantekning væri gerð með það.

Þorsteinn Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að gera dálitla athugasemd við þetta mál.

Það væri í sannleika of hart, að banna algerlega að búa til hvítt öl hjer á landi, því að það eru allmargir, sem það gera, og eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, er það allsendis nauðsynlegt fyrir bakara að gera það. Auk þess er það svo saklaust, að á fundi Goodtemplara fyrir Skandinavíu hefir verið samþykkt, að þeir mætti neyta þess, en þó hefir það um 1% vínanda inni að halda.

En þá liggur næst sú spurning fyrir: Er yfir höfuð nokkur nauðsyn, að fara að koma fram með þetta frumv.? Vita menn hjer af nokkrum, sem ætlar að fara að brugga öl eða búa til brennivín? Það hefi jeg ekki heyrt. Og hefði verið ástæða að koma með þetta frumv., þótt svo hefði verið? Jeg verð að segja fyrir mig, að það hefði jafnvel glatt mig að heyra, að hjer ætti að fara að koma á ölgerð; því að jeg er viss um, að landssjóður mundi varla bíða halla við það; landsstjórnin mundi í svipinn geta sjeð honum borgið með bráðabirgðarlögum; en á slíku fyrirtæki mundi ekki byrja annar en auðmaður, sem hingað mundi flytja auð inn í landið, og fá ýmsum atvinnu. Oss er það kunnugt, að hinn mikli ölgerðarmaður Jacobsen í Kaupmannahöfn hefir gefið hverja miljónina á fætur annari til þarflegra hluta. Oss mundi ekki þykja neitt að því, að fá þvílíka menn inn í landið. Vjer viljum í öðru máli fá kapítalista til að setjast að í landi voru, þar sem vjer erum að berjast fyrir búsetu kaupmannanna, en hjer á aptur að sporna við því. Jeg vildi einmitt óska, en ekki hindra, að hjer væri ölgerð. Ölgerðarmenn þurfa á kulda að halda við iðn sína, og mun varla skorta ís á Íslandi til þeirrar notkunar. Vjer þurfum alls ekki að flytja vatn inn í landið; það er nóg til af því hjer; en, eins og kunnugt er, þá eru í ölinu 96—98% af vatni; þetta vatn fyndist mjer vjer mjög vel geta sparað oss að flytja hingað inn. Mjer sýnast þessi lög yfir höfuð svo hörð og ósanngjörn, að jeg trúi því ekki, að h. varaforseti (Ó. Br.) sje sá Drakón, sem þau hafi samið, eða að þau sjeu undan hans eigin rifjum runnin; jeg verð heldur að ætla, að einhver hafi fengið hann til að koma þeim á framfæri. Það er auk þess hægt að búa til hjer fleiri vínandadrykki en bjór og brennivín. Hjer í bæ er t. d. einn maður, sem búið hefir til rabarbarvín, sem í sjálfu sjer er næsta saklaus, en þó ljúffengur og svalandi drykkur, og væri hart að banna

tilbúning á, enda mundi erfitt að þurfa að fara inn í búr manna og eldhús, til þess að sjá um, að banninu yrði fram fylgt.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer virðist mega skoða mál þetta frá tvenns konar sjónarmiði. Í fyrsta lagi má skoða það frá því sjónarmiði, að það sje borið upp til þess að minnka ofdrykkju í landinu, en h. flutningsm. (Ó. Br.) hefir neitað að svo væri; en það má líka skoða það frá því sjónarmiði, að það sje borið upp til þess að sporna við því, að landssjóður missi tekjur. En ef svo langt á að fara, að fyrirbjóða fyrir þá sök vissar atvinnugreinir í landinu, þá þykir mjer langt farið. Jeg verð að vera á móti hverju því frumv., sem fer fram á að fyrirbjóða landsmönnum einhverja atvinnugrein fyrir þá sök, að landssjóður mundi bíða halla af því, að hún yrði rekin. En um hvers konar bann er hjer að ræða? Það er að ræða um að banna að stunda þá atvinnu, sem jeg veit ekki til að nokkrum hafi dottið í hug að reka hjer. En þá verð jeg að segja á sama hátt og hinn forni rómverski mælskumaður og spekingur sem sagði, að forfeðurnir hefðu enga refsing lagt við föðurmorði, af því að þeir hefðu ekki viljað minna menn á þann óheyrða glæp, eins sýndist mjer hjer mega vera, að ekki þurfi að leggja bann við tilbúningi áfengisdrykkja. Jeg kann ekki við að bann sje lagt við því, sem vjer vitum ekki til að nokkrum hafi dottið í hug að gera.

Að því er bjór snertir, þá væri mjer nær skapi, að þeim væri veitt verðlaun, er kæmu hjer upp ölgerð, en að hann væri sektaður um 2000 kr. fyrir það, því að það er stórfje, sem út úr landinu rennur fyrir þann drykk, og jeg vildi mikillega óska, að nokkuð af arðinum og atvinnunni við tilbúning hans gæti komið landsmönnum að góðu. Jeg vildi því óska, að einhver útlendur maður —um innlenda mun ekki vera að ræða— vildi setjast hjer að, og koma hjer upp ölgerð. Þá er enn eitt atriði, sem hjer kemur til greina; það er, að með þessu frumv. á að svipta þá menn atvinnu að nokkru, sem hingað til hafa bruggað hvítt öl, og sje jeg ekki ástæðu til að svipta þá eða aðra hagræði því, sem þeir geta haft af þessu. Af þessum ástæðum verð jeg að greiða atkvæði móti frv.

Páll Briem: Eins og h. flutningsm. (Ó. Br.) hefir tekið fram, þá er það tilgangur frv. þessa, að tryggja landssjóð svo, að hann verði ekki fyrir tekjuhalla, ef hjer væri farið að brugga áfenga drykki. Það gæti að sjálfsögðu verið spurning um, hvort ekki væri rjettara, að leyfa tilbúning drykkja þessara hjer; en jeg verð að neita því, af því að svo örðugt mundi að vera að hafa eptirlit með honum. Það hefir verið tekið fram hjer í deildinni, að hægt væri að tryggja landssjóð á annan hátt en með banni þessu, ekki þyrfti annað en leggja skatt á tilbúning áfengisdrykkjanna; en jeg hygg, að þeir, sem hafa haldið þessu fram, hafi ekki athugað nákvæmlega, hve miklir örðugleikar væru á því, að leggja þennan skatt skynsamlega á, og hafa eptirlit með því, að landssjóður biði ekki halla. Það er sjálfsagt, að þar sem lögreglustjórn og tollgæzla er í góðu lagi, þar er þetta mögulegt; en erfitt er það þó þar, og hvað mundi það þá verða hjer? Það gæti vel komið fyrir, að garð yrði að byggja í kringum bruggunarhúsið, og hafa mann þar á verði dag og nótt. Erlendis eru hvað eptir annað að koma upp svik í þessu efni. Það sem knýr mig til að fylgja frv. þessu er, hvað örðugt allt eptirlit mundi verða, ef skatt ætti að leggja á tilbúning áfengra drykkja. Í útlöndum hafa menn orðið að taka upp sama ráð og hjer er farið fram á með tóbakið. Tilbúningur þess hefur verið bannaður, og öllum tóbaksgjörðarmönnum hefir verið greitt stórfje í skaðabætur. Jeg efast ekki

um, að ef hjer yrði nú byggt bruggunarhús, þá mundi eptir nokkur ár aptur þurfa að fá það af numið, og þá mundi mega til að gjalda hlutaðeigendum stórfje fyrir hnekki þann, sem þeir biðu við það. Þannig fór í Danmörku með tóbakið.

H. þm. Rvík. (J. J.) sagði við síðustu umræðu þessa máls, að mjög væri hætt við, að einhver muni bráðum reisa hjer bruggunarhús, og því þykir mjer mjög viðurhlutamikið, að neita þessum lögum nú, og baka landssjóði, ef til vill, stórtjón með því. Jeg vil ekki, að í framtíðinni sje hægt að búa til áfenga drykki hjer, nema það sje leyft með lögum. Þessi atvinnuvegur er ekki svo æskilegur fyrir landsmenn. Jeg vildi ekki fela tilviljuninni á vald, hvernig fer með það. Jeg vona fyrst og fremst, að frv. þetta fái framgang, en skyldi það ekki verða, þá vona jeg, að sú hætta vofi ekki yfir,sem h. þm.Rvík.(J.J.) sagði, því að jeg vildi ekki að h. þm. þyrfti að hafa það á samvizku sinni, að hafa svipt landssjóð stórfje með því að neita lögum þessum um samþykki sitt.

Jónas Jónassen: Jeg talaði fáein orð við 1. umr. þessa máls, og því er í rauninni óþarfi, að jeg taki nú til máls aptur. Mjer er það alveg óskiljanlegt, hvernig mönnum dettur í hug, að fara að banna að búa til þá vöru hjer á landi, sem slík kynstur eru flutt af inn í landið, sem af áfengisdrykkjum. Jeg verð að játa það, að jeg skil ekki, hvernig mönnum getur komið til hugar, að banna að brugga hjer öl. Mig fer nærri að furða á, að ekki skuli líka verið farið fram á, að banna að búa til hestajárn hjer í landi. Jeg hef sömu skoðun sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að nær væri að gefa þeim manni premíu, sem hjer kæmi upp bjórgjörð, en banna hana; því að það yrði sannarlega ekki lítill arður fyrir landið að innlendri bjórgjörð, því hjer er nautn þessa drykkjar orðin mjög svo mikil og eykst árlega, en hins vegar munar ekki mikið um tollinn af innfluttum bjór; hann er svo lágur. Jeg skil ekki annað en að innan handar væri fyrir þingið að leggja svo háan skatt á tilbúning áfengisdrykkja, að landssjóður þyrfti engan halla að bíða af honum. Mjer er það óskiljanlegt, að eptirlit þurfi að vera svo örðugt hjer, eins og hjer hagar til; það er allt öðru máli að gegna með slíkt í stórborgum erlendis en hjer, þar sem hver er svo að segja með nefið í annars koppi. Að öðru leyti álít jeg það tilgangslaust, að vera að eyða tíma við frv. þetta, því að þótt það gengi fram hjer í deild, þá er jeg sannfærður um, að það yrði undir eins rotað í Ed.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 13 gegn 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Grímur Thomsen.
Sigurður Jensson.	Gunnar Halldórsson.
Árni Jónsson.	Jónas Jónassen.
Eiríkur Briem.	Sig. Stefánsson.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Þór. Böðvarsson.
Jón Jónss. þm.N.-Þ.	Þorsteinn Jónsson.
Jón Þórarinsson.	Þorv. Bjarnarson.
Ólafur Briem.	
Ólafur Pálsson.	
Páll Briem.	
Sveinn Eiríksson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorv. Kjerúlf.	

Þorlákur Guðmundsson var ekki við staddur.

2. gr. samþ. með 12 gegn 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Grímur Thomsen.
Sigurður Jensson.	Gunnar Halldórsson.
Árni Jónsson.	Jón Þórarinsson.
Eiríkur Briem.	Jónas Jónassen.

já:	*nei:*
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Sig. Stefánsson.
Jón Jónss. þm.N.-Þ.	Sveinn Eiríksson.
Ólafur Briem.	Þór. Böðvarsson.
Ólafur Pálsson.	Þorsteinn Jónsson.
Páll Briem.	Þorv. Bjarnarson.
Þorl. Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorv. Kjerúlf.	

3. gr. samþ. með 11 gegn 4 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Grímur Thomsen.
Sigurður Jensson.	Gunnar Halldórsson.
Árni Jónsson.	Jón Þórarinsson.
Eiríkur Briem.	Jónas Jónassen.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Sigurður Stefánsson.
Jón Jónss.þm.N.-Þ.	Þórarinn Böðvarss.
Ólafur Briem.	Þorsteinn Jónsson.
Ólafur Pálsson.	Þorv. Bjarnarson.
Páll Briem.	
Sveinn Eiríksson.	
Þorl. Guðmundsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorvarður Kjerúlf.	

Frv. til laga um samþykktir í landbúnaðarmálum (C. 320); 2. umr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni. Eins og h. þingd.menn sjá, er þetta sams konar mál og hjer var fyrir síðasta þingi, það er að segja, samþykktir um heyásetning, og þá var það mál svo ítarlega rætt hjer í deild, að h. þm. mun það allkunnugt og ljóst. Þá voru mótmælendur þess því mest mótfallnir fyrir þá sök, að þeim þótti of langt gengið í því, að hafa afskipti af hag og búskap einstaklingsins. Þá var frv. samþykkt með töluverðum atkvæðamun hjer í deildinni. Þar sem nú þetta frv. hefir ekki að innihaldi þau ákvæði, sem mest urðu minni hlutanum 1887 til ásteytingar, þá vona jeg, að hann geti nú fylgt með, og gefið frv. atkvæði sitt. Önnur greinin miðar til þess, að gefa mönnum kost á, að geta verndað land sitt fyrir ágangi af skepnum; allir, sem í sveit hafa verið, hljóta að kannast við, hve meinlegur hann er, og þar af leiðandi, að nauðsyn væri á, að geta fengið reglur, er friðuðu land manna gegn honum. Nú er svo, að mjög hagar misjafnt til í sveitinni; sumstaðar eru töluverðir varnargarðar, en á öðrum stöðum eru lönd manna aptur á móti ekki girt, og mjög getur verið óþægilegt, að fylgja fast þeirri reglu, að setja skepnur manna inn. Því sýnist mjer haganlegast, að gefa mönnum heimild til, að setja sjer reglur sjálfir til að vernda lönd sín fyrir ágangi; á þann hátt geta þeir bezt tekið tillit til og lagað sig eptir hinum sjerstöku ástæðum hvers hjeraðs. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir, en óska að eins, að h. deild veiti málinu góðar undirtektir, og bæti þannig úr þörfum landsmanna.

Sigurður Stefánsson: Eins og h. þingdeildarm. muna, var jeg mótfallinn frumv., sem var fyrir þinginu í fyrra um sama efni og hjer ræðir um. En þar sem hjer er að eins ákveðið, að heimilt skuli að gjöra samþykktir um heyásetning og fleira, þá geta jeg að þessu sinni vel verið með þessu frumv. Jeg er samt ekki með frumv. af því, að jeg ímyndi mjer, að nokkurt verulegt gagn verði að 1. gr. þess. Þvert á móti er jeg viss um, að ekki eitt sýslufjelag af tíu muni nota það til að setja reglur um heyásetning, heyskoðun og hirðing á búpeningi manna. En færi svo ólíklega, að einhver sýslunefnd vildi reyna að gera samþykktir þá vil jeg, að það sje henni heimilt að lögum. Aptur á móti get jeg hugsað, að einhver vilji nota frumv. til að gera samþykktir um það, sem nefnt er í 2. gr.; því það tel jeg verulega rjettarbót. Það er annars þeim vandkvæðum bundið, að gera samþykktir í þessu efni, að jeg ímynda mjer, að lög í þessa átt hafi litla þýðing.

Jeg sje enn ekki betur, en að hver maður eigi sjálfur að ráða sem mest í þeim efnum. Skal jeg svo ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, en tek það fram, að það er einkum vegna 2. gr., sem jeg greiði atkvæði með frv. til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get sagt með h. þm. Ísf. (Sig. Stef.), að jeg var mjög á móti frumv. um þetta efni á þinginu 1887, og það af því, að mjer þótti óráð og ógjörandi, að menn væru sviptir umráðum yfir eignum sínum og þannig gert ómögulegt að vera það, sem þeir eiga að vera, vera sjálfstæðir bændur í landinu. En jeg verð að vera á móti skoðun h. 1. þm. Ísf. um þetta frumv. Jeg álít ávallt ísjárvert fyrir alþingi, að varpa frá sjer ýmsum málum, sem það eitt á að gefa lög um, og fá þau í hendur sýslunefndum eða öðrum. Jeg kann ekki við að sýslunefndir sjeu látnar ganga í þingsins stað. En það gera þær þegar þær semja samþykktir, sem, eins og menn vita, gilda sem lög. Það getur að vísu verið skemmtilegt fyrir amtmennina, að ganga í konungs stað og staðfesta lög, en jeg kann þó ekki vel við það. Jeg er hræddur um, að hjer geti átt heima. það, sem hinir fornu Rómverjar sögðu: «Turpissima re publica plurimae leges».

Í 1. gr. frumv. er mörgu hrúgað saman. En jeg vildi þá spyrja, hvort ekki mætti bæta nokkru við. Mætti ekki eins gera samþykkir um, hvernig t. d. ætti að slá gras, hvernig ætti að binda og hirða? Ef ganga á inn á verkahring hvers manns, og ráðstafa verkum á búi hvers manns. þá er nauðsynlegt að vera nákvæmur. Jeg held að rjett sje, að samþykkja ekki þetta frumv., enda er nú langt liðið á þingtímann, og því lítil tími til umhugsunar.

Í 2. gr. stendur, að heimilt sje að gera samþykktir um helgi lands fyrir ágangi af skepnum, ágangsbætur, innsetning á skepnum, hald á uslafjenaði og sölu hans. Allt þetta veit jeg ekki betur en ávallt hafi verið álitin hrein og bein löggjafarmálefni. Það eru líka ákvarðanir um margt af þessu í frv. til landbúnaðarlaganna, enda ættu að vera almenn lagaákvæði í þessu efni, en lögin ættu alls ekki að vera bundin við neitt sjerstakt í hverju hjeraði. Ákvæði 2. gr. ættu þessvegna ekki að standa í sömu lögum sem ákvæði 1. gr., því annað á að gerast með samkomulagi í hverju hjeraði, en hitt heyrir undir löggjafarvaldið. Annars er jeg samdóma h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) um það, að í rauninni standi á sama hvort þetta frumv. er samþykkt eða ekki, því það mundi ekki einn af tíu nota það; en jeg nenni samt ekki að gefa því atkvæði mitt.

Grímur Thomsen: Þótt jeg eigi væri á móti frumv., sem var fyrir þinginu 1887, og fór í líka stefnu eins og þetta, þá er þetta frumv. miklu aðgengilegra. Þó skal jeg játa það með h. 1. þm. Gullbr. og Kjósars. (Þ. Böðv.), að jeg álít mjög hæpið, að ákvæði 2. gr. geti heyrt undir samþykktarlög. Aptur á móti er jeg með ákvæðum 1. gr. Það væri gott, ef menn gætu komið sjer saman um reglur fyrir heyásetning og þess konar. Jeg hefi jafnvel heyrt, að menn hafi komið á samþykktum um heyásetning í sumum plássum næstliðinn vetur, og hafi vel gefizt. Þessvegna er jeg ekki á móti 1. gr. frumv. Reyndar er dálítill agnúi á 1. gr. að því er snertir samþykktir um stofnun heyforðabúra og kornforðabúra á kostnað sýslusjóða og sveitarsjóða, því jeg er hræddur um, að kostnaðurinn við þessi búr geti orðið nokkuð mikill. En af því að jeg er samdóma h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) um, að það sje æskilegt, að sýslunefndirnar hafi sem mest atkvæði í sínum eigin málum, þá gef jeg greininni atkvæði mitt, einnig að þessu leyti. Þar á móti álít jeg, að frumv. fremur græði en tapi á því, ef 2. gr. fellur burt. Því það er rjett, sem h. 1. þm. Gullbr.-og Kjósars. (Þ. Böðv.) tók

fram, að þau atriði, sem þar eru nefnd, eru hrein löggjafarmálefni, en ekki samþykktarmálefni, enda eru í landbúnaðarlögunum ákvæði um þetta. Jeg mun því, sem sagt, greiða atkvæði með 1. gr. frumv. en ekki með 2. gr.

Flutningsmaður (Páll Briem): Mjer heyrðist h. þm. Borgf. (Gr. Th.) segja, að hann hefði verið á móti frumv. í hitt eð fyrra. Þetta er ekki rjett. H. þm. greiddi atkvæði með því gegnum allar umræðurnar hjer í deildinni. Sama gerði h. 1. þm. Gullbr.-og Kjósars. (Þ. Böðv.) Jeg hefi þingtíðindin fyrir 1887 hjer fyrir framan mig, og geta menn sjeð hjer, hvernig þeir hafa greitt atkvæði í málinu. Annars þakka jeg h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) fyrir undirtektir hans undir þetta frumv. Það er alveg rjett hjá honum, að frumv. gæti haft gott í för með sjer, og ef þingið gæti eitthvað gert til þess að fyrirbyggja horfelli á skepnum, þá ætti það ekki að liggja á liði sínu í því efni. Jeg er alveg samþykkur því, sem h. 1. þm. Gullbr.-og Kjósars. (Þ. Böðv.) sagði á síðasta þingi um þetta mál. Hann sagði: «Jeg álít því eigi ómögulegt, að frumv., þrátt fyrir þá annmarka, sem á því eru, geti kannske komið að verulegu liði, og hindrað syndsamlegan og skaðlegan horfelli á skepnum». Sakir þessarar skoðunar kvaðst hann mundu gefa frumv. atkv. sitt, og sama vona jeg að hann geri enn.

Að því er snertir 2. gr. frumv., þá hefi jeg íhugað ákvæði þeirrar greinar vandlega og tekið þau upp úr frumv., sem var fyrir h. Ed. á þinginu 1885. Það er auðvitað, að svo er, sem h. 1. þm. Gullbr.-og Kjósars. og h. þm. Borgf. tóku fram, að hjer er um löggjafarmálefni að ræða. En það er ekki nýtt, að löggjafarmál sjeu gerð að samþykktarmálum. Það er eins ástatt hjer eins og víða í öðrum málum, sem þingið sakir ókunnugleika ekki getur sett ákveðnar reglur um, er gildi um allt land. Það er jafnvel örðugra fyrir þingið, að setja reglur um það, sem hjer ræðir um, en að búa til fjallskilareglugjörð. Jeg verð að álíta, að ákvæði, sem gilda eiga í þessu efni sem lög, eigi að vera gjörð í sveitunum sjálfum. Þingið mun eiga erfitt með að koma sjer saman um almenn lög, t. d. um helgi lands fyrir ágangi af skepnum, og þess vegna álít jeg rjett, að leyfa sveitunum, ef þær álíta þörf á því, að gera samþykktir þar að lútandi. Það er vel aðgætandi, að hjer er að eins um heimild að ræða.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Ólafur Pálsson
Sigurður Jensson	Þorv. Bjarnarson
Árni Jónsson	
Eiríkur Briem	
Grímur Thomsen	
Gunnar Halldórsson	
J. Jónsson 1. þm. N.-M.	
J. Jónsson þm. N.-Þing.	
Jón Þórarinsson	
Ólafur Briem	
Páll Briem	
Sigurður Stefánsson	
Sveinn Eiríksson	
Þórarinn Böðvarsson	
Þorlákur Guðmundsson	
Þorleifur Jónsson	
Þorsteinn Jónsson	
Þorvarður Kjerúlf	

2. gr. frumv. samþ. með 14:2 atkv., 3. gr. samþ. með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr með 18 atkv.

Frumvarp til laga um eignarrjett á sömdu máli (C. 390); 1. umr.

Páll Briem: Jeg skal að eins geta þess, að þetta mál er um atriði, sem vantar alveg lög um, og þó þessi vöntun á lögum um þetta efni hafi hingað til

ekki gert mikið illt, þá er þó öldungis nauðsynlegt að fá lög um þetta efni. Það er algjört lagaleysi í þessu tilliti, og vil jeg þess vegna mæla með því, að þetta frumv. fái greiðan gang gegnum deildina.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Frumvarp til farmannalaga (C. 410); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít, að hjer sje um lög að ræða, sem ekki eru ópörf, heldur nauðsynleg, sjerstaklega nú, þegar þilskipum er að fjölga og von er um miklar framfarir í sjávarútveginum. Hjer er samt hvorki ástæða nje tími til, að fara langt út í málið, enda getur verið, að ekki sje mikið við það að athuga. H. Ed. hefir sjálfsagt athugað málið vel og vandað frumv. eptir beztu föngum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumvarp til laga um eyðing sels í veiði-ám og veiðivötnum (C. 403); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og kunnugt er, er frumv. þetta komið frá h. Ed. Þar komu fram nokkuð breyttar skoðanir á málinu, sjerstaklega að því er snertir rjett einstakra manna til endurgjalds fyrir missta selveiði. En þó mál þetta sje í sjálfu sjer gott, þá er þó varhugavert, að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir. Vil jeg þessvegna, þó liðið sje á þingtímann, leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 12:7 atkv.

Páll Briem: Það má auðvitað ekki fara út í einstök atriði málsins á þessu stigi þess, en jeg vil þó mæla sem bezt með því, að það fái framgang hjer í þingd. Jeg greiddi atkvæði á móti nefnd, af því mjer finnst frumv. vel úr garði gert, og að þess vegna megi hugsa það nefndarlaust. Við 2. umr. er vonandi, að menn geti talað nákvæmar um skoðanir sínar á málinu og þá líka um það, hvort ekki muni rjett, að eyðileggja þetta skaðlega rándýr, líkt eins og menn vilja eyða tóunni.

Þorsteinn Jónsson: Jeg er enginn selavinur, fremur en h. þm. Snæf. (P. Br.). Jeg vildi helzt óska, að enginn selur væri orðinn eptir lifandi við Ísland. En í því get jeg engan veginn verið samdóma h. þm. Snæfell. (P. Br.), að frumv. þetta sje vel úr garði gert frá h. Ed. Jeg get ómögulega fallizt á, að gengið sje svona nærri eignarrjettinum, eins og hjer er gert. Það stendur í frumv., að hver landeigandi skuli eyða öllum sel fyrir sínu landi. Nú vil jeg taka eitt dæmi, til þess að sýna, hvað þetta er rjettlátt. Presturinn í Arnarbæli sagði mjer nýlega, að hann hefði haft 400 króna tekjur af sel í ár. Hann hefir fengið 100 kópa, og fengið 3 kr. fyrir hvert kópaskinn auk spiksins m. m. Það væri hart að þurfa að líða slíkt tap bótalaust. Jeg ímynda mjer, að hann færi seint til að drepa selinn, sem gefur honum rentu, er svarar til 6—8000 kr. höfuðstól. Það mundi enginn í hans sporum gegna þessum ákvæðum, þrátt fyrir þetta blessaða *skal* í frv. Það vill líka svo vel til, að presturinn gæti orðið löglega afsakaður frá, að drepa selinn. Þar hagar sem sje svo til hjá Arnarbæli, að þar eru hólmar í ánni, sem kynni að mega koma á æðarvarpi í. Presturinn gæti auðveldlega fengið þessa hólma friðlýsta, og þá yrði víst lítið úr selaskotum þar í grennd. Jeg tek þetta til dæmis upp á það, hvað lög eins og þessi eru óbrúkanleg. Þau eru ekki til annars en hlægja að þeim. Það er ómögulegt, að nokkurt vit geti orðið í frumv.,

úr því það ekki komst í nefnd, og er því rjett að fella það strax.

Þorlákur Guðmundsson: Að vísu þótti mjer gott að heyra þann eina lagamann, sem situr hjer á þingmannabekkjunum, mæla með frumv. og lýsa því yfir, að það væri gott; en þó vona jeg, að hann við 2. umr. skýri fyrir mjer ýms atriði í frumv. En þó mál þetta komist út úr deildinni, þó gjöri jeg mjer enga von um, að það nái staðfestingu konungs. Hæstv. landsh. talaði mjög á móti því í Ed. Jeg vildi því mæla með því, að frumv. kæmist gegnum þingið, ef það gengur ekki of nálægt rjetti einstakra manna. En það er ekki gott að vita, hvað langt má fara til þess, að ekki sje hætt við, að menn komi með kröfu til skaðabóta; en óþarft álít jeg, að fara eins langt eins og h. þm. Vestm. (Þorst. J.) að gera ráð fyrir því varpi, sem einhvern tíma kann að verða til hjer eða þar. Jeg vona annars, að málið gangi til 2. umr., og má þá átta sig á því þangað til.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg skal tala mjög stutt í þetta sinn. Jeg vil að eins óska og vona, að h. þingd. eyði ekki miklu af sínum dýrmæta tíma til að ræða mál eins og þetta, sem gengur svo hroðalega nærri eignarrjettinum.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 12:9 atkv.

Þrítugasti og sjöundi fundur, þriðjudag 13. ágúst kl. 11. f. h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina (C. 346, 432, 451); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg kannast við það, að breytingartillaga nefndarinnar á skjalinu 357 (C. 432) sje miklu aðgengilegri en þær, sem voru í nefnarálitinu, þó þessi breyt.till. sje eigi að öllu leyti aðgengileg. Jeg fyrir mitt leyti mun ekki leggja á móti því, að frumv. nái samþykki, þó sú breyting gangi fram, sem nefndin nú leggur til; en það er dálítill galli á breyt.-till. nefndarinnar, að því leyti sem hún getur dregið þann dilk á eptir sjer, að samþykkt komist alls ekki á, ef ágreiningur verður milli landshöfðingja og bæjarstjórnar um einhverja einstaka ákvörðun

Til þess að bæta úr þessu, hefir nefndin komið með viðauka við breytingartillögu sína; en sá viðauki getur heldur ekki náð tilganginum, þar sem í viðaukatillögunni er ekki gjört ráð fyrir nema því tvennu, til þess að orðið geti af samþykkt fyrir kaupstaðinn, nefnilega að annaðhvort verði bæjarstjórnin að samþykkja allar breytingar landshöfðingja, eða landshöfðingi að samþykkja frumv. bæjarstjórnarinnar óbreytt. En vilji bæjarstjórnin samþykkja sumar breytingar landshöfðingja, en sumar ekki, þá verður ekki af neinni samþykkt.

Úr þessu vildi jeg bæta með því að orða málsgreinina þannig, sjá þingskjal 391 (C. 451): «Þær breytingar, sem bæjarstjórnin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina». Landshöfðingi tekur þá upp í samþykktina þær breytingar, sem bæjarstjórnin fellst á, en sleppir þeim, sem bæjarstjórnin fellst ekki á. Það geta verið þær breytingar, sem landshöfðingi ekki leggur svo mikið kapp á, að hann gefi út samþykktina eins fyrir því, þó þær komist ekki að.

Jeg vil því ráða hinni heiðruðu þingdeild til, svo framarlega sem hún fellst á breytingartillöguna á 357. þingskjali, þá að fallast líka á breytingartillöguna á þingskjalinu 391.

Framsögumaður (Páll Briem): Það kom hjer fram í deildinni við 2. umr. þessa máls sú skoðun, að ekki mætti setja það í samþykktirnar, sem bæjarstjórnin eigi fjellist á. Þess vegna hefir nefndin komið með breytingartillögu til þess að verða við ósk manna í þessu efni.

Mjer fyrir mitt leyti finnst það undarlegt, að gjöra það að kappsmáli, hvernig á að setja lögreglusamþykktirnar; stjórninni ætti ekki að vera annað kappsmál, en að fá heimild til að gjöra lögreglusamþykktir; en þær verða að vera tryggilegar fyrir almenning. Ef breyt.till. hæstv. landshöfðingja gengur fram, þá getur landshöfðingi tekið þær greinar úr frumvarpinu, sem hann vill, án þess að bæjarstjórnin sje því samþykk, og staðfest frumv. svo.

Þetta úrfellingarvald landshöfðingja er ekki tryggilegt fyrir bæjarstjórnina.

Það er því töluverð efnisbreyting í breytingt.till. hæstv. landshöfðingja.

Eptir tillögu nefndarinnar er það lagt undir bæjarstjórnina, hvort hún vill láta staðfesta frumvarpið með þeim breytingum, sem hafa verið gjörðar við það. Og hefir hún þannig fulla vissu fyrir, að ekkert annað frumv. verði staðfest, en það sem hún er ánægð með í heild sinni.

Mjer finnst því tryggilegast að samþykkja breyt.till. nefndarinnar.

Landshöfðingi: Jeg verð að játa það, að jeg skildi ekkert í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.). Hvernig getur hann borið það fram, að landshöfðingi geti eptir breytingaruppástungu minni tekið út úr frumvarpinu á móti vilja bæjarstjórnarinnar ákvæði, sem hún hefir sett í frv.? Eptir minni breyt. getur landshöfðingi einmitt ekki gjört neina breytingu á frumv. bæjarstjórnarinnar, nema bæjarstjórnin samþykki breytinguna, en jeg get ekki hugsað mjer meiri breytingu á frv. en þá, að taka út úr því heilar greinar eða mikilsvarðandi ákvæði. Jeg vona, að hver maður með heilbrigðri skynsemi skilji þetta, og ef þingmenn álíta viðsjárvert, að samþykkja breytingartillögu minnu, þá hlýtur það að vera af því, að þeir skilja hana eigi. Ef nokkrum er þetta mál kappsmál, þá er það hin háttv., nefnd sem gjörir það að kappsmáli, en ekki stjórnin. Verði breyt.till. á 357. þingskjali samþykkt, en ekki sú á þingskjali 391, þá get jeg ekki lagt það til, að frumv. nái staðfesting stjórnarinnar.

Framsögumaður (Páll Briem): Það er undarlegt hjá hæstv. landshöfðingja, að væna þá þingmenn, sem eru á móti honum viðvíkjandi þessari breyt.till. sinni, að þeir hafi eigi heilbrigða skynsemi. Um daginn fann hinn h. forseti að orðinu vitleysa, hjá h. þm. Rvík. (J. Jónassen). En þetta er ekki betra, heldur verra, enda er vel hægt að snúa þessu við. En svo jeg snúi mjer að breyt.till. landshöfðinga (391), get jeg eigi, eptir almennum lagaskilningi, sjeð annað, en að þar sje talað um breytingar, er eigi má setja inn í samþykktina, en þar með finnst mjer eigi loku skotið fyrir, að eigi megi fella greinar úr frumv. Af því, hvernig breyt.till. landshöfðingja er orðuð, tel jeg hana ótryggilega.

Breyt.till. nefndarinnar er tryggilegri, og álít jeg rjettara að fylgja henni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg lýsti því yfir við 2. umr. þessa máls, að jeg áliti það óhentugt, að ákvæðum bæjarstjórnar yrði beinlínis breytt af amtmanni eða landshöfðingja í lögreglusamþykkt; slíkt er ekki næg trygging fyrir bæjarstjórnina. Jeg get ekki annað sjeð eptir mínum litla skilningi, en að í sjálfu sjer komi það sama fram í báðum breyt.till., nefndarinnar og landshöfðingja; það er ómögulegt að misskilja það, að eptir breyt.till. 391 má ekki setja það í samþykktina, sem bæjarstjórnin er á móti, og nokkuð það sama kemur fram í breyt.till. nefndarinnar; en breyt.till. á skjalinu 391 er betur orðuð, og sjerstaklega styttri, og get jeg ekki annað sjeð, en að tilganginum sje náð með henni, ef hún verður samþykkt, og eðlilegum rjetti bæjarstjórnar borgið.

Sigurður Stefánsson: Jeg get eigi bet-

ur sjeð, en að breyt.till. hæstv. landshöfðingja hafi alveg sama innihald og breyt.-till. nefndarinnar; og jeg get eigi sjeð annan mun á breyt.till. en þann, að mjer finnst breyt.till. hæstv. landshöfðinga betur orðuð en breyt.till. nefndarinnar, og með henni er fremur byggt fyrir það, að engin samþykkt geti orðið, ef bæjarstjórnin ekki getur fallizt á breytingar amtmanns eða landshöfðingja, þar sem landshöfðingja er heimilt eptir breytingartillögunni, að staðfesta samþykktina, ef hann vill falla frá þeim breytingum, sem bæjarstjórninni eru ekki að skapi. Tilgangurinn með breyt.till. nefndarinnar var að eins sá, að fá því til vegar komið, að bæjarstjórnirnar hefðu hið síðasta orð um, hvað stæði í lögreglusamþykktunum, og finnst mjer þeim tilgangi fullt eins vel náð með breyt.till. hæstv. landshöfðingja. Það er auðvitað, að ef bæjarstjórnirnar væru mjög lítilsigldar og gengju umhugsunarlaust að breytingum landshöfðingja, þá væri varhugavert að samþykkja breytingartillögur hans; en jeg vil nú eigi gjöra ráð fyrir, að svo sje. Það er auðvitað, að breyt.till. hæstv. landshöfðingja á við allar þær breytingar, sem landshöfðingi kann að gjöra á lögreglusamþykktunum, og getur því eigi komið fyrir, að hann kippi greinum úr þeim gegn vilja bæjarstjórnanna; enda mundu þær reyna að koma þeim inn í lögreglusamþykktirnar aptur, ef þeim fyndust þær eigi mega missa sig. Jeg greiði því atkv. með breyt.till. hæstv. landshöfðingja, af því að mjer finnst hún vera sama efnis, en betur orðuð en breyt.-till. nefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 391 (C. 457) samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.-till. 357 (C. 429) við 3. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 19 atkv. og sent Ed.

Frv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje (C. 365, 424, 427); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Nefndin hefir enn á ný íhugað, hvort bændakirkjur eiga að vera sömu lögum háðar og aðrar kirkjur, hvað snertir innheimtu og meðferð á fje þeirra. Jeg verð að játa það, að nefndin hefir enn eigi getað sannfærzt um, að nokkrum væri rangindi sýnd, þótt sömu lög giltu um bændakirkjur og aðrar kirkjur, um eigendur þeirra og annara kirkna. Hún getur eigi viðurkennt, að tekjur bændakirkna sje full eign kirkjueigenda. Kirkjujarðirnar hins vegar eru full eign kirkjueigenda, og á þeim hvílir það eins og nokkurs konar skylduskattur, að hafa kirkjurnar. Sumir skarpir lagamenn, bæði innlendir og útlendir, eru jafnvel þeirrar skoðunar, að bændur eigi ekki kirkjurnar, heldur eigi þær sig sjálfar. En nefndin vildi þó eigi gera þetta að kappsmáli, meðfram af því, að hún álítur, að þótt lögin eigi beinlínis nái til bændakirkna, muni þó fyrirkomulag þeirra verða hið sama og annara kirkna áður en mjög langt um líður. Nefndin leggur því til, að nýrri grein sje bætt við frv., þess efnis, að bændakirkjur sjeu undanteknar að svo miklu leyti, sem söfnuðurinn hefir eigi tekið þær að sjer, og kirkjuráðendur synja samþykkis síns, og vonar hún, að þetta fullnægi kröfum þeirra, sem bera bændakirkjurnar fyrir brjóstum sjer.

Að því er snertir þær bændakirkjur, sem söfnuðurinn hefir tekið undir umsjón sína, finnst nefndinni eigi ástæða til þess, að aðrar reglur gildi um þær en kirkjur almennt. Vonar hún, að þau tilfelli fjölgi, að bændur trúi söfnuðunum fyrir kirkjum sínum, og telur það mjög heppilegt.

Í sambandi við þessa breyt.till. leggur nefndin til, að nauðsynleg orðabreyting sje gerð á 4. gr., þannig, að: »Fyrir allar kirkjur í landinu», falli burt.

Enn fremur leggur nefndin það til, að skýr-

ari ákvæði verði tekin upp í 5. gr. því viðvíkjandi, að vextirnir verði lagðir við höfuðstólinn. Það hefir verið siður hjer á landi um nokkurn tíma, að prestarnir hafa haft þau hlunnindi, að njóta ávaxtanna af kirkjufjenu; munu engin lög vera til fyrir því, en hinn síðasti biskup vor hafa leyft það. Þetta fyrirkomulag þykir nefndinni eigi fullkomlega rjett, einkum nú, þegar presturinn getur látið söfnuðinn taka að sjer innheimtuna; var það meining hennar frá fyrstu með frv., en hún leggur nú að eins til, að þetta verði tekið skýrara fram.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar á þingskjali 339 er þess að geta, að sumar kirkjur eru svo stórskuldugar, að allar tekjur þeirra hrökkva eigi fyrir vöxtunum; gætu þær því aldrei losazt úr skuldum, ef þær þyrftu að verja öllum tekjunum til vaxtagreiðslu. Er hjer með fallin ein af mótbárum þeim, sem komu fram gegn frv. við 2. umr.

Jeg verð þá að leyfa mjer að vona, að h. deild samþykki nú frumv. með breyt.-till.

Því hefir verið hreyft í umr., að þetta frv. ætti skylt við frv. um tekjur presta, er var fellt hjer í deildinni um daginn; en svo er eigi að mínu áliti. Þegar ræða var um tekjur presta, gátu menn ímyndað sjer, að auka ætti tekjur prestanna, þótt það væri alls ekki meiningin, heldur hitt, að kveða nákvæmar á um, hvað prestar geta heimtað, og hvað bændur eigi að greiða. Hjer getur engum dottið í hug, að auka eigi tekjur nokkurrar stjettar; mætti heldur segja, að frv. þetta væri stýlað á móti prestunum. Því verður eigi neitað, að prestarnir hafa farið illa með kirknafje, og ástæða er til, að gjaldendurnir sjeu óánægðir með það. Frv þetta á að koma í veg fyrir, að slíkt eigi sjer stað eptirleiðis. Frv. er sprottið af þeirri aðalhvöt, að kirkjur landsins verði sem sæmilegastar; maður getur, ef til vill, eigi sagt, að þær sjeu nú fullkomlega ósæmilegar, en allir verða að játa, að ástand þeirra er sorglegt. Útlendir ferðamenn, sem hingað hafa komið, hafa jafnvel haldið, að torfkirkjur sumstaðar væru fjós, og timburkirkjur geymsluhús, og er slíkt mjög leiðinlegt fyrir landið. Ef frv. þetta verður að lögum, breytist þetta innan skamms. Jeg vil því leyfa mjer að mælast til þess, að frv. verði samþykkt; getur enginn sagt, að eigingirni liggi hjer undir steini.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. allar samþ, sú við 4. gr. með 20 atkv., við 5.gr. með 19, við 5. gr. (þingsk. 339) með 18, við 6. gr. með 18, við 7. (ný grein) með 20 atkv.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 451); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): H. deild er það kunnugt, að á síðasta þingi var samþykkt frumv., sem fór í þá átt, að breyta tölu þingmanna í deildunum, án þess þó að fjölga þeim. Eins og kunnugt er, fjekk það frumv. ekki áheyrn, og tók hæstv. landsh. það fram, að það gæti varla komið til greina, að breyta hlutfallinu á tölu þingmannanna í deildunum; með hitt gæti verið öðru máli að gegna, að fjölga þeim yfir höfuð, og þann veg fer þetta frumv. Þegar frumv. kom fram 1887, þá var að vísu ekki kominn fram yfirlýstur vilji þjóðarinnar um, að hún vildi breyting þá, sem þar var farið fram á, eða fjölgun þingmanna; en svo lítur út, sem það orð, er þá var talað, hafi fallið í frjósaman jarðveg, þar sem bæði Þingvallafundur tók málið upp, og það kom fram á undirbúningsfundum

undir þing í vor. Það lítur út fyrir, að þjóðin hafi ekki á móti að bera þann kostnað, sem leiðir af fjölgun þingmannanna, og þá sýnist ekki ástæða til, að synja henni um þessa bæn sína, fyrst hún vill bera kostnaðinn af henni. 1887 var svo ítarlega tekið fram, hvað mælti með fjölgun þingmanna þjóðarinnar í Ed., að ekki virðist ástæða til að fara mörgum orðum um það nú. En öll sanngirni sýnist mæla með því, að þjóðkjörnir þingmenn hafi atkvæðaafl ið á þinginu, svo að trygging sje fyrir, að komizt geti til stjórnarinnar hvert áhugamál þjóðarinnar í lagaformi; hún hefir eigi að síður valdið til að segja síðasta orðið. En nú er svo mjórra muna vant með það, þar sem konungkjörni flokkurinn í Ed. er jafn liðsterkur sem sá þjóðkjörni; jeg leyfi mjer að nefna konungkjörinn flokk, af því, að slíkt er algengt um land allt, en eigi af því, að konungkjörnir menn komi ávallt fram sem andstæður flokkur hinum þjóðkjörnu, nje af því, að þeir komi fram andstæðir allri góðri lagasmíð; því fer fjarri; þeir hafa opt átt mikinn og góðan þátt í ýmsum þarflegum lögum. En einhvern veginn hefir það viljað þannig til, að í öllum vorum mestu áhugamálum, og skal jeg sjerstaklega nefna stjórnarskrármálið, hafa þeir komið fram gagnstætt vilja þjóðarinnar. Þetta sýnir þingsaga vor, og verður það eigi útskafið, nje móti því mælt, að reynslan sje hjer sem annarstaðar sannleikur. Jeg er engan veginn með þessu að bera ámæli á konungkjörna þingmenn, heldur einungis að sýna fram á það, hve hæpið það er, að vilji hinnar íslenzku þjóðar geti komið til eyrna konungs hennar, þegar þing er eins skipað og það er nú. Hjer eru þær hindranir lagðar í veginn, að engin vissa er fyrir því, að þjóðin geti látið fulltrúa sína bera óskir sínar fram fyrir hans hátign konunginn; konungkjörnir þingmenn geta þar sett stólinn í dyrnar, ef þeim þóknast. Þessu á frumv. að kippa í lag, og koma því í eðlilegra horf en verið hefir.

Þetta eru að eins almennar athugasemdir, sem jeg hefi gert við málið, byggðar á undanfarinni þingsögu vorri; en að öðru leyti skal jeg ekkki fara lengra út í málið að þessu sinni. Jeg get ekki búizt við, að það verði taldir agnúar á frumv., að ekki er um leið gerð nein breyting á ýmsum tölum í þingsköpunum, en með að láta þingsköpin óbreytt að þessu leyti, þá verða þau einmitt frjálslegri, ef þetta frumv. næði staðfestingu, þar sem þá þarf tiltölulega færri þingmenn í hverri deildinni til að bera upp breytingartillögur, óska nafnakalls o. s. frv.

Landshöfðingi: Jeg get fyrir mitt leyti ekki sjeð neina sjerlega ástæðu til að fjölga þingmönnum nú. Jeg veit ekki til að fólki hafi fjölgað hjer svo síðan stjórnarskráin var gefin, að fyrir þá sök sje ástæða til eða þörf á að fjölga þingmönnum. Þetta sýnist mjer þingið og hafa sjálft viðurkennt, með því að í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá er ekki gert ráð fyrir fleiri þingmönnum en nú eru.

En meiningin er eigi heldur sú, eins h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) tók sjálfur fram, að þörf sje á að fjölga þingmönnunum, heldur hin, að þjóðkjörnir þingmenn geti ávallt verið í meiri hluta á þingi.

Jeg get aldrei kannazt við það, að atkvæði konungkjörinna þingmanna í Ed. sjeu ekki eins góð og holl þjóðinni, eins og hinna þjóðkjörnu. Það vill fremur brenna við, að málum sje flaustrað af hjer í deildinni, og þau lítið rædd, þótt þau kunni að vera íhuguð; það mun jafnvel hafa komið fyrir, að mál hafi verið látin fara hjeðan úr deild einmitt í þeim tilgangi, að þau yrðu drepin í Ed. Efri deildin er nauðsynleg til að halda í við Nd., sem stundum virðist vera nokkuð fljótráð, og fyrir því er sú trygging bezt, að konungkjörnir menn geti komið fram atkvæði sínu, því að þeir eru ekki síður

óháðir en þjóðkjörnir þingmenn, og auk þess rosknir menn og reyndir, og bæði geta sökum þekkingar sinnar og reynslu haft góð áhrif á frágang málanna, og hafa einatt gert það.

Jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að nú í gær var útbýtt nefndaráliti frá Ed. í stjórnarskrármálinu, og af því sje jeg, að einn af helztu forvígismönnunum í stjórnarskrárbaráttunni hefir gengið inn á það nýmæli, að allir þingmenn Ed. skuli vera konungkjörnir, og ólíklegt er, að Nd. sje þessu fullkomlega mótfallin, fyrst einn af höfðingjum stjórnarskrárbaráttunnar samþykkir það.

Mjer þótti vænt um, að heyra vitnisburð h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) um hina konungkjörnu þingmenn; því að það er engan veginn jafnan, að þeir fái að njóta sannmælis. Jeg verð fyrir mitt leyti að halda fast við það, að þeir sjeu eins óháðir og þjóðkjörnir þingmenn, ef ekki óháðari, og lýsa það tilhæfulaust, að stjórnin reyni að hafa nokkur áhrif á atkvæði þeirra eða sannfæringu; og er jeg viss um, að þeir muni bera það sjálfir, að svo sje.

Jón Þórarinsson: Jeg skal leyfa mjer að gera grein fyrir, hvers vegna jeg greiði ekki atkvæði með frumv. þessu. Jeg er að vísu ekki móti aðaltilgangi þess; en það er annað, sem jeg hefi á móti því; fyrst og fremst kemur þetta frumv. allt of seint á þingtímanum; slíkt frumv. þarf að koma snemma inn á þing, svo að það geti orðið vandlega íhugað.

Annað atriðið, sem mjer þykir athugavert, er fjölgun þingmannanna. Jeg veit, að h. flutningsm. (Sig. Stef.) muni hafa heyrt, að mörgum þykja þingmenn helzt til margir og þingið of dýrt. *(Sig. Stef.:* Nei, jeg hefi ekki heyrt það.*)*. Þá hefi jeg þó heyrt það, enda er það ekki ástæðulaust; því að hvergi munu vera eins margir þingmenn í samanburði við fólksfjöldann og hjer. Enn er eitt sem gerir það ísjárvert að fjölga þingmönnum, og það er, hve erfitt er að fá góða þingmenn hjer á landi. Vjer erum yfir höfuð svo stutt á veg komnir í menntun, að vjer eigum erfiðara en aðrir með að fá góða þingmenn. En það vona jeg, að menn verði að játa, að betra sje að hafa fáa þingmenn góða, en þótt fleiri sjeu, ef þeir eru lítt nýtir, og ef vjer nú eigum torvelt með að skipa þingmannasætin nýtum mönnum, eins og er, þá munum vjer þó eiga enn erfiðara með að fá þá, ef þeir fjölga. Ef þeim tilgangi ætti að ná, sem hjer er verið að leitast við að ná, og sem sjálfsagt hefir við töluverð rök að styðjast, þeim tilgangi, að þjóðkjörnir þingmenn hafi meiri hluta atkvæða í báðum deildum, þá álít jeg, að sú aðferð væri betri, að breyta tölu þingmannanna í deildunum, en að grípa til hins, sem jeg álít óyndisúrræði, að fjölga þeim. Það er að vísu satt, að áður hefir verið reynt, að fá tölunni breytt í deildunum, en þó það heppnaðist ekki í fyrsta sinn, þá er ekki fyrir það víst, að það muni aldrei heppnast; hlutfalli milli deildanna má breyta á annan hátt, en farið var fram á á síðasta þingi.

Eins og jeg gat áður, þá er jeg ekki á móti tilgangi frumv., heldur formi þess, og í þessari mynd get jeg ekki gefið því atkvæði mitt.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg þarf ekki mörgu að svara; jeg bjóst við líkum svörum frá hæstv. landsh. og í fyrra; en þar sem jeg vitnaði til fyrri reynslu, þá stendur það enn óhrakið.

Þar sem hæstv. landsh. sagði, að sjer þætti þetta frumv. mjög undarlegt í sambandi við nefndarálitið í stjórnarskrármálinu í Ed., þá er honum það að segja, að enginn af þeim, sem undir það nefndarálit hafa skrifað, hvort það er konungkjörinn eða þjóðkjörinn »höfðingi», er »höfðingi» yfir mjer í þingmálum, heldur er það mín eigin sannfæring, sem jeg læt

þar sem annarstaðar stjórnast af. Þar sem í nefndarálitinu er farið fram á, ekki að hafa 6, heldur 12 konungkjörna, þá get jeg gjarnan sagt hæstv. landsh., að það er sá mesti óskapnaður, sem jeg hefi sjeð hjer á þingi. Það er heldur ekki víst, hvort þetta frv., með allri sinni jarladýrð, nær fram að ganga; á meðan það er ekki víst, verðum við að basla við okkar gömlu stjórnarskrá, og fyrst stjórnin með engu móti vill breyta henni, þá er líklegt, að hún vilji hjálpa til að gera hana sem viðunanlegasta.

Jeg skal játa það, að jeg hefi aldrei heyrt þá skoðun, að þingmenn væru of margir, eins og h. þm. G.-K. (J. Þ.) kvaðst hafa heyrt; það getur vel verið, að sá andi sje ríkjandi á Suðurnesjum, en í mínu kjördæmi hefir slíkt ekki átt sjer stað; þar er skoðun manna sú, að þingmenn sjeu heldur fáir, að minnsta kosti hef jeg heyrt óskir um það, að Ísafjarðarkaupstaður væri gerður að kjördæmi sjer.

Hæstv. landsh. sagði, að þetta gæti ekki verið byggt á vaxandi mannfjölda; þetta getur að nokkru leyti satt verið, að mannfjöldinn yfir höfuð hafi ekki vaxið; en hann hefir þó vaxið í sumum sýslum, svo að hlutföllin, sem upphaflega voru, eru ekki lengur hin sömu. Þannig hefir fólkstala í Árnessýslu vaxið svo, að hún ætti, eptir hinu upphaflega hlutfalli, sem var 1 þm. fyrir hverja 2000, að hafa 3 þm., þar sem fólkstal er þar orðið um 6000. Reykjavík hefir um 4000, og hefir því eins mikinn rjett til að hafa 2 þm., eins og sumar sýslur, er 2 þm. hafa. Akureyri og Ísafjörður hafa einnig vaxið svo, að þau, eptir sömu reglum, ættu að hafa eins mikinn rjett til að kjósa sinn þingmanninn hvor, eins og Vestmannaeyjar. Þannig hefir fólksfjöldi á sumum stöðum vaxið, enda þótt fólkinu í heild sinni hafi ekki fjölgað.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sagði, að þjóð vor væri lítt menntuð; jeg skal nú ekki mikið dæma um það; en það álít jeg þó ekki of sagt, að almenningur á Íslandi sje eigi síður menntaður en hjá sumum stórþjóðunum; jeg segi þetta ekki af því að jeg vilji ala upp í almenningi menntalegan gorgeir, heldur af því jeg hygg það verði ekki hrakið; en sjeu Íslendingar lítt menntuð þjóð, þá hygg jeg, að hún kunni ekki fremur að velja fáa þingmenn en marga; hitt játa jeg, að hjer koma fullt svo margir þm. á hvert þúsund manna, og í öðrum löndum; en Ísland verður, hvað þetta snertir, ekki borið saman við önnur lönd, þar sem svo allt öðruvísi hagar hjer til hjá oss, en í öðrum löndum.

Jeg hjelt fyrst, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) þekkti ekki frv. frá 1887, um að breyta hlutfalli þingmannanna; en jeg sje þó, að svo hefir verið; en þar sem hæstv. landsh. hefir andmælt því, og stjórnin synjað því staðfestingar, þá sá jeg ekki til neins, að taka það upp aptur, heldur valdi þenna veg, þar sem orð landsh. og stjórnarinnar gáfu tilefni til þess.

Jón Þórarinsson: Mjer dettur ekki í hug að gera þetta að kappsmáli, því mjer er sama, hvort frv. verður samþykkt eða ekki.

Þó að h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hafi ekki heyrt kvartað undan, að þingið væri of kostnaðarsamt, þá hefi jeg þó heyrt það, og þó Ísfirðingar vilji fá að kjósa þm., þá er það engin sönnun fyrir því, að það sje almenn ósk Íslendinga, að fjölga þm.

H. þm. sagði, að Íslendingar væru eins vel menntaðir og margar stærstu þjóðir heimsins; jeg skil ekki, hvernig hann, sem hlotið hefir jafnmikla menntun, lætur sjer slíkt um munn fara; án nokkurrar hlutdrægni á kostnað landa minna mótmæli jeg slíkum ósannindum. Íslendinga vantar alveg hina svokölluðu millistjett, sem er hjá stórþjóðunum hin eiginlega menntaða stjett alþýðumanna. Því verður aptur ekki neitað, að hin lægsta alþýðu-

menntun er hjer í fullt eins góðu lagi og í mörgum öðrum löndum, þó að einnig hún sje betri hjá sumum stórþjóðunum, en það er ekki sú menntun, sem gagnar mönnum til að vera hæfir þingmenn, og jeg veit, að h. þm. Ísf. meinar það ekki; þannig eru Íslendingar mjög fátækir af þeim mönnum, sem hafi hlotið þá menntun, sem þeim komi að gagni sem þingmönnum, því það þarf meira til þess, en að kunna að lesa og skrifa; þess vegna er það ekki rjett hjá h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að jafnörðugt sje að velja fáa og marga hæfa þingmenn. Íslendingar hafa fullt vit og vilja til að velja góða og hæfa menn, en þessir mörgu, góðu og hæfu menn eru ekki til. Jeg tek þetta fram af því mjer fannst h. þm. taka svo strangt mótbárur mínar; þær spruttu ekki af því, að jeg sje annarar skoðunar um tilganginn, heldur af því, að jeg held, að að tilganginum verði ekki náð, þó ekki væri nema tímans vegna; enda tiltækilegra að ná honum með fækkun en fjölgun þingmanna; það er mjög óheppilegt, að koma svo seint með mál sín á þing, að þau verði að eins til að draga hugann frá öðrum mikilsvarðandi málum, og tefja tímann, sem þingið annars hefir ærið við að gera.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð einnig að taka það fram, að mjer virðist frv. þetta koma of seint fram; en á hinn bóginn virðist mjer það koma of snemma fram, þar sem frv. til stjórnarskipunarlaga liggur enn fyrir þinginu, og ósjeð er, hvernig fara muni; jeg kann ekki við þessa tvískiptingu, að þetta frv. skuli fara fara fram á annað en það, sem nýlega var samþykkt hjer í deildinni. Eins og h. 1. þm. Ísf. tók fram, mun tilgangurinn sá, að hinir konungkjörnu ráði ekki meiru en góðu hófi gegnir í Ed.; mjer var það sönn ánægja, að heyra hann láta þá njóta sannmælis, og jeg álít skylt, að taka það fram, að þeir hafa unnið, já unnið vel að mörgum þjóðmálum vorum, þó það hafi viljað svo til, að þeir hafa í sumum áhugamálum landsmanna eins og einangrazt út úr; en þar sem kemur til úrræða h. flutningsm. (S. St.), að fjölga tölu þm., þá efast jeg um, að landsmenn margir verði honum sammála um, að það sje heppilegur vegur; jeg veit að menn kunna að verða á þessu þar, sem áhugi á stjórnarskrármálinu er mikill; en jeg er þó hræddur um, að menn almennt horfi í kostnaðinn. Jeg verð því að álíta þetta hreint neyðarúrræði, því jeg er samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) um, að tala þingmanna sje hjer meiri en í nokkru öðru landi, í samanburði við fólksfjölda. Jeg álít þó rjett að gefa frv. atkvæði mitt til 2. umr.; getur verið, að þá sjáist, hvað stjórnarskránni líður, og það verði þá ljóst, hvort það rekur sig hvað á annað, og þá er nógur tími til að tala um það; jeg gef því frv. atkvæði mitt við þessa umræðu.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg skal játa það, að jeg skildi ekki vel í síðari ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.). Honum þótti jeg gera of mikið úr menntun Íslendinga, með því segja, að þeir væru að tiltölu eigi ver menntaðir en flestar aðrar þjóðir; jeg játa það, að okkur vantar þá millistjett, sem þm. talaði um, og þar sem hana vantar, þá er eigi hægt að bera millistjett annara landa saman við þjóð vora; hjer er að eins um embættismenn og alþýðu að ræða, og verð jeg að halda því fast fram, að þessir flokkar sjeu eigi tiltölulega ver menntaðir en sams konar flokkar í öðrum löndum; en ef það sannast, að þjóð vor sje svo lítt menntuð, að hún hafi ekki vit á að velja þingmenn, þá hefir hún jafnlítið vit á að velja marga og fáa.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) sagði, að menn mundu verða óánægðir með frv., ef það yrði að lögum; en þar sem þjóðin hefir beðið um þetta, bæði á þingvallafundi og undirbúningsfundum undir þing

í sumar, þá hefi jeg ástæðu til að ætla, að menn mundu miklu fremur verða ánægðir með frv., ef það yrði að lögum; þar sem hann sagði, að það væri neyðarúrræði, þá skal jeg reyndar játa það með honum. Það er neyðarúrræði fyrir þjóðina, að þurfa að auka útgjöld sín, en þjóðin vill þó heldur grípa til þess, en að láta eina 6 þingmenn sporna við því, að hennar mestu áhugamál geti komizt fyrir stjórnina og hans hátign konunginn. Það verður margur að dansa, þó hann dansi nauðugur, og þar sem þjóðin kostar alla þingmenn, vill hún hafa fulla tryggingu fyrir því, að atkvæði þeirra fulltrúa, er hún kýs sjálf, verði ekki borin ofurliði af þeim mönnum, sem án nokkurrar hlutdeildar frá hennar hálfu eru sendir á þing, þótt aldrei nema þeir sjeu konungkjörnir.

Grímur Thomsen: Jeg verð að vera hlynntur þessu frumv. um fjölgun alþingmanna, því jeg hefi æfinlega álitið, að það væri betra að löggjafarþing væru heldur fjölmenn en fámenn. Jeg get heldur ekki sjeð, að sú mótbára sje á rökum byggð, að ekki sje hægt að finna hjer nógu marga hæfa menn til þingsetu. Jeg hefi ekki heyrt kvartað undan því, að Íslendinga vantaði hæfilegleika til þingmennsku. Þar á móti hef jeg heyrt kvartað yfir ýmsu öðru, sem jeg hirði ekki að telja upp. En ef finna má 30 hæfa þjóðkjörna þingmenn, þá ímynda jeg mjer, að hægt verði að finna 6 í viðbót. Jeg verð, sem sagt með þessu frumv., sem mjer finnst bæði hóflegt og frjálslegt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 3. og 8. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 375); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Frv. þetta fjekk svo góðar undirtektir hjá h. þingd. við 1. umr., að jeg finn ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Aðalstefna frumv. er sú, að ljetta eptirlaunabyrðinni að miklum mun af landssjóði eptirleiðis, og hins vegar sú, að gjöra meiri jöfnuð milli embættisstjetta landsins, en hingað til hefir átt sjer stað.

Í 1. gr. frumv. er gjört ráð fyrir, að eptirlaun embættismannsins verði $^1/_8$ af launaupphæðinni og $^1/_{2}$% af sömu upphæð fyrir hvert ár, sem embættismaðurinn þjónar með eptirlaunarjetti, án þess þó að tekin verði til greina meira en 42 þjónustu-ár; með öðrum orðum: það er farið fram á, að eptirlaunin geti ekki orðið hærri en hjer um bil $^1/_3$ af launununum. Minnka eptirlaunin við þetta um meira en helming frá því, sem nú er eptir tilskipun 31. maí 1855, þar sem eptir frv. þarf fleiri þjónustuár til að ná hinum hæstu eptirlaunum, en nú á sjer stað.

Í 2. gr. hefir nefndin tekið dálítið aðra stefnu, en nú er. Nefndinni þykir ekki þurfa, að eptirlaun ekknanna fari eptir launaupphæðinni, með því nægur munur á fje því, er þær hafa sjer til framfæris, kemur fram við þann $^1/_5$ af launum, sem embættismaðurinn á að tryggja konu sinni í lífeyri, ef hún verður ekkja. Þar sem gjöra má ráð fyrir því, að eptirlaun þau, sem hjer er gjört ráð fyrir, að embættismaðurinn fái úr landssjóði, verði of lítil til að lifa af, þá á frumv., sem kemur næst á dagskrá, að bæta úr því.

ATKVÆÐAGR.: Allar greinar frumv. samþ. með 17 atkv. hver. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 375); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Frumv. þetta stendur í nánu sambandi við frumv. það, sem rætt var nú síðast.

Það er byggt á þeirri hugsun, að eptirlaun þau, sem ákveðin eru í frumv., sem rætt var síðast, sjeu ekki nægileg handa embættismanninum, þegar hann, fyrir elli sakir, ekki er lengur fær um að þjóna embætti sínu. Þetta frumv. á að bæta úr þessu.

I 2. gr. er svo ákveðið, að embættismaðurinn skuli safna sjer ellistyrk, og hafði nefndin fyrir augum, að ellistyrkur þessi gæti orðið nægur til að kaupa lífeyri frá 70 ára aldri, er næmi $^1/_3$ af launum embættismannsins. Þegar þessi upphæð svo yrði lögð við þau eptirlaun, sem ákveðin eru í hinu frumv., þá kæmi fram sama eða lík upphæð og sú, sem embættismenn hafa eptir núgildandi eptirlaunalögum.

Það, sem einkum er athugavert við þetta frumv., er það, hvort með því er lögð of þung byrði á embættismenn. En nefndin áleit, að frumv. væri ekki svo ísjárvert í þessu tilliti, að við það væri mikið að athuga. Sumir kynnu aptur að hafa á móti því, að það væri rjett af hinu opinbera, að binda þannig hendur manna, og álíta, að menn ættu að vera alveg sjálfráðir, hvort þeir söfnuðu sjer ellistyrk og keyptu lífeyri, eða ekki; en það getur þó verið nauðsynlegt, að hið opinbera skipti sjer af þessu, enda kemur þetta fram í núgildandi lögum, þar sem embættismönnum er gjört að skyldu að kaupa lífeyri fyrir konur sínar. Þetta frumv. fer því í sömu stefnu og núgildandi lög. Hvað ellistyrkin snertir, þá er hann fullkomin eign embættismannsins; en hann má ekki nota hann til annars «en segir í 5. gr.», og sá ellistyrkur, sem maður á, þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans, sem önnur eign, samkvæmt niðurlagi 5. gr. En ef embættismaður sleppti embætti sínu á miðjum aldri og leystist þannig úr sambandi við hið opinbera, þá fengi hann sjálfsagt ótakmörkuð yfirráð yfir styrknum.

Grímur Thomsen: Það var einmitt þetta síðasta atriði, sem jeg vildi vekja máls á. Það stendur í 5. gr., að þegar embættismaður, sem hefir safnað sjer ellistyrk, sje orðinn 70 ára að aldri, þá geti hann farið að fá alla vextina af honum. En nú getur svo farið, að embættismaður sleppi embætti áður en hann hefir náð sjötugs aldri, og vil jeg þá spyrja h. framsögumann, hvort það sje meiningin, að embættismaðurinn geti fengið vextina frá þeim tíma, er hann hættir að þjóna embættinu. Mig langar að vita, hvort ekki þyrfti nákvæmari ákvarðanir um, hvernig fara skyldi með ellistyrk þess manns, sem fer frá embætti áður en hann hefir náð sjötugs aldri.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Jeg skal geta þess út af orðum h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að það var meining nefndarinnar, að þegar einhver eigi væri lengur embættismaður, heldur leystur úr öllu sambandi við hið opinbera, þá væri það, sem hann hefði lagt út, hans fullkomin og ótakmörkuð eign; en vel getur verið, að betra sje að taka það fram með berum orðum; og hvað því viðvíkur, hvort maður, sem fengi lausn frá embætti á miðjum aldri, ætti að fá ellistyrkinn til afnota eða ekki, þá hefir nefndin eigi íhugað það atriði sjerstaklega; enda er líklegt, að þesskonar tilfelli kæmu á einn eða annan hátt til löggjafarvaldsins kasta. En með því að þetta getur verið umtalsmál, þá má íhuga það og koma fram með breytingar til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Þegar hið fyrra frumv. var til umræðu, þá treysti jeg mjer eigi til að greiða atkvæði með hinum einstöku greinum þess, af ótta fyrir að eptirlaunin ekki mundu verða nægileg til að lifa af. Eptirlaun þau, sem nú eru, þyrftu reyndar umbóta og eru að mínu áliti of há; en hjer fannst mjer samt of langt farið, og gat jeg því ekki greitt atkvæði

með frumv. En jeg treysti mjer ekki heldur til að greiða atkv. með þessu frumv., sem hjer liggur fyrir, um ellistyrk og lífeyri, því jeg álít óeðlilegt að neyða menn til að safna fje; vjer þekkjum allir orðtækið: «ríkur og fátækur hittast á vegi, og guð hefir gjört þá báða»; sumir eru þannig útbúnir með hæfilegleikum til að verða ríkir, aðrir eru og verða einlægt fátækir, og þess vegna hygg jeg, að ekki sje hægt að neyða menn til að verða ríkir. Jeg get eigi betur sjeð, en að í núgildandi lögum sjeu nógar kvaðir lagðar á embættismenn til að sjá fyrir konum sínum og börnum, og jeg skal taka það fram, að margir lögfræðingar í útlöndum eru komnir á þá skoðun, að þær skyldukvaðir, sem hjer er um að ræða, sjeu í raun og veru óeðlilegar. Jeg hygg því, að rjettast væri að fylgja þeirri meginreglu, að láta embættismennina hafa hæfileg og sómasamleg laun; og ef þeir svo ekki gætu bjargað sjer, þá get jeg ekkert sjeð á móti því, að þeir fái forsorgun af fátækrafje og fari á sveitina, eins og aðrir menn, því þetta fyrirkomulag, að neyða embættismenn til að leggja út svo og svo mikið fje til að sjá fyrir konu og börnum eptir sinn dag, álít jeg að sje einstakt í skipulagi mannfjelagsins. Og hvað þessu frumv. sjerstaklega viðvíkur, þá ímynda jeg mjer, að þau útgjöld, sem hjer er gjört ráð fyrir, geti orðið embættismönnum of vaxin; því eptir því sem mjer skilst á frumv. við lauslega yfirvegun, þá getur upphæð sú, sem þeim er gjört að skyldu að gjalda, numið frá 500 – 1000 kr. á ári. Jeg verð því af ofangreindum ástæðum að skýra frá því, að jeg treysti mjer ekki heldur að greiða atkvæði með þessu frumv.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. 1. þm. G.-K. (þ. Böðv.) minntist á, að sjer þætti óeðlilegt, að binda embættismenn á þann hátt, sem hjer er farið fram á í þessu frv., til að sjá fyrir sjer á elliárum; en bæði er það, að þessi aðferð er viðurkennd í löggjöf vorri áður, og svo held jeg mjer sje óhætt að fullyrða, að stefnan hjá stórþjóðum heimsins fer í sömu átt og hjer er gjört, sem sje, að skylda hlutaðeigandi embættismenn til að tryggja sjer og sínum framfærslu á elliárum. En hvað því viðvíkur, að óeðlilegt sje að skylda menn til að leggja fje til elliáranna, þá ber þess að gæta, að eptir frv. þessu eru menn ekki bundnir eingöngu við ellistyrkinn, því þeir geta valið þann veg, að kaupa sjer lífeyri, eptir að þeir hafa náð 70 ára aldri. Þetta er þeim innan handar, ef þeir kjósa það heldur, og þá þurfa þeir engan eyri að eptirskilja erfingjum sínum fremur en þeir vilja. Að því er snertir þær álögur, sem frv. þetta hefir í för með sjer á embættismennina, þá get jeg ekki sagt með vissu, hve miklar þær muni verða, þótt jeg reyndar geti fullvissað h. 1. þm. G.-K. (þ. Böðv.) um, að reikningur hans er fjarri öllum sanni. Að kaupa sjer ellistyrk fyrir mann um þrítugt, mundi með 4% rentu nema 2%—3% af laununum á aldrinum frá 26—34 ára, þannig, að 29 ára gamall maður yrði að borga $2^1/_2$ %, en til að kaupa sjer lífeyri útheimtist langt um minna fje, án þess að jeg geti tiltekið nákvæmlega, hve mikið það sje, því hjer í bænum hef jeg hvergi getað fundið töflur, er gefi nákvæmar upplýsingar um þetta atriði. Þegar svo embættismaðurinn skiptir um og kemst í tekjumeira embætti, þá hækka framlögin fyrir það, sem þá bætist við embættislaunin, en geta þó, eptir áliti nefndarinnar, aldrei orðið ýkja þung byrði fyrir hlutaðeigendur. Að öðru leyti vil jeg taka það aptur fram, að ellistyrkurinn er fullkomin eign þeirra, sem hafa safnað sjer honum, og deyi hlutaðeigandi embættismaður, þá erfa kona hans og börn; en kjósi embættismaðurinn heldur að kaupa sjer lífeyri, þá þarf hann miklu minna til að kosta.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. með

18 atkv. hvor; 3. gr. samþ. með 17 atkv.; 4.—6. gr. samþ. með 18 atkv. hver.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og áttundi fundur, miðvikudaginn 14. ágúst, kl. 11 f. hád. Allir á fundi nema 1. þm. Húnv. (Eir. Briem) og þm. V.-Skapt. (Ól. Pálss.), sem höfðu tilkynnt forföll sín. Enn fremur voru þeir þm. Rvík. (J. Jónassen) og þm. Vestm. (Þorst. Jónss.) ekki við í fundarbyrjun.

Frumvarp til laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum (C. 429); 3. umr.

Sigurður Jensson: Við 2. umr. ráðgjörði jeg að koma fram með breyt.till. til þessarar umr. um, að koma ákvæði inn í lögin um það, að lögreglustjóri skyldi með 2 kunnugum mönnum hafa vald til að ákveða það svæði, sem hvert kauptún eða verzlunarstaður skyldi ná yfir. Jeg hef nú hætt við það, enda voru lítil líkindi til, að slík breyt.till. mundi fá að komast að hjer á þinginu. Jeg hef þar að auk við nákvæmari íhugun sannfærzt um, að þessi ákvæði um takmörk kauptúns eru ekki nærri alstaðar nauðsynleg; sumstaðar væri slík afmörkun beinlínis óþörf, og þá óþarfur kostnaður fyrir landssjóð, að láta hana fram fara. Sumstaðar gæti hún, helzt ef hún mistækist, máske haft hindrandi áhrif á verzlunina. En það er enn mín skoðun, að það mundi vera nauðsynlegt í ekki allfáum kauptúnum, að ákveða takmörkin milli verzlunarstaðarins og sveitarinnar, og þar sem svo stendur á, hljóta að koma fram ýms vafaspursmál, af því takmörkin eru óákveðin; en þótt eigi sjeu lagaákvæði fyrir því, þá hlýtur, eptir minni skoðun, umboðsvaldið að skera úr því, ef ágreiningur kemur upp út af takmörkun verzlunarstaðarins, og það á einhvern líkan hátt eins og mjer datt í hug að ákveða í þessum lögum. Ef ágreiningurinn hefði mjög mikla þýðingu, þá kæmi til löggjafarvaldsins að ákveða svæðið, sem verzlunarstaðurinn ætti að ná yfir.

Af þessum ástæðum hef jeg hætt við að koma með breytingartillöguna.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Frumvarp til laga um borgun á láni til brúargjörðar á Skjálfandafljóti (C. 454, 458); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson þm. N.-Þing.): Við síðustu umræðu um þetta frumvarp fjellu atkvæði svo, að nokkur hluti frumvarpsins var samþykktur með eins atkvæðis mun, og nokkur hluti þess felldur með eins atkvæðis mun, og til 3. umr. var því vísað með 1 atkv. mun, svo að það kann að sýnast tilgangslítið, að tala mikið um það. Eigi að síður get jeg þó ekki leitt hjá mjer, að reyna enn til að útlista, hvað mjer virðist h. þingdeild vera að gjöra, ef hún fellir frumvarpið.

Á þinginu 1887 hefir löggjafarvaldið slegið fastri nýrri meginreglu um brúargjörð, eins og hvað eptir annað hefir verið tekið fram við fyrri umræður þessa máls. En frá mínu sjónarmiði er þetta frumvarp bein afleiðing af þeirri meginreglu, og fram komið sökum hennar.

Ástæður þær, sem komið hafa fram gegn frumvarpinu, eru sumar á þá leið, að hjer sje verið að ræða um að gefa upp lán, en hins vegar talað um hinn hága fjárhag landssjóðs. En þegar litið er á eðli málsins, sjest það berlega, að hjer er ekki um uppgjöf að ræða í eiginlegum skilningi. Löggjafarvaldið fylgir, eptir frumvarpinu, að eins stefnu sinni, og er sjálfu sjer samkvæmt, og er því óskiljan-

legt, að menn skuli koma með það sem ástæðu, að hlutaðeigandi »kommunalsjóðir« sjeu skyldir að borga brúargjörðina, en eigi ekki svo mikið sem sanngirniskröfu til þess að landssjóður leggi nokkuð til. Með því að fella þetta frumvarp gjörir löggjafarvaldið gys að stefnu þeirri, sem það hefir áður slegið fastri. Mjer eru sjerstaklega óskiljanleg atkvæði sumra þingmanna í þessu máli; það væri sannarlega gott fyrir þjóðina, að heyra ástæður sumra þeirra. Jeg meina þetta sjerstaklega til h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), sem manna helzt barðist fyrir þessari stefnu á þinginu 1887. Jeg man ekki orð hans nákvæmlega; en þau voru á þá leið, að hefði sami andinn verið á þingi þegar brúargjörðin á Skjálfandafljóti var til umræðu, þá hefði öðruvísi farið um það mál; þá hefði landssjóður kostað brúna. Jeg vona, að hann sje á sama máli nú, sem 1887, og ef hann er það, þá skil jeg eigi atkvæði hans nú.

Jeg vildi gjarnan heyra ástæður þessa mikilsverða þingmanns, því að þær eru ætíð teknar til greina, og tillögur hans mikils metnar. Það er reyndar til lítils að ræða um þetta frekar. Jeg vona þó enn, að þá er h. þm. hafa enn skoðað huga sinn, þá gefi þeir frumvarpinu atkvæði sitt. Jeg skal ekki vera margorður um viðaukatillögurnar. Þar er farið fram á, að settar sjeu aptur inn í frumvarpið þær greinar, er fjellu við aðra umræðu. Því einu er við bætt, að landssjóður sje eigandi brúarinnar. Oss þótti vel við eiga, að taka það fram, því að það væri óviðkunnanlegt, að annar væri eigandi, en sá sem kostar. Ef sýslufjelag t. d. kostar brú af eigin rammleik, þá er það eigandi hennar, og mundi þá hafa rjett til að leggja toll á brúna, til þess að fá nokkuð upp í kostnaðinn. Það þótti því eiga vel við, að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu, til að taka af allan vafa.

Grímur Thomsen: Jeg var svo djarfur við 2. umr. að gjöra nokkrar athugasemdir við frumvarpið, og dirfist enn þá að gjöra fáeinar athugasemdir við frumvarpið og viðaukatillögurnar (C. 458).

Jeg gat þess við 2. umr., hvern dilk það mundi draga eptir sjer fyrir landssjóð, ef lán þetta væri eptir gefið. Auk þess sem jeg þá nefndi, mundi sjálfsagt að endurborga kostnað til brúargjörðar yfir Laxá, Elliðaárnar, sömuleiðis brúa Jökulsá á fjöllum, og loks endurborga allt það fje, sem sýslufjelögin hafa varið til vegabóta á aðalpóstvegum.

Nú verður ekki sagt, að landssjóður hafi ekki styrkt brúargjörðina yfir Skjálfandafljót, þar sem hann hefir veitt lánið vaxtalaust í 3 ár, og sett svo afborgun í 28 ár með 6% vöxtum; með þessu hefir hann sýnt, að hann vildi styðja fyrirtækið.

Ef 1. breyt. till. væri samþykkt, þá gæti skeð, að Þingeyjarsýsla hefði lítinn hag af því, að það yrði að lögum, (ef landssjóður yrði eigandi brúarinnar, og landstjórnin legði toll á hana, eins og h. flutningsm. sagði, að sýslunefndirnar hefðu heimild til, og jeg ímynda mjer að landssjóður gerði það, til þess, að fá aptur eitthvað af kostnaðinum); þá yrði breyt. till. tvíeggjað sverð, sem mundi bíta báða parta.

Svo kemur 2. breyt.till.; ef hún verður að lögum og eigi þessi lög að hafa tilbakaverkandi krapt, eins og sumir vilja að vegalögin frá 1887 hafi, þá verður, ef lögin 27. febr. 1880 um brúargjörð á Skjálfandafljóti eru numin úr gildi, að borga vexti af láninu í þessi 3 ár, sem það var veitt vaxtalaust. Raunar er jeg fyrir mitt leyti á móti þeirri skoðun, að lög verki aptur fyrir sig, svo jeg bendi að eins á þær afleiðingar, sem sú skoðun mundi hafa í mörgum málum, ef hún yrði ofan á í þessu máli.

Hitt er víst, að 3. gr. verður Þingeyjarsýslu beittara sverð en landssjóði. Jeg

ímynda mjer, að þeir þingmenn, sem komu með þetta frumvarp, hafi gjört það í bezta skyni, en þeir hafi ekki nægilega íhugað ástand landssjóðs, hvað á honum hvílir á þessu fjárhagstímabili. Jeg verð því að vera móti þessu frumvarpi nú sem fyr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli, en h. flutningsm. (J. J. þm. N.-Þing.) beindi orðum sínum til mín, líklega í þeim tilgangi, að fjölga atkvæðum með frv. Hann minntist á það, að sjer væri óskiljanlegt atkvæði mitt við 2. umr. máls þessa, og óskaði, að jeg gjörði grein fyrir því. Þingmaðurinn minntist á orð, sem jeg hefði talað á þingi 1887.

Viðvíkjandi brúnni á Skjálfandafljóti, þá er það allt annað, hvernig það mál hefði farið, ef það hefði fyrst komið fyrir þing 1887, en að nú sje rjett að breyta þeim lögum. Þó jeg gjöri það nú fyrir hann, að tala í þessu máli, þá græðir h. þingm. (J. J.) ekki á mjer. Jeg álít eigi rjett, að lögin verki til baka; og ef þetta frv. gengur í gegn hjer í deildinni og kemst lengra áleiðis, þá er jeg t. d. viss um, að kjósendur mínir koma, og Rangæingar og Suðuramtið í heild sinni á næsta þingi, og segja: »Samkvæmt því, að lánið til brúarinnar á Skjálfandafljóti var að nokkru leyti gefið upp, í tilefni af tilbakaverkandi krapti vegalaganna, þá höfum við hjer í Suðuramtinu sanngirniskröfu til þess, að þessar 20,000 krónur til brúarinnar á Ölfusá verði eptir gefnar«. Svo þegar það væri fengið, mundi koma fram krafa um það, að landssjóður borgaði að öllu brúna á Skjálfandafljóti. Jeg vil ekki ryðja þessari stefnu braut inn á þingið.

Ef Þjórsá yrði brúuð, þá yrði auðvitað hið sama um hana sem um Ölfusá. Ef þetta gengur fram, þá er það skylda þingmanna úr Þingeyjarsýslu, að styðja að því, að láta landssjóð borga eingöngu allar brýr, sem byggðar kunna að verða; enda er það engan veginn nauðsynlegt, að skilja vegalögin svo, og auðvitað, ef því er fast fram haldið, að landssjóður kosti allar brýr á póstleiðum að öllu leyti, þá þokar því máli þeim mun síðar áfram.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hafði eigi ætlað mjer, að tala í þessu máli við þessa umr.; en þau orð, sem h. þm. N.-Þing. (J. Jónss.) sagði, að þingið gerði gys að stefnu þeirri, er það hefði tekið þegar vegalögin voru samþykkt, ef það felldi frv. þetta, neyða mig til þess.

Jeg fyrir mitt leyti álít, að eigi muni öðrum kunnugra um, hver hafi verið meiningin með vegalögunum, en einmitt flutningsmönnunum sjálfum, og mjer hefir aldrei komið til hugar, að þau hefðu eða ættu að hafa til baka-verkandi krapt.

Við aðra umræðu þessa máls taldi jeg því margt til bóta, og lofaði Þingeyinga fyrir dugnað þeirra, er þeir rjeðust í það stórfyrirtæki, að gera brú á Skjálfandafljót. Reyndar eru margar ár á leið hjeðan og þangað norður hættulegri, er meiri þörf hefði verið að brúa, og reynslan hefir sýnt, að tiltölulega fáir hafa drukknað í Skjálfandafljóti í samanburði við Hvítá í Borgarfirði og Blöndu. En aðalástæðan gegn þessu frv. er hagur landssjóðs, og svo það, hve margar slíkar útborganir það hlyti að draga á eptir sjer; og er það að mínu áliti þeim mun ísjárverðara, þar sem maður veit eigi, hvernig hagur landssjóðs muni verða eptirleiðis.

Þetta gerir það að verkum, að jeg get eigi sjeð mjer fært, að vera með frv. í þetta skipti, þótt jeg finni margt mæla með því. Ef hagur landssjóðs batnaði að mun á þessu fjárhagstímabili, mætti koma með frv. í sömu stefnu á næsta þingi.

Jeg sje mjer ekki fært, að minnast neitt á skuld kjördæmis míns við landssjóð, sakir brúargjörðanna yfir Elliða-árnar, sem jeg við 2. umr. þessa máls gat

um að jeg sæi mig neyddan til þess að gera, ef frv. þetta næði fram að ganga. Getur þó enginn neitað því, að meiri þörf hafi verið á, að brúa Elliðaárnar en Skjálfandafljót, þegar þess er gætt, að allir aðalpóstar verða að fara yfir þær og að þær eru engu betri yfirferðar á vetrum en Skjálfandafljót, þótt eigi sjeu þær eins mikið vatnsfall.

Mjer virðist í þessum efnum sem öðrum nauðsynlegt fyrir þingið, að taka einhverja meginreglu og fylgja henni; að öðrum kosti verða allar gjörðir þess á reiki. Ef Skjálfandafljótsbrúin er borin saman við Ölvesárbrúna, stendur að mörgu leyti líkt á; munurinn er að eins sá, að landssjóður verður að borga út til Ölvesárbrúarinnar 40,000 kr.; og þegar á það eitt er litið, virðist öll sanngirni mæla með því, að landssjóður borgi það, sem eptir er af skuld þingeyinga fyrir Skjálfandafljótsbrúna. En hjer er annars að gæta, og það er það, hvort landssjóður nú mundi vilja fleygja svo miklu fje út til þess að brúa það fljót, ef þar engin brú væri, og með þeim skilyrðum, að sýslufjelögin að eins borguðu 1/3 af kostnaðinum, eins og farið er fram á í frv. Jeg fyrir mitt leyti ímynda mjer, að landssjóður mundi eigi vilja kasta svo miklu fje út endurgjaldslaust til þessa fyrirtækis.

Þegar jeg nú gæti þess, og svo hins vegar, hve hagur landssjóðs nú er bágborinn, sje jeg mig neyddan til þess, að greiða atkv. gegn frv. þessu, þótt jeg, ef öðruvísi væri ástatt, væri fús til þess, að gefa því atkv. mitt.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson* þm N.-Þ.): H. þm. Borgf. (Gr. Th.) fann enn ástæðu til að útlista skoðun sína á þessu máli, og gerði hann það á líkan hátt og áður. Hann kom með eitt dæmi upp á afleiðingar, sem þetta frumv. mundi hafa, ef það yrði að lögum, það, að brúin á Laxá mundi verða landssjóðsins eign; jeg veit nú ekki, hvaðan honum kemur þessi spágáfa; jeg hefi ekkert heyrt um þetta; en líklegt er það, að þessi brú verði eign landssjóðs fyr eða síðar, og jeg sje ekkert á móti því fyrir landssjóðs hönd, að hann fái hana fyrir ekki neitt. Ennfremur tók sami h. þm. það fram, að landssjóður hefði styrkt brúna, með því að veita fje vaxtalaust í 3 ár; jeg hefi aldrei neitað því, að landssjóður hafi veitt styrk til brúarinnar; hann vildi sýna, að vjer mundum eigi vinna hlutaðeigandi sýslu hag, heldur óhag með þessu, því þegar landssjóður ætti brúna, þá gæti hann lagt toll á hana, sem yrði þung byrði á hjeraðinu; getur vel verið, að landssjóður leggi toll á brúna; en jeg verð þó að vona, að löggjafarvaldið sjái um, að slíkur tollur verði ekki lagður á eina brú í einu hjeraði, heldur á allar brýr, er landssjóður á ; Þingeyingar óska alls eigi, að sjer sje hlíft, heldur óska þeir að þeir þurfi ekki að bera harðari álögur en önnur hjeruð; en þeir hafa ekki og munu aldrei skorast undan að bera byrðina til jafns við aðra. Allir mótmælendur frv. klifa á sömu setningunni, «að vegalögin hafi ekki til-baka-verkandi krapt». En jeg skil ómögulega, hvernig þeir fara að komast að þessari niðurstöðu; væri hjer um það að ræða, að landssjóður borgaði aptur það, sem borgað er upp í lánið, þá gæti jeg skilið, hvað þeir færu; en hjer er um ekkert slíkt að ræða, heldur hitt, að núlifandi menn í þessu hjeraði og eptirkomendur þeirra njóti sömu rjettinda og aðrir landsmenn; það er fullkomlega hart, að þetta hjerað skuli eiga að borga öðrum hjeruðum fyrir það, sem þeir sjálfir eru búnir að koma upp hjá sjer.

Önnur ástæða hjá h. 1. þm. Árn. (Þorl.-G.) var sú, að Árnessýsla mundi heimta, að lögunum um brúargjörð á Ölvesá yrði þannig breytt, að landssjóður borgaði alveg brúna; en hvernig fer h. þm. að fá það út úr þessu frv.? Þar sem hjer er

farið fram á hið sama og í þeim lögum, að landssjóður borgi $^2/_3$ af upphæðinni, en þó með þeim mismun, að þar sem lánið til Ölvesár á að endurborgast á 45 árum, þá er hjer að eins farið fram á 28 ár. Öðru máli væri að gegna, segja mótmælendur frv., ef Skjálfandafljót væri óbrúað enn; en jeg get ekki betur sjeð, en það sje sama og þeir segðu við þingeyinga: «Þið skuluð nú, mínir góðu herrar, gjalda þess, að þið voruð duglegri en aðrir, og fá að gera svo vel og borga þetta allt saman».

Það vill nú svo til, að jeg hefi nú orð h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), er hann sagði um þetta efni á þingi 1887, og skal jeg með leyfi h. forseta lesa þau upp:

«Sá andi, sem ríkti hjer á þingi, þegar rætt var um brúargjörð á Skjálfandafljóti, er nú frá því horfinn, og mundi það mál hafa fengið önnur úrslit, ef það hefði nú legið fyrir þinginu; því að jeg vona, að sú stefna sje orðin almenn hjer nú, að þröngva ekki að hinum einstöku hjeruðum þegar um samgöngumál er að ræða».

Þetta eru orðin, sem jeg bar fyrir mig áðan, og jeg fæ enn ekki skilið hugsunarsambandið, sem er á milli þeirra og orða hans nú.

Mjer þótti leitt að heyra það, að h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) ætlaði nú að greiða atkvæði móti frumv., þar sem hann hefir gefið því atkvæði sitt bæði við 1. og 2. umr.; hann kom einnig fram með hinar sömu ástæðu og aðrir mótmælendur; en eins og jeg hefi tekið fram, skil jeg ekki á hvaða rökum þær eru byggðar; en hann tók líka fram, að enn meiri ástæða væri til, að gefa upp lánið til Elliðaárbrúnna getur vel verið; en jeg skal taka það fram, að kæmi ósk fram um það, þá dytti mjer ekki í hug, að vera henni mótfallinn; svo ósamkvæmur er jeg ekki sjálfum mjer. Jeg verð nú að ætla, að það sje ekki ómaksins vert, að ræða meir um þetta, því forlög frv. eru auðsæ, og læt jeg hjer því staðar numið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg græddi nú lítið meira á því, að h. flutningsm. (J. J.) las orð mín á bók, eða hann las þau upp úr sjer; og þó hann hefði lesið þau þrisvar, þá hefði jeg eigi heldur þurft að fyrirverða mig vegna þeirra. Það er skiljanlegt, að sá andi, sem framleiddi vegalögin, var allt annar andi, en áður ríkti í þinginu, en þar með er ekki sagt að vegalögin eigi að verka aptur fyrir sig; h. þm. sagði þetta óskiljanlegt; en mjer er óskiljanlegt, að hann, jafn skilningsgóður þingmaður og glöggskyggn, skuli ekki skilja þetta; h. þm. (J. J.) sagðist ekki vilja vera sjer ósamkvæmur, en jeg man nú ekki hvernig hann greiddi atkvæði, þegar um vegalögin var að ræða. (*J. J.*: Jeg hlýði lögunum, þegar þau eru orðin lög). Það er allt annað; það verða menn að gera, þó þeir gjarnan aldrei hefðu viljað að þau yrðu lög, en mig minnir ekki betur en hann greiddi að nokkru leyti atkv. á móti frumvarpinu um brúargerð á Ölvesá 1887, í því formi sem það gekk fram.

Flutningsmaður (Jón Jónsson þm. N.-Þing.): Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) á því, að þótt maður sje mótfallinn einni stefnu, meðan hún er að ryðja sjer til rúms, þá verður að taka afleiðingum hennar, þegar hún er búin að ryðja sjer til rúms; þess verða þeir einkum að gæta, sem eiga að gefa lög. Jeg skal líka leiðrjetta það, sem hann sagði um atkvæði mitt 1887; jeg gaf vegalögunum atkvæði mitt við hverja umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 458) báðar felldar, hin fyrri með 10:7 atkv., hin síðari með 9:7 atkv.

Frv. sjálft (C. 454) fellt frá 3. umr. með 9:8 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á lög-

um um sveitarstyrk og fúlgu (C. 304); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 15 samhlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um samþykktir um silungsveiði í ám og vötnum (C. 307); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 12 samhlj. atkvæðum, og afgreitt til Ed.

Frumvarp til laga um bann gegn því, að búa til áfengisdrykki (C. 327); 3. umræða.

Landshöfðingi: Það var ljóst tekið fram við 1. umr. þessa máls, að þetta frumv. væri ekki heppilegt, því það ætti ekki við að setja önnur eins lög og þessi, þar sem um tilbúning eiginlegra áfengisdrykkja er ekki að tala hjer á landi, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, en engin meining í að banna þeim, sem þurfa að brugga aðra drykki, sem þó heyra undir frumv., vegna atvinnu sinnar, að búa þá til. Mjer finnst hin háttv. deild gefa stjórninni undir fótinn með, að hún þurfi ekki að horfa í að synja lögum staðfestingar, þegar frumv., sem eins er úr garði gert eins og þetta, er borið upp hjer í deildinni, gengur breytingarlaust í gegnum hana og er síðan afgreitt á fæðingarhrepp sinn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 9:5 atkvæðum.

Frumv. til laga um samþykktir í landbúnaðarmálum (C. 320); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg var ekki viðstaddur, þegar 2. umræða máls þessa fór fram hjer í deild, og gafst því ekki kostur á, að láta skoðun mína í ljósi um það. Eins og menn muna, var líkt frumv. hjer fyrir þingi 1887; voru þá mjög tvískiptar skoðanir hjer í deild um málið, sumir hjeldu því fram af alefli, en aðrir börðust sem ljón gegn því, og fannst mjer þá fremur vörn en sókn. Jeg að mínu leyti er og samþykkur þeim, sem móti frumv. mæla, því að mjer finnst það stefna að því, að skerða eignarrjettinn um of; og jeg verð að segja það, að mjer þykir þetta frumv. enn óaðgengilegra, en frumv. það, sem samþykkt var hjer í deild 1887, en fellt í Ed. Í því frumv. var ýmislegt tekið til, sem mætti setja í samþykktir, en hjer eru sýslunefndum engin takmörk sett með, hvað þær setja samþykktir um af mikilsverðum málefnum, sem frumv. nefnir; og svo er amtmönnunum fengið hið æðsta vald í þessum þýðingarmiklu og vandasömu málum. Jeg virði að vísu amtmenn, og er því hlynntur, að amtmannaembættin fái að halda sjer, en þó virðist mjer mega sýna þeim oftraust, og svo þykir mjer hjer gert; jeg treysti þeim ekki til að bera þá ábyrgð, að samþykkja eða neita um samþykki í jafnmikilvægum og vandasömum málum og hjer ræðir um. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að í hitt eð fyrra kom það fram í umræðunum um þetta mál, að samþykktirnar gætu gefið vald til að skera niður fjenað hjá þeim, sem ekki hlýddu boði ásetningsmanna, og því var ekki mótmælt, að sú væri tilætlunin. Þetta þykir mjer fráleitt: að gefa sýslunefndum með lögum heimild til að geta beitt slíkum valdboðum.

Mjer finnst hið opinbera vera með þessu að gera sig að formyndara almennings, og kenna honum að kasta áhyggjunum upp á það, og venja hann á trassaskap og fyrirhyggjuleysi. Það er ekkert eðlilegra en að menn segi: Blessuð sýslunefndin segir mjer, hvað jeg á að gera; jeg þarf, ekki að hugsa sjálfur um, hvernig jeg á að haga búskap mínum; hún hugsar fyrir mig. Sömuleiðis þykir mjer nokkuð viðsjárvert, að ætla sýslunefnd að leysa af hendi það verk, sem henni er ætlað í 2. gr. frumv.; þingið hefir nokkrum sinnum

reynt að búa til lög um helgi lands fyrir ágangi af skepnum, og það annað sem í greininni er nefnt, en ekki getað orðið á nægt með starf sitt; og þá skil jeg ekki í, hvernig sýslunefndum er betur treystandi til að ráða hjer fram úr en þinginu. Hjer kemur líka hið sama fram sem í 1. gr., að það á að veita sýslunefndum og amtmanni ráð yfir eignum manna. Mjer mundi þykja það hart, ef hestur minn færi inn á tún einhvers, að hann væri þá seldur umsvifalaust, af því sýslunefnd hefði samið samþykkt, er leyfði það, og amtmaður staðfest hana. Jeg verð yfir höfuð að vera mótfallinn frumv. þessu, því að þótt jeg álíti það rjett af löggjafarvaldinu, að selja nefndum við og við dálítið vald í hendur, þá álít jeg ekki rjett að gefa þeim eins lausan taum og hjer er farið fram á.

Flutningsmaður (Páll Briem): Það var leiðinlegt, að hæstv. landsh. var hjer ekki við 2. umr. málsins, því þá urðu dálitlar umræður um það. Sjerstaklega hefði mjer þótt gott að heyra þá orð hans viðvíkjandi 2. gr. frumv., sem þá hefði mátt fella burt, ef ástæða hefði þótt til. Við 2. umr. var 1. gr. samþykkt með öllum atkvæðum nema 2, og það einmitt af því að hún þótti aðgengilegri en frv. 1887, því að þá var málið samþykkt hjer í deild með að eins fullum $^2/_3$ atkvæða; því þykir mjer undarlegt, að hæstv. landshöfðingi skuli þykja 1. gr. frumv. óaðgengilegri en frumv. 1887; því að eptir því var heimilt að gefa mönnum vald til að skera niður hjá þverhöfðunum, en eptir 1. gr. þessa frv. er engin slík heimild veitt.

Að því er heyásetninginn að öðru leyti snertir, þá finnst mjer það undarleg skoðun hjá hæstv. landsh. og öðrum mótmælendum málsins, að bera það vantraust til manna, að þeir í sínu eigin máli muni fara að setja sjer heimskulegar og harðýðgislegar reglur til að lifa eptir. Mjer sýndist það mjög rangt, að hafa þá skoðun, að menn muni ekki setja sjer nokkurn veginn skynsamlegar reglur í sínum eigin málum. Þegar þeir einir, sem kosningarrjett hafa til alþingis, eiga að greiða atkvæði um samþykktina, og $^2/_3$ þeirra þurfa að greiða með henni, þá sýnist með þessu jafnvel fengin meiri trygging en við kosningar til alþingis.

Eptir því sem jeg þekki til, þá rísa optast mest vandræðin og heyskortur af því, að trassar og óráðsmenn «spekúlera» í því, að verða heylausir á hverju ári, og draga svo í harðindunum aðra með sjer í vandræði. Jeg veit af einum efnamanni á Vesturlandi, sem jafnaðarlega verður heylaus; í vor varð hann heylaus og varð að reka fje sitt burtu, og hola því niður, 10—12 kindum á bæ; með þessu atferli sínu hefði hann getað gert liðsinnendur sínar heylausa, ef harðindi hefðu verið. Slíkt atferli á frumv. að reyna að fyrirbyggja; það á að fyrirbyggja, að mönnum haldist uppi að liggja á því lúalagi, að verða heylausir á hverju ári, og snúkja sjer út hey hjer og hvar, og borga ef til vill litlu eða engu. Heyforðabúrin eiga að gera mönnum mögulegt, að eiga hey sín í friði.

Þótt ólíklegt mætti þykja, þá er það, eins og nú er ástatt, eitt af því versta, að eiga hey í harðindum; það eru ekki nema hörkumenn, sem geta neitað um hey, ef þeir eiga, þegar menn koma til þeirra grátandi og sárbænandi um hjálp. Það eru fæstir, sem þá gera sig ekki ófæra fyrir hjálpsemi við aðra.

Þegar um lögreglusamþykktirnar var að ræða, fannst mjer landsh. vera töluvert kappsmál að fá þær, og þá var ekkert talað um harðneskju við menn; en þá er þó ólíku þýðingarmeira að samþykktir sjeu gerðar um heyásetning, og þannig tryggður bústofn meiri hluta landsmanna, en

þótt lögreglusamþykktir sjeu gerðar hjer og hvar.

Þar sem nálega allir h. deildarmenn hafa greitt atkvæði með frumv. þessu, og það menn úr þeim sveitum, þar sem útigangur er, og því erfitt að skipa fyrir um heyásetning, — fyrst þeir hafa greitt atkvæði með því, þá er það leiðinlegt, ef hæstv. landsh. leggur á móti því, þótt það komist fram á þinginu.

Þar sem hæstv. landsh. talaði um, að hjer væri stefnt að því, að setja mönnum formyndara, þá má segja hið sama um mörg lög önnur. En spurningin er um, hvort hjer sje ekki sett næg trygging fyrir, að allt geti farið vel. Jeg sje ekki betur, en að hjer sje meiri trygging en í lögreglusamþykktum. Í fyrsta lagi á sýslunefnd hjer að fjalla um málið, í öðru lagi þarf $^2/_3$ af þeim mönnum í hjeraðinu, sem kosningarrjett hafa til alþingis, að gefa samþykktinni atkvæði sitt, og að síðustu er það undir amtmanni komið, hvort hann staðfestir hana eða ekki. Samþykktin kemst á eptir vilja beztu manna í hjeraðinu, og því er um enga formyndara að tala.

Því hefir verið haldið fram, að samþykktirnar mundu einmitt gjöra menn trassafengna; þvert á móti; fyrir þær verður hægt að halda trössunum til að setja betur á hey sín. Jeg er næstum viss um, að samþykktir þessar munu ekki komast á nema á stöku stað fyrst um sinn, en jeg er líka viss um, að ef $^2/_3$ hjeraðsbúa þeirra, er atkvæðisrjett eiga, hafa samþykkt þær, þá muni þær verða mjög mikið band á trassana; og ef heyforðabúr og kornforðabúr komast á fót, þá munu skepnur ekki lengur þurfa að falla unnvörpum, þótt nokkuð harðni um; þau verða líka til að hlífa mönnum, sem heyin eiga, því að þeir geta líka vísað frá sjer í forðabúrin. Enn fremur mundu heyskuldir betur lúkast en nú á sjer stað, ef í samþykktir væri sett, að þær mætti taka lögtaki.

Viðvíkjandi 2. gr. skal jeg geta þess, að 1885 var í Ed., bæði í stjórnarfrv. og frv., sem kom frá nefnd., talað um sölu á uslafje. Jeg segi það enn, að þegar sýslunefnd, $^2/_3$ hjeraðbúa og amtmaður eiga að fjalla um samþykktirnar, þá er engin ástæða til að ætla, að mjög heimskuleg ákvæði verði sett í þær; það kæmi hlutaðeigendum sjálfum í koll. Ef hæstv. landsh. er mjög mótfallinn 2. gr., þá hef jeg ekkert á móti að fá málið tekið út af dagskrá að þessu sinni, svo að hægt sje að koma fram breytingum á frv. En þó finnst mjer nokkur ástæða til að halda 2. gr., einmitt af því, sem hæstv. landsh. sagði, að þingið hefði ekki treyst sjer til að búa til ein lög fyrir land allt um helgi lands fyrir ágangi skepna. Hið sama var um fiskiveiðarnar; þingið treystist ekki til að setja ein lög um þær, er alstaðar ættu við, og því hefir málið komizt á þann rekspöl, sem það er komið á, að hinum einstöku hjeruðum er heimilt, að gera fiskiveiðasamþykktir fyrir sig. Hjer er mjög misjafnt, hvernig til hagar í sveitum; þar sem mjög er strjálbyggt, þarf engar reglur að setja um ágang. Sumstaðar er hægt að hlaða vörzlugarða, og þarf að taka tillit til þess í samþykktunum; sumstaðar er aptur ekki hægt að hlaða vörzlugarða, þótt þjettbýlt sje, og þarf einnig að taka tillit til þess. Af þessu kemur það, að ekki er hægt að setja ein lög fyrir land allt, heldur verður að fara eptir því, hvernig til hagar í hverri sveit; og þá sýnist bezt og eðlilegast, að bændur ákveði sjálfir, hverjar reglur skuli settar í hjeraði hverju. Þetta er engan veginn ónauðsynlegt, því að það eru vandræði, að eigi skuli fastari og ákveðnari reglur til að fara eptir til að verjast ágangi en nú eru.

Að öðru leyti er jeg fús á, að málið

sje tekið út af dagskrá, og jafnvel að 2. gr. sje felld burtu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held að jeg hafi við 2. umr. þessa máls tekið fram flest af því, sem hæstv. landsh. hafði á móti frv., en ekki eins ljóslega og hann hefir nú gert.

Jeg er á sama máli og hann um það, að 1. gr. frv. sje eigi betri, heldur gangi jafnvel lengra en frv. 1887, því að þá vissi maður þó, að hverju maður átti að ganga; en hjer er sýslunefndunum gefið ótakmarkað samþykktarvald um hvað eina, heyásetning, heyskoðun, hirðing á búpeningi manna, heyforðabúr og kornforðabúr, og notkun þeirra og stjórn o. s. frv. Jeg held að jeg hafi getið þess við 2. umr., að mjer þætti samt vanta inn í þetta registur reglur fyrir því, hvernig ætti að slá gras, raka, binda og hirða; því þegar á annað borð er farið að ganga inn á upptalningu, þá er bezt að hún sje sem nákvæmust. En eins og jeg tók fram við 2. umr., þá álít jeg mjög ísjárvert, þótt jeg beri mikla virðingu fyrir sýslunefndum og amtmönnum, að kasta frá löggjafarvaldinu öllum mikilsvarðandi hjeraðamálum í hendurnar á sýslunefndum og amtmönnum, og þannig setja sýslunefndirnar í löggjafarvaldsins og amtmanninn í konungs stað, og þótt þingið hafi stundum reyndar gert þetta, þá má að öllu of mikið gera. Jeg játa, að tilgangur frv. þessa sje mjög loflegur, sem sje, að koma í veg fyrir aðaltjón landsbúa, horfellinn; en jeg verð líka að játa, að hjer eru sannarlega góð ráð dýr, því þótt reyndar sje erfitt að hindra þann, sem illt vill gera, frá að framkvæma það, þá er það þó mögulegt; en að neyða nokkurn, sem ekki vill, til að gera gott, það tel jeg víst að verði jafnvel löggjafarvaldinu ofvaxið; frjáls vilji er í þessu sem öðru nauðsynlegur, til þess að nokkru verði á orkað, og það, að vilja frelsa þann, sem sjálfur vill enga frelsun, það gengur næst því, að deyða hann.

H. flutningsm. (P. Br.) mótmælti því, að frv. þetta gæti gert menn að trössum, ef það fengi framgang og ákvæðum þess yrði beitt; en þrátt fyrir mótmæli hans verð jeg þó að halda því fram, að svo sje; því svipti maður einstaklinginn frjálsum umráðum yfir eignum sínum, þá hlýtur um leið umhugsunin um þær að hverfa. Jeg tala þetta ekki alveg út í bláinn; því mjer er kunnugt, að heyásetning hefir verið reynd sumstaðar, og að það hefir haft þær afleiðingar, að þeir, sem heyin hafa átt, sögðu, að nú þyrftu þeir eigi að spara, því heyásetningsmennirnir hefðu sagt, að heyið væri nægilegt, og hafa þannig gert leik til að gera sig heylausa; þetta er afleiðingin af að svipta menn frjálsræði yfir eignum sínum.

En eins og jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að ísjárvert sje að hleypa margs konar málum fram hjá þinginu og yfir í hendur sýslunefnda og amtsráða, eins er jeg á hinn bóginn hræddur um, að frv. þetta um langan tíma eigi hafi annan árangur en að auka mönnum fyrirhöfn og vekja mönnum vafninga og umræður á sýslufundum, koma á fundarhöldum, sem svo reynast ólögmæt, svo að amtmaður ónýtir allt saman, og mundi þetta þannig verða til að gera menn leiða á öllum samþykktum. En hvað því viðvíkur, sem h. flutningsm. leggur svo mikla áherzlu á, að $^2/_3$ verði að greiða atkvæði með samþykktinni, ef hún á fram að ganga, þá veit jeg ekki, hvort hann hefir reynt sig á þess konar málum; en jeg get sagt honum, að hjer í Gullbringusýslu hefir slíkt verið reynt á máli, sem bæði mjer og öðrum fleirum var talsvert áhugamál, og reynslan hefir hjer sýnt, að það er talsverðum örðugleikum bundið, að koma á lögmætum hjeraðsfundum. Jeg get því fullkomlega verið honum sam-

dóma um, að þótt frv. yrði að lögum, þá mundi það eigi koma til fullra framkvæmda fyrst um sinn, og jeg held mjer væri óhætt að tiltaka háa áratölu, svo sem hálfa öld.

Við 2. umr. tók jeg fram, að mjer fyndist ákvæði þau, sem standa í 2. gr. frv., ómögulega geta átt hjer heima, enda er auðsætt, að hægt er að búa til almenn ákvæði um helgi lands fyrir ágangi af skepnum, því landshelgi getur ekki verið meiri í einu hjeraði en öðru, nje heldur ágangsbætur, og jeg get ekki skilið, að innsetning á skepnum og haldi á uslafjenaði verði að haga öðruvísi, nje heldur að sölu á uslafjenaði megi ekki haga á sama hátt í öllum hjeruðum landsins.

Jeg verð því að vera á sama máli nú og við 2. umr., að rjettast sje að samþykkja ekki svona lagað frumv., og álít heppilegra, að reynd sje önnur ráð, sem öllum eru leyfileg í hverju hjeraði sem er, en það er að koma á samtökum manna á meðal til að fá menn til að hætta við penna gamla búhnykk, sem er orðinn svo sorglega frægur í búnaðarsögu landsins, að hleypa upp fjenaði til að horfella hann. Það, sem jeg nú hef sagt, má ekki skilja á þann veg, að jeg vilji eigi koma í veg fyrir, að hið sorglega ástand á skepnuhirðingu, sem nú er á landi voru, batni, því jeg tel það hina mestu vanvirðu fyrir land vort og þjóð, heldur greiði jeg atkvæði móti frv. af því, að jeg álít þá aðferð mjög óheppilega, sem þar er farið fram á.

Þorvaldur Bjarnarson: Mjer finnst þessi búbótarbleðill, sem sje frv. þetta, lýsa fremur hugsun en reynslu. Reyndum búmanni mundi aldrei hafa dottið í hug, að bera annað eins og þetta á borð fyrir þingd.

Hjer er ærið langt gengið rjetti manns og frelsi, ef jeg á að vera neyddur til að taka því með þögn og þolinmæði, að einn og annar komi á heimili mitt og segi mjer, hvernig jeg á að haga búskap mínum að öllu leyti í hugsun og framkvæmdum, hve rangt og óeðlilegt sem mjer kann að þykja álit hans í því efni. Þessu kann jeg svo illa, að jeg vildi helzt ekki þurfa um það að tala. Það, sem huggar mig, þó þetta óskynsamlega frumv. merjist gegn um deildina, er það, að stjórnin hafi viðkvæmari og sannari rjettartilfinning, og muni því sjá um, að það komi aldrei til framkvæmda. Það er voðalegt til þess að hugsa, að það skuli mega hleypa hinum og öðrum inn á menn, og skipa manni að setja svo og mikið á heyin, sem jeg sje ekki að hafi, eptir frumv. að dæma, neina ábyrgð á gjörðum sínum.

Þá eru merkileg ákvæði frumv. um forðabúrin. Þessir heyásetingsmenn, sem sjálfsagt eiga að vera óskeikulir, geta víst ekki sett of mikið á hjá mönnum (!). Þegar nú allt kemst í þetta góða lag, og enginn verður heylaus, hvað á þá að gera með heyforðabúr? Þau eru því að mínum skilningi alstaðar óþörf, og hljóta því að eyða sjer sjálf, enda sje jeg ekki, að forðabúrin geti verið fóðurauki, því, í þau verður ekki tekið nema það, sem fóður er.

Með þessu frumv. er sjálfsagt líka heimilað, að ákveða þeim sektir, sem rangt gera. En hverjir mundu verða hinir seku, ef horfellir kæmi fyrir undir þessum fyrirhuguðu samþykktarlögum? Það mundu ekki verða þeir, sem skaðann liðu fyrir heyþrot, heldur þeir, sem sett hafa á hey þeirra.

Yfir höfuð er frumv. þetta svo úr garði gert, að h. þingd. ætti ekki að láta það ganga lengra. Það er engan veginn samboðið þessu frjálslynda þingi, að samþykkja frumv., sem gengur eins voðalega nærri eignarrjettinum eins og þetta. Því hverjum bónda ætti að vera frjálst, að taka sjer hinn bezta mann til ráðaneytis í því efni, þegar hann treystir sjer ekki sjálfur til að sjá og framkvæma það rjetta.

Flutningsmaður (Páll Briem): Jeg sje nú, að orð hæstv. landshöfðingja hafa haft dálítil áhrif hjer í þingd., og þó fannst mjer hæstv. landshöfðingi ekki taka neitt nýtt fram í þessu máli, er þyrfti að snúa hugum manna frá því. Orð hæstv. landsh. hafa haft þau áhrif á h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að hann hefir snúizt í þessu máli, og þau hafa gefið h. þm. Rangv. (Þ. Bj.) þrek til að vera þeim um í þessu máli, eins og flestum öðrum framfaramálum landsins. Þau gáfu honum þrek til að óska þess, að stjórnin ekki samþykkti þetta mál, þótt það kæmist gegnum þingið. Það eru alveg ný orð hjer á þingi, að minni hluti vill láta stjórnina beita hörðu við meiri hlutann í einhverju máli; en jeg skal ekki fjölyrða um þetta.

Ein ástæða h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) móti þessu frumv. var mjög einkennileg. Hann sagði, að ef þingið setti lög, sem þröngvuðu mönnum til að láta setja rjettilega á hey sín, þá gjörðu þau þessa menn að trössum. Sje þetta rjett, þá mætti segja hið sama um öll lög, sem taka fram fyrir hendurnar á mönnum. Frumv. það um lögreglusamþykktir í kaupstöðum, sem nýlega var rætt og samþykkt hjer í deildinni, fór í sömu átt og þetta frumv. Hvers vegna sagði h. þm. þá ekki um það frumv., að það væri ófært, með því það miðaði til að gjöra menn að trössum? Jeg hefði sízt búizt við slíkum mótbárum frá þessum h. þm., því hann er sjálfur húsbóndi á sínu heimili, og er kunnur að því að láta ekki allt drasla á heimilinu. Í búskapnum hugsar hann ekki sem svo: Ef jeg skipti mjer af því, hvernig hjú mín leysa verk sín af hendi, þá gjöri jeg þau að trössum. H. þm. hefur vissulega ekki þessa aðferð í búskapnum.

Ein ástæða h. sama þm. móti frumv. var sú, að það mundi hafa leiðinda-vafninga og umsvif í för með sjer. Það mundi erfitt að koma á fundum í hjeruðunum o. s. frv. En jeg vil spyrja h. þm., hvar eru meiri vafningar en í kosningum til alþingis og meðferð mála á alþingi? Flest mál ganga í gegn um 6 umr., og stundum 7 á þingum. Hví verða menn ekki leiðir á því? Nei, menn verða aldrei leiðir á að vinna þau verk, sem menn eru sannfærðir um, að sjeu fleirum eða færri til heilla. Þannig verða menn aldrei leiðir á að bjarga sjer og sínum, bjarga lífsstofni sínum og efla velgengni manna. Þannig mundu menn í hjeruðum aldrei verða leiðir á að framfylgja skynsamlegum reglum, sem miðuðu til þess, að tryggja það, að menn misstu ekki skepnur sínar úr hor, og komist fyrir það á sveitina eða verði öðrum til þyngsla. Menn verða að hafa vald til þess í sveitunum, að fyrirbyggja þetta.

Það væri skrítið, ef þingið segði: Það má engar ákvarðanir setja um heyásetningar. Það er ekki hægt, að gera neitt við því, þó menn drepi úr hor. Svo, þegar fjenaðurinn fellur, þá segir þingið aptur: Jeg veiti engin hallærislán, enga uppgjöf. Þegar nú þingið ekki vill leyfa mönnum, að setja reglur, er miða til að tryggja það, að fjenaður falli ekki úr hor, þá verður það líka að bera ábyrgðina á því, að trassarnir fella úr hor. Þingið verður þá líka að ala önn fyrir þessum mönnum, þegar þeir eru búnir að missa lífsstofn sinn. Nei, jeg segi það, að þá fyrst get jeg með góðri samvizku neitað um hallærislán, þegar búið er að gefa hjeruðunum vald til að tryggja sig á þenna hátt.

Þá þótti h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) 2. gr. frumv. óhafandi, með því að það væri fjarstæða, að láta mismunandi reglur gilda hjer og hvar um helgi lands fyrir ágangi á skepnum o. s. frv. H. þm. ætti þó að þekkja það, að það er munur á því, hvort skepnur hlaupa út á eitthvert nesið, eða þær fara inn á búfjár-

haga, sem liggja alveg opnir fyrir þeim. Það er munur á því, hvort skepnur ryðjast yfir garða eða þær hlaupa inn á ógirt land. Þannig álít jeg, að innsetning ætti t. d. ekki að eiga sjer stað, þó skepnur hlypi inn á búfjárhaga. Þannig er mismunandi, hvernig helgi lands á að vera.

Jón Þórarinsson: Jeg bað um orðið vegna þess, að jeg get búizt við, að h. flutningsm. (P. Br.) muni, þegar hann heyrir atkvæði mitt í þessu máli, bregða mjer um, að jeg hafi snúizt við ræðu hæstv. landshöfðingja. Jeg greiddi atkv. með málinu við 2. umr. af því, að þá var ýmislegt tekið fram móti málinu, sem mjer virtist full ástæða til, að flutningsmaður tæki til greina. Þá var það t. d. tekið fram, að ákvæði 2. gr. frumv. gætu varla átt heima í samþykktarlögum, og mjer skildist jafnvel ekki betur, en að h. flutningsmaður hefði sannfærzt af orðum hæstv. landshöfðingja um, að svo væri. Að minnsta kosti heyrðist mjer ekki betur, en að hann lýsti því yfir, að hann væri fús til að biðja um, að málið yrði tekið út af dagskrá, til þess að hann gæti numið 2. gr. burtu.

Málið gekk með mörgum atkvæðum til 2. umr., og jeg ímynda mjer að margir hafi greitt atkvæði með því til þess, að rætt yrði nokkuð ýtarlegar um, hvernig bezt mætti koma í veg fyrir hið óumræðilega tjón, sem opt hefir leitt af illri og óskynsamlegri heyásetning. En, eins og frumv. er enn, sje jeg ekki að þingið geti að þessu sinni ráðið málinu til lykta á viðunandi hátt. Þó vona jeg, að h. flutningsmaður muni ekki setja mig í flokk þeirra, sem ekki vilja, að sýslunefndirnar hafi neitt vald í þessu máli, þó jeg vilji ekki veita þeim allt það vald, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Þær ástæður, sem jeg hefi til þess, að greiða atkvæði á móti málinu, eru þegar teknar fram af öðrum, svo jeg finn ekki ástæðu til, að taka þær upp aptur. En h. flutningsmaður minntist á eitt atriði í þessu máli, sem mig einmitt langar til að fá skýr ákvæði um. Það er «innsetning á skepnum». Það er orðin venja hjer, þegar skepna kemur inn á haga annars manns, að taka hana strax fasta, þó hún geri alls engan óskunda. Er skepnan stundum keypt út, en stundum ekki. Jeg játa, að það heyrir lögfræðingunum, að skera úr því, hvort það er löglegt, að taka skepnur og setja þær inn fyrir þetta. Ef ekki eru lög um það, þá þarf lög um það. En jeg vil ekki láta skipa því með samþykktum, sem ekki er samþykktarmál, heldur löggjafarmál. Jeg var með frumv. við 2. umr. af því að mjer datt ekki annað í hug, en að h. flutningsm. mundi laga þá annmarka, sem bent var á við þá umr. En þar sem frumv. er nú við 3. umr. alveg óbreytt, þá greiði jeg nú atkvæði á móti því.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil fyrst minna h. flutningsm. (P. Br.) á, að það er ekki rjett, sem hann segir, að jeg hafi snúizt í þessu máli síðan það var fyrir til 2. umr., því að jeg hef tekið upp og haldið fram þeim orðum, sem jeg þá sagði; jeg var þá sem nú á móti 2. gr. frumv.; og þótt jeg greiddi atkvæði með, að það gengi til 3. umr., þá gjörði jeg það í þeirri von, að hann tæki athugasemdir mínar til greina til 3. umr., þótt málið eigi væri tekið út af dagskrá. Þar sem hann lagði svo mikla áherzlu á, að samþykktirnar væru bundnar við $^2/_3$ hjeraðsbúa, sem á fundi væru, þá hef jeg bent lauslega á, að öllu sje ekki borgið með því, því reyndar er alþýða opt fremur laus í skoðunum sínum; en þar sem hjer er gengið svo nærri rjettindum manna, þá er hætt við að fáir í hjeruðum vilji greiða atkvæði með þeim samþykktarlögum, er sviptu þá sínum helgasta rjetti. H. flutningsm. tók það mjög úrstinnt upp fyrir mjer, að jeg skyldi álíta, að þröngvun í þessum efnum mundi gjöra menn að

trössum; en jeg verð að benda honum á, að það, að þröngva eða neyða mann til einhvers, er sama sem að taka af honum allan sjálfræðisrjett; og hvað á maður að gjöra þegar öll eðlileg ráð hans yfir eignum sínum eru af honum tekin? honum mun verða fyrst fyrir að segja við þá sem svipt hafa hann fjárforráðum: ráðið þið nú sjálfir, góðu herrar.

H. flutningsm. (P. Br.) fór að blanda lögreglusamþykktum inn í þetta mál; en hjer stendur allt öðru vísi á, þar sem hjer er um eigur manna að ræða og umráðin yfir þeim; og hvað því viðvíkur, að hann var að vitna til mín sem húsbónda og búmanns, þá verð jeg að segja honum, að meðan jeg bjó — nú er jeg þurrabúðarmaður — þá var jeg allra bænda lausastur við að hafa stranga umsjón og eptirlit með hjúum mínum, og vona jeg að einn af h. þingmönnum, sem hjer sitja og verið hefir vinnumaður hjá mjer, muni bera mjer þann vitnisburð, að jeg segi þetta satt; en það sem mjer gekk til að hafa lítið eptirlit með hjúum var einmitt þetta, að jeg vildi eigi gjöra þau að trössum, enda hirtu þau betur það sem mjer til heyrði en jeg var maður til að gjöra

Þá sagði h. flutningsm, að menn yrðu aldrei leiðir á að bjarga sjer sjálfir; það er satt, að menn verða seint leiðir á því; en menn geta orðið leiðir á ófrelsinu og lagt svo árar í bát; þetta ímynda jeg mjer að hann játi, því hann er í orði meiri frelsismaður en jeg, hvort sem hann er það líka á borði eður eigi; og þar sem hann sagðist eigi vilja binda menn, þá vona jeg að hann einnig hætti að binda menn í þeim efnum, sem þeir eiga að vera óbundnir í. En hvað því viðvíkur, að sjerstök ákvæði eigi við hvert hjerað, að minnsta kosti sumstaðar, þá er munurinn, að því er innsetning snertir, einungis á því, hvort skepna fer yfir garð eða inn á búfjárland, en á hinu getur enginn munur verið, í hvaða hjeraði skepnan fer yfir löggarða; hún hlýtur að vera jafnsek alstaðar.

En jeg skal eigi fara fleiri orðum um þetta frumv.; jeg játa, að tilgangur þess er góður, og þar sem jeg verð að álíta, að hvert spor, sem stigið er áfram til að koma í veg fyrir illa meðferð á skepnum og horfelli, sje þýðingarmikið heillaspor fyrir land og lýð, þá vil jeg að menn íhuga þetta nauðsynjamál sem rækilegast, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin til að íhuga frumv. þetta.

ATKVŒÐAGR.: Samþ. að kjósa 5 manna nefnd með 11 : 6 atkv. og í hana kosnir:

Páll Briem	með	13	atkv.
Þórarinn Böðvasson	—	10	—
Grímur Thomsen	—	9	—
Jón Jónsson þm. N.-Þ.	—	7	—
Ólafur Briem	—	7	—

3. umr. þar með frestað.

Frumv. til laga um eignarrjett á sömdu máli (C. 390, 460); 2. umr.

Páll Briem: Breyt.till. mínar eru að eins orðabreytingar; sje jeg eigi ástæðu til þess að fara um þær mörgum orðum, en legg það á vald h. deildar, hvort hún vill samþykkja þær eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. gr. sömul. með 12; 3.—4. gr. sömul. með 14 hver; 5.—6. sömul. með 11 hvor; 7.—8. sömul. með 10 hvor.; 9.—16. sömul. með 11 hvor; breyt.till. við 17. gr. samþ. með 12 atkv. samhlj.; 17. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 11 atkv. samhlj.; 18. gr. sömul. með 11 atkv.; 19.—20. samþ. með 10 atkv. hvor.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 1.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð

og um afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð (C. 456); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg sje, að frv. um löggilding verzlunarstaða eru komin aptur frá h. Ed. Jeg sakna ekki svo fárra af þeim, en þó sjerstaklega tveggja; getur verið, að h. Ed. hafi sent oss frv. það, er hjer liggur fyrir (C. 456) í þeirra stað.

Jeg hef getið þess áður, að það er alltítt, að verzlað er á löggiltum verzlunarstöðum svo árum skipti, þótt þar sjeu eigi reist verzlunarhús. H. Ed. hefir nú sent oss frumv. um löggildingu verzlunarstaðar rjett við verzlunarstað, nefnilega á Búðareyri við Reyðarfjörð.

Jeg hef fengið brjef frá manni að austan um þetta mál, og lagði hann mikla áherzlu á, að þetta næði eigi fram að ganga, þar eð það mundi hafa í för með sjer ýms ópægindi. Búðareyri liggur, eins og mönnum er kunnugt, við botninn á Reyðarfirði. Höfn er þar óhentug sakir grynninga, er árlega aukast. Hins vegar er á Hrúteyri svo góð höfn, að stórskip geta legið þar við litla bryggju. Á ein lítil rennur fram hjá Hrúteyri; stundum í vatnavöxtum ber hún dálítið af möl upp á eyrina, en þó eigi svo, að verzlunarhúsunum geti verið hætta búin, er standa hátt. Fram hjá Búðareyri rennur og á, engu minni en hin; verða því þeir, er þangað ætla, að fara yfir hana.

Ef frumv. þetta verður að lögum, verða 3 kaupstaðir í einum hreppi, nefnilega Reyðarfjörður, Hrúteyri og Búðareyri. Þar sem nú h. Ed. eigi þóknast, að löggilda hafnir á sumum annesjum, þar sem engir löggiltir verzlunarstaðir eru í nánd, jeg tek til dæmis Þórshöfn, get jeg eigi sjeð, hvað henni hefir gengið til að fara að löggilda þriðja verzlunarstaðinn í einum hreppi.

Í 2. gr. frumv. stendur, að löggilding Hrúteyrar við Reyðarfjörð skuli úr lögum numin. Hver er meiningin með þessu? Er hún sú, að rífa skuli niður verzlunarhúsin? eða sú, að þau skuli standa tóm? Jeg skil það eigi. Þá stendur í 3. gr. dýrðlegt ákvæði um frest, innan hvers föst verzlun skuli á fót komin á Búðareyri; það virðist vera orðin móðins í h. Ed., að setja fresti, þegar um löggildingu verzlunarstaða er að ræða.

Eins og mjer finnst 1. gr. frv. ástæðulaus, finnst mjer 2. gr. þess óbrúkandi, og 3. gr. lýsa einhvers konar vantrausti h. Ed. á málinu. Jeg verð að álíta það fullkomlega nægilegt, að hafa 2 kaupstaði í einum hreppi, þótt hinum þriðja sje eigi bætt við. En eins og í pakklætisskyni við h. Ed. fyrir meðferð hennar á löggildingarfrumv. neðri deildar held jeg að jeg verði að mæla með því, að frv. gangi til 2. umr., eða að nefnd verði sett til þess að íhuga málið.

Sigurður Stefánsson: Þar eð jeg býst við, að það muni vera mörgum h. þingdeildarmönnum að mestu leyti ókunnugt, hvernig hagar til með löggilding þessa staðar, þar sem annar verzlunarstaður er löggiltur rjett hjá, sem nú á aptur að nema úr gildi samkvæmt þessu frv., en þar eð það er varhugavert, að nema úr lögum löggildingar, er gjörðar hafa verið, leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sje sett til þess að íhuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ.; þessir hlutu kosningu:

Þórarinn Böðvarsson	með 9	atkv.
Sigurður Stefánsson	— 8	—
Jón Þórarinsson	— 7	—

1. umr. frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (C. 456, 464); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Þegar frumv. þetta fór hjeðan frá deildinni, var það að eins ein gr., sem kunnugt er; væri því synd að segja, að það kæmi taglskellt

aptur frá h. Ed., þar er það nú hefir hala mikinn í eptirdragi.

Eins og mönnum er kunnugt, fór h. stjórn í fyrstu að vilja þingsins í því, hverjir verzlunarstaðir væru löggiltir, en smásaman fór vilji hennar til þess að fylgja ráðum þingsins í þessu efni þverrandi; en þingið hjelt samt sem áður áfram, að semja lög um löggildingu þeirra verzlunarstaða, er því þótti nauðsyn til bera að löggiltir væru.

Þá skeði sá atburður á þingi 1887, er mörgum þótti undrum sæta, og var hann sá, að hin heiðraða og hávísa Ed. fór að leggja mannskap sinn á þessi löggildingarfrumvörp. Það, sem þá varð þessu máli að fjörtjóni í h. efri deild, var viðaukagepill nokkur, sem getinn var í bindindishreifingum þessara síðustu tíma og fæddur af einum «höfðingja» efri deildar, sem að vísu hafði áður barizt af alefli gegn löggildingaóvinum og varið margt eitt löggildingarfrumvarp með mikilli orðsnild; reyndar er þessi hali eða skott, sem þetta frumvarp hefir nú fengið í efri deild, ekki eins ófjelegt eins og það í hitt eð fyrra; en þó verð jeg að segja, að mjer þykir þessi viðbót alls ekki vera frumv. til gagns nje prifa.

Fyrst þegar jeg sá frumv. komin aptur með þessum hala frá Ed., datt mjer í hug málsháttrinn: «Ragur maður tekur aptur rasgjöf sína».

H. háv́isa Ed. vill taka löggildinguna aptur, ef verzlunarhús eigi verða byggð innan 5 ára. Ef næg reynsla væri fyrir því, að verzlunarhús væru jafnan reist þegar eptir að staðirnir eru löggiltir, gæti maður sagt, að ef eigi væru reist hús á einhverjum stað 5 árum eptir að hann hefir verið löggiltur, að þá væri fengin sönnun fyrir því, að hann væri óþarfur; en því fer fjarri, að svo sje. Jeg þekki þess dæmi, að eigi hafa verið reist hús á löggiltum stöðum fyrr en 8 árum eptir að þeir voru löggiltir. Skal jeg nefna sem dæmi Hesteyri við Ísafjarðardjúp. Þar var löggiltur verzlunarstaður 1881, en hús fyrst reist þar í sumar; hin árin hefir þar að eins verið lausaverzlun.

Þeir sem halda vilja í halann, munu ef til vill segja, að hægt sje að fá þessu breytt seinna, ef hús verða eigi reist innan 5 ára og þörf þykir á vera, að hafa þar löggiltan verzlunarstað; megi þá löggilda staðinn á ný. Þetta þykir mjer mjög hæpið; þegar menn sjá, að stjórnin og hin háv́isa Ed. samþykkja eigi löggildingu verzlunarstaða nú, nema með ýmsum annmörkum, finnst mjer mega búast við því, að eigi verði hægt að fá nokkurn nýjan verzlunarstað löggiltan eptir 5 ár. Ímynda jeg mjer, að menn muni sjá, að jeg hef nokkuð mikið til míns máls, einkum er þeir gæta þess, hve skammt er öfganna á milli hjá sumum h. herrum í efri deild, og það í hinum stærstu þjóðmálum vorum, t. a. m. stjórnarbótamálinu.

Í vetur var í einu blaði hjer í bænum mikið ritað um algerðan skilnað milli Íslands og Danmerkur, og skilnaðarflugurnar flugu út um allt land með miklu súrri frá einum ónefndum; jeg vil ekki segja: flugnahöfðingja; nú sjer maður aptur í Ed. hina mestu sameining, þar sem í vetur átti að vera hinn mesti skilnaður; nú á að binda það sem fastast saman, sem þá átti að vera sem sundurlausast. Mjer þykir því vel mega búast við, að þótt hin háv́isa Ed. eða að minnsta kosti sumir í henni vilji samþykkja þetta frumvarp, þá verði alls ekki því að fagna eptir 5 ár, enda þótt einhver hali væri settur á það. Það er að mínu áliti engin ástæða til þess, að hnýta þessum hala aptan við frumv.; því margar ástæður geta legið til þess, að verzlunarhús sjeu eigi reist á hinum fyrstu 5 árum eptir að staðurinn er löggiltur, þótt þar í raun og veru sje full þörf á kaupstað; það þarf ekki annað en

að árferði sje slæmt fyrstu árin á eptir löggildingunni eða óáran einhver í verzluninni; slíkt getur verið nóg til þess, að menn byrja ekki verzlun á nýjum stöðum, enda þótt þeir sjeu vel til verzlunar fallnir. Jeg verð því að mæla fastlega fram með breyt.till. þeirri, sem fram er komin á þingskjali 406 (C. 464); jeg vil eigi eiga það undir því hverfanda hveli, sem skoðanir sumra höfðingja í h. Ed. eru byggðar á, að leiðrjetting fáist á þessu síðar meir, en hins vegar ætla jeg h. Ed. í heild sinni ekki þá ósvinnu, að drepa frumv., þótt það losni við þessa að mínu áliti allsendis óþörfu viðbót.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 2. gr. frumv. á þingskjali 406 (C. 464) samþ. í einu hljóði.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði og endursent Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði (C. 456, 464); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till við 2. gr. frumv. á þingskjali 406 (C. 464) samþ. með 12 samhljóða atkv. Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði og endursenttil Ed.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeraðsflóa (C. 456, 464); ein umr.

Þorvarður Kjerúlf: Jeg vil að eins leyfa mjer að mælast til þess, að h. deild taki breyt.till. þá, sem fram er komin við þetta frumv., eigi síður til greina, en hún hefir gjört við frumv. þau, er á undan eru gengin, því að sje þess þörf við hinar löggildingarnar, þá er þess sannarlega enn meiri þörf við löggilding Múlahafnar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 2. gr. frumv. á þingskjali 406 (C. 464) samþ. í einu hljóði. Frumv. með breytingum samþ. með 16 samhljóða atkv. og endursent Ed.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu (C. 456); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 2. gr. frumv. á þingskjali 406 (C. 464) samþ. með 13 samhlj. atkv. Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 17 samhljóða atkv. og endursent Ed.

Þrítugasti og níundi fundur, fimmtudaginn 15. ágúst kl. 11 f. h. — Allir á fundi nema Ólafur Pálsson, þm. V.-Skaptf., sem hafði tilkynnt forföll.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði verið tilkynnt, að í nefndinni í málinu «frumv. til laga um landbúnaðarsamþykktir» væri kosinn formaður Páll Briem og skrifari Ólafur Briem.

Frumv. til farmannalaga (C. 410, 457, 460); 2. umr.

Jón Þórarinsson: Þegar frumv. þetta var hjer til 1. umr., hafði jeg ekki haft tíma til að kynna mjer það, og sama mun hafa verið um aðra þingmenn; hefði jeg verið búinn að lesa frumv. vel til 1. umr., þá hefði jeg stungið upp á að nefnd yrði sett til að íhuga það, því það þarf mikillar íhugunar við. Því neitar enginn, að frumv. hefir ýms ákvæði inni að halda, sem eigi hafa áður verið lögákvæði, og tók jeg því fegins hendi við frumv., þegar það kom frá stjórninni, því jeg áleit það mundi bæta úr tilfinnanlegum skorti; en þegar jeg fór að lesa frumv., þá tók mjer að blandast hugur um, hvort hjer væri bætt úr þörfinni.

Í dagbókarbálki 1. gr. stendur: «Nú er hjerlent skip í förum landa á milli o. s. frv.« Það er augljóst, að þetta ákvæði er stýlað upp á skip, sem fara landa á millum, en ekki upp á þau skip, sem eru hjer við strendur landsins við fiskiveiða; jeg finn nú litla þörf fyrir lög handa íslenzkum skipum, sem fara landa á mill-

um, en þar á móti er hún mikil fyrir fiskiveiðaskip; en það er auðsætt, að allur 1. bálkur á við skip, sem fara millum landa.

Sama er að segja um II. bálk, þar sem í 3. gr. er talað um danska verzlunarræðismenn. Í lögskráningarbálki (III. bálki) er talað um að «vera í förum erlendis», í mótsetningu við að vera hjer við land. Allt þetta virðist benda á, að frumv. í heild sinni nái að eins til skipa, sem fara milli landa.

Þetta kann nú að vera misskilningur; en það er í öllu falli óljóst, hversu víðtæk lög þessi eru, og vil jeg því leyfa mjer að skora á hæstv. landshöfðingja, að hann láti álit sitt í ljósi um þetta efni; verði svo álitið, að frumv. nái til fiskiveiðaskipa, þá er að því góð rjettarbót, en álítist þar á móti, að frumv. nái að eins til þeirra skipa, sem fara milli landa, þá gef jeg minna fyrir það, og þá væri ef til vill ástæða til að stinga upp á nefnd til að íhuga það, og breyta því þannig, að það bæti úr þeirri þörf, sem er.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, út af fyrirspurn h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að það er alveg rjett viðvíkjandi 1. bálki, að hann nær að eins til skipa þeirra, sem fara millum landa; það stendur líka í 1. gr., að það nái einungis til þeirra skipa, enda mun það ekki heimtað nokkurs staðar af fiskiveiðaskipum, að þau haldi dagbækur.

Viðvíkjandi hinum bálkunum, þá er það augljóst, að þeir gilda fyrir öll skip; jeg skal í því sambandi leyfa mjer að benda á 1. gr. vistráðabálks, þar sem kveðið er á um að «tilgreina, hvort það, o: kaupið, skuli í peningum goldið, eða öðrum eyri». Þessi ákvæði eru einmitt sett með sjerstöku tilliti til þess, að hjer á landi eru menn tíðum ráðnir á fiskiskip upp á hlut eða svo eða svo mikið af hundraði hverju. Þannig álít jeg víst, að 2., 3. og 4. kafli nái til allra skipa. Með 4. kafla er það auðsætt, því í frumv. stjórnarinnar var það beinlínis tekið fram í fyrirsögninni, en h. Ed. hefir fellt úr orðið fiskiskip, ekki af því, að tilgangur hennar hafi verið að breyta, heldur af því, að hún áleit, að það gæti ekki misskilizt.

Þar á móti hefir aldrei verið ætlazt til, að 1. bálkur næði nema til skipa, er fara milli landa.

Jeg skil ekki, hvernig h. þm. fer að segja, að lögin sjeu tilgangslaus, þó þau næðu að eins til skipa, sem fara millum landa; því síðan lögin um «registrering» frá 1869 komu út, þá hafa mörg skip verið skrásett hjer á landi, og þessi skip eru ekki undirgefin dönskum farmannalögum, og er því alls eigi tilgangslaust, að setja lög fyrir þau 50 skip, sem eru skrásett hjer.

Eins er um ásiglingar; jeg hefi heyrt skipstjóra kvarta yfir því, hve óþægilegt það væri, að hafa eigi ákvæði um þetta efni; eins er um dagbókarhald, og um það, hvenær hásetar megi fara af skipi; verð jeg því að álíta lög þessi nauðsynleg, ekki eingöngu vegna fiskiskipa, heldur einnig vegna skipa, sem fara milli landa, og skrásett eru hjer.

Páll Briem: Eins og hæstv. landsh. tók fram, þá er það auðsætt, að skipsagabálkurinn á við farmenn bæði á fiskiskipum og verzlunarskipum.

En aptur er það vafasamt, virðist mjer, hvort hinir bálkarnar ná til annara skipa en þeirra, sem í förum eru; þetta kemur meðal annars fram í vistráðabálki, þar sem verið er að tala um ferð, og hve lengi hún eigi að standa. Enn ljósara kemur þetta þó fram í hinum danska texta stjórnarfrumv., þar stendur: «Betinges Hyren for den bestemte Rejse» o. s. frv.; þar getur varla verið að tala um

ferð fiskiskips. En þótt svo væri, að þar væri einungis átt við verzlunarskip, þá veit jeg ekki, hvort nauðsyn er á, að þessar reglur nái einnig til fiskiskipa; jeg er því of ókunnugur til að geta sagt um það. En sje svo til ætlað, og þörf þætti á, að ákvæðin nái einnig til fiskiskipa, þá væri heppilegt að fram kæmi breytingartill., er tæki það skýrt fram, að svo væri.

Jeg hefi leyft mjer að koma fram með nokkrar breytingartill. (C. 460); sumar þeirra eru að eins orðabreytingar, en sumar þeirra eru að mínu áliti allþýðingarmiklar efnisbreytingar. Flestar stafa þær af því, að Ed. hefir dregið saman í ein lög þau fjögur farmannafrumv., sem frá stjórninni komu; en hún hefir ekki fullkomlega gáð að því, hverja þýðing þessi samdráttur hefði eða áhrif hans á lagabálkinn í heild sinni.

Skal jeg þá fyrst nefna 4. breytingartill. við 12. gr. í lögskráningarbálki. Í 12. gr. stendur: «Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál». Eptir því sem orðum er hagað hjer, nær þetta ákvæði til allra laganna, en sú er þó ekki tilætlunin, eins og sjá má af lögunum, þar sem með sum mál, er út af brotum gegn þeim geta risið, verður að fara sem einkalögreglumál. Það er því nauðsynlegt að breyta þessu á þann hátt, sem farið er fram á í breytingartill. Að vísu stóðu hin sömu orð í stjórnarfrumv. sem í frv. Ed., en þar áttu þau vel við, þó þau eigi ekki hjer við, eptir að farmannalögunum hefir öllum verið steypt saman.

Jeg hefi og lagt til, að breytt væri að nokkru greinatölunni í frumv.; þessi breyting er því nauðsynlegri, sem til þess er ætlað, að lögin liggi fram á skipi og þau ætluð ólöglærðum mönnum.

Í 10. gr. í I. bálki stendur, að skipstjóri geti sætt ábyrgð með hliðsjón af 7. og 9. gr. laga þessara; en nú kemur 7. gr. fyrir á 4 stöðum og 9. gr. á 3 stöðum. Sömuleiðis er í lögskráningarbálki vitnað til 4.—7. gr. að framan, en ekki tekið fram, í hverjum bálkinum það sje. Þetta getur valdið misskilningi, og er því að mínu áliti betra að hafa áframhaldandi greinatölu gegn um allt frumv.

Að vísu hefi jeg ekki tekið fram alla þá staði, sem breyta þarf tölum við, en ef þessar breytingartill. fá framgang, mun jeg gefa skrifstofustjóra bendingu um, hverju breyta þurfi.

Enn fremur hefi jeg komið með þá breytingartill. við 8. gr. í I. bálki, að í staðinn fyrir: «skal sækja sem lögreglumál», komi: «Skal sækja sem almenn lögreglumál»; þetta er lítið annað en orðabreyting, því að það er ljóst, að hjer er um almenn lögreglumál að ræða. 6. breytingartill. er ekki heldur annað en orðabreyting. Sama er um 7. breytingartill. að segja; hún er líka samkvæm því, sem í stjórnarfrumv. stendur; þar eru nefndar eldspýtur, en ekki brennisteinsspýtur, enda er og eldspýtur víðtækara orð. 8. og 9. breytingartill. við 32. gr. og 35. gr. í IV. bálki eru efnisbreyting. Þær greinar eru orðrjett útlegging úr dönskum skipsagalögum frá 23. febr. 1866. Í þeim er talað um, að leggja skuli þá farmenn á spítala, er sýkjast eða slasast, án þess þeim sjálfum sje um að kenna. Það getur verið heppilegt, að gera þessa ráðstöfun í Danmörku, en hjer á það miður við. Það gæti verið óþægilegt fyrir skipstjóra einhversstaðar, er hefði sjúkan mann á skipi, að vera skyldur til að senda hann á spítala til Reykjavíkur eða Akureyrar. Jeg álít ekki, að þetta ákvæði sje komið inn í lögin af því, að stjórnin hafi viljað halda því, heldur að eins fyrir misgáning, og því virðist mjer rjettast að orðin «á spítala» sjeu felld úr báðum greinunum.

Jón Þórarinsson: Jeg geri mig fullkomlega ánægðan með skýringu hæstv.

landsh. á því, hve víðtæk lögin eigi að vera. Þar sem jeg gaf í skyn, að lögin mundu lítt þörf, ef þau næðu að eins til skipa, sem fara milli landa, þá var það af því, að jeg ætla að íslenzkum skipum, sem eru skrásett hjer á landi, sje heimilt að sigla undir dönsku flaggi og eptir dönskum farmannalögum. Slík skip eru samkvæmt 3. gr. skrásetningarlaganna 1869 merkt D E = dönsk eign, og eru einnig skoðuð sem dönsk eign, en ekki íslenzk, með sömu verzlunarrjettindum og önnur dönsk skip. Að svo miklu leyti sem hæstv. landsh. álítur, að frumv. þetta nái til fiskiskipanna, þá álít jeg það þar á móti mjög þarft, og mun ekki gerlegt að setja nefnd til að íhuga það, þar eð það gæti tafið svo fyrir málinu, að það kæmist ekki í gegn um þingið; og þó erfitt kunni að vera að beita ákvæðum sumra bálkanna um fiskiskip, eins og þau nú eru, þá mætti ef til vill ráða bót á því án nefndar, og fell jeg því frá því, að stinga upp á nefnd.

Þorsteinn Jónsson: Breytingartillögur þær (C. 457), er jeg hefi leyft mjer að koma með við þetta frumv., eru að eins orðabreytingar. Við I. 5. gr. hefi jeg lagt til, að í staðinn fyrir »hjer á landi» komi hjer við land; hafnirnar eru við landið, en ekki á því, og varla hugsunarrjett að tala um höfn *á* landi. Við I. 11. gr. er það að eins prentvilla, sem jeg fer fram á að lagfærð sje, «bætur» í staðinn fyrir «bækur».

Breytingartill. við I. 12. gr. er í því fólgin, að í staðinn fyrir orðið «leiðarsteinn» komi áttaviti. Það getur reyndar verið, að leiðarsteinn sje gamalt og gilt orð í málinu, en af því orðið áttaviti er haft í stýrimannalögunum í sömu þýðingu, nfl. yfir það orð, sem á útlendu máli er nefnt «Kompas», þá þótti mjer óviðkunnanlegt að hafa sitt orð í hvorum laganna um hinn sama hlut, því að þessi 2 orð kynnu þó að valda misskilningi. Að öðru leyti læt jeg þessar litlu breytingar á deildarinnar valdi.

ATKVÆÐAGR.:

I. bálkur.

1.—4. gr. samþykkt í e. hlj. hver.

Breytingartill. (C. 457) við 5. gr. samþ. með 17 samhlj. atkvæðum.

5. gr. þannig breytt og 6.—7. gr. samþ. í e. hlj. hver um sig.

Breytingartill. við 8. gr. (C. 460) samþ. með 19 samhlj. atkvæðum.

8. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

9. gr. samþ. í e. hlj.

Breytingartill. (C. 457) við 10. og 11. gr. samþ. án atkv.gr.

10. og 11. gr. þannig breyttar samþ. í e. hlj. hvor.

Breytingartill. við 12. gr. (C. 457) samþ. með 16 samhlj. atkv.

12. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

II. bálkur.

Breytingartill. við 1. gr. o. s. frv. (C. 460) samþ. með 19 samhlj. atkv.

Annar bálkur allur með þeirri breytingu (greinatölunni) samþ. í e. hlj., grein fyrir grein.

III. bálkur.

Breyt. við 1. gr. o. s. frv. (C. 460) samþ. án atkv.gr.

1.—11. gr. með þeirri breyt. (greinatöl.) samþ. í e. hlj. hver.

Breytingartill. við 12. gr. (C. 460) samþ. með 16 samhlj. atkvæðum.

12. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

IV. bálkur.

Breytingartill. við 1. gr. o. s. frv. (C. 460) samþ. án atkv.gr.

Breytingartill. við 2. og 5. gr. sömul. samþ. án atkv.gr.

1.—31. gr. með þessum breyt. samþ. í e. hlj. hver um sig.

Breytingartill. við 32. og 35. gr. samþ. í e. hlj. hvor.

32.—41. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkvæðum.

Frv. til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. (C. 454); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að álíta, sem þetta frumv. sje nokkurs konar »Phönix«, risinn upp af ösku frumv. þess, sem hjer var fyrir deildinni um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungaráða. Mjer lízt yfir höfuð vel á þenna endurlifnaða fugl, þar sem upp í þetta frumv. er tekið aðalefni hins frumv., þegar undan er tekið ákvæðið um afnám amtmannaembættanna. Þótt hinir verulegustu kostir frv., um afnám amtmannabættanna sjeu hjer úr felldir, þá er það þó mikil framför í sveitarstjórninni, að kjósa má 1 fulltrúa úr hverju sýslufjelagi í amtsráðið, og eins hitt, að amtsráðin skuli vera fjögur. Þau koma þannig í staðinn fyrir fjórðungsráðin í hinu frv.

Vona jeg þess vegna, að h. þingd. taki vel á móti þessu frumv., einkum þar sem tilveru þess má þakka frv. þessarar deildar um afnám amtmannaembættanna og stofnun fjórðungsráða.

Þórarinn Böðvarsson: Hvort sem frv. þetta á nokkuð skylt við fuglinn »Phönix» eða aðra fugla, og hverju svo sem það er að þakka, að það er fram komið, þá verð að segja, að það er mjer kærkomið, enda veit jeg, að þessi h. þingd. muni leggja mikla áherzlu á það, að amtsráðin geti orðið fjölmennari og hlotið meiri virðingu en nú. Vona jeg þess vegna, að h. þingd. taki frv. vel og þakklátlega, og lofi því að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um tollgreiðslu (C. 455, 460); ein umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að frv. þessu hefir verið breytt lítið eitt frá því, sem það var samþykkt hjer í deildinni. Frumv. hefir að eins tekið einni efnisbreyting í h. Ed., þeirri, að lögreglustjóri á að fá ferðakostnað, einnig þegar hann þarf að takast ferð á hendur til að taka við umráðunum yfir hinum tollskyldu vörum, sem settar eru að veði. En þar sem slík ferð að öllum líkindum sjaldan mun koma fyrir, með því að lögreglustjóri hefir jafnaðarlega umboðsmann, sem getur tekið við vörunum í hans stað, þá er varla hætt við, að þessi ákvörðun baki kaupmönnum mikinn kostnaðarauka, og virðist því mega fallast á þessa breytingu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 19 atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Frv. til laga um breytingu á 3. og 8. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 375); 3. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg var einn af þeim fáu, sem ekki greiddu atkvæði með þessu frv. við 2. umr. En það var ekki af því, að jeg játaði ekki fyllilega, að ástæða væri til að ljetta hina þungu eptirlaunabyrði, sem nú hvílir á landssjóði, heldur af því, að mjer skildist frv. vera mjög óaðgengilegt. Reyndar er enginn tími orðinn til að yfirvega eins vandasöm mál eins og þetta; en eptir því sem mjer skilst frumv., þá væri nær að afnema heldur öll eptirlaun. Það væri eins rjett, að hið opinbera ljeti embættismennina eiga sig, ljeti þá sjálfráða, hvort þeir söfnuðu sjer fje til elliáranna, eða eyddu öllu. Þegar eptirlaunin eru miðuð við embættislaunin, eins og gert er í þessu frv., þá skilst mjer eptirlaunin verði mjög lág.

Maður, sem hefir í laun 2400 kr., á að fá í eptirlaun $^1/_8$ af þessari upphæð, eða 300 kr. Þar að auki á hann að hafa $^1/_2\%$ af launaupphæðinni fyrir hvert þjónustuár; ef hann nú þjónar í 30 ár, þá nemur það 360 kr. Verða eptirlaun þessa

manns þannig alls eptir þessu frumv. 660 kr.

Setjum nú svo, að þessi maður væri orðinn sextugur, og gæti ekki þjónað embætti lengur. Hvernig á hann þá að lifa af þessum 660 kr.? Menn geta sagt, að hann geti fengið meira að lifa á, því eptir frumv., sem rætt verður hjer næst á eptir, geti hann keypt sjer lífeyri. En þess ber að gæta, að eptir sama frumv. getur hann ekki notið lífeyrisins fyr en hann er sjötugur. Hann verður þannig, að mjer skilst, að lifa af einum 660 kr. í 10 ár, frá sextugu til sjötugs, ef honum endist svo lengi aldur, auk þess, sem hann verður að viðhalda lífeyrinum. Til þess ímynda jeg mjer að gangi allt að 100 kr. á ári, og er það ekki lítil skerðing á launum hans. En ef nú maður með þessum launum (2400 kr.) yrði fyrir heilsuleysis sakir ófær til að gegna embætti eptir 10 ár, þá fengi hann að eins 120 kr. í viðbót við þessar 300 kr., og eptirlaun hans yrðu þá 420 kr., sem mjer liggur við að segja sje verra en ekki neitt.

Það er verið að benda mjer hjer á breyt.-till., en jeg sje ekki að hún bæti neitt úr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) minntist á það fyrst í ræðu sinni, að það hefði eins vel verið tilefni til að aftaka alveg öll eptirlaun, eins og að breyta þessu á þann hátt, sem hjer er gert í frv.

Ekki get jeg verið á sama máli og hann í þessu. Mjer finnst mikill munur á því, hvort eptirlaununum er breytt eitthvað í áttina, eða þau eru aftekin með öllu. Nefndin hefir í áliti sínu um þetta mál bent á ástæðurnar fyrir þeim breytingum á eptirlaununum, sem hjer ræðir um.

Hvað það snertir, að eptirlaunin eru lítil eptir frumv. nefndarinnar, þá vil jeg minna á það, sem líka er tekið fram í áliti nefndarinnar, að hin langfjölmennasta embættisstjett landsins hefir ekki meiri eptirlaun, en hjer eru ákveðin. Auk þess getur það komið fyrir eptir núgildandi lögum, að embættismaður, sem ekki getur verið nema stutt í embætti, fái lægri eptirlaun, en sami embættismaður fengi eptir þessu frumv. Embættismaður, sem missti heilsuna á öðru ári, svo að hann yrði að fá lausn frá embætti, fengi, ef hann hefði haft 2400 kr. laun, að eins 240 kr. eptirlaun.

Þar sem h. sami þm. (J. Þ.) sagði, að maður, sem færi frá embætti um sextugt, fengi ekki annað eða meira en eptirlaun þau, sem ákveðin væru í þessu frv., þá vil jeg benda h. þm. á breytingaratkvæði, sem nú er fram komið við frumv. það, sem á eptir kemur, þar sem gert er ráð fyrir, að embættismaðurinn geti notið vaxtanna af ellistyrknum, þegar er hann hættir að þjóna, eða þá keypt sjer fyrir hann æfilangan lífeyri.

Þetta er þó annað en það, sem h. þm. vill, þar sem hann vill að hið opinbera láti það alveg hlutlaust, hvort embættismaðurinn tryggir sjer lífeyri eða ekki. En þó þetta sje ákveðið svona í frumv., er þó auðvitað, að embættismaðurinn getur sjálfur, ef hann vill, tryggt sjer lífeyri á yngra aldri en sjötugsaldri.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 14 gegn 1 atkv.

Frv. til laga um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 375, 470); 3. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Samkvæmt því, sem talað var um við 2. umræðu þessa máls, hefir nefndin komið með breyt.till. við 5. gr. frv., sem fer fram á, að embættismenn geti farið að fá vextina af ellistyrknum, þegar þeir fara frá embætti, þótt eigi sjeu þeir orðnir 70 ára að aldri.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg gat eigi greitt atkvæði með frv. því, sem nú var

síðast samþykkt, því jeg held, að hverjum og einum hljóti að vera ljóst, að eptirlaun þau, sem þar eru ákveðin, eru of lág; reyndar hefir h. framsögum. (E. Br.) borið þau saman við eptirlaun hinnar fjölmennustu stjettar landsins, er hann svo nefndi, prestastjettarinnar; en þess ber að gæta, að þau eptirlaunalög hafa eigi staðið um langan tíma, og margir prestar hafa hingað til tekið eptirlaun sín eptir hinum eldri eptirlaunalögum; en þegar þeir menn eru undir lok liðnir, sem hafa rjett til að taka eptirlaun sín eptir hinum eldri lögum, og menn eiga að fara að taka þau eingöngu eptir hinum nýju lögum, þá óttast jeg, að fari að koma kvartanir. En svo naum, sem þau eptirlaun eru, sem hjer er farið fram á, þá er hitt þó verra, að þar sem nefndin hefir sjálf sjeð, að þau voru of lítil, þá hefir hún tekið til þess óyndisúrræðis, að neyða embættismenn til taka af launum sínum og leggja í einhvers konar sjóð til að geyma sjer þannig fje til framfærslu á elliárunum. Þessi nauðung er mjer mjög mótstæðileg, eins og jeg hef áður tekið fram, og jeg get ómögulega fallizt á, að rjett sje, að ákveða laun, sem einungis eru til að nafninu eða á pappírnum. Að bera þetta saman við þau ákvæði, sem gilda í Englandi, er eigi heldur heppilegt, því munurinn á launununum þar og hjer er eins mikill og munurinn á 1 £ og 1 krónu, og þar eru jafnvel sum embætti með 10—20 þúsund £ launum, en mörg með 2000 £ og þar yfir; auk þess eru það opt auðmenn, sem í embættum eru. En hjer er allt öðru máli að gegna, því hjer á landi eru flestir embættismenn í miklum skuldum, þegar þeir koma í hina svo nefndu embættisstöðu, sem eðlilegt er, þar sem margir eru svo efnalitlir, að þeir þurfa að skulda til að geta aflokið námi sínu, og að því afloknu standa þeir flestir allslausir uppi. Í því landi, þar sem svona hagar til, held jeg að ekki eigi við, að skera þannig við neglur sjer eptirlaun til embættismanna, enda er jeg hræddur um, að afleiðingin mundi verða sú, að löggjafarvaldið fengi ærið að starfa út af sífelldum fjárbónum frá embættismönnum, er ekki gætu komizt af með þann nauma skammt, sem þeim er nú ætlaður, og sjerstaklega er það óeðlilegt og ófrjálslegt, að neyða menn þannig til að leggja fje fyrir; og megi beita þeirri aðferð við embættismenn, þá finnst mjer eins mega neyða hvern annan mann til að leggja fje í sjóð sjer til framfærslu á efra aldri. Í 3. gr. stendur reyndar það dýrðlega úrræði, að menn geti keypt sjer lífeyri; þetta heyri jeg, að sumir geri, og óska jeg þeim til lukku með það; en þar sem hjer stendur, að það *skuli* gera hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871, þá eru menn þar með neyddir til að ávaxta fje sitt erlendis, og þannig er þá þetta fátæka land með lögum neytt til að ávaxta peninga sína í öðrum löndum, og þar með fje látið ganga út úr landinu.

Eins og jeg því varð að álíta frv. nr. 319 óaðgengilegt vegna þess, að eptirlaun þau, sem það ákveður, ekki eru nægileg, eins get jeg ekki heldur fallizt á það úrræði, sem hjer er um að ræða, því öllum hlýtur að vera ljóst, að því lægri sem eptirlaunin eru, því meiri nauðsyn er, að embættismenn eigi eitthvert fje afgangs, þegar þeir fara úr embættum; en því lægri sem launin eru, því ómögulegra er, að leggja nokkurt fje fyrir, og menn verða vel að gæta þess, að þetta þing hefir lækkað að mun laun ýmsra embættismanna, þótt reyndar einstaka embættismenn hafi um leið fengið litla hækkun á launum sínum.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Við 1. umr. minntist jeg á, hverjum aðalmótbárum mætti búast við móti frv. þessu, enda hafa þær líka komið fram, sem sje annars vegar, að embættin þyldu eigi þau útlát, sem það hefði í för með sjer, og

hins vegar, að það væri eigi rjett regla, að skylda embættismenn með lögum til að sjá sjer fyrir framfærslufje á elliárum. En eins og jeg þá tók fram, áleit nefndin, að gjald þetta eigi sje svo þungbært, að hlutaðeigandi embættismenn ekki þoli það; en fari svo, að reynslan sýni, að embættin megi ekkert missa, þá gæti jafnvel komið til skoðunar, hvort ekki væri rjettara, að launa embættismennina betur, svo að þeir bæði gætu lifað af launum sínum, og einnig lagt upp það fje, sem þessu næmi; en þetta kemur þá fyrst til skoðunar, þegar reynslan er búin að sýna og sanna, að embættismennirnir ekki geti risið undir þessum kostnaði. En hvað því viðvíkur, að hjer sje tekin skökk grundvallarregla, að skylda embættismenn til að leggja fyrir fje til elliáranna, þá er þess að gæta, að sams konar aðferð á sjer stað í núgildandi lögum, þar sem embættismönnum er gert að skyldu að kaupa lífeyri handa konum sínum eptir sinn dag, og þess vegna get jeg ekki heldur sjeð neitt á móti því, að embættismönnum sje einnig gert að skyldu að tryggja sjálfum sjer framfærslufje, enda er sú stefna mjög að ryðja sjer til rúms meðal annara þjóða; og þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) vildi þá einnig láta þessa skyldu ná til annara manna, þá get jeg frætt hann á því, að Þjóðverjar, sem í svo mörgum greinum skipa öndvegi meðal þjóðanna, eru nú farnir að leggja þessa tryggingarskyldu einnig á aðra menn. Þá þótti hinum sama h. þm. það óeðlilegt og ófrjálslegt, að skylda menn til að kaupa sjer lífeyri hjá framfærslustofnuninni frá 1871, sökum þess, að þar með væri mönnum gert að skyldu að láta peninga sína ganga út úr landinu; en hann verður vel að gá að því, að hjer kemur fullt verð í staðinn; þetta er því ekki óeðlilegra en að senda peninga til útlanda fyrir pantaðar vörur. Sú stofnun, sem hjer er um að ræða, er byggð á þeim grundvelli, að hún getur látið fullkomlega eins mikið út og inn í hana er lagt; því hún er svo rík, að hún getur með vöxtunum af sjóði sínum borið allan kostnaðinn, sem leiðir af stjórn hennar sjálfrar, án þess að það þurfi að koma niður á skiptavinum hennar, enda hefir hún bætt mönnum upp, þegar hún græðir á viðskiptunum. Jeg get því ekki álitið rangt, að eiga við þá stofnun, því að mjer er óhætt að fullyrða, að annarstaðar er ekki kostur á betri kjörum; en hjer á landi er ekki til hugsandi, að koma upp slíkri stofnun, því hún mundi alls ekki geta borið sig, bæði vegna fámennis og af öðrum orsökum.

Árni Jónsson: H. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) skoðar að mínu áliti mál þetta að eins frá annari hliðinni. Hann var allt af að tala um, að eptirlaun yrðu svo lítil, að eigi væri hægt að lifa af þeim, og að laun embættismanna sjeu svo lág, að þeir geti eigi af þeim tekið það, er þarf til þess að útvega sjer ellistyrk eða lífeyri. En h. þm. minntist eigi með einu orði á það, hvort landssjóður sje fær um að bera eptirlaunabyrði þá, er á honum hvílir, og sem allt af fer vaxandi; þetta er það, sem liggur til grundvallar fyrir frumv. þessu, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, og finnst mjer að eins vel megi minnast á það.

Það er eigi til neins að vera að bera laun embættismanna hjer saman við laun embættismanna í öðrum löndum, t. a. m. á Englandi; því að þótt launin sjeu hærri þar, er og tilkostnaðurinn meiri og dýrara að lifa þar en hjer, og auk þess er okkar þjóð ekki fær um, að bera eins há laun og jafnvel hærri eptirlaun að tiltölu. Mjer finnst það samræmilegt, að þingið, sem samþykkt hefir lög þess efnis, að alþýðufólk skuli leggja fje í styrktarsjóði, samþykki og þessi lög, sem leggja hina

sömu skyldu á embættismennina. Það var sjerstaklega þetta, er jeg vildi taka fram, að það væri rjett og nauðsynlegt, að skoða málið frá báðum hliðum. Það er alþýða, sem á að borga eptirlaunin, og á hún því rjett á að þess sje gætt.

Jón Þórarinsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að vekja athygli h. deildar á því, hverjar afleiðingar breyt.till. nefndarinnar hefir, ef hún verður samþykkt. Frumv. gengur út frá því, að ellistyrkurinn komi embættismanninum fyrst að notum, þegar hann er orðinn 70 ára að aldri; en svo kemur breyt.till. og segir, að hann geti fengið vextina alla strax, eptir að hann er farinn frá embættinu, þótt hann hafi eigi setið í því nema 2 eða 3 ár. Jeg tek til dæmis, að embættismaður kaupi sjer ellistyrk sem svari 2400 kr. árslaunum, er samkvæmt frumv. verður að upphæð 5600 kr.; gjörir þá frumv. ráð fyrir, að hann njóti fyrst vaxta af honum eptir sjötugs aldur, en í breyt.till. segir, að hann geti farið að njóta þeirra strax og hann fer úr embættinu, þótt hann hafi eigi setið í því nema 2 eða 3 ár. Jeg skýt þeirri spurningu til h. framsögum., hvort það sje meining hans, að embættismaðurinn skuli njóta vaxta af þessum 5600, þó að hann eigi eptir að greiða iðgjöld 20—30 ár.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Þegar embættismaðurinn fer frá embættinu áður en hann nær sjötugs aldri, t. a. m. þegar hann er um sextugt, getur hann eptir breytingartillögunni farið að fá vextina af ellistyrknum útborgaða; og ef þeir eigi eru nægilegir til þess að hann geti lifað, getur hann keypt sjer lífeyri fyrir ellistyrkinn eða nokkurn hluta hans.

Jafnvel í hinu fágæta tilfelli, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) tók sem dæmi, að embættismaður yrði að fá lausn eptir svo sem 2 ára þjónustu, þá er embættismaðurinn betur settur eptir þessu frumv. heldur en eptir núgildandi eptirlaunalögum; eptir þeim fær hann að eins $^1/_{10}$ af launum þeim er hann hafði, en eptir frv. $^1/_8$ af laununum og þar að auk dálitlar prócentur af þeim, og svo er þann búinn að safna sjer dálítils ellistyrks, er hann getur keypt lífeyri fyrir.

Jón Þórarinsson: Mjer skilst svo, sem embættismaðurinn eigi á ári hverju að verja eigi svo litlu fje til þess að safna sjer ellistyrk, og ef hann t. a. m. byrjar þegar hann er 30 ára, verður hann að leggja svo og svo mikið fje á ári í 40 ár til þess að geta fengið ellistyrk, þegar hann er sjötugur. En nú fer hann úr embættinu eptir 2 eða 3 ár, getur hann þá strax farið að njóta vaxtanna af þessu fje? *(E. Br.:* Já!). Það þykir mjer mjög merkilegt.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Að því er snertir það, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók til dæmis, þá eru það tilfelli, sem ekki koma fyrir nema einu sinni á heilli öld. En það getur og komið fyrir, eins og jeg hefi minnzt á, að embættismaðurinn yrði betur settur eptir núgildandi lögum.

Nefndin hefir látið óhreift ákvæði laganna um það, ef embættismaður slasast, svo hann verður ekki fær um að gegna embætti sínu. Þegar ungur embættismaður missir heilsu, fær hann eptir núgildandi lögum ekki mikil eptirlaun.

Hvað viðvíkur prestunum, þá nefndi jeg þá til sem dæmi þess, að þar má eptir fullan þjónustualdur gjöra ráð fyrir, að eptirlaunin nemi $^1/_3$ af laununum, en eigi af því, að mjer þyki heppilegt að miða eingöngu við þjónustualdurinn; eins og það heldur ekki er heppilegt, eins og áður átti sjer stað, að miða eptirlaun presta eingöngu við launin, án tillits til þjónustualdursins.

Það sem h. þm. minntist á, get jeg eigi sjeð að sje nein mótbára móti frv., en það getur maður heldur skilið, að sumum

kann að þykja það skoðunarmál, hvort laun sumra embættismanna þoli þau gjöld, sem hjer er um að ræða.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 5. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv. Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 14 samhlj. atkv. Síðan sent til Ed.

Frumv. til laga um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum (C. 452); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Við aðra umræðu þessa máls tók deildin svo vel í það og samþykkti það, ekki að ástæðulausu, heldur með rökum. Hjer er farið fram á það eitt, er söfnuðirnir óska og hjeraðsfundur samþykkir; en landssjóður græðir við það 300 kr. Jeg verð því að álíta þetta heppilegt, þar sem hjer eru allir gjörðir ánægðir, en landssjóði hagur. Vona jeg því, að h. deild samþykki frumv. eins og það liggur fyrir

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 14 samhlj. atkv., og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 451); 2. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Við 1. umr. málsins var farið nokkrum orðum um aðalstefnu frumvarpsins, og álít jeg ekki þörf á að tala meir um það. Hjer er að eins um tölu þingmanna að ræða, og er við fjölgunina farið eptir mannfjölda í sýslunum, og farið eptir rjettum hlutföllum.

Skal jeg svo ekki að svo stöddu orðlengja þetta frekar.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2.—3. gr. samþ. með 14 atkv. hvor.

Málinu vísað til 3. með 16 atkv.

Tillögur til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C. 461); ein umr.

Jón Þórarinsson: Þessar tillögur eru komnar frá Ed. áþekkar því sem þær voru þegar þær fóru þangað. Það hefir að eins verið gjörð lítil breyting við þær, þar sem nemendafjöldinn er ákveðinn 12 í staðinn fyrir 15.

Mjer finnst því ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum, og legg til, að þær verði samþykktar í því formi, sem þær eru, fyrst þær hafa ekki versnað meira.

ATKVÆÐAGR.: Tillögurnar í heild sinni samþ. með 18 samhlj. atkv., og afgreiddar til landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis*.

Tillaga til þingsályktunar um fátækramálefni (C. 463); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á að viðhafa eina umr. um málið, og var það samþykkt.

Fertugasti fundur, föstudag 16. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi, nema Ólafur Pálsson, þm. V.-Skaptf., sem hafði tilkynnt forföll.

Frumvarp til laga um eignarrjett á sömdu máli (C. 466); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþykkt umræðulaust með 11 samhlj. atkvæðum og endursent Ed.

Frumvarv til laga um sölu nokkurra þjóðjarða (C. 468, 493); ein umræða.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Eins og h. deild sjer, er þetta frv. mun styttra en þegar það var hjer í deildinni síðast; það er nú ekki orðið nema $^2/_5$ partar af því frv., sem hjeðan var afgreitt til h. Ed. Nefndin verður að játa, að vegir og ástæður h. Ed. er

með öllu órannsakanlegir, sjerstaklega af því, að sumar þær jarðir eru felldar úr, sem skýrust og ljósust skjöl og skýrslur hafa komið fram um, en látnar aptur standa aðrar jarðir, sem mjög ísjárvert þótti um vegna þess, að skjöl vöntuðu, sem nægilega skýrslu gæfu; en nefndin vildi þó ekki ráða til, að fella úr þá jörð, sem sjerstaklega er vafasamt um, vegna þess, að þessi h. deild hafði áður samþykkt hana. Þegar um sölu þjóðjarða er að ræða, er ekki meiningin, að gera þær falar fyrir það verð, sem enginn vill kaupa þær fyrir; það er að því leyti gott, að gera þjóðjarðir falar við ábúendur, að sjálfseignarbændum fjölgar ögn, að minnsta kosti í bráðina, og úr því þing og stjórn hafa gengið inn á þá meginreglu, að selja þjóðjarðir, þá er meiningarlaust, að setja svo hátt verð á þær, að enginn vilji eða geti keypt þær. Jeg get nú ekki sagt, að jeg sakni mjög sumra þeirra jarða, sem h. Ed. hefir fellt úr frv. Það er að eins ein, sem jeg sakna, nefnilega Meiðastaðir; ef það er á annað borð meining þings og stjórnar, að gera jarðir falar, þá fæ jeg ekki skilið, hví þessi jörð er ekki gerð föl fyrir það verð, sem ákveðið var í deildinni, þar sem 2 dómkvaddir menn höfðu undir eiðstilboð virt hana á 2500 kr. og umboðsmaður verið á sama máli um, að hún væri nægilega hátt seld fyrir það verð. Áður hafði og sýslunefndin virt hana sama verði. Jeg held því, að rjettast sje, að hætta hreint og beint við sölu þjóðjarða, ef önnur deild alþingis þykist hafa betra vit á því máli en allir aðrir, sem um það hafa fjallað. Fyrir mitt leyti er mjer þetta ekkert kappsmál, að Meiðastaðir sjeu seldir, en þingsins vegna þykir mjer það óviðkunnanlegt, að ekki sje gefinn kostur á, að kaupa þá jörð, sem einna beztar upplýsingar eru fyrir hendi um. Nefndin hefir þó ekki viljað taka jörðina upp aptur með sama verði, heldur hefir hún hækkað söluverðið dálítið; en hún er þó engan veginn viss um, að umbiðjandinn vilji ganga að því, að kaupa hana fyrir 3000 kr., eins og nefndin hefir lagt til að hún yrði seld fyrir; hann hefir ekki tekið til neitt ákveðið verð, er hann vilji gefa fyrir jörðina. Eins og þeim h. þm. er kunnugt, sem lesið hafa skjöl þau áhrærandi jörðina, sem hjer liggja á lestrarsalnum, er afgjald hennar um 90 kr., og eptir því ættu 2500 kr. að vera fullnóg verð fyrir hana; en 3000 kr. munu vera það ýtrasta, sem hægt er að fá fyrir hana. Hún er eins og fleiri jarðir í Gullbringusýslu undir orpin skemmdum af sjávargangi, þar sem tún hennar liggur fast niður að sjó. En jeg tek það aptur fram, að mjer er þetta ekki sjerlegt kappsmál að öðru leyti en því, að mjer þykir það óviðkunnanlegt, að þingið 1889 breyti út af þeirri stefnu, sem tekin hefir verið á undanfarandi þingum, að gefa ábúendum þjóðjarða jarðir sínar falar, þegar þeir hafa æskt eptir að kaupa þær, og næg skilríki hafa verið fyrir hendi um þær.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar (C. 493) samp. með 16 samhlj. atkv.

Frv. þannig breytt samp. með 18 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Fertugasti og fyrsti fundur, laugardag 17. ágúst kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frumvarp til farmannalaga (C. 474, 493); 3. umr.

Eiríkur Briem: Jeg og nokkrir aðrir h. þingm. höfum leyft oss, að koma fram með breytingartill. þá sem stendur á þingsk. nr. 436 (C. 493), að í staðinn fyrir «aðalstefna eptir áttavita» komi «misvísandi aðalstefna»; í hinum danska texta stendur «generalmisvisende Kurs»; og þar sem orðin «aðalstefna eptir áttavita» ekki eru alveg samhljóða hinum útlendu orðum, hvernig sem á stendur, þótt þau reynd-

ar komist nærri þeim, þá höfum vjer álitið rjettara, að halda orðinu «misvísandi», sem hefir ákveðna þýðingu í þessu sambandi, þótt það sje eigi fagurt mál.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (C. 493) við 12. gr. frv. samþ. með 20 samhlj. atkv. Frumv. með áorðinni breyt. í heild sinni samþ. í e. h. og endursent efri deild.

Frumvarp til laga um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 484, 493); 2. umr.

Þorsteinn Jónsson: H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hefir komið með breytingartill. við þetta frv., sem fer fram á, að enginn amtsráðsmaður verði kosinn fyrir Vestmannеyjasýslu; sumir kynnu nú að halda, að jeg væri á móti þessari tillögu, en þessu er eigi þannig varið, því þótt hún sje reyndar sýslulíjelag út af fyrir sig, þá er hún þó ekki nema einn hreppur, og jeg ímynda mjer, að amtsráðsmaður þaðan mundi sjaldan komast á amtsráðsfund, því samgöngur milli lands og eyja eru svo erfiðar, að lítil líkindi eru til, að hann gæti komizt nema í júní, júli og ágústmánuði; auk þess mundi sá maður, sem þaðan kæmi, verða mjög dýr fyrir jafnaðarsjóð Suðuramtsins, þar sem hann yrði að kaupa sjer skip og menn til og frá landi; jeg verð nú að ætla, að þetta nýja fyrirkomulag verði nógu dýrt fyrir jafnaðarsjóðinn, þótt Vestmannaeyjar gangi frá; og þar sem vjer eyjabúar höfum svo fjörug viðskipti við Rangvellinga, þá treysti jeg því, að amtsráðsmaður þeirra muni bera fram málefni vor á amtsráðsfundi; enda virðist mjer vel til fallið, að Rangárvallasýsla og Vestm.eyjas. væri eitt umdæmi í þessum málum, eins og þær eru eitt prófastsdæmi. Mjer finnst líka því minni ástæða til, að gera kappsmál úr þessari breytingartillögu, sem þingið hefir áður sýnt Vestmannaeyjum sanngirni með því að gefa þeim sömu lög að því er snertir skatt og skyldur, sem öðrum landsmönnum. Jeg vil því að eins skjóta til h. þm. Árn., hvort eigi væri viðkunnanlegra, að taka það fram, að amtsráðsmaðurinn úr Rangárvallasýslu væri einnig amtsráðsmaður fyrir Vestmannaeyjar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg þarf ekki að tala mikið fyrir því breytingaratkvæði (C. 493), sem jeg á við þetta frumv., þar sem h. þm. Vestm. (Þorst. J.) hefir tekið svo vel í málið og talið breytingunni flest það til gildis, sem mjer finnst hún hafi til að bera. Að öðru leyti hef jeg viljað fara sem skemmst í breytingar við frumv., því jeg álít það hafa töluverða rjettarbót í sjer fólgna, og vildi þessvegna ógjarna, að það fjelli þegar það kæmi aptur upp í efri deild. Það sem mjer gekk til, að koma með þessa breytingartillögu, var alls eigi nein meinsemi við Vestmannеyjabúa, heldur einungis það, að jeg áleit, að sjerstakur amtsráðsmaður fyrir eyjarnar yrði dýrari en tilvinnandi væri, og væri í raun og veru þýðingarlítill fyrir þá, með því að það mundi verða svo fá mál, sem þeir þyrftu sjerstaklega að fá fram borin, og þegar þau kæmu fyrir, þá mætti fela þau fulltrúunum úr Rangárvalla eða Skaptafellssýslu, hvorum sem kunnugri væri, eða hefði meiri tiltrú hjá eyjarskeggjum. Jeg álít þessa breytingu svo meinlausa, að jeg get ekki ímyndað mjer hún verði málinu að fótakefli í efri deild. En að því er snertir uppástungu h. þm. Vestm. (Þorst. J.), um að taka fram, úr hvorri sýslunni amtsráðsmaðurinn skyldi vera, er Vestmanneyingar ættu að snúa sjer til, þá getur ef til vill verið betra, að taka það fram í frv., þótt það raunar í framkvæmdinni komi alveg í sama stað niður.

Sveinn Eiríksson: Jeg hef hugsað mjer, að koma með viðaukatillögu við 1. gr. frv. til 3. umr., um að bæta Austur-

Skaptafellssýslu við þær sýslur, er hefðu amtsráðsmenn í amtsráði austuramtsins.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 17 samhl. atkv. Breytingartill. við 2. gr. frv. (C. 493) samþ. með 16: 1 atkv. 2. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. með 16 samhl. atkv. 3.–6. gr. samþ. með 20 samhl. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagr. Frumv. vísað til 3. umr. með 20 samhl. atkvæðum.

Frumvarp til laga um breyting á 14. og 15. gr. stj.skrár. og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 451); 3. umr.

Ólafur Briem: Af því að þetta frv. virðist hafa mikið fylgi hjer í deildinni, þar sem það hefir gengið breytingarlaust gegn um 2 umræður, þá vil jeg í stuttu máli gera grein fyrir, hvers vegna jeg eigi gef því atkvæði mitt.

Það hefir komið fram, að tilgangur frv. væri með fram sá, að sporna við, að hinir konungkjörnu ráði úrslitum mála í efri deild; jeg skal ekki fara út í það, hve nauðsynlegt sje að kippa þessu í lag, heldur einungis geta þess, að jeg ímynda mjer að sumir fylgi eigi frumv. í þessum eina tilgangi, því nú liggja fyrir þinginu breytingar bæði á kosningarlögunum í heild sinni og stjórnarskránni, og þess vegna finnst mjer frumv. þetta gjarna hefði mátt bíða, þar til útsjeð væri um, hvernig þessum málum mundi af reiða.

En auk þessarar ástæðu er ýmislegt annað, sem mælt gæti með frumvarpinu.

Jeg skal þannig ekki neita, að eptir því sem þingmönnum fjölgaði, þá mundu einnig kraptar þingsins vaxa; það er líka sjerstaklega nauðsynlegt, að þingmenn sjeu sem kunnugastir högum landsmanna yfir höfuð og einstakra hjeraða; en fjölgun þingm. hefir í þessu tilliti litla þýðingu, nema ef fulltrúum væri bætt við fyrir einhverja afskekkta landshluta, en það er ekki tilgangur þessa frv.

Önnur ástæða, sem vegur mikið hjá ýmsum, er sú, að með þessu móti mundi þingið auðgast af hæfilegleikamönnum, sem það yrði nú án að vera; en þótt jeg reyndar ekki efist um, að margir þeir sem ekki eiga sæti hjer á þingi sjeu eins miklum hæfilegleikum búnir og margir af þeim, sem hjer sitja, þá álít jeg samt, að með þeirri tölu, sem nú er, sje þó tryggging fengin fyrir því, að mikill hluti af hæfustu mönnum landsins taki þátt í löggjöfinni; einungis væri það helzt að óttast, að ýmsum vel hæfum mönnum kynni að verða bolað frá þinginu, ef þeir lentu í minni hluta í einhverjum af aðaláhugamálum landsmanna; en slíkt getur eins átt sjer stað þótt frumv. þetta verði samþykkt, og lægi því nær, að tryggja minnihlutanum atkvæði á þingi með hlutfallskosningum, ef þess þætti við þurfa. Þá er sú ástæða, að störf þingsins sjeu svo mikil, að ekki veiti af, þótt kraptar þess væru auknir; en hjer er það að athuga, að hverjum einstökum þingmanni verður ekki hægra að setja sig inn í málin fyrir það, þótt þingmenn fjölguðu; en að því er snertir nefndarstörfin, þá mundi reyndar vera fleirum á að skipa, ef tala þingmanna yxi, en þau mundu samt koma misjafnt niður á menn eins og hingað til, því þeim verður ekki skipt niður eingöngu eptir jöfnuði, og þess vegna mundu þessir agnúar haldast eptir sem áður; þess ber einnig að gæta, að það er jafnan fremur eptirsókn eptir að komast í nefndir hjer á þingi, og það virðist benda á, að mönnum sje ekki ofboðið með nefndastörfum. En hvað því viðvíkur, að störfin sjeu yfir höfuð orðin svo mörg og fjölbreytt, að þau sjeu þingmönnum ofvaxin, þá virðist liggja nær, að ráða bót á því með lenging þingtímans, en með fjölgun þingmanna, og enn fremur mætti hafa prófnefnd til að kanna þau frumv.

sem kæmu inn á þingið, til þess að færri frumv. yrði hleypt að, og þau sem kæmu yrðu betur undirbúin.

Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum, heldur einungis geta þess, að jeg af framangreindum ástæðum greiði atkvæði móti frv.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hefi ekki mörgu að svara hjá h. varaforseta (Ól. Br.), því engin af öllum þeim ástæðum, sem hann kom með og hrakti jafnóðum, hefir komið mjer til að framfylgja þessu frumv., nema sú fyrsta, sem hann nefndi, og enn stendur óhrakin af honum; hann hefði því vel getað sparað sjer allar þessar ástæður, þar sem skipun efri deildar var sú eina ástæða, sem lá til grundvallar fyrir frumv. Annars er h. varaforseta (Ól. Br.) eins kunnugt og mjer, að frumv. þetta er ekki frá mjer; í hitt eð fyrra var líkt frumv. fyrir þinginu, og náði þar fram að ganga, en þegar til stjórnarinnar kom, synjaði hún því staðfestingar; svo samþykkti Þingvallafundur í fyrra áskorun til þingsins um, að taka málið fyrir á ný, og astæðan hefir jafnan verið sú, að eigi sje unandi við samsetning efri deildar, þá sem nú er; þótt h. varaforseta ef til vill eigi þyki mikið varið í þessa ástæðu og telji það lítinn galla, þótt ýms hin mestu áhugamál þjóðarinnar verði að stranda á þingi sökum þess, hvernig efri deild er skipuð, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg er á allt annari skoðun í þessu tilliti en hann, og þar sem hann tók það fram, að hann fyndi eigi ástæðu til að koma fram með þetta frumv. sökum þess, að frumv. til nýrra kosningarlaga og breyting á stjórnarskránni lægju nú fyrir þinginu, þá verður hann að gæta þess, að nefnd sú, sem kosin var í kosningarlagafrumv., hefir ráðið til að fella það, svo að þaðan er lítillar blessunar nje óblessunar að vænta; en að því er stjórnarskrárfrumv. snertir, þá skal jeg ekki margt um það tala, enda mun reynslan bráðum sýna, hvernig því reiðir af; en einmitt það, hvernig h. nefnd í hinni hávísu efri deild fór með það frv., sjerstaklega í tilliti til skipunar efri deildar, knúði mig hvað mest til að koma með þetta frumv., þar sem sú uppástunga hefir komið fram, að gera alla efri deild konungkjörna. Annars get jeg ekki ímyndað mjer, að breyting sú á stjórnarskránni geti dregið hið minnsta úr þeirri þörf, sem nú er á þessu frumv. Hvað sem öllum samkomulagstilraunum í því máli líður, þá verð jeg að telja það mjög óvíst, hvernig því máli reiðir af hjer á þinginu fyrst og fremst, og síðan hjá stjórninni, þótt það nú kæmist út úr þinginu; að minnsta kosti hefir fulltrúi stjórnarinnar ekki enn þá lýst yfir neinni sjerlegri velþóknun stjórnarinnar á öllum þessum breytingum hinnar h. Ed., enda verð jeg að telja þessar svo nefndu samkomulagstilraunir í Ed. að miklu leyti gerðar út í bláinn, meðan ekkert heyrist frá hinum öðrum málsaðila, nema þetta gamla nei.

En hvað því viðvíkur, sem h. varaforseti sagði, að þekking á þjóðmálefnum mundi ekki vaxa, þótt þingmönnum væri fjölgað, þá verð jeg að álíta heppilegt að sem flestar stjettir landsins hafi fulltrúa hjer á þingi, og að því stuðlar þetta frv., þar sem 2 kaupstaðir mundu fá nýja fulltrúa, ef það næði fram að ganga, og sje mönnum nokkur alvara að koma verzlunarstjettinni upp hjer á landi, þá er nauðsynlegt, að hún hafi einhverja fulltrúa á þingi, enda mundi það líka getað aukið þekkingu þingsins á ýmsum verzlunarmálum.

Aðalástæða mín fyrir frumv. þessu er, eins og jeg hefi sagt, að efri deild er svo skipuð, að sum hin mestu áhugamál þjóðarinnar geta ekki komizt gegnum þingið sökum hennar, enda er eðlilegt að svo sje, og mjer dettur ekki í hug að álasa stjórninni fyrir það, þótt hún velji þá eina

menn til þingsetu í efri deild, sem fylgja henni að málum; hitt væri miklu fremur ámælisvert af stjórninn, ef hún renndi blint í sjóinn með kosning á sínum mönnum; og vilji hún vera samvizkusamur kjósandi, þá álít jeg hún geti eigi valið aðra en þá, sem fylgja fram skoðunum hennar, því hún hlýtur sjálfsagt frá sínu sjónarmiði að hafa góðar og gildar ástæður fyrir þeim; hjer með er náttúrlega alls ekki sagt, að þeir konungkjörnu fylgi stjórninni í blindni, heldur að eins það, að stjórnin leitar að og kýs þá menn fyrir fulltrúa sína, sem fremur fylgja fram skoðun hennar en þjóðarinnar, þar sem stjórn og þjóð greinir mest á, eins og reynslan hefir sýnt.

Jeg hefi svo ekki meira að segja, því út í hin einstöku atriði málsins vil jeg ekki fara að þessu sinni.

Ólafur Briem: Jeg skal gjarnan viðurkenna það með h. flutningsm. (S. St.), að mjer þykja ekki mikil líkindi til, að þessi 2 frumvörp til stjórnarskrár og nýrra kosningarlaga, sem nú eru til meðferðar, nái fram að ganga á þessu þingi, jafnvel þó mjer þyki of snemmt að örvænta um það. Að því leyti sem það er sá eini tilgangur þessa frv., sem hjer liggur fyrir, að sporna við því, að hinn konungkjörni flokkur í efri deild ráði úrslitum mála, þá skal jeg geta þess, að mjer þykir það nokkuð langt sótt, að bæta 4 við tölu þm. í *Nd.*, einungis til þess, að hinir þjóðkjörnu þingmenn í *Ed.* eigi 2 atkv. fleiri en hinir konungkjörnu. Og sjer í lagi kemur þetta undarlega við, þegar það er borið saman við frv., sem var samþykkt hjer á þingi 1887, og fór fram á að fækka þm. í Nd. um 3.

Viðvíkjandi afstöðu hinna konungkjörnu þingmanna í Ed. skal jeg geta þess, að það er það vanalega, að atkvæði þeirra og hinna þjóðkjörnu blandast saman, þannig, að þeir greiða atkvæði hver með öðrum, og á þessu þingi hefir það ekki komið fyrir nema í eitt skipti, að hinir konungkjörnu hafi haldið saman í atkvæðagreiðslu móti hinum þjóðkjörnu. En þó svo væri, að hinir konungkjörnu þm. stæðu fyrir framgangi mála, þá þykir mjer það ekki eins skaðlegt, eins og ef hitt ætti sjer stað, að vanhugsuð mál og illa undirbúin næðu fram að ganga, enda er það aðaltilgangurinn með tvískiptingu þingsins, að girða fyrir slíkt, og er Ed. einkum ætlað að fylgja íhaldsstefnunni. Ef þessi stefna er rík, getur það auðvitað komið fyrir, að góð mál nái ekki fram að ganga; en það þykir mjer ekki eins ísjárvert, því að góð mál komast fram með tímanum; það er að eins um stundar sakir, að úrslitum þeirra verður frestað.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): H. varaforseti (Ól. Br.) tók það fram, að það væri engin þörf á að fjölga þm. í Nd., en hann hefir ekki komið fram með það fyr en nú.

Að því er snertir þessa tölu á þm., sem hjer er farið fram á, þá er það eptir áskorun frá Þingvallafundinum. Þar sem hann talaði um, að afstaða hinna konungkjörnu þingmanna í Ed. væri góð til þess að hindra framgang skaðlegra mála, þá hverfur sú ástæða hans alveg, því að jeg vil spyrja h. varaforseta (Ól. Br.), hvort frágangurinn á málunum ekki mundi verða betri, ef kraptarnir væru meiri? Jeg get minna láð stjórninni það, að hún ekki samþykkti frv. frá síðasta þingi, sem einungis fór fram á, að fækka þingmönnum í Nd., til þess að fjölga þeim í Ed., heldur en ef hún ekki vill samþykkja þetta frv., sem fer fram á auka krapta þingsins í heild sinni, svo að við því má búast, að starf þingsins verði betur af hendi leyst, þar sem kraptarnir aukast. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er miklu aðgengilegra, einkum þegar landsmenn eru fúsir til að bera þann kostnaðarauka, sem af þessu mundi leiða. H. varaforseti sagði enn fremur, að góð og þarfleg mál mundu

ná framgangi, hinir konungkjörnu mundu verða með á endanum, svo það væri að eins tímaspurning. Þetta getur vel verið; en jeg er viss um, að hann þekkir enska málsháttinn: »Tíminn er peningar», og hann veit, að það munar um daga, mánuði, auk heldur ár, sem sakir andróðurs hinna konungkjörnu liðið getur, áður en þessum góðu málefnum verður framgengt, og það er ekki algild regla, að lögin verði því betri, því lengur sem þau hafa verið á döfinni.

Að svo stöddu hef jeg hjer engu við að bæta, en óska, að frv. verði samþ.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins gera stutta athugasemd við ræðu h. þm. Ísf. (Sig. St.).

Hann sagði, að tilgangurinn með frv. væri að sporna við því, að hinir konungkjörnu þingmenn í Ed. gætu staðið móti framgangi ýmsra áhugamála þjóðarinnar. Jeg verð að lýsa yfir því, að það er alveg ástæðulaust að segja, að hinir konungkjörnu þingmenn hafi spillt framgangi áhugamála þjóðarinnar; þeir hafa ávallt hingað til verið í minni hluta, og því ekki einir getað ráðið úrslitum neins máls. Jeg mótmæli því, að hinir konungkjörnu þingmenn hafi í nokkru máli komið fram sem flokkur, nema í endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem þeir hafa verið eindregið á móti, og þar sem hjer er að eins um eitt mál að ræða, þá getur h. þm. ekki sagt: ýms mál; hann hefði átt að nefna þetta eina mál. — — Það mun þvert á móti mega sýna og sanna, að hinir konungkjörnu þingmenn hafa fylgt fram með eins miklum áhuga og hinir þjóðkjörnu þingmenn öllum þeim málum, sem í raun og veru eru gagnleg fyrir landið.

Þar sem h. þm. gaf í skyn, að stjórnin kysi þá menn, sem væru á móti áhugamálum þjóðarinnar, og að hún stæði sjálf móti áhugamálum þjóðarinnar, svo að hjer væru 2 málspartar, stjórn og þjóð, sem ættu í sífelldri baráttu, þá eru þetta getsakir, sem jeg mótmæli. Stjórnin hefir fullan vilja á að fylgja fram öllum þeim áhugamálum þjóðarinnar, sem geta miðað til að efla framfarir og hagsæld landsins, og það er mjög hættuleg kenning, að stjórnin sje þjóðinni óvinveitt, og mótmæli jeg þessu, og er viss um, að allir sjá, að þetta er á engum rökum byggt.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Hæstv. landsh. lagði of sterka þýðingu í orð mín. Jeg sagði ekki, að stjórnin hefði hvatir til þess, að vera á móti áhugamálum þjóðarinnar, en að hún skoðaði málin frá annari hlið, og er henni náttúrlega vorkunn, þar sem hún er allsendis ókunnug landsháttum og þjóðháttum Íslendinga. Hæstv. landsh. sagði, að jeg hefði nefnt ýms mál, en hefði átt að tiltaka eitt mál, sem sje stjórnarskrármálið. Jeg hefði getað nefnt fleiri mál, bæði á ráðgjafarþingum og löggjafarþingum.

Þetta eru því ástæðulitlar mótbárur.

Mjer kom ekki til hugar að segja, að stjórnin hefði óhreinar hvatir; en jeg stend við það, að hún er ókunnug högum vorum, og getur þess vegna ekki vitað, hvað oss hentar, og enda stundum lítill vilji hjá henni að verða við óskum vorum.

Landshöfðingi: Jeg verð að minna h. flutningsm. (S. St.) á það, að þótt hann segi, að stjórnin sje ókunnug, þá hefir hún menn hjer, sem hún fær tillögur frá, og sem þekkja eins vel til hjer, eins og þingmenn. Það getur vel verið, að hún hafi verið óheppin í vali sínu; en það er ekki rjett, þegar talað er um stjórnina, að tala þá eingöngu um ráðgjafann í Kaupmannahöfn. Stjórnin ræður engu máli til lykta fyr en hún hefir fengið um það tillögur frá embættismönnum hjer á landi, og ef það yrði sannað, að hún færi ofan í tillögur embættismanna hjer, þá væri öðru máli að gegna.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson):

Mjer datt ekki í hug að segja, að þeir menn væru ókunnugir, sem stjórnin fær tillögur frá. Þegar jeg tala um stjórn, þá tala jeg um þá, sem ábyrgðina hafa, og ábyrgðin er yfir í Kaupmannahöfn. Jeg þrái þann tíma, að landsh. hafi meira vald og ábyrgð fyrir alþingi en hann hefir; en meðan það ekki er, þá verður heldur ekki talað um aðra stjórn gagnvart þingi og þjóð en þenna ókunnuga, erlenda ráðherra í Kaupmannahöfn.

Jeg get nefnt fleiri mál en stjórnarskrármálið, sem stjórnin og hennar liðar á þingi hafa lagt á móti, t. d. lagaskólamálið, undirskript konungs undir hinn íslenzka texta laganna; jeg vona, að menn minnist, hvernig gekk með þessi mál á ráðgjafarþingunum, og enda síðan; enn fremur má nefna fiskiveiðamálin o. s. frv.

Landshöfðingi: Jeg verð að vekja athygli h. flutningsm. (S. St.) á því, að hann er kominn langt út frá því, sem hann gekk út frá í byrjun málsins, nefnil. að koma í veg fyrir, að hinir konungkjörnu þingmenn væru til mótstöðu fyrir áhugamálum landsins. Honum hefir tekizt óheppilega, þegar hann ætlaði að sanna sögu sína, með því að nefna áhugamál þjóðarinnar, sem hinir konungkjörnu þingmenn hefðu staðið á móti, að nefna þá lagaskólamálið og fiskiveiðamálið; því það er vitanlegt, að hinir konungkjörnu þingmenn hafa einmitt verið með landskólanum, og sömuleiðis fiskiveiðamálinu, og sannar þetta því öldungis hið gagnstæða. Jeg efast ekki um, að hann nú geti komið með einhver betri dæmi, þegar búið er að hvísla þeim í eyru honum.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Hæstv. landsh. vildi negla mig með því, að jeg gæti ekki sagt annað en það, sem væri hvíslað í eyra mjer.

Jeg tók þetta fram sem dæmi upp á það, að stjórnin fer ekki eptir vilja þingsins. En stjórnin metur meira að segja að vettugi tillögur þessara kunnugu manna, sem landsh. sjálfur var að tala um, en ætlar sig hafa betur vit á, og það sýnir, hversu, jeg vil ekki segja óhæf, en ónóg hún er til að gegna þeim störfum, sem hún þó vill halda dauðahaldi í; og þar sem hún ekki tekur tillit til, hvað hinir kunnugu embættismenn hennar hjer leggja til landsmála vorra, þá eru lítil líkindi til, að hún enda velji betri menn til þingsetu en þjóðin sjálf, og þá dregur nú talsvert úr gildi þessara konungskosninga.

Páll Briem: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd, ekki við frumv. sjálft, heldur við þau orð, sem hafa komið fram í umræðunum.

Hæstv. landsh. sagði, að hinir konungkjörnu hefðu verið eindregið móti stjórnarskrárfrv. En þeir konungkjörnu hafa ekki verið aleinir; þeir hafa haft nokkra af hinum þjóðkjörnu með sjer. Og enn fremur hafa konungkjörnir þingmenn ekki ávallt verið allir móti stjórnarskrárfrumv. Vjer munum það allir, að konungkjörinn þingmaður var bæði með stjórnarskrárfrv. 1885 og 1886.

En það var þó eiginlega ekki þetta, sem gaf mjer ástæðu til að standa upp, heldur orð h. flutningsm. (S. St.) um meðferð stjórnarskrármálsins hjer á þingi og skoðanir manna í því. Það er ekki í fyrsta skipti, að h. flutningsm. (S. St.) blandar þessu máli inn í umræður um allt önnur mál, og verð jeg alveg að mótmæla slíkri aðferð.

Hann getur á annan hátt látið í ljósi skoðanir sínar um málið. Í dag talaði hann um samkomulagstilraunir í málinu. Hann kvaðst ekki vilja hafa neitt samkomulag við hina konungkjörnu, og ekki leita neins samkomulags, fyr en landsh. hefði sýnt, að stjórnin væri leiðanleg til samkomulags. En mjer finnst, að þingið verði að sýna, hver vilji þess sje í stjórnarskrármálinu, áður en vjer heimtum yfir-

lýsingu um vilja stjórnarinnar. En að því er snertir hina konungkjörnu, þá vil jeg spyrja, hvers vegna má ekki leita samkomulags við þá?

Mjer finnst það vera skylda þingmanna, að leita sem mest samkomulags við aðra þingmenn, því að framgangur málsins er, ef til vill, meir komin undir þessu en mörgu öðru, og því meir furða jeg mig á þessum mótmælum h. þm. Ísf. (S. St.), sem hann kvaðst vilja hafa samkomulag við stjórnina, og talaði þó hvað eptir annað um hina konungkjörnu þingmenn sem liðsmenn stjórnarinnar, er eindregið fylgdu vilja hennar. Það er þó líklega heldur sigurs von, ef menn ná samkomulagi við liðsmennina í mótflokknum. Að öðru leyti vil jeg eigi fara frekar út í þetta mál, en þessu varð jeg að svara orðum h. flutningsm. (S. St.).

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg ætlaði mjer aldrei að fara út í stjórnarskrármálið; en hæstv. landsh. og varaforseti hafa gefið tilefni til þess, og það sannaðist á þm. Snæf. (P. Briem), að hægra er að kenna heilræðin en halda, þar sem hann sjálfur hjelt nú langa ræðu út af því. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um það, því að það mál liggur hjer ekki fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og síðan sent til Ed.

Frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 250, 487); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg vona að allir h. þingdeildarm. hafi lesið álit nefndarinnar, og fyrir það þarf jeg ekki að vera langorður; þar geta menn sjeð orsakirnar til tillögu hennar; það er ekki af því, að nefndin meti lítils tilraunir í þá átt, að gjöra mönnum hægra fyrir að neyta kosningarrjettar síns, heldur er það af því, að nefndin hefir ekki getað orðið h. Ed. samdóma um 2 veruleg atriði, og ekki treyst sjer til að setja ákvæði í þeirra stað. Það er ekki ólíklegt, að þetta mál komi seinna fram, og er vonandi, að þeir, sem flutt hafa þetta mál, noti tímann til að gjöra málið ljóst og leita samkomulags í þá átt, sem nefndarálitið bendir til. Það sem nefndinni þótti sjer í lagi óaðgengilegt, var það, að þingmaður skyldi rjett kjörinn, ef hann hefði meiri hluta atkvæða, þótt þessi atkvæði væru að eins lítill hluti atkvæða allra kjósenda; þótt þessi regla sje höfð í Englandi, þá á hún miður vel við hjer, þar sem kjördæmin eru víðlendari og torsóttari yfirferðar; í flestum löndum er heimtað, að þingmenn hafi til þess að verða rjett kjörnir meir en helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið; á Frakklandi, þar sem listakosningar eru við hafðar, þar er ákveðið, að endurkosning skuli fara fram, svo framarlega sem þingmaður hefir ekki fengið helming allra þeirra atkvæða, sem greidd hafa verið, og *að auki fjórðung atkvæða allra kjósenda*; og eru víðar nokkuð lík ákvæði um þetta efni. En eins og jeg hef áður sagt: nefndin hefir að svo stöddu ekki treyst sjer til að koma með breytingartillögur við frumv.; en æskilegt væri að menn til næsta þings íhugugu vandlega frv., ef ske kynni, að einhver vegur fyndist, sem heppilegur væri að fara.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 13 atkvæðum gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þórarinsson	Páll Ólafsson
Sigurður Stefánsson	Sigurður Jensson
Sveinn Eiríksson	Árni Jónsson
Þorvaldur Bjarnars.	Eiríkur Briem
Þorlákur Guðmunds.	Grímur Thomsen
Þorsteinn Jónsson.	Gunnar Halldórsson.

já:	*nei:*
Þórarinn Böðvarsson	J. Jónss. þm. N.-M.
Þorvarður Kjerúlf.	J. Jónss. þm. N.-Þ.
	Jónas Jónassen
	Ólafur Briem
	Ólafur Pálsson
	Páll Briem
	Þorleifur Jónsson

Frumv. til laga um sampykktir í landbúnaðarmálum (C. 320, 491); frh. 3. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál; það er nú þegar búið að ræða þetta mál svo, að menn eru eflaust búnir að ráða huga sinn um, hvernig þeir greiða atkvæði.

Til þess að meiri líkur væru til að frv. næði fram að ganga, þá hefir nefndin ráðið til, að 2. gr. verði felld burt, þar sem einstöku mönnum hafði eigi líkað hún, en nefndin hins vegar álítur mjög mikilsvert, að málið nái fram að ganga.

Jeg skal svo ekki að sinni fara fleiri orðum um málið en óska að sem flestir geti því atkvæði sitt.

Þorvaldur Bjarnarson: Jeg hefi sama álit um mál þetta og fyr; en auðvitað er það ekki eins viðtækt og voðalegt, ef 2. gr. fellur burt.

En jeg verð þó að álíta, að það, sem eptir af því verður, sje þó eins voðalegt og skaðlegt bæði fyrir menn og skepnur, fyrir land og lýð, eins og snæljós með hrævareldi er fyrir hvað sem fyrir því verður, hvort er hey eða hús eða hvað annað; því mjer virðist algjörlega ófært, að það skuli viðgangast, að menn geti farið í heygarðinn hjá öðrum og tekið þaðan hey, í búrið, tekið þaðan mat, í hesthúsið, tekið hestana, og úr fjárhúsunum sauðfjeð og kúna af básnum og lagt það niður við trog og skorið; stjórnarskráin okkar, sem margir álíta ekki fullnægjandi, lætur þó slíka óhæfu ekki óátalda, því hún segir með berum og skýrum orðum að eignarrjetturin sje friðhelgur.

H. þm. Snæf. (Páll Br.) hefir andmælt mjer harðlega, og tekið hart á mjer fyrir, að jeg stæði þversum fyrir mestu velferðarmálum; en fyrst þetta á að vera eitt af hinum helztu velferðarmálum landsins, þá þykir mjer kasta tólfunum, og tel mjer meiri æru en vansa, ef jeg hefði getað tafið fyrir slíkum málum; jeg mundi ekkert feila mjer við að kannast við, að jeg hefði sannfærzt af orðum hæstv. landsh., ef því væri að skipta, því mjer þykir æra en enginn vansi í að sannfærast af skynsamlegum orðum, þar sem jeg veit vel, að jeg er ekki lærður sem hann, enda mundu sumir, sem hafa gengið hinn sama menntaveg sem hann, hafa gott af, að hann skýrði þeirra stjórnskörpu augu. Mjer er það engin eptirsjón, þó að það hafi verið fólgið í orðum mínum, að jeg vonaði að stjórnin mundi ekki sampykkja frv. þetta, því jeg sagði að stjórnin mundi hafa næmari rjettartilfinningu en svo, að hún ljeti slíkt frumv. verða verkandi; og þegar tilfinningin fyrir því rjetta er næmari, þá meinti jeg, að sú tilfinning mundi verka það, að stjórnin mundi sjá um, að frumv. kæmi eigi til framkvæmdar. Mjer sýnist alveg hið sama um frumv. og áður, og jeg skil ekki, hvers vegna nefndin, sem hefir ekki síður en jeg fundið, að 2. gr. frv. hafi verið allsendis óhafandi, sem sýnir sig í því að hún hefir ráðið til að stryka hana út, ekki strykaði út 1. gr., eins og 2. gr.; því jeg álít hana eins skaðlega.

Þórarinn Böðvarsson: Það sje langt frá mjer að fella harðan áfellisdóm yfir meiri hluta nefndarinnar, þótt jeg hafi ekki getað orðið honum samferða. Jeg játa, að tilgangur hans sje góður; en þótt tilgangurinn sje góður, þá getur hann ekki helgað meðalið. Jeg held ekki svo lítið af þjóðfrelsi og stjórnfrelsi; jeg held ekki svo lítið af því, að þjóð mín sje ekki

undirlægja; jeg held ekki svo lítið af því, að hver sje herra í sínu húsi og umdæmi, amtmaðurinn í sínu, prófastur í sínu, sýslunefnd í sínu og hreppsnefnd í sínu. En það sem er dýrmætast og helgast í mínum augum er persónufrelsið. Það er páfatrúargjörræði og lokleysa, að vilja binda samvizku manna; það er lokleysa, því samvizkan lætur ekki binda sig. Það frelsi, að mega hreifa sig eins og skynsemin segir manni að rjettast sje og hyggilegast, gengur næst samvizkufrelsinu. Þetta dýrmæta frelsi finnst mjer frumv. rýra, með því að ætlast til, að nokkrir í fjelaginu megi binda hendur einstaklinganna og svipta þá frelsi yfir eignum sínum. Það er að vísu óneitanlegt, að hver einstaklingur er meir eða minna bundinn við fjelag það, sem hann lifir í, og verður að laga sig eptir þörfum þess og kröfum. En þó vil jeg sízt af öllu stuðla til þess, að vjer þurfum að lifa undir spartverskum lögum, þannig, að hver einstaklingur hverfi inn í þjóðfjelagið og verði viljalaust verkfæri í hendi þess. Slíkt tel jeg mjög skaðlegt, en hitt hollast, að einstaklingarnir fái að koma sem mest fram og neyta rjettar síns og sjálfsákvörðunar. Jeg hef áður verið á móti þurrarbúðarlögunum, af því að þau stefna að því, að skerða einstaklingsfrelsið, og eigi verð jeg að álíta það sæmd fyrir þessa tíma, að þau hafa komizt á. En sízt vil jeg bæta enn við því, að skerða rjett manna í skynsamlegri meðferð eigna sinna, því að engan veginn er víst, að hjer verði að eins takmarkaður eignarrjettur óráðsmannanna, heldur einnig ráðdeildarmanna. Af þessu mundi verða sú voðalega afleiðing, að menn leiddust, jeg segi ekki neyddust, til að vera áhyggjulausir um stundlega velferð sína og þeirra, sem þeir eru skyldir að forsorga. Jeg álít, að lengra eigi ekki að ganga en að áminna menn og reyna að koma á samtökum með, að menn setij skynsamlega á hey sín og hagi búnaði sínum yfir höfuð hyggilega. Jeg sje ekkert á móti, að búnaðarfjelögin taki ákvæði um slíkt upp í fjelagslög sín. Eptir þessu frumv. eru það sýslufjelögin, sem hjer eiga að ráða lögum og lofum; en þá athugasemd má gjöra, að sýslufjelögin hafa ekki sameiginlegan kassa; aptur á móti hafa hreppafjelögin sameiginlegan sjóð, og því virðist liggja nær, að þau sjeu ein sjer um samkomulag í búnaðarefnum, en að binda heila sýslu eða heilt hjerað sömu böndum. Jeg get vel trúað því, að hægt sje að koma því samkomulagi á í hverjum hrepp, að honum geti orðið að liði; en það verður að gjörast með áminningum og samtökum, en ekki með samþykktum, sem nærgöngular sjeu eignarrjetti og fjárforræði einstaklinganna. Jeg vona að landar mínir taki þeim framförum, að þeir gjöri af frjálsum vilja og þvingunarlaust það, sem þeim er bersýnilega til hags. Mjer þykir oflítið úr þeim gjört, ef löggjafarvaldið á að fara að sjá fyrir þeim í öllu, smáu og stóru. Jeg legg mesta áherzlu á það, að löggjafarvaldið rýri ekki það, sem það má ekki rýra, umhyggju hvers einstaklings fyrir sjálfum sjer. Hver þjóð er samsett af einstaklingum og farsæld hennar er undir því komin, hvernig þessir einstaklingar eru. Jeg hef á móti því, að setja ströng lög um það, er hjer ræðir um; jeg vil heldur að verðlaunum sje heitið, en ógnað sje með refsingu. Það mætti koma því á með samtökum, að hver sá, sem skaraði fram úr í fjenaðarhirðing, skyldi fá verðlaun fyrir; slíkt er títt erlendis. Þessu gætu búnaðarfjelögin komið á. Jeg veit það, að löggjafarvaldið á kost á að hegna hinu illa, en það er neyðarúrræði, sem það grípur til, öðrum til skelfingar fremur en til að gjöra sökudólgana betri. En þótt löggjafarvaldið ætli með dauðum bókstaf að þvinga menn til að verða góða, þá mun það aldrei heppnast. Þetta hef jeg sagt til þess að gjöra grein fyrir skoðan minni,

en ekki til þess að ámæla meiri hluta nefndarinnar; hann verður að hafa sína skoðun, eins og jeg mun halda minni skoðun, og mjer dettur ekki í hug, að hann haldi henni fram af öðru en því, að hann telji hana rjetta og góða.

Framsögumaður (Páll Briem): Því verður ekki neitað um ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að hann lætur í ljósi í henni eins konar lífsskoðun sína, og er það samskonar skoðun og jeg veit að sumir aðrir hafa; en jeg hjelt, að h. þm. (Þór. Böðv.) mundi ekki hafa hana, því bæði er það í mótsetning við það, hvernig hann kom fram í þessu sama máli á þinginu 1887, og í mótsetning við það, hvernig hann hefir komið fram í öðru máli, sem hann hefir barizt fyrir landinu til heilla, það er að segja í fiskiveiðamálinu.

Í fyrstu voru ákveðnar nokkuð lágar sektir fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykktunum. En þó þær væru settar, þá var ekki hægt að kenna mönnum að fara skynsamlegar að ráði sínu, og þá sagði h. þm. (Þ. Böðv.) á þingi 1886, að ekki væri hægt að fá sína kæru kjósendur til þess að haga sjer hyggilega við fiskiveiðar sínar, nema sektirnar væru hækkaðar úr 100 kr. upp í 500 kr., og að afli þeirra væri og gerður upptækur, ef þeir ryfu samþykktirnar. Þá treysti hann ekki kjósendum sínum til að fara skynsamlega með efni sín, og til að setja sjer sjálfum lífsreglur um, hvernig þeir skyldu nota gæði náttúrunnar; og er því framkoma hans í því máli alveg andstæð þessum heimspekilegu reglum, sem hann bar á borð fyrir oss áðan.

H. þm. (Þ. Böðv.) talaði mikið um frelsi; jeg játa það, að jeg hefi mætur á því orði; en það er eins og tvíeggjað sverð, og hefir tvær þýðingar; og ef ekki er nákvæmlega gáð að, hver þýðingin á við í hvert skipti, þá er hætt við, að hugsunarvilla komi fram. Það var þetta, sem kom fram hjá h. þm. (Þ. Böðv.). Hann barðist fyrir frelsi manna, en hafði það þá í sömu þýðingu og orðið sjálfræði. En orðið frelsi hefir og sömu þýðingu og sjálfstjórn, en frá Íslendinga hlið hefir það einkum verið haft í þessari þýðingu, en ekki sem sjálfræði; þegar talað er um að berjast fyrir frelsi landsins og innlendri stjórn, þá er ekki meint með því sjálfræði, heldur að betri menn þjóðarinnar eigi að ráða málum hennar. Það er orðið sjálfstjórn, sem jeg held að menn hafi hjer sjerstaklega mætur á, og jeg held því fram, að vjer eigum að styðja að því, að sjálfstjórn komist á, þannig, að betri menn í hjeruðunum fái rjett til að setja reglur í aðal-velferðarmálum sínum. Þetta frelsi met jeg mikils, og jeg ber það traust til betri manna í hjeruðunum, að þeir láti menn hafa nauðsynlegt sjálfræði.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) berst fyrir frelsinu sem sjálfræði, en jeg berst fyrir því sem sjálfstjórn; og eins og h. þm. (Þ. Böðv.) treystir mönnum við sjó til að gera skynsamlegar reglur um fiskiveiðar, eins hefi jeg ekki minnstu ástæðu til að vantreysta bændum til að setja skynsamlegar reglur um heyásetning, því að jeg efast um, að sjávarbændur sjeu í nokkru fremri landbændum.

Þetta mál hefir nú verið í 2 nefndum hjer á þingi; fyrst var það í 5 manna nefnd 1887, og urðu þeir allir á eitt sáttir með það, og þá var það svo heppið að hafa stuðning h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), og met jeg það jafnan mikils. Nú hefir málið enn gengið gegnum nýja nefnd, og þótt h. þm. (Þ. Böðv.) hafi ekki getað orðið henni samferða, vona jeg, að hann muni láta góðar óskir sínar fylgja því út úr deildinni.

Sigurður Stefánsson: Jeg mun hafa sagt það við 1. umr., að jeg gæfi málinu atkvæði til 2. umr, ekki vegna 1. gr., heldur sjerstaklega vegna 2. gr. frumv. Nú sje jeg, að h. nefnd hefir lagt það til,

að fella 2. gr. burt, og þá verð jeg viss um það, sem jeg var áður í efa um, hvernig jeg skuli greiða atkvæði í málinu. Jeg álít 2. gr. þess efnis, að nær sje þó að halda henni en 1. gr., því þó hún snerti löggjafarmálefni, þá getur þingið afsalað sjer því, ef það vill, eigi síður en það vill gefa heimild til heyásetnings, og það er hægra að beita 2. gr. en 1. gr., án þess að þröngva rjetti manna, því að þar er að ræða um brot, sem framið er, usla, sem gerður er; en þar er ekki gert ráð fyrir, að fara skuli heim á heimili manna, til þess að setja reglur og ákveða refsing fyrir ódrýgðar yfirsjónir, enda mun það erfitt reynast, ef ekki á að brjóta hin helgustu rjettindi manna. Jeg hefi ekki heyrt komið með önnur úrræði, sem jeg get álitið að nokkru haldi, til þess að tryggja menn gegn heyleysi, en þau, að heimila niðurskurð hjá þeim bændum, sem þörf þætti á. Annað væri líka þýðingarlaust, því að þótt ásetningsmenn kæmu til bónda og segðu honum, að hann hefði 20—30 kindum of margt, þá gæti bóndi látið þær lifa eptir sem áður, og honum yrði ekki hóti borgnara fyrir heyskorti, ef ásetningsmennirnir hefðu ekki vald til að fækka hjá honum; því að það sjá allir, að þó samþykktir sjeu gefnar, eru þær til einkis, ef þeim er ekki beitt þar, sem þörf er á; það er þetta eina hrossameðal, niðurskurðurinn, sem gæti hrifið, en það er svo viðurhlutamikið, að jeg vil varla láta veita hjeraðastjórnunum vald til að beita því; slíkt gengur allt of nærri einstaklingsrjettinum. Jeg mun því verða á móti frumv., ef að eins 1. gr. þess verður haldið, en jeg mun verða með því vegna 2. gr., ef hún fær að fylgja með, af því að jeg vona, að sýslunefndir og hjeraðabúar muni ekki verða svo óskynsamir, að beita valdi því, sem þeim er veitt í 1. gr., þótt mjer þyki mjög leiðinlegt að setja þau lög, sem jeg þykist sjá, að ekki geti komið að tilætluðum notum.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd viðvíkjandi orðum h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.). Hann gat þess, að hann sæi engin ráð til að framfylgja ákvæðum þessa frumv. um heyásetning, nema með valdi að skera niður hjá þeim, sem ekki vildu hlýðnast. En af því að jeg hefi hugsað nokkuð mikið um þetta mál, þá hafa mjer dottið mörg önnur ráð í hug, til að fullnægja ákvörðunum frumv.. Þegar heyásetningsmenn koma á heimili manns, þá getur sá, sem hefir of margt fje, en of lítið hey, ef hann er svo efnum búinn, keypt sjer hey eða korn til þess að þurfa ekki að fækka fjenu, og er þetta hægra á haustin en á vorin. Í öðru lagi getur hann tryggt sjer hey, með því að biðja annan mann að hjálpa sjer um hey, ef hann þyrfti á því að halda, og gæti þannig fengið loforð fyrir því. Í 3. lagi gæti hann fengið ábyrgð manns, sem gæti hjálpað, fyrir því, að hann skyldi fá hey, ef hann ræki upp á sker. Jeg gæti bent á mörg önnur ráð; en þessi, sem jeg nefndi, mundu menn venjulega nota. Þetta eitt nægir til að sýna, að til eru mörg önnur ráð en niðurskurður, til að framfylgja heyásetningi. Jeg álít niðurskurð alls ekki nauðsynlegan; en þó vil jeg minna á hið gamla máltæki: «hollur er haustskurður», og jeg þekki engan, sem ekki samsinnir því, þegar hann er orðinn heylaus, og fer að fella fjenað sinn á vorin, að «hollur sje haustskurður».

Jón Þórarinsson: Við 1. umr. þessa máls gat jeg þess, að 1. gr. væri svo orðuð, að jeg gæti ekki gefið henni atkvæði mitt, og enn fremur, að 2. gr. væri öðru vísi orðuð en æskilegt væri. Jeg hefi síðan sannfærzt um, að flest ákvæði 2. gr. væru í lögum, sem nú eru í gildi, og má víst komast af með þau, ef þeim er rjetti-

lega beitt. Þegar litið er til þess, að nefndin hefir tekið burt þau ákvæði, sem ýmsir þingmenn helzt óskuðu eptir og álitu nokkurn kost við, þá lítur svo út, sem nefndin hafi verið að sortera úr þá þingmenn, sem þeir ekki vildu hafa með frumv. H. nefnd hefir sjálfsagt tekizt þetta mjög vel, og jeg vona, að svo margir verði á móti frumv. hjer í deildinni, að það þurfi ekki að leggja það niður við trog efri deildar. Jeg held það sje bezt að fara hjer eptir setningu h. framsögum. (P. Br.) og segja: «hollur er haustskurður». Það er bezt að slátra frumv. strax, en láta það ekki falla eins og horgemling fyrir niðurskurðarmönnunum í h. efri deild.

Þorleifur Jónsson: Jeg verð að játa, að jeg skil ekki vel mótmæli þau, sem fram hafa komið gegn þessu máli. Aðalástæða mótmælendanna hefir verið sú, að frumv. hefði ákvæði að geyma, sem takmörkuðu frelsi manna.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að frv. skerti hin helgustu rjettindi manna. Þetta get jeg ómögulega skilið. Sýslunefndin á að gera samþykktina og bera hana síðan undir hjeraðsbúa, og verður hún því að eins að lögum, að $^2/_3$ þeirra, er atkvæði greiða, samþykki hana og amtmaður síðan staðfesti hana. Það eru þannig helztu menn hjeraðanna, sem gera samþykktina; og þegar þannig er um hnútana búið, þá eru engin líkindi til, að nokkuð verði sett í samþykktir, sem þröngvað geti frelsi sjálfra þeirra, sem þær hafa samþykkt, og við þær eiga að búa. Mjer finnst sumir h. þingdm. ganga út frá því, að landsmenn sjeu svo miklir aular og heimskingjar, að þeim sje ekki trúandi til að gera samþykktir um þessi mál, án þess að skaða sjálfa sig.

Þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) talaði um frelsi og sjálfstjórn, sem hann æfinlega væri með að efla, þá finnst mjer mótsögn af honum, að vera á móti þessu frumv., sem fer fram á að veita hjeruðunum meira frelsi en þau hafa nú.

Þingm. (Þór. Böðv.) talaði mikið um, að menn ættu að gera allt, sem að þessu heyásetningsmáli lýtur, með samtökum. En það er að gætandi, að frjálst samkomulag hefir að vísu gildi sem samningur, en ekki sem lög, og að því leyti eru samþykktirnar fullkomnari en frjáls samtök, að þau eru bindandi sem lög, og það verður hægra að halda mönnum við hlýðni við þær, en að haldal auslegt samkomulag, úr því þeir einu sinni hafa fallizt á þær. Það er svo fjarri því, að jeg hafi þá skoðun, að þetta frumv. takmarki frelsi manna, að jeg álít miklu fremur, að það auki frelsi hjeraðanna. Jeg sje heldur ekki, að mótmælendur frumv. hafi fært rök eða komið með minnstu líkur fyrir, að hjeraðamenn væru yfir höfuð svo óskynsamir, að þeir gætu ekki sett sjer skynsamlegar reglur í málum þessum.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagðist hafa verið með frumv. við 1. umr. vegna ákvæðanna í 2. gr. En mig minnir ekki betur, en að hann lýsti því yfir á dögunum, að hann gæti verið með frumv. nú, af því að þetta frumv. væri allt annað og miklu aðgengilegra, en frumv. 1887. Þó nú 2. gr. fjelli burt, þá er 1. gr. þó eins góð allt fyrir það, því að hún breytist ekkert við það. Ef h. þm. gat verið með 1. gr., meðan 2. gr. fylgdi með, þá getur hann eins verið með 1. gr., þó 2. gr. falli burt.

Jeg skil ekki röksemdir h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) og h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) fyrir því, að þeir geti ekki verið með frv. eins fyrir því, þó 2. gr. falli burt. Það eru þó sjerstök málefni í hvorri greininni fyrir sig.

Þá hefir það verið sagt, að lög eins og þessi mundu verða lítið notuð; en þó er í sömu andránni verið að gera ráð fyrir því, að þau muni verða til þess, að samþykktir verði settar, sem skerði frelsi

manna, en þetta er mótsögn. Ef lögin verða ekki notuð, þá verða þau ekki til skaða fyrir mannlegt frelsi.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að hið eina ráð til að fá menn til að setja vel á, væri niðurskurður. En það eru mörg önnur ráð til, enda er niðurskurður alls ekki heimilaður í þessu frv.

Í samþykktum þeim, sem hjer ræðir um, geta menn hugsað sjer margar reglur, sem mundu bæta mikið úr slæmum heyásetningi. Það mætti t. d. hugsa sjer, að í samþykktum væri ákveðið, að kosnir yrðu menn til að skoða heyforða bænda á haustin, og líta eptir hirðing búpenings á vetrum og vorum, menn, sem gæfu ráð um, hve mikið mætti setja á heyin o. fl. Til þess yrðu auðvitað valdir hinir beztu menn í hverju byggðarlagi, og það mundi margur fara að þeirra ráðum. Þegar þessir menn koma á bæina, og líta eptir allri hirðingu fjenaðarins á vetrum, þá gætu þeir bent á ýmislegt, sem ábótavant væri. Sömuleiðis mætti ákveða verðlaun þeim, sem skara fram úr öðrum í fjárhirðing. En það er aðgætandi, að það þarf einhversstaðar að taka fje til að standast kostnaðinn við þessar heyskoðanir og til verðlauna, og þess vegna er gott, að hafa vald til að jafna kostnaðinum niður á menn. Jeg er viss um, að margur fjármaður mundi gangast fyrir því, ef hann ætti von á verðlaunum, og vanda fjárhirðinguna miklu betur einmitt fyrir það.

Eins og jeg tók fram áðan, þá takmarkar frumv. ekki á nokkurn hátt frelsi manna, og jeg ímynda mjer, að ef lög þessi kæmust á, þá fyndu menn smátt og smátt hinar skynsamlegustu reglur um heyásetning, sem yrði til að minnka þetta mikla þjóðarmein — horfellirinn.

Grímur Thomsen: Mjer virðist þeir h. þingdm., sem mótmælt hafa þessu frumv., tala í þá stefnu, að þeir sjeu móti samþykktum í atvinnumálum yfir höfuð að tala. Þeir munu þó ekki vera mótfallnir samþykktum í sjávaratvinnuvegamálum, og þó er ekki nær gengið eignarrjetti manna, þó menn skerist í, ef illa er farið með skepnur, heldur en þegar skorizt er í, ef menn leggja lóðir sínar og net óskynsamlega í sjóinn. H. 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þór. Böðv.) kvaðst vilja trúa því, að menn færi skynsamlega með efni sín, án þess að binda þá til þess með lögum. En trúði h. þm. þeim, sem hlut áttu að máli, til að fara skynsamlega með efni sín, þegar hann var með því, að koma á fiskiveiðasamþykktunum við Faxaflóa? Jeg veit, að h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) hefir alstaðar verið hvatamaður að því, að landar hans færi skynsamlega með efni sín; en trúir hann þeim öllum til að gera það?

Ef hjer stæði: Skylt er að gera samþykktir o. s. frv., þá gæti jeg vel skilið, að margir yrðu á móti frumv. En hjer er að eins um heimildarlög að ræða, og svo um hnútana búið, í sveitarstjórnarlögunum, að engin hætta getur verið, að samþykkja frumv. Fyrst getur sýslunefnd, ef henni virðist hagkvæmt að fá samþykkt um þetta efni, kallað saman hjeraðsfund; þar verða svo $^2/_3$ af þeim, sem greiða atkvæði, að vera með samþykktinni, og loks er hún send amtmanni til staðfestingar, og á hann einkum að sjá um, að samþykktin þröngvi ekki atvinnufrelsi manna á neinn hátt eða hafi neitt það í sjer fólgið, er komi í bága við gildandi lög. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, í hve mikinn háska þeir stofna, ekki einungis sjálfum sjer, heldur líka fjelagi sínu, sem svelta og horfella skepnur sínar. Jeg er alveg viss um, að hallærið í hitt eð fyrra, og hallærislánin stafa að miklu leyti af hirðuleysi, illri meðferð á skepnum og horfelli. Jeg hefi líka fyr og síðar lesið

það í búnaðarritum og blöðum, að 1. gr. í búskapnum væri sú, að setja skynsamlega á hey sín, og sú hugsun, sem kemur fram í þessu frumv. um heyásetning, er alls ekki ný. Hinn alkunni merkismaður Magnús Stephensen konferenzráð og Stefán amtmaður Thorarensen skrifuðu mikið um það, og skrifuðust á við stjórnina um það, að stofnuð yrði heyforðabúr með lögum. Hjer er að eins að ræða um heimild til að gera samþykktir í þessum málum, eptir þeim skorðum, sem settar eru í lögum 14. des. 1877. Þegar menn segja, að það sje ópolandi skerðing á eignarrjettinum, sem hjer er farið fram á, þá vil jeg benda mönnum á, hvernig var farið að í fjárkláðanum. Þegar fjeð var skorið niður, nauðungarskurði, þá mátti segja, að eignarrjetturinn væri skertur, en sú skerðing var skynsamleg, því annars hefði drepsótt þessi farið um allt land. En hjer vil jeg segja, að ræða sje um hættulegri drepsótt, þegar sú drepsótt kemur í hugsunarhátt manna, að setja illa á hey sín og drepa fjenaðinn úr hor.

Loks skal jeg lýsa yfir því, að það gladdi mig að heyra h. 1. þm. Snæfell. (P. Br.) lofa því, að hann skyldi aldrei vera með hallærislánum, ef þetta frumv. yrði samþykkt, og þess vegna er jeg líka eindregið með frv.

Landshöfðingi: Eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, álít jeg ákvæði 1. og 2. gr. þessa frumv. mjög viðsjárverð. Þar sem ákveðið er í 1. gr., að reglur megi setja um heyásetning og heyskoðun, og að setja megi menn til að hafa umsjón með hirðing á búpeningi manna, þá er þetta hin mesta skerðing á eignarrjettinum. Þetta er búið að margtaka fram, svo jeg þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

En það er annað í 1. gr. frumv., sem ekki hefir verið minnzt eins mikið á. Þar stendur, að gera megi samþykktir um stofnun heyforðabúrs og kornforðabúrs á kostnað sýslusjóðs eða sveitarsjóðs. Með þessu er gefin heimild til, að leggja á hreppsbúa og sýslubúa skatt og byrði, sem enginn getur fyrirfram haft hugmynd um, hvað mikil mundi verða. Að öðru leyti sje jeg ekki, að þörf geti verið á þessum heyforðabúrum. Sama er að segja um kornforðabúrin, sem jeg sje ekki, að heyri undir þetta mál, þar sem stofnun þeirra getur ekki staðið í neinu sambandi við heyskoðun eða skepnuhirðing. En það, sem hjer er einkum athugavert, er það, að sýslunefndum er gefið vald til að leggja á menn gjöld, sem enginn getur haft hugmynd um, hvað geta orðið mikil. Auk þess er það alveg óákveðið í frumv., hvort kostnaðurinn á að leggjast á sýslusjóðinn eða hreppssjóðinn. Mjer finnst þó, að löggjafarvaldið geti ekki leitt hjá sjer, að ákveða, hvor sjóðurinn skuli bera kostnaðinn.

Þar sem hjer er að eins að ræða um leyfi til að gera þessar samþykktir, þá virðist mjer liggja í því, að meðmælendur frumv. sjái sjálfir, að þetta leyfi verði ekki notað, og að þeir hafi von um, að það verði ekki notað. En jeg álít ekki rjett, að löggjafarvaldið gefi frá sjer nokkurn part af valdi sínu í von um, að það verði ekki notað. H. nefnd hefir nú lagt það til, að nema burt 2. gr. frumv., en jeg skyldi hafa verið henni þakklátur, ef hún hefði lagt til, að fella 1. gr. með, því þá mætti álíta 3. gr. meinlausa.

Sigurður Stefánsson: Það er að eins fátt, sem jeg þarf að taka fram. H. 2. þm. Húnv. (Þorl. Jóns.) sagði, að við sem mæltum á móti þessu frumv. gengjum út frá því, að landsmenn í hjeruðunum væru svo miklir aular og heimskingjar, að þeim væri ekki trúandi fyrir neinni stjórn. Þessu mótmæli jeg alveg. En það mun jeg og fleiri hafa tekið fram, að samþykktir þær, sem gerðar yrðu eptir þessu frv., gætu auðveldlega skert atvinnu-

veg og eignarrjett manna, og þótt þingið gæfi þessi heimildarlög, þá mundu fáar sýslunefndir verða, mjer liggur við að segja þeir aular, að nota þessa heimild, og er það þó allt annað.

Eptir skilningi meðmælenda þessa frv. skil jeg ekki, hvaða þýðingu heyásetningamennirnir geta haft. Ef þeir koma heim til mín, og segja: þú setur of margt á; það er 30 kindum of margt hjá þjer, þá get jeg sagt: Nei, jeg hefi nóg hey. Hvað getur heyásetningarmaðurinn þá sagt og gert? Meðmælendur frumv. segja, að heyásetningarmaðurinn hafi ekki vald til að bjóða niðurskurð; og hvaða þýðingu hefir hann þá?

En ef heyásetningamenn neyða mig til að skera niður, og jeg á svo fyrningar, hver á þá að bæta mjer skaðann? Ef heyásetningamennirnir hafa verra vit á því, hvað setja má á, en jeg sjálfur, hver á þá að bæta mjer skaðann, sem jeg hefi af því, að fylgja ráðum þeirra, og sitja svo eptir með miklu meiri hey en jeg ætlaði mjer að eiga eptir? Þótt það sje búmannlegt, að fyrna hey, þá fer bezt á því, að fyrningarnar sjeu ávöxtur af framsýni bóndans, en ekki fyrir lögþvinganir; og búmannlegt er alls ekki, að skera niður fjenað sinn, en láta heyin máske fúna niður í jörðina.

Þá finnst mjer ákvæðin um heyásetninguna og heyforðabúrin reka sig hvort á annað; því þegar þessir makalausu búspekingar eru búnir að ganga um hreppinn, þá má víst búast við, að enginn verði heylaus. Til hvers eru þá heyforðabúrin? Kostnaðurinn við þau yrði þó ekki svo lítill; og getur heyforðinn vaxið yfir höfuð í einni sveit, þótt bændur reiði hey saman á einn stað? Ef jeg sel einn hest af heyi í forðabúrið, þá hef jeg sjálfur einum hesti minna, og verð því að setja því minna á.

H. framsögum. (P. Br.) var að útlista frelsishugmyndina, eins og hún væri hjer á landi. En eins og við viljum hafa sjálfstjórn í því stóra, eins viljum við hafa hana í því smáa. Við viljum flytja sjálfsstjórnina inn í hjeruðin, já, til einstaklinganna sjálfra. Og sje það sjálfstjórnarlegt, að einn eða tveir menn ráði fyrir alla í heilum hreppi, og segi þeim, hvernig þeir eigi að setja á hey og hirða fjenað sinn, og geti beitt lögþvingunum við hvern þann, sem ekki vill hlýða þeirra ráðum um hans eigin eignir og atvinnu, þá leggur þm. Snæf. ekki mikið í sjálfstjórnarhugmynd vora.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist á, að það væri engin nýmæli, að fyrirskipa ýmsar reglur fyrir búskap manna. Jeg kannast við það. Jeg þekki t. d. instrúxið fyrir hreppstjóra, sem gefið var út um aldamótin. Hreppstjórarnir áttu að gera allt mögulegt og ómögulegt. Þeir áttu æfinlega að vera við kirkju til þess að varna hundum að fara inn í hana. Þeir áttu að gæta þess, að ekki væri talað ljótt í baðstofunum. Þeir áttu að vera við hverja lýsingu, til þess að sjá um, að enginn óráðsmaður gipti sig, og meðal annars áttu þeir að líta eptir heyásetningi. En aldrei gekk þó ver í sveitarstjórninni en þá. Margir köstuðu sínum áhyggjum upp á hreppstjórann í gula vestinu og einkennisbúningnum, og fóru á sveitina í trú, von og trausti á blessaðan hreppstjórann, sem átti að hafa vit fyrir allan hreppinn í veraldlegum og andlegum efnum.

Jeg vil veita hjeruðunum sem mest vald í sínum eigin málum, en jeg vil ekki gefa lög, sem ekki koma að neinum notum, heldur eru þýðingarlaus í framkvæmdinni, nema með því að skerða eignarrjett manna og atvinnufrelsi.

H. 2. þm. Húnv. (Þorl. Jóns.) þótti undarlegt hugsunarsambandið hjá mjer, þar sem jeg gæti ekki verið með 1. gr.,

þó 2. gr. fjelli burt. En þetta er þó í rauninni ekki svo undarlegt, því jeg tók það einmitt fram við 2. umr. málsins, að jeg gæti vel verið með 2. gr., en 1. gr. væri meinlítil en gagnslaus. En nú þegar 2. gr. á að falla burt, þá þykir mjer ekki svo miklu skipta um 1. gr., að jeg vilji samþykkja frumv. hennar vegna.

Loks skal jeg geta þess, að það á ekki við, að bera saman fiskiveiðasamþykktir og samþykktir um heyásetning o. s. frv., því þegar veiðiaðferðin er ráðlausleg, þá skaðar hún almenning, en þó jeg setji of mikið á hey mín, og felli úr hor, þá skaða jeg beinlínis engan með því, nema sjálfan mig. En fyrir illa meðferð á skepnum á að hegna samkvæmt gildandi lögum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefi áður látið í ljósi álit mitt á þessu máli almennt, og gert grein fyrir því, hvers vegna jeg neyddist til þess að koma fram með ágreiningsatriði í nefndarálitinu. Skal jeg nú eigi taka það upp aptur, er jeg hef áður sagt, en að eins drepa á það, að helzta ástæðan til þess, að jeg gat eigi orðið h. meðnefndarmönnum mínum samferða, var sú, að mjer finnst frumv. þetta ganga allt of langt í því, að skerða eignarrjett manna.

H. framsögum. (P. Br.) bar frv. það, er hjer liggur fyrir, saman við lögin um fiskiveiðasamþykktir; en mjer finnst hjer vera ólíku saman jafnað. Þorskurinn í sjónum er einskis einstaks manns eign, heldur sameign, áður en önglinum er rennt til hans; en fje og heyforði manna er ekki sameign. Finnst mjer vera stór munur á, hvort aðrir hafa hönd í bagga með því, hvernig vjer förum að hagnýta oss þessa sameign, nefnil. fiskinn, og á því, hvernig vjer hagnýtum og förum með það, sem er eiginleg eign hvers einstaks af oss. *(Páll Briem:* En frelsið?). Það mun í engu landi ókunnugt, að samþykktir sjeu gerðar um fiskiveiðar; en slíkt fyrirkomulag sem farið er fram á í frv. þessu, mun hvergi þekkjast. Jeg álít eigi heppilegt, að leiða inn í deildina heimspekilegar umr. um það, hvað sje frelsi, einkum þar sem jeg heyri, að heimspekingana greinir á um það; jeg fyrir mitt leyti fylgi þeirri útlistun á frelsinu, að sá maður sje frjáls, sem ákvarðar sig sjálfur, er sjálfstæður, öðrum óháður, og sjálfum sjer samkvæmur. Frá mínu sjónarmiði gengur frv. þetta því mjög nærri frelsi manna, þar eð þeir, ef það yrði að lögum, mundu hvorki geta verið öðrum óháðir nje sjálfum sjer samkvæmir. Aðrir eiga að setja þeim reglur fyrir breytni þeirra og framferði. Jeg er h. flutningsm. (P. Br.) samdóma um það, að eigi sje vert að halda fram sjálfræði manna, því við sjálfræði skil jeg það, að vilja eigi lúta neinu valdi.

H. flutningsm. (P. Br.) hjelt því fram, að sjálfsstjórn manna mundi aukast, ef frv. þetta yrði að lögum; en jeg fyrir mitt leyti álít, að sjálfsstjórn einstaklingsins mundi að mun minni, ef svo færi.

H. flutningsm. (P. Br.) ljet enn fremur í ljósi þá ósk, að jeg ljeti góðar óskir fylgja frv., ef það næði fram að ganga hjer í deildinni; sem prestur og prófastur get jeg eigi óskað því betra en að það bæti ráð sitt; jeg vil þá óska þess, að ef frv. þetta skyldi koma aptur til umr. hjer í deildinni, að það væri þá orðið svo úr garði gert, að jeg sæi mjer fært að gefa því atkvæði mitt. Nú finnst mjer það ganga svo langt, og gefa sýslunefndunum svo mikið vald, að þær geta blandað sjer inn í nálega öll þau mál, er snerta bændur. Að vísu er hjer að eins um heimildarlög að ræða, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram; en mjer finnst eigi ástæða til þess að gefa heimildarlög um það, sem maður veit að eigi muni gert verða. Enda mundi eigi vera hægt að koma á einni samþykkt fyrir heilt sýslufjelag.

Þorvaldur Bjarnarson: Það hefir mikið verið talað í máli þessu, og jeg hef ásamt öðrum tekið til máls í því og sagt,

að frv. væri til mikils skaða fyrir land og lýð, ef það næði fram að ganga, eins og líka jeg allt af áður hef verið máli þessu mótstæður, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) má vera kunnugt frá framkomu minni bæði nú og á síðasta þingi. Hæstv. landsh., h. 1. þm. Ísf. (S. St.) og h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) hafa einnig andmælt máli þessu, og sannað gegn frv., að það sje ekki heppilegt nje rjettlátt, og stendur það líka óhrakið.

Jeg skal nú taka eitt dæmi, er sýnir, hve óbrúklegt frumv. þetta mundi verða í framkvæmdinni; setjum t. d., að í einum hrepp sjeu 60 búendur; þar af ráða $^2/_3$ hlutar, og væri vel skipuð, ef 6 væru, sem færir væru um að ráða í þeim efnum, sem frumv. ræðir um. Hver mundi nú verða afleiðingin? Engin önnur en sú, að þessir 6 kæmust í minni hluta, og sá miður heppilegi vilji þeirra 54 yrði sá, sem úrslitunum ræði; þeir, sem ekki hefðu vit fyrir sjálfum sjer, yrðu þannig löggjafar allra hinna, og vona jeg h. framsögum. (P. Br.) sjái, hvern dilk slíkt mundi eptir sjer draga; þeir 6 mundu verða að hlíta ákvæðum hinna; en afleiðingin verður, að einn missir úr hor, en annar fyrnir mikið hey, sem varð að skera mikið af fjenaði sínum niður að ráði þeirra, svo báðir höfðu mikla búsveltu; hjúin klöguðu fyrir lítið og ljelegt fæði, urðu mjög mögur sjálf, og neyddust til að ganga úr vistinni, og hefðu farið sem menn segja á vonarvöl, ef eigi hefði staðið svo heppilega á, að einmitt nokkrir, sem eigi hlýddu heyásetningsmönnum, urðu til að bjarga þeim. Þetta var nú afleiðingin, auk þess sem hann er klagaður, sem horfelldi, fyrir illa meðferð á skepnum, og til skaðabóta fyrir horskemmd á ánum, leigugrip, sem hann átti ekki sjálfur; hann þóttist nú ekki vera rjett kærður, því hann hefði algjörlega fylgt fyrirmælum heyásetningsmanna, og það væru þeir, sem ættu að standa hvort heldur hegningu eða skaðabætur, en sjálfur ætti hann ekki að sæta sektum eða skaðabótum; en aðrir sögðu, að þá yrði þeim ekki náð, því heyásetningsmennirnir væru allir öreigar, og mundu heldur ekki geta svarað sektum eða skaðabótum fyrir hor og illa meðferð á sínum eigin litla fjenaði, sem þeim þó sjálfsagt að lögum hlyti að bera að greiða. Sá kærði hjelt hann hlyti þá að fá það af veði því, sem heyásetningsmennirnir, embættismennirnir, hefðu sett eða hlytu að hafa sett, sem tryggingu fyrir áreiðanlegleik stöðu sinnar; það kom nú öllum saman um, að svo mundi rjett vera, og var þá farið að leita eptir því; en það fyrirfannst ekki, því það litla, sem þeir höfðu handa í milli sem eign, var í veði hjá kaupmönnum, sem höfðu tóbaksverzlun, samt kaffi, brennivín og glysvarning, sem þeir urðu að fá til að fullkomna hátíðahaldið á jólunum, og svo við minningu þá, sem þeir urðu að gera, þegar þeir urðu embættismenn. Bóndinn skrifar nú landsstjórninni, vænist að vera frífundinn fyrir sektum og skaðabótum móti horfellinum, en mælist jafnframt til, að henni mætti þóknast að sjá svo um, að hann fengi þann skaða endurgoldinn, sem hann eptir mati hlutvandra manna hefði beðið af ákvæðum frumv. og framkvæmd hinna nefndu embættismanna, en landsstjórnin tjáðist eigi geta ávísað fje til endurgjalds í því efni, þótt játa yrði, að hann væri með öllu sýkn saka og rangt hafður, því stjórnarskráin hefði heldur ekki að einu nje öðru verið numin úr gildi, svo eignarrjetturinn eptir 50. gr. hennar að dæma væri jafnfriðhelgur fyrir því lagaboði, sem hjer ræðir um, og þeir, sem fyrir skaðanum hefðu orðið af heyásetningunni, hefðu sjer skaðlaust og hættulaust getað farið eins að, eins og hinir skynsömu í sama hreppi, að hlíta ekki hinni óskynsamlegu tillögu embættismannanna.

Hjá hinum skemmdust heyin í garðin-

um, og fannst mikið minna fóður í þeim til næsta vetrar; en eptir að hafa heyrt afdrif hins, er horfelldi, og ummæli landsstjórnarinnar, treysti hann sjer ekki að leggja sitt mál lengra; en afleiðingin varð sú, að það olli mestu örbyrgð og sundurlyndi í hreppnum, með því að embættismennirnir vildu ekki missa af hag og virðingu stöðu sinnar, og tjáðust árlega framkvæma dómana samkvæmt lögum um heyásetning; bændurnir sögðust nú þurfa að flýja og flýta sjer að komast til Ameríku, þar sem rjettur sinn væri svo fyrir borð borinn, sem hjer ræðir um; því embættismennirnir gætu farið í heygarðinn og tekið heyið í heybúrið, í heimabúrið og tekið matinn í kornforðabúrið, kýrnar úr fjósinu, hestana og sauðfjeð úr haganum, slegið úr túni og engjum þar sem þeim sýndist í heyforðabúrið, og sagt mönnum að gefa fjenaði, þegar *þeim* sýndist, og beita því, þegar *þeim* sýndist, og enn fremur gætu þeir látið framkvæma fjárnám til borgunar þeim fyrir embættisráðsmennsku sína; og allt svo vitum vjer sjálfir aldrei, hvað vjer megum hugsa eða gera í því, er að búskap lýtur. Ef allt þetta er ekki afleiðing hinna umræddu laga, yrðu þau kraptlaus. — Jeg skal svo ekki fara hjer um fleiri orðum, heldur einungis láta í ljósi þá ósk mína, að frv. eigi komist gegn um þingið, þar það vel meinta, sem í því kann að felast, virðist ekki hafa við nein heppileg eða skynsöm rök að styðjast.

Árni Jónsson: Jeg er h. 2. þm. Rangv. (Þ. B.) samdóma um það, að umr. sjeu þegar farnar að verða nokkuð langar, en hitt get jeg eigi fallizt á, er hann sagði, að «illt þyrfti að segja um þetta frumv., þótt það væri vel meint». Það er leitt, að hann sem er svo skynsamur maður og viðurkennir að meiningin er góð, skuli eigi geta veitt frumv. þessu fylgi sitt.

Margir af h. þm. hafa tekið hart á frumv. þessu, en jeg vil leyfa mjer að minna á, að málsháttur inn: «Bóndi er bústólpi, bú er landsstólpi», er eigi enn þá úr gildi genginn; það er full reynsla fyrir því, að einmitt hinir beztu bændur tryggja bústofn sinn og fylgja þeirri reglu, sem farið er fram á að gjöra almenna í frumv. þessu. Hvaða trygging er fyrst og fremst nauðsynleg fyrir því, að «bú sje landsstólpi»? Jeg held það sje fyrst og fremst, að setja vel á, fóðra vel og hafa jafnan nóg hey. Heyforðinn er aðaltryggingin fyrir því, að halda fjenaðinum, og fjenaðurinn er fóturinn undir búinu. Það er víst fremur sjaldgæft, að þar sje góður búskapur, sem illa er sett á og opt heylaust. Hitt held jeg hver hirðusamur og góður bóndi telji grundvöll fyrir góðum búskap, að vera jafnan vel heybyrgur, og heldur að eiga nokkrar heyfyrningar en komast í heyþrot. Það er með öðrum orðum, að hann hefir nokkurs konar heyforðabúr fyrir sjálfan sig og stundum aðra líka.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. Bj.) mun og fylgja þessari reglu sjálfur í búskap sínum, og er það henni að þakka, að hann eigi einungis stendur sig sjálfur vel með heyforða, heldur getur miðlað öðrum af nægtum sínum, þegar þörf gjörist. Það, er mjög leitt, að hann skuli eigi finna nema 6 af hverjum 60, er fylgja þessari reglu; jeg fyrir mitt leyti held að þeir sjeu fleiri.

Það er mitt álit, að nauðsynlegt sje, að menn geti gjört samþykktir um að tryggja bústofn sinn, enda er sú tilfinning vöknum víða um land. Jeg get eigi sjeð, að frumv. þetta skerði eignarrjett manna; því að þeir, sem samþykktunum eiga að hlýða, eru einmitt sömu mennirnir, sem gjöra þær, og þeir sömu, sem velja heyásetningamennina.

Mjer þótti það miður fara, er hæstv. landshöfðingi mælti, að þeir sem fylgdu þessu frumv. mundu gjöra það í þeirri von, að það yrði eigi notað, þótt það yrði

að lögum. Það er þvert á móti um mig; jeg vona, að það verði notað, ef það verður að lögum, og af þeim ástæðum greiði jeg atkvæði með því. Í mínu kjördæmi kom fram ósk um, að þingið veitti sýslunefndunum vald til þess að gjöra samþykktir bæði um þetta og fleiri innanhjeraðsmál, enda hefði jeg gjarnan viljað hafa 2. gr. líka; en þar sem stefnan er svo rík á móti henni, vil jeg þó heldur missa hana en allt frumvarpið. Eins og tekið hefir verið fram, er hugmynd sú, er liggur til grundvallar fyrir frumv., eigi ný. Það eru dæmi til þess, að það hafa verið stofnuð kornforðabúr einmitt í þeim tilgangi, að grípa til í harðindum og þegar ásetningur og hey reynast ekki eins vel og við var búizt og vera átti. Geta menn þannig haft meiri tryggingu en ella fyrir því, að geta átt kost á að bjarga lífsstofni sínum þegar í nauðirnar rekur. Sumir af mótmælendum þessa frumv. eru hjer eigi viðstaddir, og ætla jeg því eigi að svara mótbárum þeirra, þótt margt væri í ræðum h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv) og h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) athugavert. Að eins get jeg eigi látið hjá líða að benda á, að mjer finnst h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) komast í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann er að tala um, að frumv. þetta gangi of nærri frelsi manna, þar sem hann þó sjálfur fyrr á þingtímanum kom fram með annað frumv., sem gekk miklu lengra í þá átt; jeg á við frumv. um fátækramálefni; og skal leyfa mjer að benda á þetta ákvæði í því: «Bæjarstjórnir og hreppanefndir *hafa rjett til* að ráðstafa þeim í vinnu, sem *eru fátækir, hafa eigi atvinnu* og *eru líklegir* til þess að verða fjelaginu til byrði». Mig furðar á því, að h. þm. skuli eigi sjá, að með þessum orðum er gengið miklu lengra en í frumv. því, er hjer liggur fyrir, og að í þessu er mótsögn við það, sem hann sagði í dag. Eins og jeg hef lýst yfir, álít jeg mjer skylt að fylgja þessu frumv. eins langt og jeg get; hvað um það verður, þegar það er komið út úr þessari deild, fæ jeg eigi að gjört.

Ólafur Pálsson: Jeg skal nú ekki vera langorður. Jeg hef eigi sjeð mjer fært að gefa frumv. þessu atkv. mitt við hinar fyrri umr., og sje mjer enn eigi fært að gefa því atkv. mitt út úr deildinni, vegna þess, að jeg álít gengið of nærri eignarrjetti manna. Jeg efast alls eigi um það, að h. formælendum þessa frumv. muni ganga gott eitt til; en jeg efast um það, að það muni koma að þeim notum, er þeir ætlast til, ef það verður að lögum. Það er mín skoðun, að ef þessi heyforðabúr komast á, verði það til þess, að menn muni setja meira á hey sín og stóli upp á forðabúrin, og verði seinni villan verri en sú fyrri. — Þótt nú frumv. þetta yrði að lögum, efast jeg stórlega um, að það mundu verða mörg hjeruð á landinu, sem notuðu leyfi það, er þeim væri gefið, að minnsta kosti í mínu kjördæmi. En hvernig sem fer um það, get jeg eigi gefið frumv. atkv. mitt.

Framsögumaður (Páll Briem): Það hafa orðið nokkrar deilur um þetta frv. nú, eins og 1887, en það hefir samt orðið svo heppið, að ná fleiri atkvæðum nú heldur en þá, þó að $^2/_3$ atkvæða væru þá greidd fyrir því hjer í deildinni, og kemur það af því, að dregið hefir verið úr ákvörðun frumv. frá 1887 viðvíkjandi valdi því, er þeir hefðu, sem settu á hey; þá áttu þeir að hafa vald til að láta skera af heyjunum, en þetta getur ekki átt sjer stað eptir frumv. þessu. Það er mjög undarlegt, er h. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að niðurskurður væri eina ráðið, sem hægt væri að hafa í þessu efni; jeg hefi áður tekið fram ýms önnur ráð, sem hægt væri að hafa; menn geta keypt hey eða korn, sömuleiðis má koma af sjer í fóður, einnig fá loforð um heyhjálp, svo full tryggilegt sje; en það er eins og mótmælendur þessa frumv. aldrei geti skilið það

sem sagt er til að skýra málið. Þeir berja stöðugt fram sömu mótbárurnar, og sama glamrið, stundum um frelsi, stundum um kostnað; seinast var talað um að með frumv. væri gjörð skerðing á eignarrjettinum; en þegar ekkert liggur við nema sektir, ef heyásetningarsamþykkt er brotin, er auðsætt, hversu þetta er fjarstætt.

Hæstv. landshöfðingi talaði mjög um hinn mikla kostnað, sem af þessu hlyti að leiða, að stofna hey- eða kornforðabúr; en þetta kemur af því, að hann þekkir ekki þetta atriði nógu vel; eptir því, sem jeg hefi hugsað það, og eptir því, sem sumstaðar er reynsla fyrir, þá þarf þetta svo sem engan kostnað að hafa í för með sjer. Það er sjerstaklega einn vegur, sem hreppsnefndir geta haft og hafa haft við það að stofna kornforðabúr, nefnilega sá, að þeir fá loforð hjá einhverjum kaupmanni um, að hafa á reiðum höndum á ákveðnum tíma vissar byrgðir af korni; þetta er mjög haganleg aðferð, sem engan kostnað hefir í för með sjer, og sömu aðferð má hafa til að koma upp og hafa heyforðabúr; það þarf eigi annað en semja við einhvern heyaflamann í sveitinni, að hann skuli hafa ákveðinn heyforða til á næsta vori; þetta þarf eigi að kosta mikið, ef verðið á heyi hans er sett nógu hátt og heyskuldirnar eru tryggðar með lögtaksrjetti.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál; en jeg get þó eigi bundizt þess, að minnast á framkomu sumra þingmanna í þessu máli. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) greiddi atkvæði með málinu 1887; og þótt málið nú sje í aðgengilegra formi heldur en þá, breytir hann stefnu sinni án nokkurra ástæðna. Þó finnst mjer enn undarlegri framkoma h. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.); það var einmitt hann sjálfur, sem 1881 kom með frumv., sem gekk alveg í sömu átt, nema hvað þar var gengið töluvert lengra. Til þess að sýna fram á þetta, skal jeg lesa upp orð út 1. gr.; þar stendur: «Heimilt skal hreppsnefndum, að afliðnum haustrjettum, að setja á hey bænda í hverjum hreppi, og skulu þær hafa fullnaðarúrskurð í þessu efni».

Ennfremur segir svo: «Sýni nokkur hreppsbúa mótþróa gegn því, sem hreppsnefndir skipa fyrir í þessu efni, sæti hann dagsektum, sem ekki mega fara fram úr 2 kr. á dag». Þetta bar þingmaðurinn sjálfur fram á þingi 1881, ásamt nokkrum öðrum þingmönnum. Auðvitað geta menn breytt skoðun sinni; en það þurfa þá að vera einhverjar nýjar ástæður til þess; en að breyta skoðun sinni nærri því að eins eptir því, hver mælir fyrir málinu, það er ekki heppilegt, og er nauð að eiga að framfylgja landsmálum, meðan slíkt stefnuleysi ræður hjá sumum þingmönnum.

Þetta er samkvæmt óskum mjög margra landsmanna, einkum þeirra, sem eru í þeim plássum, þar sem þörf er að tryggja sig fyrir hörðum vetrum, og jeg tel það viðurhlutamikið, að neita mönnum um þá heimild til að bæta heyásetning, sem hjer er um að ræða.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að þetta væri ekki ný hugmynd, að vilja tryggja lífsstofn sinn; já, það er alveg satt, hugmyndin er síðan 1700, og ýmsir merkir menn hafa komið með hana, en það er þó nýtt í þessari hugmynd að menn sjái sjálfir fyrir sjer, sjeu sjálfir sinnar eigin hamingju smiðir, og það er einmitt þetta, sem jeg legg svo mikla áherzlu á, að þeir fá valdið og ábyrgðina; og noti þeir ekki þetta vald, sem þeir fá; til að afstýra voðanum, þá sje jeg ekki, fyrir mitt leyti, neina ástæðu til að veita slíkum mönnum hallærislán.

Ólafur Pálsson: Ja, jeg er ekki aldeilis eins og þeir, sem aldrei vilja kannast við, að þeir hafi breytt skoðun sinni og látið sannfærast; en þetta frumv. er þó aldeilis ekki eins og frumv. frá 1887,

því þó jeg væri með að koma því inn á þing, var jeg ekki beinlínis flutningsmaður þess, eins og mun sjást. Jeg er ekki svo stór upp á mig, að jeg láti ekki sannfæra mig af þeim, sem sjá betur, og jeg er ekki svo, að jeg geti ætíð treyst minni fyrstu hugsun sem hinni beztu, en það er sjálfsagt regla h. þm. Snæf. (P. Br.).

Hæstv. landshöfðingi tók ýmislegt til, og sýndi fram á, að frumv. þetta mundi skerða eignarrjett manna, ef það yrði að lögum, og jeg fæ ekki betur sjeð, en það sje á rökum byggt.

H. þm. Snæf. (P. Br.) er við og við að kasta til mín smáhnútum; hvort það er af því, að jeg segi ekki allt af já við öllu, sem hann vill — ja, jeg veit ekki; en hitt verð jeg að segja honum, að jeg verð að fylgja minni sannfæringu, eins og hann fylgir sinni.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. nefnd. samþ. með 11 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Eiríkur Briem
Sigurður Jensson	Gunnar Halldórsson
Árni Jónsson	Sveinn Eiríksson
Grímur Thomsen	Þorvarður Kjerúlf
Jón Jóns. þm. N.-M.	
J. Jónss. þm. N.-Þ.	
Ólafur Briem	
Ólafur Pálsson	
Páll Briem	
Þorleifur Jónsson	
Þorvaldur Bjarnars.	

Frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson	Sigurður Jensson
Árni Jónsson	Ólafur Pálsson
Eiríkur Briem	Þorvaldur Bjarnarson.
Grímur Thomsen	
Gunnar Halldórsson	

já:
J. Jónss. þm. N.-M.
J. Jónss. þm. N.-Þ.
Ólafur Briem
Páll Briem
Sveinn Eiríksson
Þorleifur Jónsson
Þorvarður Kjerúlf.

Fjarverandi voru: Jón Þórarinsson, Jónas Jónassen, Sigurður Stefánsson, Þórarinn Böðvarsson og Þorsteinn Jónsson.

Frumv. til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje o. s. frv. (C. 492); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. umræðulaust með 9 atkvæðum gegn 4.

Frumv. til laga um hundaskatt (C. 469, 487, 498); ein umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Þær breytingar, sem h. Ed. hefir gert við þetta frumv., eru fáar stórvægilegar; í 1. gr. er það að eins orðabreyting, að fyrir «hunda, sem eru á heimili hans», komi «heimilishundar». Þar er og efnisbreyting, að hundar 4 mánaða eða yngri skuli undanþegnir framtali, og getur enginn haft á móti því. Sömuleiðis er breytingin við 3. gr. að eins orðabreyting. Aptur á móti er breytingin við 4. gr. efnisbreyting; skattgreiðslunni af hundum er breytt þannig, að hver sem býr á meiru en einu hundraði úr jörðu greiði 2 kr. af hverjum heimilishundi, en aðrir 10 kr. Jeg kann betur við, hvernig takmörkin eru dregin milli þeirra, sem skulu greiða 10 kr. skatt, og hinna, sem eiga að borga 2 kr., eins og þetta er ákveðið nú, en ákvæðin um þetta í frumv., eins og það fór frá Nd. Nefndin hefir þó leyft sjer, að koma með þá viðaukatillögu við þessa grein, að ákvæðinu «utan kaupstaða» verði bætt inn á eptir einu hund-

aði úr jörðu». Það eru í kaupstöðum, t. d. í Reykjavík, túnblettir, sem metnir eru til dýrleika, og virðist ekki nauðsynlegt að þeir, sem hafa þá til ábúðar eða umráða, sjeu undanþegnir hærri skattinum, þar sem þessir blettir eru girtir, og ekki þarf hund til að verja þá. Ákvæðin í niðurlagi 4. gr. kann jeg betur við heldur en þau ákvæði, sem voru í frumv., þegar það fór hjeðan úr deildinni.

H.: efri deild hefir fellt burt 5. gr. úr frumv. neðri deildar, og sje jeg, fyrir mitt leyti, ekki eptir henni.

Í frumv. frá neðri deild var sýslunefndum heimilað, að leggja við sektir, ef brugðið væri út af ráðstöfunum þeirra til varnar gegn sullaveikinni; efri deild hefir ákveðið sektir þessar frá 1 til 10 kr., sem mjer sýnist standa á sama.

Jeg verð því að vona að frumv. verði samþykkt, og einnig breytingartillaga nefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. nefnd. (C. 498) samþ. í e. hlj.

Frv. með áorðn. breytingum samþ. í e. hlj., og sent Ed.

Fertugasti og annar fundur, mánudag 19. ág. kl. 11. f. h. — Allir á fundi.

Frumv. til laga um lausamenn (C. 320, 494); frh. 1. umr.

Framsögum. meiri hl. (Þorl. Guðmundsson): Eins og h. þingdm. er kunnugt af nefndarálitinu, hefir nefndin ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Þó hafa nefndarmenn orðið ásáttir um, að breyta lítið frumv. því, sem fyrir henni lá. Það er mjög eðlilegt, að skoðanir manna sjeu deildar í þessu máli, einkanlega af því, að málið er að kalla má ný-komið á dagskrá þjóðarinnar.

Aptur á móti er það þó ekki nýtt, að menn sjeu óánægðir með bönd þau, sem liggja á frelsi manna, því óánægjan með þau lög, sem leggja bönd á atvinnufrelsi manna, er jafngömul og lögin sjálf. Þessi óánægja fer eðlilega vaxandi eptir því, sem menn sækjast eptir meira frelsi í öllum málum. Það, sem nú á tímum meir og meir eykur eptirsókn manna eptir frelsinu, er ekki sízt greiðari samgöngur innanlands og við önnur lönd, frjettir, blaðlegar og bóklegar, og ekki sízt útflutningarnir hjeðan til Vesturheims. Þeir, sem þangað fara, skrifa hingað heim, að frelsi sje þar miklu meira, og þá ekki sízt atvinnufrelsi hjúanna, að mega vinna hvar sem býðst, hvar sem að vinnan er bezt borguð, og þess vegna vilja menn komast þangað.

Það er enginn ágreiningur milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar um það, að rjett sje að losa um vistarskylduböndin, en minnihlutanum þykir varla kominn tími til þess enn, og vill heldur ekki ganga eins langt í því, eins og gert er í frumv.

Annars vona jeg, að í nefndarálitinu sjeu ljóst og greinilega teknar fram ástæður meiri hluta nefndarinnar í þessu máli, og skal jeg því leyfa mjer að skírskota til þess. Læt jeg því úttalað um málið að sinni.

Framsögumaður minni hl. (Eir. Briem): Eins og ágreiningsatkvæði okkar tveggja þingdm. ber með sjer, þá vorum við samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að ástæða væri til að rýmka rjett manna til að vera í lausamennsku, en okkur þótti varlega gerandi að ganga eins langt í því efni nú þegar, eins og gert er í frumv., því eins og h. framsögumaður (Þorl. Guðm.) tók fram, er málið nýtt og stutt síðan því var hreyft. Meðan svo stendur á, má gera ráð fyrir því, að menn sjeu ekki almennt búnir að hugleiða allar þær afleiðingar, sem svo stórkostleg breyting getur haft í för með sjer. Það má búast við því, að lög um þetta efni mundu verða mjög svo mikið notuð fyrst í stað,

og gætu lögin þá strax haft ísjárverðar afleiðingar í för með sjer. Fjöldi manna mundi þegar nota lausamennskuleyfið, og gæti auðveldlega svo farið, að fjölda lausamanna brysti atvinnu síðari hluta vistarársins.

Þá kemur það atriði til skoðunar, hvaða þýðingu þessi lög gætu haft fyrir fátækrasjóði sveitanna. Með vinnumennskunni er töluverð trygging fyrir fátækrasjóðina, því það er ekki eins hætt við því, að hjúin reki á sker, eins og lausamennina. Fyrri hluti vistarársins er helzti bjargræðistíminn; en ekki er víst, að allir lausamenn hugsi þá um að spara og geyma arðinn af atvinnu sinni til hins missirisins, og gæti það þá að borið, að þeir þyrftu að fá sveitarstyrk, ef nokkuð ber út af.

Af þessum ástæðum þótti okkur farið of langt í frumv., og ástæða til að binda lausamennskuleyfið að svo stöddu frekari takmörkunum, þó okkur hins vegar kæmi saman um það við meiri hlutann, að ástæða væri til að rýmka rjett manna til lausamennsku, og varhugavert, að halda gildandi lögum óhögguðum, sem miðuð eru við annan hugsunarhátt og aðrar kringumstæður en þær, sem nú eiga sjer stað.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er allra sízt mótfallinn þeirri hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumv.; þó hefði jeg búizt við frumv. eins og þessu frá öðrum en h. framsögum. (Þorl. Guðms.). Mjer dettur ósjálfrátt í hug, að bera frumv. þetta saman við þurrabúðarlögin, sem samþykkt voru á síðasta þingi, og verð að álíta, að frumv. þetta standi í nánu sambandi við þau. Jeg vona, að jeg geti sýnt, að það sje svo óslítandi samband milli þurrabúðarlaganna og lausamennskulaganna, að þau verði ekki aðskilin. Jeg er og hefi verið mjög meðmæltur öllu frelsi í atvinnuvegum, enda er jeg á því, að þörf sje að rýmka bæði þurrabúðarlögin og lausamennskulögin; en jeg held, að það sje rjettast að taka bæði þessi lög fyrir í einu. Vildi jeg því helzt mega ráða h. flutningsmönnum og h. þingd. að taka þetta mál út af dagskrá nú, og geyma það til þingsins 1891, til þess, að málið verði rækilegar íhugað og undirbúið. Jeg segi þetta ekki í gamni, því jeg álít atvinnufrelsið heilagt, og vildi helzt, að það yrði rýmkað. Þessari skoðun minni hefi jeg lýst yfir í þingræðum 1887 og ennfremur hefi jeg talað um málið í blaði einu. Jeg álít mjög nauðsynlegt, að rýmka þann rjett, sem menn hafa til lausamennsku, og spursmál, hvort ekki sje rjett, að vistarskyldan verði að mestu afnumin. Þó vil jeg ekki láta gera þetta nú þegar, enda óttast jeg gestrisni manna, og er hræddur um, að lausafólk færi flakkandi um landið og settist þegar á veturnóttum að hjá hreppsbúum til að fá að borða. En svo mikið sem jeg ann atvinnufrelsi, þá þori jeg ekki, að fara nú þegar eins langt og farið er í frumv. og tillögum meiri hluta nefndarinnar, heldur vildi jeg óska, að meiri hlutinn tæki dálítið af frelsi því, sem hann vill veita lausamönnum, og gæfi það þurrabúðarmönnum.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hef eigi miklu að svara h. framsögum. minni hlutans (E. Br.), því okkur greinir að eins lítið á í þessu máli; jeg er þannig samdóma honum um, að lög þessi mundu verða notuð talsvert, jafnskjótt og þau væru komin; við þessu býst jeg eins og hann; enda verður maður að ganga út frá því, þegar lög eru gefin, að þau komi til framkvæmda í lífinu og verði ekki dauður bókstafur, en hvað því viðvíkur, að tíminn sje ekki enn kominn, til að gera svo mikla breytingu í þessum efnum, sem meiri hlutinn fer fram á, og að slíkt mundi valda óreglu fyrst um

sinn, þá virðist mjer tíminn kominn um leið og þörfin er komin, og annmarkar þessir eigi svo miklir, að rjett sje fyrir þeirra sakir, að sinna eigi málinu, enda mætti lengi draga hvert mál sem væri, ef bíða ætti þangað til, að engir annmarkar yrðu á því fundnir. Jeg verð líka að ganga út frá því, að tíminn lækni það, sem að kann að vera í fyrstu, og að reynslan verði í þessu sem öðru hinn bezti kennari; ef börnunum væri eigi lofað að fara að ganga, þá lærðu þau það aldrei, og eins er um þetta atriði, að mönnum mundi með tímanum lærast, að forðast þá annmarka, sem þessu frumv. fylgja og láta ekki níðast á sjer að óþörfu, og búendur mundu skjótt, þegar lausamennskan væri á komin, fara að nota rjett sinn og eigi líða að lausamenn settust upp hjá þeim og ætu út eigur þeirra; enda er það nokkuð, sem þeir ættu þegar að vera búnir að læra. Jeg veit reyndar, að það hefir verið og er enn víða siður hjer á landi, að selja eigi greiða og hýsa menn ókeypis, hvort sem þeir eru kunnugir eða ókunnugir, vinir eða vandalausir, og á það rót sína að rekja til hinnar íslenzku góðsemi og gestrisni, en þetta er þó talsvert að lagast á síðari árum, eins og sjá má af því, að blöðin flytja sífellt auglýsingar um greiðasölu, og menn eru þannig farnir að þreytast á, að gefa endalaust greiða hverjum þeim, sem til þeirra berst. Slíkt má telja með framförum þjóðar vorrar; því það er sannarlega óheppilegt, eins og opt hefir átt sjer stað, að bitinn sje tekinn frá börnunum og hjúunum og kastað út í gest og gangandi. En hugsunarháttur manna er nú, sem betur fer, að ganga í aðra stefnu, og þjóðin farin að viðurkenna, að það sje engin skrælingjaháttur, að selja greiða; þetta er eitt af því, sem flutzt hefir hingað frá útlöndum á seinni árum, og sem menn taka upp með tímanum, af því þeir sjá, að það er skynsamlegt og eðlilegt. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) talaði móti frumv. þessu og komst út í þurrabúðarlögin; en jeg get ekki sjeð, að þau komi máli þessu neitt við, og svo hjelt jeg, að hann hefði úttæmt sig svo í hitt eð fyrra um þau lög, að jeg mundi losast við, að heyra nú langar ræður út af þeim og það jafnvel dag eptir dag; mjer hefði líka fundizt rjettara, að hann hefði komið með sjerstakt frumv. um að nema þau úr gildi, þar sem hann er svo óánægður með þau, og var ekki nógu duglegur til að drepa þau strax á þingi í hitt eð fyrra. Hann heiðrar mjög frelsi og reglu; en maður á einnig að heiðra lögin og styðja að framkvæmdum þeirra meðan þau eru í gildi, og að því er þurrabúðarlögin snertir, þá gleður það mig, að allir hafa sannnarlega ekki sömu óbeit á þeim og hann, og jeg gæti vel ímyndað mjer, að eptir hann kynni að koma prestur að Görðum, sem segði eins og Napoleon I. þegar hann fyrst sá gufuskip og óskaði, að hann hefði vitað um þau fyr, — eins gæti jeg ímyndað mjer, að eptirmaður hans í Görðum kynni að óska sjer, að þurrabúðarlögin hefðu komið 30 – 40 árum fyr. En þegar h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) var að tala um frelsið og vistarskylduna, þá datt mjer í hug ein bók, sem hann mun kannast við, og heitir «Lestrarbók handa alþýðu» eptir prófast Þórarinn Böðvarsson. Bók þessi er í mörgu tilliti góð og nýtileg, og jeg er höfundi hennar alveg samdóma um það, að sá, sem kann hana alla eða veit allt, sem í henni er, er ekki alls ófróður, en sjerstaklega tel jeg merkilegan einn kafla hennar, sem nefnist »kraptur sjálfra vor»; kraptur sjálfra vor kemur, eins og þar segir, eigi fram, nema hann sje brúkaður, og fyrsta skilyrði fyrir, að menn geti notað krapta sína, er það, að menn sjeu ekki heptir á höndum og fótum, og þar af leiðandi líka á hugsunarfrelsi. «Ef jeg ekki sje veg, bý jeg mjer til veg». Þetta eru

einnig fögur orð, og má heimfæra þau upp á það mál, sem hjer er um að ræða, því jeg ímynda mjer, að landsmenn vorir muni búa sjer til veg, brjóta sjer veg, ef þeir sjá hann engan tilbúinn handa sjer, enda má tilfæra nóg dæmi úr sögunni, sem sýna, að þegar menn rötuðu í þrautir, þá bjuggu þeir sjer sjálfir til veg, ef ei var annars kostur.

Auðvitað hefir það ei mikla þýðingu, að þrátta um þetta mál að þessu sinni, með því að nú er orðið svo áliðið þingtímans, að frumv. þetta getur eigi orðið að lögum á þessu þingi, en jeg verð samt að geta þess, að fá mál hafa á jafnstuttum tíma vakið jafnmikinn áhuga og athygli hjá þjóðinni, sem þetta, eins og sjá má meðal annars af því, að það hefir komið til umræðu á mjög mörgum þingmálafundum út um landið í vor. Mál þetta má bera saman við verzlunareinokunina og þau bönd, sem þá lágu svo hart á þjóðinni í öllum viðskiptum, og hafi verið nauðsynlegt, að losa um verzlunina, sem enginn mun neita, þá er einnig nokkur ástæða til að losa um það óeðlilega hapt, sem vistarskyldan leggur á atvinnufrelsi vinnuhjúanna hjer á landi, því vinnuhjúin eru í raun og veru vinnuseljendur, en vinnuþiggjendur eru kaupendur, en nú getur vinnufólk ekki vistað sig á fleirum stöðum en tveimur á ári, og þannig eru menn bundnir með vinnuvarning sinn við einn eða tvo kaupendur. Vilji menn losast við þessi höpt, þá verða þeir að kaupa sjer leyfi til að vera frjálsir; en þar sem kaupið er svo lítið, sjerstaklega fyrir kvennmenn, þá veitir mönnum örðugt, að kaupa sjer lausamennskuleyfi, einkum þegar þeir ern búnir að slíta sínum beztu árum í vinnumennsku, og yfir höfuð geta kvennmenn alls eigi sökum fjeskorts keypt sjer þetta leyfi, heldur einungis karlmenn, og þótt þeir geti það efnanna vegna, sumir hverjir, þá er mjög óeðlilegt, að tjóðra menn þannig að lögum við vissa bletti og vissa menn og selja mönnum frelsið, og frá hagfræðislegu sjónarmiði skoðað getur það naumast verið rjett, að binda menn þannig við borð og leyfa þeim ekki, að bjóða hverjum manni varning sinn; og á hinn bóginn er það óhagur fyrir bóndann, að vera bundinn við hjúið árið út, ef það gefst illa. En hvað því viðvíkur, að lausamennskan mundi hafa hjúaskort í för með sjer, þá óttast jeg það alls ekki, nema fyrir þá eina, sem illa fara með hjú sín, en þeir sem gera vel við þau, mundu jafnan hafa nóg hjú eða nóga vinnukrapta, auk þess sem þetta fyrirkomulag mundi venja menn á skilvísi hvað kaup gjald hjúa snertir.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frv. til laga um breytingar nokkrar á tilsk. 4 maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 513, 515); 3. umr.

Sveinn Eiríksson: Jeg hef ásamt nokkrum öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með breytingartill. (C. 515) við þetta frumv., sem fer fram á, að á eptir »Norður-Þingeyjarsýslu» í 1. gr. frv. komi: »og Austur-Skaptafellssýslu». Ástæðan fyrir þessari breyt.till. er sú, að Austur-Skaptafellssýsla heyrir eiginlega eptir landslaginu miklu fremur til Austuramtsins en Suðuramtsins, þar sem ekki er nema einn hreppur hennar fyrir vestan hinn voðalega Breiðamerkursand; en aptur á móti er Skeiðarársandur með tveim stórvötnum milli Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu. Þótt jeg því eigi geti annað sjeð, en að miklu heppilegra sje, að Austur-Skaptafellssýsla væri látin heyra undir Austlendingafjórðung, þá vil jeg samt eigi fylgja því fast fram, ef vera kynni, að það yrði málinu að fótakefli í h. efri deild, svo að amtsráð eigi fengist fyrir Austurland; jeg hef talað um þetta mál við nokkra h. þm. í Ed.; sumir þeirra hafa ekki verið því

mótfallnir, en sumir hafa alls ekki getað sætt sig við það, og þess vegna vil jeg, eins og jeg hefi sagt, eigi sækja málið fast að þessu sinni, heldur að eins leggja það á vald h. deildar, hvort hún vill samþykkja þessa breyt.till. eður eigi.

Árni Jónsson: Vjer höfum leyft oss að koma með dálitla breyt.till. (C. 515) við 5. gr., þá, að breyta orðunum, »að lög þessi komist í verk, *svo þau öðlist gildi* svo fljótt, sem verða má». Þetta þótti oss óviðkunnanlega orðað og óljóst, og höfum því lagt til, að í stað þess komi: »að lög þessi komist til framkvæmda svo fljótt sem verða má». Vona jeg, að h. deild sjái, að breyting þessi er viðkunnanlegri og hugsunarrjettari en setningin í frumv., og að hún muni því samþykkja breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. 515) felld með 11 gegn 7 atkv.

Breyt.till. við 5. gr. (C. 515) samþ. með 17 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hl., og endursent Ed.

Tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887 (C. 494); 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Sú eina breyting, sem í h. Ed. hefir orðið á tillögum þessum, er sú, að felld hefir verið burt tillagan undir 2. tölul., er gekk út á, að sleppt sje að tilfæra í reikningum Reykjavíkurkirkju þær 966 kr. 85 a., er talið hefir verið, að hún ætti inni í jarðabókarsjóði, á þann hátt, að draga tjeða upphæð frá skuld kirkjunnar til landssjóðs. Það kom fram við umræðurnar í Ed., að hinu sama, sem lá til grundvallar fyrir tillögunni, yrði komið til leiðar með því, að hin umrædda upphæð væri strykuð út úr reikningi Reykjavíkurkirkju, án þess, að skuld hennar við landssjóð væri færð niður, enda voru leidd rök að því, að eigi væri sem rjettast tilfært það, sem hún væri talin eiga til góða, heldur hefði sú upphæð verið í fyrstu færð til reiknings af eintómum misskilningi, með því að í raun og veru hefði um sömu mundir sem kirkjan safnaði fje því, sem hjer er um að ræða, verið kostað miklu meira henni til viðhalds, en því nam. Að öðru leyti hefir nefndin ekkert að athuga við tillögurnar.

ATKVÆÐAGR.: Tillögurnar samþ. með 20 samhlj. atkv., og sendar landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um fátækramálefni (C. 463, 493); ein umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal leyfa mjer að vona og ætla, að öll h. deild muni samþykkja það, að hjer sje um mikilsvert mál að ræða að hjer sje að ræða um það, sem hvílir þyngra á landsbúum en nokkurt annað gjald. Að vísu getur það verið, að vandkvæði vor í fátækramálum sjeu ekki eingöngu lögunum að kenna, heldur hinu, hve slælega þeim er fylgt; en meðfram stafa þau þó frá þessu; og það hefir optar en einu sinni eða tvisvar verið viðurkennt hjer á þingi, að fátækralöggjöf vor þurfi breytinga og umbóta við. 1879 var skipuð hjer á þingi 7 manna nefnd, til að rannsaka fátækralöggjöfina, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að ýms atriði þyrftu algjörða breytinga við, og flest nokkurra. Nú hafa að vísu komið þær raddir fram hjer, að engra breytinga þyrfti, fátækralöggjöfin væri blessuð og góð, eins og hún er; en jeg skal ekki fara langt út í, á hve miklum rökum það er byggt. Síðan þessi stóra 7 manna nefnd sat að störfum, hafa ekki nema einstöku atriði reglugjörðarinnar verið tekin til meðferðar, og einstöku lög gefin út, sem hafi beinlínis heyrt henni til, og miðað hafa til þess, að ljetta þessum þungu álögum af almenningi, t. d. um þurrabúð-

armenn og um sveitarstjórn og fúlgu. Á síðasta þingi tók h. Ed. málið til alvarlegrar íhugunar, en fann þá til hins sama, sem menn jafnan hafa fundið til, þegar um það hefir átt að fjalla, að það er ærið vandasamt, og útheimtir mikinn tíma og umhugsun.

1879 greindi hinn eina lagamann, sem í nefndinni sat, á við samnefndarmenn sína í því, að frv. það, sem þeir sömdu, kæmi í bága við önnur gildandi lög, og mun það ekki hafa verið að ástæðulausu. Nú á næsta þingi kom fram frv. um þetta sama mál, og var nefnd sett í það; en hin heiðraða deild gat ekki fallizt á frv. sjálft nje breytingar nefndarinnar, og eigi þóknaðist henni heldur að ræða málið að nokkrum mun, og var það þó fremur tilætlun mín, að hún gerði það, en hitt, að málið yrði til lykta leitt á þessu þingi.

Jeg hygg, að saga málsins bendi ótvíræðlega á, að nauðsyn sje á að rannsaka það milli þinga, og koma með tillögur um það. Sá einn galli er að vísu við það, að það kostar nokkra peninga; en ekki hygg jeg, að sá kostnaður þurfi að verða mikill.

Í nefnd þeirri, er skipuð yrði milli þinga, þurfa að sitja lögfróðir menn, og jafnframt menn kunnugir sveitamálum; þessa menn mundi hægt að fá hjer í Reykjavík. Jeg sting ekki upp á neinni vissri upphæð, sem til kostnaðar mundi ganga; en jeg ímynda mjer, að hann mundi ekki verða svo mikill, að næsta þing mundi sjá í að greiða hann.

Þá hef jeg komið fram með viðaukatillögu, meðfram eptir bending hæstv. landsh., að kostnaðurinn skuli greiðast eptir reikningi af því fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda; það má að vísu berja því við, að það fje muni ekki verða of mikið, þótt ekki ekki sje tekið af því til þessa; en jeg skal geta þess, að jeg hef átt tal við h. fjárlaganefnd Ed., og má jeg fullyrða, að hún muni, ef til kemur, verða fús á að hækka upphæð þá, sem ætluð er til óvissra útgjalda.

Fyrst nú er nokkur reynsla fengin fyrir því, að þingið gefur út þá »falliterklæring», að það treysti sjer ekki að fást við málið, þá er líklegt, að það verði fúst á að verja dálitlu fje til þess, að fá það búið upp í höndurnar á sjer. Það hefir opt verið sagt, að mál kæmu illa undirbúin inn á þing, og eigi á það sízt við þetta mál; því sýndist mjer, að þingið ætti að taka vænlegasta ráðið til þess, að þetta gangi ekki lengur svo til, það ráð, sem jeg hef lagt til, að fá nefnd manna, helzt lögfróðra, til þess að undirbúa það fyrir sig.

Landshöfðingi: Jeg hef tekið það fram áður, þegar sams konar mál var hjer til umræðu í deildinni, að jeg áliti, að eini vegurinn til að fá fátækralöggjöfina vel úr garði gjörða væri að setja nefnd á milli þinga, til að íhuga málið; að þessu leyti er jeg samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.). En að því leyti er jeg honum ekki samdóma, að jeg álít ekki, að brýna nauðsyn beri til að semja nýja fátækralöggjöf; reyndar hefir hún nokkrum breytingum tekið síðan hún kom út 1834, sumpart beinlínis með nýjum lagaboðum um fátækramálefni, sumpart óbeinlínis með sveitarstjórnartilskipuninni, sem hefir umsteypt öllu fyrirkomulagi á stjórn fátækramála; en jeg álít ekki þessar breytingar nægilega ástæðu til að ætla, að brýna nauðsyn beri til, að semja nýja fátækrareglugjörð, heldur hitt, ef það yrði sannað, að hún væri orðin svo úrelt, að eigi væri hægt að búa við hana lengur, en um það skal jeg ekki prátta; þó jeg hafi ekki orðið þess var í mínum afskiptum af fátækramálum, þá vil jeg ekki rengja h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.). um, að þetta sje svo, þegar til framkvæmda hennar kemur til sveita. Ef það er alvara þingsins, að setja nefnd milli þinga, þá hlýtur þingið

og að taka afleiðingum af því, og veita svo ríflegt fje til þessa, að stjórnin þurfi ekki að vera bundin við að taka menn hjeðan úr Reykjavík til þessa starfa; því þegar um slík mál er að ræða, þá virðast mjer menn, sem eru kunnugir í sveit og eru í sveit, vera nauðsynlegir í slíka nefnd; þessir menn þurfa líka að hafa nægilega lagaþekkingu, og verða ekki skyldaðir til að starfa fyrir ekki neitt, að minnsta kosti ekki án þess, að fá hinn beina kostnað sinn endurgoldinn. Kann vera, að finna megi menn hjer í Reykjavík, sem bæði hafa næga lagaþekking og kunnugleik til sveita; en mjer virðist þó eigi rjett að gefa stjórninni ekki kost á að velja menninna utan Reykjavíkur.

Þar sem h. þm. (Þ. Böðv.) hefir ætlað að bæta úr þessu með viðaukatillögunni, þá er það fje, sem ætlað er til óvissra útgjalda, af svo skornum skammti, að það, að vísa á að taka kostnaðinn af því, er sama sem að veita ekkert fje. Hin síðari ár hefir enginn afgangur orðið af þessu fje, og þar sem svo mikið fje hefir gengið til málskostnaðar gegn óskilvísum skuldunautum landssjóðs, þá hefir stjórnin með öllum sparnaði varla getað komizt af með það fje, sem þingið hefir veitt til óvissra útgjalda. Jeg vildi því mælast til, að sjerstaklegt fje yrði veitt í þessu skyni, ef tillagan verður samþykkt, og vona jeg, að þingið megi fulltreysta því, að stjórnin bruki ekki þetta fje um þarfir fram.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg er þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir undirtektir hans undir þetta mál; það sem hann sjerstaklega tók fram var kostnaðurinn við þetta, en jeg er viss um, að hægur vandi verður, að ráða fram úr honum; en þar sem hann hreyfði efa á, að reglugjörðin frá 1834 þyrfti breytinga við, þá verð jeg þó, fyrir mitt leyti, að álíta að svo sje, því margt í henni er orðið úrelt og margt breytt, og sem gjöra það nauðsynlegt, að ný fátækrareglugjörð sje samin. Að hún hafi upphaflega verið vel hugsuð, því hefi jeg aldrei neitað; en gallar hafa þó frá fyrstu verið á henni, svo sem það, að geta unnið sjer sveit aðeins með því að dvelja 10 ár í hreppnum, ef menn að eins geta sloppið hjá að þiggja sveitarstyrk. Hvað kostnaðinn snertir, þá get jeg ekki skilið, að ekki sje hægt að fá menn hjer í Reykjavík, sem bæði eru lögfróðir og hafa nægilega þekkingu á fátækramálum til sveita, t. d. amtmaðurinn, sem fellt hefir marga úrskurði eptir núgildandi fátækrareglugjörð, já, og enda verið í vanda með að fella úrskurði eptir henni; og svo er hjer völ á ýmsum fleirum.

Jeg hefi áður tekið fram ýmsa galla á reglugjörðinni, og skal að eins bæta við, að taka fram einn stórgalla: það eru þessir miklu hrakningar, sem hún gefur tilefni til; margur hver er sviptur rjetti til að bjarga sjer og fluttur á sveit sína, einungis af því, að það og það árið er hið 10, sem hann á eptir að vera í dvalar sveit sinni, og hann að því liðnu verður sveitlægur.

Jeg verð að álíta, að deildin muni fallast á tillöguna, álíta þetta mikilsvert mál, og ekki horfa í þenna litla kostnað, sem það hefir í för með sjer, þegar til þess er að vinna, að kippa þessu stórkostlega velferðarmáli í gott horf.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatillagan (C. 493) felld með 14 atkvæðum gegn 3.

Aðaltillagan (C. 463) felld með 14 atkv. gegn 3.

Fertugasti og þriðji fundur, þriðjudag 20 ág. kl. 11 f. h. Allir á fundi nema Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. G.-K., og Grímur Thomsen, þm. Borgf.; hinn síðarnefndi hafði fengið leyfi hjá forseta.

Frumv. til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 527); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Frumv. þetta er, eins og kunnugt mun vera, sprottið upp af frumv. því um eyðing refa, sem áður var hjer fyrir deildinni; og þótt það nú birtist í nokkuð annari mynd, þá vildi jeg samt mælast til að h. deild samþykkti það, því jeg ímynda mjer að það gæti komið að nokkru liði, ef sýslunefndirnar vildu nota þá heimild, sem í því liggur; og skaðlegt getur það alls ekki orðið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Fertugasti og fjórði fundur, miðvikudag 21. ágúst kl. 11 f. hád. Allir á fundi, nema Eiríkur Briem, 1. þm. Húnv., sem hafði tilkynnt forföll.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 1889 (C. 527, 530, 531); ein umr.

Páll Briem: Það hafa orðið 2 breytingar á þessu frv.

Nefndin (C. 530) leggur til, að önnur þeirra falli burtu, sú, að veita prestinum í Laufásprestakalli uppgjöf á 400 kr. árgjaldi af brauðinu, eður alls að upphæð 2000 kr.

Þar á móti er nefndin samdóma um, að veita hinum þjónandi presti í Gufudal uppbót fyrir 5 síðast liðin fardagaár, þar sú uppástunga er samkvæm uppástungu, er nefndin áður hefir komið fram með. Enn fremur hefir nefndin lagt til, að leiðrjett yrði prentvilla í frv., er í þessum lið stendur: 1890 fyrir 1889. Það virðist ekki þörf á að ræða langt um þessar breytingar, því deildinni eru þær áður ljósar.

Á breytingunum er töluverður munur, og allt aðrar ástæður, sem mæla með þeim; annað er uppgjöf, hitt uppbót, og þess vegna hefir nefndin lagt til, að annað falli burt, en hitt verði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 4. gr. (C. 530) samþ. með 11 atkv. gegn 5.

Breyt.till. á þingskjali 475 (C. 531) felld með 10 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson.	Sigurður Jensson.
Árni Jónsson.	Grímur Thomsen.
Gunnar Halldórsson.	Jón Jónss. þm.N.-Þ.
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	Jón Þórarinsson.
Ólafur Briem.	Jónas Jónassen.
Ólafur Pálsson.	Páll Briem.
Sveinn Eiríksson.	Sigurður Stefánsson.
Þorl. Guðmundsson.	Þór. Böðvarsson.
Þorv. Bjarnarson.	Þorleifur Jónsson.
Þorvarður Kjerúlf.	Þorsteinn Jónsson.

Breyt.till. nefndarinnar (C. 530), »að ártalið breytist, 1890 í 1889» samþ. með 17 gegn 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Árni Jónsson.	Þorl. Guðmundsson.
Grímur Thomsen.	Þorv. Bjarnarson.
Gunnar Halldórsson.	
Jón Jónss.1.þm.N.-M.	
Jón Jónss. þm.N.-Þ.	
Jón Þórarinsson.	
Jónas Jónassen.	
Ólafur Briem.	
Ólafur Pálsson.	
Páll Briem.	
Sigurður Stefánsson.	
Þór. Böðvarsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorv. Kjerúlf.	

Sveinn Eiríksson greiddi ekki atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

Frv. (C. 527) þannig breytt samþ. með 13 gegn 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Árni Jónsson.	Gunnar Halldórsson.
Grímur Thomsen.	J. Jónss. 1.þm.N.-M.

já:	*nei:*
J. Jónss. þm.N.-Þing.	Ólafur Briem.
Jón Þórarinsson	Sveinn Eiríksson.
Jónas Jónassen.	Þorl. Guðmundsson.
Ólafur Pálsson.	Þorv. Bjarnarson.
Páll Briem.	
Sigurður Stefánsson.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þorleifur Jónsson.	
Þorsteinn Jónsson.	
Þorvarður Kjerúlf	

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Búðareyri við Reyðarfjörð, og afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð (C. 456, 530); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Nefndin hefir fátt að segja um frv. þetta; henni þótti sjálfsagt, að h. deild mundi ekki gera undantekningu á löggilding þessa verzlunarstaðar.

Þar á móti virðist nefndinni 2. gr. óþörf, því reynist Búðareyri betur fallin til verzlunarstaðar en Hrúteyri, þá má ganga að því vísu, að Hrúteyri fellur af sjálfu sjer úr gildi sem verzlunarstaður.

Sama er að segja um 3. gr. Þar sem deildin hafði áður fellt sams konar ákvæði, þá taldi nefndin víst, að sama mundi eiga sjer stað hjer. Jeg vona því, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um lausamenn (C. 320, 494); 2. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hef að svo stöddu engu að bæta við það, sem jeg sagði við 1. umr., en vona, að h. deild lofi málinu að ganga áfram hjer í deildinni, svo að h. Ed. fái að sjá það, og láta í ljósi álit sitt um það.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hafði fátt eitt að athuga við mál þetta við 1. umr. þess. Jeg er því í sjálfu sjer samdóma, en jeg hreifði því þá, að það mundi ekki með öllu samkvæmt öðrum gildandi lögum, og skal jeg nefna til þurrabúðarlögin, að það muni geta komið óþægilega í bága við þau.

Eptir frv. er hverjum manni 21 árs heimilt að kaupa sjer lausamennskuleyfi; þetta er jeg hræddur um að geti orðið til þess, að svo verði hægt að fara í kring um þurrabúðarlögin, að þau verði jafnvel þýðingarlítil. Það er mjög hætt við, að karlmaður komi til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, segi, að hann eigi víst heimili hjá einhverjum húsráðanda, og biðji um lausamennskuleyfi; eins getur kvennmaður gert, og þau síðan búið saman, og þannig farið kringum þurrabúðarlögin.

H. framsögum. Þ. G.) sagði við síðustu umræðu, að vjer ættum að heiðra lögin og hlýða þeim; það vil jeg líka gera. Áður en þurrabúðarlögin voru staðfest, skrifaði jeg nokkuð um þau, en síðan þau öðluðust gildi, hef jeg þagnað, og mjer dettur ekki annað í hug en að hlýða þeim, þótt jeg af annari hálfu álíti þau alls ekki heppileg; mjer þykir þau ganga svo nærri einstaklingsrjettinum; aptur á móti er jeg mjög hlynntur hugmyndinni, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., því að það stefnir að því, að auka það frelsi, sem jeg met mjög mikils, atvinnufrelsið, og að jeg er í vafa um að mæla eindregið með því, kemur til af því, að jeg er hræddur um, að það mundi leiða til þess, að umferð yxi mjög, og þar af leiðandi vandræði. Það vita allir, að fyrir innan 16 ára aldur er mönnum ekki skylt að ganga í vist; en þegar þeir eru komnir yfir þann aldur, þá verða þeir að gera það. Þegar það er borið saman við það, sem frv. þetta fer fram á, þá kemur það í ljós, að þeir einir verða skyldir að vera í vist, sem eru 16—21 árs; þetta þykir mjer athugavert. Jeg skal enn taka það fram, að jeg er ekki harðlega á því að skylda menn í vist. Þegar það skipulag er komið á hjer á landi, þá þykja mjer

og öll líkindi á, að það muni og haganlegra fyrir bændur almennt, að taka daglaunamenn, en hafa ársvistarhjú. Þótt jeg sje ekki viss um, að jeg greiði atkvæði með einstökum greinum frv., þá vil jeg eigi síður óska þess, að málið sje vandlega íhugað, og því er það fjarri því, að jeg sje móti því, að það fái að ganga til 3. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Þorlákur Guðmundsson): Jeg heyri á ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), að okkur greinir sárlítið á um málið. Það sem við erum ekki sammála um, er, í hve nánu sambandi þetta frv. stendur við þurrabúðarlögin. Jeg fyrir mitt leyti held, að það geti ekki lengi gengið, að þeir þykist vera lausamenn, sem þó eru í þurrabúð. Jeg er h. þm. (Þ. Böðv.) alveg samdóma um, að mál þetta þurfi vandlega að skoða, þar sem um jafnmikilvæga breyting er að ræða og víðtæka sem hjer. Þar sem h. þm. (Þ. Böðv.) miðaði við 21 árs aldur í ræðu sinni, byggði hann á lögum, sem enn hafa ekki náð staðfestingu, þótt þau sjeu komin frá þinginu. En hvað sem því líður, þá hygg jeg, að svo fjarri sje, að ráðlegt sje að binda lausamennskuleyfið við 16 ára aldur, að jeg hygg, að hyggilegra sje að binda það við 25 ára aldurinn en 21 árs. Að öðru leyti er það svo lítið, sem okkur skilur á um málið, að jeg finn ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um það.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. nefnd. (C. 495) við 1. gr. samþ. með 11 atkv.; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 11 atkv.; breyt. nefnd. við 2. gr. (C. 495) samþ. með 12 atkv., 2. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 11 atkv.; 3. gr. samþ. með 13 atkv.; 4.—6. gr. samþ. með 12 atkv. hver.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Fertugasti og fimmti fundur, fimmtudag 22. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi nema 1. þm. Húnvetn. (E. Br.), er hafði tilkynnt forföll.

Frv. til laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda (C. 527); 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Það er ýmislegt í frv. þessu, sem jeg gjarnan vil hafa, en aptur á hinn bóginn ýmislegt, sem jeg er ekkert sólginn í að hafa. Það sem jeg sjerstaklega er óánægður með, er það ákvæði frv., að sýslunefndir skuli þurfa að fá staðfestingu amtsráðsins á reglugjörðum þeim, er þær setja samkvæmt 39. gr. 2. tölulið í tilsk. 4. maí 1872. Þar sem er t. a. m. talað um markaskrár í sömu málsgrein og um fjallskilareglugjörðir, er sýslunefndirnar hlutast til um, að samdar sjeu, þá virðast sömu ákvæðin eiga við málsgreinina alla, og væri hart, ef eigi mætti semja þær án samþykkis og staðfestingar amtsráðanna; enda kemur slíkt í bága við stefnu þá, sem fram hefir komið hjer á þessu þingi í þessari deild. Jeg veit eigi heldur til þess, að þeirri reglu hafi nokkru sinni verið fylgt, að amtsráðin samþykktu markatöflur, og get jeg eigi álitið að amtsráðin hafi meiri rjett til að staðfesta reglugjörðir um fjallskil, og svo frv. Stendur þó í 52. gr. 1. tölul. sömu tilsk., að amtsráðin skuli hafa það vald, sem getið er um í 39.—43. gr. að framan. Í þessari grein er einmitt tekið fram, í hverjum málum amtsráðin hafa vald; en 2. töluliður 39. gr. er alls eigi nefndur; hljóta þau að geta neitað þeim staðfestingar, því að öðrum kosti væri vald þeirra ekkert.

Þá er í 2. gr. frv. nýmæli, sem áður hefir eigi gilt sem lög, en það er það, að heimilt er að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugjörð; er jeg eigi svo mjög á móti því, og álít, að það geti opt orðið til þess, að gefa reglugjörðinni það gildi,

sem hún verður að hafa; en mjer þykir það að, að amtsráðin skuli þurfa að sampykkja reglugjörðina til þess, að þetta ákvæði geti gilt. Í frv. stendur reyndar: Fallist amtsráðið á o. s. frv. En ef það eigi fellst á frv., staðfestir það frv. náttúrlega ekki og verður þá eigi neitt úr neinu, og geta þá liðið mörg ár, áður en reglugjörðin kemst á.

Ef hinum öðrum deildarmönnum er það mikið áhugamál, að frv. komist í gegn, mun jeg eigi gera það að neinu kappsmáli; meining mín er að eins sú, að vekja athygli á því, sem mjer finnst betur mætti fara.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get eigi skilið, að frv. þetta sje eins vítt og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) vill gera það; mjer er t. a. m. ómögulegt að skilja, að markatöflur þurfi staðfestingu amtsráðs, enda mun engum fara að detta í hug að prenta þær í Stjórnartíðindunum; markatöflur eru engar reglugjörðir, þótt þær sjeu nefndar í þessari gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, enda mun sampykkis amtsráðs aldrei vera leitað þegar um þær er að ræða. Hjer er því um ekkert nýmæli að ræða, hvað þessu viðvíkur.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) er því eins kunnugur og jeg, hvernig gengið hefir með eyðing refa hjer í suðurhluta Gullbringusýslu og sjerstaklega á Reykjaneskaga, og veit því, að sýslunefndin hjer og jeg ætla fleiri sveitanefndir hafa gengið fremur slitrulega fram í því efni; refir munu hvergi vera eins miklir á landinu og á Reykjanesi eða suðvesturhluta Gullbringusýslu; ber til þess margt, en einkum þó það, að landslagið veldur því, að refaleitir eru mjög erviðar, þar sem hraun eru mikil, fjallendi, og fjaran, sem dýrin lifa mest á á vetrum, er báðu megin. Ætla jeg, að enginn mundi telja það skaða, þótt meira væri gert til þess, að útrýma refum, en hingaðtil hefir gert verið. Hingaðtil hefir eigi verið lagaleyfi til þess, að leggja sektir við, ef reglugjörðunum er eigi fylgt, en í frv. þessu er gefin full heimild til þess, og mun það verða til þess, að reglugjörðunum verður betur hlýtt en hingaðtil hefir átt sjer stað, því allir vita, að menn láta sjer fremur liggja í ljettu rúmi, að fylgja þeirri reglugjörð, sem engin sekt er ákveðin í, eða sektir, sem ekki verður framfylgt, en hinni, sem leggur sektir við, sem framfylgja má með dómi.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) veit, að við höfum haft reglugjörð í Kjósar- og Gullbringusýslu, en henni er í ýmsu ábótavant, enda hefir henni eigi verið fylgt nærri alstaðar. Hreppanefndirnar hafa eigi einu sinni gefið skýrslur, þótt sýslunefndin hafi krafizt þess. Jeg vona, að enginn skoði frv. þetta svo, sem það verði til þess, að skerða vald eða frelsi sýslunefndanna; og ef í amtsráðunum verður fjölskipaðra en verið hefir, sem ætla má, þar sem lagafrumvarp um það er nú gengið í gegnum þingið, er því minni ástæða til þess að ætla, að þau verði nærgöngul við sýslunefndirnar, eða geti komið því við, að draga vald og frelsi úr höndum sýslunefnda.

Landshöfðingi: Það eru þó í þessu frumv. tvö ákvæði, sem eru nýmæli. Í 2. gr. er heimilað, að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugjörð, sem sýslunefndir hafa samið og amtsráðið sampykkt. Þetta hefir eptir sveitarstjórnarlögunum hingað til ekki átt sjer stað, og þar af hefir leitt, að reglugjörðir sýslunefnda hafa haft minni þýðingu en þær hefðu átt að hafa.

Það kom opt fyrir, þegar jeg var amtmaður, að það komu reglugjörðir frá sýslunefndum, þar sem sektir voru ákveðnar; en með því að engin lagaheimild var til þess, voru þær ekki sampykktar.

Í 3. gr. er það nýmæli, að kostnað við eyðing refa skuli greiða úr sveitarsjóði; nú er þetta greitt samkvæmt niðurjöfnun

eptir fjárframtali. Það munu flestir vera á því, að það eigi betur við, að það sje greitt úr sveitarsjóði.

Jeg er samdóma h. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.), að markatöflur sjeu engin reglugjörð og eigi því ekki undir frv.; hjer er um reglugjörðir að ræða, en ekki um skrár yfir fjármörk. H. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) var á því, að eptir sveitarstjórnarlögunum væri ekki skylt að fá fjallskilareglugjörðir staðfestar af amtsráðinu; en þetta hefir þó við gengizt, og meira að segja úr Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir verið leitað staðfestingar á fjallskilareglugjörð, en henni var neitað, af því meðal annars, að í reglugjörðinni voru lagðar sektir við brotum gegn henni, sem ekki er lagaheimild fyrir. Vilji sýslunefnd búa til reglugjörð, sem hún ekki vill fá staðfesta, þá er það hennar sök; það er þá komið undir því, hvort hún getur framfylgt henni.

Mjer virtist, að hjer í deildinni væri áhugi á því, að fá fastar reglugjörðir um eyðing refa. Jeg sje ekki, að með þessu frv. sje það komið í verra horf, og sýslunefndir geti eptir þessu frv. hagað sjer eptir eigin vild í þessu efni, og álít því, að hjer sje gjörð rjettarbót, og væri ekki rjett af neðri deild, að fella þetta frumv. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, þar sem engar breyt.till. liggja fyir.

Þórarinn Böðvarsson: Það er einmitt fyrir þá síðustu athugasemd hjá hæstv. landshöfðingja, að jeg er ekki móti frumv. Að því er snertir 1. gr., þá sagði jeg, að mjer væri það ekkert kappsmál. Hefði þetta frumv. legið fyrir fyr á þingi, þá hefði jeg komið með breyt.till. við það. Jeg skal játa það, að það kann að vera rjettarbót í 3. gr. frumv., þótt það sje orðin venja víða, að greiða kostnað við eyðing refa ekki eptir fjárframtali heldur úr hreppssjóði. Rjettsýni er það ekki í mörgum hreppum; en það er gott, að geta borið löggjafarvaldið fyrir sig; en það getur hjer farið svo, að þeir greiði mest, sem engan sauð eiga.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að staðfesting amtsráða á reglugjörðum sýslunefnda gæfu þeim þýðingu; en sýslunefnd getur samið reglugjörð, sem amtsráð ekki staðfestir, og er þá reglugjörðin líklega ónýt. Þar sem h. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) fór í ræðu sinni út í grenjaleitir á Reykjanesfjallgarði, þá hefir hann líklega meint annað en það, að það flýtti fyrir eyðing refa á Rykjanesi, að senda amtsráðinu reglugjörð.

Jeg skal geta þess, að árið 1884 var amtsráðinu send reglugjörð um þetta efni, en 1889 er enn engin reglugjörð til. Þetta sýnir, að staðfesting amtsráðanna flýtir eigi fyrir framkvæmdunum.

Jeg er samdóma h. þm. um það, að eyðing refa er mjög nauðsynleg; þess vegna álít jeg, að það væri beinust leið, að sýslunefndir gætu gjört ráðstafanir til þess hver hjá sjer; en hins vegar játa jeg, að það er rjettarbót í 2. gr. frv., þar sem hún ákveður sektir, ef út af reglugjörðunum er brugðið; þess vegna er jeg ekki að öllu leyti með frumv., en mun greiða atkvæði með því í heild sinni.

Þorlákur Guðmundsson: Frumv. þetta hefir við umræðurnar verið skýrt, þar sem skýringar þurfti.

Hæstv. landshöfðingi hefir skýrt 1. gr. Sýslunefndirnar hafa sama vald sem áður; en það er spurning um, hvaða þýðingu það hafi; sýslunefndirnar mega eptir sem áður semja reglugerðir, en það er á þeirra ábyrgð, hvaða gagn verður að þeim; ef þær kjósa helzt að hafa ekki vald eða brúka ekki vald það, sem felst í þessu frumvarpi, þá geta þær eptir sem áður stjórnað með hinu gamla pappírsvaldi.

Það er ekki amtsráðinu að kenna, þótt fjallskilareglugerð sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu hafi legið í dái síðan 1884; það er heldur sýslunefndinni sjálfri að kenna, af því að

hún hefir ekkert hirt um málið, látið það liggja á hyllunni, og það var m. fl. af þeirri ástæðu, að sýslunefndin ekki hefir vald til að leggja á sektir, ef amtmaðurinn neitaði reglugjörðinni um staðfestingu. Ef nú sýslunefndir vilja fá eitthvað löggilt í þessu efni, þá geta þær farið þessa leið.

Jeg álít það gott, að það er ákveðið, að uppljóstarmaður skuli fá helming uppljóstarfjárins; það er nú viðtekið, og komið inn í okkar löggjöf, og ætla má, að opt kemst ýmislegt upp, sem annars ekki hefði orðið uppvíst. Þessu er h. 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) samdóma, og annars er hjer ekki nema lítill meiningarmunur, og jeg vænti, að menn sjái, að hjer er verið að festa vald sýslunefndanna með þessu frumvarpi.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 2.—3. gr. samþ. í e. hlj. hvor; 4. gr. samþ. með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um innheimtu og meðferð á kirknafje (C. 531, 543); ein umr.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Nefnd sú, sem hafði mál þetta til meðferðar, hefir komið með stutt nefndarálit, þar sem ráðið er til að samþykkja frumv., með því að það hefir komið svo gott sem óbreytt frá h. efri deild; í 1. gr. frv. hefir efri deild bundið innheimtu á kirknafje af sóknarnefndum því skilyrði, að sóknarnefndin vilji taka það að sjer, en þessa breytingu gat nefndin eigi álitið skaðlega, þar sem búast má við, að söfnuðirnir verði víðast hvar viljugir til að sjá um það fje, sem þeir sjálfir leggja til kirkna sinna.

Breytinguna í 2. gr. álít jeg og nefndin heldur ekki muni saka, sem sje, að orðin «enda sje það verð á gjalddaga» hafa verið felld burt, og sama er að segja um úrfellinn í 7. gr. («er söfnuður hefir eigi tekið að sjer»), að nefndin álítur hann litla þýðingu hafa, og treystir því, að kirkjueigendur muni ekki hafa á móti því, að söfnuðir taki að sjer fjárhald kirknanna, með því að þetta er eigi þeirra fje, heldur muni tilfinning þeirra segja þeim, að láta umsjónina af hendi til safnaðanna.

Jeg skal svo eigi fara hjer um fleiri orðum, heldur einungis láta í ljósi þá von mína, að h. deild samþykki nú frumv. með þessum litlu breytingum, það sem það áður hefir fengið svo góðar undirtektir hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 18 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hólum (C. 531); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. með 11 atkv.

Fertugasti og sjötti fundur, föstudag 23. ágúst kl. 12 á hádegi. — Allir á fundi, nema h. 1. þm. Árnesinga (Þorl. Guðm.), sem hafði tilkynnt forföll sín.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð og afnám löggildingar Hrúteyrar við sama fjörð (C. 456, 530); 2. umr.

Framsögumaður (*Sigurður Stefánsson*): Jeg hefi ekki annað að segja um frumv. þetta, en að jeg óska, að h. deild samþykki það með þeim breytingum, sem á því eru orðnar, og lofi því að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.

Breytingartill. nefnd. (C. 530) um að 2. gr. falli burt samþ. með 18 atkv.

Breytingartill. nefnd. um að 3. gr. falli burt samþ. með 18 atkv.

Breytingartill. nefnd. við fyrirsögnina samþ. með 16 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkvæðum.

Frumv. til laga um lausamenn (C. 543); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 10: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir ójöfnuðar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson	Páll Ólafsson
Árni Jónsson	Eiríkur Briem
Gunnar Halldórsson	Grímur Thomsen
Jón Jóns. þm. N.-M.	Jón Þórarinsson
Jón Jóns þm. N.-Þ.	Jónas Jónassen
Ólafur Briem	Ólafur Pálsson
Páll Briem	Sveinn Eiríksson
Sigurður Stefánsson	Þórarinn Böðvarsson
Þorleifur Jónsson	Þorvaldur Bjarnars.
Þorsteinn Jónsson	Þorvarður Kjerúlf

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 549, 566, 567); ein umr.

Framsögumaður (*Eiríkur Briem*): Eins og h. deild sjer á áliti fjárlaganefndarinnar (C. 567), er það tillaga nefndarinnar, að frumv. sje samþykkt óbreytt, eins og það liggur fyrir, með því að breytingar h. Ed. eru ekki mjög stórvægilegar; þannig hefir Ed. bætt við í 10. gr. B. 3 nýjum staflið «d», til að fullgera fangaklefa á Eyrarbakka 200 kr. annað árið. Þótt hjer sje að vísu ekki um mikla upphæð að ræða, mundi nefndin ekki hafa orðið því fylgjandi, ef öðru vísi hefði staðið á, en hún gerir það þó ekki að kappsmáli.

Í 10. gr. C. 4. d. er bætt við 300 kr. styrk til sjera Odds V. Gíslasonar, til þess að leiðbeina mönnum í ýmsu, er lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum. Fjárlaganefndin hjer í deild hafði áður lagt til, að þessum manni yrði veittur styrkur; en þótt sú tillaga væri felld þá, er ekki ólíklegt, að h. deild finni ástæðu til þess, að samþykkja styrkveitinguna nú, þar sem farið er fram á minna fjárframlag.

Þá hefir h. Ed. fellt úr 10. gr. C. 4. d. styrk til Edilons Grímssonar, og úr 10. gr. C. 5. d. styrk til Erlendar Zakaríassonar. Þetta eru að vísu ekki mjög veruleg atriði, en þó álítur nefndin óheppilegt, að svo skuli hafa farið.

Aptur á móti hefir ein veruleg breyting verið gerð við þessa grein, þar sem h. Ed. hefir lagt til, að síðara árið verði veittar 7000 kr. til að styrkja innlent gufuskipafjelag. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er mál þetta fremur lítið undirbúið enn, og óvíst hverja stefnu það muni taka, eða hvernig því muni reiða af. Það er og jafnan mjög óheppilegt, þegar um miklar fjárveitingar er að ræða, að þær skuli ekki geta komið til íhugunar fyr en jafn seint og hjer. Æskilegast hefði verið, að fjárlaganefnd Nd. hefði getað haft til íhugunar bænarskrá um styrkveiting þessa, þegar hún hafði fjárlögin til meðferðar, áður en hún lauk við nefndarálit sit. En þótt undirbúningur sje hjer ónógur, og nokkuð tvísýnt um, á hvern rekspöl málið muni komast, þá vill nefndin þó eigi setja sig á móti styrkveitingunni, af því að hjer er um þarfafyrirtæki að ræða, ef það getur komizt á; en heppnist það ekki, þá kemur fjeð ekki til útborgunar.

Í 13. gr. B II. b. 7. hefir h. Ed. fært upp fjárveitinguna til ókeypis klíníkur úr 100 kr. í 200 kr.; og þótt nefndin álíti það óþarfa, þá mun hún ekki setja sig móti því.

Enn fremur hefir h. Ed. lagt til, að veittar væru 200 kr. til þess, að gefa út þýzka málmyndalýsing. Til þessa álítur nefndin ekki nauðsyn bera, en sjer þó ekki ástæðu til að setja sig móti því.

Í 13. gr. B IV. hefir h. Ed. bætt inn

nýjum lið b. 5.: 500 kr. til styrkveitingar handa námspiltum á Möðruvallaskólanum. Það er hvort sem er svo mikill kostnaður við Möðruvallaskólann, en aðsókn lítil, að ástæða virðist til þessarar styrkveitingar, ef vera mætti að fleiri sæktu skólann eptir en áður.

Í líka stefnu fer breytingin í 13. gr. B V. c. 2., að veita 200 kr. í eitt skipti til áhalda-kaupa við heimavist í Flensborgarskólanum; og hefir nefndin heldur ekki á móti því. Þá hefir í Ed. komið breyting á 13. gr. C. 2., þannig, að styrkurinn til amtsbókasafnsins á Akureyri og í Stykkishólmi hefir verið hækkaður, þar þessi styrkur hafði hjer í deild verið færður niður úr því, sem hann hefir áður verið, en nú vill h. Ed. að hann haldi sjer eins og að undanförnu. Þetta er samkvæmt því, sem fjárlaganefndin hjer ætlaðist til í fyrstu, og er því frá hennar hálfu ekkert því til fyrirstöðu.

Við 13. gr. C. b. hefir h. Ed. gert þá athugasemd, að styrkurinn til Forsleifafjelagsins út borgist því að eins, að árbók fjelagsins komi út hvort árið. Þetta er sjálfsagt, og hefir nefndin ekkert við það að athuga.

Þá hefir h. Ed. lagt til, að felldur væri niður styrkur til Þorvaldar kennara Thoroddsen. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá álítur nefndin þessa breyting mjög óheppilega; en af því að breytingartill. hefir fengið mjög mörg atkvæði í Ed., og mun einnig fá allmörg atkvæði hjer, þá álítur nefndin tilgangslaust, að halda þessu atriði til streitu; því þótt hún hefði sitt mál fram hjer í deild, þá eru engar líkur til, að það næði fram að ganga á sameinuðu þingi.

Í 15. gr. hefir Ed. bætt inn 200 kr. styrk til Árna Thorlacíusar. Þessari breytingu mundi nefndin hafa verið fullkomlega mótfallin, ef ekki væri orðið svo áliðið þings nú, að ef fjárlögin ættu að fara að ganga milli deildanna, yrði að flaustra þeim af meir en góðu hófi gegnir. Fyrir þessa sök vill nefndin ekki setja sig á móti þessari breytingu, af því að um svo litla upphæð er að ræða.

Þá hafa og komið fram nokkrar breytingartill. frá h. þingdeildarmönnum, og skal jeg leyfa mjer að minnast á þær.

Í fyrsta lagi er farið fram á, að veita Gesti Pálssyni styrk, til þess að semja skáldsögu og leikrit (C. 566). Fjárlaganefndinni bafði borizt bænarskrá um hið sama; en hún áleit ekki fært að taka hana til greina, enda væri og hætt við, að uppástungur mundu koma um, að veita fleirum slíkan styrk.

Þá er og komin fram tillaga um, að taka upp aptur styrkveitinguna til Þorvaldar Thoroddsen (C. 566), sem Ed. hefir fellt úr; en eins og jeg gat um áður, þá er engin von um árangur af því, ef til sameinaðs þings þarf að koma.

Hjer er og komin tillaga um, að veita styrk til útgáfu Sjálfsfræðarans (C. 567). Sú uppástunga hefir áður verið hjer fyrir deildinni frá fjárlaganefndinni, og var hún aðgengilegri þá fyrir þá, sem málinu eru lítt sinnandi, þar sem styrkveitingin var þá bundin því skilyrði, að bækurnar væru seldar mjög lágu verði. Það sýnist því ekki til neins, að halda þeirri tillögu fram, er hún var áður felld hjer í deildinni, þegar þó voru meiri líkindi fyrir, að hún mundi geta náð samþykki en nú.

Jón Þórarinsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með eina breyt.till. og hefir h. framsögumaður (E Br.) þegar minnzt á hana. Jeg greiddi að vísu atkvæði móti þessari styrkveiting, þegar málið var hjer áður í deildinni, en jeg gjörði það ekki af því, að mjer væri ekki fullljóst, að hjer væri um nytsamlegt fyrirtæki að ræða, heldur einmitt vegna athugasemdar þeirrar, sem þar fylgdi með, og svo mun hafa verið um fleiri. 10 aurar fyrir örkina er svo lágt verð, þegar styrkurinn var ekki meiri en fjárlaganefnd-

in lagði til, að það mundi hafa verið betra fyrir útgefandann, að gefa ritið út styrklaust og mega ráða verðinu sjálfur. Hann hafði sjálfur aldrei beðið um 600 kr., heldur 1200 kr., og þá hefði verið öðru máli að gegna, þótt hann hefði orðið að selja hverja örk á 10 aura. Það er auðvitað, að spursmál getur verið um, hvort landssjóður eigi að styrkja bókaútgáfur eða ekki; en gjöri hann það á annað borð nokkurn tíma, verð jeg að álíta að hann eigi að gjöra það, þegar um nauðsynjabækur fyrir alþýðu er að ræða. Hjer eru svo fáar menntastofnanir, að fræðibækur eru máske hvergi betur á sinni hyllu en hjer. Sams konar fræðibókasafn, sem herra Sigfús Eymundsson ætlar að innleiða hjer, hefir gefizt svo vel í öðrum löndum, að gagn þess þykir ómetanlegt til þess að mennta alþýðu þar. Þegar þess er þar að auki gætt, að þeir menn hafa lofað liðveizlu við útgáfuna, sem þingið mun bera gott traust til, þá eru það góð meðmæli með styrkveitingunni. Jeg veit, að h. þm. hafa kynnt sjer bænaskrána frá útgefanda «Sjálfsfræðarans», og þá munu þeir jafnframt sjá, er þeir gæta vel að, að styrkveitingin í þeirri mynd, sem breytingartillagan fer fram á, muni ná betur tilgangi sínum en tillaga fjárlaganefndarinnar; vil jeg því mæla með því að, tillaga mín fái framgang, og að ekki sje svo mjög tekið tillit til þess, þótt fjárlögin þurfi að fara í sameinað þing; enda sje jeg ekki ástæðu til að forðast það svo mjög, að menn fyrir þá sök hætti við að reyna að koma fram þeim breytingum, sem þeir telja til verulegra bóta.

Sama verð jeg að segja um styrk til Þorvaldar Thoroddsens, að fyrst fjárlaganefndin og sjálfsagt ýmsir fleiri deildarmenn álíta það mjög óheppileg, að hann sje felldur burt, þá sje jeg enga ástæðu til að hverfa frá þeirri styrkveiting einungis af ótta fyrir því, að fjárlögin muni komast í sameinað þing. Hitt væri nokkuð öðru máli að gegna, ef Nd. sæi enga von til að geta komið breytingum sínum fram í sameinuðu þingi. En eins og menn vita, geta dálitlar breytingar orðið á atkvæðagreiðslum, og þarf það af engum hringlanda þingmanna að koma, heldur af hinu, að nýjar skýringar og upplýsingar hafa komið fram í málunum; því hygg jeg, að ekki sje gott að segja nú með vissu um, hver afdrif ýms ágreiningsatriði milli deildanna mundu hafa í sameinuðu þingi. Jeg tek það enn fram, að jeg vona, að h. fjárlaganefnd forðist ekki svo mjög sameinað þing, að hún fyrir þá sök styðji að því, að fjárlögin verði nú sampykkt, þótt hún sje ekki ánægð með þau.

Páll Briem: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við mál þetta. Mjer kom það undarlega fyrir, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) hefir komið fram með tillögu, sem er óaðgengilegri fyrir þingið en sú tillaga, sem hann var sjálfur með að fella, þegar fjárlögin voru hjer til 2. umræðu. Eptir því sem mjer heyrðist, bar h. þm. (J. Þ.) útgefanda «Sjálfsfræðarans» fyrir brjósti nú, og þótti hart að heimta af honum að selja hverja örk í Sjálfsfræðaranum fyrir 10 aura, ef hann fengi styrkinn. Þegar fjárlaganefndin hafði mál þetta til meðferðar, talaði jeg fyrir hennar hönd um þetta við útgefandann, og þótti honum skilyrðið aðgengilegt. Jeg talaði nákvæmlega um þetta við hann, og eptir þessu fór fjárlaganefndin. Mjer þykir því undarlegt, þegar einstakir þingmenn vilja styðja að því, að fje landssjóðs sje brúkað fram yfir þarfir. H. þm. (J. Þ.) sagði, að atkvæðagreiðslu í deildunum væri ekki að marka; en jeg verð að álíta, að hana bæði sje að marka og eigi að vera að marka. Hitt væri leitt, ef þingmenn væru að hringla með atkvæði sín og kæmust þannig í mótsögn við sjálfa sig. Breytingartill. h. þm. er ekki

aðgengileg í því formi, sem hún er nú.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þingskjali 491 (C. 566) í mínu nafni og eigi fárra annara þingmanna.

Það er kunnugt bæði hjer á landi og víða um heim, að vjer eigum sögurit, já ágæt sögurit, rituð fyrir því nær 1000 árum síðan. En síðan sögualdina leið, hefir verið lítið um sagnaritan hjer, og það lítið, sem það hefir verið, hefir það að mestu verið þýtt af öðrum tungum. Það sem aðrar þjóðir álíta einna mest menntandi fyrir sig, sögur og leikrit, af því höfum vjer því nær ekkert haft um margar aldir. Nú stendur svo á, að vjer höfum efnilegan mann, sem fús er á að gefa sig við söguritan og leikrita, en er ekki svo efnum búinn, að hann geti það, og því síður svo, að hann geti af eigin rammleik komið á prent því, sem hann ritaði. Jeg álít því, að það gæti orðið landinu til gagns og sóma í mörgum greinum, ef slíkur maður væri styrktur. Hjer er að eins farið fram á, að styrkja hann um eitt eða tvö ár til að semja og koma út ritum, svo að ekki er mjög mikið í hættu lagt. Það er sjálfsagt, að þetta er nýmæli hjer á landi; en það er nýmæli, sem því heldur ætti að taka til greina, af því, að það er nýmæli til að mennta þjóð vora, því að það er viðurkennt, að skáldskapur og leikrit hafi meiri áhrif á þjóðarandann en flest annað. Jeg vona, að h. deild íhugi þetta vandlega og verði með breytingartillögunni.

Grímur Thomsen: Einnig jeg vil leyfa mjer að styðja breyt.till. þessa, og skal jeg bæta við athugasemdum, sem fara í nokkuð aðra átt en ástæður h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.).

Það hefir ávallt verið álitið sómasamlegt fyrir hvern húsbónda, að skilja vel við hvern þann, sem vel hefir starfað fyrir hann. Það er venja í öðrum löndum, jeg skal nefnda Noreg og Danmörk, að veita styrk skrifstofustjórum á þingum, ef þeir hafa staðið vel í stöðu sinni. Nú höfum vjer þann skrifstofustjóra, sem jeg veit að allir, er á þingmannabekkjum sitja hjer í deild, munu játa, að með snilld hafi staðið í stöðu sinni. Jeg má játa það, að að undanförnu hefir ekki verið venja, að veita skrifstofustjórum hjer aukaþóknun; en þeir hafa líka verið í þeirri stöðu, að þeir hafa ekki þurft styrks við. Aptur veit jeg til, að fólskþingið danska hefir veitt skrifstofustjóra sínum styrk, ekki að eins á fjárlögunum um 2 ára tíma, heldur árlega, svo að hann má skoða sem hvern annan embættismann. Hjer er ekki svo langt farið. Jeg vil því mælast til og vona, að h. deild verði oss samdóma um, að samþykkja breyt.till. þessa.

Jón Þórarinsson: Jeg skal játa það, að ef atkvæði falla nákvæmlega um sama atriði og ekki hafa komið nýjar upplýsingar fram í máli, þá sje það undarlegt, ef þingmaður greiðir öðruvísi atkvæði um sama mál við eina umræðu en aðra. En h. þm. (P. Br.) hefði átt að skilja, að hjer er ekki um sama atriði að ræða og það, sem jeg greiddi atkvæði móti við 2. umr. fjárlaganna. Hjer er farið fram á þá breytingu, sem jeg get gefið atkvæði, en skilyrðum fjárlaganefndarinnar gat jeg ekki gefið atkvæði mitt. *(P. Br.:* Hlutaðeigandi var þó ánægður með þau sjálfur). H. þm. (P. Br.) segir það; en jeg hef ekki ástæðu til að trúa honum, því að jeg hef sjálfur talað við útgefanda «Sjálfsfræðarans» og hann hefir sagt mjer hið gagnstæða. Jeg hef enga sjerlega ástæðu til að efast um sannsögli h. þm. (P. Br.); en mjer finnst samt nauðsynlegt að leiðrjetta orð hans, þegar jeg heyri hann herma orð annara þver-öfugt við það, sem jeg hef heyrt þá tala sjálfur.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal ekki taka upp ástæðurnar fyrir breytingartill. minni, því h. þm. eru þær eins kunnug-

ar og mjer; en hvað því viðvíkur, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að þessi fjárveiting væri ný hjer á þingi, þá er það reyndar ekki; því þessi sama h. deild hefir áður veitt einum h. þingmanni ekki 600 kr., heldur 1000 kr., þegar hann hætti við skrifstofustörf sín; reyndar var sá maður, sem þenna styrk hlaut, ungur vísindamaður, og styrkurinn veittur í vísindalegum tilgangi; en sje leyfilegt að veita þannig 1000 kr., þá get jeg ekki sjeð, hvers vegna eigi mætti veita þeim manni, sem hjer er um að ræða, 600 kr. styrk á ári, einkum þar sem svo er ákveðið, að hann eigi fái útborgaðan styrkinn nema fyrra árið, ef ritin eigi koma út. Þess ber og að gæta, að skáldsögur og leikrit eru álitin mjög menntandi, sjeu þau vel samin; og þar sem alþýðunni eru slík rit mjög kærkomin og hún sólgin í að lesa þau, þá þarf þingið ekki að óttast, að það fái vanþökk fyrir þessa veitingu, því menn eru mjög gefnir fyrir að sjá sannleikann koma lifandi fram í sögu-formi; til þess að leikrit komi að fullum notum, vantar oss reyndar leikhús og leikmenn, en til að geta lesið siðbætandi skáldsögur og fært sjer þær í nyt, vantar ekkert.

Jeg verð því að vona, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að h. deild samþykki þessa breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till.á þingskjali 494 (C. 567) felld með 11 gegn 2 atkv.

Breyt.till. á þingsk. 491 (C. 566) felld með 13 gegn 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Grímur Thomsen.	Páll Ólafsson.
Ólafur Pálsson.	Sigurður Jensson.
Sigurður Stefánsson.	Árni Jónsson.
Sveinn Eiríksson.	Eiríkur Briem.
Þór. Böðvarsson.	Gunnar Halldórsson.
Þorv. Bjarnarson.	J. Jónss. 1.þm.N.-M.
Þorv. Kjerúlf.	Jón Þórarinsson.
	Jónas Jónassen.
	Ólafur Briem.
	Páll Briem.
	Þorleifur Jónsson.
	Þorsteinn Jónsson.

Jón Jónsson, þm. N.-Þ. greiddi eigi atkvæði, og var því talinn með meiri hlutanum.

Viðaukatill. við 13. gr. þingsk. 492 (C. 566) felld með 15 gegn 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Þórarinsson.	Páll Ólafsson.
Sigurður Stefánsson.	Árni Jónsson.
Þórarinn Böðvarsson.	Grímur Thomsen.
Þorv. Bjarnarson.	Gunnar Halldórsson.
Þorv. Kjerúlf.	J. Jónss. 1.þm.N.-M.
	J. Jónss. þm. N.-Þ.
	Jónas Jónassen.
	Ólafur Briem.
	Ólafur Pálsson.
	Páll Briem.
	Sveinn Eiríksson.
	Þorleifur Jónsson.

Sigurður Jensson, Eiríkur Briem og Þorsteinn Jónsson greiddu eigi atkvæði, og voru því taldir með meiri hlutanum.

Frv. í heild sinni óbreytt samþ. með 19 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hólum (C. 531); ein umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg hef leyft mjer að koma fram með þessa þingsályktunartillögu, ef eigi til annars, þá að minnsta kosti til þess, að jeg fengi ljósar upplýsingar í þessu máli, og ef ske mætti, að einhverjir h. þingmenn, sem eigi væru kunnugir máli þessu, fengju ljósari hugmyndir um það en ella; því jeg veit eigi, hvort menn hafa gert

sjer svo ljósa grein fyrir málinu, sem æskilegt væri.

Jeg fyrir mitt leyti verð að játa, að jeg get ekki skilið, að hjer sje allt með feldi; en það eitt er ljóst, að allir vorir fjórir búnaðarskólar eiga að vera byggðir á tilskipun 12. febr. 1872; í 1. gr. þessarar tilskipunar stendur:

»Svo fljótt, sem því verður við komið, skal stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, sem skulu verða til fyrirmyndar um landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt».

Hjer stendur: »skal stofna», sem ekki er sama sem að þeir sjeu stofnuðir, heldur einungis fyrirheit um, að það eigi að stofna þá á sínum tíma; og þar sem hjer er tekið fram, að þeir eigi að vera til fyrirmyndar í landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt, þá skal jeg sízt neita, að þessir 4 skólar, sem vjer höfum fengið, kunni að vera fyrirmyndir í þessum greinum, þótt margir efi það; en hvað stofnun þeirra snertir, þá veit jeg ekki til, að þeir sjeu stofnaðir eptir öðrum lögum en þessum. En skoði maður nú 2. gr. tilsk., þá er þar tekið fram, að dómsmálastjórnin skuli gera hinar nánari ákvarðanir um fyrirkomulag skólanna og stjórn, eptir að hún sje búin að bera sig saman við amtmann, og þegar amtmaður búi til uppástungur um þetta efni, þá skuli hann kveðja sjer til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðyrkjufróðan mann og reyndan og hygginn bónda; en nú vantar mig upplýsingu um, hvort þessu hafi verið fylgt; aptur á móti veit jeg, að ákvæði 3. gr. um, að leyfilegt sje að jafna niður í mesta lagi $1^1/_2$ skilding á hvert jarðarhundrað, hefir verið fylgt og það fyllilega notað. Ef maður svo fer í þá tilskipun, sem er þessari skyld, um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872, þá stendur þar í 52. gr. 4, að leita skuli álits amtsráðsins, þegar í ráði sje að gjöra almennar ráðstafanir, sem útheimta gjöld annaðhvort fyrir amtið eða einstök sýslufjelög í því, t. d. stofnun landbúnaðarskóla eða fyrirmyndarbúa. Hjer á þá amtsráð að hafa hönd í bagga með þess konar fyrirtækjum, og auk þess eiga þar að vera með í ráðum 2 þjóðkjörnir alþingismenn, einn jarðyrkjumaður og einn reyndur og hygginn búmaður; þar sem nú þessu er þannig varið, þá get jeg ekki skilið, að skóli sá, sem hjer á hlut að máli, sje stofnaður með lögum, eptir því sem jeg veit framast um stofnun hans; auðvitað hlýtur sýslufjelögum að vera heimilt, að skjóta saman fje til skólastofnana, sem annara þarflegra fyrirtækja; en hitt er mjer eigi ljóst, hvort sýslunefndir hafa heimild til að taka það fje, sem er saman safnað eptir lögum, og leggja það til skóla, sem eigi er stofnaður með lögum. Nú hefir mjer verið sagt að norðan, að sýslunefndirnar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu hafi komið sjer saman um að stofna sameiginlegan búnaðarskóla á Hólum, og var náttúrlega ekkert því til fyrirstöðu; en að þeim sje heimilt að taka búnaðarskólagjaldið, sem hefir verið safnað eptir sjerstökum lögum, það get jeg ekki skilið. Enn fremur er sagt, að tvö sýslufjelög, sem sje Eyjafjarðar- og Suðurþingeyjarsýsla, hafi bætzt við; en hjer kvað þó hafa verið talsverður ágreiningur. Þessi þingsályktunartillaga virðist hafa getið af sjer aðra tillögu í h. efri deild, þar sem skorað er á landsstjórnina að samþykkja ekki efni þessarar tillögu; en eitt virðist þó vanta í hana, sem stendur í minni tillögu, þar sem óskað er eptir skilmerkilegum skýrslum og skilagreinum um framkvæmdir skólans frá öndverðu og um ástand jarðarinnar Hóla, að því er lýtur að húsabyggingum, jarðabótum, túnrækt, engjarækt og garðyrkju m. m.; þetta vantar í tillögu efri deildar, og virðist hún ekki hirða um neinar slíkar skýrslur; virðist það henni samkvæmara, að eigi skuli gefa neinar slíkar skýrslur; en þar sem sú tillaga eigi liggur hjer fyrir til umræðu

eða atkvæðagreiðslu, þá skal jeg ekki fara um hana fleiri orðum.

Hjer í Suðuramtinu er nú einnig kominn upp búnaðarskóli, og jeg hef haft þá æru og ánægju, að greiða atkvæði um, hvort hann skyldi fá það fje, sem hjer hefir safnazt; en þótt jeg væri þá á sömu skoðun og nú, viðvíkjandi búnaðarskólagjaldinu, þá hafði jeg ekkert á móti, að það fje gengi til að kaupa hina miklu, alkunnu jörð Hvanneyri; en aptur á móti þvertók jeg fyrir, að sýslunefndinni bæri að binda sig við nokkurt tillag til skóla þessa framvegis, eins og Árnessýsla skuldbatt sig til.

Hvað nú snertir ástand skólans fyrir norðan, þá vil jeg eigi bera hjer fram neinar lausar sögur um hann; en eptir öllu ástandi þessa skóla verð jeg að álíta rjett, að landsh. fresti að staðfesta þessa sameiningu; en um hve langan tíma? Helzt þar til skólinn er stofnaður með lögum, eður alþingi ákveður, að hann skuli stofna.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að mjer væri kært að fá upplýsingar í þessu máli; því eins og það nú liggur fyrir, þá virðist hjer eigi vera allt með feldi, og jeg verð að álíta það rjetta kröfu til hæstv. landsh., að hann samþykki eigi þá sameiningu, sem hjer er um að ræða, eins og nú er statt.

Jónas Jónassen: Jeg verð að segja, að þegar jeg sá þessa tillögu, þá var hún fyrir mínum augum eins og »raketta», sem komið hefði upp úr gólfinu og skotið upp í loptið. Jeg skil ekki, hvernig h. flutningsm. (Þ. Böðv.) getur dottið í hug, að þingdeildin fari að skora á landsh., að staðfesta ekki það, sem margar sýslunefndir fyrir norðan hafa samþykkt og vilja fá fram. Einkum er það undarlegt, að h. flutningsm. skuli koma fram með tillögu í þessa átt, þar sem engar skýrslur liggja fyrir um málið, og h. flutningsm. játar sjálfur, að hann viti eiginlega ekkert um þetta búnaðarskólamál Norðlendinga.

Þó ein sýslunefnd kunni að vera eitthvað á öðru máli en hinar, að því er snertir sameininguna við búnaðarskólann á Hólum, þá get jeg ekki skilið, að neðri deild alþingis geti farið að skora á landsstjórnina að staðfesta ekki sameininguna, einkum þegar menn hjer í salnum ekki vita neitt greinilega um málið, eða hvernig ósamkomulaginu er varið, ef annars nokkurt ósamkomulag er í málinu. Jeg vil þess vegna leggja það til, að h. þingd. felli þessa tillögu nú þegar umræðulaust.

Grímur Thomsen: Jeg verð að segja, að mjer virðist það eitthvað annarlegt í þessu máli, að sama daginn, sem þessi tillaga er lögð fram hjer í deildinni, kemur fram í h. Ed. önnur tillaga í sama máli, sem fer í allt aðra átt. Eptir þessu virðist vera meiningamunur milli manna hjer á þingi í þessu máli.

Jeg skal játa það, að þegar jeg heyrði h. flutningsm. (Þ. Böðv.) vitna í tilskipun 12. febr. 1872 um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, þá get jeg ekki neitað því, að mjer þótti vafasamt, hvort henni hefði verið fylgt í þessu máli.

Í 2. gr. þessarar tilskipunar stendur, að dómsmálastjórnin skuli gera hinar nákvæmari ákvarðanir um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún er búin að bera sig saman um það efni við amtmann þann, sem í hlut á, og þegar amtmaður býr til uppástungur um þetta mál, skal hann kveðja sjer til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðyrkjufróðan mann og reyndan og hygginn bónda. Nú vildi jeg leyfa mjer að spyrja, hvort fyrirmælum þessara laga hafi verið fylgt við stofnun þess skóla, sem hjer ræðir um? Jeg veit, að í seinni lögum, þ. e. sveitarstjórnarlögunum, 4. maí 1872, stendur, að leita skuli álits amtsráðs um stofnun landbúnaðarskóla; en hitt veit jeg ekki, hvort

þetta hefir verið gert, þegar um stofnun þessa skóla var að ræða. Því næst vildi jeg fá að vita, hvort amtmaður hefir kvatt sjer til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðfróðan mann, og reyndan og hygginn bónda. Jeg hefi ekki heyrt, að þetta hafi verið gert við stofnun þessa skóla; en hitt hefi jeg heyrt, að kosnir hafi verið tveir fulltrúar úr hverri sýslu til að mæta á sameiningarfundi á Akureyri, og ræða þar um sameining Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu við búnaðarskólann á Hólum. En það skil jeg ekki að hafi getað verið meiningin, að þessir fulltrúar sýslufjelaganna á Akureyri geti ráðið málinu til lykta þar á fundinum, heldur hefðu þeir átt að leggja ályktanir fulltrúafundarins á Akureyri fyrir sýslunefndirnar. En þar sem þetta ekki var gert, þá virðist vanta að forminu ýmislegt til þess, að skólinn sje reglulega stofnaður. Þess vegna er það rjett, að landsh. fresti að staðfesta þessa sameiningu, og að því leyti er tillaga sú, sem hjer ræðir um, á góðum rökum byggð, og málið getur ekkert tapað við það, þó sameiningunni verði frestað.

Þegar sýslunefndirnar velja fulltrúa til að ræða málið og gera ályktun um, hvað gera skuli, þá bendir þetta á, að fulltrúarnir hafi átt að leggja sín ráð aptur fyrir sýslunefndirnar, og svo á það að koma til sýslunefndanna og amtsráðsins, að ráða málinu til lykta.

Jeg hefi lesið það, sem fram hefir farið á sýslunefndafundum um þetta mál, og sjeð, að margir hafi haft fremur lítið traust til búsins og skólans á Hólum, og þess vegna álít jeg ekki rjett, að flýta sjer að slá þessari sameiningu fastri, sem hjer ræðir um. Það hefir sýnt sig með þenna skóla og þetta bú, að það er ekki eins kostnaðarlítið, eins og þessar stofnanir mundu vera, ef þær væru privat-stofnanir.

Kostnaður, sem ekki kemur búinu við, nemur þannig á ári allt að 500 kr. Þessi kostnaður gengur til daglauna skólanefndarmanna til fundarhalda, fyrir gjaldkerastörf, bókun, sendiferðir, daglaun endurskoðenda, vorpróf og ritföng. Loks er einn merkilegur útgjaldapóstur, sem er endurgjald fyrir jarðabætur 100 kr. Þegar ókunnugir menn lesa þessa reikninga, þá er ekki undarlegt, þó menn spyrji, hver það sje, sem endurgeldur og tekur endurgjald fyrir þessar jarðabætur. Er það skólasjóðurinn sjálfur, sem endurgeldur sjálfum sjer þessar jarðabætur? Er það skólabúið sjálft, sem tekur af sjálfu sjer þetta endurgjald? Annars virðist þetta skólabú á Hólum ekki hafa verið neitt fyrirmyndarbú. Það hefir árið 1887 tapað 700 kr., og næsta ár, 1888, vex hallinn og verður 1200 kr. meiri, eða rúmar 1900 kr.

Af öllu þessu finnst mjer þeim sýslunefndum vorkunn, sem vilja hafa biðlund með, að sameina sýslufjelög sín við þenna skóla.

Landshöfðingi: Tveir h. þm., nefnilega 1. þm. G.-K. (Þór. Böðv.) og þm. Borgf. (Gr. Th.), hafa borið það fram, að ekkert sje komið fram um það, eða að það minnsta kosti væri efasamt hvort Hólaskólinn væri stofnaður samkvæmt ákvæðunum í 2. gr. tilsk. 12. febr. 1872 um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

Það getur nú verið vafasamt, hvort þessum ákvæðum er eigi breytt með 52. gr. sveitastjórnartilsk., þar sem skipað er fyrir, að álits amtsráða skuli leita áður en búnaðarskólar eru stofnaðir. En jeg skal ekki fara frekara út í það, heldur leyfa mjer að gefa þá upplýsingu, að fyrirmælum 2. gr. í tilsk. 12. febr. 1872 var fylgt, þegar amtmaðurinn yfir Norður- og Austurumdæminu bjó til uppástunguna um stofnun Hólaskólans. Hann hafði sjer til ráðaneytis 2 þm., nefnilega Einar Ásmundsson í Nesi og sjera Arnljót Ólafsson á Bægisá, sem báðir voru þá þjóðkjörnir þm. Búfræðingur sá, sem hafður

var í ráðum, var Jósep Björnsson, sem síðar varð skólastjóri á Hólum. Bændur voru margir tilkvaddir, bæði úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, og hygg jeg óparft að nafngreina þá; en það voru hyggnir og ráðsettir menn, sem fullkomlega fullnægðu krófum tilskipunarinnar. Getur því enginn vafi verið á því, að skólinn hafi verið stofnaður lögum samkvæmt frá upphafi.

Jeg get eigi neitað því, að mjer þykir það mjög undarlegt, að 2 háttv. þm., sem báðir eru búsettir á Álptanesi, skuli fara að taka fram fyrir hendurnar á mönnum norður í landi í þeirra hjeraðamálum; og þar sem þeir sjerstaklega eru að berjast fyrir því, að ályktunin um hluttöku Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjasýslu verði aptur borin undir sýslunefndirnar í þeim sýslum, þá hljóta þeir að hafa til þess umboð frá þessum tveimur sýslunefndum, sem í hlut eiga; þætti mjer því mjög notalegt, þar sem ályktunartillagan er stýluð til mín, ef h. flutningsm. (Þ. Böðv.) vildi sýna umboð sitt, sem hann sjálfsagt hefir í vasanum eða að minnsta kosti heima hjá sjer.

Árni Jónsson: Þegar jeg sá þingsályktunartillögu þá, er hjer liggur fyrir, spurði jeg sjálfan mig, hvaðan h. flutningsm. (Þ. Böðv.) hefði fengið andagipt til þess, að fara svona langt norður og bera umhyggju fyrir sýslufjelögunum þar. Bjóst jeg við því, að hann mundi koma með betri upplýsingar um það en hann gerði. Hann játaði sjálfur, að hann væri málinu ókunnugur, en gat þess þó til, að ekki mundi allt vera með feldi með tilliti til þess, að skólinn væri stofnaður lögum samkvæmt; en jeg vona, að hann taki til greina það, sem hæstv. landshöfðingi upplýsti um það efni.

Það er undarlegt, að h. flutningsm. (Þ. Böðv.) og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skuli nú fyrst. sjá, að annmarkar eru við stofnun Hólaskólans, þar sem hann hefir staðið og honum verið veitt fje úr landssjóði í mörg ár. Það mun víst óhætt að fulltreysta því, að Hvanneyrarskólinn, sem er í náND við þm. G.-K. (Þór. Böðv.) og í kjördæmi þm. Borgf. (Gr. Th), muni standa á traustum og föstum fótum og vera stofnaður samkvæmt fyrirmælum 2. gr. í tilsk. 12. febr. 1872, þar sem honum er ætlaður 2000 kr. styrkur á fjárlögunum, þótt ekki sje nema 1 piltur á skólanum; er það engin lítil upphæð, einkum þegar gengið er út frá sparnaðarprincipi h. þm. Borgf. (Gr. Th.)

H. flutningsm. (Þ. Böðv.) minntist á, að sýslunefndir hefðu eigi vald til þess, að ráðstafa fje úr búnaðarsjóðnum til búnaðarskóla. Nú stendur í 36. gr. sveitarstjórnarlaganna: «þyki oddvita, að einhver ályktun nefndarinnar fari fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða að öðru leyti sje lögum gagnstæð, eða að hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufjelagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi». Þar sem nú oddvitar hlutaðeigandi sýslunefnda felldu eigi úr gildi ályktanir þeirra, um að ganga í samband við vestursýslurnar um Hólaskóla, þá sýnir það, að þeir hafa ekki álitið, að sýslunefndirnar færu þar fram yfir það, sem þeim er heimilt og löglegt. Jeg efast eigi um, að oddviti sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er svo lögfróður, — og þó hann kunni að vera velviljaður Hólaskóla — þá hefði hann þegar fellt þessa ályktun sýslunefndarinnar úr gildi, ef hann hefði álitið að hún kæmi í bága við lögin.

H. flutningsm. (Þ. Böðv.) kvaðst hafa sjálfur greitt atkv. með því, að sýslunefndir legðu fje til búnaðarskóla; ætti hann því, ef hann vill vera sjálfum sjer samkvæmur, að álíta þessar gjörðir sýslunefndanna rjettar og löglegar.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) segist hafa

lesið gjörðir sýslunefndanna og í þeim hafa orðið var við vantraust manna á Hólaskóla og gjörðum hans. Jeg hef eigi lesið þær; en þar eð þær hafa verið samþykktar, hlýtur meiri hluti sýslunefndarmanna að hafa verið á annari skoðun, og jeg ber það traust til þeirra, að þeir hefðu eigi samþykkt, að sýslufjelögin skyldu sameina sig um Hólaskólann, ef þeir hefðu álitið það óheppilegt eða gagnstætt vilja margra sýslubúa. Þegar jeg nú lít á þessa þingsályktunartillögu, get jeg eigi sjeð, að hún geri það að verkum, að skólinn á Hólum verði stofnaður lögum samkvæmt, ef hann hefir eigi verið það áður. Tillagan segir, að málið skuli borið undir sýslunefndir á ný til ýtarlegri yfirvegunar, en flutningsm. segir nú í ræðu sinni fyrir tillögunni, að sýslunefndirnar eigi hjer engan rjett til atkvæða. Sje því skólinn ólöglega stofnaður, verður hann það og framvegis, þrátt fyrir tillögu h. flutningsm. (Þ. Böðv.). Jeg get eigi fundið samræmi milli þessarar tillögu og orða h. flutniugsm. (Þ. Böðv.), heldur finnst mjer ræða hans vera í beinni mótsögn við orðin í þingsályktunartillögunni. Er mjer ókunnugt um ástæðurnar til þess, að hann fór að koma fram með tillöguna, og skal jeg eigi geta mjer neins til um, hvaðan hann hefir fengið bendingar um, að koma fram með þetta mál nú. En ef hann hefði tekið Skjálfandafljótsbrúarfrv. upp á sína náðararma og stutt það af alefli, hefði hann að mínu áliti látið umönnun sína fyrir málum Norðlendinga í ljósi á heppilegri hátt, og það því fremur, sem eigi vantaði skýrslur í því máli, og Suður-Þingeyingar og Eyfirðingar eiga ekkert atkv. hjer á þingmannabekkjunum.

Ólafur Briem: Jeg hefði helzt viljað eigi þurfa að hafa nein afskipti af þessu máli, því jeg álít það engan heiður fyrir deildina, að slík mál komi fram; en hvernig sem fer um það hjer í deildinni, mun það enga þýðingu hafa. Mál þetta er þess eðlis, að það heyrir eigi undir þingið; með því að taka það til meðferðar, gengur þingið inn á verksvið sýslunefndanna og amtsráðanna. Þar að auki gengur það í þá stefnu, að rýra hjeraðafrelsið og raska hinu lögskipaða fyrirkomulagi umboðsvaldsins og stjórn sveitarmálefna.

H. flutningsmaður (Þ. Böðv.) vill halda því fram, að Hólaskólinn sje eigi stofnaður samkvæmt lögunum um stofnun búnaðarskóla; skal jeg láta mjer nægja gagnvart því, að skírskota til orða hæstv. landshöfðingja, og get bætt því við, að auk þeirra manna, er landshöfðingi nefndi, voru 2 nafnkunnir bændur úr Húnavatnssýslu kvaddir til ráðaneytis við stofnun skólans, nefnilega Benidikt Blöndal í Hvammi og Erlendur sálugi Pálmason í Tungunesi.

Það sem hjer liggur fyrir, er það, hvort allt hafi verið gert, sem skyldan bauð, viðvíkjandi sambandi Eyfirðinga og Þingeyinga við Húnvetninga og Skagfirðinga um Hólaskólann; og get jeg eigi betur sjeð, en það hafi gert verið. Það hefir verið samþykkt af sýslunefndunum og amtsráðinu; og þar sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) segir, að sýslunefndirnar hafi áskilið sjer, að fá málið aptur til meðferðar, áður en fullnaðarúrskurður væri á lagður, þá er það alveg rangt. Sýslunefndirnar hafa samþykkt, að til Hólaskólans leggist hlutdeild sýslnanna í búnaðarskólasjóði amtsins, og svo hið árlega búnaðarskólagjald úr sýslunum. Aptur á móti hafa þær eigi gengizt undir neina skuldbindingu til þess, að veita honum annan fjárstyrk, t. d. úr sýslusjóðum; er það undir sjálfum þeim komið, hvort þær vilja gera það, þegar sambandið er algjörlega komið á.

Þar sem h. flutningsm. (Þ. Böðv.) var að afsaka sig með því, að mál þetta væri honum eigi kunnugt, þá finnst mjer

engin vörn í því fyrir hann, heldur var það skylda hans að kynna sjer það, úr því hann fór að bera það hjer fram. Þar eð málið var honum áljóst, gat hann komið með fyrirspurn um það; því slíkt er hverjum þm. heimilt; en að fara þá leið, sem hann hefir valið, álít jeg bæði óheimilt og illa við eigandi.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gerði mikið veður af því, að jarðabótakostnaður væri tilfærður í reikningum skólans, og skoðaði það sem mikil afglöp í reikningsfærslu; kom það til af því, að hann blandaði saman skólasjóði og skólabúi; en hvort fyrir sig hefir sjerstakan fjárhag. Skólasjóðurinn er haldinn sem eigandi jarðarinnar og því skólabúið eins og nokkurskonar leiguliði hans. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) skilur nú ef til vill eigi, að það hafi nokkra þýðingu, að fjárhagur skólasjóðsins og skólabúsins sje aðskilinn; en það hefir þó að minnsta kosti þýðingu í því tilliti, að skólastjórinn á að bera $^1/_{10}$ part af skaða þeim, sem búið verður fyrir; gæti það eigi átt sjer stað, ef búið hefði eigi sjerstakan fjárhag og reikningsskil.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil í fyrsta lagi afbiðja mjer það, að mjer sje ókunnugt um mál þetta. Jeg tók það fram, að jeg vildi ekki tala um það, sem mjer væri ókunnugt um. Jeg vil alls eigi bera neitt það fram, sem mjer er ekki fullkunnugt um, og jeg get ekki þegar leitt rök að; vil jeg ekki baka mjer lík komplíment þeim, sem h. 1. þm. Skagf. (Ól. Briem) veitti h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að það, sem hann hefði sagt, væri ósannindi.

Jeg skal þá fyrst víkja máli mínu að h. þm. Rvík. (J. Jónassen). Ef jeg sem Álptnesingur ekki er kunnugur málefninu, þá er hann það ekki fremur sem Reykvíkingur. Hann sagði, að tillaga þessi hefði komið eins og raketta. Jeg vildi óska, að það yrði sú raketta, sem kveykti eld og eyddi öllu því, sem ekki er rjett í því málefni, sem hjer er um að ræða.

Það er ósannað, að sýslunefndir hafi heimild til þess, að gera þessa sameiningu, og það þvert ofan í vilja margra hjeraðsbúa. Jeg sagði, en það var af kurteisi, að mig vantaði upplýsingar um þetta, og jeg bjóst við, að fá þær frá hæstv. landshöfðingja. Hvað það snertir, að það yrði sannað, að skólar þessir væru byggðir á lögum, sagði hæstv. landshöfðingi, að amtmaðurinn hefði haft með sjer 2 alþingismenn, 1 reyndan búfræðing og marga bændur. Jeg þori ekki að neita þessu; en það er vafasamt, hvort sagt verður, að amtmaður hafi haft þá menn til ráðaneytis, sem kosnir hafa verið í amtsráðið. Jeg er þvert á móti því, og hlýt að skilja lögin svo, að auk amtsráðs eigi amtmaður að hafa með sjer 2 alþingismenn, búfræðing og svo frv. Það er spurning, hvort ekki hefði verið rjettara að kveðja aðra alþingismenn til ráðaneytis, til þess að það væri samkvæmt lögum; jeg segi þetta ekki til þess, að finna að amtsráðinu. En hversu skipulegt sem allt er hjá amtmanni og amtsráði, þá vantar það, sem er aðalatriðið, að skólinn sje stofnaður með lögum.

Hæstv. landshöfðingja þótti það undarlegt, að við, sem fylgdum fram tillögunni, værum báðir af Álptanesi. Ekki þætti mjer það undarlegt, þótt þingeyingur kæmi fram með mál, sem snerti Álptanes, ef hann færði ástæðu fyrir því. Jeg verð að álíta, að þegar um almenn landsmál er að ræða, þá standi á sama, hvar maður á heima. Hann spurði enn fremur, hvaða umboð jeg hefði til að koma fram með þetta. Jeg skal svara hæstv. landshöfðingja því, að jeg hefi umboð frá meðvitund minni, frá sannfæringu minni,

frá rjettlætistilfinningu minni, til að styðja það sem gott er og þarflegt, en sporna við hinu, sem er skaðlegt og ekki rjett.

Jeg hefi tekið þessa þingsályktun upp einmitt af því, að það er sama tilfelli í mínu kjördæmi, og mun jeg að líkindum á næsta þingi koma með tillögu í þá átt. Vel veit jeg, að í okkar kæru sveitarstjórnarlögum er ekki margt demokratiskt, en menn ættu ekki að fara lengra í því efni en þau fara.

H. þm. Mýr. (Árni Jóns.) kom með þá spurningu, hvort ekki hefði verið betra að koma með þessa tillögu fyr. Jeg þarf reyndar ekki að svara þessu; en jeg verð þó að geta þess, að betra er seint en aldrei; en hvað þann búnaðarskóla snertir, sem er í mínu amti, þá er öðruvísi ástatt með hann; hann er nýlega stofnaður og var ekki til á síðasta þingi.

H. þm. (Á. Jónsson) talaði enn fremur um heimild sýslunefnda til þess að sameina þessar sýslur við skólann; en hann ljet ekkert orð falla í þá átt, að sanna, að þær hefðu heimild til þess. Jeg tek það enn fram, að þetta er að eins fyrst um sinn, þangað til betra skipulag kemst á skólann en nú er, og jeg tók fram, að það þyrfti að semja lög um skólana alla. Það væri landinu til meiri farsældar en að brytja sundur fje til skóla, sem landsstjórnin ekki hefir stofnað. Jeg er ekki á móti góðum búnaðarskólum; en jeg er á móti því, að fje landsins gangi til einhvers, sem ekki er nema nafnið eitt. Jeg held því fram, að búnaðarskólarnir þurfa að verða betri, svo að það sje ekki samvizkusök, að halda þeim fram.

H. þm. (Árni Jóns.) minntist enn fremur á brúna yfir Skjálfandafljót. Ekki þarf hann að vera mjer reiður þess vegna, því jeg hafði góð orð um það mál, en sá það ekki fært undir þeim kringumstæðum sem nú eru, að gefa upp það lán, en mun verða því hlynntur á næsta þingi, ef betur stendur á.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Briem) sagði, að það væri enginn heiður fyrir þingið að þessari tillögu. Það er hart af h. þm., að kasta þessum orðum alveg út í bláinn, og láta þau alveg órökstudd. Hann sagði líka, að þingið færi hjer út fyrir sinn verkahring; —skyldi það vera fyrir utan verkahring þingsins, að heimta skilríki fyrir aðgerðum búnaðarskólanna, jarðabótum, húsabyggingum, túnarækt, engjarækt o. s. frv? Skyldi það vera þinginu óviðkomandi, að vita um, hvernig fje því er varið, sem er lagt til þessara skóla úr landssjóði?

Hann sagði enn fremur, að þetta gengi út á að rýra hjeraðafrelsi og hreppafrelsi. Þetta skilur enginn nema hann. Það eru óljósar meiningar um, hvað sje hjeraðafrelsi. (*Þorl. Jónsson:* Nei!). Hvað er þá hjeraðafrelsi? Er það það, að sýslubúar kjósa 2 menn til að gera allt fyrir sýsluna? Er það frelsi fyrir einstaklingana í hreppunum? Nei, það er frelsi fyrir þessa 2 menn, en ófrelsi fyrir alla hina.

Hann sagði, að jeg vissi eigi þetta og þetta. Jeg mótmæli því aptur. Jeg sagði, að það væri gott bæði fyrir hann og mig, að fá vissu fyrir, að skólarnir væru stofnaðir að lögum, og við höfum nú vissu fyrir, að það er ekki.

Jeg hefi komið fram með þetta mál af tilfinningu fyrir almennu frelsi. Hvaða árangur að því verður, hefi jeg ekki ábyrgð á; það er undir landshöfðingja komið. En jeg hefi þá meðvitund, að hafa stutt gott mál.

Grímur Thomsen: Hæstv. landshöfðingi var, eins og hans er von og vísa sem góðs lögfræðings, ekki harður á því, að skólinn væri stofnaður samkvæmt lögum; en gaf í skyn, að þessum lögum væri breytt með sveitarstjórnarlögunum. Hin eina grein sveitarstjórnarlaganna, sem nefnir búnaðarskóla, er 52 gr., og þar stendur, að amtsráðin skuli bera umhyggju

fyrir, að slíkum stofnunum sje haldið við, þegar þær eru komnar á fót, og að fje til þeirra verði útvegað, eptir þeim ákvörðunum, sem um það eru settar, og jeg fæ ekki skilið, að lögunum um stofnun búnaðarskóla sjeu í nokkru breytt með þessu.

Því næst spurði hæstv. landshöfðingi h. 1. þm. G.- K. (Þ. Böðv.) og mig, hvaða umboð við hefðum til þessa; á þessari spurningu furðar mig stórum; því að enginn þm. þarf umboð til að hreyfa við þeim málum, er varða stofnanir, er landssjóður styrkir með fjárframlögum, og mig furðar því meira á því, að hæstv. landshöfðingi, sem þó er maður mjög frjálslyndur, skuli heimta slíkt umboð.

Það er að eins eitt í ræðu h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), sem jeg þarf að svara; mjer skildist hann telja það ranghermt, að leggja þyrfti aptur fyrir sýslunefndir gerðir umboðsmanna þeirra; en það er aðgætandi, að samningar slíkra umboðsmanna eru ekki endilegir samningar, heldur hljóta þeir að liggja undir úrskurð og álit þeirra, sem gáfu umboðið. Það er um slíkt eins og þegar konungar senda út sendiherra til að gera samninga; þá eru þeir samningar ekki bindandi fyr en konungur og stjórn hafa samþykkt þá. En sá, er mjer sýnist hafa vantað umboð í þessu máli, það er amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu; án þess að hafa nokkuð umboð, sem amtmaður, frá stjórninni, hvort sem það, eptir lögum 12. febr. 1872, er «dómsmálastjórnin», ráðherra Íslands, eða jafnvel landshöfðingi, gerir hann sig að forseta, og gerir þar heimildarlitlar ályktanir á þessari fulltrúa-synodus sýslunefndanna. Þess vegna fæ jeg ekki sjeð, að málið tapi nokkru, þó það bíði þangað til sýslunefndir halda fund næst.

Páll Briem: Það er fyrir mjer eins og öðrum þingmönnum, sem talað hafa, að mig furðar stórum á, að þessi þingsályktunartillaga skyldi koma frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.), af því það er einn skóli, sem upplýsingar hefði þurft að gefa um, og sem honum hefði staðið nær að gefa upplýsingar um.

Ein ástæðan, sem komið hefir fram með þessari ályktun: að þm. hafi ekki vitað, hvernig í málinu lá, er ekki mikils verð, þar sem þingm. var innan handar að afla sjer upplýsinga í þessu máli. Aðra ástæðuna, um að skólinn sje ólöglega stofnaður, fæ jeg ekki skilið, og ekki heldur hina einkennilegu röksemdaleiðslu, að lögin um búnaðarskóla sjeu ekki úr gildi gengin, en það er einmitt sannað, að skólinn var stofnaður eptir þessum lögum; svo þessi ástæða er að eins til að villa sjónir fyrir mönnum, en á engum rökum byggð. Þriðja ástæðan, sem fram hefir komið, er sú, að samningar þeir, er gjörðir hafa verið um mál þetta á Akureyri, sjeu ekki lögmætir, af því fulltrúarnir hafi ekki haft umboð til þess, og hefðu því ekki verið löglegir fulltrúar; en þessu er kastað fram alveg sönnunarlaust; sýslunefndirnar gáfu fulltrúunum umboð til að semja um ákveðið efni og þar var eigi gengið út fyrir.

Ennfremur vildi h. þm. Borgf. (Gr. Th.) finna það reikningum skólabúsins til foráttu, að skólarsjóður endurgyldi búinu kostnað við jarðabætur; en hann hefir fengið svo greinilega fræðslu um það efni, að hann minntist ekki á það í síðari ræðu sinni. Það er mjög undarlegt, að sömu mennirnir, sem greitt hafa atkvæði með að leggja stórmikið fje í vald sýslunefnda, til þess með því að auka sjálfstjórn og sjálfsábyrgð þeirra, að þessir sömu menn skuli vilja taka fram fyrir hendurnar á sýslunefndum; jeg fyrir leyti tel slíkt engan heiður fyrir þingdeildina.

Landshöfðingi: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hjelt því fram í síðustu ræðu sinni, að hjer væri ekki fram komið fullkomið

samþykki frá sýslunefndunum í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu til að ganga í fjelag um Hólaskólann; þær hefðu að eins kosið fulltrúa til að semja fyrir sína hönd við fulltrúa úr hinum sýslunum um sameininguna; en af því leiddi aptur, að bera þyrfti þá sameiningu, sem fulltrúarnir hefðu gjört, undir sýslunefndirnar að nýju til fullnaðar-samþykkis. Þetta lítur nú mjög sennilega út í fyrsta áliti, fyrir þá, sem ekki eru kunnugir málavöxtum. En til þess að sýna, hve áreiðanlegur þessi framburður hins h. þingmanns er, og til þess að skýra málið fyrir þeim þingdeildarmönnum, sem eru því ókunnugir — og það munu flestir þeirra vera — skal jeg lesa upp úr fundargjörðum sýslunefndanna í Eyjarfjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu það sem ályktað hefir verið um búnaðarskólamálið.

Í fundargjörðunum úr Eyjafjarðarsýslu stendur:

«Sýslunefndin er einhuga á því, að ganga í búnaðarskólasamband við vesturýslurnar, ef Þingeyjarsýsla gengur einnig í sambandið, með þeim skilyrðum um fjegjöld til skólans, sem þessi sýsla getur komið sjer saman um við aðrar sýslur í skólasambandinu».

Og í fundargjörðum sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu segir: «Eptir nokkrar umræður var af meiri hluta nefndarinnar fallizt á svo látandi ályktun:

«Að sýslunefndin engan veginn vildi hafna þessu tilboði (að ganga í samband við vesturýslurnar um Hólaskóla, og leggja til hans hluta sýslunnar í búnaðarskólasjóði og hið árlega búnarskólagjald); en með því að þetta mál væri eitt hið mest umvarðandi mál fyrir allan Norðlendingafjórðung, og sem vandlega þarf að athuga, þá ályktar sýslunefndin að kjósa 2 menn fyrir sína hönd og skora á hinar aðrar sýslunefndir í Norðlendingafjórðungi að kjósa hver fyrir sig 2 erindsreka, er síðan komi allir saman svo fljótt sem kringumstæður leyfa, á þeim stað og stund, sem amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu ákveður. Sýslunefndin leyfir sjer enn fremur að óska og vona, að amtmaðurinn vildi takast á hendur að vera oddamaður og forseti þessarar fulltrúasamkomu, *er ráða skyldi til lykta og semja um búnaðarskólamálefni Norðlendinga*, og ef þörf gjörðist að semja nýja og fullkomnari reglugjörð en Hólaskólinn hefir, kjósa menn til bráðabirgða í skólastjórn og gjöra aðrar nauðsynlegar ráðstafanir».

Jeg fæ ekki betur sjeð en að með þessari ályktun, sem hinar sýslunefndirnar síðan fjellust á, sje fulltrúunum gefið fullkomið umboð frá sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, til að ráða búnaðarskólamálinu til lykta, án þess að leggja þyrfti gjörðir þeirra aptur fyrir sýslunefndina; og sama er að segja um Eyjafjarðarsýslu.

Í endurriti af gjörðabók fulltrúasamkomunnar er skýrt svo frá málalokum: «Eptir allmiklar umræður um málið gjörði fundurinn í einu hljóði þá ályktur, að Eyfirðingar og Suður-Þingeyingar gengju í samband við Húnvetninga og Skagfirðinga með búnaðarskólahaldið á Hólum, með þeim kjörum, að því er snerti framlög til skólastofnunarinnar, að til hennar gengi óskertur hluti tveggja hinna fyrtöldu sýslna í búnaðarskólasjóði Norður- og Austurumtsins, og hið árlega búnaðarskólagjald þeirra». Þar með er þessu máli ráðið til lykta af hálfu sýslunefndanna.

Annað sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, var það, að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu hefði umboðslaust gjört sjálfan sig að nokkurs konar «synodus-oddvita» á búnaðarskóla- «synódunni»; en þar sem hjer er skorað á amtmanninn, að vera oddviti og oddamaður fulltrúasamkomunnar, þá fæ jeg ekki sjeð, með hvaða heimild h. þm. Borgf. (Gr. Th.) ber það fram, að amtmaðurinn hafi þar vasazt í mál, sem honum hafi alls eigi komið við,

Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Böðv.) var að fárast yfir því, að sýslunefndirnar tækju að sjer fjárframlög á hendur sýslufjelaginu, en til þess hefðu þær enga heimild. Jeg skal út af þessu benda hinum háttv. þingmanni á, að eptir tilskipunni frá 12. febrúar 1872, sem h. þm. hefir fyrir sjer, ber það undir landsstjórnina, að setja ákvarðanir um fyrirkomulag og stjórn búnaðarskólanna; en sýslunefndunum hefir að eins verið gefinn kostur á að láta uppi álit sitt um búnaðarskólamál Norðlendinga, án þess að álit þeirra væri í neinn handa máta skuldbindandi fyrir landsstjórnina, sem hefir fullt vald til að ákveða, ef henni svo lízt, að búnaðarskólinn á Hólum skuli vera skóli fyrir allt norðuramtið.

Mjer skildist á h. þm., að hann áliti, að úrslit þessa máls heyrðu ekki undir landshöfðingja, heldur undir ráðgjafann; en eptir því sem erindisbrjef landshöfðingjans hefir verið skilið, þá heyrir það nú undir hans verkahring. *(Grímur Thomsen:* En er það rjett skilið?). Eptir erindisbrjefi landshöfðingjans, sem er yngra en búnaðarskólatilskipunin, á hann að gjöra út um öll þau mál, er snerta hina innlendu stjórn landsins, og ekki eiga að koma undir úrskurð konungs eða eru sjerstaklega undanskilin, en það eru búnaðarskólamál ekki.

Jeg skal svo ekki segja frekara um það, hvort það er rjettur skilningur, að síðustu úrslit búnaðarskólamála heyri undir landshöfðingja; en eitt er víst, að stefna alþingis hefir hingað til ekki verið sú, að draga fleiri mál undir ráðgjafann en nauðsynlegt er, og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) mun vera einn á bandi með að vilja rýra embættisverksvið landshöfðingjans gagnvart ráðgjafanum. Það er líka ljóst, að bókstaflega verður búnaðartilskipuninni ekki fylgt, því þá ætti það að vera dómsmálastjórnin danska, sem búnaðarskólamálefnin lægju undir, og því mun h. þm. Borgf. (Gr. Th.) þó ekki halda fram.

Það er talsvert í því, sem h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði, að þetta mál væri ekki rjettilega komið inn á þing. Að mínu áliti hefði það átt að berast upp á þann hátt, sem segir í 22. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur:

«Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning».

Þegar svo nefnd, skipuð af þingdeildinni, hefði verið búin að rannsaka búnararskólamálið og allan hag Hólaskólans, þá hefði hún getað borið upp tillögu til þingsályktunar, grundvallaða á rannsóknum sínum. Aptur á móti álít jeg ver við eiga, að einn þingmaður beri upp slíka ályktun, án þess að honum sjálfum, hvað þá öðrum þingmönnum, hafi gefizt færi á að kynna sjer málið eða rannsaka það til hlítar.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg verð fyrst að mótmæla því, að jeg hafi ekki rannsakað mál þetta fullkomlega; jeg sagði aðeins af kurteisi í upphafi ræðu minnar, að ekki mundi allt með felldu, og leyfi mjer að vitna til skrifaranna í því efni.

Hæstv. landshöfðingi sagði að, þessir 2 menn frá hverri sýslunefnd hefðu haft fullkomið umboð; en mjer datt í hug, að þegar kirkjuþing eitt hafði dæmt páfann óskeikulan, þá var sagt að hann hafi á eptir sagt í gysi, að nú væri eptir að vita, hvort kirkjuþinginu gæti ekki skeikað; jeg verð að álíta, að sýslunefndirnar hafi algjörlega vantað heimild til að gefa sjálfum sjer umboð til þessa, og því síður öðrum. Hæstv. landshöfðingi sagði, að jeg hefði sagt, að sýslunefndir hefðu eigi heimild til að takast á hendur skuldbindingar gagnvart sýslufjelaginu; já, það hefi jeg sagt og mun segja, þangað til mjer er

sannað hið gagnstæða. Það gladdi mig að heyra, að landsstjórnin getur stofnað skóla, án þess að afla sjer upplýsinga; en hví er þá verið að leita til sýslunefnda? Því gat landsstjórnin þá ekki afsagt öll afskipti þeirra af málinu? Hví ljet hún ekki umdæmi hins veglega Hólaskóla ná frá Hrútafjarðará til Langaness þegar í fyrstu? Það gleður mig mjög að heyra, að það er landshöfðinginn, en ekki ráðgjafinn, sem hefir fullnaðarúrskurð í þessu máli; því jeg vil ekki, að þessi eða önnur mál, sem ekki nauðsynlega þurfa, gangi út úr landinu; jeg hafði ekki lært erindisbrjef landshöfðingjans svo, að jeg væri á því hreina í þessu efni; en þegar jeg heyri hæstv. landshöfðingja sjálfan skýra frá þessu, þá gleður það mig mjög. En þrátt fyrir það vantar mig eitt, það, að landshöfðinginn hafi heimild til að stofna slíkan skóla; eptir áðurnefndum lögum virðist mjer, að það verði að gjörast með lögum.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði, að skólasjóðurinn og skólabúið væri ekki hið sama, og getur svo verið í vissum skilingi; en skýrslur og reikningar skólans eru víst ekki ljósari en þeir þurfa að vera.

Stærsta atriðið hjá h. þm. Snæf. (P. Br.) var, að hann furðaði sig á tillögunni; en af hverju sú furða var sprottin var ekki ljóst. Hann bar mjer á brýn, að jeg ekki vissi, hvernig málinu væri háttað, en slíkum orðum hefi jeg áður mótmælt og gjöri það enn; jeg hefi sýnt fram á, að þau eru röng. Hann lagði mikla áherzlu á það, að sýslunefndirnar hefðu gefið fulltrúunum umboð; en jeg segi enn: hvaða gilt umboð gátu þeir gefið, sem ekkert leyfi höfðu til að gefa umboð?; hann vildi segja, að með þessu væri tekið fram fyrir hendurnar á sýslunefndum; en jeg verð að álíta það fullkomlega leyfilegt, þegar sýslunefndirnar gjöra það, sem þær hafa ekki vald til, og ekki er lögum samkvæmt; það er hægt að kasta slíkum orðum fram, en að færa rök fyrir þeim og sanna þau er mikið óhægra. Hann sagði, að þetta skerti vald sýslufjelaganna; en það hefir honum víst orðið óvart eða af sjerlegri fákænsku, því hjer er verið að byggja fyrir, að rjetti sýslufjelaga og einstaklinganna sje misboðið; tillagan er til að tryggja einstaklingana og sýslufjelögin gegn gjörræði sýslunefndanna. Hæstv. landshöfðingi vildi sýna, að þetta mál væri ekki rjett upp borið eptir þingsköpunum; en jeg verð þó að ætla, að hægt sje að benda á hið gagnstæða, svo jeg vona að það komi ekki að sök.

Árni Jónsson: Jeg leyfi mjer að mótmæla því, sem h. flutningsm. (þ. Böðv.) sagði nú síðast, að nauðsynlegt sje, að samþykkja þessa tillögu, til þess að tryggja einstaklingana og sýslufjelögin gegn gjörræði sýslunefndanna í þessu máli. Jeg skal bæta við, að jeg finn nú, eins og fyrri, næsta mjög til þess, hversu mikils er misst, og hve sorglegt það var, að Jón Sigurðsson skyldi falla svona sviplega frá. Hann sat í sýslunefndinni í Suður-Þingeyjarsýslu, þegar sameiningarmálið var rætt þar, og hann var kosinn til að mæta á fulltrúafundinum á Akureyri fyrir hönd sýslunefndarinnar.

Hefði hann verið hjer nú, þá hefði hann getað borið um það, hvort sýslunefndin, sem hann var fulltrúi fyrir, hefði sýnt gjörræði í þessu máli.

Jeg er engan veginn reiður h. flutningsm. (þ. Böðv.), þar sem jeg vjek orðum mínum til hans viðvíkjandi Skjálfandafljótsbrúnni. En jeg gerði mjer góðar vonir um, að hann mundi fara að taka að sjer mál manna fyrir norðan, úr því hann ljeti sjer svona annt um þetta mál, sem Norðlendinga eina varðaði, og sem þeir, mjer vitanlega, hafa hvorki sent honum eða þinginu neina skýrslu um, eða beiðzt að væri borið fram á þingi.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Þar sem h. þm. Mýr. (Á. J.) var að minnast á, að jeg hefði talað um gjör-

ræði sýslunefnda, þá veit jeg, að hann hefir heyrt, að jeg talaði um það almennt, en nefndi ekki neina eina sýslunefnd, sem sýndi gjörræði. Þar sem sami h. þm. minntist á, að Jón Sigurðsson vantaði hjer á þinginu, þá var engin ástæða til, að minnast á það nú, nema í sambandi við það, að Eyjafjarðarsýslu vantar alveg þingmann á bekkjunum, þar sem annar fulltrúi hennar er látinn, en hinn er í forsetasæti. En jeg er ekki viss um, hvernig Jón heitinn Sigurðsson hefði snúizt við þessu máli, þó h. þm. Mýr. þykist viss um það. Jeg álít, að það hafi verið rjett, að bera þessa tillögu upp, enda er hjer ekki að tala um annað en að fresta sameiningunni, þangað til hlutaðeigandi hjeruð hafa látið í ljósi álit sitt um málið. Þetta held jeg, að allir frelsismenn þingsins verði að samsinna, að sje rjett. Því það er frelsi, að allir hlutaðeigendur fái að tala í þessu máli, enda verður þá ábyrgðin minni á sýslunefndunum, amtsráðinu og stjórninni. Mjer finnst, að allir hlutaðeigendur mættu þakka fyrir, ef svona væri að farið, og skólanum sjálfum hlyti það að verða fyrir beztu, ef það væri almennur áhugi á að nota hann. Því þegar það er allra vilji, að taka skólann að sjer, þá hlýtur það líka að vera allra vilji, að styrkja hann sem bezt, og gera hann sem bezt úr garði.

Þar sem nú tillagan miðar til þess, að gera almenningi til geðs, og miðar hins vegar skólanum sjálfum til velferðar og framfara, þá vona jeg, að flestir h. þingdm. samþykki hana.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan felld með 11 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson.	Páll Ólafsson.
Grímur Thomsen.	Árni Jónsson.
GunnarHalldórsson.	Eiríkur Briem.
Jón Þórarinsson.	J. Jónss. 1.þm.N.-M.
Ólafur Pálsson.	J. Jónss. þm. N.-Þ.
Sigurður Stefánsson.	Jónas Jónassen.
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Briem.
Þór. Böðvarsson.	Páll Briem.
Þorv. Bjarnarson.	Þorleifur Jónsson.
	Þorsteinn Jónsson.
	Þorvarður Kjerúlf.

Fertugasti og sjöundi fundur, föstudag 23. ág. kl. 8 e. h. — Allir á fundi.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1888 og 1889.

Kosningu hlaut:

Páll Briem, með 11 atkv.

Kosinn gæzlustjóri fyrir Söfnunarsjóðinn.

Kosningu hlaut:

Björn Jensson, kennari við latínuskólann, með 14 atkv.

Fertugasti og áttundi fundur, laugardag 24. ágúst kl. 12 á hád. — Allir á fundi.

Frv. til laga um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 527); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málið var umræðulaust samþykkt með 19 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð (C. 567); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málið umræðulaust samþykkt með 19 samhlj. atkv., og sent síðan Ed.

Kosinn varaforseti deildarinnar.

Forseti skýrði frá því, að varaforseti

Ól. Briem, hefði tilkynnt sjer, að hann sakir forfalla gæti eigi gegnt varaforsetastörfum eptir að þinginu væri slitið. Bar forseti því undir atkvæði deildarinnar, hvort forföll varaforseta skyldu tekin gild, og var það samþykkt. Bað forseti þm. þá kjósa varaforseta deildarinnar, til þess að gegna forsetastörfum milli þinga, eins og áður hefði gert verið.

Kosningu hlaut 1. þm. Húnvetn., *Eiríkur Briem*, með 12 atkv.

Fundi slitið.